TÍÐINDI

FRÁ

ALÞINGI

ÍSLENDINGA.

NÍUNDA ÞING

1863.

SÍÐARI PARTUR.

RITNEFNDARMENN:

Sveinn Skúlason, kandídat.

Páll Melsteð, málaflutningsmaður.

Reykjavík.

Prentuð á kostnað alþingis, í prentsmiðju Íslands, hjá Einari Þórðarsyni.

1863.

ICAGLT

POTEZA

(Fyrsti fundur) — 1. júlí.

Ár 1863, miðvikudaginn þann 1. dag júlímánaðar var alþingi Íslendinga sett í Reykjavík í níunda sinni, og var eptir lögboðinni venju fyrst haldin guðsþjónusta í dómkirkjunni, og prèdikaði presturinn síra Helgi Hálfdánarson, og hafði fyrir ræðutexta 2. Cor. 3, 17.

Að liðinni guðsþjónustu gengu þingmenn á alþingissalinn, og voru þar viðstaddir þessir þingmenn:

A. Konungkjörnir:

1. . . . . .
2. *H. G. Thordersen,* byskup yfir Íslandi.
3. *Pètur Pètursson,* prófessor, forstöðumaður prestaskólans.
4. *Jón Pètursson,* dómari í landsyfirrèttinum.
5. *Jón Hjaltalín,* jústizráð, landlæknir.
6. *Benidikt Sveinsson,,* dómari í landsyfirrèttinum, varaþingm.

B. Þjóðkjörnir:

1. *Stefán Eiríksson,* hreppstjóri frá Árnanesi, fyrir Austur-Skaptafellssýslu.
2. *Jón Guðmundsson,* málaflutningsmaður við yfirdóminn í Reykjavík fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.
3. *Brynjólfur Jónsson,* prestur í Vestmannaeyjum, fyrir Vestmannaeyjasýslu.
4. *Páll Sigurðsson,* hreppstjóri frá Árkvörn, fyrir Rangárvallasýslu.
5. *Magnús Andrèsson,* sáttamaður, frá Syðra-Langholti, fyrir Árnessýslu.
6. *Helgi Hálfdánarson,* prestur í Görðum, fyrir Gullbringusýslu, varaþingmaður.
7. *H. Kr. Friðriksson,* skólakennari, fyrir Reykjavíkurbæ.
8. *Arnljótur Ólafsson,* kandídat, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
9. *Páll Melsteð.* málaflutningsmaður við yfirdóminn, fyrir Snæfellsness-sýslu.
10. *Indriði Gíslason,* hreppstjóri frá Hvoli, fyrir Dalasýslu, varaþingmaður.

11. *Benidikt Þórðarson*, prestur á Brjámslæk, fyrir Barðastrandarsýslu, varaþingmaður.
12. *Ásgeir Einarson*, sáttamaður frá Ásbjarnarnesi, fyrir Strandasýslu.
13. *Jón Pálmason*, hreppstjóri frá Sólheimum, fyrir Húnavatnssýslu, varaþingmaður.
14. *Gísli Brynjúlfsson*, kandídat frá Kaupmannahöfn, fyrir Skagafjarðarsýslu.
15. *Sveinn Skúlason*, kandídat í Reykjavík, fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
16. *Björn Pèturs*son, bóndi frá Gíslastöðum, fyrir Suður-Múlasýslu.

En ókomnir til þingsins voru:

1. hinn 6. konungkjörni þingmaður kanselíráð, sýslumaður Þorsteinn Jónsson.
2. Þingmaðurinn fyrir Ísafjarðarsýslu.
3. Þingmaðurinn fyrir Eyjafjarðarsýslu.
4. Þingmaðurinn fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.
5. Þingmaðurinn fyrir Norður-Múlasýslu, og
6. varaþingmaðurinn fyrir Mýrasýslu,

höfðu engir þeirra tjáð forföll sín, nema þingmaður Ísfirðinga, og voru því flestir þeirra væntanlegir til þingsins, þó efasamt þætti um varaþingmenn úr Mýra- og Ísafjarðarsýslu.

Setti þá konungsfulltrúi, settur stiptamtmaður, háyfirdómari og etatsráð Þ. Jónasson, í umboði konungs alþingi, með eptirfylgjandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!
fulltrúar Íslendinga!

Þèr eruð að nýju komnir á þenna stað til þess að gegna þeirri heiðarlegu en jafnframt vandasömu og ábyrgðarmiklu köllun, sem með alþingistilskipuninni er yður á hendur falin, að ræða og ráðgast um lands þessa gagn og nauðsynjar, og síðan að bera fram fyrir stjórnina ávextina af þessum yðar mikilvæga starfa.

Stjórnin ætlast til þess af yður, að ráð yðar og tillögur lýsi því, að þèr hafið ljósa hugmynd um það, sem þessu landi sè fyrir beztu, og að sú þekking og reynsla sem þèr hafið aflað yður í yðar margbreyttu lífsstöðu komi fram í tillögum yðar og meðferð þingmálanna, og að þèr þannig styðjið og styrkið alla viðleitni hennar og ráðstafanir til eflingar framförum og hagsæld þessa lands,

vorrar elskuðu fósturjarðar. En eigi þessu að geta orðið framkvæmt, eins og vera ber, útheimtist einkum að stjórn og þing beri fullt traust hvert til annars, að stjórnin geti verið sannfærð um, að það eitt ráði tillögum og uppástungum þingsins, sem sè landinu fyrir beztu, og að þingið í annan stað beri það traust til stjórnarinnar, að frumvörp hennar og ráðstafanir lúti að hinu sama. Þetta innbyrðis traust má með engu móti veikjast við það, þó stjórnin ekki ætíð aðhyllist tillögur og bænarskrár þingsins í heild sinni og eins og þær liggja fyrir, eins og stjórnin að sínu leyti hvorki ætlast nè getur ætlazt til þess, að þingið i skoðun sinni á málun- og í atkvæðagreiðslu sinni ætíð komist samhuga til einnar og sömu niðurstöðu; það er heldur ekki rètt skoðun, sem stundum þó virðist að bregða fyrir, að þær tillögur og uppástungur þingsins, sem stjórnin ekki aðhyllist, sèu fyrir það þýðingarlausar, þær hafa eigi að síður haft sína miklu þýðingu, því þær hafa gefið stjórninni tilefni til ítarlegri yfirvegunar á þeim málum, sem þær lúta að, og í því atriði liggur aptur ný trygging fyrir því, að þau úrslit sem málin hafa fengið, sèu á gildum og góðum rökum byggð.

Með þessari sannfæringu munuð þèr, háttvirtu þingmenn, taka þeirri konunglegu auglýsingu, sem nú verður lögð fyrir yður; þèr sjáið af henni, að þó stjórnin hafi yfirhöfuð að tala aðhyllzt bænarskrár þær, er komu henni til handa frá síðasta þingi, hefir hún þó ekki getað aðhyllzt þær allar, eða í heild sinni; en þèr sjáið jafnframt að hún hefir ekki hafnað þeim án ítarlegrar yfirvegunar, nè heldur án fullrar viðurkenningar af yðar alvarlegu og einlægu viðleitni, að ráða málunum til lykta á þann hátt, sem frá yðar sjónarmiði var hinn hagfelldasti.

Þau mál, sem stjórnin leggur fyrir yður í þetta skipti og leitar yðar ráðaneytis um, eru að vísu ekki umfangsmikil nè margbrotin, og sum þeirra eru yður enda kunn frá seinasta þingi, en þau útheimta eigi að síður yðar nákvæmu og ítarlegu yfirvegun, til þess þau geti orðið vel úr garði gjörð, og eg efast heldur ekki um að það verði, nè heldur um það, að þèr getið verið búnir að ræða þessi mál og ráða þeim til lykta á þeim lögboðna tíma, því reynslan er til hlítar búin að sanna það, að þó þetta þing hafi yfir litlum vinnukröptum að bjóða og sem slíkt hafi fáum á að skipa, hefir það þó opt getað afkastað enda meiru en líkur máttu virðast til, án þess þurft hafi að lengja þingtímann til muna, og er það að þakka þeim áhuga, vilja og verklægni, sem þingmenn hafa lagt

fram og sem að öðru leyti er orðin þeim svo töm og eðlileg, og svo mun og verða á þessu þingi.

Það eru síðan vèr seinast vorum hèr saman komnir innanþings orðin þau umskipti, að tveir þingmenn, þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Mýrasýslu hafa látizt. Þeir voru hvor um sig hyggnir og frjálslyndir þingmenn, sem jafnan tóku verulegan og gagnlegan þátt í meðferð þingmálanna, og er því skylt að þingið minnist þessara manna með virðingu og viðurkenningu.

Í annan stað hafa forföll bannað nokkrum þingmönnum að sækja þing í þetta skipti, og er það sèr í lagi einn þeirra, sem eg ekki þarf að nafngreina, er vèr með söknuði teljum í þessum flokki; en þó allt í mannlífinu breytist og hljóti að breytast eptir tímanna ýmsu þörfum og kröfum, fyrnist þó hvorki nè breytist sú krafan, að vèr eigum að gjöra það, sem rètt er, leita þess með einlægum áhuga, og fylgja því fram eins og vèr höfum bezt vit á og krapta til, nè heldur sú tilfinning, sem ávalt hefir vakað og vekst í brjóstum Íslendinga, ástin á föðurlandi voru og fósturjörðu.

Þegar eg nú að lyktum leyfi mèr að fela mig þess heiðraða þings velvild og umburðarlyndi, dylst eg þess ekki, að eg, þegar eg nú geng að ætlunarverki mínu á þingi því, sem nú fer í hönd, með engu móti get sett mèr það mark og mið, sem þeir er á undan mèr hafa gegnt þessari köllun, bæði gátu sett sèr og náð; og hlýt með þeim minni mæli þekkingar og reynslu sem mèr er gefin, einungis að leitast við að gegna þeim skyldum, sem á mèr liggja, samkvæmt alþingistilskipuninni; og eg vil leitast við að gjöra það með því trausti að þèr, þegar þèr sjáið hjá mèr góðan vilja, munið taka hann af mèr fyrir verkið.

Góður guð blessi störf yðar á þessu þingi og gefi þeim heillaríkan árangur fyrir vora elskuðu fósturjörð; hann haldi sinni mildu verndarhendi yfir vorum mildasta konungi, ríki hans og þjóð.

Að svo mæltu og samkvæmt þeim myndugleika sem mèr allramildilegast þar til er veittur, lýsi eg því yfir, að

níunda alþingi Íslendinga nú er sett.

Stóð þá upp einn þingmanna og mælti:

Lengi lifi konungur vor **Friðrik hinn sjöundi,** og tóku þingmenn undir í einu hljóði:

Konungsfulltrúi skoraði því næst á hinn elzta þingmann, en það var þingmaður Árnesinga, *Magnús Andrèsson*, að ganga til

forsetasætis, og gangast fyrir kosningu *forseta* á þessu alþingi; gekk hann þá til forsetasætis, og skoraði á þingmenn, að ganga til atkvæða um forsetakosningu, og að þeim greiddum kvaddi hann þingmann Borgfirðinga og þingmann Norður-Þingeyinga til aðstoðar sèr, sem skrifara við þessa kosningu. Atkvæði voru þá upp lesin og talin og hlaut hinn ókomni þingmaður Norðurmúlasýslu, prófastur sèra Halldór Jónsson flest (10) atkvæði til *forseta*, en næst honum Jón Guðmundsson 8 atkvæði. Hófst þá nokkur umræða um kosningu *varaforseta*, og samdist það með ráði *konungsfulltrúa*, að aldursforseti gengist fyrir þeirri kosningu, og rèðist hún svo, að málaflutningsmaður Jón Guðmundsson var kosinn varaforseti með 10 atkvæðum, og tók hann sæti *forseta*, og skoraði því næst á þingmenn að kjósa þingskrifara, og voru þessir kosnir: Brynjólfur prestur Jónsson með 16 atkv. og Benidikt prestur Þórðarson með 15 atkvæðum, og gengu þeir til skrifarasætis.

Því næst lagði *konungsfulltrúi* fram:

A, 1. Konunglega auglýsingu til alþingis *um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861*, dagsett 8. júnim. 1863.

2. Reglugjörð um að *gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað*, og um stjórn bæjarmálefna þar, dagsett 29. d. ágústm. 1852.

3. Opið brèf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1859. *um hegning* fyrir illa meðferð á skepnum, dagsett 29. ágúst 1862.

4. Opið brèf um *löggilding priggja verzlunarstaða* á Íslandi.

5. Lög um *launaviðbót* handa ýmsum embættismönnum á Íslandi dagsett 9. d. janúarm. 1863.

6. Opið brèf um spítalahlutina á Vestmannaeyjum, dagsett 24. d. marzmán. 1863.

7. Tilskipun um *lausamenn og húsmenn* á Íslandi, dagsett 26. d. maímán. 1863.

8. Opið brèf um *breyting á þeim tíma*, þá er halda skal *manntalsþing* í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, dagsett 9. d. júnímán. 1863.

B, 1. Frumvarp til tilskipunar um *eptirlit lögreglustjórnarinnar* m. m. *með fjárkláða* og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi.

2. Frumvarp til tilskipunar *um sáttatilraun* m. m. í málum, er rísa út af deilum *millum húsbænda og hjúa* á Íslandi.

3. Frumvarp til tilskipunar um *að taka hús í Reykjavíkurbœ í brunabótafèlag* hinna dönsku kaupstaða.
4. Frumvarp til tilskipunar *um stofnun búnaðarskóla* á Íslandi.
5. Frumvarp til opins brèfs *um breytingu á tilskipun 18. febrúar, 1847,* um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.
6. Frumvarp til tilskipunar *um vinnuhjú* á Íslandi.

Þessum lagaboðum og frumvörpum lèt *varaforseti* útbýta meðal þingmanna.

Því næst las *konungsfulltrúi* upp 3 brèf stjórnarinnar til hans, og voru þau:

1. Brèf löggæzluráðherrans frá 28. maí 1863, um að þeim þremur mönnum, sem að ráðstöfun stjórnarinnar árið 1853 var falið að ganga í nefnd til að semja frumvarp til hjúalaga fyrir Ísland, væri veitt 200 rd. þóknun fyrir þenna starfa þeirra.
2. Brèf hins sama stjórnaherra frá 9. júní seinasti. um launaborgun málsfærslumanna við landsyfirrèttinn eins og hingað til og fyrst um sinn í næstu 4. ár úr löggæzlusjóðnum.
3. Brèf hins sama ráðherra frá 23. febr. seinastl. um að hann hafi í hyggju að gefa tilefni til að uppástunga um það, að manntalsbókargjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkurbæ, megi, eins og *forseti* þingsins hafi borið upp, greiðast eptir meðalalin verðlagsskránnar, í staðinn fyrir að þessi gjöld eru nú greidd eptir verðlagi á hörðum fiski, verða tekin inn í frumvarp til fjárhagslaganna fyrir árið $18^{64}/_{65}$.

Varaforseti kvaðst ekki geta ákveðið fund til næsta dags.

Fundi slitið.

(Annar fundur) — 3. júlí.

Allir á fundi nema þeir sem voru fjærverandi á síðasta fundi, því þeir voru enn ókomnir.

Varaforseti: Jafnvel þótt eg engan veginn geti álitið það skyldu mína að gegna störfum þess forseta, er kosinn hefir verið fjærverandi, og enn er ókominn, hef eg þó eptir áskorun hins háttvirta *konungsfulltrúa* og nokkurra þingmanna látið til leiðast, að taka *forseta*-sætið og setja þenna fund. — Eg skal geta þess, að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* hefir tilkynnt mèr, að hann hafi tekið sèr til skrifara á þessu þingi, organista Pètur Guðjohnsen, og er hann því bèr kominn til sætis. Einnig vil eg geta þess, að eg hef leitað og leyfi mèr hèrmeð að leita samþykkis hins háttvirta *hon-*

ungsfulltrúa, til þess, að eptir vanda 2 menn yrðu teknir til innanþingsskripta, nefnilega kandídat Halldór Melsteð og kandídat Ísleifur Gíslason, og vil eg því biðja þá herra, að ganga til vanalegra sæta innanþingsskrifaranna.

Þá var þingbók lesin og samþykkt.

Arnljótur Ólafsson: Áður en tekið er til dagskráarinnar, vil eg leyfa mèr að beina athygli þingmanna að orðum hins heiðraða vara-*forseta*, þar sem hann fremur skoraðist undan að gegna *forseta*-störfunum, af því að hann sjálfur væri ólöglega kosinn. En eg verð að játa, að eg skil þá alls ekki í, hvers vegna hann situr þar sem hann nú situr og fremur öll *forseta*-störf, ef hann þykist ólöglega kosinn. Annaðhvort hlýtur að vera, að hann sè ólöglega kosinn, og er þá óhær að gegna *forseta*-störfum, og að allt það er þá sem ógjört, sem hann nú hefir gjört, og þá verður að kjósa mann að nýju, eður hann er löglega kosinn, og er þá skyldur að gegna *forseta*-störfum, hvort honum er það heldur ljúft eður leitt. Eg skal nú ekki fara út í það, hvort vara-*forseti* er löglega kosinn eður eigi, þó eg ætli að hægt sè að sýna, að kosning hans sè lögfull, heldur vil eg að eins spyrja hann, hvort honum finnist sjálfum að hann sè samkvæmur sjálfum sèr, þar sem hann þykist vera ólöglega kosinn, en er þó bráðólmur í að gegna *forseta*-störfunum í verkinu.

Varaforseti: Eg vildi að eins lýsa yfir þessari skoðun minni svo eg með því gæfi þingmönnum kost á, að hreifa því. En ef þingmenu álíta eigi eins og eg, verður það þeirra sök, og eg held þá áfram, að gegna *forseta*-störfunum.

P. Pètursson: Eg get ekki annað en álitið, að báðar kosningarnar sèu ólöglegar, bæði *forseta* og vara-*forseta*. Kosning *forseta* er alveg móti § 46 í alþingistilskipuninni; þar stendur: »Sèrhver alþingismaður á, í seinasta lagi, að vera til staðar daginn áður en þingið er sett, og síðan ganga á fund Vors umboðsmanns o. s. frv. Tilskipunin gjörir því ráð fyrir, að hver þingmaður sè kominn áður en þingið er sett. Þess vegna álít eg, að það sè mikil spurning, hvort nokkur þingmaður, sem ekki er kominn, þegar þingið er sett, verði kosinn til embættismanns þingsins. Og þó sumir þingmanna hafi fært til lík dæmi þessu áður, finnst mèr það ekkert bæta, því ef það er rangt, þá er þingið ekki bættara með því, þó það gjöri rangt tvisvar. Eptir tilskipuninni get eg ei heldur álitið, að aldurs-*forsetinn* hafi rètt til að kjósa nema *forseta* að eins, og því get eg ei álitið kosningu *varaforseta* gilda. En ef þingmenn

gjöra sig ánægða með þessa kosningu, vil eg ei gjöra neina uppástungu um þetta.

Varaforseti: Eg vil bæta því við, að fyrir utan það að mèr virðist að 46. gr. í alþingistilskipuninni skeri hèr eindregið úr málum, þá er einnig þessari grein alveg samkvæm 48. gr., því þar stendur: »og víki hann (hinn kosni *forseti*) þá til þess honum fyrirbúna sætis, og sýnir það, að gjört er ráð fyrir, að lögin ráðgera ekki nè leyfa, að annar sè kosinn til *forseta* en sá sem er til staðar í salnum þegar kosningin fram fer.

Arnljótur Ólafsson: Af því mótmæli hafa nú komið gegn því, að kosning *forseta* sè gild, verð eg að láta það álit mitt í ljósi að hún sè alveg lögleg. Á þessum orðum í 46. gr. alþingistilsk: »Sèrhver alþingismaður á í síðasta lagi að vera til staðar daginn áður en þingið er sett« verður ekkert byggt; því vilji menn styðja mál sitt á þessari grein, verða menn að leggja þessa þýðingu í hana: Ef þingmaðurinn er ekki kominn deginum áður en þing er sett, þá er hann ekki lengur alþingismaður. En hver vill nú segja við þingmann: Ef þú ert ekki kominn deginum áður en þing er sett, þá hefirðu misst allan rètt þinn til þingsetu? Allir vita, að þessi skilningur hvorki á nè getur átt sèr stað, að menn missi þingseturètt, þó þeir komi síðar en daginn fyrir þing, og ef þeir þá hafa sama rètt sem aðrir þingmenn, þá hafa þeir og sömu skyldur og eru því skyldir að taka á móti kosningum, hvort sem þeir eru nærstaddir eða ekki, þegar þingið er sett. Þar sem hinn heiðraði *varaforseti* vitnaði til 48. gr. í alþingistilsk., þá er heldur ekkert í þeirri grein móti lögmæti kosninganna; því þar er að eins gjört ráð fyrir, að *forsetinn* sè við staddur sem hinu vanalega eður reglulega, en sè hinn kosni *forseti* eigi við staddur leiðir það af sjálfu sèr, að aldurs-*forsetinn* gegnir *forseta*-störfum þangað til *varaforseti* er kosinn, sem þá kemur í hans stað; 46., 48. og 50, greinin gjörir því að eins ráð fyrir því sem vanalegast er, að allir sè komnir til þings í tæka tíð, en leggur enga hegning nè rèttarmissi við, ef af er brugðið, og er eg því með því að þessi kosning sè lögleg.

Magnús Andrèsson: Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að aldurs-*forsetinn* ei hefði leyfi til að standa fyrir kosningu *varaforseta*, þá er víst honum og þingmönnum kunnugt, að eg skaut því til *konungsfulltrúa*, hvort svo skyldi vera, og eg man ekki betur, en að bæði hann og nokkrir aðrir þingmenn áliti það sjálfsagt, og færðu til þess dæmi, að svo

hefði verið á þingi 1849. Eg gjörði því að orðum *konungsfulltrúa*, og stóð fyrir kosningunni, en það er á valdi þingsins, hvort það álítur hana gilda eða ekki.

Benidikt Sveinsson: Eg er á sama máli og þingmaður Borgfirðinga, að *forseta*-kosning þingsins sè lögmæt. Menn verða að gæta að því, að alþingistilskipunin býður svo, að þingmenn allir skuli vera komnir á þing deginum áður en þingið er sett, og það er því skylda allra þingmanna að vera komnir á þessum tiltekna tíma; þessu samkvæmt gjörir 46. gr. alþingistilskipunarinnar ráð fyrir því, að allir þingmenn sèu komnir fyrir þing, en þá flýtur það af sjálfu sèr, að lögin ráðgjöra eigi, að þingið kjósi fjærverandi menn, nè heldur að þeir ei þegar taki til starfa sinna, sem þingsins embættismenn. Af þessu sèst nú glöggt, að það er eðlilegt, að 50. gr. í alþingistilskipuninni gjöri ráð fyrir, að *forseti* gangi strax til sætis síns og sjái um *varaforseta*-kosningu, þar sem hún miðar sig við það, að 46. gr. sè fullnægt.

Þó þessu sè nú þannig varið mega menn ekki ímynda sèr að misfelli geti eigi á orðið á því, að þingmenn komi í tæka tíð, eður að þingmenn missi rètt sinn og skyldur sem þingmenn, þó þeir sökum forfalla komi seinna, enda sèst þetta ljóslega á alþingistilsk. Áhrifin af þessu verða þau, að þingmenn sem eigi eru komnir geta eigi tekið til starfa sinna, en þeir sem til staðar eru komnir gegna störfum þingsins. Af þessu er aptur auðsætt og liggur í augum uppi, að ef *forseti* er fjærverandi, hlýtur aldurs-*forseti* að standa fyrir *varaforseta*-kosningunni, og vil eg því til sönnunar að eins framsetja þá spurningu: Halda hinir heiðruðu þingmenn að ef *forseta*, rètt á eptir að hann er kosinn, verður snögglega illt, svo hann getur ekki staðið fyrir *varaforseta*-kosningu, að þingið eigi þá að kjósa annan *forseta*, af því val hans sè ógilt? Þetta er fjarstætt en flyti þó af því, ef val þingsins í þetta skipti á *forseta* og *varaforseta* væri ólögmætt, án þess *forseta*-kosningin eður *varaforseta*-kosningin sè ógild að lögum.

Varaforseti: Eg verð að lýsa því yfir, að mèr fellur mjög illa, að tveim svo ágætum þingmönnum skuli hafa yfirsèst svo hraparlega hinn seinni hluta 46. greinar. Ef þingmaðurinn er ókominn þegar vikan er liðin af þingtímanum, en varaþingmaðurinn er þá hèr staddur, getur þá nokkur neitað honum um þingsetu? Eg segi nei, og þá má varaþingmaðurinn halda sætinu allan þingtímann út, þó að þingmaðurinn sjálfur komi til þings fáum dögum síðar.

Eg veit dæmi upp á þetta frá 1849. Þá stóð einmitt svo á, að aðalþingmaðurinn var ókominn, en varaþingmaðurinn var hèr staddur; stiptamtmaður, er þá gegndi *konungsfulltrúa*-störfum, beiddi þá varaþingmanninn að bíða til 7. dags, hèt honum dagpeningum fyrir biðina, eins og honum var líka síðar ávísað, og hèt honum þingseturèttinum á 7. degi, ef aðalþingmaðurinn yrði þá enn ókominn. Aðalþingmaður sá kom nú á 6. degi, en hefði hann seinna komið, þá vil eg spyrja hvort hann hefði getað rekið varaþingmanninn úr sæti, eptir rèttum lögum? Það fer fjærri.

Arnljótur Ólafsson: Það er að vísu rètt, að varaþingmaður getur komizt að í forföllum þingmanns, en til þess hljóta tvö skilyrði að vera fengin á undan. Það skilyrði fyrir því, að varaþingmaður geti tekið sæti á þingi, eptir 46. gr. sbr. 58. gr., að þingmaðurinn hafi lýst því yfir við *konungsfulltrúa*, að hann kæmi eigi til þings. Hitt skilyrðið er það, að *konungsfulltrúi* gjöri það að álitum, hvort þingmaðurinn geti komið eptir viku. Þessi skilyrði verða að vera gengin á undan, en það hefir eigi átt sèr stað um þessa menn.

Varaforseti: Þetta er að vísu næsta áheyrileg útlistun, en á ekki við eptir því sem á stóð 1849; þingmanninum var ómögulegt þá að tjá forföll sín, því hann var á leiðinni til þings, frá Kaupmannahöfn hingað til lands; en varaþingmaðurinn var hèr staddur, og beðinn að bíða, og voru veittir dagspeningar í þá 3 daga, er hann beið, en þó ekki til þess að sjá, hvort nokkur dúfa kæmi fljúgandi með þann forfallaboðskap frá þingmanninum, að nú hefði hann sífelld andveður og gæti skeð að hann næði ekki til þings fyrir 7. dag.

Benidikt Sveinsson: Eg álít það engum vafa undirorpið, að varaþingmaðurinn eigi að sitja á þingi, þangað til þingmaðurinn kemur, en úr því ekki lengur.

Varaforseti: Eg álít þá þessari umræðu lokið. Þingmaður Borgfirðinga talaði um, að hreifa einhverju öðru, áður en til dagskráar væri horfið, og heimila eg honum það.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að víkja einni spurningu til hins háttvirta *konungsfulltrúa*. Samkvæmt 53. gr. í alþingistilskipuninni hefir *konungsfulltrúinn* rètt til að kjósa menn til aðstoðar þingskrifurunum; þetta hefir hann og gjört, eptir því sem heinn heiðraði varaforseti áður gat um. Það vita nú allir, hve áríðandi það er að hafa góða skrifara. Eg sè að hèr eru tveir

nýir skrifarar óreyndir eður líttreyndir, og sem menn því ekki enn þá geta dæmt um, þó eg engan veginn vilji rengja, að þeir kunni að vera duglegir menn, og færir um þann starfa, sem þeir hafa á hendur tekizt. Hins vegar sakna eg manns þess, sem hefir verið hèr skrifari á næstum öllum undanfarandi þingum, og sem öllum er kunnugt, að reynzt hefir ágætlega; þessi maður er hèr í bænum, og eg ætla að hann hafi gefið kost á sèr, eður jafnvel óskað að verða innanþingsskrifari (*Varaforseti:* má ske þingmaðurinn seinna vildi gjöra skriflega uppástungu um þetta). Nei, það er einungis ósk mín, að þessi maður hefði fengið setu hèr á þingi meðal skrifaranna, og að lýsa því yfir, að eg sakna hans, og að mig furðar stórlega á, að hann er hèr eigi; hlýt eg því að minnsta kosti að biðja hinn háttvirta *konungsfulltrúa* að skýra þinginu frá, af hvaða ástæðum að ósk þessa skrifara muni hafa verið hafnað.

Konungsfulltrúi: Þó eg álíti, að þetta málefni liggi nokkuð fyrir utan þingið, vil eg þó geta þess, að eg í morgun fèkk áskorun frá *varaforseta* til að koma á fund með honum kl. 10½ til þess að ræða um kosningu aukaskrifaranna ásamt honum og skrifurum þingsins. Þó eg reyndar álíti, að eg samkvæmt 53. grein alþingistilskipunarinnar hefði myndugleika til npp á mitt eindæmi að kjósa aðstoðarskrifara innanþings, án þess að leita þar um fyrir fram atkvæðis *forseta* og þingskrifaranna, kom eg samt á fund til *varaforseta*. *Varaforseti* hèlt því fram á fundinum, að *konungsfulltrúi* ekki upp á sitt eindæmi hefði vald til að velja aukaskrifarana, og bar jafnframt fyrir sig, að *konungsfulltrúi* ávalt hefði borið sig saman við *forseta* i því efni á hinum fyrirfarandi þingum, að undanteknu hinu fyrsta. Eg þekkti nú ekki glöggt venjuna í þessu tilliti að undanförnu, en eg vildi þó ekki bera orð *varaforsetans* til baka, því síður sem eg vissi til þess, að á seinasta þingi höfðu innanþingsaðstoðarskrifararnir verið teknir eptir samkomulagi við forseta. Umræðunum við *varaforseta* og þingskrifarana lauk svo, að kand. Ísleifur Gíslason og kandidat Halldór Melsteð voru teknir til aðstoðarskrifara, og hefir hinn fyrri verið skrifari hèr áður á þingi og er reyndur að dugnaði. Það var atkvæðafjöldi sem rèði við þessa kosningu aðstoðarskrifaranna, en eg rèði henni ekki öðruvísi en nú hefi eg sagt, og þannig komst sá maður, sem hinn heiðraði þingmaður bendir til, ekki að.

Arnljótur Ólafsson: Mèr nægir að fullu skýrsla hins háttvirta *konungsfulltrúa*. En eg vil enn leyfa mèr að bera þá bæn fram

fyrir hinn háttvirta *konugsfulltrúa*, sem eg er fullviss um að ekki að eins er mín, heldur og allra þingmanna: Kunnugt er, að vèr þingmenn komum í hvort skipti til *konungsfulltrúa* til að sýna honum oss og fullvissa hann um, að vèr sèum rètt komnir til þings, þetta er kurteysi samboðin oss þingmönnum; en með því að allur er jöfnuðurinn góður, og eg er fullviss um, að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* vill eigi vera eptirbátur þingmanna i kurteysi, vona eg, að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* muni ekki hafa á móti því, að sýna erindisbrèf sitt eður leggja það fram, ef þingmenn óska þess. Vèr höfum verið svo heppnir að hafa haft hinn sama höfðingja á síðasta þingi í *konungsfulltrúa*-stað, og óskum oss nú til lukku með að hafa hann fyrir *konungsfulltrúa* á þessu þingi; vèr óskum nú og treystum því, að hið sama góða samlyndi milli *konungsfulltrúa* og þings megi haldast enn á þessu þingi eins og á hinu síðasta; og með því að það má virðast heyra til góðs samlyndis, að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* sýni oss þessa kurteysi, þá hefi eg leyft mèr að fella þessa bæn í þingsins nafni til hins háttvirta *konungsfulltrúa*.

Konungsfulltrúi: Eg finn það í eðli sínu, þó þingið óski þess sem hinn heiðraði þingmaður, er síðast mælti, fór fram á, enda var það og ætlun mín, um leið og eg setti þingið, að leggja erindisbrèf mitt fram. Eg hefi nú tekið með mèr íslenzka útlegging á erindisbrèfi mínu, og skal eg leyfa mèr að lesa hana upp, og frumritið er hèr einnig til samanburðar ef nokkur hinna heiðruðu þingmanna skyldi óska að vilja sjá það.

Varaforseti: Eg álít það fullnægjandi í alla staði, ef konungsfulltrúi vill leggja fram á þingi útleggingu af hinu konunglega erindisbrèfi sínu er hann nú las upp.

Þá göngum vèr til dagskráarinnar, og er þá fyrir að kjósa nefndir í hin konunglegu frumvörp.

1. Frumvarp til tilskipunar *um vinnuhjú á Íslandi.*

Var þá stungið upp á 5 manna nefnd; enginn mótmælti því.

Páll Melsteð: Er leyfilegt að kjósa fjærverandi þingmenn í nefndir? Eg ímynda mèr reyndar að það sè leyfilegt fyrst að þingið kaus ókominn þingmann til forseta síns, en eg vildi þó vekja máls á þessu.

Benidikt Sveinsson: Það er ekki hentugt ef nefndirnar strax vilja taka til starfa.

Jón Hjaltalín: Jeg held það verði skarð í þingmanna töluna

ef kjósa á 5 menn í allar nefndirnar, og ekki má kjósa fjærverandi þingmenn.

Helgi Hálfdánarson: Er leyfilegt eins og nú stendur á að kjósa varaforseta í nefndir?

Konungsfulltrúi: Eg verð þó að álíta það nokkuð ónærgætnislegt að kjósa varaforseta í nefndir, meðan hann gegnir forsetastörfum.

Pètur Pètursson: Eg álít það vera öldungis ófært þannig að svipta sig tveimur beztu mönnum þingsins; eins og það og virðist ekkert að vera á móti því, að *varaforseti* geti starfað í nefndum, þótt hann fyrst um sinn gegni *forseta*-störfunum.

Konungsfulltrúi: Eg get þó ekki betur sèð, en að það eins og eg hefi tekið fram sè miður eðlilegt, að *voraforseti*, meðan hann gegnir *forseta*störfum, sè kosinn í nefndir. *Forseti* er eptir alþingistilskipuninni undanþeginn því að starfa í nefndum, og meðan *varaforseti* er í *forseta*-sæti hefir hann sömu rèttindi og þessi, það getur líka, ef til vildi, komið í bága við nefndarstörfin.

Varaforseti: Það er að minnsta kosti öldungis samkvæmt atgjörðum þingsins, sem orðnar eru, að ekki sè gengið framhjá *varaforseta* þegar í nefndir skal kjósa, þótt það beinlínis leiði til þess, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að þingið þar með svipti sig tveggja manna vinnukröptum. En auðvitað er, að meðan eg neyðist til þess að gegna *forseta*-störfum, þá get eg ekki tekið þátt í nefndarstörfunum.

Arnljótur Ólafsson: Mundi ekki vera rèttast að halda sèr við 65. sbr. 49. gr. í alþingistilskipuninni? þar stendur að *forseta* ekki má kveðja til nefnda, en *varaforseta* er þar á móti leyfilegt að kjósa í nefndir.

H. Kr. Friðriksson: Það er og hægt, þegar starf nefndarmanna byrjar, að kjósa annan mann í nefndina í stað *varaforseta*, ef *forseti* þá er eigi kominn, eða þegar útsèð er um að hann muni ei koma.

Magnús Andrèsson: Það hefir optlega fyrir komið á þingi, að þegar einhver nefnd hefir fengið ofmikinn starfa, eður einhver í nefndinni hindrast frá nefndarstörfum, þá hefir einum manni verið bætt í nefndina, og það vona eg að hèr megi gjöra ef þörf krefur.

Benidikt Sveinsson: Eg álít það þó vera vafasamt, hvort það sè rètt að velja *varaforseta* í nefndir meðan hann gegnir *forseta*störfum, með því og að hann eigi greiðir atkvæði á meðan, því

þá kemur hann alveg í *forseta* stað, þó hann annars hafi sömu skyldu og sama rètt og aðrir þingmenn; eg álít því rèttara meðan *varaforseti* er í *forseta*-sæti, að nefndir þær, sem þingið vildi kjósa hann í, sèu heldur hafðar fámennari, og væri svo auknar þegar *forsetinn* er kominn.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla ekki að tala um það, hvort *varaforseti* sè rètt kosinn eður ekki, en úr því sú kosning er látin standa, þá álít eg, að *varaforsetinn* hafi eins rèttindi og skyldur og álít það skyldu hans, að gegna *forseta*-störfum meðan *forsetinn* kemur ekki, en eg álít líka að hann hafi rètt til að vera kosinn í nefnd. Hvað því viðvíkur, sem stungið hefir verið upp á, að kjósa *varaforseta* ekki í nefndir fyr en *forseti* komi, þá er það aðgætandi að með því er *varaforsetinn* sviptur því að vera nefndarmaður í nokkru konunglegu frumvarpi, því nefndir verða kosnar í þau öll í dag, og verða með þessu veiktir kraptar þingsins að óþörfu, ef *forseti* yrði kominn á morgun; en dragist koma hans til muna, hefir þingmaður Árnesinga sýnt hvernig að mætti fara, og mun eg því fyrir mitt leyti kjósa *varaforseta* í hverja nefnd sem mèr lízt.

Jón Hjaltalín: Eg kýs líka *varaforseta* í hverja þá nefnd sem mèr lízt, hvort sem öðrum virðist það hèr á móti lögum eður ekki, því við erum svo fámennir, að við verðum að nota vel þá litlu krapta sem við höfum, og menn segja líka almennt, að nauðsyn brjóti öll lög. Þeir þingmenn sem ókomnir eru, sýna að þeir alls ekki hirða um að rækja skyldu sína, og sýna frábært tilfinningarleysi með því að taka á móti kosningu til þingsins, en láta það svo bíða eptir sèr von úr viti. Vèr verðum því að minni meiningu að brúka þá krapta, sem vèr höfum og kjósa *varaforseta* í nefndir eins og hvern annan.

Stefán Eiríksson: Eg hef nú ekki verið á mörgum þingum, en á þeim 2 þingum sem eg hefi verið, hefi eg ekki orðið var við að *varaforseta* hafi verið hlift frá nefndum, og eg ætla að hið sama hafi átt sèr stað frá fyrstu þingum; og þar nú eiga að framfara nefndarkosningar í umfangsmiklum og áríðandi konungs frumvörpum, þá ætla eg ekki að hika mèr við, að kjósa *varaforseta* í nefndir þessar, hvað sem svo aðrir þingmenn gjöra.

Helgi Hálfdánarson: Eg spurði um, hvort kjósa mætti *varaforseta* í nefndir, ekki af því að eg væri í vafa um, að hann sè skyldur að ganga í nefndir, eins og hver annar þingmaður, þegar *forsetinn* er við staddur, heldur af því, að *forseti* er enn þá ókominn

til þings, og vèr höfum því engan til að stjórna þinginu nema *varaforseta*, en vitum ekki, hvað lengi það kann að dragast að *forseti* komi. Eg vildi eigi byrja þingstörf *mín* með því að gefa atkvæði á móti rèttum þingreglum, eg óskaði þess vegna að heyra álit þingsins um þetta, áður en gengið væri til nefndarkosninga.

Varaforseti: Þetta verður að vera á þingsins ábyrgð, eins og hitt, hvort kosningin á *varaforseta* sè rètt.

Eg skal svo biðja þingmenn að kjósa nefnd í málið.

Var því næst gengið til atkvæða og þessir menn kosnir í nefndina:

P. Pètursson	með 12	atkvæðum.
Jón Guðmundsson	— 11	——
Á. Einarsson	— 9	——
B. Sveinsson	— 8	——
Þ. Jónsson	— 7	——

Málið var síðan afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni:

Því næst var kosin nefnd í hið annað frumvarp til tilskipunar um sættatilraunir í hjúamálum.

Var stungið upp á 3 og 5 manna nefnd, 3 manna nefnd samþykkt með 15 atkvæðum, og í hana kosnir:

Jón Pètursson	með 15	atkvæðum.
H. Hálfdánarson	— 7	——
A. Ólafsson	— 6	——

3. Til að íhuga frumvarp um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m., um fjárkláðann o. s. frv.

Var stungið upp á 5 og 7 manna nefnd, og 5 manna nefnd samþykkt með 15 atkvæðum, og þessir kosnir:

M. Andrèsson	með 13	atkvæðum.
A. Ólafsson	— 13	——
B. Sveinsson	— 12	——
Jón Guðmundsson	— 10	——
St. Jónsson	— 7	——

Málið afhent þingmanni Árnesinga.

4. Til íhugunar frumvarps um, að taka hús í Reykjavík í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, var kosin 3 manna nefnd nl.:

H. Kr. Friðriksson	með 14	atkvæðum.
J. Pètursson	— 11	——
Jón Guðmundsson	— 10	——

Málið afhent þingmanni Reykvíkinga.

5. Til yfirvegunar frumvarps til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

Var stungið upp á 5 og 7 manna nefnd, 5 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum, og í hana kosnir:

J. Sigurðsson	með 15	atkvæðum.
I. Gíslason	— 10	——
Á. Einarsson	— 8	——
Jón Guðmundsson	— 8	——
Á. Ólafsson	— 7	——

Málið afhent í fjærveru þingmanns Suður-Þingeyinga, þingmanni Dalasýslu.

6. Til yfirvegunar frumvarps til opins brèfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra.

Var stungið upp á 3 og 5 manna nefnd, 3 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum, og í hana kosnir:

J. Pètursson	með 12	atkvæðum.
J. Guðmundsson	— 10	——
B. Sveinsson	— 9	——

Varaforseti: Af bænarskrám er enn ekki komið til þingsins nema 1 um fjárkláðann; á morgun getur því enginn fundur orðið. En eg vil biðja þingmenn að koma sem fyrst með bænarskrár sínar, einkum ef nokkur hefir til meðferðar bænarskrá, eða ætlar sèr að bera upp uppástungu áhrærandi styttingu á alþingistíðindunum eða breytingu á fyrirkomulagi þeirra, að hún þá gæti komið sem allra fyrst. Dagskrá skal koma upp í tækan tíma fyrir mánudaginn.

Fundi slitið.

Þriðji fundur 6. júlí.

Varaforseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, vil eg tjá þinginu, að nokkrir þeirra þingmanna er vantaði, eru nu komnir til sætis hèr í salnum, það eru þingmennirnir úr Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Þannig er þá hinn kosni *forseti* þingsins nú hèr við staddur, en hefir falið mèr að opna þenna fund í sinn stað.

Allir hinir fyrri voru á fundi.

Þingbók lesin og samþykkt.

Síðan skoraði *varaforseti* á *forseta* að taka sæti sitt, og gekk hann til sætis.

Forseti: Þó eg finni mèr skylt að votta hinum háttvirtu

þingmönnum þakkir mínar fyrir þann heiður, sem þeir hafa gjört mèr, með því að sæma mig — og það fjærveranda — *forseta*-nafninu, get eg þó ekki dulizt þess, að mig furðar á þessari aðferð, sem að vísu ekki er dæmalaus hèr á þingi, en þó mjög óvanaleg.

Hefði eg verið viðstaddur, þegar kosningin fram fór, mundi eg af alefli hafa skorazt undan að taka á móti valinu — já, eg mundi gjöra það enn í dag, ef eg sæi ekki, að það yrði að valda nokkrum ruglingi á því, sem þegar er gjört á þessu þingi; — ekki svo sem virðing mín sè mèr ekki kær, eða eg vilji ekki verja mínum veiku kröptum í þarfir þingsins, heldur hins vegna, að eg, sem *forseta*-störfum er með öllu óvanur, og kem nú í stöðu þessa svo sviplega og svo gjörsamlega óviðbúinn, hef hina gildustu ástæðu til að kvíða því, að kosning þessi verði þinginu til ógagns og mèr til mæðu einnar.

Svo ógleðileg sem nú þessi hugsun er, vil eg þó lúta vilja þingsins; og þó eg gangi mjög áhyggjufullur að köllun minni, gefur sú von mèr traust og djörfung, að hinir háttvirtu þingmenn muni láta mèr í tè umburðarlyndi og velvilja, og aðstoða mig og leiðbeina mèr sem bezt í öllu; og sèr í lagi dirfist eg að óska og vona fulltingis, aðstoðar og leiðbeiningar í köllun minni hjá hinum háttvirta *konungsfulltrúa*, sem og einnig, að hinn háttvirti *varaforseti*, sem *forseta*-störfunum er svo vanur og vel vaxinn, góðfúslega vilji veita mèr alla þá aðstoð og leiðbeining, sem köllunarstörf hans leyfa honum, og eptir þinglok losa mig með öllu við *forseta*-störfin, þar mèr er nauðsynlegt að komast sem fyrst heim til mín aptur, og með öðru móti get eg ekki tekið á móti kosningunni, og leyfi eg mèr því að óska svars frá honum í þessu tilliti.

Jón Guðmundsson: Það er auðvitað, að meðan eg er *varaforseti* og heilsa mín og kraptar leyfa, álít eg það skyldu mína, að aðstoða hinn háttvirta *forseta* í því sem mèr er unnt, eins og það er sjálfsögð skylda mín, sem eg ei get skorazt undan, að gegna *forseta*-störfunum í hans forföllum, hvort heldur er um þingtímann eður eptir hann. Yfirhöfuð er það auðvitað, að eg er fús til einnig að veita hinum háttvirta *forseta* sjálfum alla þá aðstoð bæði innan funda og utan, sem bæði þingstörf mín og önnur störf leyfa. Sú aðstoð getur nú að vísu ekki orðið mikil, enda vona eg að *forseti* þurfi hennar ekki með, meðan þingið stendur, en utan-

funda get eg líklega litla aðstoð veitt honum í hinum eiginlegu skrifstofustörfum *forsetans*, t. d. við atkvæðaskrár o. fl. þess konar og veit eg líka að hinn háttvirti *forseti* ætlast ekki til þess.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að skýra þinginu frá, að eg hefi meðtekið brèf frá hinum 6. konungkjörna þingmanni kanselíráði þ. Jónssyni, dagsett 20. júní þess efnis, að hann sökum lasleika og annríkis ei geti sótt þingið að þessu sinni. Sömuleiðis skal eg geta þess, að löggæzlustjórnarherrann hefir sent mèr þau lagaboð, sem út hafa komið fyrir Danmörku árin 1861, 1862 og 1863, svo að þingið gæti fengið tilefni til að segja álit sitt um, hvort eða að hve miklu leyti ástæða væri til að lögleiða nokkur af þeim hèr á landi, breytt eða óbreytt. En stjórnarherrann hefir jafnframt getið þess, að hann hafi ekki fundið ástæðu til að leggja neitt af hinum tilgreindu lagaboðum í frumvarpi fyrir þingið. Þess skal eg þó geta, að stjórnarherrann þegar hefir leitað álits amtmannanna hèr á landi um það, hvort ástæða væri til þess í tilefni af opnu brèfi frá 12 febrúar 1862 um ferðapassa að breyta þeirri núgildandi löggjöf um passa hèr á landi; og sendi eg stjórninni mitt álit um málið með seinustu gufuskipsferðinni hèðan. Eg leyfi mèr að biðja hinn heiðraða *forseta* að láta taka málið til yfirvegunar, og að láta kjósa nefnd í það, og ef þingið kæmist til þeirrar niðurstöðu, að eitt eða fleiri af þessum lagaboðum væru þess eðlis, að við ætti að lögleiða þau hèr á landi, skal eg sem fyrst láta leggja þau út á íslenzku, og afhenda þau þinginu eða nefndinni, sem eg vona sett verði í málinu; fleirum orðum álít eg ekki ástæðu til að fara um málið.

Forseti: Eg vonast til að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* ætlist ekki til, að þetta komi til umræðu á þessum fundi.

Konungsfulltrúi: Nei!

Jón Guðmundsson: Eg áskil mèr rètt til, að mótmæla þessari aðferð lögstjórnar-ráðherrans, þegar að því kemur, að mál þetta verði tekið í dagskrá, því þessi aðferð er beint á móti konungsúrskurði frá 1861, að lagaboðin komist að þinginu, svona úr garði gjörð.

Ásgeir Einarsson: Af því eg heyrði, að hinn háttvirti *konungsfulltrúi* skýrði frá, að tilkynning væri komin frá hinum 6. konungkjörna þingmanni, vil eg leyfa mèr að spyrja, hvort nokkur tilkynning er komin frá hinum 2 varaþingmönnum er enn vantar.

Konungsfulltrúi: Eg hef enn ekki fengið neina tilkynningu

frá varaþingmönnunum fyrir Ísafjarðarsýslu og Mýrasýslu; aðrir eru ekki ókomnir.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *konungsfulltrúa,* hvort þessi afsökun frá hinum konungkjörna þingmanni er nú fyrst komin, eða áður?

Konungsfulltrúi: Eptir því sem mig minnir kom hún með *forseta* þingsins.

Jón Hjaltalín: Fylgir þessu brèfi nokkurt læknisattest? *Konungsfulltrúi:* nei). Menn þurfa eptir því ekki annað en segja: Eg get ekki komið, og þá er nóg. Eg vil spyrja þingið: Vill það líða, að þetta gangi svona ár eptir ár? Og ef einum leyfist þetta svona átölulaust, þá geta eins allir álitið sèr það leyfilegt að fara svona að, og hvað yrði afleiðingin af því, annað en að þingið smátt og smátt sundraðist. Í alþingistilskipuninni stendur: Að það eigi allir þingmenn að vera komnir daginn áður en þingið er sett«. Þetta virðist mèr vera það sama, sem að það sè skylda þeirra, og þegar þeir því forsóma að koma, vanrækja þeir skyldu sína, og gjöra um leið ómögulegt fyrir *konungsfulltrúa* að fá varaþingmanninn til þingsins. Eg get ómögulega skilið, hvernig þingið getur liðið þetta, því með því leysist það smátt og smátt upp, og verður að engu. Þingið á sannarlega nóga óvini út um landið, þó það varist þess háttar gjörðir. Að menn geti hindrazt á ferð, get eg vel skilið, að menn geti orðið snögglega veikir, get eg líka skilið; en þetta leikspil sýnist mèr óverjandi og óþolandi. Fátækir landar okkar, sem kosta þingið, eiga vissulega fulla heimting á, að þingið gjöri betri skil á þessu, og mèr finnst það samkvæmt virðingu þingsins, að það reyni að fyrirbyggja þetta á hvern hátt sem það getur.

Björn Pètursson: Eg vil leyfa mèr að taka það fram, út af því, sem hinn háttvirti konungkjörni þingmaður nú sagði, að á meðan landið er ekki betur læknum skipað, en það nú er, yrði sumstaðar örðugt að nálgast læknisattesti, ef menn til dæmis yrðu veikir deginum áður en þeir ætluðu af stað. Eg vil því spyrja hinn heiðraða þingmann: Hvernig átti hinn konungkjörni þingmaður, er hèr ræðir um, að senda fyrst eptir læknisattesti á Eyjafjörð, og koma því svo á þessa þingmenn, sem brèfið fluttu? Eg álít að honum hafi verið það ómögulegt, þar sem hann hefir að líkindum orðið veikur einmitt um það leyti, sem þingmenn komu þangað, þeir er hann ætlaði að verða samferða, og vèr vitum allir, að þeir komu ekki hingað fyrr en á 4. degi eptir að þing var sett.

Jón Hjaltalín: Eg skildi þetta svo, að það hefði verið viðvarandi lasleiki og annir, sem tálmuðu þingmanninum, en ekki neinn hastarlegur sjúkdómur, sem komið hafi allt í einu, eptir því sem konungsfulltrúi skýrði frá. Það hefði verið nóg og ekki meira verið af honum krafizt, en að hann hefði skýrt frá þessu í tíma. Eg held það sèu margir sem ekki hafa fulla heilbrigði, og koma þó, og setja þó ekki þingið í þann vanda, sem þessi aðferð hlýtur að koma því í.

Jón Guðmundsson: Eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ei ætti að hætta umræðunum um þetta, en gefa mönnum heldur kost á, að gjöra um það uppástungu síðar.

Forseti: Eg hafði einmitt hugsað mèr það. En hvað hinn konungkjörna þingmann áhrærir, sem hèr ræðir um, get eg gefið þá upplýsingu, að hann hafði ætlað sèr fastlega að fara, og gjört ráð fyrir að verða mèr samferða. En einmitt þegar eg kom þangað, var hann nýkominn af þingunum og var lasinn. Eg er nú engi læknir, og get því ekki borið um, hversu veikur hann var. En eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi skýrði frá, voru það þar að auki embættisannir, sem tálmuðu honum.

Konungsfulltrúi: Ef hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni þóknast að heyra tilkynninguna, sem eg fèkk frá þeim konungkjörna þingmanni, skal eg lesa hana upp; hún hljóðar svo:

»Eg hlýt enn, eins og fyrri, að tilkynna yður, hávelborni herra konungsfulltrúi! að þótt eg fastlega hefði ráðið að mæta á alþingi því, er nú fer í hönd, er mèr það ekki hægt vegna embættisanna minna heima fyrir, heilsubrests míns á 5 vikna þingaferðum og ýmsra annara kringumstæða.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 20. júní 1863.

Þ. Jónsson«.

Eg held því, að það sè engin ástæða til að vefengja þessa afsökun, eða þau foröll, sem þessi heiðraði konungkjörni þingmaður hefir borið fyrir; eg skal bæta því við, að hann vitanlega var búinn að útvega sèr húsnæði hèr í bænum meðan hann sæti á þingi.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja: Nær ætlast hinn háttvirti varaforseti til, að þessi uppástunga verði gjörð? Ef menn hugsuðu til að senda eptir þeim, væri víst mögulegt, að ná í varaþingmanninn fyrir Mýrasýslu. Ef að bráðlega væri sendur maður, yrði má ske heldur ekki óvinnandi, að aðvara varaþingmanninn fyrir Ísa-

fjarðarsýslu, svo að hann gæti í öllu falli setið nokkurn hluta þingtímans. Eg vissi líka til þess í hitt eð fyrra, að þá barði hann því við, að hann hefði enga tilkynningu fengið frá konungsfulltrúanum um að þingmaðurinn mætti eigi, heldur að eins frá þingmanninum sjálfum.

Jón Hjaltalín: Eg skora á þingmenn, að gjöra eitthvað við málið, og ef enginn annar verður til þess, mun eg gjöra uppástungu um það.

Stefán Jónsson: Eg býst nú við, að vèr þrír fèlagar, sem nýlega erum komnir til þingsins munum eiga hèr óskilið mál. Enda sè eg á þingræðunum, að fremur hart hefir verið talað hèr um okkur á síðasta fundi, og á þá leið, að við höfum sýnt frábært skeytingarleysi, og annað því um líkt. En mèr finnst þeir, sem þannig hafa dæmt, ekki nógsamlega hafa gáð að kringumstæðunum, sem okkar för tálmuðu. Þó menn fari á stað í fullkomlega tækan tíma, og hafi allan hug á að halda ferðinni áfram, geta menn stundum ei komizt til hins ákvarðaða staðar á vissum tíma, eins og reyndin hefir orðið á fyrir oss þremur í þetta skipti, En þetta hefir nú komið fyrir áður, að þingmenn hafa komið of seint, án þess um það væri talað eins harðlega og nú. Þannig var í öllu falli árið 1849, þegar forseti og konungsfulltrúi komu ekki út, fyrr en í þinglok. Það er líka auðvitað, að enginn dregur af ásetningi að koma til þingsins á ákveðnum tíma.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga hefir víst misskilið orð eptir mig, sem eg talaði á síðasta fundi um fjærverandi þingmenn. Eg meinti þar alls ekki til þeirra þingmanna, sem væru á ferð og tálmuðust þannig, heldur til hinna, sem taka móti kosningu, og koma ekki þing eptir þing, og láta ekki vita það fyrr en í ótíma, og gjöra svo ómögulegt að innkalla varaþingmennina.

Jón Guðmundsson: Eg vildi mega víkja þeirri spurningu til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort honum eigi þóknaðist eptir 46. gr. alþ.tilsk. að innkalla þessa 2 varaþingmenn; þar segir, að ef þingmaðurinn sè ei kominn innan viku frá því er þing er sett, skuli konungsfulltrúi innkalla varaþingmanninn. Eg fyrir mitt leyti álít það mögulegt og ekki bundið þeim kostnaði sem teljandi sè, að innkalla báða, ef undið væri að því nú þegar.

Konungsfulltrúi: Eg verð þó að láta það í ljósi, að á meðan vèr ekki vitum hvort þeir koma eða ekki, og allt er þannig í óvissu, þá sýnist mèr það ísjárvert, að senda til þessara varaþing-

manna, og þó það væri gjört, gæti sendimaðurinn, ef til vill, farið mis við þá. Og eptir vegalengdinni til Ísafjarðarsýslu, gæti fulltrúinn þaðan trauðla verið kominn fyrr en eptir mitt þing. Því eptir því sem eg þekki til, þarf að minnsta kosti 14 daga til ferðarinnar fram og aptur. Öðru máli er að gegna um varaþingmanninn fyrir Mýrasýslu, því hann býr í Dalasýslu. Eg er því ekki enn fullráðinn í því, hvort eg eigi að senda þangað, en eg skal ráðgast um það við forseta nú í dag.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg og samfylgdarmenn mínir frèttum það á leiðinni, að varaþingmaður Mýramanna ætlaði sèr alls eigi að koma, og því mundi hann heldur ekki koma, þó sent væri eptir honum. Hvað varaþingmann Ísafjarðarsýslu snertir, þá ímynda eg mèr, að aðalþingmaðurinn þekki svo vel alþingistilskipunina, að hann hafi aðvarað hann. En skeð getur, að skipið, sem flutti brèfið hafi tafizt sökum ísa, en hafi þó komizt seinna, svo mèr sýnist þó ekki örvænt um, að varaþingmaðurinn þaðan geti komið enn.

Jón Guðmundsson: Þar sem hinn háttvirti *konungsfulltrúi* gat þess, að þingmaður Ísfirðinga hefði tilkynnt sèr forföll sín, þá vil eg taka það fram, að ef þingmaður Ísfirðinga *ekki* hefir getið þess í tilkynningunni, að hann hafi aðvarað varaþingmanninn, þá var það beinlínis skylda *konungsfulltrúa,* að gangast *strax* fyrir því, að varaþingmaðurinn væri innkallaður. Öðru máli er að gegna um varaþingmanninn fyrir Mýrasýslu, því eptir því sem eg hef heyrt, hafði stiptamtmaðurinn beinlínis innkallað hann til að mæta á þingi, svo að fyrst hann er ekki kominn, er það bersýnilegur vottur þess, að hann ætlar sèr alls eigi að koma.

Konungsfulltrúi: Þingmaður Ísfirðinga getur eigi um í brèfinu til mín, hvort hann hafi skýrt varaþingmanninum frá að hann ekki sjálfur gæti komið á þing. En það gjörði hann heldur ekki síðast eða 1861, og hafði hann þó í það skipti skýrt varaþingmanninum frá, að hann gæti ekki komið; eg verð því að ætla að hann einnig hafi gjört það í þetta skipti, þó hann hafi ekki tilkynnt mèr það. Eg fann því eigi ástæðu til, þegar eg fèkk tilkynninguna með póstskipinu seinast frá þingmanni Ísfirðinga, að senda til varaþingmannsins. Enda mátti eg gjöra ráð fyrir, að aðalþingmaðurinn þekkti svo vel alþingistilskipunina, að hann hefði eigi undan fellt, að skýra varaþingmanninum frá forföllum sínum.

Jón Guðmundsson: Eg má fullyrða, að hafi varaþingmaðurinn fengið nokkra aðvörun, þá hefir hann fengið hana mjög seint.

Það veit eg að minnsta kosti með vissu, að um hvítasunnu hafði hann enga aðvörun fengið.

Ásgeir Einarsson: Viðvíkjandi varaþingmanni Mýramanna, þá sýnist mèr, að ef stiptamtmaðurinn hefir kallað hann til þingsins og sú köllun komið í tækan tíma, svo hann hafi enga afsökun getað haft í því tilliti, þá sè þinginu með þessum framgangsmáta sýnd hin mesta vanvirða, eins og sá konungkjörni þingmaður tók fram um þess háttar aðferð þingmanna.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari umræðu lokið. Þá kemur eptir dagsskránni bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu um að veita Skutulsfjarðareyri kaupstaðarrètt. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga.

Málið afhent flutningsmanni.

H. Kr. Friðriksson: Það er svo undir komið, að eg er flutningsmaður þessarar bænarskrá, að beiðendur höfðu sent hana þingmanni sínum til Kaupmannahafnar, en hann hefir aptur með brèfi dagsettu 9. júní þ. á. falið mèr að vera flytjandi hennar. Eg vil að svo mæltu leyfa mèr að lesa bænarskrána upp, og hljóðar hún þannig

Sjá fyrri part alþingistíðindanna bls. 61.:

Með bænarskrá þessari fylgja skjöl, þessu máli til frekari skýringar, og er bið merkasta þeirra fundarhald íbúa verzlunarstaðarins og sveitarbænda, og var sá fundur haldinn 3. og 4. dag nóvbr. 1862, og sýnir það, að hvorirtveggja hlutaðeigendur hafa orðið á eitt sáttir um þetta, Eg þarf ekki að taka það fram, því það er öllum þingmönnum ljóst, að ef skilnaðurinn er nauðsynlegur og gagnlegur fyrir íbúa verzlunarstaðarins, þá er málið mikilsvert, og vona eg því, að þingið kjósi nefnd í málinu, og sting eg því upp á 5 manna nefnd.

Jón Guðmundsson: Eg álít sjálfsagt, að nefnd verði kosiu í málið, en eg vil leggja til, að ekki verði kosin nema 3 manna nefnd, eg held ekki, að þeir þingmenn sè margir, sem þekkja nákvæmlega til, hvernig þar hagar.

H. Kr. Friðriksson: Þessu máli er svo varið, að það má taka í það á fleiri vegu; og ef sú umfangsmeiri hlið af því væri tekin, held eg að ekki veiti af 5 manna nefnd.

Stefán Eiríksson: Eg held nú, að hinn háttvirti flutningsmaður sè svo vanur að fást við þess konar mál sem hèr ræðir um, og eg tel það víst að hann verði kosinn í nefndina, svo eru hèr á

þingi margir sem eru kunnugir bæjarmálefnum og því álít eg óþarft að kjósa meira en 3 menn í nefndina.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að segja hinum háttvirta þingmanni Austur-Skaptfellinga, að fyrst og fremst er það alveg óvíst, að eg verði kosinn í nefndina, þótt eg sè flutningsmaður bænarskráarinnar, og þó eg yrði í nefndinni, og væri allra manna kunnugastur bæjarstjórnarmálefnum, tel eg málið svo umfangsmikið, að eg vil helzt óska, að 5 manna nefnd verði kosin.

Lèt þá *forseti* þingmenn ganga til atkvæða um, hvort kjósa skal 5 eða 3 manna nefnd í málið.

Var 3 manna nefnd samþykkt með 18 atkvæðum og í hana kosnir:

H. Kr. Friðriksson	með	20 atkv.
Ásgeir Einarsson	—	14 —
Benidikt Þórðarson	—	13 —

Málið afhent þingmanni Reykvíkinga.

Forseti: Þá kemur eptir dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Múlasýslu *um breyting á konungsúrskurði um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna til hinna fátæku prestakalla.* Bænarskráin var afhent þingmanninum úr Suður-Múlasýslu.

Björn Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

Sjá fyrri part alþingistíðindanna 63. bls.

Eg ætla ekki að fara fleirum orðum um bænarskrána að sinni, en óska þess einungis, að nefnd verði kosin til að íhuga málið.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki annað en mælt á móti því, að nefnd sè kosin í þetta mál. Það stendur nefnilega í bænarskránni, að skikkunarvald stiptsyfirvaldanna sè óvinsælt; í þeim þrönga skilningi sem það nú hefir, en þá virðist það liggja beint við, að það mundi verða enn þá óvinsælla, ef það yrði rýmkað svo mjög eins og hèr er farið fram á. Við þetta raskast og með öllu sú grundvallarregla á hverri skikkunarvaldið er byggt, en það er byggt á því, að hið opinbera eigi í viðlögum eins konar tilkall til þeirra manna, sem menntast hafa á þess kostnað, og þeir helzt skuli teknir, sem mestan hafa styrkinn þegið. Þegar nú þessari grundvallarreglu er hrundið, og ætlazt er til, að hver og einn sè skyldur að taka á móti skikkun, hvort sem hann hefir þegið nokkurn opinberan menntunarstyrk eður eigi, þá sèr hver og einn, að úr þessu yrði hin mesta ósanngirni, sem eg má fullyrða, að stjórnin því aldrei muni aðhyllast. Að öðru leyti hefir þessi skikkunarrèttur

stiptsyfirvaldanna aldrei haft mikla þýðingu, honum hefir aldrei verið beitt nema í ýtrustu nauðsyn, og það mun heldur ekki verða gjört eptirleiðis. Það er heldur ekki rètt, að skikkunarrètturinn sè óákveðinn, eins og í bænarskránni stendur, og ekki er hann heldur bundinn við viss brauð, sem nái að eins vissri tekju-upphæð, því hann nær til allra brauða, sem enginn sækir um. Eg vil því ráða þinginu frá að taka þessa uppástungu til greina eða að setja nefnd í þetta mál.

H. G. Thordersen: Eg er að því leyti, sem þetta mál einnig snertir mig, öldungis á sama máli og hinn háttvirti *konungsfulltrúi,* og þarf þess vegna engu við að bæta. Eg vil þó geta þess, að mig furðar á því, að í bænarskránni eru brauðin metin til vissra dala, eins og líka árafjöldinn er bundinn við 3 til 5 ár, því stiptsyfirvöldin stungu einungis upp á 2 til 3 árum. Þetta verður því allt óljósara og ógreinilegra eptir því, sem farið er fram á í bænarskránni, og þykir mèr það merkilegt, að nokkrum skuli geðjast betur að því, en að konungsúrskurðinum, sem að mínu áliti er miklu ljósari.

Jón Hjaltalín: Eg hefi má ske misskilið umræðurnar, en mèr finnst þó, að konungsúrskurðurinn ekki sè eins ljós og það, sem farið er fram á í bænarskránni. Bænarskráin hefir einn kost, og hann ekki lítinn. Í úrskurðinum er það nefnilega ekki gjört að lögum, að prestarnir fái brauðin eptir vissan tiltekinn tíma, en yrði bænarskráin viðtekin, þá yrði þetta gjört að lögum, og er það mikill munur, hvort maður á þetta undir náð yfirboðara sinna, eða það yrði að lögum gjört. Annar kosturinn við bænarskrána er sá, að skikkunin megi ná til allra, og er það mjög sanngjarnt, því eg vil spyrja, er nokkur sá í skóla, er ekki þiggi opinberan styrk? Eg hefi reiknað, hvað hver skólapiltur kostar það opinbera, og er það 700 rd. árlega. Allir njóta þess vegna opinbers styrks sem í skólanum eru, og flýtur það af skólareglugjörðinni, sem ákveður fría kennslu eins og allir vita. Eg mæli þess vegna fastlega með því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Björn Pètursson: Bænarskráin má vera óheppilega orðuð, ef hún verður skilin eins og hinn hæstvirti *konungsfulltrúi* gjörði, svo að hún vilji gjöra skikkunarvaldið óaðgengilegra en það nú er. Í bænarskránni er skikkunarvaldið skoðað eins og nauðverja eins og óeðlilegt band á frjálsræði manna, sem reynt er til að gjöra eins aðgengilegt og unnt er; og ef nefnd yrði sètt í málið, þá gæti hún lagað það í hendi sèr í þessa stefnu. Um þessi 5 til

18 rd. brauð er einungis talað í bænarskránni af því menn hugsuðu sèr, að aldrei mundi koma til þess, að nauðsyn krefði að skikkað væri í hin betri brauðin, en hins vegar er það samkvæmt anda bænarskráarinnar, að einnig verði skikkað í þau, ef við þarf. Bænarskráin er engan veginn sprottin af ótta eða umhyggju fyrir eigin hagsmunum, sem sjá má á því, að tveir gamlir prestar hafa skrifað undir hana, og á fundinum voru auk þeirra tómir bændur, sem alls ekki standa undir neinu skikkunarvaldi í þessum skilningi, heldur er hún sprottin af ótta fyrir presta-eklu og af ást á prestaskólanum, af því menn voru hræddir um, að skikkunarvaldið mundi verða því til fyrirstöðu, að eins margir gengju á hann og annars mundi verða, nema því væri breytt til batnaðar. Bænarskráin er auðsjáanlega sprottin af almennings áliti, og hvort sem það nú væri á fullum rökum byggt eða ekki, þá getur það haft eins skaðlegar afleiðingar fyrir því, þess vegna er nauðsynlegt að girða fyrir það með því að nema það burtu sem menn helzt steyta sig á. Ef menn álíta, að bænarskráin, eins og hún nú er orðuð, spilli fyrir málinu, þá á nefnd sú, sem eg vona að í málið verði kosin, hægt með að laga hana svo í hendi sèr, að almenn trygging mundi vinnast fyrir því, að þeir, sem í brauðin væru skikkaðir ekki yrðu látnir sitja þar of lengi.

Konungsfulltrúi: Þar sem hinn heiðraði þingmaður Suðurmúlasýslu sagði, að eg hefði misskilið hann, þá er það ekki rètt; því meir nl. sem konungúrskurðurinn yrði rýmkaður, því óvinsælla hlýtur skikkunarvaldið að verða. Þar sem hinn háttvirti konungkjörni þingmaður, er síðast mælti, sagði, að eptir uppástungunni yrði það miklu vissara en áður, hvað lengi þeir, sem í brauðin væru skikkaðir, þyrftu að vera við þar, þá er það eins og það er tekið; það er nl. allt undir því komið, hvernig þeir, sem í brauðin eru skikkaðir, standa í stöðu sinni. Meiningin getur ekki verið, að hlutaðeigendur losist við skikkunarbrauðin eptir 3 til 5 ár, hvernig sem þeir standa í stöðu sinni. Að öðru leyti virðist það vera nóg trygging fyrir hlutaðeigendur, að fá skriflegt heit stiptsyfirvaldanna fyrir því, að þeir eptir 2 til 3 ár, skuli fá betra brauð, þegar þeir að eins standa vel í stöðu sinni.

Benidikt Sveinsson: Eg vonast til og mæli með því, að nefnd verði sett í þessu máli; eg ætla mèr að vísu ekki í þetta skipti að svara nákvæmlega ræðum þeim sem þegar hafa verið fluttar og sèr í lagi ræðu hins hæstvirta *konungsfulltrúa.* Mèr þykir nægja að

benda á það, að það er þó auðsjáanlega allt annað bænarskrá sú sem flutt var og samband hennar við reglur þær sem nú er fylgt um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, en málið sjálft. Eg held nefnilega, að nefndin geti tekið málið í heild sinni fyrir og snúið því í hendi sèr, og komizt jafnvel að þeirri niðurstöðu, ef það þætti betur henta en konungsúrskurðurinn sem nú gildir, að skikkunarvaldið með öllu væri af tekið, og virtist mèr sem ræða hins hæstvirta *konungsfulltrúa* einmitt benda á, að það væri skoðunarmál, þar sem hann gat þess fyrst og fremst, að hann vissi, að það væri *óvinsælt* og í annan stað *sjaldan* beitt og þá undir eins þýðingarlítið, eins og eg get heldur með engu móti fallizt á það, að lærdómsstyrkur sè aptur tekinn eður menn gjörðir ófrjálsir, nè heldur að stiptsyfirvöldin án lagaheimildar geti heitið brauðum, hver annar sem um þau kynni að sækja, eptir vissan tíma. Þetta allt bendir þinginu nægilega á það, að málið sè íhugunarvert og að nefnd sè í því sett, svo það komist í betra horf, og einhverju því skipulagi geti orðið á komið, að það, verði vinsælla eptir en áður.

Jón Guðmundsson: Eg ætlaði einmitt að tala í sömu átt, sem hinn heiðraði konungkjörni þingmaður er síðast mælti. Umræðurnar hafa áður vikið að sjálfri uppástungunni sem hèr liggur fyrir, og efni hennar, en ekki að þeirri einu hlið málsins, sem nú er umtalsefnið, og hún er sú, hvort nefnd eigi að setja í því, eða ekki, en á þessu getur enginn vafi verið að mínu áliti. Vèr höfum haft konungsúrskurð þenna á pappírnum meir en eitt ár, en alveg þýðingarlaus hefir hann reynzt og árangurslaus. Stiptsyfirvöldin geta þó ekki barið því við, að þau hafi vantað tilefni og tækifæri til að beita honum, því 5—6 af rýrustu brauðunum, sem engi hefir viljað líta við, hafa staðið óveitt og prestslaus árum saman og svo er enn í dag. Þetta sýnir ljóslega að úrskurðurinn hlýtur að vera með einhverjum þeim göllum, að stiptsyfirvöldin þykjast ekki geta brúkað hann.

Verði nú nefnd sett í málið, þá er ekki nema um tvennt að tala, annaðhvort verður konungsúrskurðurinn með öllu upphafinn, og það álít eg miklu rèttara og betra en að láta hann vera við lýði, ef hann er óbrúkandi, eins og hann sýnist nú vera álitinn, alveg dauður bókstafur, ellegar hann verði lagaður þannig, að honum megi beita í viðlögum. Eg vona þess vegna, að niðurstaðan verði sú, að nefnd verði kosin í málið.

H. Kr. Friðriksson: Er ekki önnur bænarskrá um sama efni komin hingað til þingsins í gagnstæða átt?

Sveinn Skúlason: Eg vildi leyfa mèr að spyrja þingmenn að, hvort það sè ekki rèttast, ef þeir álíti konungsúrskurðinn ógildan, að láta hann verða sjálfdauðan.

Forseti skaut því næst til þingmanna, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var það samþykkt með 18 atkvæðum. Var síðan stungið upp á 7, 5 og 3 manna nefnd; 3 manna nefnd samþykkt með 15 atkvæðum, og voru í hana kosnir þessir:

P. Pètursson	með	16 atkv.
B. Pètursson	—	14 ——
J. Pètursson	—	13 ——

Forseti. Eptir dagskránni kemur þessu næst til meðferðar bænarskrá úr Skaptafellssýslu *um þingstað að Bæ í Lóni.* Bænarskráin afhent þingmanni Austur-Skaptafellssýslu.

Stefán Eiríksson. Eg skal með leyfi hins háttvirta *forseta* lesa upp bænarskrána.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 64. bls.

Stefán Eiríksson: Þingmenn hafa nú heyrt bænarskrána, og þvi þarf eg ekki í raun og veru að mæla fram með henni, því það sem tekið er fram um vegalengd Lónbúa að sækja þing að Bjarnarnesi er öldungis rètt hermt. Eg vil einungis bæta þvi við það sem tekið er fram í bænarskránni, að yrðu nú Lónsmenn að fara fram fyrir Horn, (Vesturhorn sem talað er um í kortunum), þá þyrftu þeir til þingferðar að Bjarnarnesi allt að 6 dögum, og þetta er þeim mjög tilfinnanlegt. Enn fremur er eitt atriði í þessu máli, og sem ekki er tekið fram í bænarskránni, en það er það, að Lónssveit er mjög heyskaparlítil og því mjög erfitt fyrir Lónsbúa að halda hesta svo færir sèu um sumarmál að sækja á þeim þing að Bjarnarnesi, og til að mynda í vor voru ekki hestar hjá bændum í Lóni færir til að fara á þingstöðvar að Bjarnarnesi, nema í mesta lagi $^1/_3$ partur af rúmum 30, sem þing þurftu að sækja; en þingmenn geta rennt grun í af bænarskránni og því sem eg hefi sagt, hversu geðfellt er að verða fara gangandi þenna litla spöl. Eg ætla þá ekki að lengja þingræðurnar með því að tala meira með bænarskránni að sinni, en áður en eg sezt niður sting eg upp á 3 manna nefnd.

Þar enginn mótmælti nefnd í þessu máli, skaut *forseti* því til Þingmanna, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt í einu hljóði og í hana kosnir þessir:

St. Eiríksson með 18 atkvæðum.

Jón Guðmundsson — 18 ——
Br. Jónsson — 13 ——

Málið því næst afhent þingmanni Austur-Skaptfellinga.

Forseti: Þessu næst er þá eptir dagskránni bænarskrár um, *fjárkláðann og niðurskurð* úr Snæfells-, Ísafjarðar-, Þingeyjar- og Eyjafjarðar-sýslum, og vildi eg biðja þingið afgjöra, hvort nefnd skuli setja í þetta mál, eða vísa því til nefndar þeirrar, er kosin er í hið konunglega frumvarp.

Páll Melsteð: Eg ímynda mèr að það mundi vera hentugast, að vísa þessum bænarskrám til nefndar þeirrar, sem þegar er sett í hið konunglega mál um fjárkláðann.

Jón Sigurðsson: Eg vildi leyfa mèr, að stinga upp á því, að ef málinu verður vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett til að meðhöndla hið konunglega frumvarp um fjárkláðann, að hún verði aukin með tveim mönnum, því málið verður við það miklu yfirgripsmeira, ef að bænarskránum er bætt við nefndina.

Jón Pálmason: Hvað bænarskrána frá Húnavatnssýslu snertir leyfi eg mèr að geta þess, að eg mæli með því, að þessum bænarskrám sè vísað til nefndarinnar i kláðamálinu, og við nefndina sè bætt tveimur mönnum, eins og þegar hefir verið stungið upp á.

Magnús Andrèsson: Sömuleiðis vildi eg og leyfa mèr að mæla fram með því, að nefndin sè aukin með 2 mönnum, og það því fremur, sem bænarskrárnar ganga í gagnstæða átt við konungsfrumvarpið, og varla mun það auðunnið verk, að samrýma þetta, en betur sjá augu en auga. Áður hefir það verið venja, að þegar nefndir hafa verið auknar, að einhver þingmaður hefir stungið upp á þessum mönnum, og vildi eg því leyfa mèr, að spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort þenna framgangsmáta eigi mætti viðhafa að þessu sinni.

Forseti: Eg álít það vera reglulegra að velja mennina, en sè þingið á öðru máli, vil eg ekki setja mig á móti því.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hvort ekki sè rèttara, að fá fyrst að vita, hvort málinu skuli vísa til nefndarinnar.

Forseti: Það var einnig mín meining.

Var síðan gengið til atkvæða, og það samþykkt að málinu skyldi vísa til nefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að það muni vera samkvæmt

niðurlagi 65. gr. í alþingistilskipuninni að stinga megi upp á þessum aðstoðarmönnum nefndar.

H. Kr. Friðriksson: Eptir minni skoðun verður niðurlag 65. greinar ekki skilið á þann hátt, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga ætlaði, heldur svo, að hver nefnd hafi rètt til að beiðast þess, að einhver verði kosinn af þinginu, án þess að tiltaka hann sjálf.

Forseti skaut því næst til þingmanna, hvort velja skyldi þessa 2 menn, og var það samþykkt. Fyrir kosningu urðu þessir.

J. Pálmason með 16 atkvæðum.
P. Melsteð — 14 ——

Forseti: Þessu næst er að velja nefndarmann í stað kanselíráðs Þ. Jónssonar, sem kosinn var í nefnd þá, er sett var í vinnuhjúamálið.

Pètur Pètursson: Sem meðlimur þessarar nefndar, vil eg einnig biðja hinn háttvirta *forseta*, að láta kjósa einn mann í skarðið. Mig minnir að svo stæði á um daginn, þegar nefndin var kosin, að fleiri hefði jafnmörg atkvæði. Fyrir mitt leyti kæri eg mig ekki um að stinga upp á neinum vissum manni, en óska helzt að þingið kjósi einhvern í nefndina.

Var því næst gengið til kosningar og hlaut:

B. Pètursson 11 atkvæði.

Forseti: Eg vildi mega spyrja þingmenn, hvaða bækur þeir helzt vildu að fluttar yrðu hèr upp á lestrarsalinn.

H. Kr. Friðriksson: Eg hafði í hyggju að bera mig saman við meðnefndarmann minn sem fyrst um þetta, og munum við láta flytja upp eptir þær bækur, sem þurfa, helzt þá lagabækur, en ekki meira en þarf, því eg hef opt rekið mig á, að bækur hafa glatazt hèr uppi.

Forseti: Eg vil að eins óska, að þingmenn sem fyrst komi með þær bænarskrár, sem þeir ætla að bera fram. Ákveð eg svo fund til þess á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

(4. fundur) — 7. júlí.

Allir á fundi, þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Jafnvel þótt bænarskrár þær, er til þingsins eru komnar hafi legið á lestrarsalnum, og sè því orðnar þingmönnum kunnar,

mun eg samt á næsta fundi gefa skýrslu um, hverjar þær eru, og hvað þær hljóða um.

Konungsfulltrúi. Samkvæmt því er segir í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis um árangur af þegnsamlegum tillögum þess og uppástungum á fundinum, sub. nr. 7, skal eg leyfa mèr að birta því heiðraða þingi ástæður löggæzluráðherrans fyrir þeim úrslitum, sem orðin eru í málinu um fiskiveiðar útlendra við Ísland, en þær eru sem fylgir.

Hvað 1. uppástungu atriði í bænarskrá alþingis snertir, segir löggæzluráðherrann nægi að skýrskota til þess loforðs, sem gefið er í hinni kgl. auglýs. frá 1. júní 1861, sum sè, að herskip skuli verða sent út til Íslands, til þess að hafa gát á útlendum fiskimönnum, og til að halda uppi góðri reglu við strendur landsins, svo opt sem kringumstæðurnar leyfa, um leið og þess sè getið, að bæn alþingis frá 1859, að stjórnin sendi út til Íslands nokkur smá-herskip ekki geti til greina tekizt af þeim ástæðum, sem tilgreindar sèu og eptirleiðis muni eiga sèr stað.

Viðvikjandi því næst 2 atriðum í bænarskrá alþingis, skal löggæzluráðherrann allraþegnsamlegast leyfa sèr að athuga, það sem nú skal greina.

Það lítur svo út eptir bænarskrá alþingis, að menn álíti ákvarðanir þær sem finnast í opnu br. frá 13. maí 1682 § 2, sbr. Privil. 16. des. 1681, og Einkal. 16. apr. 1636 í sambandi við ákvörðunina í tilsk. frá 1. apr. 1776 § 2 og tilsk. 13. júní 1787 § 2. og 4. að vera enn þá gildandi lög. Af þessum lagaboðum, er það síðartalda, aðalákvörðunin, en þar sem þetta lagaboð jafnhliða banninu gegn því, að útlendir, nema nauðsyn beri til, fari á Íslandi inn á firði, flóa (Bugter) og hafnir, einungis inniheldur almennt bann gegn því, að útlendir »veiði og fiski við landið» (bruge Doggeri og Fiskeri under Landet) án þess að fjarlægðin (frá landi) nákvæmar sè tekin fram, hafa menn leitað að takmarkinu fyrir fjarlægðinni (frá landi) í opnu br. frá 1682, sem bannar öllum, bæði útlendum og innlendum, nema meðlimum verzlunarfèlagsins, að fiska við Ísland nær landi en í 4. mílna fjarlægð, að viðlögðum missi skips og vöru, og enda líkamlegri hegningu, ef út af þessu er brugðið. Þær reglur sem enn þá álítast að vera í lögum um þetta efni eru þannig, að útlendir hvorki megi fara inn á firði, bugtir nè hafnir, eða fiska nær landi en í 4. mílna fjarlægð.

Að nú tilskipunin frá 13. júní 1787, hvað fiskiveiðar snertir,

enn þá hafi lagagildi, er vissulega engum efa bundið, en öðruvísi er því háttað með ákvörðunina í opnu br. frá 1682, hverrar þýðing, sem skuldbindandi ákvörðun gagnvart útlendum fiskimönnum, ekki heimilast við það, þó henni á fyrri tímum hafi verið beitt gegn þeim, jafnframt og það er engum efa bundið, að bann gegn því að gjöra það sem hèr ræðir um, gat átt sèr stað gegn dönskum þegnum, án tillits til þeirra takmarka, við hver umráðin yfir hafinu eru bundin (söterritoriale Grændser). Þess ber einnig að gæta, að ákvörðunin um 4 mílna fjarlægð frá landi, ekki er tekin inn í tilsk. frá 13. júní 1787, sem þó verður að álítast að hafa viljað skipa þessu máli í heild sinni, og gengur það næst líkindum, að þessi útilátning sè orðin af ásettu ráði, einmitt af því menn urðu að viðurkenna, að útlendum yrði ekki fyrirmunað að sigla um útsæinn (beseile Oceanet) og að fiska þar, þegar þeir að eins hèldu sig fyrir utan þá línu, að hverri umráðin yfir hafinu eptir viðurkenndum þjóðarèttar grundvallarreglum ganga frá landi. Orðin »við land» (under Land) virðast þar að auki að benda á minni fjarlægð en 4 mílna.

Hèr við bætist enn fremur, að tilskipunin frá 1. apr. 1776, ný reglugjörð og bann gegn heimildarlausum fiskiveiðum og verzlun við og á Íslandi, sem útþrykkilega nemur úr lögum bann það, sem áður átti sèr stað gegn ólöglegum fiskiveiðum við Ísland og kringumliggjandi eyjar, er með § 2 í tilsk. frá 13. júní 1787, með berum orðum numin úr lögum, að svo miklu leyti sem hún í ákvörðunum þeim, sem á eptir fylgja, ekki er ítrekuð og ánýjuð, og þar eð nú ákvörðunin um 4 mílna fjarlægðina, ekki er tekin fram í tilsk. frá 1776, virðist þessi regla um fjarlægðina enda að hafa verið fallin úr gildi þegar á því ári.

Það gildandi lagaboð í þessu efni er því, eptir því sem virðast má, sú í tilsk. frá 13. júní 1787 § 2. og 4. gefna ákvörðun, og samkvæmt henni er, eins og þegar er búið að taka fram, útlendum bannað að fiska á Íslandi í fjörðum, bugtum (flóum) og höfnum, og líka undir landinu, en þar eð fjarlægðin frá landi ekki nákvæmar er tekin fram eða ákveðin, hlýtur takmark þetta, þar sem samninga skortir, að því er virðist, að ákveðast samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem almennt eru viðurkenndar í þjóðarèttinum, á þann hátt sem segir í allrahæsta úrskurði frá 22. febr. 1812, nefnilega til 1 venjulegrar mílu fjarlægðar frá yztu ey eða hólma við land, sem ekki fellur sjór yfir. Sèrstaklegan athuga verðskuldar bannið í tilsk. frá 13. júní 1787 2. gr. gegn því, að útlend skip fari á

Íslandi inn á firði, bugtir (flóa) og hafnir, og athugast í því tilliti, að þegar þess er gætt, að t. a. m. Faxabugtin suðvestan á Íslandi, er hèr um bil 13 mílur á breidd, og hèr um bil 7 mílur á lengd, virðist það auðsætt, að bannið gegn því að fara inn á firði o. s. frv. ekki sè beinlínis afleiðing af banninu gegn því að fiska nær landi enn í 1 mílu fjarlægð frá ströndinni, eða yzta hólma, sem ekki gengur sjór yfir, þar eð menn geta hæglega legið langt inn í ofannefndri bugt, og þó verið meir en í einnar mílu fjarlægð frá landi. Sá máti, með hverjum 2. liður í § 2 í tilskipun frá 13. júní 1787, einkum með orðinu »altsaa« er bundinn við 1. lið, gefur tilefni til að skilja greinina á fleiri vegu, en sá skilningur hennar, sem löggæzluráðherrann álítur að hafi yfirgnæfandi ástæður fyrir sèr, er sá, að § 1. liður innihaldi tvenns konar bann, nefnilega sumpart gegn því, að fiska í fjörðum o. s. frv., sumpart gegn því að fiska undir landinu.

Eptir þeirri röð, sem orðin firðir, bugtir (flóar) og hafnir standa í, mætti virðast, að við »bugtir« ætti að skiljast eitthvað minna en við firði, en á hinn bóginn er þetta orð þó optast viðhaft í þýðingu af sjávarflóa (Havbugt), sem eptir mállýzkunni einungis virðist að tákna, þegar sjórinn skerst í töluverðri breidd inn í landið, en þar sem ekki allur sjór, sem á 3 hliðar er inniluktur af landi, getur kallast bugt (flói), þar sem hann opt getur skoðazt sem einn hluti úr sjálfum útsænum, sem landið skagar út í með höfðum sínum (Forbjerge) verður það, að því er virðist, efa undirorpið, hvernig í þessu tilliti eigi að skilja § 2. í tilskipun frá 13. júní 1787, og, enda þó menn taki orðið »Bugter« í rýmsta skilningi, getur þó orðið vafi á því, hvort menn eptir tilskipun þessari hafi heimild til þess, að banna útlendum að fiska t. a. m. í hinni miklu Faxabugt, suðvestan á Íslandi. Til þess að útrýma þeim efa, sem hèr er bent á, hefir alþingi í bænarskrá sinni vikið að því, að semja ný lög áhrærandi þetta efni; en þar sem sú gildandi löggjöf eptir því tilgreinda, veitir Íslendingum alla þá vernd, sem heimtazt getur, og sá efi, sem innihald löggjafarinnar skilur eptir (lader til bage) ekki verður vegna kringumstæða þeirra, sem teknar eru fram, og til greina hljóta að koma, numinn í burtu með nýju lagaboði, getur löggæzluráðgjafinn ekki álitið, að spursmál geti orðið um það, að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga í þá stefnu, sem hèr ræðir um.

Þegar alþingið því næst undir tölulið 3. fer fram á það, að gjörður verði samningur (Convention) við útlendar stjórnir, og einkum við þá keisaralegu frönsku stjórn, til þess að vernda rètt Ís-

lendinga í fyllsta skilningi gagnvart útlendum fiskimönnum, eru að því er virðist, á þessu svo mörg vankvæði, að það bænaratriði þingsins, sem að þessu lýtur, ekki er þess konar, að það eigi til greina að taka. Fyrirfram skal löggæzluráðherrann leyfa sèr allraþegnsamlegast að athuga, að því leyti þess sèr í lagi er beiðzt, að samningur verði gjörður við þá keisaralegu frönsku stjórn, að það er í augum uppi, að ekki er að hugsa til þess, að Frakkastjórn mundi fáanleg til þess að semja í þá átt, að þegnar hennar yrðu á eptir harðara úti í því efni, sem hèr ræðir um, en aðrar þjóðir, og því þyrfti til þess, að þessu augnamiði gæti orðið framkvæmt, að gjöra samning við allra sjófarandi þjóða stjórnir í þá átt, sem hèr er bent á. En þessu sleppt, er eptir því sem nú er tilgreint, að því er virðist, ekki spursmál um skort á lagareglum í máli því, sem hèr er umtalsefni, heldur um það að halda vörð á þeim gildandi lögum; og þeim efa, sem eptir því, sem að framan er tilgreint, er á því, hvern skilning eigi að leggja í orðið »Bugter« (flóa) í tilskipun frá 1787, á eins lítið við að útrýma með samningi sem með nýju lagaboði, en þar á móti eiga menn til þess að ná þeim úrslitum málsins, sem hagfelldust geti orðið Íslendingum, að því er virðist, að leitast með samningi við að fá einkum þá keisaralegu frönsku stjórn til þess, að brýna fyrir þegnum sínum, að virða (respectere) fiskiveiðarèttindi Íslendinga í þeim fyllsta skilningi, sem eptir almenns þjóðarèttar grundvallarreglum getur orðið lagður í þær ákvarðanir, sem varða umráðum yfir hafinn (Söterritoriets Grændser). Þessar ákvarðanir eru að öðru leyti ekki algjörlega fast ákveðnar, og athugast í því tilliti, að því leyti snertir Danmerkur stjórn, að bún eptir því sem almennt er viðurkennt, hefir umráð á hafinu (Höihedsret):

1. Yfir því svonefnda *mari proximo,* eða þeim hluta hafsins, sem takmarkar landið, svo langt út frá því, sem kanónuskot nær frá ströndinni; en þar sem þetta takmark ekki er fast ákveðið, hafa menn álitið rèttast, að binda sig við það takmark, sem tekið er til í allrahæstum úrskurði frá 22. febrúar 1812, 1 mílu út frá yztu eyju eða hólma, sem ekki fellur sjór yfir, en jafnframt viðurkenna menn þó, að þetta takmark sè nokkuð rýmra, en það yfirhöfuð að tala álízt að geta verið, og skal þess hèr getið eptir því, sem enski utanríkisráðgjafinn hefir skýrt frá í brèfi hans frá 18. maí 1859, að enska stjórnin vill að eins viðurkenna 3 enskar mílur út frá landi sem takmark.

2. Yfir flóum (Bugter og Buser), sem á tvær hliðar þannig eru takmarkaðir af landi, að ráðið verði yfir þeim með kanónum frá ströndinni báðu megin frá, eða skipum bægt frá innsiglingu.
3. Yfir sundum millum tveggja landa, að svo miklu leyti sem þau verði varin með kanónum frá ströndinni, eða skipum fyrirmunuð innsigling.
4. Yfir þeim sundum, sem liggja að landinu og þeim minni háttar höfum, sem að vísu ekki verður ráðið yfir frá landi en yfir hverjum þó hin önnur ríki hafa viðurkennt umráðin (það svo kallaða *mare clausum*).
5. Yfir höfnum og ám, en þó hvað landamerkja ár snertir einungis út í miðja ána.

Þegar menn nú bera saman bænaratriði alþingis undir nr. 3, er það fyrst og fremst, að því er virðist auðsætt, að stjórnin ekki getur tekið atriðið undir lit. a, til greina, að því leyti þar er ætlazt til þess, að það verði skýrt ákveðið með samningi, hvað langt umráðarètturinn yfir hafinu (Höihedsretten over Havet) kringum Ísland nái út frá landi. Ef menn skyldu vilja ákveða takmarkið á þenna hátt, munu menn aldrei geta náð því úrsliti, sem Íslendingar myndu láta sèr lynda, og enda ekki eins hagfelldum úrslitum, sem unnt mundi verða að ná með því, að sleppa því að heimta, að útlend ríki skyldu binda sig með samningum.

Áhrærandi staflið c eiga menn, að því er virðist, að leitast við að fá útlendar þjóðir til að viðurkenna takmark það, sem sett er í þeim tilvitnaða konunglega úrskurði frá 1812, eins og menn, hvað staflið b snertir, ættu að halda því fram, að útlendir ekki megi fiska inn á flóum og fjörðum á Íslandi, og sèr í lagi heldur ekki í Faxaflóanum eða á Breiðafirði á Vesturlandi, en þar á móti virðist með engu móti verða tekið til greina, það sem farið er fram á undir staflið d, þar sem það er í augum uppi, að það er ekki að hugsa til þess, að geta fyrirmunað útlendum þjóðum að fiska fyrir utan það takmark, sem umráð stjórnarinnar yfir hafinu eru bundin við, á hverjum þeim tíma ársins, sem þeim þykir við eiga.

Samkvæmt því, sem hèr hefir verið tekið fram, hefir löggæzluráðherrann næst að taka fram, að ekki virðist nægt tilefni til, eins og alþingi hefir farið fram á, að leitast við að koma á samningi, í brèfi til utanríkisráðherrans, skotið því til hans álits, hvort honum ekki mætti þóknast, að skýra hinni frönsku og ensku stjórn frá því, að komin væri til hinnar dönsku stjórnar umkvörtun frá alþingi

Íslands yfir því, að fiskiveiðum landsins væri misboðið, og jafnframt að nýju, eins og áður hefir átt sèr stað, biðja tèðar stjórnir um, að skora á þegna sína, sem sækja fiskiveiðar við Ísland, að þeir ekki fiski nær ströndum landsins en í venjulegrar einnar mílu fjarlægð frá landi, sem og, að þeir ekki megi fara þar inn á firði og flóa til þess að fiska, og það enda ekki, þó þeir haldi sig í einnar mílu fjarlægð frá landi.

Nefndur stjórnarherra hefir því næst tilkynnt löggæzluráðherranum, að hann sè á sama máli og hann um það, að það eigi ekki við, eins og alþingi hafi farið fram á, til þess að fyrirbyggja þann óskunda, sem hèr ræðir um, að gjöra samning við Frakka og Englendinga, en að hann hafi skorað á þá konunglegu dönsku fulltrúa í Parísar- og Lundúnaborg, í þá stefnu sem löggæzluráðherrann hafi mælzt til, og hafi hann fengið eptirrit af brèfum þeim, sem farið hafi á milli þeirra út af þessu máli; hafi Frakkastjórn tjáð sig fúsa til að gjöra það, sem danska stjórnin hafi mælzt til í þessu efni, en enska stjórnin þar á móti lýst því yfir, að hana skorti lagalega heimild til að skylda enska fiskimenn til þess, að fara eptir þeim ákvörðunum, sem danska stjórnin hefði sett viðvíkjandi fiskiveiðum við strendur Íslands.

Gísli Brynjúlfsson. »Nú er eg svo gamall sem á grönum má sjá», sagði umskiptingurinn, »og befi eg þó aldrei sèð svo langa stöng í jafnlítilli grítu«. Mèr gat nú eigi annað en dottið þessi orð í hug, þegar eg heyrði upplýsingar hins hæstvirta konungsfulltrúa, því ef satt skal segja, þá fundust mèr þær eigi vera annað enn eintómur vafningur eða slíkar vífilengjur, sem menn stundum hafa, þegar þeir í raun og veru ekki vilja eða geta sagt nokkuð fast og víst. En þó mèr því fyndist upplýsingar þessar frá stjórninni nokkuð ógreinilegar og ónógar, þá held eg þó að í þeim megi finna, eins og Virgill sagði um skáldskap Enniusar, nokkur gullkorn, og skal eg nú þá reyna að leita þau uppi, en taka þó um leið fram að nýju öll aðalatriði málsins sjálfs, svo þau gleymist mönnum ei um of eða menn alveg missi sjónir á þeim í öllum þeim sæg af vífilengjum, sem vèr nú höfum heyrt þau vafin í.

Menn muna, að hið fyrsta atriði bænarskráarinnar til konungs frá alþingi í hitt eð fyrra út af fiskiveiðum útlendra við Ísland, var það, að þingið beiddist þess, að stjórnin árlega sendi herskip hingað til að hafa eptirlit með hinum útlendu fiskiskipum. Þetta hefir nú fengizt, og er líka eptir upplýsingum þeim, sem vèr áðan heyrðum

hið einasta, sem fengizt hefir; en það hafði og fengizt áður og orðið þá til lítiila nota, og eg hèlt því og í hitt eð fyrra, að það mundi verða með öllu ónógt til að afstýra því vandræði, sem hèr ræðir um, eins og reyndin hefir og á orðið í ár. En hvað um það er, eg vildi þó ei hafa á móti því, ef að eins eitthvað meira fylgdi með, einhver nægari trygging, því skaða gat það þó aldrei gjört, að danskt herskip lægi hèr við land. Hið annað atriði bænarskráarinnar var að biðja konung vorn að halda í gildi hinum svo nefndu lögum Kristjáns konungs hins 4. um fjögra mílna fjarlægð frá landinu, o. s. frv., eða þá gefa ný lög um fiskiveiðar útlendra við Ísland, ef hin eigi dygði. Eg skal nú eigi tala margt um þetta atriði að sinni, það var fullrætt um það á þinginu seinast, og eg áleit þá og álít enn, að það að minnsta kosti væri þarfleysa, sem oss aldrei gæti orðið að nokkru liði, að vera að fara fram á slíkt, sem í augum mætti liggja uppi um, að engin stjórn gæti nokkurn tíma sinnt því að neinu. En þingið fèilst nú þó á þetta, sjálfu sèr og málinu til lítils gagns að mínu áliti. Og hverju hefir nú stjórnin svarað? Öngu öðru en því sem eg þá sagði, og hún eptir sannfæringu minni æfinlega varð að svara, nefnilega því, að þessi hin svo nefndu gömlu lög væru nú eigi lengur til nokkurs nýt, og efasamt, hvort þau hefði nokkurn tíma verið það, þar eð Dana konungur hefði aldrei getað haft rètt til að setja útlendum þjóðum slík lög á sjónum, og það væri því eigi heldur nema einber hègómi og tæki engu tali að vera nú að biðja konung vorn af nýju að leggja lög um það fyrir alþing, sem hann ætti eigi einsamali nokkurn rètt til að ráða til lykta, þar eð það snerti eigi síður rètt annara þjóða, sem hann eigi nokkurt vald á að setja lög með einræði. Allt þetta liggur í raun og veru í svari stjórnarinnar, það er að eins greitt nokkuð úr þeirri flækju, sem það hefir verið vafið í. Og við slíku máttum vèr líka búast. Stjórnin segir nú með berum orðum, eins og vèr og sumir álitum í hitt eð fyrra, að hún geti nú eigi með nokkru móti eignað sèr yfirvald yfir sjónum lengra út en nú sè viðurkennt í almennum þjóðarètti, en það er ekki meira enn $^3/_4$ úr danskri mílu, þ. e. ein frakknesk »lieue« eður 3 enskar sjómílur, því þó á ýmsum stöðum væri hèr og hvar talað um eina danska sjómílu, þá verð eg að geta þess, að þetta er þó eigi svo í raun og veru, heldur kemur það að eins af því, að menn hafa með ófyrirgefanlegu skeytingarleysi snúið hinu frakkneska orði »lieue« eins og það merkti eina mílu, þó það alls ekki sè meira

en $^3/_4$ úr mílu, og hafa þannig komið mörgum til að halda, að hinar útlendu þjóðir viðurkenndu rètt vorn lengra út frá landinu, en þær í sjálfu sèr nokkurn tíma hafa gjört, hversu stutt sem mönnum svo annars kann að þykja þetta takmark. En það tjáir nú eigi að kvarta yfir þessu, þar sem stjórnin hefir nú loks fullkomlega lýst því yfir, að hún geti eigi látið sèr til hugar koma að banna sjóinn lengra út, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú sagt oss, að hún hafi skrifazt á við Frakka og Engla stjórn um þetta; hafi hin frakkneska stjórn að vanda sínum svarað mjög kurteyslega, að hún í þessu máli mundi láta þegna sína fara eptir almennum þjóðarètti, þ. e., að hún mundi eigi banna þeim að fiska $^3/_4$ mílu undan landi, en enska stjórnin hafi hreint og beint sagt, að sig vantaði með öllu rèttarheimild til að skipa þegnum sínum að halda sèr við fiskiveiðar fjær landinu en 3 enskar mílur, þ. e., að hún yrði og að halda sèr við þjóðarèttinn í þessu máli, þar sem engin heimild fyndist fyrir nokkru öðru í sèrstaklegu samkomulagi eða samningi. Það væri nú að vísu gott, að oss veittist tækifæri á að sjá þessi brèf sjálf, en þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi segist eigi hafa fengið þau, þá verðum vèr og að láta oss nægja þetta, sem hann hefir skýrt oss frá um efni þeirra.

Eg held því, að upplýsingar stjórnarinnar verði nú loks að sannfæra þá, sem hingað til hafa eigi viljað trúa, um það, hvað rètt er í þessu máli, og þó að mèr að öðru leyti hvorki þætti þær nógu greinilegar nè gagnorðar, þá er hitt þó æfinlega góðra gjalda vert.

En þá er nú eptir svar stjórnarinnar upp á þriðja atriði bænarskráarinnar í hitt eð fyrra, og það var sem menn að líkindum muna um samninginn. Um hann segir stjórnin, að eins að sèr finnist það eigi gjörandi að reyna til að koma honum á, en hún byggir þessa tilfinningu sína á alls engum rökum. Hún lætur það miklu fremur í ljósi í því, sem hún hefir áður sagt, að hún áliti eins og að samningur eða samkomulag meðal viðkomenda um þetta mál mundi verða hin einasta verulega trygging, sem fengizt gæti. Og þó segir hún, að það sè eigi gjörandi að byrja á að semja, en hvers vegna þetta sè svo, það segir hún eigi. Og þetta segir hún án þess að hafa reynt hið minnsta í þá stefnu enn, og rètt í því hún áður hefir látið oss vita, að frakkneska stjórnin hafi tekið svo vel undir er henni var skrifað um málið, að það sýnist að minnsta kosti svo sem enginn háski mundi búinn, þó byrjað væri

eitthvað dálítið að semja við hana; rètt í því hún lætur oss vita, að enska stjórnin eins og beinlínis hafi bent henni á nauðsyn samnings með því að láta hana vita, að sig annars skorti heimild til að ráða nokkuð Íslandi í vil. Eg veit sannarlega eigi, hvað eg á að halda um slíka aðferð, því það lítur að vísu svo út sem þetta »ógjörandi« stjórnarinnar sè ekkert annað en tóm viðbára, af því einhver ráðgjafi, sem við þetta mál hafi átt að fást, hafi viljað spara sèr það ómak að fást nokkuð meir við málið að sinni. En slíkt mundi eg kalla óbærilegt skeytingarleysi, og þess ætti Ísland eigi að gjalda, því til þess er Danastjórn einnig vor stjórn, að hún er skyld að verja oss þegar á þarf að halda á hvern þann hátt, sem hún sjálf verður að viðurkenna að sè skynsamlegur, og þegar hún hefir gjört það, þá á hún eigi að hliðra sèr hjá að reyna það sem svo er, þó svo tilraunin kosti dálítið ómak. En nú er hin einasta mótbára, sem hún kemur með ekki önnur en sú, að hún geti eigi farið að semja við Frakka eða Englendinga, því þá þyrfti hún og að fara að semja við svo margar aðrar þjóðir! Rètt eins og það mundi eigi vera mjög svo auðvelt að fá alla hina til að hliðra til, sem kannske ekki eiga eina fiskiskútu undir Íslandi, ef þeir fyrst væru unnir, sem eiga þær þar hundruðum saman, og því er um mikið að gjöra fyrir. Slíkt þykir mèr nokkuð lúalegt af stjórn.

En eg skal ekki vera að orðlengja þetta. Eg held að orð stjórnarinnar um ógjörleikann á öllum samningum sè eigi nema viðbáran tóm, og hún getur sjálf að minnsta kosti eigi vitað nokkuð um þenna ógjörleik með vissu, meðan hún hefir eigi enn gjört nokkra verulega tilraun. Eg er enn sem fyrr á því, að samningur sè hið einasta meðal til að ráða nokkra bót á því vandræði sem hèr vofir yfir, og nú ætlar eins og að eyðileggja einn hinn helzta bjargræðisveg þessa lands; eg vona og, að um þettta muni nú eigi verða nokkur ágreiningur hèr á þingi, og að því leyti tel eg nú þó æfinlega mikið unnið, því það vissi eg áður, að vèr allir vorum ásáttir á að vilja það, að þessum atvinnuveg yrði borgið, svo að það var að eins um meðalið sem nokkur ágreiningur getur orðið. Hitt get eg eigi sagt, og það held eg enginn, geti fyrr enn reynt er, hvort það nú sem stendur sè mögulegt að fá þann samning, sem oss sè í hag; og þó, eg víst eigi gjöri mèr neina vissa von í þessu tilliti, þá álít eg þó að það sè enn skylda þingsins, ef það á annað borð vill gjöra nokkuð, að hugsa sig helzt um það meðalið sem skynsamlegast virðist. Og eg segi þetta því fremur með tilliti til

samningsins sem hinn danski herskipsforingi, er nú liggur hèr við land, einmitt hefir sagt hið sama við mig, að hann áliti líka samning, ef hann fengist haganlegur, fyrir hina einustu verulegu tryggingu í þessu efni, og það kvaðst hann mundi segja lögstjórnarráðgjafanum undir eins og hann kæmi til Hafnar aptur; en að senda herskip hingað að eins án samnings, sagði hann enn, það væri ei nema til málamyndar að eins, því það gæti að svo stöddu alls ekkert gjört að nokkru gagni, og í þessu hefir hann alveg rètt, sem raunin nú hefir sýnt, en það er ei honum að kenna, heldur hinu, að reglulegt samkomulag vantar, svo svo margt þessu máli viðvíkjandi er enn í algjörðu reiðuleysi.

En eg ætla mèr nú ei að tala meira um þetta efni að sinni; hèr munu nú þegar koma fram bænarskrár frá landsmönnum viðvíkjandi fiskiveiðunum, og eg vona málið allt verði þá tekið til meðferðar og nefnd sett. Hèr bæti eg því nú að eins við, að svar stjórnarinnar upp á hið fjórða atriði í bænarskrá vorri í hitt eð fyrra er öldungis samboðið öllum öðrum aðgjörðum hennar í þessu máli; það sannar að eins þetta eina, að hún vill helzt komast hjá að gjöra nokkuð; en það megum vèr ei láta oss lynda.

Forseti: Eg vil vekja athygli þingmanna að því, hvort frekari umræður eigi við um þetta mál, þar sem eptir dagsskránni kemur fyrst fyrir til inngangsumræðu einmitt þetta mál, og ef nefnd verður kosin, mun hún seinna taka málið til frekari yfirvegunar. Það er sjalfsagt, að þetta mál liggur öllum þingmönnum mjög á hjarta, og hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga hefir víst talað hèr um bil það, sem öllum býr í brjósti um það mál.

Jón Hjaltalín: Eg ætla nú ekki að tala neitt um skýrslu konungsfulltrúa, því eg þekkti hana áður. En hitt vissi eg eigi, að tilskipun frá 1787 gilti um fiskiveiðar útlendra. Eg hef opt spurt lögvitringana hèrna, hvort löghelgin næði eigi yfir flóa og firði; og þeir hafa svarað jú. En mèr sýnist þó, að eg hafi sèð, að þessari tilskipun hefir síður en ekki verið fylgt. Eitt dæmi get eg sagt: Einu sinni í vor var eg á ferð úr Hafnarfirði og sá eg hèr innst inn í flóa 8 skip, sem lágu og fiskuðu. Það er því sannarlega eðlilegt, þó almenn klögun hafi risið út af þessu. Eg held mèr sè óhætt að segja frá því, sem danski herforinginn, sem hèr var, sagði, þegar eg talaði við hann um þetta; eg heimsótti hann út á skipi hans, og spurði hann: Hvers vegna er þetta látið ganga svona? Getið þèr ekkert gjört, til þess að fyrirbyggja það? Hann sagði

með mestu kurteysi: »Nei ekkert!« Eg spurði þá: »Hvað dugar þá að hafa þessi lög, fyrst þau hjálpa ekkert, og stjórnin ekkert getur gjört til að vernda okkur fyrir þessu«? Hann svaraði mèr með því, að sýna mèr fram á samning þann, er hinar voldugustu þjóðir í Norðurálfunni hafa gjört sín á milli um fiskhelgi, þar sem ákvarðað er, að löghelgi skuli að eins ná yfir fallbyssuskot undan landi; eptir því verða engir flóar fríir, heldur að eins firðir. Eg efaðist nú ekki um, að þetta væri satt, en til frekari fullvissu brá eg mèr um leið út á frakkneska herskipið, og spurði herforingjann þar um hið sama, og hann svaraði mèr hinu sama sem hinn. Þetta var nú það »praktiska« svar, sem eg fèkk upp á spurningarnar, sem eg hafði gjört lögvitringunum hèrna. Hvaða gagn er því að þessum lögum frá 1787, er menn hafa verið að skýrkota til, þegar þau koma í bága við almennan þjóðarètt? Það er sorglegt ef landið á að eyðast með þessu, en þó verður það óumflýjanlega, ef svona gengur. Fiskiveiðarnar eru atvinnuvegur meir en helmings landsmanna, og eg sè ekki, hvernig landið á að verða byggilegt, ef þessi bjargræðisvegur þess eyðist svona. Eg skil ekki, að konungsfulltrúi vilji mæla með því, að vèr horfum svona aðgjörðarlausir á þenna yfirgang. Vèr getum eins og áður farið með hógværíð bónarveg til stjónarinnar, og skulum bera það traust til hennar, að hún ekki daufheyrist við bænum vorum, þegar þær eru á rökum byggðar, og þegar vèr leiðum henni það fyrir sjónir, að vèr getum ekki lifað hèr, þegar þessi bjargræðisvegur er svona eyddur fyrir oss. Málið þarf því að yfirvegast mjög ítarlega, og mæli eg því fastlega með nefnd. Það væri skömm fyrir oss alþingismenn, ef vèr færum svo hèðan af þinginu, að vèr hefðum ei gjört allt sem unnt væri, til að kippa þessu í lag.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst hèr ekki vera að ræða um fiskiveiðamálið, því það liggur ekki fyrir til umræðu, eða neíndarkosningu í því, heldur einungis um skýrslu konungsfulltrúa, og í því tilliti var eitt atriði, sem eg vildi drepa á, um upplestur hans á skýrslunni. Eg viidi nefnilega spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort skýrsla sú, er hann nýlega gaf, var útlistun hans sjálfs, eða beinlínis upplestur á skýrslu stjórnarinnar um málið. Mèr heyrðist á fleiri en einum stað því bregða fyrir, að það væri hans eigin útlistun á skýrslunni; hefir það þá ef til vill átt að vera til að stytta stjórnarbrèfið og gefa eins og ágrip af því, eða þá til að lengja það, og útlista það nákvæmar. En hvort sem heldur er, þá er

nauðsynlegt fyrir þingið að fá að sjá sjálfa skýrsluna, og sömuleiðis að heyra útlistun konungsfulltrúa á henni.

Konungsfulltrúi: Það sem eg nú skýrði þinginu frá, voru ástæður stjórnarinnar hèr um bil orðrèttar; eg vil ekki segja, að eitthvað hafi ekki kann ske vantað, eða einhverju orði hafi ekki verið aukið við á einstöku stað, en ekkert verulegt er undan fellt, ekkert það, sem gjöri nokkurn meiningamun.

Sveinn Skúlason: Fær þá þingið að sjá skjalið?

Konungsfulltrúi: Eg er ekki fastráðinn í því, hvort eg legg fram frumritið sjálft, en eg ætla mèr að gefa, eins og eg hefi gjört, hèr um bil orðrètt ágrip af ástæðunum og leggja þær fram við þenna þingfund, og vona eg að þingið megi bera það traust til mín, að eg hvorki muni rangfæra orð eða ástæður stjórnarinnar, og megi því láta sèr þessa aðferð nægja.

Sveinn Skúlason: Eg efast ei um, að yfirlit hins háttvirta konungsfulltrúa sè rètt. En mig minnir ekki betur, en að konungsfulltrúinn, sem var á undan honum, læsi upp orðrètt svör stjórnarinnar upp á bænarskrár þingsins; en mèr fannst konungsfulltrúi nú ekki gjöri það, heldur »referera« eða koma fram með efnisyfirlit þess.

Pètur Pètursson: Það var eitt í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, sem eg óskaði upplýsingar um, af því að mèr fannst nokkur mótsögn í því. Mèr heyrðist hann segja, að stjórnin danska áliti eigi til neins, að gjöra samning við stjórn Frakka og Englendinga um fiskiveiðar hèr undir landi, af því hún yrði þá að gjöra það við öll ríki í Norðurálfunni. En mèr sýnist þetta einmitt vera í beinni mótsögn við það, að stjórnin hefir þó farið að skrifast á um þetta við frakknesku og ensku stjórnina, og þá hefði hún eins átt að skrifast á um það við hinar stjórnirnar. Þetta er beinlínis viðurkenning þess í verkinu, að Frakkar og Englendingar sèu þær einu þjóðir, sem spurning getur verið um, einkum eru það þó Frakkar, því Englendingar hafa hèr víst árlega mjög fá skip við landið. Mèr sýnist því alls eigi nauðsynlegt, að stjórnin gjöri samning við allar þjóðir í Norðurálfunni, einungis að hún gjöri það við Frakka. Því ef stjórnin gæti komið samningi á við þá, mundi enska stjórnin vera fús til að gjöra það á eptir, eins og hver önnur stjórn í Norðurálfunni.

Jón Hjaltalín: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagði áðan, þá finnst mèr ekki nauðsynlegt, að fá

stjórnarbrèfið hjá konungsfulltrúa nú þegar; ef nefnd verður kosin í málið, mun hún geta fengið það hjá honum; fyrri liggur ekki á því.

Forseti: Málið kemur þá fyrir, og hafa til þingsins komið um það bænarskrár frá Barðastrandarsýslu, Snæfellsnessýslu og Kollabúðarfundi. Sú frá Barðastrandarsýslu sýnist mèr vera einna greinilegust, og vil eg því láta afhenda þær þingmanni Barðstrendinga.

Benidikt Þórðarson: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 65. bls.

Hinar aðrar bænarskrár, sem hèr með fylgja, eru líks innihalds. Allir þingmenn vita, hve mikilsvert þetta mál er, þar sem það snertir þann atvinnuveg landsmanna, sem svo er mikilsverður, að líf margra þeirra er undir því komið, að hann ekki bregðist. Eg vona að þingmenn taki málinu vel og vilji styðja það, svo það ekki falli og setja nefnd í því nú þegar, og sting eg upp á 5 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Ef það þarf 7 manna nefnd til þess að berjast á móti þessum fáu kláðarollum, sem eru eptir enn þá, þá held eg veiti ekki af 7 mönnum í þessa nefnd, þar sem er við eins ramman reip að draga, eins og 2 hinar voldugustu þjóðir Norðurálfunnar. Eg sting því upp á 7 manna nefnd, því eg vil að málið sè vandlega, rólega og nákvæmlega íhugað.

Var um það gengið til atkvæða, hvort kjósa skyldi 5 eða 7 menn í nefndina, og var 7 manna nefnd samþykkt með 10 atkvæðum, og í hana kosnir:

Gísli Brynjúlfsson	með	19	atkvæðum.
J. Hjaltalín	—	18	——
B. Sveinsson	—	15	——
P. Pèturssón	—	13	——
Á. Einarsson	—	11	——
P. Sigurðsson	—	9	——
Sv. Skúlason	—	8	——

Málið afhent þingmanni Skagfirðinga.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til umræðu kæra frá prestinum til Stafafells í Lóni. Flutningsmaður hennar er þingmaður Austur-Skaptfellinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Stefán Eiríksson: Eg vil leyfa mèr að lesa kærubrèfið upp: Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 67.

Þingmenn hafa nú heyrt um hvað kæran er, en hvaða helzt aðferð eg kýs með mál þetta gegnum þingið, ákveð eg ekkert um fyrri en eg hefi heyrt álit þingmanna um málið, einkum hins háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanns og hins háttvirta *konungsfulltrúa*, sem nú gegnir stiptamtmanns-embættinu; því eg ætla, að þar sem þetta er umkvörtun frá presti, muni þeir finna sèr skylt að gefa því sèrlegan gaum. Eg álit, að mál þetta geti heyrt undir þingið eptir 77. grein alþingistilskipunarinnar, þar sem talað er um órètt, sem einstökum mönnum er gjörr, og geti nokkurt mál sem er frá einstökum manni heyrt undir þingið, eptir áminnztri grein, þá er það vissulega þetta mál. Ef nokkur vill sjá þau frakknesku blöð, sem kæran nefnir, þá eru þau hèr til sýnis.

Konungsfulltrúi: Án þess að eg í nokkurn máta vilji spilla fyrir því, að mál þetta fái sem beztan framgang, vil eg leyfa mèr að vekja athygli hins heiðraða þings að því, hvort málið sè þess eðlis, að það geti heyrt undir þingið eptir 77. grein alþingistilskipunarinnar. Mèr sýnist reyndar, að liggi næst, að því sè vísað til hlutaðeiganda yfirvalds, og þá meðferð álít eg fyrir mitt leyti eiga betur við, einkum vegna þess hvernig málið er undir búið.

Gísli Brynjúlfsson: Það er víst, að þetta er skörulegur framburður, sem vèr nú höfum heyrt, og þess verður að honum sè góður gaumur gefinn. En spursmálið er þá að eins, hvernig vèr eigum að gjöra það, svo hlutaðeiganda helzt komi að nokkru verulegu haldi, og það sem allrafyrst; og sè eg þá ei nokkurn annan veg, þar sem málið auðsjáanlega mun þurfa frekari rannsóknar áður en því verði til lykta ráðið, en að þingið gegnum *forseta* sinn vísi því til stiptsyfirvaldanna, svo þau annaðhvort sjálf geti skorizt í að útvega manninum skaðabætur á rèttum stað, eða þá fengið stjórnina sjálfa til þess. En það vildi eg að þingið, hvernig sem það svo fer með málið, mælti fastlega fram með því, og væri ef til vill líka gott, að skorað væri á stiptamtmann að reyna nú þegar til við hinn frakkneska skipaforingja, meðan hann er nú hèr við land, hvort hann mundi ei vilja hlutast til að endurbæta þenna skaða strax, ef það sannaðist sem sagt er, að hann væri af völdum frakkneskra fiskimanna; því eg efast ei í minnsta máta um, að hinir frakknesku foringjar munu fúsir á að leiðrètta allan þann óskunda, sem landar þeirra kunna að verða berir að hèr við land,

stundum að líkindum að eins af vanþekkingu, og það eitt þykir mèr miður hermt í kærunni, að ránum eins og líka er dróttað þar að foringjunum, því það held eg með öllu órètt. En stjórn vora tel eg því skyldari, að gefa þessu máli verulegan gaum, þar sem hún alls ei hefir sèð um, að nóg vörn væri hèr á landi, þó ei sè nema móti gripdeildum útlendra sjómanna.

H. G. Thordersen: Eg mæli eins með því, að svo sè gjört, og það því fremur sem þetta er ekkert einstakt tilfelli, heldur hefir borið mjög opt til af hendi hinna frakknesku sjómanna. Vèr megum ekki þegjandi líða þenna óheyrilega yfirgang. Þó vèr sèum lítil og fátæk þjóð, höfum vèr samt mannrèttindi, en þetta er að traðka niður öll mannrèttindi, og það megum við ekki þola, frá hverjum sem það kemur, þó það svo væri frá hinni voldugustu þjóð í heiminum.

Jón Hjaltalín: Hèr kemur nú mest upp á, af hverju verður mestur árangur. Tveir vegir liggja nú fyrir, annaðhvort að vísa því til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu, og hefði hún þá með því óræka sönnun fyrir umkvörtununum, er fram eru komnur. Hinn vegurinn er að vísa því til viðkomandi yfirvalda, og veit eg nú ekki hvað hægt það yrði að ná rètti sínum á þann veg, það gæti dofnað í meðferðinni, þegar það færi meðal svo margra, og yrði þá líklega býsna langvinnt. Ef málinu því verður vísað frá þinginu, vil eg leggja til, að það verði strax sent til stjórnarinnar, og ef stiptsyfirvöldin þá vildu styðja að því og mæla með því, mundi það gjöra góða verkun. En í öllu falli álít eg þetta skjal ómissandi fyrir nefndina í fiskiveiðamálinu.

Benidikt Sveinsson: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *konungsfulltrúi* sagði, að þetta mál gæti ei heyrt undir þingið, vil eg taka það fram, að mèr virðist einmitt 2. liður í 77. grein alþingistilskipunarinnar, sem *konungsfulltrúinn* tilgreindi tala fyrir því, að það heyri að lögum undir þingið. Þar segir svo: »Ef samt nokkur meðlimur er fullkomlega sannfærður um, að einstökum manni sè órèttur gjörður, á hann kost á að kæra málið fyrir alþingi, og færa fram tilhlýðilegar sönnur, o. s. frv. Mèr sýnist að þetta tilfelli heyri beinlínis undir 2. liðinn af 77. greininni. Þetta atvik er líka svo gífurlegt, að þingið hvorki á nè má hleypa því fram af sèr að taka svo öflugt í það sem unnt er. Eg vil því helzt mæla með því, að sèrstök nefnd verði sett í málið, því eins og það er í eðli sínu alveg sèrstakt mál, og fiskiveiðamálinu óviðkomandi,

þannig þykir mèr það vel hlýða, að það *taki sig út* sem sèrstakur liður í fiskiveiðasögu Frakka hèr við land, og það gjörir það að mínu áliti bezt, með því að sèrstök nefud sè kosin í málið.

Konungsfulltrúi: Mín orð miðuðu alls eigi til þess að hamla því, að málið fengi inngöngu hèr á þinginu. En í 2. lið í 77. grein alþingistilskipunarinnar standa einmitt orð, sem sýnast að mæla með þeirri skoðun, að málið geti alls eigi heyrt undir þingið; því þar stendur: »og færi fram tilhlýðilegar sönnur,« o. s. frv. En þessar sannanir vantar einmitt í þessu tilfelli, eins og hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga tók ljóslega fram, og þó eg eigi vilji vefengja orð kærumannsins, þá vantar hèr þó öll veruleg skýrteini; eg er því hræddur um, að þó þingið fari og taki málið til meðferðar, þá gæti það þó ei ráðið því til lykta, af því sannanir vantar við að styðjast. Þetta vildi eg biðja þingið taka til greina, en að öðru leyti er það ekki meining mín, að vilja hafa nein áhrif á hvernig þingið tekur í þetta mál, en óska einungis þess, að það geti fengið sem bezt úrslit.

Benidikt Sveinsson: Eg get ekki fallizt á það, sem hinn háttvirti *konungsfulltrúi* sagði, því í 77. greininni stendur: »bestemt Overbeviisning,« en það er einmitt mótsett sönnunum í lagalegum skilningi. Eptir því er það nóg, ef sá þingmaður, sem málið ber fram, er siðferðislega sannfærður um, að það sè rètt, sem hann ber fram. Þó neita eg ekki, að þessi skortur á sönnunum geti haft áhrif á afdrif málsins seinna, en ekki á inntöku þess á þíngið.

Jón Guðmundsson: Mèr finnst að hèr beri fremur að líta á, hvernig hlutaðeigandi presti verði útvegaðar sem fyrst þær skaðabætur, sem honum bera, en á meðferð málsins, eður hina formlegu hlið þess. Vèr vitum hve langa leið og mikinn drátt að flest af alþingismálunum eiga fyrir hendi, og því álít eg, að það mundi að eins verða til að spilla fyrir málinu, að setja í það sèrstaka nefnd. Hitt álít eg betra úrræði að vísa málinu til nefndar þeirrar er kosin er í fiskiveiðamálinu, og ætla svo henni að ráða úr því, hvort hún vill vísa því gegnum forseta til hlutaðeigandi yfirvalda, eða þá láta það bíða og taka það upp í bænaratriðin í fiskiveiðamálinu. Ef hún gjörir það fyrra, sem eg álít rèttast, hefir hún samt fengið þetta eins og dæmi, sem getur orðið verulegt atriði og til góðs stuðnings í fiskiveiðamálinu, en ef hún vísar því þegar til amtmannsins í Suðuramtinu eða stiptsyfirvaldanna, þá ávinnst þar með, að fljótar greiðist fyrir málinu. Því þar sem málið verður

sent gegnum stiptamtmann, og það einmitt um þetta leyti, er frakkneska herskipið er hèr, getur hann skýrt yfirforingja herskipanna frá því, og ef ekki fást skaðabætur hjá honum að nokkru eður öllu, getur hann þegar skrifað stjórninni um það, og beðið hana frekari rèttingar á málinu. Eg mæli því með að málinu verði vísað til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu, en vil láta það vera á hennar valdi, hvernig hún beinir málinu að öðru leyti.

H. G. Thordersen: Mèr finnst þó þetta vera alveg sèrstaklegt mál, það er yfirgangsmál, sem alls ekki er viðkomandi fiskiveiðunum, og eg vil, að þingið úttali sig um það skýrt og greinilega fyrir stjórninni, að það sè óbærilegt, að þvílíkur ránskapur eigi sèr stað. Það er satt að vísu, að hèr vantar fullar lagalegar sannanir, en vèr höfum fyrir oss ærlegs manns orð, og þeirra sem til þess þekkja, og málið flytja, og það á að vera oss nóg, því eg vil spyrja hvort það er altènd hægt, að fá órækar sannanir fyrir ránskap. Þingið verður því að segja sína meining hreina og bera, því vèr megum ekki þola þenna yfirgang af voldugri þjóð, sem er oss til skaða en henni sjálfri til óvirðingar.

Stefán Eiríksson: Eg kann nú þinginu miklar þakkir fyrir, hvað vel það hefir tekið undir málið, og álitið, að það heyri undir þingið. En eg er óviss í, hvort málið græðir við það, þó sèrstök nefnd verði sett í því, eg held fyrir mitt leyti, að eins gott væri að vísa því til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu, því eins og hinn háttvirti varaforseti gat um, gæti hún þá, ef henni litizt, vísað því gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna. Eg hèlt nú, þegar kærandi kom með kæruna til mín, að það mundi heyra undir valdstjórnina, en okkur kom þó saman um, að tiltækilegast væri að bera það undir þingið, því vissulega getur málið heyrt undir þingið, eptir 77. greininni, þar sem talað er um órètt, sýndan einstökum mönnum. Hvað skaðabæturnar snertir, held eg að stjórnin hljóti að taka það til greina, því hvert orð í kærunni er satt, það þori eg að fullyrða, og get að öllu leyti borið um, því fyrir austurlandinu var fullt upp í landsteina af frakkneskum duggum í allt vor, og seinast þegar eg fór, voru þær þar enn nokkrar, þó þær annars sèu vanar að vera farnar um það leyti. Eyjan Vigur liggur í opnu hafi, og sjáfardýpi er að henni fyrir haffær skip, svo skipum er hægt að leggja þar að á hverjum tíma sem vill, og fremja þar rán og þjófnað þegar þeim þóknast, án þess að hægt sè að komast

eptir nöfnum dugganna, því ekki er hægt að fara úr Lónssveit í Vigur, nema þá þegar brimlaus er sjór.

Björn Pètursson: Eg hafði beðið um orðið áður flutningsmaður talaði, mest til þess að biðja hann að segja álit sitt um þetta mál, því að eg var í nokkrum efa um málið, sem eg hugsaði, að mundi hverfa, ef eg heyrði ætlun hans. En af því mèr heyrðist á ræðu hans, að hann sjálfur væri í nokkrum vafa um, hvað bezt mundi vera að gjöra við málið, eykur það líka nokkuð minn vafa. Mèr finnst það athugavert, að skaðinn er ei matinn af hlutaðeigandi presti, svo að þó nefnd væri kosin, þá gæti hún ei sagt, hve miklar bæturnar ætti að vera. Eg veit því ei, hvort málið er svo vel undirbúið, að ei þurfi nema þingsins aðgjörðir, til þess að viðkomandi verði skaðlaus. Það er að vísu í kærunni talað um, að 200 hreiður hafi verið rænd; en eg veit ei, hvort hlutaðeigandi gjörði sig ánægðan með að fá þau borguð, eða gjörði kröfu til meira, sem mèr þykir líklegra. Það er því nauðsynlegt, að fylgt hefði mat kunnugra manna um það, hve hár skaðinn er, og einnig, hve mikill dún þar hefir fengizt áður, svo bæturnar gætu matizt þar eptir. Eg held því, að eptir kringumstæðunum hefði málið bezt af því, að komast í hendur yfirvaldanna, svo að nákvæm skýrsla fáist um þetta, áður en það er sent til stjórnarinnar. Eg er samdóma þeim, sem mælt hafa með sèrstakri nefnd, en er mótfallinn því, að því verði vísað til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu.

Jón Pètursson: Þessi saga, sem hèr ræðir um, er mjög ljót og ísjárverð og verð að henni sè gefinn gaumur. Mèr virðist mál þetta hafi tvær hliðar; önnur er sú, að þetta dæmi má setja ótta í alla fyrir því, að eins kunni optar til að bera, og að menn því verða að gjöra allt sem unnt er til að afstýra því; og í því tilefni væri bezt tilfallið, að vísa málinu til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu, þar sem hún gæti notað það sem meðal til að skýra málið og yfirgang Frakka hèr á landi enn betur. Hin hliðin er sú, að hèr er um að ræða einstakan mann, sem befir orðið fyrir skaða, og verður því að vissu leyti ei sett í samband við fiskiveiðamálið. Skaðabæturnar ímynda eg mèr, að stjórnin sè skyld að greiða bæði prestakallinu og eins prestinum, hvort sem frakkneska stjórnin vill endurgjalda henni það aptur eða ekki, því hún er skyld og má ekki þola, að innlendur maður verði fyrir slíkum óskunda af útlendri þjóð, því hún er skyld að vernda landið að því hún getur fyrir ágangi útlendra, og þegar hún er ekki fær um það, þá að endur-

gjalda skaða þann, er flýtur af því, að hún ekki gjörir það í hennar valdi stendur til bægja slíkum ágangi og skaða frá landsmönnum. Það er satt, sem þingmaðurinn, er síðast talaði, sagði, að ekki er skýrt frá því, hve há upphæð skaðans er, svo að alþingi getur ekki beðið nm neina vissa upphæð. En þingið gæti styrkt til þess með bæn sinni til stjórnarinnar, að þegar skaðinn væri upplýstur og upphæðin metin, að hlutaðeigandi þá fengi hana útborgaða. Eg vil því ráða til, að nefnd verði sett í málið, og ímynda mèr, að flutningsmaður setji sig ekki á móti því, að þingið stuðli með öllu til þess, að presturinn og prestakallið fái sinn skaða bættan.

H. Kr. Friðriksson: Þetta mál er að vísu sèrstaklegs eðlis, þótt það eptir 77. gr. tilskipunarinnar gæti heyrt undir þingið. En hèr er ekki að ræða um það að eins, hvort það geti komizt til umræðu á þinginu, heldur verður líka að athuga, hvort málið hafi nokkurt verulegt gagn af því, eða hvort það verður því eigi fremur til hnekkis; eins og þingmenn vita, vantar bæði skýringar um það, hve mikill skaðinn sè, og einnig sannanir fyrir öllum atvikum verknaðar þess, sem kvartað er yfir. Eg held, að rèttast væri að vísa málinu nú þegar til stiptamtmanns, og er eg sannfærður um, að hann mun af alefli annast um, að málinu yrði sem fyrst framgengt, og mundi það þá fá miklu fljótari og happasælli afdrif, heldur en ef það væri sent frá þinginu til dönsku stjórnarinnar; þar mundi það að líkindum liggja til næsta alþingis, og svo koma aptur með skipun til stiptamtmanns, að láta rannsaka málið. Eg álít því miklu betra, að vísa málinu nú þegar til stiptamtmanns; nú stendur líka svo á, að frakkneska herskipið er hèr um þessar mundir, og þó það sè hèr eigi nú, þá mun það bráðum koma aptur, og á stiptamtmaður þá kost á, að tala um málið við foringjann, og ef til vill útvega prestinum nú þegar skaðabætur. Mèr finnst því, að ef þingið kýs nefnd í málið, lýsi það með því vantrausti sínu á stiptamtmanninum; en þingið getur allt eins mikið stoðað málið, með því að skora á stiptamtmann fyrir *forseta* sinn að greiða fyrir málinu, eins og með því að senda það til stjórnarinnar. Það er satt, sem sagt hefir verið, að mál þetta er sèrstaklegs eðlis, og heyrir ekki beinlínis undir fiskiveiðamálið; en á hinn bóginn stendur það þó í svo nánu sambandi við fiskiveiðar Frakka við strendur landsins, og það er hin bezta skýring fyrir nefndina í því máli, og hún getur að mínu áliti ekki fengið betra skjal en þetta kæruskjal til

sönnunar því, hversu óheillavænlegar fiskiveiðar Frakka uppi í þurrum landsteinum eru fyrir landið.

J. Hjaltalín: það eru nú komnar fram margar og ýmislegar skoðanir í þessu einfalda máli, því einfalt kalla eg það og alkunnugt, því það er ekki í fyrsta skipti, að þvílíkt mál kemur til þingsins; nálega á hverju þingi hefir verið klagað og kvartað í líka stefnu sem nú, og þá hafa ekki verið heimtaðar neinar sannanir, þá hefir ekki verið genginn þessi »júridiski« krókavegur. En það er ekki altènd einhlítt, þó sannanir sè fyrir hendi, og get eg tilfært dæmi þess. Fyrir fám árum voru teknir og skotnir fuglar á eyju hèr á nágrenninu, sem var aðaleign ekkju. Hún klagaði strax, og þar vantaði ekki sannanir, þar voru þær ljósar. En hvað kom út af þessari klögun? Það kom svar frá stjórninni þess efnis, að hún gæti ekki skorizt í málið. Fyrst að nú svona gekk, þegar allt var ljóst og órækar sannanir fyrir verkinu, viljum vèr þá vera að innbirla vesalings manninum, sem hèr á í hlut, að hann geti fengið sinn hlut rèttan með þessu móti. Nei, það er betra, að þingið sýni skýrt og greinilega fram á, að hèr er úr mjög vöndu að ráða og hafi þetta ljósa dæmi sem sönnun fyrir þeim yfirgangi, sem vèr verðum að þola. Þetta mál er alveg sama eðlis og kvartanir um þetta áður, nema hvað það er nokkuð gífurlegra. Eg sè því ekki til neins að vera heimta þessar »júridisku« sannanir, nema ef menn vilja stuðla til þess, að málið drægist alveg úr hömlu. Eg get því ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Reykjavíkur, en krefst þess, að nefndin í fiskiveiðamálinu fái skjalið til umráða.

H. G. Thordersen: Eg segi hið sama um ræðu þingmanns Reykjavíkur, að mèr sýnist sjálfsagt að kjósa nefnd í málið; því eg vil, að alþingi ákvarði fast og skýrt um þetta efni; nefndin getur þá sjálf komizt til þeirrar niðurstöðu, að vísa því til stiptamtmannsins. En eg vil endilega hafa nefnd, og það sèrstaka nefnd, eg vil ekki vera að fleygja þessu máli í hina nefndina um fiskiveiðarnar.

Benidikt Sveinsson: Eg er alveg á sama máli og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður. En eg vil geta þess viðvíkjandi því, sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að það mundi valda frekari drætti, ef málið gengi gegnum þingið til stjórnarinnar, þá er það misskilningur, því ef þingið vantar upplýsingar og sannanir um málið, þá vantar stiptamtmanninn þær líka. Eitt er líka þing og ann-

að er stiptamtmaður, og þó að nú hinn hlutaðeigandi prestur hafi snúið sèr með kæru til þingsins, þá er ekki loku fyrir skotið, að hann kunni máske ekki að snúa sèr til stiptamtmannsins líka. Eg vil því stinga upp á, að þegar sè gengið til atkvæða um, hvort sèrstaka nefnd skuli setja í málið, eður ekki.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil líka styðja það, að nefnd sè kosin í málið. Eptir alþingistilskipuninni er engin vafi á, að flutningsmaður hafi rètt til að óska, að nefnd sè kosin í slíkt mál sem þetta er, og að það gangi svo í gegnum þingið; því hèr er einstökum manni órèttur gjörður og þingmaðurinn fullkomlega sannfærður um að svo sè, eins og segir í 77. grein alþingistilskipunarinnar síðari hluta. Eg held ekki, að málið mundi fá fljótari úrslit, þó því væri vísað til yfirvaldanna; það gætu líka orðið töluverðir vafningar á því, áður en það væri komið í kring á þann hátt. Ekki vil eg ráða til þess, að málinu sè vísað til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu; eg held hún hafi nóg verkefni án þess; mèr sýnist það ekki heldur vera því málí að skipta; þetta er ránsmál, og annað eins rán og þetta getur hæglega komið fyrir án þess það standi í nokkru sambandi við fiskiveiðar Frakka. Þetta er heldur ekkert einstakt tilfelli, heldur hefir slíkt borið að optar en einu sinni áður, og því meiri þörf er á, að þetta mál sè ítarlega íhugað. Eg mæli því með sèrstakri nefnd. Að öðru leyti hafa hinir háttvirtu konungkjörnu þingmenn, 2. og 5. tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa.

Stefán Eiríksson: Eg óskaði reyndar áður, að málinu væri vísað til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu, en jeg fyrir mitt leyti hefi ekki á móti því, ef þinginu lízt svo, að sèrstök nefnd sè kosin í málið, þó mèr að öðru leyti sýnist það vera mjög nátengt fiskiveiðamálinu, og eins og einn angi af því. Þar sem hinir háttvirtu 3. og 4. konungkjörnu þingmenn fundu það til, að eigi væri send nein skýrsla um skaðann, þá er það misskilningur, því það stendur einmitt í kærubrèfinu, nefnilega að presturinn hafi misst fullan helming af embættistekjum sínum. Eg man nú að vísu ekki, hvað hátt þetta brauð Stafafell er matið í hinu nýja brauðamati, þó ætla eg, að það sè hèr um bil 300 rd., og er þá hægt að sjá hver skaðinn er eða tapið, sem presturinn hefir orðið fyrir, en þó skaðinn sè þetta, sem eg hefi talað um í snöggu áliti, þá er lítt mögulegt að meta þær afleiðingar sem geta orðið af ráni þessu, því

varpeyjar, eptir því líkt athæfi sem hèr hefir verið framið, ná sèr ekki fyrri en eptir mörg ár.

Gísli Brynjúlfsson. Eg held þó, að hèr sè nokkur misskilningur, þar sem menn getur greint svo mjög á um, hvort máli þessu skuli vísa til nefndarinnar um fiskiveiðamálið eða ei, því mèr finnst það í raun og veru standa hèr um bil á sama. Það er að vísu satt, að þetta mál er nokkuð annars eðlis en fiskiveiðamálið sjálft, þó að það í aðra röndina eigi nokkuð skylt við það; en eg skil líka svo, að fiskiveiðanefndin, ef málinu verður vísað til hennar, hafi fullt vald til að taka það sèrstaklega til meðferðar, hvort sem hún svo kemst að þeirri niðurstöðu að vísa því gegnum *forseta* sinn til stiptsyfirvaldanna, eða heldur vill ráða til að rita konungi beinlínis bænarskrá; því eg álít, að þingið einmitt veiti nefndinni fullt umboð til að hafa hverja aðferðina, sem hún hyggur haganlegasta með því að vísa málinu til hennar. Munurinn er að mínu áliti enginn annar en sá að menn spara sèr að kjósa nýja nefnd með því að vísa málinu til fiskiveiðanefndarinnar, og geta þó haft allt hið sama fram; en það er, eptir því sem eg óska, að styðja það á hvern veg sem árangursvon er af, að skaðinn verði sem fyrst bættur hlutaðeigendum. Og ætla eg þess vegna að gefa atkvæði mitt fyrir því, að málinu verði vísað til fiskiveiðanefndarinnar, en ef það ei hefir framgang, þá að ný nefnd verði kosin, því eg vil fyrir engan mun að málið falli alveg.

Arnljótur Ólafsson: Eitt atriði er það, sem ekki enn þá hefir verið hreift í umræðum þessa máls, en sem að mínu áliti er góð ástæða fyrir því, að sèrstök nefnd verði sett í málið; en það eru veiðilögin á landi hèr og um friðhelgi æðarfuglsins. Yrði nefnd sett í málið, gæti hún skorað á stjórnina, að útdráttur væri gjörður af lögunum og gefinn út á frakknesku og ensku, og sú ráðstöfun gjör, að fiskimenn útlendir hèr við land hefði eitt exemplar á skipi hverju. Menn geta eigi búizt við, að hinir útlendu fiskimenn þekki lögin um friðhelgi æðarfugla, og þegar hèr við bætist, að engin merki eru á eyðiskerjum um, hvort þar sè griðastaður fyrir fugla, kunna ókunnir menn að álíta, að fuglinn sè einskis eign eður allra, og brjóta svo lögin óviljandi af vanþekkingu; á þess háttar stöðum, sem eiga að vera friðhelgir, er það vandi í útlöndum, að gjöra þessa friðhelgi sýnilega fyrir mönnum á einn eður annan hátt, svo sem, aðhèr má eigi ganga, ríða, reykja eður skjóta, og ef þess konar

aðvörun stendur eigi og enginn maður er til aðvörunar, hlýtur vegfarandi að álíta sèr heimilt að brjóta friðhelgi staðarins.

Forseti: Eg álít inngangsumræðunni um þetta mál vera lokið. En eg vildi benda þinginu til, að það vakir fyrir mèr, að þetta mál stendur í nánu sambandi við fiskiveiðamálið, og að þetta skjal er alveg ómissandi fyrir nefndina í því máli. Hèr er nefnilega um tvö atriði að gjöra, fyrst þann skaða, sem Íslendingar líða af hendi hinna útlendu fiskimanna, og því næst þann órètt og óskunda sem þeir verða fyrir af þeim. Eitt dæmi er mèr kunnugt upp á þenna ójöfnuð hinna frakknesku fiskimanna; það bar til fyrir austan næstliðið sumar, að frakkneskir skipbrotsmenn lètu selja muni sína; en eptir að salan hafði fram farið, tóku þeir margt aptur, sem selt hafði verið.

Var því næst gengið til atkvæða og í einu hljóði samþykkt, að nefnd skyldi setja í málið. Síðan var með atkvæðafjölda málinu vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í fiskiveiðamálinu.

Benidikt Sveinsson: Eg lýsi því yfir fyrir fram, að eg sem nefndarmaður í fiskiveiðamálinu eigi mun fyrir mitt leyti taka kæru prestsins frekara til greina í fiskiveiðamálinu, en eg álít að við eigi, þrátt fyrir þessa atkvæðagreiðslu þingsins. Eg tek það enn fram, að þetta mál er ekkert fiskiveiðamál, heldur er það æðardúnsmál.

P. Pètursson: Eg er öldungis á sama máli og hinn heiðraði konungkjörni þingmaður, er síðast mælti, og legg með öllu á móti því, að það verði gjört að »Indstillingspunkt« í niðurlagsatriði nefndarálítsins í fiskiveiðamálinu.

Gísli Brynjúlfsson. Eg verð með tilliti til þessa, sem nú var síðast mælt, að taka það enn upp aptur, sem eg áður hefi sagt, að eg get ei annað álitið, en að nefndin geti alveg farið með málið eins og henni sýnist haganlegast, úr því hún einu sinni er búin að fá það til meðferðar. Eg vona menn komi sèr saman um þá aðferð, sem helzt má verða til að flýta fyrir, að skaðabætur fáist sem fyrst, og það hefir æfinlega að eins verið tilgangur minn að reyna að koma þessu til leiðar.

Var málið síðan afhent þingmanni Skagfirðinga.

Forseti: Til þingsins eru komnar 8 bænarskrár *um stjórnarbót* og *þjóðfund.* Bænarskrána frá Árnessýslu tók eg út af fyrir sig á dagskrána, af Því hún er nokkuð sèrstaklegs innihalds, og fer að nokkru leyti í aðra stefnu.

Bænarskráin afhent þingmanni Árnesinga.

Magnús Andrèsson. Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána. Samanber fyrri part alþingistíðindanna 71. bls.

Þessi bænarskrá er samin á sýslufundi að Hraungerði í Árnessýslu og undirskrifuð af 18. manns. Eg var spurður af fundarmönnum, hvort eg vildi skrifa undir bænarskrána, og kvað eg nei við, af því, að meining mín sem flutningsmanns bænarskráarinnar mundi koma í ljós hèr á þingi. Eg er henni meðmæltur, en þykir hún þó ófullkomin, af því mèr virðist vanta í niðurlagsatriðin ákvörðun um stjórnarbót til *bráðabyrgða.* Eg óska því nefndar í málið, og vona eg hún geti lagað gallana í hendi sèr.

Konungsfulltrúi. Mèr er ekki full-ljóst, hvers vegna þessi eina bænarskrá frá Árnessýslu er tekin út af fyrir sig. Allar bænarskrárnar fara þó sameiginlega því á flot, að stjórnarfyrirkomulaginu hèr á landi verði sem fyrst af stjórninni komið í annað og betra horf, og finnst mèr því engin ástæða til þess að kjósa sèrstaka nefnd í þetta eina mál. Í sumum bænarskránum er að vísu að eins farið fram á að biðja um þjóðfund, er taki málið til yfirvegunar, en hinn sami þanki liggur þó til grundvallar fyrir öllum bænarskránum, og því virðist mèr að þær eigi ekki að slítast í sundur, nema því að eins, að sú aðferð verði á eptir viðhöfð, að vísa hinum bænarskránum til nefndar þeirrar, er í þetta mál yrði sett. Að öðru leyti vil eg leyfa mèr að leiða athuga þingsins að því, að stjórnin, í auglýsingunni til alþingis frá í ár, lýsir því skýrt yfir, að hún hafi allan áhuga á því, að flýta svo fyrir málinu um stjórnarhagi Íslands, að það sem fyrst geti komizt í kring. En þetta mál er svo nákvæmlega samtengt fjárhagsmálinu, að þau verða eins og að bíða hvort eptir öðru; nefnd sú er sett var í fjárhagsmálið, er nú eins og kunnugt er búin með starfa sinn, og málið er nú komið til fjárgæzluráðgjafans; en auðsætt er það, að slíkt mál ekki muni fljótunnið, einkum þar sem sjálfa nefndina greindi verulega á. Eg hef það fulla traust til stjórnarinnar, að hún flýti fyrir málinu, eins og bezt má verða, og ef þingið er á sömu skoðun, þá álít eg óþarfa að setja nefnd í málið. Það eina sem þingið gæti gjört, væri að senda stjórninni stutt ávarp, er lýsti trausti þingsins til stjórnarinnar í þessu máli, og jafnframt þess áhuga á því, en eg er að öðru leyti sannfærður um að þessa er engin þörf, eptir því sem hèr liggur fyrir.

Sveinn Skúlason. Mèr fannst hinn háttvirti konungsfulltrúi vera í vafa um, hvort forseti ætlaði að láta kjósa nefnd í þessa bænarskrá sèrstaklega og svo í hinar. En eg gat ekki betur skilið, en

að það lægi í orðum forseta, að þessi eina bænarskrá væri valin til upplesturs. Þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að ekki væri vert að ræða sèrstaklega um stjórnarmálið, af því fjárhagsmálið yrði að ganga á undan, þá fæ eg ekki betur sèð, en að eptir hinni konunglegu auglýsingu til alþingis sè þessi mál svo nákvæmlega sameinuð, að þau verði að fylgjast að. En af því það var fyrir óhöpp, að fjárhagsmálið ekki í þetta skipti kom fyrir þing, getur maður haft von um, að það fáist bráðlega, og það því heldur, ef að ýtt er undir stjórnina með þetta mál, er hún sjálf álitur fjárhagsmálinu svo nákomið, að bæði þurfi saman að fara.

Konungsfulltrúi: Eg skildi hinn háttvirta *forseta* svoleiðis, að fyrst ætti að setja nefnd um þessa bænarskrá úr Árnessýslu og svo aðra nefnd í hinar, en þetta þótti mèr ekki eiga við, af þeirri ástæðu, að þær færu í raun rèttri allar í sömu stefnu.

Forseti: Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir skilið mig rètt. Eg hef sett þessa bænarskrá sèr, til þess, að um hana yrði rætt út af fyrir sig, þar eð hún er sèrstaklegs eðlis, en hef hugsað mèr um leið, að ef í hana verður kosin nefnd, þá verði ef til vill hinum bænarskránum vísað til þessarar nefndar.

H. Kr. Friðriksson: Það er auðvitað, að þegar fleiri bænarskrár koma til þings líks efnis, þá er það á þings valdi, hvaða aðferð það vill við hafa, að því er snertir nefndarkosningar, hvort heldur það vill kjósa eina nefnd eða fleirl.

Jón Guðmundsson: Það er heldur snemmt nú þegar að fara að tala um það, hvort vísa eigi *hinum* stjórnarbótar bænarskránum, sem eru rèttilega settar á dagskrána sèr í lagi og næst á eptir þessari úr Árnessýslu, til nefndarinnar, sem sett yrði í hana, einkum á meðan ekki er út gjört um það, hvort setja eigi nefnd í málið eða ekki. Eg fyrir mitt leyti óska að sèrstök nefnd verði sett í þetta mál og verði 5 manna nefnd.

Því næst var stungið upp á 3 og 5 manna nefnd. 5 manna nefnd samþykkt með 20 atkv. og voru í hana kosnir:

J. Guðmundsson	með 19	atkv.
B. Sveinsson	— 19	—
M. Andrèsson	— 16	—
J. Pèturssson	— 15	—
P. Sigurðsson	— 13	—

Málið afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga.

Forseti: Sökum þess, að það er orðið áliðið dags, veit eg

ei hvort þingmenn vilja lengur halda áfram. Annars þurfa að vonum umræðurnar ekki að verða mjög langar um þær bænarskrár, er nú koma til inngangsumræðu, hvort sem þeim verður vísað til nefndar þeirrar, er nú var kosin, eður ekki.

Jón Guðmundsson: Eg er þó hálf hræddur um, að umræðurnar verði nokkuð.

Fleiri þingmenn óskuðu að haldið væri áfram umræðunum, og voru þá bænarskrárnar afhentar þingmanni Suður-Þingeyinga.

Jón Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp niðurlagsatriðin í öllum bænarskránum. Þær eru frá: Þingeyjar-, Borgarfjarðar-, Eyjafjarðar-, Múla-, Snæfellsnes- og Húnavatnssýslum og Kollabúðarfundi og hljóða niðurlagsatriðin þannig:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 73.

Flestar þessara bænarskráa fara fram á, að konungur sè beðinn um, að þjóðfundur verði kallaður saman sem allra fyrst að ráða til lykta stjórnarskipunar- og fjárhagsmáli Íslands. Og er það auðsèð, að það hefir vakað fyrir þeim, sem bænarskrárnar hafa sent að gjöra mun á því, að stjórnarbótarmálið sè lagt fyrir alþingi, og að það sè lagt fyrir þjóðfund; vilja menn alls ekki, að alþingi taki stjórnarbótarmálið til meðferðar, með því það vantar alla lagaheimild til að meðhöndla það, og þingmenn þeir sem hèr eru, hafa alls ekki verið kosnir til þeirra starfa. Þessar bænarskrár fara því að mèr finnst í aðra átt en Árnessýslu bænarskráin. Ef því á að vísa þessum bænarskrám til sömu nefndar og henni, eins og þegar hefir verið stungið upp á, þá er það alveg öfug aðferð við það sem vant er, því Árnessýslu bænarskráin hefir sèrstök atriði í sèr, og heimtar því sèrstaklega yfirvegun. Þegar eg kaus nefndina í þá bænarskrá, þá ætlaði eg, að nefndin ætti að eins að meðhöndla hin sèrstöku atriði í henni, annars hefði eg kosið öðruvísi í nefndina, hefði eg vitað að hún hefði átt að meðhöndla málið allt.

Jón Guðmundsson: Eg er öldungis á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga. Þessar bænarskrár fara fram á allt annað, og ganga því alveg í aðra átt heldur en Árnessýslu bænarskráin, og hafa menn því ætlazt til, að hún yrði tekin fyrir sem sèrstakt mál; þingið hefir og fullkominn rètt og fullar ástæður til að skoða hana þannig. Eg fyrir mitt leyti, og að líkindum fleiri, hefðu og kosið öðruvísi í nefndina, ef oss hefði grunað, að hafa ætti þær allar svona í einum belg. Eg sting upp á 5 manna nefnd, er verði falið að hafa þessar bænarskrár til meðferðar.

Jón Pálmason: Mèr sýnist bænarskráin frá Árnessýslu fari nokkuð í aðra stefnu en hinar bænarskrárnar, sem biðja um nýjan þjóðfund, og þess vegna leyfi eg mèr að mæla með því, að sèrstök nefnd verði kosin í málið.

Arnljótur Ólafsson. Eg get ekki sèð, að það sè rètt, að kjósa tvær nefndir í stjórnarbótarmálið. Mèr finnst heldur ekki vera svo mikill munur á Árnessýslu bænarskránni og hinum, því þó talað sè um stjórn í hinum, þá er þetta í rauninni einnig gjört í henni, þar sem hún nefnir embættismenn, því þar sem um íslenzka embættismenn er að ræða, þá fæ eg eigi betur sèð, en að þeir heyri til landsstjórnar, og sè það satt, þá flýtur þar af, að bænarskráin er ekki gagnstæð hinum Mèr finnst eins og menn hèr á þingi hafi ekki álitið, að embættismenn heyrðu til landstjórnar, heldur sèu eittthvað annað. Í Árnessýslu-bænarskránni eru nú tvö atriði, það er að segja um embættismenn og um rètt alþingis hèr eptir, en í hinum er talað um, hvernig stjórnarbótin eigi að komast á. Árnessýslu-bænarskráin ræðir því um innihald og efni, en hinar um hátt stjórnarbótarinnar, hvernig stjórnarbótin skuli á komast. Sè nú efni og háttur máls (Realitet og Form) skylt hvort öðru, þá fæ eg sannarlega ekki sèð, hvernig bænarskrárnar geta verið innbyrðis gagnstæðar, eins og einn hinna heiðruðu þingmanna sagði, og sè þau nú gagnstæð, hvernig fær þá þingið sett nefndir í mál, sem er gagnstætt í sjálfu sèr? Eg játa, að hèr á þingi eru mèr stjórnfróðari menn, en þá vona eg að þeir skýri betur frá ástæðum sínum í þessu máli en þeir hafa enn gjört.

Jón Hialtalín: Eg er öldungis á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga. Eg álít það vera með öllu ófært, ef við þannig förum að skipta þessum litlu kröptum, sem við höfum; við erum ekki of mannsterkir, þó við ekki sèum að skipta okkur í fleiri staði en við þurfum. Þó einhver munur kynni nú að vera á þessum bænarskrám, þá eru þær þó svo skyldar, að eg er fullviss um, að nefnd sú, er í málið yrði kosin, ætti hægt með að ríma þær saman.

Benidikt Sveinsson: Eg er í nokkrum vafa um þetta mál, enda virðast mèr umræðurnar um það óglöggar. Þessum vafa hjá mèr valda einkum niðurlagsatriði bænarskráarinnar, sem ekki virðast eiga að liggja til grundvallar fyrir henni, en af því hún er samin af ólærðum mönnum, þykir mèr fyrir mitt leyti betur hlýða að byggja á *aðalmeining* hennar en hanga í *orðinu* stjórnarbót. Taki maður

nú aðalmeining bænarskráarinnar, eins og eg skil hana, held eg málið verði glöggvara, en fram hefir verið tekið. Það er að vísu satt, eins og þingmaður Borgfirðinga sagði, að bænarskrárnar eru ekki *gagnstæðar* hver annari og geta eigi skilizt svo; en Árnessýslu bænarskráin fer einmitt fram á *allt annað* atriði en hinar, og kemur í alls *engan bága* við þær. Eins og heyra mátti meðal annars af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, er jafnan viðbáran, þegar umkvartanir koma frá Íslendingum um óhentuga stjórn eður aflaga aðferð í stjórn landsins, að hin nýja stjórnarbót sè í vændum. En það er þó auðsjáanlega sitt hvað, spurningin um nýja stjórnarbót, og það, að framfylgt sè þeim hinum eldri núgildandi stjórnarlögum landsins; þau eru jafnhelg eins og hin nýju meðan þau standa, og þurfa eigi síður framkvæmd en þau. Spurningin er þá um, hvort þingið álíti sjálfsagt, að allt standi aðgjörðalaust við það sem *nú er*, þangað til ný stjórnarbót komist á. En eg vil þá spyrja: Hve nær kemur þessi blessaða stjórnarbót? Getur þess eigi orðið lengi að bíða, að við fáum nýja stjórnarbót? Loforð um stjórnarbót, þó þau komi ár eptir ár, eru þó eigi stjórnarbót, allrasízt þegar fara á að byggja á þeim ár frá ári skort á framkvæmd gildandi laga, því *hann* getur aldrei annað orðið en allri stjórn og stjórnarbót eldri og yngri gagnstæður. Eg fyrir mitt leyti álít nú rèttast að sèrstök nefnd sè sett í málið, og mæli því með henni.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst það hljóta að vera ljóst, að sama nefnd eigi að hafa bænarskrár þessar til meðferðar og bænarskrá Árnesinga, því að niðurlagsatriðin í bænarskrá Árnesinga eru um stjórnarbót; en þótt í ástæðunum sè drepið á eitthvað annað, varðar ekkert um það; því að nefndir eru skipaðar eptir niðurlagsatriðunum, en eigi eptir ástæðunum; nefndir eru settar til að semja uppástungur um niðurlagsatriðin en eigi ástæður bænarskránna, og þótt ástæðurnar í bænarskrá Árnesinga minnist á ýmislegt, sem eigi snertir stjórnarbót, er það engin ástæða til að kjósa sèrstaka nefnd. Eg verð að vera á sama máli og þingmaður Borgfirðinga, að bænarskrá Árnesinga tekur að eins fram aðra hlið málsins, en hinar bænarskrárnar aðra. Bænarskrár þessar tala um, hverning stjórnarbótin eigi að komast á, en Árnesinga bænarskráin, í hverju stjórnarbótin eigi að vera fólgin, og er það auðsèð, að þetta eru að eins tvö atriði sama málsins, og á því sama nefndin að hafa allar bænarskrárnar til meðferðar. Ef bænarskrá Árnesinga beiddi um, að hinum núgildandi lögum væri fylgt, þá væri ástæða til, að setja

sèrstaka nefnd um það; en það biður hún eigi um, heldur að þeim sè breytt, og að stjórnarbót fáist. Eg verð því að vera fastur á móti tveimur nefndum í þessu máli.

Jón Sigurðsson: Eg held það liggi þó í augum uppi, að Árnessýslu bænarskráin er sprottin af allt annari rót en hinar bænarskrárnar; því hún sýnir það berlega, að þeir sem hana hafa ritað hafa fundið brýnustu þörf á, að því ólagi, sem nú er á landsstjórninni, yrði sem bráðast hrundið í lag; í hinum bænarskránum er það ljóslega tekið fram, að menn vilja *ekki* hrapa að breytingum á stjórnarskipun vorri, og heldur bíða betri tíma, eða þess, að þjóðþing með nægilegu valdi, og sem til þess sè kvatt, ráði því máli til lykta. Eg sè því eigi hvernig sama nefndin getur meðhöndlað, og sameinað bæði þessi mál, svo nokkurt vit sè í, eða að hún geti fullnægt hvorutveggju hlutaðeigendum, og er það sannarlega hjákátlegt að setja eina nefnd í 2 svo ólík mál.

Ásgeir Einarsson: Eg held þingmaður Reykvíkinga hafi misskilið hinn konungkjörna varaþingmann, því hann vill ekkert meta, ástæðurnar í bænarskrá Árnesinga, af því niðurlags uppástungurnar, eru ekki í því formi sem honum líkar. En eg vil þá spyrja, vill þingmaðurinn heldur ástæðulausar uppástungur, en ástæður, þó uppástungurnar sjálfar sèu ekki í sem rèttustu formi, eins og vænta má af ómenntuðum bændum. Árnesingar hafa nú fundið þörf á, að lag kæmi á stjórnartilhögun þá, sem nú er, einkum landstjórnina innanlands. Eg vil því ei blanda þessum tveim málum saman í eina nefnd. En þar sem menn hafa talað um, að menn ættu von á nýrri stjórnarbót og þjóðfundi, þá hefir reynslan sýnt, hvernig hefir farið með þjóðfundinn þann arna, þar sem eitt orð hefir verið nóg til að slíta honum; og getur það dregizt að aðalstjórnarbótin verði til lykta leidd af ýmsum orsökum; eða eigum við að sitja til eilífðar í þessari von og vakli, og ekki reyna að koma neinu lagi á það sem aflaga fer í landsstjórn vorri.

Gísli Brynjúlfsson: Það er að vísu auðsjáanlegt, að nokkur munur er á þessum bænarskrám og hinni einu úr Árnessýslu, en þó finnst mèr hann ei svo mikill, að þess vegna þurfi að kjósa nýja nefnd. Það mun satt, sem sagt hefir verið, að Árnesingar láta sèr í sinni skrá einkum annt um að bót fáist á landsstjórninni, nú þegar til bráðabyrgða; en því getur þó ei sama nefnd farið með bæði atriðin og t. a m. hagað svo til, ef henni finnst það nauðsynlegt, að fyrst sè beðið um stjórnarbótina yfir höfuð sem allrafyrst, en ef það ei fæst

svo fljótt sem nauðsynlegt er, þá til vara bót á landsstjórninni strax til bráðabyrgða? Það er að sönnu satt, sem þingmaður Suður-Þingeyinga tók fram, að menn kynni að hafa kosið á annan hátt, ef menn hefðu vitað, að sama nefndin ætti og að fá sjálft stjórnarbótarmálið til meðferðar; en þá finnst mèr þó hægt að ráða nokkun veginn bót á þessu, með því að eins að bæta tveimur nýjum mönnum inn í hina nefndina, eins og opt hefir verið gjört hèr á þingi áður.

Helgi Hálfdánarson: Eg sè það nú, að eg hefi líklega misskilið þetta mál. Þar sem á dagskránni stóð: Bænarskrá úr Árnessýslu um stjórnarbót, og aptur í næstu línu fyrir neðan: Bænarskrár úr ýmsum hèruðum um stjórnarbót og þjóðfund, þá hugsaði eg að orðið »stjórnarbót« væri haft í sömu merkingu á báðum stöðum, og að hèr væri á hvorugum staðnum talað um annað en þá sömu stjórnarbót sem hin fyrri þing hafa beðið um. Eg kaus þess vegna í nefndina áðan í þeirri sannfæringu, að eg hefði kosið nefnd í stjórnarbótarmálið í vanalegum skilningi. Eg skil eigi heldur, hvernig annað getur verið meiningin í bænarskrá Árnesinga en í hinum, því mer sýnist hún i niðurlagsatriðunum fara fram á hið sama og hinar, að öðru leyti en því, að hún ekki talar um þjóðfund. En eptir því, sem mèr hefir heyrzt á ræðum þingmanna, þá kemur það nú upp úr kafinu, að bænarskrá Árnesinga biðji ekki um samkynja stjórnarbót sem þá, er hin fyrri þing hafa beðið um, heldur um eins konar bráðabyrgðar stjórnarbót. Þetta get eg nú ekki sèð, að liggi í niðurlagsatriðunum í bænarskrá Árnesinga, og hvað slíka bráðabyrgðarstjórnarbót snertir, þá finnst mèr það varúðarvert að biðja um hana, ef menn vilja fá hina á eptir; því það mundi verða hinni eiginlegu stjórnarbót til hindrunar, og stjórnin lèti sèr ef til vill nægja að veita bráðabyrgðarstjórnarbótina, svo að árangurinn af öllu saman yrði, að vèr fengjum reglulega stjórnarbót annaðhvort mjög seint eða aldrei. Eg álít því varúðarvert fyrir þingið að taka slíka stefnu í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að leiðrètta hinn heiðraða þingmann Suður-Þingeyinga. Hann dróg allt annað út úr Árnessýslu bænarskránni en hún ber með sèr, það er að skilja, að beðið væri um bráðabyrgðarstjórn; en það er ekki beðið um hana, heldur er þar að eins i ástæðunum getið um, að sterk landsstjórn sè nauðsynleg til að framfylgja landslögum. Það er því svo langt frá, að beðið sè um nokkra bráðabyrgðarstjórn í niður-

lagsatriðum bænarskrannar, að deyfð landsstjórnarinnar nú er að eins færð sem ástæða til að flýta fyrir stjórnarbót þeirri, sem beðið er um í niðurlagsatriðunum. Ef menn vilja gjöra eitt úr tvennu og tvennt úr einu, þá skil eg, að menn vilji setja 2 nefndir í þetta mál, og gefa atkvæði fyrir, að vísa til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu svo ólíku máli, sem rán á æðarfugli á landi er, svo sem nú var nýlega gjört. En það hlýt eg að segja, að mèr finnst svo vel kosið í nefndina, að eg get ekki kosið aðra betri í þessa.

Forseti: Það er komin beiðni frá 10 þingmönnum um, að umræðunum sè hætt, sem líka eru orðnar að mínu áliti óþarflega langar, þar eg sè ekki að það standi á miklu, hvort sèrstök nefnd er kosin, eða málinu er vísað til hinnar nefndarinnar, því nefndin gæti eins í álitsskjali sínu haft tvær hliðar á bæn sinni eður skipt henni í tvö atriði.

Var síðan gengið til atkvæða, og sèrstök nefnd samþykkkt með 12 atkvæðum. Var svo stungið upp á 9, 7 og 5 manna nefnd. 5 manna nefnd samþykkt, og þessir kosnir:

A. Ólafsson	með	16 atkv.
P. Pètursson	—	15 —
Sv. Skúlason	—	14 —
J. Sigurðsson	—	12 —
H. Hálfdánarson	—	12 —

Málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Það er að eins eptir 1 bænarskrá á dagskránni, en flutningsmaður hefir talað um, að hann heldur vildi, að hún biði þangað til seinna.

Björn Pètursson: Eg vildi enn óska að svo yrði, ef forseti hefði ei á móti því.

Forseti: Eg vil vekja athygli þingmanna að því, að nú þegar er liðið nokkuð á þingtímann, og mörg mál komin til þingsins; vil eg því biðja þingmenn að hraða málunum sem mest, svo að þau sem fyrst geti komið til undirbúningsumræðu, svo að ei verði menn seinna í vandræðum með tímann.

Ákveð eg svo fund til þess á morgun kl. 12, og kemur þá meðal annars til umræðu uppástunga *um skiptingu þingtíðindanna.*

Fundi slitið.

(Fimmti fundur) — 8. júlí.

Allir á fundi, þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar vil eg leyfa mèr að tilkynna, að í nefndinni í kláðamálinu er kosinn formaður þingmaður Árnesinga, og skrifari þingmaður Snæfellinga. Í nefndinni um bænarskrána frá Árnessýslu um stjórnarbót er kosinn formaður þingmaður Vestur-Skaptfellinga, og skrifari hinn konungkjörni varaþingmaður. Í nefndinni um að Skutulsfjarðareyri verði veittur kaupstaðarrèttur formaður þingmaður Reykvíkinga, skrifari ei nefndur. Í nefndinni um vinnuhjúalögin formaður hinn 3. konungkjörni þingmaður, skrifari þingmaður Vestur-Skaptfellinga. Eg hefi einnig fengið áskorunarskjal frá nefndinni í fjárkláðamálinu um bráðabyrgðarráðstafanir.

Síðan gat forseti bænarskráa, er komnar væri til þingsins, af hverjum sumar væri komnar til nefnda, en aðrar lægi til sýnis á lestrarsalnum. Nýlega sagðist hann hafa meðtekið eina frá Borgarfjarðarsýslu með 228 nöfnum undir, um að byggja megi kaupstað á Skipaskaga, og aðra frá Húnvetningum um breytingu á skólareglugjörðinni, og síðan mælti:

Forseti: Áður en umræðurnar byrja, vil eg vekja athygli þingmanna að því, að flýta störfunum sem mest, og þar til heyrir þá, að þingmenn leiðrètti ræður sínar á rèttum tíma. 2 fyrstu fundirnir hafa nú legið í 3 eða 4 daga, og eru enn ekki nærri alveg leiðrèttar, og vildi eg því biðja þingmenn að hafa lokið við að leiðrètta þá í kveld. Annars vildi eg gjöra það að reglu framvegis, sem eg vona að þingmenn aðhyllist, að þingmenn væri búnir að leiðrètta fundina innan 3 daga frá því, að fundirnir eru lagðir fram, að þeim deginum með töldum, sem þeir eru lagðir fram á.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi óska, að forseti vildi gangast fyrir, að á bænarskráalistann væri sett, hversu mörg nöfn eru undir bænarskránum, svo menn sjái hvort málið sè áhugamál þjóðarinnar eður ekki.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Borgfirðinga *um skiptingu á alþingistíðindunum.*

Málið afhent uppástungumanni.

Arnljótur Ólafsson: Uppástungan er svo látandi:

Sjá fyrri part alþingistíðindanna bls. 74—75.

Eg vil, áður en eg heyri umræður þingmanna, leyfa mèr að taka fram 2 atriði. Annað er um meðferðina á uppástungunni, og er þá sjálfsagt, að eg skoða hana sem innanþingsmál; en um þau mál er venja að hafa að eins eina umræðu, og ráða þeim til lykta á einum fundi. Eg sè eigi, að fleiri en eina umræðu þurfi um þetta mál, því hèr liggur einungis fyrir uppástunga um, hvort alþingistíðindin skuli prentast í tvennu lagi eður í einu, eins og verið hefir, og virðist hægt að gjöra út um það á einum fundi; en úr því verður það komið undir forseta, hvort eður að hve miklu leyti hann vill taka til greina allar afleiðingar uppástungunnar. En mál þetta er svo einfalt, að hver sem hefir lesið alþingistíðindin, og þekkir hvernig þau eru löguð, á hægt með að sjá, hve mikið vinnst með uppástungunni, því ef hún yrði samþykkt, sparaðist bæði mikið fè og tími. Hitt atriðið, sem eg vildi tala um, er um fáein atriði í uppástungunni sjálfri, sem eru svo löguð, að þau gæti við fyrsta álit virzt að ganga lengra, en eg ætlaðist til í rauninni, svo sem er um það atriði í uppástungunni, að hætta mætti að prenta atkvæðaskrárnar, eins og hingað til hefir verið gjört. Eg ætlaðist ekki til þess, að því væri alveg hætt nú þegar, heldur til hins, að það væri ekki gjört í öllum málum; en það yrði að vera á forseta valdi að ákveða, í hverjum málum hann sèr nauðsyn að fara að eins og áður hefir verið, og í hverjum að viðhafa þá aðferð, sem hèr er stungið upp á. Í umfangsmiklum málum get eg skilið, að þessi aðferð, er eg sting upp á, gæti ef til vildi valdið ruglingi, svo að í þeim væri æskilegt að hafa atkvæðaskrá lausa, en hún væri þá að eins fyrir þingmenn, og þyrfti því eigi að vera prentuð aptur í tíðindunum. En í minni málum, þar sem breytingaratkvæði eru fá, mætti auðveldlega hafa þessa aðferð, eins og t. a. m. ef þessi aðferð hefði verið höfð við Akureyrarmálið á síðasta þingi, sem fá breytingaratkvæði komu fram í, og öll frá nefndinni, en frumvarpið sjálft var langt, þá hefði sparazt eigi all-lítið fè. Nú ætti eptir minni uppástungu breytingaratkvæðin að vera prentuð sèr á lausum miða í röð þeirri, sem þau koma til atkvæða, en fyrir framan þau ætti að vera skýrt vísað til við hverja grein í frumvarpinu þau ætti, álít eg þá ekki örðugra að ganga til atkvæða eptir þessum 2 miðum, þar sem frumvarpið er á öðrum þeirra, en breytingarnar á hinum, heldur en eptir 1 miða, þar sem breytingaratkvæðin eru rètt á undan greinum frumvarpsins, með því að breyt-

ingar-atkvæðin verða þó eins, hvort sem þau standa á miða sèr eður eigi, borin upp á undan frumvarpsgreinunum. En hitt, að vera að prenta langt frumvarp eður breytingaratkvæði nefndarinnar í því aptur upp í atkvæðaskránni og eins niðurlagsatriði nefndar, og prenta þetta allt fyrst tvisvar handa þingmönnum og síðan aptur tvisvar í þingtíðindunum, það álít eg sè hið sama sem að gjöra sèr leik til að sóa út fè landsins og tefja fyrir prentun tíðindanna. Annað er það atriði, sem eg vildi fyrirbyggja misskilning á, þar sem talað er um í uppástungu minni, að hætta að skrifa þingbækurnar; og vil eg í því tilliti taka það fram, að það alls eigi var ætlun mín, að hætt væri að skrifa þingbækurnar að minnsta kosti í þetta skipti, heldur er einungis í uppástungunni drepið á, að því fljótara sem prentun tíðindanna gengur, því minni verði nauðsyn að skrifa þingbækurnar. Að öðru leyti álít eg það óhætt og sjálfsagt og lögum samkvæmt, að fela forseta þingsins, að gjöra það sem bezt á við í hvert skipti. Aðalkraptur uppástungunnar er því sá, að með skiptingunni sparast mikið fè og tími, og fellur burt að prenta margar arkir tvisvar eða optar, og yrði við það ekki lítið unnið.

Konungsfulltrúi: Eg þarf nú að vísu ekki að taka til orða í þessu máli, því eg álít sjálfsagt, að þingið taki fegins hendi við þessari uppástungu, því hún miðar augsýnilega til þess að draga töluvert úr þeim mikla kostnaði, sem leiðir bæði af prentun þingtíðindanna og ýmsri aukavinnu fyrir þingið, og hef eg í því tilliti leitað upplýsingar um það dæmi, sem tekið er fram í uppástungunni frá hjúalagamálinu, og hefir forstöðumaður prentsmiðjunnar sagt mèr, að með þessari aðferð, sem hèr er stungið upp á, mundi hafa sparazt í því máli að vísu hèr um bil 35 rd. og þá sjálfsagt í öðrum málum í sama hlutfalli. Með þessari tilhögun fellur og burtu mestöll aukavinna, (*H. Kr. Friðriksson:* Hvað er aukavinna?); prentun á atkvæðaskrám, niðurlagsatriðum o. s. frv. sem hefir kostað talsvert, ef mig minnir rètt á annað hundrað dali. Úr þessu bætir uppástungan verulega. Einungis hefði eg óskað, að uppástungan hefði, ef til vill, farið lengra, og að til að mynda því hefði verið hreift í henni, að sleppa inngangsumræðunum um málin; en eins og uppástungan liggur fyrir, leiðir hún til mikils sparnaðar í þingkostnaðinum, það virðist mèr auðsætt og þetta er verulegur kostur á uppástungunni.

Forseti: Með tilliti til formsins vil eg geta þess, að eg setti

uppástunguna á dagskrána til inngangsumræðu, einungis til vara, ef þingið kynni að finna ástæðu til að setja nefnd í hana; en eg vona allt fyrir það, að út um hana verði gjört í dag sem innanþingsmál. Eg tel það mikinn kost við hana, ef hún getur leitt til mikils sparnaðar á prentunarkostnaðinum, og það er bæði skylda mín og vilji, að hafa allt mögulegt tillit til þessa, og fáir eru á þessum tímum færir um að bera þungar álögnr.

H. Kr. Friðriksson: Eg stend nú ekki upp til að mæla á móti sparnaði, þar sem honum verður við komið, og eg álít sannarlega, að þingið kosti allt of mikið, og eg skyldi vera manna fyrstur til að fallast á uppástunguna, ef eg sæi nokkurn sparnað við hana. En eg sè nú ekki, að hinn minnsti sparnaður náist fyrir þessa uppástungu, því að eins og hinn háttvirti flutningsmaður viðurkenndi sjálfur, yrði óumflýjanlegt að prenta atkvæðaskrár í öllum stærri málum, því að eg er hræddur um, að sú reyndin mundi á verða, að ef menn ekki, eins og opt hefir verið, hafa getað áttað sig i atkvæðaskránum, þegar allt hefir legið í rèttri röð fyrir þeim, mundi ekki betur fara, þegar menn ættu að fara að leita að einu atkvæðinu á fyrstu síðunni af örkinni, öðru á 2., þriðja á 3. o. s. frv. Það yrði því alveg óumflýjanlegt, að prenta atkvæðaskrár, að minnsta kosti í öllum hinum stærri málum, eins og verið hefir. En þótt nú uppástungan geti átt við um hin smærri mál, þar sem atkvæðaskráin er svo sem oktavisti, þá sè eg nú ekki, að við það ynnist sá sparnaður, sem vert væri að tala um, og gæti þó, ef til vill, valdið nokkrum ruglingi. Þar sem talað er um, að annar sparnaður mundi vinnast við þetta, svo sem að ekki þyrfti nema að einprenta svo margt, sem áður hafi verið tvíprentað eða optar, þá sè eg ekki, hvernig það á að geta átt sèr stað; því eg skil ekki, hvernig það á að vera auðið fyrir prentsmiðjuna að halda »*a jour*« við þingið, eins og menn kalla, svo að allt yrði prentað jafnóðum, svo að niðurstaðan mundi verða, að það yrði, að tvíprenta allt, sem áður hefir verið tvíprentað. Þar sem er ráð gjört fyrir í uppástungunni, að kippa megi upp úr tíðindunum einni og einni örk með bænarskránum til konungs, til að senda konungi, þá get eg nú með dæmi sýnt fram á, hvað skynsamlegt það er. Eg set svo, að það eigi að senda konungi álitsskjal, til að mynda um búnaðarskóla, svo skyldi fyrst á örkinni sem það væri á, vera endirinn á fjárkláðamálinu, og svo seinast á örkinni byrjunin á hjúalagamálinu, þá vil eg spyrja, hver skynsemi er í þessu? eða

hvort það væri samboðið þinginu eða konungi, að senda honum bænarskrárnar þannig? Mèr finnst þetta alveg óskiljanlegt, hvernig prentsmiðjan ætti að geta leyst þetta hlutverk af hendi, og eg skil heldur ekki, að þingið gæti verið þekkt að því, að nota þessa smástumpa. Ef uppástungan hefði hljóðað um, að sleppa öllum þingræðum, það hefði eg skilið, og þá hefði verulegur sparnaður fengizt. Þetta er líka venja sumstaðar, eins og á stórþinginu í Noregi; þar eru engar ræður prentaðar, en að eins öll skjölin. Þvílíka uppástungu skyldi eg samþykkja, og við það fengist sparnaður, er mundi nema að minnsta kosti frá 1200—1400 rd. Þingið ræður nú hvað það gjörir, en eg er hræddur um, að þegar þingtíðindin í ár væri fullprentuð með þessu fyrirkomulagi, mundi raunin á verða, að lítill sparnaður hefði unnizt.

Jón Guðmundsson: Mèr var það ljóst, undir eins og eg las uppástunguna, — og er þó höfundur hennar, hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga, vanur að framsetja meiningu sína ljóslega, bæði í ræðu og riti —, að hann mundi trauðlega skilja sjálfan sig, eða hver meining væri í þessari uppástungu hans, og um það sannfærðist eg enn betur, þegar eg talaði við hann sjálfan um hana, því hann gat ekkert sagt mèr um, hvernig hann hugsaði sèr fyrirkomulagið á neinu því, sem hann er hèr að stinga upp á. Mèr hefir nú allt af fundizt æskilegt og nauðsynlegt, að prentun tíðindanna gæti komizt í annað lag, og orðið með öðru fyrirkomulagi, því eins og henni hefir verið hagað hingað til, hefir hún bæði mjög mikinn kostnað í för með sèr, og frágangur og útgáfa þeirra, eins og hún nú er, er í mörgu tilliti óaðgengileg, og hefir aldrei náð tilgangi sínum, einkum vegna þess, hvað seint þau hafa komið út, og borizt út til almennings; aðaltilgangurinn með hver þingtíðindi sem eru, er þó sá, að þau geti sem fyrst og sem aðgengilegast skýrt landsmönnum frá aðgjörðum þingsins og afdrifum málanna. Ef nú ráðin yrði bót á þessu, væri stórmikið unnið. En því sè eg ekki að gæti orðið framgengt að neinu verulegu, nema með því, að sleppa öllum þingræðunum, og prenta að eins öll skjölin hvers þingmáls; með því væri unninn verulegur hagnaður, og þá gæti þingtíðindin einnig komið strax út, að minnsta kosti samsumars, og næði þá tilgangi sínum; þá yrði ekki þeim vankvæðum að skipta sem nú, að landsmenn fái ekki tíðindin fyrr en 2 árum eptir þingið, eins og eg heyri, að sumir fyrst nú í sumar eigi kost á að lesa tíðindin frá 1861. Að því leyti, sem uppástungumaður hugsar sèr, að ráða

bót á þessu, þá er uppástungan mjög góð og gagnleg, og að því leyti sem það yrði afráðið, að prenta fyrri hlutann sèr í lagi, eins og uppástungan fer fram á, þá gæti sá partur fljótt komizt frá hendinni, og landsmenn þá fljótt fengið yfirlit yfir aðgjörðir þingsins. En þetta er líka sá eini kostur sem uppástungan getur haft í för með sèr; en allt hitt, sem hún er að bera á borð um atkvæðaskrárnar og þar af leiðandi sparnað, get eg alls eigi aðhyllzt, eg er viss um, að af þessum kafla uppástungunnar mundi ekki leiða annað en glundroða og illt eitt, og eg tel víst að fæstir þingmenn geti gjört sèr ljósa hugmynd um afleiðingarnar af öllum þeim breytingum, því það er auðsèð, að uppástungmaður sjálfur hefir ekki haft neina hugmynd um það, og því síður um þann sparnað, sem þessar uppástungur hefði í för með sèr, þó að hann gjöri svo mikið úr honum. En eg get sagt þinginu, að það mundi varla verða meir en 16—20 rd., er mundu sparast með þessu, en aptur hafa í för með sèr miklu viðsjálla fyrirkomulag á atkvæðaskrám og atkvæðagreiðslu. Eg held því, að ekki sè tilvinnandi að halda langar ræður um þenna hluta uppástungunnar, því hann er alveg óbrúkandi, og mundi gjöra meir en tveim þriðjungum þingsins ómögulegt að greiða rètt atkvæði. Með þessum agnúum, sem eru á uppástungunni, get eg ei lagt það til, að útgjört verði um hana í dag, þó að eg álíti það að öðru leyti leyfilegt eptir þingsköpum vorum og venju, þar sem hèr er að ræða um innanþingsmál. En kostnaðurinn yrði eins mikill við það, að halda langar umræður um það á þessum fundi, og komizt þó ekki að neinni sannfæringu eða fastri niðurstöðu um uppástunguna, eins og sparnaðurinn er leiddi af uppástungunni þó hún yrði tekin, því hann yrði alls engi. Eg vil því stinga upp á, að nefnd sè kosin í málið, því þá vona eg, að uppástunguna megi laga svo og skýra, að hún geti náð aðaltilgangi sínum, að tíðindin komi sem fljótast út, og að nokkur sparnaður ávinnist, án þess þó, að þingstörfin verði gjörð flóknari og óviðfelldnari, heldur en þau eru nú. Eg sting því upp á 3 manna nefnd í málið.

Arnljótur Ólafsson: Eg er alveg mótfallinn nefnd, því eg held að engin nefnd gæti gjört málið ljósara en það er, nema ef það væri þeir tveir, hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga og hinn háttvirti varaforseti, sem hafa sýnt, að þeir skilja ekki eitt orð í uppástungunni. Eg er sannarlega í vandræðum, ef eg á að fara að gjöra þeim skiljanlegt, hvernig skipting tíðindanna ætti að vera,

eða hvað ætti að koma í hvern hluta fyrir sig, því eg held, að eg geti ekki einu sinni komið þeim í skilning um, að eg hafi stungið upp á að skipta tíðindunum í tvennt, og hver mál koma skuli í hvern hluta. Þeir sögðu, að það sparaðist ekki neitt við uppástunguna, en færðu engar sannanir fyrir því, svo að eg er í rauninni ekki skyldugur að svara þeim, en ef eg kynni að geta sannfært aðra þingmenn — því þessa tvo býst eg ei við að geta sannfært — vil eg tala nokkur orð. Eg vil spyrja hvort það er ekki sparnaður í því að prenta að eins einu sinni allar uppástungur, frumvörp, og niðurlagsatriði, í staðinn fyrir að prenta allt þetta fjórum sinnum. Annað er það, að í vandasömum málum verður reyndar atkvæðaskrá að prentast einu sinni handa þingmönnum, en það þarf ekki að kasta úr stílnum, og það verður strax á eptir prentað í fyrra parti tíðindanna. Það vita allir sem til þekkja, að prentunarkostnaðurinn er mestur fólginn í setningunni, en minnstur í prentuninni sjálfri. Þar sem hinn háttvirti varaforseti var að tala um þenna 16 dala sparnað, þá var það merkilegt, að slík orð skyldi koma frá þeim manni, sem hefir svo opt samið reikning yfir alþingistíðindin, og hann harla nákvæman í sumum greinum, og og held, að eg geti vísað honum þar á 350 rd., sem mundu alveg falla burt, ef uppástungan kæmist á. Allur, eða því nær allur fjölprentunarkostnaður fellur niður við uppastunguna, því þótt eitthvað kynni að verða tvíprentað handa þingmönnum, þá verður eigi kastað stílnum úr, heldur verður undir eins prentað handa landsmönnum, þegar búið er að prenta handa þingmönnum. Þar sem þessir tveir þingmenn hafa fundið til, að ei væri til tekið, hvernig fyrirkomulagið ætti að vera, og verið að tala um, að það mundi verða að kippa einni örk út úr, til þess að senda það konungi, þá finnst mèr það ekki annað en að gjöra sèr leik, til að lengja umræðurnar; það er svo sem auðvitað, að þegar málið er prentað handa þingmönnunum, þá verður hvert mál prentað sèr, en síðan bætt við, þangað til full örk er komin, þegar prentað er handa lesendum. Eg ímynda mèr, að varaforseti þekki, að atkvæðaskrárnar eru prentaðar öðruvísi handa þingmönnum, það er að segja í mílnalöngum spildum, en þær standa í alþingistíðindunum. Ef hann hefði munað eptir því þá hefði hann líklega skilið þetta.

H. Kr. Friðriksson: Þar sem hinn háttvirti uppástungumaður talaði um þann sparnað, sem leiddi af því, að stílunum ei væri kastað af, lýsti hann töluverðum ókunnugleika til prentsmiðjunnar

hèrna og ástandi hennar. Eg set, að málið sem á að prenta, sè 1½ örk, og áður sè komið svo mikið til prentsmiðjunnar, að það þurfi stíla í 4 arkir, þá vil eg spyrja flutningsmann: »Hefir hann spurt forstöðumann prentsmiðjunnar að því, hvort hann hafi svo marga stíla, að hann geti látið mál, sem tekur upp 1½ örk standa í einn hálfan mánuð eða 3 vikur? og ef þingið á að bíða eptir málunum í eina 3 eða 4 daga, þá vil eg spyrja, hvort fæðispeningarnir fyrir þá dagana muni ekki ganga upp á móti sparnaðinum, sem á að vinnast við þessa skiptingu. Þar sem uppástungumaður sagði, að eg hefði misskilið þessa uppástungu um að taka eina og eina örk út úr tíðindunum, og senda konungi, þá held eg það sè enginn misskilningur, því það eru þó að eins bænarskrárnar, sem sendar eru til konungs, en þær hafa aldrei verið prentaðar nema einu sinni, svo þetta verður þá enginn sparnaður, sem upp á er stungið, heldur miklu fremur kostnaðarauki, að senda þær svona, því annaðhvort er að stílunum verður að kasta af, og þá verður allt eins og áður, eða þó að þeir verði látnir standa, og gæti það ef til vill orðið nokkuð lengi, og leitt til töluverðs kostnaðar. Auk þessa vil eg biðja flutningsmann að athuga, að ef bænarskrárnar til konungs eru prentaðar sèr á örk, og um leið í þingtíðindunum, þá eiga þær líklega ekki alveg svo vel við það sem á undan er komið að ekki þurfi að flytja síður og línur um, og það mundi þó prentsmiðjan ekki gjöra fyrir ekki neitt.

Jón Hjaltalín: Þegar eg skrifa »Recept«, gjöri eg mèr allt af far um, að hafa þau sem stytzt, því annars er hætt við, að hvað vilji reka sig á annað, en því einfaldara sem það er, því betra er það. Mèr fèll nú þessi uppástunga, sem hèr liggur fyrir, mjög vel í geð, þegar eg sá hana, því mèr finnst hún vera eitthvað óbrotnari og einfaldari en aðrar, sem komið hafa um líkt efni, og að töluverður sparnaður fengist við hana, er efalaust. Eg hef nú líka, einmitt meðan staðið hefir á þessum umræðum, talað um þetta við kunnugan mann, því það er altènd gott, að spyrja aðra fróðari, þegar maður er í óvissu sjálfur, og hann hèlt, að þetta mundi geta tekizt. Hèr hafa nú reyndar komið fram ræður móti uppástungunni, en mèr hafa virzt þær nokkuð óljósar. Menn hafa sagt, að það mundi vanta stíla, að menn vissu ei, hvort sparnaðurinn yrði svo mikill, og að þetta kynni máske að tefja, í staðinn fyrir að flýta fyrir. Eg held nú, að þingmönnum sè þetta ekki full-ljóst, og geti því ekki gjört út um það strax. Eg sè og stuttan og hentug-

an veg, sem þingið getur valið, það er að fela 5 mönnum, sem eg reyndar þori ekki að stinga upp á, að koma sèr saman við forstöðumann prentsmiðjunnar um það, hvað mundi vera hinn bezti fljótasti og kostnaðarminnsti vegur við prentun tíðindanna, þá er eg í öllu falli viss um, að þeir gætu fengið að vita, hvað margir stílar eru til. Þeir tveir, sem talað hafa á móti uppástungunni eru praktiskir menn, og þekkja vel þann kostnað, sem leiðir af prentun. Eg held því, að ef þeim og uppástungumanni ásamt tveim öðrum væri falið málið, mundi það geta fengið hin greiðustu og beztu afdrif.

Forseti: Það er nú framkominn ljós vottur þess, að þingmenn eru ekki samdóma um málið, og af því sumum þingmönnum virðist ekki málið fullkunnugt, væri máski eins tiltækilegt að setja nefnd í því. Það hefir vèrið bent til, að mestur sparnaður mundi vinnast með því að hætta að prenta þingræðurnar, en eg veit ekki hvort nokkur ætlar að gjöra uppástungu um það.

Arnljótur Ólafsson: Þar sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að stíllinn yrði að standa svo og svo lengi, þá er það einber misskilningur á niðurlagsatriði uppástungunnar, og er því auðsætt, að hann hefir ekki kynnt sèr hana; þar stendur: Að alþingistiðindin sè prentuð í tvennu lagi, þannig, að í einum hluta sè þingmál öll o. s. frv. (sjá uppástunguna).

Nú er auðsèð af þessu, að ætlazt er til, að farið sè að prenta þingmálin í fyrri hluta tíðindanna, jafnótt og þau koma fram á þingi, og þá þarf stíllinn enga stund að standa. Þar sem hinn sami heiðraði þingmaður var að tala um þessar einstöku arkir, sem ætti að kippa út úr, til að senda þær konungi, þá sýnir það einungis, að hann hefir eigi getað fundið annað merkilegra að uppástungunni, og er það næsta ómerkilegt, og eg vildi nær því óska, að ekkert hefði um þetta efni staðið í uppástungunni, svo það hefði ekki orðið til, að hneixla mína kristnu meðbræður.

Sveinn Skúlason: Það er að vísu satt, að þetta er innanþingsmál, og má því hæði ráða því til lykta nú á þessum fundi, og láta setja í það nefnd. En eg er nú samt hvorki samþykkur þeim, sem vilja setja nefnd í það nè heldur flutningsmanni, sem vill, að uppástungan sè samþykkt á þessum fundi, því eg vil reyndar, að úr því sè skorið á þessum fundi, en svoleiðis, að það sè fellt; bæði er það af því, að eg er hræddur um, að lítið vinnist með uppástungunni, og svo vildi eg líka taka fram eina aðalástæðu fyrir því, sem ekki hefir verið tekin fram enn; það er sú, að þetta verður

að líkindum hið síðasta þing með þessu fyrirkomulagi og þessum þingsköpum, svo að þegar þingið kemur næst saman, verður það að líkindum búið að fá meira vald, og breytir þá að líkindum allri tilhögun sinni og þingsköpum, svo mèr finnst, að það varla sè ómaksins vert, að vera að eyða mörgum umræðum upp á þessa uppástungu fyrir þetta eina þing, þó við hana kynni þingtíðindin að styttast um nokkrar arkir. Eg sting því upp á, að málið verði þegar fellt.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi því, sem forseti skaut til þingmanna, hvort nokkur vildi gjöra uppástungu um, að hætta prentun þingræðanna, þá vil eg lýsa því yfir, að í mínu kjördæmi eru menn alveg móti því, að sleppa þingræðunum úr tíðindunum, því eg er hræddur um, að þau þættu fremur þurr-æt, ef þær fèllu allar burt. Eg skil ekki í því, að menn skuli leggja alla áherzluna á sparnaðinn, sem ynnist við þessa uppástungu, en gæta ekki þess, sem mest er í varið, hvað hún flýtir fyrir útkomu tíðindanna. Eg hef nú raunar enga hugmynd um, hve mikill sparnaður kynni að verða, varla ímynda eg mèr, að hann gæti orðið mjög mikill, og sízt svo mikill, að menn ættu eins mikið að gangast fyrir honum, eins og einmitt fyrir flýtinum. Það hefir hingað til verið aðalgallinn á tíðindunum, hvað seint þau hafa komið út um landið. Í þessu tilliti yrði mikill árangur af uppástungunni og mikið unnið við hana, því þegar fyrri hluti tíðindanna yrði næstum fullprentaður við hver þinglok, svo þingmenn gæti ef vildu, flutt þau með sèr heim í hèruð, þá gæti einnig allir landsmenn, sem vildu, strax fengið yfirlit yfir helztu aðgjörðir þingsins; en þeir sem þá vildu heyra ræðurnar líka geta beðið, þangað til þær koma út í seinni partinum; og sýnist mèr svo mikið unnið með þessu, að vert sè að taka upppástunguna til greina. Gangi menn einasta út frá niðurlagi uppástungunnar, að þingtíðindunum sè tvískipt, þá virðist mèr enga nefnd þurfi að setja í málið. En ef menn vilja fara að leggja niður fyrir sèr fèsparnaðinn sem ynnist við hana, þá væri máske ástæða til að kjósa nefnd, sem þá ætti að bera sig saman við hina prentfróðu menn hèr í Reykjavík.

Síðan lèt forseti ganga til atkvæða um það, hvort menn skyldu gefa uppástungunni gaum, annaðhvort eins og hún væri, eða vísa henni til nefndar, og var það samþykkt með 18 atkv.

Því næst var nefnd samþykkt með 19 atkv..

Stungið var upp á 5 og 3 manna nefnd 3 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

A. Ólafsson	með	19 atkv.
H. Kr. Friðriksson	—	10 —
J. Guðmundsson	—	9 —

Málið afhent uppástungumanni.

Forseti: þá kemur samkvæmt dagsskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá þingeyjarsýslu um skattinn. Flutningsmaður er þingmaður Suður-þingeyinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Jón Sigurðsson: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 76—77. bls.

Mèr finnst ekki ástæða til að bæta neinu hèr við að svo komnu; ástæðurnar fyrir málinu eru svo ljóslega teknar fram í bænarskránni, að þær geta legið öllum í augum uppi. Eg vona því, að allir þingmenn álíti málið þess vert, að því sè gaumur gefinn.

Konungsfulltrúi: þó mèr þyki það mjög eðlilegt, þó þessi bænarskrá komi til þingsins, þegar litið er til þess, hve gömul og ófullkomin skattalöggjöf vor er, og hvað ójafnt skatturinn eptir henni hefir komið niður á gjaldþegnunum, þá finnst mèr það þó mjög efasamt, hvort nú sè sá rètti tími til að bera þetta mál upp, þegar það stendur fyrir dyrunum, að ný skipun komist ef til vill á stöðu landsins í ríkinu og meðan málið um fjárhag landsins er á leiðinni; því komist breyting á stjórnarhag Íslands leiðir beinlínis af henni, að skattalögum þess þá sjálfsagt mundi þurfa jafnframt að breyta, svo þó ný skattalög kæmist nú þegar á áður en sú eptirvænta breyting á stöðu landsins í ríkinu er komin í kring, þá er eg hræddur um, að þessi lög mundi þurfa, þegar svo væri komið, aptur breytingar við, þegar sú nýja stjórnarskipun væri komin á. Mèr virðist það því mikið efamál, hvort nú sè hinn rètti tími til þess að hreifa þessu máli, án þess að eg þó að öðru leyti á nokkurn hátt sè málinu mótfallinn, því það viðurkenna víst allir sem skyn bera á þetta mál, að breytingar á skattgjaldslögum vorum hefir lengi þurft, og að það þurfi að laga þau frá rótum; en hvað sem því svo líður álít eg eins og nú á stendur ísjárvert mjög að gjöra nú þegar nokkuð við þetta mál, en rèttast að fresta því að svo komnu.

Benidikt Sveinsson: Eg er alveg samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um það, að þessi bænarskrá sè alveg ótímabær

burður, og eg álít, að það bæði sè varúðarvert, og geti jafnvel orðið hættulegt að gefa henni nokkurn gaum að þessu siuni.

Páll Melsteð: Þó eg sè alveg á sama máli og bænarskráin um það, að skattalögin sè mjög ófullkomin og óviðfelldin, og er eg því máli ekki ókunnugur, þar sem eg bæði hef goldið skatt sem gjaldþegn, og tekið hann af öðrum sem valdsmaður, og er þar að auki þingmaður fyrir það hèrað, þar sem samlagsskatturinn er viðhafður, þá verð eg þó samt að vera alveg samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa, að það sè of snemmt að bera nú þetta mál fram á þingi; mèr finnst menn með því grípa fram fyrir hendurnar á því komandi þingi, sem að líkindum verður eptir miklu stærri mælikvarða, hefir miklu meira mannval og rýmra verkasvið en vèr sem á þessu þingi sitjum.

Jón Hjaltalín: Eg hef allt af haldið, að þegar menn fengju til þingsins velsamdar og fallegar bænarskrár, og það væri rètt, sem þær færi fram á, að menn ætti að gefa þeim gaum. Og eg held nú, að það sè alveg rètt sem þessi bænarskrá fer fram á; eg hefi allt af, síðan eg var 13 ára gamall, heyrt talað um, hvílíkur hringlandi og óregla væri á skattalöggjöfinni. Það er fallegt fyrir okkur að segja við hvert tækifæri; ekki í dag heldur á morgun. Menn hafa sagt, að það ætti ekki við, að þetta mál kæmist að, af því að ný stjórnarbót væri á ferðinni. En má eg spyrja! Kemur þá nýr himin og ný jörð? Ætli við verðum betur að okkur þá? Eða eru þeir, sem skattinn eiga að gjalda, bættari fyrir það, að það drægist ár frá ári, að óreglan standist enn þá lengur? Mèr hefir sýnzt, að sum málin, sem hafa verið send hèðan frá þinginu, hafi orðið að bíða; og eg held, að þegar þessi nýi þjóðfundur kemur, þá fái hann nóg að gjöra, þó einhverju sè aflokið áður. Þar sem þingmaður Snæfellinga sagði, að við værum eigi færir um að ákvarða um þetta, heldur væri það einungis þetta nýja fullkomna þing, sem eptir oss kemur, þá sýnist mèr nú, að slíkt sè að vanvirða þingið og sýna vantraust til þess, en það á ekki að eiga sèr stað, vèr eigum að hafa fullt trúnaðartraust til sjálfra vor, einungis að vèr brúkum vora krapta eptir fremsta megni. Mèr sýnist þess vegna, að það sè beinlínis skylda þingsins, að taka þetta mál til greina, og mæli eg því fastlega með, að nefnd sè sett í því.

Gísli Brynjúlfsson: Það er auðvitað, að allir, sem biðja, gjöra það í þeirri von, að þeir fái áheyrslu. En til hvers er þá að biðja, ef menn ljóslega geta sèð fyrir fram, að bæninni að minnsta kosti

að svo stöddu geti með öngu móti orðið framgengt? Og svo er nú um þetta mál. Enginn neitar því, að það er mjög svo mikilvægt og nauðsynlegt að bera það fram í sjálfu sèr, en vèr sjáum og allir, að alþingi að svo stöddu með engu móti getur flýtt nokkuð fyrir því, þó það tæki það nú til meðferðar. Því mundi stjórnin þess vegna flýta sèr að láta breyta skattalögunum, áður en sjálft fjárhagsmálið, sem enn er meiri nauðsyn á, verður útkljáð? Eg held það ekki, og eg álít það líka hvorki nauðsynlegt nè gott, að það gengi á undan því. En svo menn vísi þó ei svo mikilvægu máli alveg frá, heldur sýni vilja sinn til að beina því í rètta stefnu og greiða sem mest fyrir því, þegar tími er til þess kominn, þá sting eg upp á að menn vísi því nú að eins til stjórnarbótarnefndarinnar, og með það vona eg að hinn háttvirti flutningsmaður gjöri sig ánægðan.

Jón Sigurðsson: Eg sè það að það ætlar að ganga öðru vísi með þessa bænarskrá, en flestar aðrar bænarskrár hèr á þingi; það viðurkenna allir, að hún sè á rèttum rökum byggð og góð, en þó verður varla neinn til að styðja hana, svo eg er farinn að verða hræddur um, að hún sè fædd undir einhverri óheilla stjörnu. Eg skil reyndar meiningu þessara manna, sem hafa á móti málinu; þeir halda nefnilega, að stjórnarbótarmálið sè rètt fyrir dyrum, og vilja því ekki láta hreifa við skattinum fyrri en það er komið í kring. Eg efa nú að vísu ekki að svo sè; en til þess þó, að málið ei alveg falli, vil eg heldur fella mig við uppástungu þingmanns Skagfirðinga, að vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu; því henni gefst þar með ástæða til að taka tilefni af umkvörtunum um skattamálið, til að reka á eptir stjórnarbótarmálinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi spyrja, hvort þá á að vísa því til nefndarinnar nr. 1. eða nr. 2.

Gísli Brynjúlfsson: Eg var nú, sem menn kannske muna aldrei á því að hafa nema eina nefnd um stjórnarbótarmálið allt; en fyrst hitt þó varð niðurstaðan, þá skal eg þó að eins svara spurningunni því, að eg átti sjálfsagt við þá nefnd, sem sjálfur þingmaður Borgfirðinga er í, það er að skilja stjórnarbótarnefndina nr. 2, ef mig minnir rètt.

Konungsfulltrúi: Eg vildi að eins gjöra þá athugasemd; að eptir uppástungunni er ekki að eins spursmál um það að breyta lögunum um þann svo nefnda skatt, heldur einnig um það að leggja á nýja og almenna skatta, t. a. m. á ýmsa munaðarvöru, þiljubáta,

embættislaun o. s. frv. Þetta styrkir mig enn fremur í þeirri skoðun minni á málinu að það sè rèttast að fresta því að sinni, því það verður óumflýjanlegt að taka málið í heild sinni til yfirvegunar, ef landið fær sína eigin fjárstjórn.

Páll Sigurðsson: Eg held að rèttast væri, að skattalögunum verði alls eigi breytt, fyrr en fjárhagsmálið er komið í kring, því það verður að breyta þá gjaldalögunum frá rótum, og því álít eg nú ætti að vísa þessu máli frá.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi helzt, að málinu væri frestað, en samt held eg, að Dönum væri kært að sjá, að vèr Íslendingar opnum sem flestar dyr fyrir nýjum skattalögum áður en fjárskilnaðurinn er gjörður

Síðan var gengið til atkvæða um það, hvort sèrstaka nefnd skildi kjósa í málið, og það fellt með atkvæðafjölda.

Þá var samþykkt með 16. atkv., að málinu skyldi vísa til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 2.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Þingeyjarsýslu um sveitarstjórn. Flutningsmaður er hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Jón Sigurðsson: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 78—80 bls.

Eg veit nú ekki, hvort þessi bænarskrá fær betri útreið hjá þinginu en hin. En hún hefir það þó sèr til meðmælingar, að mál þetta hefir komið fyrir þingið áður, og það þrem sinnum, ef mig minnir rètt; var þingið þá einhuga á því, að brýnasta þörf væri á að breyta sveitastjórninni og bæta hana frá rótum; nú vita það allir, að þessi þörf fer árlega vaxandi eptir því sem störf þau aukast sem undir sveitarstjórnina heyra, og er því líklegt, að þingið sè sjálfu sèr samkvæmt, og taki málinu fegins hendi.

Konungsfulltrúi: Eg verð að segja um þetta mál eins og um hið næst undangengna, að það stendur í svo nákvæmu sambandi við stjórnarfyrirkomulag þessa lands, að það verður ei frá því skilið. Bænarskráin fer fram á, að sveitarstjórninni sè breytt á hennar lægsta stigi, en mèr getur ekki skilizt, að þetta mál geti orðið tekið þannig fyrir í köflum, heldur virðist mèr, að allt sveitarstjórnarmálið eigi að takast fyrir í heild sinni bæði á þess hærra og lægra stigi, því með því einu móti kemst samhljóðun í það. Þinginu er kunnugt, að stjórnin gat ei aðhyllzt tillögur alþingis 1859, en kvaðst

þó hafa í huga, að leggja frumvarp um það fyrir þingið; en þar sem þetta frumvarp er enn ekki komið, er það bending fyrir þingið um, að stjórnin álíti að nú sè ekki tíminn kominn til að skipa þessu máli í heild sinni; eg er því hræddur um, að þó þingið nú færi að senda bænarskrá til stjórnarinnar um málið, að hún mundi svara því, að nú væri ei sá rètti tími til þess að taka mál þetta fyrir, heldur yrði það nú úr þessu að bíða þangað til málefnið um stjórnarhagi landsins væri komið í kring, enda virðist þetta í eðli sínu. Það mundi því ekkert flýta fyrir málinu hjá stjórninni, þó þingið færi nú að senda henni bænarskrá um það, og biðja hana um að hraða því, og eg ræð því frá að gjöra það í þetta skipti. Eg álít heldur ekki, að þeirri eiginlegu sveitarstjórn hjá oss sè svo illa fyrir komið, eða henni svo ábótavant, að hún þurfi bráðra umbótar við; því eg álít, að sveitastjórnin sè víðast í góðu lagi. En það játa eg, að það er mikil byrði, sem nú hvílir á hreppstjórum eða sveitarstjórunum, og einkum þegar athugazt að engin laun eru í aðra hönd, og þó vinna þær yfir höfuð að tala verk köllunar sinnar með alúð og árvekni.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr finnst það vera auðsjáanlegt, að hèr er allt öðru máli að gegna en um hina bænarskrána, sem áðan var vísað til nefndarinnar um stjórnarbótarmálið, og þó eg æfinlega meti orð hins hæstvirta konungsfulltrúa mikils, þá verð eg þó fastlega að mæla fram með því, að sèrstök nefnd verði sett í þessu máli. Og eg mæli einmitt fram með því, af því að eg hefi aldrei getað sannfærzt um, að sú aðferðin sè affarabetri, þar sem öðru má við koma, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, að byrja helzt að ofan og færa sig svo niður eptir. Þetta er að mínu áliti eins og að reisa húsið áður en grundvöllurinn er lagður, og hitt mun miklu fremur æfinlega reynast eðlilegra í sjálfu sèr og heilladrýgra að byrja einmitt að neðan og halda svo upp eptir smátt og smátt, eins og grösin vaxa. En þess utan er hèr og sá munur og á hinu málinu, að vèr getum nú þegar tekið þetta mál til meðferðar með þeirri nokkurn veginn vissu von, að það hafi einhvern árangur, þar sem bænarskráin tekur svo skynsamlega fram tvö þau aðalatriði í allri sveitastjórn vorri, sem ekki er sýnilegt annað en að stjórnin mætti geta samþykkt undir eins, hvað sem svo stjórnarbótarmálinu líður, og það því fremur sem frá stjórninni sjálfri hefir einmitt áður komið uppástunga til þessa þings í sömu stefnu sem það aðalatriði bænarskráarinnar, að amtmönnum verði settir

meðráðamenn til þess að jafna niður gjöldum á amtsbúa o. s. frv. Þetta atriði þykir mèr svo mikilsvert, og eins líka hitt, að kjör hreppstjóra verði bætt svo, með því t. a. m, að veita þeim nokkur veruleg laun, að þeir með meiri alúð og afli gæti starfað að öllum sveitamálum, að mèr mundi þykja það nóg, að minnsta kosti til bráðabyrgða, ef vèr nú að eins gætum náð þessu í þetta skipti og eg vona líka til að þingið gjöri sitt til, að svo megi verða með því að vísa nú eigi málinu frá, heldur veita því viðtöku með þökkum og setja nefnd í því.

Jón Hjaltalín: Mèr heyrðist konungsfulltrúi taka svo skýrt fram það sem væri móti því, að þessi bænarskrá kæmist að, að þó hún sè vel samin, álít eg ekki hentugt, að hún fái nú framgang, því þó það sè vanalega gott, að byggja neðan frá upp eptir, þá er víst í þessum málum allt af vant að byrja á yfirstjórninni, og er það líka svo í öllum löndum. *(Arnljótur Ólafsson:* Ekki í Hollandi); það er þá af því, að sveitastjórnin hefir verið þar svo góð, að hún hefir ekki þurft endurbótar við. Eg vil því ekki, að við gjörum neitt, sem getur komið í bága við seinni tíma; þó þess vegna nefnd væri kosin í málið, held eg að lítill árangur yrði af því.

Benidikt Sveinsson: Eg játa reyndar, að það er nokkur munur á þessari bænarskrá og hinni hvað samband þeirra við stjórnarmálið snertir, en samt sem áður verð eg að vera alveg á sömu skoðun um hana og hinn hæstvirti konungsfulltrúi. Það er auðsjáanlega rangur og óþarfur orðaleikur að vera að tala um það, hvort byggja eigi stjórnarlögin og stjórnarbótina ofan eða neðan frá, það er auðvitað, að það getur hvorttveggja komið fyrir. Hugsi maður sèr það, að stjórnin myndist af sjálfu sèr við venju, sjá menn af sögunni, að hún myndast neðan frá og upp eptir, en verði hún til við lög allt í einu, skapast hún ofan frá og niður eptir. En hvað oss snertir, þá verðum vèr að sækja í hendur stjórnarinnar það vald, sem vèr höfum og óskum eptir, og því verðum vèr að hugsa oss, að stjórnarbót vor gangi ofan frá og niður eptir. Eg vil enn ítreka það, að rèttast er án efa að fylgja bendingu þeirri, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf þinginu, því sveitarstjórnarmálið heyrir, eins og nú á stendur, á hinu síðasta stigi undir stjórnina, og þetta atriði held eg að mundi valda því, að stjórnin ei geti nè vilji hreifa við málinu, fyrr en stjórnarbótarmálið er komið í kring eður um leið og það á að komast á laggirnar.

Páll Melsteð: Eg get heldur ekki skoðað þetta öðruvísi en

eins og einn verulegan lið í stjórnarbótarmálsheildinni, og þessa heild álít eg að menn eigi ekki að snerta, hvorki efst nè neðst, fyrr en hún kemur sjálf fyrir í fullu líki. Eg vil því ráða til að geyma þetta mál þangað til stjórnarbótarmálið er lagt fyrir þingið, svo það geti þá tekið það í sameiningu við heildina, sem það heyrir undir.

Arnljótur Ólafsson: Þó eg meti mikils tillögur hins háttvirta konungsfulltrúa, get eg þó ekki verið honum samdóma í þessu máli, heldur verð eg að fallast á tillögur þingmanns Skagfirðinga, og það því heldur, sem eg get fært hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni dæmi þess, að stjórnin myndist neðan frá og upp eptir, og það dæmi er ekki svo langt frá oss, því það er tekið af Íslendingum sjálfum, þar sem hèraðaþingin og goðastjórnin mynduðust hèr á landi áður en alþingi var sett. Þar sem hefir verið ágreiningur milli þingmanna um það, hvort sveitarstjórnarmálið heyrði undir stjórnarbótarmálið eða stæði ei í sambandi við það, eður hvort sveitarstjórn heyrði undir landsstjórn, þá vil eg að vísu lofa hverjum að ráða sínu áliti um það efni, en hitt álít eg að öllum þingmönnum ætti að skiljast, að lítið gagn sè að frjálsri landsstjórn, ef frjáls hèraðastjórn er eigi til. Eg mæli því með nefnd í málinu, og það því fremur sem áður hefir verið lagt fyrir þingið greinilegt frumvarp til sveitarstjórnar, og þar við bætist, að stjórnin hefir, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, tjáð sig fúsa til að leggja frumvarp á ný fyrir þingið um þetta efni.

Jón Sigurðsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir nú tekið það flest fram, er eg vildi segja. Mèr þykir það annars nokkuð kynlegt, að menn vilja hnýta hverju merku máli aptan í stjórnarbótarmálið og er þetta alveg ný stefna og öfug hjá þinginu. Það hjálpar ekki að láta öll áríðandi mál bíða svona eptir stjórnarbótarmálinu, sem má ske heldur ekki er svo nærri dyrum, sem menn halda. Að mínu áliti er ekki heldur svo náið samband milli stjórnarbótarmálsins og sveitarstjórnarmálsins, að nauðsyn sè, að það bíði eptir því; þingið hefir og áður verið á annari meiningu með því það hefir tekið á móti og meðhöndlað ýmsar greinir sveitastjórnarmálsins, og það einmitt þá, þegar mestur var stjórnfrelsisákafinn í þinginu; get eg tilfært tvö dæmi því til sönnunar; hið fyrra var um bót á kjörum hreppstjóranna, og hið síðara um að setja nefndir til ráðaneytis við amtmennina, og var hvorugt þessara mála sett í samband við stjórnarbótarmálið, sem einnig þá var

meðhöndlað af þinginu, þá var álitið nauðsynlegt að ræða þessar greinir sveitastjórnarmálsins og koma einhverrri breyting á í þeim efnum, en nú þykir mönnum sem þetta allt megi bíða, eg veit ekki hvað lengi, og verður það ekki varið, að það lýsir hinni mestu ósamkvæmni hjá þinginu. Þó sveitastjórnarmálið ekki yrði í heild sinni tekið fyrir hèr á þingi að þessu sinni, þá gæti þó nefnd sú, er kosin yrði, stungið upp á bót í einstöku atriðum, t. a. m. launum handa hreppstjórum, tilsjónarnefnd með amtmönnnunum o. fl., eins og bænarskráin gefur tilefni til. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn konungkjörni varaþingmaður álitu, að eðlilegast væri, að breytingarnar á stjórnarskipun vorri byrji að ofan og gangi niður eptir, en eg er nú á því, að rèttara sè og samkvæmara þjóðerni voru að byrja á breytingunum að neðan og halda svo upp á við, því mig grunar, að almenningi mundi verða hverft við í fyrstu, ef allar þessar fyrirhuguðu breytingar dyndu ofan yfir allt í einu, og án alls undirbúnings með tilliti til hinna lægri stiga stjórnarskipunarinnar hèr á landi. Eg álít því, að hollast mundi að byrja neðan frá, og einkum með því að koma upp sveitanefndum og sýslunefndum sem undirstöðu allrar stjórnarskipunar hèr á landi.

Jón Pálmason: Þó eg heyri, að töluverður meiningamunur sè í þessu máli hèr á þingi um það, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki, get eg þó ekki annað, eptir þeirri þekkingu, sem eg hefi á sveitastjórn, en fastlega mælt með því, að nefnd sè kosin í þessu máli, og það því heldur, sem ár frá ári aukast skyldur á hreppstjórum, sem þeim er næstum ofvaxið úr að ráða ómenntuðum mönnum, en eiga þó að hafa fulla ábyrgð á verkum sínum.

Jón Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að bæta 2 eða 3 athugasemdum við það, sem hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga sagði áðan móti þeim, sem vilja hnýta sveitastjórnarmálinu aptan í stjórnarbótarmálið. Stjórnin sjálf hefir sýnt það aptur og aptur, að hún er ekki á þeirri skoðun, að sveitastjórnarmálið eigi eða þurfi að bíða stjórnarbótarmálsins, og skal eg taka hèr fram 3 dæmi þessu til sönnunar; eptir að stjórnin var farin að lofa stjórnarbót, var konunglegt frumvarp um sveitarstjórn lagt fyrir þingið, án þess að þess væri getið, að það stæði í nokkru nánu sambandi við stjórnarbótarmálið; enn fremur þegar sveitarstjórnarlögin fyrir Reykjavík voru gefin, var því heldur ekki farið á flot, að nokkurt nauðsynlegt samband væri þar á milli, ekki var þess heldur getið, þegar bæjarstjórnarlögin voru gefin fyrir Akureyrar-

kaupstað, og þar sem þetta alþing nú, að eg vona, ætlar að framfylgja því, að Skutulsfjarðareyri fái lög um kaupstaðarrètt og bæjarstjórn út af fyrir sig, þá mun mega fulltreysta því, að stjórn konungsins muni sinna því máli án tafar, og ekki fresta því eptir stjórnarbótinni. En hvað sem því líður, þá er auðsjáanlegt, að stjórnin hefir lagt allan hug á, að málum vorum þokaði áfram, án alls tíllits til stjórnarbótarmálsins; og hún hefir sagt eða talið það eina til afsökunar drættinum á aðalmálinu, að hún hefði ekki getað fallizt á uppástungur alþingis frá 1855, en að öðrn leyti sýnt, að hún vill gefa málinu góðan gaum. Eg mæli því fastlega með nefnd í þessu máli.

Benidikt Sveinsson: Eg held að menn hafi skilið mig þannig, að eg áliti þetta mál lítils umvarðandi, en það var alls eigi meining mín. Eg ætlaði mèr heldur engan veginn að fortaka það, að stjórnin mundi því fráleit, að gefa því einhvern gaum. En hitt verðum vèr að láta oss hugfast, *hvernig lagaðar* undirtektir vèr mundum fá hjá stjórninni um þetta mál, þar sem það óneitanlega er einn liður í stjórnar fyrirkomulagi voru, eins og það er nú, og þá einnig í stjórnarbótarmálinu á síðan, hvort sem því er gefin þrengri eður víðari merking. En ef vèr förum nú að biðja stjórnina um nýja og þjóðlegri skipun á þessum eina og einstaklega lið, getum vèr þá gjört oss von um, að stjórnin mundi gefa málinu það snið, sem oss þætti bezt henta, þar sem *þetta* mál er einmitt þess eðlis, er það snertir *innri* stjórn lands vors á lægsta stigi, að vèr sjálfir ættum að skipa því, *þegar* vèr værum búnir að fá það sjálfsforræði, sem vèr væntum eptir að hin nýja stjórnarbót muni veita oss? Það er þó vissulega einnig mjög svo örðugt, ef eigi ómögulegt að gefa reglur um einn liðinn í stjórnarbótarmálinu, án þess að hafa ljósa hugmynd og gott yfirlit yfir það sem eina skipulega heild. Eg tek þetta fram hèr á þingi, til að fría samvizku mína fyrir því, að villa svo sjónir fyrir stjórninni með ótímabærum óskum, að hún leiðist inn í það, að hafa frekari afskipti af fyrirkomulagi vorrar *innri* stjórnar, en hún ella mundi gjöra, og henni og sjálfum oss er hentast, og vil eg því enn á ný benda þinginu á tillögur hins hæstvirta konungsfulltrúa.

Jón Hjaltalín: Ræður þingmanna hafa hingað til ekkert sannað á móti því, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn konungkjörni varaþingmaður sögðu áðan. Mèr þykir það skrítið, að vilja binda svona hendurnar á hinni nýju stjórn. Ef að sveitar-

stjórnin á að vera grundvöllur undir hinni nýju stjórn, þá finnst mèr það vera að taka fyrir sig fram. Ætli oss sè ekki betra fyrst að sjá málverkið sjálft? Eg álít því nú ógjörlegt, að fara að setja nefnd í þetta mál. Eg játa reyndar, að sveitarstjórnin er mjög svo örðug, og furðar mig mikið, hve ótrúlega hreppstjórar vorir kljúfa fram úr þessum málum; en við höfum við marga örðugleika hèr að búa, svo við megum ekki kippa okkur upp við þess háttar hluti. Við verðum að hafa biðlund, því ef við flýtum okkur um of, getur verið, að við tefjum fyrir málinu þegar stundir líða fram.

Ásgeir Einarsson: Ef mönnum þykir svo náið samband milli sveitarstjórnarmálsins og stjórnarbótarmálsins, þá á þessi bænarskrá ekki minni rètt á sèr, en bænarskráin um skattinn, sem sízt átti við, að væri vísað þangað, sem henni var vísað. Það var eitt atriði, sem hinn heiðraði konungkjörni varaþingmaður tók fram, nefnilega að það væri munur á því, hvort stjórnarskipunin kæmist á fyrir venju eða með lögum. Þetta er að vísu satt; en ef nauðsyn er á sveitarstjórn, þá held eg að venju-vísir sè kominn til hennar þessi árin, þar sem amtmennirnir hafa sett nefndir í þeim vandasömustu málum, t. a. m. í kláðamálinu. Það, sem bænarskráin fer fram á, er í þessa stefnu, og líka um launaleysi hreppstjóranna, þess vegna sýnist mèr, að þingið verði að taka annaðhvort þessara atriða til greina, ellegar færa ástæðu fyrir því, hvers vegna það ei vill taka málið til meðferðar. Eg vildi því feginn, að sveitarstjórnarmálið ekki kæmi fyrir í þetta skipti, ef eg ætti von á því, að stjórnarbótarmálið strax kæmist í kring, en úr því öðru eins máli og áðan var vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, þá finnst mèr þessu máli órèttur gjörr, þegar því er gjört lægra undir höfði.

Pètur Pètursson: Það er sannfæring mín, að sveitarstjórnin þarf endurbótar við. En af því við að líkindum bráðum megum vænta stjórnarbótarinnar, þá er eg í efa um, hvort gjörlegt sè nú þegar að kjósa nefnd í þetta mál, eða hvort ekki sè rèttara að bíða þangað til við höfum fengið stjórnarbótina, og síðan sjálfir laga okkar innanlands stjórn. Eg er því fremur í vafa um þetta, sem eg er hræddur um, að ýms þau atriði, sem við kynnum að biðja um, muni koma í bága við hina nýju stjórn, t. a. m. ef við biðjum um amtsráð, og svo amtmennirnir síðan yrðu teknir af samkvæmt fyrirkomulagi hinnar nýju stjórnar. Annaðhvort er að menn ekki búast við, að stjórnarbótin komist bráðlega á, og þá getur þetta orðið til hindrunar því, að hún komist í kring, af því

stjórnin sèr, að áhuginn fyrir stjórnarbótinni ekki er mikill, ellegar ekkert tillit getur orðið tekið til þeirra atriða, sem kunna að fara í gagnstæða átt við fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu stjórnarbótar. Eg fyrir mitt leyti ræð því til þess, að þingið ekki felli þessa bænarskrá, heldur vísi henni til nefndar þeirrar, er sett var í stjórnarbótarmálinu nr. 2.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að mæla í móti því, að meiru sè dembt upp á nefndina nr. 2 í stjórnarbótarmálinu. Mèr þykir undarlegt, ef þingmenn skyldu álíta nauðsynlegt að slengja málinu yfir á nefndina, en álíta þó um leið, að það muni ekki verða til neins gagns eða gjöri jafnvel ekki annað en að spilla fyrir sveitastjórnarmálinu, að taka það til meðferðar núna á þingi. En aptur á móti hlýt eg að vera nefnd meðmæltur, því að hvort sem menn nú álíta, að sveitastjórn sè nærskyldari eður fjærskyldari landsstjórn, og hvort sem menn álíta að byrja eigi að ofan eður að neðan á að bæta stjórnarskipunina, þá finnst mèr, að vèr þó eigum að taka málið í nefnd. Vèr lögum sveitastjórnina eptir óskum vorum og hugmyndum um stjórnarskipun þá, er vèr eigum í vændum; eins gjörir stjórnin; hún leggur þann úrskurð á málið, sem er samkvæmur skoðun hennar á stjórnarbót þeirri, er hún ætlar að veita oss, og það því heldur, sem hún mun vera að búa til stjórnarbótarfrumvarpið á sama tíma, sem hún hefir uppástungur vorar um sveitastjórnina fyrir sèr, ef vèr tökum nú málið í nefnd. Að öðru leyti er það álit mitt, að sveitastjórnarmálið standi eigi í svo nánu sambandi við stjórnarbótina, að ekki megi taka það til meðferðar hèr á þingi út af fyrir sig.

Jón Sigurðsson: Mèr finnst að öll þessi mótmæli sè sprottin af því, að menn halda að þetta mál komi í bága við stjórnarbótarmálið; en þetta held eg sè sprottið af rangri skoðun á málinu, menn gjöra nú ráð fyrir, að stjórnarbótin komist bráðum í kring, það er satt að annaðhvort kemst hún seint eða snemma á; komist stjórnarbótin snemma á, þá getur þetta mál ekki spillt fyrir henni, því þá geta bæði málin orðið samferða, og þetta stóra þjóðþing, sem menn eiga von á, tekið bæði málin fyrir í einu eða undir eins. En komi nú stjórnarbótin seint, þá er þó mikið unnið, ef menn geta fengið góða sveitastjórn á undan, sem geti bætt úr hinum ýmislegu vandkvæðum sem á eru stjórnarskipuninni hèr á landi. Menn hafa reyndar sagt, að kæmi sveitarstjórnarmálið á undan stjórnarbótinni, þá mundi hvað reka sig á annað, yfirstjórn-

in og undirstjórnin, en eg held menn þurfi ekki að óttast fyrir slíku, því þessi sveitastjórnarlög, sem við ætlum að semja, munu verða eins og aðrar manna setningar, að það er hægt að breyta þeim aptur eins og hverjum öðrum lögum, svo þau komist í fulla samhljóðun við hina æðri stjórnarskipun. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hreifði því, að stungið hefði verið upp á því, að aðstoðarmenn yrðu settir amtmönnunum til ráðaneytis, og að þetta mundi koma í bága við það, ef amtmennirnir, eptir hinni nýju stjórnarskipun yrðu af teknir. Það getur verið, að hinum háttvirta konungkjörna þingmanni sè það kunnugt, að það eigi að af taka amtmanna-embættin, en eg ímynda mèr, að það sè þó ekki svo afgjört enn þá, að á því verði nokkuð byggt, en verði nú amtmannaembættin látin standa, eins eptir sem áður, þá getur þetta atriði sveitarstjórnarmálsins aldrei komið í bága við hina nýju stjórnarbót.

Helgi Hálfdánarson: Eg sting upp á því, að ef menn vilja vísa þessu máli til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, þá sè því vísað til nefndarinnar nr. 1; því mèr getur ekki öðruvísi skilizt en að, ef þetta mál kemst í kring á undan hinni eiginlegu stjórnarbót, þá verði það að eins til bráðabyrgðar, líkt og sú stjórnarbót, sem *sagt er* að Árnessýslu bænarskráin fari fram á. Í raunínni er eg því mótfallinn, bæði að nefnd verði sett í málið, og að því verði vísað til áður kosinnar nefndar, því eg álít, að málið eigi að bíða og að engin brýn þörf sè á að flýta því; en vilji menn fyrir hvern mun taka málið til meðferðar á þessu þingi, þá legg eg það til, eins og eg hef áður sagt, að menn vísi því til stjórnarbótar-nefndarinnar nr. 1.

Gísli Brynjúlfsson: Eg tel það sjálfsagt, að mál þetta ætti helzt við stjórnarbótarnefndina nr. 1, ef sú verður niðurstaðan, að sèrstök nefnd verði ei sett í því. En eg vona þó enn að þetta verði ei niðurstaðan, því eg get ei skilið, að þau aðalatriði, sem einkum eru tekin fram í bænarskránni, sèu í nokkru svo nánu sambandi við stjórnarbótina sjálfa, að það þurfi að ríða í nokkurn bága við hana, þó eitthvað yrði nú þegar ákveðið um þau. Eg skal að eins halda mèr við það dæmi, sem tekið hefir verið. Það hefir verið sagt, að þar sem farið væri fram á að setja amtmönnum nú þegar meðráðamenn eða nefnd, þá kæmi þetta auðsjáanlega í bága við þá breytingu, sem vel kynni að verða gjörð, þegar allri landsstjórninni væri skipað af nýju, því þá gæti það vel komið fyrir, að

amtmanna-embættin yrði af tekin með öllu, og því um líkt. En eg held þó, að þetta sè að eins misskilningur. Því aðalatriðið er hèr engan veginn það, að einmitt amtmönnum skuli vera settir meðráðamenn heldur hitt, að gjaldþegnar í sveitum hafi rètt til að hafa hönd í bagga með, þar sem um þau gjöld ræðir til ýmsra nauðsynja i hèröðum eða umdæmum landsins, sem viðkomandi yfirvöld nú eru einráð um að jafna niður á þá; það gjörir í raun og veru ekkert til um þetta aðalatriði, hvort þessi yfirrvöld heita amtmenn eða sýslumenn o. s. frv., því rèttur gjaldþegna er í þessu máli það sem einkum varðar um, og ef vèr að eins gætum komið því til leiðar nú, að þeir framvegis mættu neyta hans í verkinu, þá er sú breyting á tilhöguninni sjálfri, sem af því mundi leiða, ef amtmanna-embættin t. a. m. yrðu tekin af, í sjálfu sèr svo lítilvæg, að hennar er varla getandi. Það er að vísu satt, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sagði, að það verður stundum að fara eptir kringumstæðum, hvort rèttara sè að byrja að ofan eða neðan, en þá er á það að líta, hvað bezt eigi við í þessu landi og í þessu máli sèrstaklega, og eg held þá ei hann muni neita því, að það eigi hèr einmitt sem optast bezt við að byrja að neðan. Og þetta mál er að minu áliti einmitt eitt af þeim, sem helzt mundi hægt að sýna á, að sú aðferðin mun jafnan happadrjúgust, þar sem má koma henni við eins hæglega og augljóst sýnist um þetta efni; þing vort hefir, sem vèr allir vitum, ekki mikið vald, og vèr ættum því æfinlega að reyna að nota það hið litla, sem vèr höfum, sem allra bezt; en þetta er einmitt eitt af þeim málum, sem vèr helzt ættum að geta sýnt það í, þar sem öll líkindi eru til, eins og eg áður hefi sagt, að stjórnin muni fallast á tillögur alþingis í þessu máli, ef það að eins vill taka það til meðferðar. Og það er svo fjarri, að eg óttist, að það muni á nokkurn hátt geta spillt fyrir stjórnarbótarmálinu yfir höfuð, að eg er miklu fremur hræddur um, að hitt kynni að seinka fyrir því, ef vèr vildum alls ei gefa þessu eða þvílíkum málum gaum, þar sem stjórnin kynni þá að fara að halda, að áhugi vor á stjórnarbótinni sjálfri væri í raun og veru ei svo mikill nè alvarlegur sem vèr lètum, þar sem vèr hliðruðum oss hjá þegar færi gæfist að vinna að sjálfri undirstöðunni undir hana. En ef vèr að eins reynum að ryðja henni til rúms með því að leggja undirstöðuna i sömu stefnu, og vèr viljum, að sjálf stjórnarbótin fari, þá þurfum vèr alls ei að óttast að vèr seinkum fyrir henni,

og eg mæli því enn fastlega fram með, að sèrstök nefnd verði sett í þetta mál.

Jón Pètursson: Eg fyrir mitt leyti óska þess, að sveitarstjórnin mætti verða hèr á landi sem bezt; en á hinn bóginn get eg ei fundið, að það sè svo náið samband milli sveitastjórnarinnar og hinnar nýju stjórnarbótar. Stjórnarbótin svarar til þess sem Danir kalla »Statsforfatning«, en sveitarstjórn til þess, sem þeir kalla »Statsforvaltning«. En það er af öðrum ástæðum, að eg óska, að sveitarstjórnarmálinu sè frestað; ef það er sum sè nokkur stjórn, sem áríðandi er, að sè sniðin eptir vilja þjóðarinnar, þá er það einmitt sveitarstjórnin. Að gefa góð lög um sveitarstjórn geta engir, nema þeir sèu gagnkunnugir öllu landinu og landsháttum, og það betur, en nokkur útlend þjóð getur verið. Við eigum því að bíða, þangað til við höfum fengið svo mikið vald, að við sjálfir getum ákvarðað vora sveitarstjórn, því landsmenn eru sjálfir færastir um að ákveða hana. Auk þessa held eg, að það sè betra, að sveitastjórnin myndist smám saman af sjálfu sèr, en að hún bindist við lög. Eg held því að bezt sè, að fá þetta mál í hendur nefndinni í stjórnarbótarmálinu.

Forseti: Þar eð til mín er komin ósk frá nokkrum þingmönnum um, að umræðunum sè lokið, skal eg bera það undir atkvæði þingsins hvort svo skuli vera. Var það síðan með atkvæðafjölda samþykkt, að hætta skyldi umræðunum, og með 12 atkvæðum fellt, að sèrskilda nefnd skyldi kjósa í málið. Var því næst gengið til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og viðhaft nafnakall:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
B. Þórðarson.	Br. Jónsson.
Á. Einarsson.	A. Ólafsson.
B. Sveinsson.	G. Brynjúlfsson.
B. Pètursson.	H. Kr. Friðriksson.
H. G. Thordersen.	H. Hálfdánarson.
J. Pètursson.	I. Gíslason.
P. Melsteð.	J. Guðmundsson.
P. Pètursson.	J. Hjaltalín.
St. Jónsson.	J. Pálmason.
Sv. Skúlason.	J. Sigurðsson.
	M. Andrèsson.
	P. Sigurðsson.

»nei« sögðu:

St. Eiríksson.

Var því málið fellt með 13 atkvæðum gegn 10.

Forseti: Því næst kemur eptir dagskránni bænarskrá úr Snæfellsnessýslu, um gjafakorn til Eyrarsveitar.

Bænarskráin var síðan afhent flutningsmanni, þingmanni Snæfellinga.

Páll Melsteð: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrána.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 80. bls.

Eg skal ekki vera langorður í þetta sinn, en einungis geta þess, að hèr er um einstök vandræði að gjöra, og það svo mikil að menn mega óttast fyrir, að menn í hinni umgetnu sveit deyi hungursdauða. Hèr er því beinlínis þörf á, að mönnum sè bjargað frá dauða. Eg neita því ekki, að mèr hefði þótt það beinni vegur, að þessir menn hefðu snúið sèr til viðkomandi yfirvalda; en þess verð eg jafnframt að geta, að þingmenn gjöra sig ekki seka í neinni ósamkvæmni með því að taka þessa bænarskrá til meðferðar, því árið 1861 kom alveg samkynja málefni frá Gullbringusýslu og Borgarfjarðarsýslu til umræðu hèr á þingi, þingið tók þeim þá vel og setti nefnd í þeim. Eg vona því að þingið taki nærgætnislega í þetta mál, líti á nauð beiðenda, og setji nefnd til að íhuga málið.

Benidikt Þórðarson: Eg mæli einnig fastlega með því, að nefnd sè sett í þessu máli, og það því fremur, sem eg seinna mun koma fram með umkvörtun hèr á þingi frá Barðastrandarsýslu, sama efnis, en eg get ekki gjört það fyrr, en eg hef fengið glögga skýrslu sýslumanns þar um búnaðarásigkomulagið í sýslunni. Hin mesta nauðsyn er að gjöra eitthvað í vandræðamáli þessu, því helzt lítur út fyrir að manndauði af harðæri vofi yfir, og ættu menn að gjöra sitt til þess að afstýra því, eg vil að nefnd sè kosin í málið og sting upp á 5 manna nefnd.

Brynjólfur Jónsson: Eg hef lesið þessa bænarskrá úr Snæfellsnessýslu og má af henni vera auðráðið, hvílík framúrskarandi neyð þar eigi sèr stað, og einkum í þeirri sveit, sem þar er sèr í lagi á minnst, nefnilega Eyrarsveit, og vona eg því heldur að þingmenn muni veita henni sín góðu meðmæli, og ekki verða því mótstæðir, að nefnd sè kosin í þessu máli. Sè það skylda vor sem vèr allir viðurkennum, að bera umhyggju fyrir lífi skynlausra skepna og frelsa þær frá að deyja úr drepsótt eða hungri, og hafi svo mikið verið lagt í sölurnar til að viðhalda lífi þeirra, því fremur ætti það

að vera skylda vor, að bera umhyggju fyrir lífi meðbræðra vorra, einkum þegar svo er ástatt, sem hèr er, að ekki er annað fyrir að sjá, en að hungarsneyð verði þeim að bana. Eg mæli því með því, að nefnd sè kosin í málið.

Indriði Gíslason: Mönnum þykir má ske nokkuð undarlegt ef eg mæli móti nefnd í þessu máli, þar sem eg er að vestan úr hungurssveitunum, ef eg svo mætti kalla; en eg get þó ei annað en mælt móti nefnd í þessu máli. Mèr þykir það undarlegt, að við, í sömu andránni og við erum að biðja um stjórnarbót, skulum vera að biðja Dani um peninga styrk til þess, að forða okkur frá hungursdauða. Þegar vèr lítum á það, hvernig fjárhagsreikningarnir milli Íslands og Danmerkur eru á sig komnir, þá finnst mèr eðlilegra, að við fáum lán úr sjóðum þeim, sem við eigum tilkall til hjá Dönum; það eru miklir sjóðir, sem við Íslendingar eigum í höndum Dana. Við þekkjum heldur ekki verðugleika þessara Eyrarsveitinga; en eptir því sem sagan segir, þá eiga nokkrir af þeim, að hafa farið inn í Stykkishólm og beðið kaupmanninn um kaffe og brennuvín í stað kornvöru þeirrar sem þeim var ávísað. Ef þingið gengur inn á þetta, þá finnst mèr því vera mislagðar hendur, það hefði einhvern tíma sagt, að þetta væri umkvörtun frá einstöku mönnum. Eg býst við, að þingmönnum þyki eg vera harðbrjósta, en mèr finnst það vera skylda mín, að mæla móti nefnd í þessu máli.

Helgi Hálfdánarson: Þó nokkuð kunni að vera satt í því, sem hinn heiðraði þingmaður frá Dalasýslu sagði nú, get eg þó ekki fallizt á tillögur hans. Eg vil bæta því við það, sem þingmaðurinn frá Vestmannaeyjum sagði, bæn Eyrarsveitunga til meðmælis, að mèr virðist það sæmilegra fyrir þetta þing, að gjöra að þessu máli góðan róm, þar sem svo stendur á, að flestir af oss þingmönnum eiga heima í Suðuramtinu, en svo stutt er síðan, að margar sveitir hèr syðra fengu styrk á líkan hátt og hèr er farið fram á, með fram fyrir tillögur alþingis, því annars kynni það að líta svo út, sem vèr Sunnlendingar hèr á þingi ekki myndum nú eptir vorum eigin vandræðum. Eg álít það því miður sæmandi fyrir þingið að vera mótfallið þessari bæn vorra nauðstöddu bræðra á Vesturlandi, sem vissulega kvarta ekki um skör fram, og mæli eg þess vegna af alhuga með því, að þingið taki sem bezt undir þetta mál, og kjósi nefnd í það.

H. G. Thordersen: Það dettur engum lifandi manni í hug að neita því, að það sè skylda að hjálpa hverjum þeim sem

ekki eru sjálfbjarga, og eg vil ei efast um, að hèr þurfi bráðrar hjálpar við, en allt um þetta finnst mèr þetta mál náttúrlegast heyra undir yfirvöldin í því hèraði þar sem málið á heima, nl. viðkomandi amtmann og sýslumann. Það er náttúrlegra, að menn gjöri samskot handa þessum fátæklingum, og eg fyrir mitt leyti skal með ánægju gefa minn skerf til þess t. a. m. eina tunnu af korni. Þar á móti á þingið öldungis ekki að láta brúka sig til að biðja um þess konar ölmusur ár eptir ár, Það er reyndar satt, að þetta hefi skeð hèr á þingi áður, en þetta verður einhvern tíma að hætta, því annars kann það að verða eilíf rekistefna og einber óregla.

H. Kr. Friðriksson: Eg játa, að maður verður sannarlega að vera varkár með að veita þess konar styrk, eins og hèr um ræðir, því það er ekki allt kærleiksverk sem kallað er. En eg held þó, að hèr sè brýn nauðsyn til fyrir þingið að skerast í málið, þar sem að í þessari sveit mestallur peningur er fallinn, og fiskiafli hefir alveg brugðist í vetur, og ei er annað sýnna, en að hungursdauði verði þar þetta ár. Mèr finnst því full ástæða til, að biðja stjórnina að skerast í þetta mál, og biðja hana að afstýra, að þetta verði, svo að á einhvern hátt verði sèð fyrir, að kornbyrgðir verði til handa sveitinni. Það getur verið að þetta sè sveitarstjórnarmál, en það hefir þó optar komið fyrir, að þingið hefir tekið þess konar mál til meðferðar, svo að eg er alveg meðmæltur nefnd.

Ásgeir Einarsson: Þó að málið ekki verði tekið til meðferðar hèr á þinginu, verða menn þó að gæta sín fyrir, að spilla eigi fyrir málinu. Hèr um árið þegar lík bænarskrá kom til þingsins, fór þingið ekki lengra, en að það einungis studdi uppástungur amtmannanna. Hvað nú þessa sýslu áhrærir, er hèr ræðir um, þá hefir hún bæði fengið gefins korn frá stjórninni, og einnig kornlán, og nú biður hún um eptirgjöf á láninu. Þetta sýnist mèr nú að vera það sama, sem að sleppa allri von bæði á guði og mönnum, og halda að aldrei sè viðrèttingar von. Annað væri, þó menn bæði um að lánið mætti standa nokkurn tíma, eða jafnvel bæði um nýtt lán; en þetta sýnist mèr ófært að gangi svo til, því með því móti verður búið að jeta þenna sjóð út, sem við eigum hjá stjórninni, áður en ákveðið verður hvers hann skal vera við fjárskilnaðinn, og landsmenn þurfa hans með til annars. Eg skal geta þess, að þegar sýslumaðurinn í Strandasýslu frètti þessa aðferð Eyrarsveitar, þá spurði hann hreppstjórana í bágustu sveitunum í sinni sýslu hvort þeir ei vildu hafa lán, en þeir svöruðu að þeir vildu það ekki, held-

ur reyna að basla af, því einhvern tíma kæmi að borgunardeginum. Þetta sýnist mèr nú vera sú rètta aðferð, því það sannast allt af, að seint gengur með borgunina á þess konar skuldum, eins og dæmið sýnir i Húnavatnssýslu; þar hafði verið tekið kornlán, og skuldir safnazt á skuldir ofan, sem líklega seint verða borgaðar; því þegar menn fóru með vörurnar í kaupstaðinn og heyrðu að kornið fengist lánað, var tekið annað fyrir þær af sumum og svona getur víðar farið, líkt og þingmaður Dalasýslu gat um. Eg vil ekki slökkva góðar tilfinningar þeirra, sem vilja liðsinna þessum mönnum, eg vil líka sè tekið tillit til tillaga og frásagna kunnugra manna. Eg vil því leggja til, að málinu sè vísað til hlutaðeigandi amtmanns, hann er nálægur þessari sveit, og þekkir því vel til. Amtmaðurinn er þar að auki æðsti stjórnari í sínu umdæmi, í fátækramálum hèr á landi, svo að stjórnin gegnir þinginu líklega ekki betur en honum, þó það fari að bera málið fram fyrir hana og gengur til þess mikið lengri tími.

Jón Hjaltalín: Eg þekki þessa sveit, að hún er bæði mögur og fátæk, og óska því, að eitthvert tillit verði haft til bænarskráarinnar, og virðist mèr því vera bezt það, sem þingmaður Strandasýslu stakk upp á, því eg sè ekki að nefnd geti gagnað að neinu, nema ef það væri með því, að skora á amtmanninn, að hann skerist í málið. Áð öðru leyti þykir mèr það, eins og þingmanni Strandasýslu, skrítið, að vera að biðja um það í bænarskrá, að menn þurfi ekki að borga lán það, sem maður hefir tekið.

Jón Pálmason: Mèr sýnist þetta vera sveitastjórnarmál, sem eigi að ganga gegnum hlutaðeigandi sýslumann og amtmann, og álít eg með því, að málið geti fengið eins heppileg afdrif eins og þó þingið færi nú að kjósa nefnd í því; það mætti líka vísa málinu þá leiðina í gegnum þingið eða forseta svo eg er alveg á móti nefnd í málinu, því eg fæ ekki betur sèð, að önnur aðferð liggi beinna við en sú, sem eg hefi þegar vakið máls á móti nefnd í málinu.

Indriði Gíslason Mèr finnst menn ekki þurfi að vera að gjöra langar umræður um þetta, ef menn íhuga málið nokkuð vandlega. Þessu er alveg eins varið, eins og ef einn beiddi helzt um lán hjá þeim, sem menn vildu sízt að hefði ráð yfir fjárhag sínum, og pantsetti honum þó eigur sínar. Eins er með okkur, við viljum fá fjárforráð fyrir okkur, en erum þó allt af að biðja stjórnina um að lána okkur og gefa okkur. Eg fyrir mitt leyti vildi held-

ur deyja drottni mínum, en biðja Danastjórn um að gefa mèr, þegar við eigum hjá henni svo mikið fè. Við Íslendingar ættum einhvern veginn að geta stuðlað til, að þessir menn yrðu ekki hungurmorða, heldur en að vera allt af að vera að fara með hvaðeina framan í dönsku stjórnina, því annars erum við ekki færir um, að fá okkar eiginn fjárhag.

Konungsfulltrúi: Það er alveg rètt sem þingmaður Húnvetninga sagði, að þetta mál sè sveitastjórnarmál, sem á að ganga til hlutaðeigandi sýslumanns og amtmanns, og eg er líka sannfærður um, að málið með þessari meðferð fengi miklu fljótari úrslit, en þó þingið taki það til meðferðar eins og hèr er beðið um. Þessi aðferð hefir líka jafnan átt sèr stað fyrr í líkum tilfellum, því þegar einhver sveit eða hreppur hefir komizt í vandræði og bjargarskort, hefir hlutaðeigandi sýslumaður skýrt amtmanni frá því og hann aptur stjórninni, sem þá hefir veitt bráðabyrgðar styrk, og eru þessa mörg dæmi að undan förnu, en hèr liggur ekkert fyrir um það, að leitað hafi verið hlutaðeigandi yfirvalda. Að öðru leyti væri mjög æskilegt, að slíkar bænir kæmu sem sjaldnast hèðan fyrir stjórnina, því það verður ekki varið, að það er eitthvað óviðkunnanlegt í því að vera að biðja um sèrskildan fjárhag og sjálfsstjórn, og þó jafnframt að vera að senda bænarskrár hvað eptir annað um neyðar styrk, svo menn verði hèr ekki hungurmorða, eins og hinn heiðraði þingmaður Dalamanna svo greinilega tók fram, þó eg að öðru leyti ekki gæti fellt mig við, hvernig hann kom orðum að því.

Pall Melsteð: Eg met mikils það, sem þingmenn segja, og einkum það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði um það, hver fljótust mundi verða afdrif málsins, og er eg að vísu á sömu meiningu um það. En eg vil þó biðja þingið, að taka allt tillit, sem það getur til bænarskráarinnar, og setja nefnd í hana, því það hefir áður verið gjört í sama tilfelli. Mèr finnst það alveg útlátalaust að setja nefnd; það er ekki sagt til hvaða niðurstöðu sú nefnd kynni að komast; má ske sú nefnd ráði frá að senda bænarskrá; en kjósendum mínum væri hughægra, ef þeir sæu að nefnd væri sett í málið, heldur en að það sè fellt svona hálfskoðað frá þingsaðgjörðum.

Pètur Pètursson: Eg vil styðja að því, að þingið taki allt tillit til þessarar bænar, og það því fremur, sem þingið aldrei fyrr hefir neitað, að taka þvílík mál til yfirvegunar, og stjórnin þá hefir veitt bænum þess góða áheyrslu. Nauðsynin er því meiri, sem

við vitum hvílík harðindi hafa dunið yfir þessa sveit í ár. Það er hægt að segja, þegar menn vilja fleygja einhverju máli burt, að það komi ekki þinginu við, heldur sè umboðslegs eðlis, en þingið á ekki að vera sjálfu sèr ósamkvæmt, og gjöra annað árið þetta, en annað hitt. Það hefir verið sagt, að það væri ósamkvæmni, að vera að biðja um fjárforráð og undir eins um lán, en mèr finnst ekki, að þó einstök sveit biðji um lán, að það sè sama sem að allt landið biðji um lán. Vèr höfum sjálfir ekki neina sjóði, af því við höfum ekki fjárforráð, og þó einstakir menn hafi misbrúkað lánið, þá sýnir það að eins, að þeir, sem hafa útbýtt því, hafa ekki verið kunnugir, eða ei tekið tillit til verðugleika lánenda. Eg vil ekki hafa lif neins manns á samvizku minni, sízt þegar það ekki kostar mig nema eitt gott orð. Vil eg því fastlega mæla með nefnd í málinu.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki verið samdóma þeim þingmönnum, sem mæla með nefnd. Mèr finnst aðferð beiðenda alveg skökk; hèr er allt öðru máli að gegna, en um þær hallærisbænarskrár sem komu til þingsins 1859 og 1861 líks efnis. Bænarskrárnar 1859 voru svo undir komnar, eða stefndu að því, að þingið styddi að þeim álitsskjölum og meðmælum, er allir amtmennirnir fundu nauðsyn á að senda um málið til stjórnarinnar eður konungs, eptir þaraðlútandi *almennum* bænarskrám og skýrslum úr hèröðum; það var ósk háyfirvaldanna sjálfra, að þingið ætti þenna hlut að málum. En hèr hneixlast eg á því, að ekkert er getið um það, hvort beidendur hafi leitað til hlutaðeigandi yfirvalda, eða afsvar komið frá þeim. Ef svo væri, vildi eg leggja til að bænarskráin væri tekin til greina. En að koma svona óformlega með þetta framan í okkur ókunnuga, án allra sannana eða skýrslna, án afsvars, undanfærslu eða meðmæla yfirvaldanna, það álít eg ófært og vansèð hvar þá mundi staðar nema í þeim efnum. Þingið mætti þá búast við að fá ótal bænarskrár um líkt efni, því er nauðsynlegt, að þingið gæti sóma síns og rètts forms, og kenni öðrum að gjöra út í frá það sama. Eg er því alveg móti nefnd, og líka móti því, að senda bænina öðruvísi frá þinginu, en í gegnum flutningsmenn aptur til beiðenda.

Björn Pètursson: Eg verð líka að vera þeim þingmönnum samdóma, sem álíta, að önnur eins mál og þetta sè ekki þingmál, nema því að eins að alþingi væri skoðað eins og nokkurs konar alsherjar sveitarstjórnarnefnd, sem auðsjáanlega er fjarstætt allri þýðingu þingsins. En þegar eg hins vegar gæti þess, að alþingi

hefir sjálft að undanförnu t. a. m. 1861, gefið tilefni til þess, að þessir menn, sem hèr ræðir um, hafa farið með þessa bæn til þingsins, í stað þess að fara yfirvalda veginn, sem bæði er rèttari og vissari, þá vil eg þó heldur mæla með að þingið gefi málinu gaum.

Eg er sjálfur ókunnugur ástandinu í þessari Eyrarsveit, en ef það væri satt sem sagt er, að það sè svo aumt, að mannfellir standi fyrir dyrum, ef ekkert væri aðgjört, þá þykir mèr viðurhlutamikið fyrir þingið að vísa málinu frá, einkum vegna þess, að hlutaðeigendur geta naumlega fengið að vita afdrif málsins á þingi svo snemma, að þeir geti komið þessu máli gegnum yfirvöld sín til stjórnarinnar svo tímanlega í sumar, að þeir geti fengið korn í haust, til vetrarforða. Af þessum ástæðum vil eg að nefnd sè sètt í málið, og sting upp á 3. manna nefnd.

Páll Melsteð: Eg vil þó vekja athuga á því, að undir bænarskrána hafa skrifað prófasturinn í Snæfellsnessýslu, og prestarnir til Staðarstaðar- og Helgafells-safnaða hafa gefið sitt vottorð um að beiðnin sè á gildum rökum byggð, og vitnisburði þessara merkismanna hljóta þingmenn að meta mikils. Sýslumaðurinn hefir ekki skrifað undir hana líklega af því, að hann hefir verið fjærverandi þegar fundurinn var haldinn. Þetta segi eg í tilliti til þeirra orða, er varaforseti sagði.

H. Kr. Friðriksson: Hèr er spurningin að eins um það: er hungurdauði manna þess verður, að það sè sett nefnd í það mál? Hitt er annað, til hvaða niðurstöðu sú nefnd kynni að komast; en meginið af ræðunum, sem fram hafa verið fluttar, eru svo lagaðar, eins og menn hafi verið að ræða nefndarálit sem lægi fyrir, en ekki um bænarskrá.

Indriði Gíslason: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Reykvíkinga spurði um, hvort menn ættu ekki að gefa gaum að því, þegar hungursdauði vofir yfir, þá veit eg að allir vilja gefa því gaum. En eg vil spyrja hann, er ástandið í Eyrarsveit verra en víða annarstaðar, hvaðan engar umkvartanir koma? Er nokkur sönnun til fyrir því? Ef þetta er kölluð fullkomin sönnun, þá held eg það væri búhnykkur fyrir allar aðrar sveitir, að fara eins að, því það væri ekki ranglátara, þó þær fengi gjöf eða lán, heldur en þessi.

J. Hjaltalín: Eg vil spyrja konungsfulltrúa að, er svo hart gengið eptir skuldinni af stjórninni, að amtmaður og sýslumaður ei gætu mildað úr um lánsfrestinn.

Konungsfulltrúi: Eg þekki að vísu ekki skilyrðin fyrir lán-

inu sem hèr ræðir um, en það þekki eg af eigin reynslu, að stjórnin er allt annað en eptirgangssöm eða ströng með borgun á slíkum lánum sem þessu, þegar henni eru tjáð vandkvæðin á henni, og eg er því sannfærður um, að hún, ef sýslumaður og amtmaður skýrði henni frá þeim vandræðum sem hèr eiga sèr stað, mundi síður en ekki láta ganga eptir borguninni hjá hlutaðeigendum.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst þá sá vegur liggja beint fyrir, að flutningsmaður vísi beiðendum á þessa stefnu, því það gæti annars að borið, að við fengjum nóg af þess konar bænarskrám.

Ásgeir Einarsson: Eg skal ekki tala um hvort þessi sveit sè meir þurfandi en aðrar, en vil einungis spyrja, hvort menn sjá fljótari veg fyrir málinu, með því að kjósa nefnd í það, heldur en með því, að vísa því til yfirvaldanna.

Síðan lèt forseti ganga til atkvæða um það, hvort málinu skyldi frávísa, eða nefnd skyldi kjósa í það, og var nefnd felld með 15 atkv.

Forseti: Þá kemur næst samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Múlasýslu um öreigagiptingar; flutningsmaður hennar er hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu.

Málið afhent flutningsmanni.

Björn Pèturssón: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Samanber fyrri parti alþingistíðindanna bls. 80.

Eg álít óþarft að fara mörgum orðum um þessa bænarskrá, því efni hennar er þingmönnum svo kunnugt, frá undanfarandi þingum. Samkynja bænarskrár komu til alþingis 1859 og 1861, og var þeim þá gaumur gefinn. Þetta sýnir að málefni þetta liggur landsmönnum ríkt á hjarta, og öllum þingmönnum er það kunnugt, og einkum prestum og hreppstjórum þeim, sem hèr sitja á þingi, hvílík sveitarvandræði, örbyrgð, sultur og jafnvel hordauði hafa leitt og geta leitt af þessum öreiga og óráðsmanna giptingum. Með þessum bænarskrám til alþingis sýna landsmenn, að þeir bera það traust til þingsins, að það vilji reyna að fyrirbyggja þetta á einhvern hagkvæman hátt, sem stjórninni gæti geðjast að, og eg ber það traust til þingsins, að það gefi málinu fullan gaum!! Eg vil skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki mundi rèttast, að vísa því til nefndarinnar, sem sett var í þessu sama máli 1861!!! þar eð ætla má að sú nefnd, sem skipuð var hinum mestu ágætismönnum, hafi verið búin að hugsa málið vandlega, og má ske gjöra eitthvað í því, þó að þinginu entist þá ekki aldur til að bíða eptir

nefndarálitinu. Bænarskrá þessi hefir það að minnsta kosti til síns ágætis, að hún er stutt og þó svo yfirgripsmikil, að nefndin getur innan hennar takmarka gjört allt hvað henni sýnist að bezt muni verða til þess, að koma þessu máli í þá stefnu, sem bænarskráin fer.

Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mæli ekki á móti nefnd í þessu máli!! að minnsta kosti ekki af þeirri ástæðu, að það sè einn liður í stjórnarbótarmálinu, og eg vona líka að þingið verði einhuga á því, að setja nefnd í málinu!! og vil eg einnig mæla með því af öllum kröptum.

Forseti: Þó þeir menn sem þá voru í nefndinni væru hèr nú á þingi álít eg formlegra að kjósa nýja nefnd.

Konungsfulltrúi: Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt hafa uppástungur um að tálma öreiga giptingum optar en einu sinni komið til alþingis, og stjórninni verið send bænarskrá, en hún ekki fengið áheyrslu. Þar eð nú allt það, sem mælir með og móti öreiga giptingum áður hefir verið tekið fram, og ekkert nýtt er komið fram í þessari bænarskrá, eru engin líkindi til þess, að stjórnin mundi veita henni áheyrslu, og það því síður, sem löggjöfin um öreiga giptingar í Danmörku, er nú orðin enn þá frjálslegri en hún var, þar sem nú er ákveðið, að þeginn, en ekki endurgoldinn fátækra styrkur, sem eptir tilsk. frá 30. apr. 1824, var sú einasta hindrun gegn öreiga giptingum, *skuli hafa verið þeginn seinustu 5 árin;* en það er miklu frjálsara en áður var, eða það er nú hèr á landi, því þingið vildi ekki biðja um að löggilda þetta lagaboð hèr, þegar það kom til umræðu hèr á þinginu. Eg get því ekki álitið að nokkur líkindi sèu til þess, að stjórnin mundi aðhyllast þá uppástungu að þröngva þessum náttúrlega rètti manna hèr á landi, meir en nú er í lögum. Eg get að mínu leyti heldur eigi skoðað þetta öreiga-giptingabann annað en ónáttúrlegt band á náttúrlegu frelsi manna, og stjórnin virðist að hafa sömu skoðun á málinu. Það er satt, að það eru mörg vandkvæði á öreigagiptingunum, en það eru líka mörg og að mínu áliti fleiri og yfirgnæfandi á því að banna þær, eg hlýt því að ráða frá, að þingið taki þetta mál til meðferðar, eða setji nefnd um það.

Björn Pèturssón: Mèr finnst það vera ofsnemmt að tala um, að hvaða niðurstöðu nefndin kynni að komast, ef hún yrði sett; því hèr ræðir eigi um annað en hvort nefnd skuli setja í málinu eður ekki. Eg get vel ímyndað mèr, að nefndin kynni að ráða

þinginu frá, að senda bænarskrá til konungs um þetta mál, ef hún gæti ekki fundið nein líkleg ráð til, að hrinda því í betra horf.

Það er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það er ónáttúrlegt band á frelsi manna, að meina þeim giptingar, en það er líka á hinn bóginn ónáttúrlegt, að leyfa nokkrum manni að fara í óviðkomanda manna vasa eptir peningum til að lifa á í hjónabandinu. Mèr getur ekki betur skilizt, en að málið sè þess vert, að nefnd væri sett í það, og verð eg enn að mæla með því.

Jón Guðmundsson: Eg held það sè þó ísjárvert, að setja nefnd í málið, ef afleiðingarnar yrði eins og á seinasta þingi, að úr nefndinni yrði »öreiga-nefnd«. En eg held nú, að öðru leyti, að nokkur breyting sè orðin á um þetta mál síðan, ef menn gá rètt að. Eins og þingmenn vita, eru síðan útkomin lög um lausamenn og húsmenn, og álít eg, að þau lög megi verða til þess að binda töluvert þessar öreigagiptingar, ef þeim er vel og skynsamlega beitt, og að árvökur valdstjórn með því geti komið töluvert betra skipulagi á, svo að töluvert dragi úr þessum háttupphrópuðu öreigagiptingum, þess vegna get eg alls eigi mælt með, að nefnd verði sett í málið, því eg álít, að ef sveitastjórnin getur ei notað góð lög, sem draga úr vandræðunum, þó þau ekki beinlinis snerti málið sjálft, þá mundi ei heldur mikið tjá, þó lög kæmi beinlínis út um málið.

Indriði Gíslason: Þar sem sá þingmaður, er síðast mælti, tók það fram, að lausamannalögin mundi verða öreigagiptingunum nokkuð til fyrirstöðu, þá held eg það verði nú ekki tilfellið, því það vita allir, að opt ber við, að fólk sem er í vinnumennsku er gefið í hjónaband, og það verður eins fyrir þessum lögum. En yfirhöfuð sýnist mèr nú ekki tími til að fara að vekja þetta mál upp aptur, eptir því, hvernig farið hefir fyrir því hèr á þinginu áður. Og ef nokkurt mál heyrir undir sveitarstjórnina, þá er það þetta, og hennar ætti því að vera að sjá, hvernig bezt verði ráðin bót á þessu. En eptir því sem nú hagar með sveitarstjórnina og eptir því valdi, sem hún hefir, er eðlilegt, að niðurstaðan verði ekki ætíð hin æskilegasta; og svo þegar nú þar við bætist, að sveitarstjórnin sjálf ekki ætíð er öll á einu máli, þar sem það er álitið, að annar helmingur hennar, sem nokkuð hefir í aðra hendina, er kannske með öreigagiptingunum eptir skyldu sinni, en hinn helmingurinn, sem ekkert hefir í aðra hendina og optast hefir sveitarstjórnina á hendi nauðugur, er á móti þeim. En ef sveitarstjórnin

fengi meira vald, en hún nú hefir, mundi hún geta haft meiri áhrif á málið.

Jón Hjaltalín: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti varaforseti sagði um öreiganefndina 1861, þá skal eg geta þess, að eg var þá einn í nefndinni, og þegar okkur nefndarmönnum sýndist, að málið mundi lítinn framgang ætla að fá, og forseti, sem seinni hluta þingsins ætlaði að kafna í önnum, lèt okkur skilja, að þetta mál mundi verða á hakanum, sáum við okkur ekki fært, að halda því lengra áfram. Eg er nú hræddur um, að ekki mundi betur fara enn. Við fundum nú skellinn frá konungsfulltrúa, og skellurinn mundi ekki verða minni, þegar málið kæmi aptur frá honum til stjórnarinnar. Eg er því fastur á þeirri meiningu, að ekki tjái nú að taka þetta mál til yfirvegunar, því eg held, að aldrei geti komizt full lögun á það, fyrr en sveitarstjórnin er komin í betra horf. Ef það kæmist nú inn, mundi eflaust fara eins fyrir því og seinast, að það annaðhvort mundi deyja í fæðingunni, eða koma dauðfætt, eða þá í öllu falli með svo litlu lífsmarki, að það yrði ekki lífgað við. Eg mæli því með, að því sè vísað frá þinginu í þetta sinn.

Björn Pètursson: Nú sè eg að enn ætlar að rætast málshátturinn gamli, að »svo bregðast krosstrè sem önnur trè«. Nú lízt mèr ekki á blikuna, þegar hinn háttvirti 5. konungkjörni, sem að undan förnu hefir verið hin öflugasta stoð þessa máls, gefst upp og örvæntir með framgang þess. Eg sè nú ekki annað fært, en taka bænarskrána aptur (*margir þingmenn*: bravo!) svo að þingið eyðileggi hana ekki fyrir kjósendum mínum við atkvæðagreiðsluna.

Forseti: Eg vildi svara þingmanni Dalasýslu upp á það, sem mèr fannst hann drótta að prestunum, sem hann mun hafa meint með öðrum helmingi sveitarstjórnarinnar, nefnilega að þeir vildi vera með öreigagiptingum, af því nokkuð fengist í vasann við það; óskaði eg helzt, að eg og aðrir embættisbræður mínir værum fríir fyrir þeim gersökum að við viljum yfirtroða skyldu okkar ábata vegna, þar sem við höfum brýn lög að fara eptir. Eg held ekki að neinn prestur fyrir lítilfjörlegan hagnað vilji verði til að gjöra sveitarfèlaginu skaða, sem hann hefir skyldu við, bæði sem fèlagsmaður og meðlimur sveitarstjórnarinnar.

Ákvað forseti því næst fund til næsta dags kl. 12 f. m.

Fundi slitið.

(Sjötti fundur) — 9. júlí.

Állir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Áður en gengið var til dagsskráarinnar, skýrði forseti þinginu frá þeim bænarskrám, sem lagðar voru fram á lestrarsalnum og þeim sem þann dag mundu verða lagðar fram og síðan mælti hann:

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagsskránni til inngangsumræðu bænarskrá úr Þingeyjarsýslu *um trúarbragðafrelsi.* Flutningsmaður hennar er þingmaður Suður-Þingeyinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Benidikt Sveinsson: Áður en gengið er til dagksráarinnar, vildi eg biðja hinn háttvirta forseta um leyfi til að mega snúa nokkrum orðum til hins hæstvirta konungsfulltrúa. Það er öllum þingmönnum kunnugt, að eg hef setu hèr á þingi, sem konungkjörinn varaþingmaður; það er líka þingmönnum kunnugt, að þingið saknar tveggja konungkjörinna þingmanna, nefnilega hins 1. og 6. konungkjörna. Eg vona líka, að allir virði mèr til vorkunnar, þó eg viðurkenni, að eg sè ekki maður til að fylla sæti tveggja konungkjörinna þingmanna, eg fylli illa sæti eins. Það er alvarlegt og íhuganarvert mál, að þingið er þunnskipaðra af góðum mönnum, en alþingistilskipunin gjörir ráð fyrir, því hún ætlast til og mælir svo fyrir að þingið sè alskipað; en þetta er nú ekki, og hinn 5. konungkjörni þingmaður vakti nýlega máls á því, að leiðrèttingar þyrfti við í því efni, og er eg honum alveg samdóma, því það liggur í augum uppi, að góðar og happasælar afleiðingar og árangur af störfum og tillögum þingsins eru undir því komnar, að það sè fullskipað af góðum mönnum, svo að *allir* þeir, sem lögin til þess kveðja, í sameiningu verji kröptum sínum til að efla heillir stjórnarinnar og föðurlands vors, sem eg og vèr allir unnum jafnt allrar hamingju. Já gleimum eigi að þingið á að vera til heilla og blessunar *bæði* stjórninni *og* föðurlandinu, og efli jafnt gagn hvorratveggja; eins og því stjórnin liður við það, ef hinir konungkjörnu fulltrúar eru ekki allir á þinginu, eins líður og þjóðin við það, ef einhvern þeirra vantar. Út af þessu vildi eg leyfa mèr, að snúa þeirri auðmjúku bæn til hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann sjái einhver ráð til að skipa hið auða sæti hins 1. konungkjörna þingmanns með öðrum varaþingmanni. Eg vil leyfa mèr að benda honum á,

að stjórnin sjálfsagt hefir gjört ráð fyrir, að öll sæti fulltrúa hennar yrðu fullskipuð, því þó hún mætti vita, að hinn 1. konungkjörni, sem nú er konungsfulltrúi, gengi úr skaptinu, þá gat hún samt eigi gjört ráð fyrir því, að hinn 6. konungkjörni þingmaður sökum viðvarandi heilsubrests og allra sízt vegna embættisanna ekki gæti komið til þingsins. Eg játa það nú að vísu, að þessi ósk til hins hæstvirta konungsfulltrúa væri ósanngjörn, ef eins stæði á nú og að undan förnu, og konungsfulltrúi hefði eigi meira vald eður aðrar reglur frá stjórnarinnar hálfu að byggja á en áður hefir verið. En eg byggi óhræddur bæn mína einmitt á ákvörðun þess commissorii, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir skýrt þinginu frá; þar er honum nefnilega vel að merkja gefið *sèrstaklegt* vald, til að velja sèr aðstoðarmann, ekki einungis eins og hefir tíðkazt *innanþings* hèldur og *utanþings*. Í þessu leyfi eður valdi liggur að *mínu* viti fullkomlega næg heimild fyrir konungsfulltrúann til að gjöra það sem minna er í varið, sem er það, að sjá um, að sæti hinna konungkjörnu þingmanna sè alskipuð, og það því fremur, sem það þannig notað mundi ráða úr sannarlegu vandkvæði og þörfum þings og stjórnar, sem hún vafalaust sjálf vildi ráða úr ef hún gæti. Eg vona því fastlega, að hinum hæstvirta konungsfulltrúa mætti þóknast að beita þessu sèrstaklega valdi sínu, til þess að ráða úr þessu vandkvæði, og skipa sæti hins 1. konungkjörna þingmanns, samkvæmt því sem hlýtur að vera ósk, vilji og skylda stjórnarinnar og því, sem venja hefir til verið, því það vita allir, að stjórnin einmitt með kosningum sínum til þingsins, hefir viljað stuðla að því, og sjá um það, að menn með nægum »Intelligents«, menntun og vísindalegri reynslu sæti á alþingi, og þá verður og öllum að vera ljóst, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi uppfyllir einmitt vilja stjórnarinnar ef hann fullnægir bæn minni og uppástungunni. Það vill líka svo vel til, að eg get bent á, að hèr er nú til staðar konunglegur embættismaður úr *Norðuramtinu*, sem einmitt vantar konungkjörinn þingmann úr, sem er öllum alkunnur að drengskap og dugnaði, og sem að öllu leyti mundi geta fullnægt kröfum stjórnarinnar. Eg tek þetta fram, af því eg álít að stjórnin einmitt hafi tekið tillit til þessa með kosningu sinni, að á alþingi ætti að vera konungkjörinn þingmaður úr Norðuramtinu. Þrátt fyrir þessar ástæður mínar ætlast eg samt eigi til, að hinn hæstvirti koungsfulltrúi taki bæn mína til greina, nema það sè almennur vilji þingsins. En svo framarlega sem þingið yrði með þessu, þá vona eg, að

hann taki tillögur þess til greina, og uppfylli bæn mína, því hún er sannarlega byggð á því, sem heyrir til þess, að stjórnin uppfylli skyldur sínar við þingið. Eg vil því biðja hinn háttvirta forseta, að skjóta því þegar til þingsins atkvæða, hvort það er með bæn minni eður eigi.

Forseti: Þetta mál er svo vaxið, að eg verð að vera alveg samdóma hinni góðu meiningu í ræðu hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, og vildi styðja hana með öllu móti, og vona, að hinn háttvirti konungsfulltrúi uppfylli þessa bæn svo framarlega sem honum er unnt; eg veit líka, að þingið er mèr samdóma í því, að mjög æskilegt væri, að þessu gæti orðið framgengt. En eg álít ekki tilhlýðilegt, að leyfa neinar umræður um þetta, og vil eg því biðja þingmenn að votta með atkvæðum sínum, hvort þeir eru bæninni meðmæltir eður ei.

Var síðan gengið til atkvæða, og bæninni veitt meðmæli í einu hljóði.

Konungsfulltrúi: Eg vona, að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður við nákvæmari yfirvegun sjái, að það, sem hann fer fram á, er ekki á mínu valdi að veita. Konungurinn nefnir sjálfur hina konungkjörnu þingmenn, en ekki konungsfulltrúi; eg get því ekki tekið mèr þetta vald, og þar sem hann sagði, að eg gæti eptir því valdi, sem mèr væri gefið í erindisbrèfi mínu til að velja mèr í forföllum mínum aðstoðarmann innanþings eða utan, þá er það einungis að skilja um aðstoðarmann handa mèr sem konungsfulltrúa, en getur ekki gefið mèr heimild til þess að útnefna þingmann. Eg hefi þannig engan myndugleika til að útnefna neinn í stað hins fjærveranda konungkjörna þingmanns, hversu uppbyggilegt sem það gæti orðið að fá slíkan mann á þingið.

Sveinn Skúlason: Ef ekki á að verða neitt úr þessu, sem þingið hefir beðizt í einu hljóði, þá vil eg spyrja hinn háttvirta konungsfulltrúa að því, hvort stjórnin með því að hafa ekki kosið neinn í stað hins 1. konungkjörna þingmanns, hafi ekki gjört þingsafglöpun. Eg álít það skyldu stjórnarinnar að ganga á undan þjóðinni með góðu eptirdæmi, en það hefir hún ekki gjört hèr. Og mèr finnst menn þá fyrst geta láð þjóðinni, að þjóðkjörnir þingmenn sè rangkosnir eða ókosnir, þegar stjórnin hefir gengið á undan — eg vil ekki segja með góðu eptirdæmi, en að minnsta kosti svo, að hún gjöri ekki þingsafglöpun. Mèr þykir það því mjög óheppilegt, ef konungsfulltrúi ekkert getur gjört í þessu.

Konungsfulltrúi: Stjórnin gat ei vitað það, að hinn 6. konungkjörni þingmaður eigi kæmi á þing, og eg hefi kallað hinn konungkjörna varaþingmann í minn stað, svo mèr sýnist hèr ekki vera hin minnstu afglöp frá stjórnarinnar hálfu; því ef þingmaðurinn hefði komið til þingsins, hefði sæti hinna konungkjörnu þingmanna verið fullskipuð.

Sveinn Skúlason: Þó svo hefði verið, var þá samt enginn konungkjörinn til vara.

Forseti: Eg get ei leyft meiri umræður um þetta mál, og svo æskilegt sem það hefði verið, að bæninni hefði orðið framgengt, verður þingið að hvíla við neitun hins háttvirta konungsfulltrúa. Vèr hverfum þá til dagskráarinnar; málið um trúarbragðafrelsi er þegar afhent flutningsmanni.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána upp. Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 81.

Eg skal nú ekki að þessu sinni fara mörgum orðum um bænarskrána. Einungis vildi eg leyfa mèr að óska þess, að þingmenn töluðu sem minnst um hana nú, og með þeirri hógværð og stillingu, sem máli þessu er samboðið, og vildi eg, að sem fyrst væri gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður ei.

Konungsfulltrúi: Þar eð eg hef ástæðu til að haida, að um þetta mál muni, ef til vill, verða töluverður meiningamunur hèr á þinginu, þá skal eg leyfa mèr að fara nokkrum orðum um málið. Eg vil þá fyrst taka það fram, að Íslendingar hafa allt af fengið orð fyrir, að vera frjálslyndir og una illa öllu ófrelsi. Það sem hèr er nú beðið um, það er frelsi, og það frelsi sem er eðlilegast af öllu frelsi, samvizku- og trúarfrelsi. Mèr þykir því líklegt, að þingið gefi málinu góðan gaum, og það því heldur sem allar stjórnir í Norðurálfunni nú hafa veitt þetta frelsi; þannig er nú í Danmörku öllum leyft að stofna trúarbragðafèlög, til þess að dýrka guð sinn á þann hátt, sem er samkvæmur sannfæring þeirra, sjálfsagt þó með því skilyrði, að þeir hvorki kenni nè aðhafist neitt það, sem stríðir gegn borgaralegum lögum og góðu siðferði, og þessir trúarflokkar hafa einnig fullan aðgang og nautn borgaralegra og pólitiskra rèttinda. Mèr virðist því, ef Íslendingar eða þingið tæki mjög ófrjálslega í þetta mál, að það með því eins og kastaði skugga á frjálslyndi það, sem þeir hafa orð á sèr fyrir. Eg mæli því með, að þingið setji nefnd í málið, því málið mundi mikið skýrast með þessu móti, einkum þó ef heppilega yrði valið

í nefndina, en eg vil þar á móti ráða frá því að halda hèr í salnum lengur umræður um það.

H. G. Thordersen: Eg býst við, að einhver hugsi, að eg muni standa upp í þessu máli, en eg kvíði nú reyndar fyrir því, því eg sè fram á, hvaða afdrif það muni hafa, einkum eptir þessa ræðu konungsfulltrúa. En hvað um það, eg verð að segja mína meiningu fyrir því. Opt hef eg nú furðað mig á sumum uppástungum, sem komið hafa til þingsins, en aldrei hefir gengið yfir mig, eður mèr fundizt kasta tólfunum fyrr en nú, þegar eg sá þessa. Eg er nú orðinn nokkuð gamall, og hef verið nokkurn part af æfinni í presstskap, svo eg þekki nokkuð til um þetta mál, og eg veit ekki betur, en Íslendingar hafi tvo eiginlegleika fremur flestum öðrum. Annar er sá, að þeir eru kann ske ein sú trúræknasta þjóð, sem til er, og hinn er sá, að þeir eru hin umburðarsamasta þjóð, og er aldrei gjörn á að arga út af trúarlærdómum; það hafa því allir mátt lifa í friði og rósemi fyrir þeim. Þetta er það eðlilegasta trúarbragðafrelsi, sem nokkur þjóð getur haft. Þeir geta vitað og þolað katólska, Múhameðstrúarmenn og yfirhöfuð alla trúarbragðaflokka meðal sín, meðan þeir láta oss í friði. Þetta náttúrlega trúarbragðafrelsi hefir verið hèr allt af síðan það tókst, að kúga katólskuna. Síðan prótestantiska trúin komst hèr á hefir verið hèr mesta frelsi, og landar vorir hafa tekið öllum útlendum mönnum, hvaða trúar sem verið hafa, með mestu ánægju og velvild eins og bræðrum sínum. Eg spyr því, til hvers er að vera að vekja þessar spurningar; hèr hefir engin umkvörtun komið um neitt ófrelsi, því eg tel ekki þessa bænarskrá frá einum 22 mönnum. Eg vil ekkert nýtt í því efni hafa á meðan við þurfum þess ekki með, og til hvers er að vera að herma eptir útlendum þjóðum í þessu. Hvað varðar okkur um, þó Danir sem oss liggja þó næstir hafi fengið trúarbragðafrelsi. Við þurfum ekki að vera stæla allt eptir þeim eður öðrum fjærskyldari þjóðum; mèr þykir því skrítið, að þetta mál skuli vera komið hèr; það hefði verið lítill vegur, hefði því verið hreift á einhvern annan hátt, en eg held varla, að það sè þetta þing, sem slíkt mál næst heyrir undir. Það er líka sannarlega undarlegt að vilja skapa ný lög, þar sem engin nauðsyn er á þeim, mèr finnst að þess konar bænir komi það sem menn kalla úr sauðarleggnum; ef eg væri sannfærður um, að hèr væri nokkurt ófrelsi í trúarbragða-efnum, þá skyldi eg vera með bænarskránni; en því fer fjærri að svo sè. En eg vil spyrja, hvern-

ig færi fyrir þessu landi, sem er svo strjálbyggt, ef við færum að hleypa inn hjá oss annarlegum trúarbragðaflokkum, leyfa þeim að byggja einhvern kofa yfir sig, eða ljá þeim einhvern hesthúskofann til að prèdika í, og safna svo að sèr fólki? Er nokkurt vit í þessu? Er það ekki hrein og bein vitleysa?

Benidikt Sveinsson: Það er nú að vísu má ske eins konar framhleypni af mèr, að taka til máls í slíku máli sem þessu, næst á eptir hinum háæruverðuga herra, sem síðast mælti; En eg vona, að allir virði mèr til vorkunnar, þó hinn kirkjulegi og kennimannlegi andi hans kasti skugga á mín orð. Eg lýsi því nú yfir, að eg er alveg samdóma ræðu hans í öllum aðalatriðum hennar. En eg vildi víkja nokkrum orðum til hins hæstvirta konungsfulltrúa; þó eg eigi nú ekki samnefnt við hann að öðru leyti, þá eigum við það þó í því, að hann er lagamaður, og eg að nafninu til líka, og við erum líka báðir, að mig vonar, bornir og barnfæddir í skauti kirkju vorrar, og því einnig lagamenn frá *hennar* sjónarmiði. Hann gekk út frá því í ræðu sinni, að meiningamunur mundi verða um málið á þinginu; þetta virðist mèr sýna, að hann hafi gjört sèr mikið far um, að komast eptir, hvernig málinu mundi reiða af, og að hann því hafi haft einhvern sèrstaklegan áhuga (Interesse) á *þessu* máli. Á þessu furðaði mig mjög, af því hann tók í málið eins og hann gjörði, þvert á móti von minni, og eg held móti von alls þingsins, og því tek eg það fram, að það er sjaldgæft, að konungsfulltrúi sè að grennslast eptir meiningu þingmanna svona fyrirfram. Hann byggði á orðinu *frelsi,* sem hèr ætti að vera mönnum hugfast. Já, þetta orð er fallegt orð, og það er það, sem við erum að keppast eptir, og víst mundum vèr, ef vèr gætum fengið það í sínum fulla blóma og í þess sönnu og rèttu þýðingu, taka á móti því tveim höndum, þó því fylgdu nokkur vandkvæði og eitthvað slæddist með, sem oss væri á móti geði. En eg held að orðið frelsi eigi *hèr* alls eigi við; eg vildi þó fyrir mitt leyti fyrst sjá því borgið, að vèr fengjum frelsi í almennum þjóðlegum borgaralegum skilningi, áður en vèr förum að fýkjast í það frelsi, sem hèr ræðir um. Ef konungsfulltrúi vill ábyrgjast, að vèr náum þessu hnossi, þá mundi eg ekki vera þessu máli mótfallinn, en það er nú eigi því máli að skipta. Hvað nú Dönum viðvíkur, þá var trúarbragðafrelsi hjá þeim fyrst innleitt í grundvallarlögunum; þar var því hið fullkomna borgaralega frelsi álitið eins og grundvöllur fyrir hinu. En við erum nú einmitt að biðja um grundvallarlög, en áð-

ur en við fáum þau, eigum vèr að fara að biðja um þetta. Þetta er alveg öfug aðferð, og heldur en ekki kynleg. Eg vil að vísu eigi, að nokkrir menn, aldir eða óbornir, geti með sanni borið mèr það á brýn, að eg vilji hamla því, að trúarbragðafrelsi komist á hèr á landi. En eg vil eigi stuðla til þess, að þingið hlaupi á sig og í gönur með að biðja um það eður innleiða það fyrir tímann. Eg verð fastlega að neita því, að nokkur þörf eður nauðsyn sè enn komin meðal vor á meira trúarbragðafrelsi en vèr höfum, en þessi nauðsyn ætti þó að vera skilyrðið fyrir því, sem bænarskráin fer fram. Eg skora nú á hinn háttvirta konungsfulltrúa, að hann sýni mönnum fram á þessa laganauðsyn. Nei, eg held vèr megum allir játa, að vèr breytum illa eptir þeirri trú, sem oss hefir verið innrætt með móðurmjólkinni, og áður en við förum að fýkjast eptir öðrum trúarbrögðum í blindni, held eg að vèr ættum fyrst að læra að fylgja trú vorri sem bezt. Eg held eg hafi nú leitt rök að því, að rèttust nauðsyn sè á, að minnsta kosti að fresta þessu máli þangað til seinna, og að það sè nú sem stendur í alla staði ótímabær burður.

Jón Guðmundsson: Eg gjörði mèr von um, að þingmenn mundu ekki ræða málið í aðalefninu nú þegar, eins og eg sè að nú hefir gjört verið, en að þegar mundi verða gengið til atkvæða um hvort nefnd skyldi setja eður ekki, en frekari umræður látnar bíða, þangað til nefndin kæmi með álit sitt, ef hún yrði kosin, því að ræða þannig annað eins mál eins og þetta í aðalefninu þegar í byrjun er hvorki málinu til góðs, nè þinginu til sóma. Því meðan menn ekki hafa uppástúngur nefndarinnar fyrir sèr, hafa menn ekki neitt fast að styðjast við og geta ekki haft rètta hugmynd um málið. En á þessu villast þingmenn opt. Eg áskil mèr rètt til að tala um málið sjálft seinna, ef ekki verður gengið þegar til atkvæða um, hvort nefnd skuli velja eður ekki.

Sveinn Skúlason: Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður hefir nú tekið fram margt af því sem eg vildi segja. Mèr komu alveg óvart þau orð, sem eg heyrði áðan frá konungsfulltrúastólnum, þau orð, sem vildu reyna með öllu móti að teygja þetta mál inn á þingið, því við erum vanari að heyra úr þeirri átt þær raddir, sem vilja hrinda jafnvel nauðsynlegum málum frá. Mèr finnst það illa hugsað, að vera að lepja einstakar greinir upp úr grundvallarlögum Dana, sem vèr allir vitum, að var hafnað hèr á þjóðfundinum, og koma oss því alls eigi við. Eg held því, að bezt sè, að fresta málinu fyrst um sinn; við höfum nóg að hugsa fyrst um

sinn um það, að útvega okkur hið almenna borgaralega frelsi. Eg veit heldur ekki til, að annarar trúar menn hafi orðið hèr fyrir neinum ofsóknum hingað til, og því finnst mèr engin nauðsyn á, að hreifa þessu að sinni, og mest furðar mig á, að slík hljóð skuli koma úr bezta sætinu á þinginu, og eg vil vara alla þingmenn við, að láta þau ekki villa sig.

Forseti: Eg vona, að ekki verði mjög langar umræður um þetta mál; eg ímynda mèr, að það sè orðið svo upplýst, að menn geti farið að greiða atkvæði um það.

H. Kr. Friðriksson: Eg játa nú, að eg er og hef allt af verið meðmæltur öllu frelsi, og þess vegna eins trúarbragðafrelsi. En mèr finnst það mjög óeðlilegt og undarlegt, að landsmenn sjálfir skuli bera þessa bæn fyrir alþingi, meðan enginn er annarar trúar í landinu en lúterskrar trúar. Mèr finnst þetta vera hið sama sem að biðja um, að sinni trú verði eytt, því þó þeir ekki beinlínis biðji um það, þá vilja þeir með þessu styðja að því, að sundrung komist á trúna, og ekki einungis á trúarbrögðin, heldur og í öllum efnum, því hað hefir víst reynslan sýnt, að trúarbragðafrelsi verður jafnan tilefni til sundrungar. Mèr sýnist það því óviðurkvæmilegt, að menn hèr í landinu, sem allir eru sömu trúar, sèu að biðja um aðra. Það væri öðru máli að gegna, ef hèr væri annara trúa menn, eða nokkrir, sem vildu nota aðra trú. En ekki einu sinni þá ætti menn að taka slíka bæn til greina, fyrr en myndaður væri orðinn nokkurs konar söfnuður þeirra. Eg verð því alveg að mótmæla, að þingið taki málið til meðferðar, þó einstakir menn úr Norðurlandi biðji um þetta, meðan þeir allir játa »prótestanta trú.

Jón Pèturssonn: Eg get ómögulega skilið, hvers vegna hinn háttvirti konungsfulltrúi var að mæla með nefnd í þessu máli; því þó nú nefnd yrði kosin og hún kæmist til þeirrar niðurstöðu að biðja stjórnina um trúarbragðafrelsi, þá er eg alveg viss um, að hann gjörsamlega mælti á móti því við stjórnina, og mundi færa fyrir því góð og gild rök. Því að vilja gefa svona laus lög, sem alveg breyta þeim gildandi grundvallarlögum, það skil eg ekki að hann, þvílíkur lagamaður sem hann er, vilji mæla með; eg er viss um, að það hefir bara verið gaman fyrir honum. Eg er viss um, að hann vill ekki að konungur fari að gefa svona laus lög, sem breyta grundvallarlögunum. Það er allt öðru máli að gegna, þó í Danmörku sè trúarbragðafrelsi, því þar er það alveg samkvæmt grundvallarlögunum þar. En að gefa hèr fullkomið trúarbragða-

frelsi, er gagnstætt konungalögunum, þeim hèr gildandi grandvallarlögum, því eptir þeim er konungurinn skyldur að vernda lútersku trúna. Eg sè því ekki til neins að setja nefnd í málið, af því eg er fullviss um, að konungsfulltrúi mundi mæla á móti því við stjórnina.

Jón Hjaltalín: Eg held nú, að það sè bezt að fara hægt í þetta mál, og það er máltæki hjá Englendingum, að sá sem ótt fer, hefir órètt. Mig hefir sannarlega furðað á því, með hve miklum æsingi sumir þingmenn hafa tekið í þetta mál, sem alstaðar annarstaðar í hinum menntaða heimi hefir verið tekið vel, eins og sjálfsögðu. Eg vil biðja þingið að hugsa dálítið um æru sína, svo það verði sèr ekki til skammar og smánar fyrir öllum hinum siðaða heimi. Eg hef ætíð haldið því fram, að þingið hèldi æru sinni óskertri bæði í orði og verki. En ef svo er komið, að ekki má án æsings tala um þau mál, sem um allan menntaðan heim eru álitin að leiða af sjálfum sèr, þá hættir mèr nú að lítast á æru þingsins. Hvað því viðvíkur, sem þingmaður Norður-Þingeyinga veik til konungsfulltrúa, þá veit eg eigi betur, en að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi opt mælt með málum til inntöku á þingið, eins og hann líka alls enga partisku hafi sýnt í þessu máli. Mèr eru yfirhöfuð alveg óskiljanleg sum mótmæli manna, t. a. m. að ekki mætti tala um málið. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði, að hann vildi ekkert nýtt hafa inn í landið. Hver er að tala um, að reka nokkuð nýtt inn í landið? Þetta er ekkert nýtt, því það hefir verið trúarbragðafrelsi í kaupstöðunum hingað til (*Benidikt Sveinsson:* Dugar það ekki?) Ekki eptir því sem Íslendingur sagði hèr um árið. Vèr verðum að gæta að því, að vèr erum umkringdir af framandi mönnum, og ef nokkrir menn úr hinum menntaða heimi sæi sumar tillögur þeirra, er rætt hafa, mundi þeir segja, að við værum hinir verstu skrælingjar. Eg ætla í þetta sinn hvorki að tala með trúarbragðafrelsi nè trúarbragða ófrelsi; en hitt vil eg fullvissa þingið um, að ef það sýnir sig svo ófrjálslynt, að vera ei með nefnd í þessu máli, þá verðum við fyrir þungum dómi. Og mèr liggur það ekki í lèttu rúmi fyrir föðurland mitt, þegar slíku máli er þannig eins og fleygt í kring. Eg vil enn einu sinni biðja þingið að gæta virðingar sinnar, og ekki að fara svo með orðið »frelsi«, eins og það nú virðist ætla að gjöra.

Gísli Brynjúlfsson: Það fer svo færri því, að eg geti á nokkurn hátt láð hinum hæstvirta konungsfulltrúa, hvernig hann tók

undir þetta mál, eins og mèr heyrist sumir hafa gjört, að eg finn mèr miklu fremur skylt að þakka honum af alhuga fyrir allt það, sem hann talaði í því. Eg gat því ekki annað en furðað mig á því, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður skyldi leyfa sèr að fara þeim orðum um ræðu hans sem hann gjörði, og verð að álíta það mjög svo óhæfilegt hèr á þingi að gjöra mönnum þær gersakir, að þeir tali þvert um hugann eður að upp á standa, að konungsfulltrúinn muni leggja allt annað til við stjórnina en hann hèr hefir sagt. Mèr skilst, að þegar konungsfulltrúi talar eins skýrt og greinilega og dregur eins litlar dulur á álit sitt og nú, þá hafi menn alls engan rètt til að efast um, að hann muni leggja einmitt hið sama til við stjórnina, og skal eg því ei fara fleiri orðum um þetta.

Hvað nú sjálfu málinu viðvíkur, þá er það að mínu áliti svo mikilsvert, að eg mundi telja það mjög óhappalegt ef þingið gæfi því ei fullan gaum, því ef satt skal segja, þá er mál þetta eitt af þeim fáu aðalmálum, sem hèr hafa komið fram á þingi og varðar rèttan skilning á því, hvað í almennu tilliti sè satt og rètt (Principspurspmálum); og eins og eg opt hefi furðað mig á því, að þetta mál skuli ei fyrr hafa komizt hèr inn á þing, eins þykja mèr þeir menn, sem nú loks hafa komið því til leiðar, eiga allar þakkir en enga óþökk skilið. En þetta mál er því svo mikilvægt aðalmál, að það á að sýna sig í meðferð þess, hvort frelsisást sú, sem vèr Íslendingar hrósum oss svo mjög af, stenzt nú prófið, þegar í fyrsta sinn á að reyna verulega á hana, eða hvort hún að eins er orðaglamrið tómt. Eg hefi enn ekki heyrt eina einustu gilda ástæðu á móti því, að rètt sè að biðja, að bannið á móti fullkomnu trúarbragðafrelsi verði numið úr lögum hjá oss, eins og það lengi hefir verið í þeim löndum, sem lengst eru komin og nú líka um nokkurn tíma í Danmörku, því þar sem það hefir einkum verið tekið fram, að enn sè eigi kominn tími til þessa og því bezt að fresta því að svo stöddu, þá er þetta í raun og veru engin mótbára á móti málinu í sjálfu sèr. Það hefir að vísu og verið sagt, að hèr sè í rauninni svo mikið trúarbragðafrelsi, að eigi þurfi að biðja um það, þar sem Íslendingar sèu svo hlífnir við alla menn, hverrar trúar sem þeir svo sèu, að þeim aldrei komi til hugar að gjöra þeim nokkuð mein; en eg held að í þessu sè innifalinn mikill misskilningur, annaðhvort á málinu sjálfu, eins og það nú liggur fyrir, eða þá á því, hvað trúarbragðafrelsi sè yfirhöfuð. Ef það

nú væri satt, að hèr sè nóg eða fullkomið trúarbragðafrelsi, þá er það víst og satt, að hèr væri engin þörf á að vera nú að ræða um það, en þá skil eg heldur ei, hvað menn geta haft á móti því, að laga-ákvörðunin, sem þá væri orðin með öllu marklaus, sè nú á reglulegan hátt alveg numin úr lögum. En því miður er nú ekki þessu að fagna, það er ekki satt, að fullt trúarbragðafrelsi sè hèr í landi, því hvað er trúarbragðafrelsi? Það er engan veginn að eins það, að menn lofi öðrum að hugsa og halda hvað sem þeir vilja í trúarefnum, eða, að eg orði það svo, að menn eins og lofi hverjum einstökum að sitja í sínu horni og hugsa fyrir sig, án þess að menn ráðist á þá með ofheldi til þess að reyna að banna þeim þetta; slíkt er hvorki þakkarvert í sjálfu sèr, þar sem öll tilraun til annars jafnvel mundi verða ómöguleg, nè heldur innibindur það í sèr nema hinn allra — allraminnsta hlut af trúarbragðafrelsinu í heild sinni. Það er engin sönn eða fullkomin trú, þó menn að eins haldi eða hugsi eitthvað, og það er því heldur ekkert satt eða fullkomið trúarbragðafrelsi, þó mönnum sè leyft þetta. Eigi trúin að sýna sig í fullum blóma sínum, þá er ei nóg að eins að hugsa fyrir sig, heldur munu menn og finna til þeirrar nauðsynjar að tala opinberlega fyrir og kenna sína trú, og vèr hefðum miklu fremur rètt til þess að fyrirlíta hvern þann, sem þættist hafa trú, en hvorki áliti sèr þó skylt nè rètt að halda henni opinberlega uppi. Kristur, sem er höfundur trúar vorrar, hefir að minnsta kosti haldið svo, því það liggur í allri kenningu hans, að hann gjörir þeim það að skyldu, sem vilja fylgja honum eptir, að bera vitni um sannleikann, hvar sem svo er, en þegja ei æfinlega yfir trú sinni. Þetta er því aðalatriðið í öllu sönnu trúarbragðafrelsi meðal kristinna manna, að engum sè bannað að kenna opinberlega trú sína, þegar hann, eins og hèr er farið fram á, að eins telur sig til einhvers af þeim trúarbragðaflokkum, sem almennt eru kallaðir kristilegir. En þetta er nú einmitt bannað hèr enn eptir lögum vorum um land allt, því þó útlendum mönnum með frábrugðinni trúarjátningu sè eptir verzlunarlögum leyft að halda trú sinni í kaupstöðum hèr á landi, þá nær þetta leyfi ei einu sinni svo langt, að þeir megi halda eða láta halda opinbera guðsþjónustu á þessum stöðum, auk þá heldur annarstaðar í landinu; það er einmitt stranglega bannað í lögunum, að annarar trúarjátningar menn megi kenna hèr opinberlega, svo að aðrir gætu leiðzt að þeirra trú, og með þessu móti er þeim að svo stöddu gjört það

alveg ómögulegt að stofna hèr nokkurn söfnuð á löglegan hátt. En slíkt ástand er mjög fjarri því að mega heita trúarbragðafrelsi, og þar sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður, sem og er forstöðumaður hinnar löggildu lútersku kirkju hèr í landi, virðist þó að vilja halda þeirri skoðun fram, að það væri nóg og fullkomið, þá bið eg menn vel að minnast þessa, þar sem eg get ei tekið orð hans öðruvísi en að í þeim liggi sú viðurkenning, að hann með sjálfum sèr finni, að hin gildandi lög sèu í raun og veru svo óviðurkæmileg og ómannúðleg eptir hugsunarhætti hans eins og annar menntaðra manna hjá velsiðuðum þjóðum nú, að hann mundi að minnsta kosti ei verða harður á að láta fylgja þeim stranglega fram, ef svo bæri undir, að á einhvern hátt kæmi til þeirra kasta. En þetta mundi nú þá sýna sig bezt ef á reyndi, og þá mundi það og sjást bezt, hver alvara fylgir því, sem hinn háæruverðugi þingmaður hefir talað um hið næga trúarbragðafrelsi hèr í landi eða umburðarlyndi landsmanna og hans sjálfs við þá menn, sem kunna að hafa aðra meiningu í trúarbragða-efnum og gjöra þá að eins skyldu sína, ef þeir reyna að framfylgja henni með ólastanlegum meðölum í sjálfu sèr og að eins andlegum. Og þó áranguríinn af þessari umræðu yrði aldrei annar en, að hún hefði gefið tilefni til að allt þetta kæmi berlega í ljós, þá álít eg að vèr með henni höfum unnið ei svo alls kostar lítið í hag sönnu trúarbragðafrelsi.

Eg hefi nú tekið það fram, sem að mínu áliti er aðalatriðið í öllu trúarbragðafrelsi, að menn af hverri kristilegri trúarjátningu sem svo er, megi kenna trú sína opinberlega og halda opinbera guðsþjónustu, hvort sem svo af því leiðir það, sem í lögunum er kallað »að gjöra proselyta» eða ei, og á meðan þetta hann er ei numið úr lögum, er hèr ekkert sannkallað trúarbragðafrelsi. En þess utan furðar mig mjög svo á því, að menn skuli vera svo móti því að veita þetta frelsi, og einkum er það mjög undarlegt um andlegrar stèttar menn, því eg get ei annað sèð en að það lýsi frábæru vantrausti á kirkjutrú sinni, ef menn eru svona hræddir um, að henni sè háski búinn, hvað lítið sem slakað er til í frjálslega stefnu, og þykjast því með öllu móti þurfa að girða um hana með veraldlegum lögum. Eg spái því og, hver sem afdrif þessa máls svo verða nú á þingi hèr, og þó um það að líkindum fari í þetta skipti allt gagnstætt því sem eg óska, að þetta muni þó ei verða nema stundargrið, því sú lagavörn, sem menn nú vilja halda

sèr dauðahaldi við, mun þó innan skamms verða tekin frá hinni lútersku kirkju hèr í landi eins og svo víða annarstaðar; og mèr þykir svo mikið varið í allt sannarlegt frelsi, einkum í því, sem andlegt er, eins og kirkjan þó á að vera, að eg mun æfinlega telja það með happi mínu, þó eg hefði aldrei komið hèr á þing til annars en að styðja þetta mál með atkvæði mínu, hversu lítið sem það svo má sèr. Og eg segi þetta því fremur, sem eg þess utan er sannfærður um, að alþing gjörir sèr ei að eins minnkun, ef það tekur ei frjálslega í þetta mál, heldur og líka öllu landinu mikinn óleik, þar sem þetta getur valdið því, að mönnum verði örðugra að verja önnur áríðandi málefni þessa lands eða vinna á þeim vígvelli, þar sem eiginlega er útgjört um þau, og sá vígvöllur er því miður enn sem komið er ekki hèr í landi. Ef menn hèr á þingi sýna sig svo ófrjálslynda í andlegum efnum, og meðal þeirra er trúarbragðafrelsið fremst í flokki, þá munu þeir sem enn ráða málum vorum til lykta, geta svarað oss, þegar vèr biðjum um frelsi og sjálfræði í öðrum efnum: »Bænir yðar um frelsi eru ekki á alvarlegum, rökum byggðar, því þèr hafið sýnt það á trúarbragðafrelsinu að þèr hirðið ei svo mjög um það í raun og veru, þar sem þèr eruð svo hræddir, að þèr þorið ei að láta það ráða þar sem það helzt á við, og þèr þurfið því að svo stöddu ei á meira frelsi að halda«. Og hverju eiga menn þá að svara ef þingið nú fellir þetta mál? Þetta bið eg menn því vel að yfirvega og annað fleira því um líkt, áður en menn láta leiðast til að vísa svo mikilvægu máli frá sèr í þetta sinn.

En eg skal ei fara lengra út í þetta efni að svo stöddu, þó margt sè enn að segja og athuga, nema hvað eg verð þó að geta þess, að mèr finnst það undarlegt, að tveir hinir lögfróðustu menn hèr í salnum skuli hafa verið að koma með það sem ástæðu móti því, að þingið taki nú þegar málið til meðferðar, að konungur geti ei veitt trúarbragðafrelsi hèr í landi meðan hann sè einvaldur, svo þetta verði einnig að bíða stjórnarbótarinnar; því þessi ástæða finnst mèr svo ónóg, og það svo í augum uppi, að ei þurfi nema beinlínis að neita henni, og eg held líka það væri lögfræðingunum sæmra að reyna að greiða úr flækjunum en að vera að æfa skarpleik sinn á að ríða óþarfa hnúta, svo öllu lendi loksins í þeirri bendu, sem hvorki er upphaf nè endir á. Eg vona því að þingið láti ei þessa ástæðu halda sèr frá að taka málið til meðferðar og setja nefnd, og fyrir því mun eg greiða atkvæði mitt.

Forseti: Eg verð að vekja athygli þingmanna að því, að þeir haldi sèr við efnið, svo umræðurnar verði ekki oflangar; það sem þingmaður Skagfirðinga talaði um, að gjöra »proselyta« eða leiða aðra til sinnar trúar, álít eg efninu alveg óviðkomandi (*Gísli Brynjúlfsson:* Nei, það er önnur hliðin á trúarbragðafrelsinu). Það gæti og ekki átt sèr stað á Íslandi, eins og nú stendur, því þar sem hinn heiðraði þingmaður vitnaði til þessara Krists orða: »farið og gjörið allar þjóðir að mínum lærisveinum«, þá verður þó ekki dregið í efa, að þeir sem játa evangelisk-lúterska trú, sèu einnig Krists lærisveinar.

Jón Pètursson: Eg lýsti því áðan yfir, að eg áliti, að það gæti ei samrýmzt við grundvallarlögin að biðja nú um trúarbragðafrelsi, og þó laus lög kæmi út um það, sem væri í bága við grundvallarlögin, yrði þau að víkja fyrir hinum og ónýt. Eg er ekki á móti trúarbragðafrelsi, því það er alveg samkvæmt kristilegum anda, og ef þvílík löngun væri almenn, vildi eg, að sú ósk kæmist til stjórnarinnar, það sannfærði hana um, að vèr þurfum stjórnarbótarinnar sem fyrst, svo ef það væri almenn ósk, að trúarbragðafrelsið kæmist á, vildi eg helzt ráða til, að vísa málefni þessu til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr 2, til þess að reka á eptir stjórninni með stjórnarbótina; því þegar stjórnin sæi, að drátturinn á stjórnarbótinni stæði í vegi fyrir svo mörgu hjá oss, nýjum skattalögum, nýrri sveitastjórn og trúarbragðafrelsi væri það sterkasta hvöt fyrir hana til að herða á sèr. Ef almenn ósk svo kæmi seinna um trúarbragðafrelsi, þegar við hefðum fengið nýja stjórnarbót, er því eigi væri til fyrirstöðu, þá skyldi eg ekkert hafa á móti, að það kæmist á, heldur reyna til að stuðla til þess.

Pètur Pètursson: Eg býst nú ekki við, að eg geti komið með neitt verulegt til að skýra þetta mál betur en það þegar er gjört. Eg er nú, eins og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður, vinur alls trúarbragðafrelsis, þegar þess þarf við; en það er vandratað meðalhófið í því tilliti; á aðra hliðina er ófrelsi, ofriki og ofsi, á hina hliðina kæruleysi, skeytingarleysi og trúarleysi; en mitt á milli er kristilegt umburðarlyndi og trúrækni. Sú almenna regla er nú, að leyfa öðrum að dýrka guð sinn á þann hátt, sem er samkvæmastur samvizku þeirra, þegar það stríðir ei móti borgaralegum lögum, eða kristilegu siðferði. Ályktunin, sem dregin verður út af þessu, er þá sú, að þegar fleiri láta í ljósi löngun eptir þessu, þá er það sjálfsagt, að leyfa allt frelsi, sem getur staðizt

með kristilegu fèlagslífi. Þegar eg fyrst leit á þessa bænarskrá, sem hèr liggur fyrir, hugsaði eg, að hún væri komin frá einhverjum, sem hefðu aðra trú, og af því eg sá, að katólskir voru nefndir í bænarskránni, hugsaði eg, að það væri frá einhverjum katólskum söfnuði í Þingeyjarsýslu, og var því tilgangur minn, að styðja að því með öllu móti, að þessum mönnum væri veitt allt það frelsi, sem gæti staðizt með voru kristilega og kirkjulega fèlagslífi. En við nákvæmari aðgæzlu og með því að spyrjast fyrir, komst eg að raun um, að bænarskráin var frá 22 lúterskum yngismönnum. Þá fór eg nú að fá aðra meiningu, einkum þegar eg heyrði, að þessi uppástunga hefði fallið á sýslufundi, því af því sá eg, að þorri manna hafði verið á móti henni. Eg er hræddur um, að þessir ungu menn hafi ei verið svo rótfastir í skoðun sinni á kristinndóminum, eða þeim afleiðingum, sem eins óbundið trúarbragðafrelsi, eins og þeir hafa stungið upp á, getur haft, að þingið eigi að gefa bæn þeirra þann gaum, sem málið sjálft að öðru leyti og þegar það er skoðað sem almennt mál á skilið. Eg er samdóma því, sem áður hefir verið tekið fram af nokkrum þingmönnum, að ekki sè tími til nú að taka þetta mál til meðferðar, þó allir þingmenn sèu samdóma í því, að trúarbragðafrelsi sè í sjálfu sèr æskilegt, þegar önnur skilyrði, sem til þess heyra, eru til staðar. Þar að auk verð eg að álíta, að vèr eins og nú er ástatt höfum allt það trúarfrelsi, sem þarfir hins yfirstandandi tíma heimta hèr á landi. Það hafa sumir vitnað til trúarbragðafrelsisins í Danmörku. En eg vil spyrja þessa menn: Eru þeir kunnugir hinu kirkjulega ásigkomulagi nú í Danmörku? Vita þeir, hvort því hefir miðað áfram, síðan trúarbragðafrelsið komst þar á? Eg fyrir mitt leyti er nú sannfærður um, að því hefir miðað töluvert aptur á bak. Það lítur svo út, að þar sè ein höndin uppi á móti annari; þar hafa myndast margir smáflokkar, sem liggja í einlægu stríði hver við annan; og eg held að þessi tvídrægni þar í trúarefnum sè komin svo langt, að þar sè ekki ósvipað því, sem Páll postuli ber Korintumönnum á brýn, að þeir kenni sig ekki lengur við Krist einan, heldur við Pál, Pètur eða Appolló (*Gísli Brynjúlfsson:* Ekki heldur við Lúter). Eg vil ei fara út í sèrstakleg atriði málsins; en vil að eins geta þess, að þó eg sè móti því að setja nefnd í málið að þessu sinni, hef eg látið í ljósi skoðun mína á málinu yfirhöfuð; og eg vil lýsa því yfir, að eg álít ekki, að þingið gjöri sèr neina minnkun, þó það nú vísi málinu frá, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni hèlt. En

það getur nú verið af því, að eg er kann ske ekki eins hörundssár eins og hann, því hugur minn hvarflar víst ekki eins opt og hans út um alla norðurálfuna, en minn hugur hvílir optast við ættjörðu mína. En eg þykist samt hafa vit á því, hvað til sóma manna eða vanvirðu heyrir, í öllu falli innan takmarka landsins. Eg er því ekki á móti málinu í sjálfu sèr, heldur einungis tímanum, sem það borið fram á.

Indriði Gíslason: Eg held nú, að mèr sè of vaxið að tala um þetta mál. En af öllum þessum löngu og snjöllu ræðum hinna lærðu manna, sem með málinu halda, hef eg ei getað sannfærzt neitt, og mig furðar mikillega á því, að þingið tekur svo mikið tillit til þessarar bænarskrár, að eyða upp á hana þessum feiknarlega orðfjölda, þar sem það hefir engan gaum gefið málum, sem miklu meir hefir verið í varið. Það er þrennt, sem gjörir, að eg vil ekki að málið sè tekið til greina; fyrst, að í bænarskránni er ekkert niðurlagsatriði; annað, að hún er frá einstökum mönnum. Hið þriðja er það, að eptir því sem alþýða lítur á trúarbrögðin, þætti mèr skrítið, ef þessi bænarskrá fengi inntöku, þegar hún er svo gott sem að biðja um, að katólskan komi aptur inn í landið; það er ekki svo langt síðan katólskan var hèr drottnandi, og þeir tímar ættu að vera oss svo minnisstæðir, að við reyndum ei til, að leiða hana inn aptur.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil að eins standa upp til að láta í ljósi, fyrir hverju eg muni gefa atkvæði mitt viðvíkjandi þessari bænarskrá; það þekkja allir þau orð, sem mèr finnst að hèr geti vel átt við: »Hver sem ekki er með mèr hann er á móti mèr», og finn eg mèr skylt að lýsa því yfir *með* hverju og *móti* hverju eg vilji vera. Það er nú kominn í ljós töluverður meiningamunur um þetta mál; sumir hafa verið með nefnd í málinu, sumir móti, fleiri hafa þó látið það álit í ljósi, sem eg einnig hallast að, að þetta mál hefði ei átt að koma fyrir þingið, heldur hefði átt að snara því burt þegar í stað. Sumir þingmenn hafa mikið talað um ágæti frelsisins, og kemur mèr ekki til hugar að gjöra lítið úr því, og það er mín einlæg ósk, að frelsið megi vera sem mest, en eg viðurkenni ekki ágæti þess frelsis, sem skapar hið mesta ófrelsi. Eg er nú ef til vill sá eini af þingmönnum, sem get borið um afleiðingarnar af þessu svo kallaða frelsi, og þekki hvað af því flýtur, að óviðkomandi trúarbragðaflokkur smeygi sèr inni í söfnuðinn, hvílíkri sundrung, úlfúð og tvídrægni það getur af stað komið, þar sem það slítur í sundur foreldra og börn, og systkyni hvert frá öðru,

og leiðir til alls konar óreglu í söfnuðinum, svo að presturinn hlýtur að komast í mestu vandræði með að fá þessu afstýrt, og getur aldrei verið áhyggjulaus um, að þessi rètt kölluðu aðskotadýr, kunni að kippa einum og einum burt úr hjörðinni sem honum er fyrir trúað; það munu allir skilja, að eg hèr á við hina svokölluðu Mormóna, sem að vísu kalla sig kristilegan trúarflokk, en eg efast um, að þeir með rèttu geti tekið sèr þvílíkt nafn. Líkt þessu hugsa eg að fara mundi, ef katólskum væri veitt hèr meira frelsi en þeir nú hafa. Eg verð því að vera á móti, að nefnd sè sett í málið.

Helgi Hálfdánarson: Eg er nú einn af þeim, sem furða sig á því, að þessi bænarskrá skuli vera komin til þingsins, þó ekki af því, að eg sè mótfallinn trúarbragðafrelsinu í sjálfu sèr; nei, eg er þvert á móti af hjarta meðmæltur öllu rèttu trúarfrelsi. Trúarbrögðin eru málefni hjartans, og trúarfrelsið þess vegna eitt af hinum helgustu rèttindum mannanna. Því meir sem maður virðir og elskar trúarbrögð sín, því fremur hlýtur maður að sjá, að það er rètt og skylt að vera vægur (tolerant) í trúarefnum. Það ætti að vera öllum ljóst, hve hættulegt og skaðlegt það er að ofsækja og áreita þá, sem eru annarar trúar; kirkjusagan ber ljósan vott um það hartnær á hverju blaði, að menn geta varla með neinu öðru unnið sinni trú meira ógagn en með því að ofsækja þá, sem hafa aðra skoðun í trúarefnum, Eins og blóð píslarvottanna á hinum fyrstu kristnu öldum varð útsæði kirkjunnar, eins hafa ofsóknir orðið hverjum trúarflokki til styrktar, sem fyrir þeim hefir orðið. Eg er því meðmæltur trúarbragðafrelsi þar sem þess er þörf, en eg sè hèr enga þörf. Það er ekkert á vorum tímum hèr á landi, sem knýr til þess, að koma með slíka bænarskrá sem þessi er. Eg get ekki betur sèð en að hèr á landi sè allt það trúarfrelsi sem menn þurfa og geta óskað. Hèr eru einungis ein trúarbrögð síðan katólskunni var útrýmt, og innan takmarka hinnar lútersku kirkju hèr á landi hafa eigi heldur myndazt neinir flokkar. Svona hefir alltaf verið hèr á landi síðan páfatrúin var af numin. Eg skil því ekki, hví menn eru að biðja um þetta, þegar engin nauðsyn er á því. Það er auðsèð, að beiðendur hafa í bænarskránni sèr í lagi haft í huga þessa fáu katólsku menn, sem hèr hafa verið í nokkur ár. En þegar eg líka lít til þeirra, get eg ekki annað sèð, en að þeir hafi haft og hafi enn allt það frelsi, sem þeir geta með sanngirni óskað eptir, og eg veit ekki til, að nokkur ójöfnuður hafi verið sýndur þeim. Eg hefi ekki orðið annars áskynja, en að allir hafi

umgengizt þá í bróðurlegum kærleika, bæði meðan þeir voru á Seyðisfirði, og eins hèr í Reykjavík, og þekki eg það í öllu falli hèr. Ef nú væri farið að gefa lög um trúarbragðafrelsi svona að nauðsynjalausu, þá er eg hræddur um, að það kynni að valda hættulegum misskilningi hjá alþýðu; eg er hræddur um að mörgum hinna fáfróðari kynni að verða það, að leggja þann skilning í þessi lög, að það standi á sama hverju menn trúa; en mèr finnst skylda mín að vara við öllu því, sem getur valdið slíkum misskilningi. Eg verð að biðja menn að athuga það, að þó vèr eigum að vera væglyndir (tolerante), (*Gísli Brynjúlfsson:* Sýni menn það þá í verkinu!) við þá, sem eru annarar trúar, þá eigum vèr ekki að vera »indifferente«, ekki að álíta, að það standi á sama, hvaða skoðun vèr eða aðrir höfum í trúarefnum. Þar sem þingmaður Skagfirðinga vildi sanna það af kenningu Krists, að hverjum, sem vildi ætti að vera heimilt að telja menn á aðra trú (»gjöra próselýta»), og að rangt væri að hindra það, þá skil eg ekki, hvar hann finnur þann lærdóm í nýja testamentinu, og verð alveg að mótmæla því. Að minnsta kosti kenndi Kristur það ekki, þegar hann sagði: »Vei yður, skriptlærðir og farisear, þjer hræsnarar, sem farið um öll lönd og höf til að gjöra menn að Gyðingum«. (*Gísli Brynjúlfsson:* Eg sagði það aldrei.) En það er ekki meiningin, að það eigi að hindra slíkar tilraunir með líkamlegum vopnum, það er annað vopn, sem þá á að beita, það er »sverð andans, sem er Guðs orð«. Það er skylda vor, sem erum þjónar hinnar Lútersku kirkju að beita þessu vopni af alefli, ef nokkur reynir að tæla trúarbræður vora til að ganga af trúnni, og það er allra skylda sem til þess eru færir. En ef nú svo væri, að hèr á landi væru fleiri trúarbragðaflokkar, þá skyldi eg vera fyrstur manna til að styðja að því, að þeir fengju að lifa í friði. En eins og nú stendur á, er ekkert tilefni til þess að biðja um þetta, sem hænarskráin fer fram á, og gjörir ekki annað en tefja þingið. Af því umræðurnar hafa verið svo miklar og ákafar um þetta mál, get eg ekki að mèr gjört, að láta mína skoðun einnig í ljósi. Eg ræð alveg frá nefnd, því mèr virðist það, sem farið er fram á í þessari bænarskrá, öldungis óþarft meðan eins stendur á og nú hèr á landi.

Magnús Andrèsson: Eg vil líka láta í ljósi mína hugmynd um málið, og ætla eg nú hvorki að skoða það frá guðfræðislegu nè lagalegu sjónarmiði, aðrir mèr meiri eru búnir að útlista málið frá

þeim hliðum báðum, og svo hugsaði eg að menn þekktu hvernig gekk til á katólsku tímunum, svo að menn ekki færu að leiða hana inn aptur. Eg vil því að eins láta í ljósi, að eg þekki ei þá nauðsyn, sem hefir knúð þingeyinga til að biðja um þetta, og er því alveg mótfallinn, að nefnd sè sett í málið.

Arnljótur Ólafsson: Eg er á sama máli og hinir háæruverðugu 2. og 3. konungkjörnu þingmenn, að það gæti verið mjög æskilegt, að fá trúarbragðafrelsi, og eins er eg á því, að nú sè eigi um það að ræða, hvernig, með hvaða takmörkum og hvenær trúarfrelsið skyidi komast á, með því að allar þessar spurningar snerta efni trúarfrelsisins, og það liggur nú eigi fyrir. Sumir hafa talað um, að í þessari bænarskrá væri óbeinlínis beðið um, að leiða katólska trú inn í landið og gjöra hana að þjóðtrú, eða þá jafnvel að taka af þá trú, sem við höfum. Aptur hafa aðrir sagt, að kirkjunni yrði bráður háski búinn af trúarfrelsinu og því ætti eigi að biðja um það. Þetta hvorttveggja held eg sè nú töluverður misskilningur. Ef vèr spyrjum sjálfa oss: »Viltu að landsmenn þínir kasti trú sinni, og taki aðra trú«? þá er eg sannfærður um, að vèr munum allir svara, nei. Og eg ímynda mèr líka, ef vèr værum spurðir: Viltu ganga svo langt, að landsmönnum þínum sè gjört ómögulegt, að taka aðra trú? að vèr þá mundum líka svara, nei. Því ef svo væri, að menn ætla að afskera mönnum allan mögulegleika til að taka aðra trú, þá hugsa menn sèr að verða spakari en guð sjálfur, því hann skapaði þó mögulegleika til syndar, þó hann skapaði ekki syndina sjálfa. Eg held því, að oss sè óhætt að vera á því, að fá mögulegleika til þess, að menn gæti tekið aðra trú, þó vèr eigi viljum, að menn taki aðra trú. Annar misskilningur sem hèr hefir komið fram, er sá, að sumir hafa ranglega álitið, að allir trúarbragðaflokkar hefði hèr fullt frelsi, og mig furðar á, að menn, einkum sumir af kennimönnunum, skuli vera svo illa að sèr í kirkjurètti vorum, að hafa þessa skoðun. Eg skal nú ekki fara lengra út í það; kirkjurètturinn er nú kominn út á prent, svo að hver þingmanna getur fengið sèr eitt exemplar af honum. En um það, hvort þetta mál sè ótímabær burður eða ei, sem sumir hafa tekið fram, þá er eg nú að vísu á því, og að það ætti að vera samferða stjórnarbótarmálinu, og vil eg því stinga upp á, að því sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1. Ástæðan fyrir þessari uppástungu er sú, að á þjóðfundinum sáluga var stungið upp á, að fá trúarbragðafrelsi, og ímynda eg mèr því, að ef þeir sömu sem voru á honum verða á næsta þjóðfundi, muni þeir sjálf-

sagt stinga upp á hinu sama þá aptur, og vil eg þá með þessu fyrirbyggja, að þeir komist í mótsögn við sjálfa sig, með því að vísa málinu alveg frá þinginu núna. Eg skal ekki ræða um það, hversu eðlilegt trúarbragðafrelsið sè, heldur að eins benda til þess, að hver sem þekkir, hvað kirkja er, og hvað samvizkufrelsi er, hann verður að játa kirkjunni um þann rètt að vera til, og getur því eigi neitað öðrum kirkjulegum flokkum en okkar að vera til, því annars hljóta menn að ganga svo langt að efast um, hvaða rètt okkar kirkja hafi haft að verða til og nú að vera til. Eins er um samvizkufrelsið; vèr verðum að játa, að fullkomið samvizkufrelsi geti eigi verið til án trúarfrelsis, og ef trúarfrelsið eður mögulegleiki viljans til að taka aðra trú, er tekinn burt, þá vantar siðferðislega sönnun fyrir því, að maðurinn fylgi sinni trú en hafni öðrum trúarbrögðum af sannfæringu.

Jón Sigurðsson: Það er auðsèð, að þingið hefir lítinn gaum gefið að bendingu þeirri, er eg gaf í fyrstu, eptir að bænarskráin, sem hèr er umræðuefni, var upp lesin, því flestum þingmönnum hefir orðið það á að tala oflangt og ofmargt um málið. Eg mundi því ekki hafa staðið upp til að lengja þingræðurnar, ef hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði ekki hneigt nokkur orð í ræðu sinni að kjósendum mínum, sem mèr finnst þörf á að svara; hann sagði, ef mig minnir rètt, að þegar hann hefði lesið bænarskrána á lestrarsalnum hefði sèr dottið í hug, að hún væri frá einhverjum katólskum trúarbragðaflokki, sem kominn væri upp í Þingeyjarsýslu. Þetta er sannarlega nokkuð kynleg ímyndun, og eg veit ekki hvort mèr heppnast að sannfæra þingmanninn um, að hún sè ástæðulaus; en hitt get eg fullvissað hann um, að enginn katólskur trúarbragðaflokkur er til í Þingeyjarsýslu; þar rækja menn siði kirkjunnar engu miður en annarstaðar, þar er á flestum heimilum lesin á hverjum helgum degi bók, sem heitir Pèturspostilla, en hvort hún er katólsk eða kennir katólsku, má þingmaðurinn vita betur en eg. Hann sagði, að þeir sem hefðu ritað undir bænarskrána væri yngismenn, og þá að líkindum lítið merkir, en eg get fullvissað hann um, að þeir eru flestir giptir og yfirhöfuð að tala heiðvirðir menn. Hann sagði enn fremur, að bænarskráin hefði fallið í gegn á sýslufundi í Þingeyjarsýslu; það er satt, að uppástungan var felld þar með miklum atkvæðafjölda, og lýsir það því, að hún er ekki sprottin af almennum þjóðvilja í Þingeyjarsýslu; og eg er nú líka reyndar á því, að engin þörf sè á að halda þessu máli svo

fast fram að sinni, eins og líka margir þingmenn hafa ljóslega tekið fram. En engu að síður verða menn að varast að dæma þá hart, sem bænarskrána hafa ritað, og mèr fèll það sannarlega illa, sem einn þingmanna sagði áðan, að bænarskráin hèldi svo freklega fram rètti katólskra manna, því það er ekki rètt skilið; hún tekur að eins dæmi af katólskum, af því það lá næst og beinast við; hèr eru eins og kunnugt er tveir katólskir menn í landi, sem meinað hefir verið að byggja opinbera kirkju, og verður því ekki neitað, að með því er rètti þeirra þröngvað. Nokkrir þingmenn hafa sagt, að hèr sè í rauninni fullkomið trúarbragðafrelsi, en mèr getur nú ekki skilizt svo, því þó svo kunni að vera, að fleiri en Lúterskir menn geti haft hèr frið og landsvist, þá vita það allir, að aðrir en þeir geta ekki notið hèr allra borgaralegra rèttinda; þannig geta ekki aðrir en Lúterskrar trúar menn orðið hèr embættismenn, alþingismenn o. s. frv. Er það mjög fráfælandi fyrir útlenda menn, og annarar trúar að nema hèr bólfestu meðan þessi ákvörðun er í gildi. Að svo mæltu vil eg þá helzt halla mèr að nppástungu þingmanns Borgfirðinga, að bænarskránni verði vísað til nefndarinnar í stjórnarskipunarmálinu nr. 2.

Jón Guðmundsson: Þar eð mèr brást sú von og tilmæli mín, að umræðurnar yrði litlar á þessu inngangsstígi málsins, verð eg að nota rètt þann, er eg þegar í byrjun umræðanna áskildi mèr að fá orðið. Ekki er það samt af því, að eg sjái ekki fram á, hver muni verða afdrif þessarar bænarskrár; en eg get ekki gefið svo atkvæði í þessu mikilsvarðandi máli að ei sjáist, hver mín skoðun er á málinu, þó eg viti, að hinn flokkurinn er miklu meiri bæði að vitsmunum og reynslu. Eg álít mig því til knúðan að svara nokkrum af þeim ræðum sem hèr hafa komið fram í dag á móti bænarskránni, en áður en eg gjöri það, finn eg það skyldu mína, að taka í sama strenginn, sem hinn háttvirti sessunautur minn (þingmaður Skagfirðinga) að mèr þótti þau orð, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður benti að konungsfulltrúa, alveg tilefnislaus og óviðurkvæmileg. — Það hefir verið talað um, að grundvallarlögin, kosningarlögin og landslögin væri á móti því, að biðja um trúarbragðafrelsi, og það hafa eðlilega verið lagamennirnir, og það einkanlega þeir 2 hinir háttvirtu yfirdómendur sem hafa tekið þetta fram. En viti menn, þeir hafa talað áður um þetta mál á prenti, og eg held, að megi heimfæra upp á þá latínska máltækið: dixi, et opus exegi. Eg skal ekki fara fleiri orðum um það, en það eitt vil eg segja þeim og þinginu, að maklegur orðstír þeirra út af hinni nafnkunnu

ritgjörð í blaði þeirra Íslendingi: »um rèttindi katólskra manna á Íslandi«, hefir flogið víða um heim og komið fram í frakkneskum og enskum blöðum (*Benidikt Sveinsson:* Þekkja menn á Englandi og Frakklandi íslenzk lög, eða geta menn þar ella áfellt menn sem skýra frá þeim?), sem eg get sýnt þeim, og er þar tekið til þessarar ritgjörðar helztu lagamanna á Íslandi, og að sjálfir yfirdómendurnir vilji framfylgja því í þessu efni, er sè gagnstætt því, er almennt er viðurkennt um alla norðurálfuna, og nálega um gjörvallan heiminn. Eg virði því þessum mönnum til vorkunnar, þó þeir vilji standa við sinn keip. — Þá hefir það verið sagt, að það sè engin þörf, engin nauðsyn og engin almenn ósk eptir trúarbragðafrelsi. En eg vil spyrja: Hvaða þörf, nauðsyn eða almenn ósk var það, sem var undirstaðan undir 1. grein í tilskipun 17. nóvbr. 1786, þar sem öllum og alls konar kristnum trúarbragðaflokkum er veitt almennt trúarbragðafrelsi í kaupstöðum Íslands? Þessi lagaheimild hefir þó aldrei verið talin óþörf; mikið rètt, það var engi almenn þörf eða nauðsyn eða þar að lútandi ósk eða yfirlýsing frá Íslendingum sem gaf tilefni til þessarar laga-ákvörðunar, heldur var það almenn rèttlætisgrundvallarregla, sem löggjafinn tók þar til greina og gjörði hèr að lögum. Eg skal taka annað dæmi, sem flestum þingmönnum mun vera í fersku minni. Á meðal þeirra lagaboða fyrir Danmörku, sem voru lögð fyrir alþingi 1853, var eitt um það, að Gyðingum væri veitt frjálst aðsetur í Danmörku. Nefndin, sem þá var kosin til að yfirvega lagaboðin, tók þetta lagaboð fram, sem vert þess, að það væri löggilt her á landi. En eg vil biðja þingmenn, að lesa alþingistíðindin fyrir 1853, og þar munu þeir finna, að höfuð kirkjunnar, allir kennimennirnir og bændurnir, beittu þar allri málsnilld sinni og streittust með höndum og fótum móti því að lagaboðið yrði hèr löggilt, álíta það gagnstætt öllum eldri lögum, að það mundi verða til að leiða vansa yfir þingið og ógæfu yfir landið, og lagaboðið var svo fellt með miklum atkvæðafjölda. En þegar til stjórnarinnar kom, þá varð hún ekki á sama máli eins og meiri hluti þingsins, heldur lagði hún fyrir næsta alþing frumvarp um, að Gyðingar mætti taka sèr bólfestu eða aðsetur hèr á landi, og þá veittist stjórninni sú fullnæging, að herra byskupinn sjálfur talaði og greiddi atkvæði með frumvarpinu. Svo nú eru það orðin gildandi lög, að Gyðingum sè leyfilegt að hafa hèr aðsetur alstaðar á landi; þá var engin almenn nauðsyn, og þó gekk þingið í sjálft sig og samþykkti lagaboðið. Það hefir verið sagt

hèr í salnum í dag, að það væri engin regla fyrir oss að fara eptir, þó trúarbragðafrelsi væri innleitt í Danmörku, en þegar það nú einmitt er byggt á óvefengjanlegum grundvallarreglum kristilegra trúarlærdóma, sem almennt eru viðurkenndar um gjörvallan hinn menntaða heim, þá virðist mèr, að vèr þurfum ei að fyrirverða oss að aðhyllast þessa sömu grundvallarreglu, og leyfa sjálfri henni að ryðja sèr eðlilega til rúms hèr á landi eins og annarstaðar. Það hefir verið sagt, að Lútersku kirkjunni í Danmörku hafi farið hnignandi síðan trúarbragðafrelsið komst þar á; mèr þykir mikið í ráðizt að fella þann dóm. Þeir sem svo dæma, verða fyrst að geta sagt það og staðhæft, hvort gallarnir á lútersku kirkjunni í Danmörku eða hnignun hennar var ekki orðin fullt eins mikil og ískyggileg löngu áður en trúarbragðafrelsið var þar lögleitt, þó að ekki þætti neitt bera á þessu fyrr en nú eptir það trúarbragðafrelsið var lögleitt, eða hvort að það einmitt hefir ekki orðið til þess, að leiða gallana og hnignunina í ljós. Hvað var það sem gjörði bera fyrir öllum heiminum nekt og fordjörfun katólsku kirkjunnar, annað en einmitt Lúter og hans lærdómur. Og því megum vèr aldrei gleyma, að það var ekki óyggjandi ágæti trúarlærdóma Lúters sem ruddi þeim rúm víðs vegar um heim og vann bilbug á pápiskunni, heldur margra alda fordjörfun katólsku kirkjunnar sjálfrar. Því átti það vel við þetta, sem einn af hinum merkustu byskupum okkar sagði. Það var Brynjólfur byskup Sveinsson í Skálholti; hann var siðavandur og vandlætingasamur, einkum að öllu formi hinnar ytri guðsþjónustugjörðar, og því var hann grunaður um, að hann hallaðist fremur að katólskum kirkjusiðum en Lúters setningum. Því var það, að í veizlu einni í Skálholti sagði prestur einn við hann: »Menn gruna yður um, herra byskup, að þèr látið hallast til katólskrar trúar«. Þá svaraði byskup: »Ekki er svo, barnið mitt, eg er sannarlega lúterskrar trúar. En Lúter og hans lærdómur hafði ókosti með kostum. Eg vil helzt líkja Lúter saman við höfuðkamb, en katólsku kirkjunni saman við þann, sem hefir óhreint höfuð; kambur þessi kembdi burtu alla geitina og hreinsaði höfuðið, en tók allan hársvörðinn með«. Hver er rèttur hinna ýmsu trúarflokka, eða yfirburðir eins trúarbragðaflokksins yfir öðrum? Hvað verður þeim til falls og hvað til viðreisnar og viðgangs? Þeim verður það sama til falls, sem öllu verður til falls í heiminum, öktunarleysi, hirðuleysi og önnur siðferðisleg spilling, og hið sama til viðreisnar, sem

öllu verður til viðreisnar, að þeir haldi sèr innan skyldunnar, sannleiksins og siðgæðanna takmarka. En kemur nú ekki einmitt þetta fram. Þegar einn flokkurinn í kirkjunni er farinn að fara afvega, að þá kemur annar upp, sem sýnir nekt hins og ryður sannleikanum og siðgæðunum þá braut af nýju, sem hinir villtust af. Það er einmitt þessi sannleikans og kristilegrar trúar grundvallarrèttur, sem er máttarstólpi kirkjunnar og hinna ýmsu frábrugðnu trúarflokka, en ekki hitt, hvar hver flokkurinn hefir aðsetur, hvort það er heldur í Róm eða á Íslandi, eða það, hver sè höfundur og stiptari þessa eður bins trúarflokksins. Og þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir því, að allar menntaðar þjóðir skoða þá alla sem skrælingja, sem setja sig á móti því, að annarleg trúarbrögð megi boðast hjá þeim. Eg vil nú að vísu eigi vefengja það, að lúterska kirkjan hèr á landi sè í bezta horfi og standi föstum fótum, en sè svo, þá mega menn líka vera óhræddir um, að framandi eður annarlegir trúarflokkar megna ekki að hagga við henni eða gjöra henni mein. En það lítur svo út, mínir herrar, eptir ræðum yðar sumra hèr í dag, að þèr sèuð ekki sèrlega trúaðir á þetta hið góða ástand kirkjunnar, og skoðið hana miklu fremur eins og spilahús, sem allt tvístrast, og hrynur undir eins og á það er andað. En ef hún er byggð á hellubjargi, þá er henni óhætt fyrir öðrum trúarflokkum. Það verður lengst með kristilega kirkju eins og líf mannanna, að hún verður allt af að eiga í stríði og baráttu. Kristur sagði líka sjálfur: »Eg er ekki kominn til að semja frið á jörðu«; hann sá fyrir, að kirkjan mundi verða ofsóknum og árásum undirorpin, og það er líka óumflýjanlegt, að kirkjan, eins og hvað annað, sem á að ná ágæti og staðfestu, gangi í gegn um stríð og þrengingar, því án baráttu fæst engi sigur; en kirkjan sigrar ekki með því, að hún sè umgirð einhverjum dauðum lagabókstaf og ímynduðum einkaleyfum, heldur með því, að hún prófist í skóla reynslunnar og baráttunnar. Eg er því fastlega með, að nefnd sè sett í þessu máli.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fáeinum orðum upp á það sem hann var að tala um trúarbragða ástandið í Danmörku, síðan trúarbragðafrelsið hefði verið gefið þar, og sem um leið skopaðist að þekkingu minni á því; en eg held, eptir ræðu hans að dæma, að eg sè kunnugri því en hann. Það furðar mig stórlega, að hann skuli vera því eins ókunnugur og út lítur fyrir eptir orðum hans, því einmitt síðan trúarbragðafrelsið var gefið, hefir hin kristilega trú aukizt og glæðzt

í Danmörku. Hin Lúterska trú var í Danmörku, áður en trúarbragðafrelsið var gefið, á mjög völtum fæti, og er það langtum minna nú. Ef menn ekki trúa mèr, þá ræð eg mönnum til að lesa sögu *Barfods* um hina dönsku presta, og munu þeir sjá þar margar ófagrar sögur. Líka geta þeir þá sèr til stuðnings litið í bók sem heitir »Jesus og Fornuften, Strauss trúarbragðabók og ýmsar fleiri guðleysis skruddur sem útkomu áður en hin síðasta trúarbragða löggjöf var saman tekin«; eg get og komið með annað dæmi, og vísað til fyrirlestra sem haldnir voru af háskólakennendum í guðfræði við háskólann í Höfn á árunum frá 1820 til 1822. Þar sem opinberlega var gjört narr að Kristi og kraptaverkum hans; en í stað rèttrar kristinnar trúar settu þeir þýzkt heimspekilegt rugl. Eg álít því þá menn ókunnuga trúarbragða ástandinu í Danmörku, sem ei játa að það hafi batnað. Eg hef verið í fleirum löndum en hinn háttvirti konungkjörni þingmaður, og þar á meðal í mörgum katólskum löndum, og alstaðar sèð, að menn báru þar mikla virðingu fyrir hinni Lútersku kirkju. Eg hef reyndar ekki verið í Róm, en veit þó, að rètt við hliðina á páfanum er lútersku söfnuðum leyft að vera í mestu spekt og friði; hið sama gildir og um aðra trúarbragðaflokka; en hèr á landi höfum við argasta ófrelsi, og skal eg færa sönnun fyrir því. Það er sumsè auðvitað, að þegar einn maður á að geta valið um tvo hluti, verður hann að þekkja þá; gefist honum ekki tækifæri á því, er hann ófrjáls. Má eg nú spyrja, hvar gefst unglingum áður en þeir eru konfirmeraðir tækifæri á að kynnast annara trúarbragðaflokka kenningum en Lúterana? Hvergi. Eru hèr nokkrir reformertir eða katólskir söfnuðir? Ekki það eg til veit. Þar sem svona er ástatt, álít eg að vera hið argasta trúarbragða ófrelsi. Þar sem ekki getur verið spurning um nokkurt val, þar getur heldur ekki verið nema það eina að halda sèr til, og svona er það hjá okkur. Mig furðar því stórlega á því, að guðfræðingar vorir hèr í salnum, jafngóðir og lærðir menn sem þeir eru, skuli segja, að við höfum nóg frelsi, því eptir þeim dæmum, sem eg hefi tilfært, liggur það í augum uppi, að við eigum við argasta trúarbragða-ófrelsi að búa, og þó er verið að stríða við að halda því, þó það sè okkur til skaða og skammar. Eg get vel skilið það, að menn vilji halda fast við þá trú sem menn hafa haft, en þar sem enginn mögulegleiki gefst til að kynna sèr annara trúarbragðaflokka kenningar, það álít eg vera allt of ófrjálst. Við ættum þó nú, þegar þessi mikla presta-ekla er

hjá oss að vera frjálslyndir við alla kristilega trúarbragðaflokka, því eptir því sem nú lítur út, er að óttast fyrir, að allmikill hluti landsins verði prestalaus, og er þá bæði kristin trú og öll kristileg barnauppfræðing á förum. Eg vonast því til, að þingið kjósi nefnd í málið til að íhuga það.

Gísli Brynjúlfsson. Þar sem það nú er auðsætt, að þeir, sem vilja fella málið, vilja ei heldur lofa mönnum að tala út um það, þá skal eg að eins svara varaþingmanninum úr Gullbringusýslu því, að eg hefi aldrei sagt það, sem hann vildi leiða út úr orðum mínum, og bæti eg því þá við, að eg held að það sè sönnun fyrir að ástæðurnar sèu farnar að þrjóta, þegar jafngóðir menn og hann verða að grípa til að rangfæra orð manna. En hvað því viðvíkur, sem hann sagði um sverð andans, þá er það einmitt það sem eg óska, að prestarnir vildu sýna það í verki, að þeir óskuðu ei nokkurs annars vopns en þess, og engra annara bara til þess að verja með andleg málefni. En mèr sýnist allt benda að því, að þeir vilji nú með engu móti láta sèr nægja þetta.

Forseti: Það hafa tveir háttvirtir þingmenn vikið orði að því, sem mèr máske hefði borið að gjöra, nefnilega að vanda um það, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefði brugðið hinum hæstvirta konungsfulltrúa um, að tillögur hans við stjórnina í máli þessu, mundu verða öðruvísi en álit það á málinu, er hann lèt í ljósi hèr á þingi í dag. En þetta gjörði eg ekki, af því, að mèr bæði var kunnugt umburðarlyndi hins hæstvirta konungsfulltrúa, og eins hitt, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður er varkár í orðum og vill engan meiða; eg áleit, að hann meinti, að konungsfulltrúi mundi af ræðum þingmanna láta sannfærast, svo að hann mundi mæla móti málinu við stjórnina, þó hann styddi að því á þinginu, að nefnd yrði í það kosin.

Jón Guðmundsson: Eg hèlt að eg, samkvæmt 60. grein í alþingistilskipuninni, hefði rètt til að segja það, sem eg sagði.

Forseti: Það var ekki heldur meining mín að vefengja rètt hins háttvirta varaforseta í þessu tilliti nè nokkurs annars þingmanns, heldur að greina ástæður fyrir, að eg ekki vandlætti um það, er hèr greinir um, og þar eg álít inngangsumræðunni um þetta mál lokið, skal eg láta ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja eða ekki í málið.

Sveinn Skúlason: Eg fyrir mitt leyti er á því, að hin rèttasta

aðferð sem þingið getur viðhaft í þessu máli, sè sú, að málinu sè vísað til sýnódus, sem er þess rètta »forum«.

Forseti lèt síðan ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var við haft nafnakall við atkvæðagreiðsluna, og fèll það þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
G. Brynjúlfsson.	Br. Jónsson.
J. Guðmundsson.	B. Þórðarsson.
J. Hjaltalín.	A. Ólafsson.
	Ásg. Einarsson.
	B. Sveinsson.
	B. Pètursson.
	H. Kr. Friðriksson.
	H. Hálfdánarsson.
	H. G. Thordersen.
	Indriði Gíslason.
	J. Pálmason.
	J. Pètursson.
	J. Sigurðsson.
	M. Andrèsson.
	P. Melsteð.
	P. Sigurðsson.
	P. Pètursson.
	St. Eiríksson.
	St. Jónsson.
	Sv. Skúlason.

Var málið þannig fellt frá nefnd með 20 atkv. gegn 3. Lèt forseti síðan ganga til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu (nr 1 eða 2), og varð niðurstaðan, að málið var alveg fellt með 15 atkvæðum.

Forseti: Þessu næst kemur eptir dagskránni bænarskrá úr Þingeyjarsýslu um *gufubátaferðir með ströndum Íslands.* Var bænarskráin afhent flutningsmanni hennar, þingmanni Suður-Þingeyinga.

Jón Sigurðsson: Eg skal með leyfi forseta lesa upp bænarskrána.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 82.

Það munu þykja nýmæli, sem þessi bænarskrá fer fram á, því eg man ekki til þess, að samslags málefni hafi komið hèr fyrir á þingi fyrr. Eg vona samt, að þessari bænarskrá reiði ekki eins af

eins og mörgum af þeim bænarskrám, sem eg hefi haft meðferðis, og sem þingið hefir ástæðulaust vísað frá sèr, því þetta er mjög svo áríðandi og mikilsvert málefni sem varðar hag alls landsins og landsbúa yfirhöfuð; vil eg því leggja fram mín ýtrustu tilmæli, að þingið gefi þessu máli góðan gaum, og kjósi nefnd í það.

H. Kr. Friðriksson: Eg vona, að það verði styttri umræður um þetta mál, en um bænarskrána um trúarbragðafrelsið. Eg þykist þess fullviss, að ölium þeim, sem óska framfara, sè það ljóst, hve nauðsynlegt það er, sem bænarskráin fer fram á, til þess að samgöngur verði greiðari hjá oss, og sá vegur, sem greiðir þetta bezt, er, að vissar og áreiðanlegar ferðir komist á með fram ströndum landsins, en þetta verður bezt með gufubátum. Eg vonast því til, að nefnd verði kosin í máiið, og sting upp á 5 manna nefnd.

Stefán Eiríksson: Eg ætla mèr að verða meðmæltari þessari bænarskrá en þeirri sem næst var rædd; eg ætlaði mèr þá að tala, en komst ekki að fyrir ákefð þeirra, sem vildu fá þeirri bænarskrá framgengt, með því umræðunum var slitið með atkvæðagreiðslu. Það vita allir, hversu erfitt er að ferðast hèr um land, og hve seint að ferðalögum og samgöngum miðar áfram hèr á landi, og því væri okkur mjög haganlegt að fá gufubáta; á þeim yrðu greiðari samgöngur heldur en yfir óvegi þá, sem við verðum að fara á landi; það skyldi vera það eina sem maður strandaði á með mál þetta, og það er á kostnaðinum, en nefndin kann þá, ef til vill, að finna eitthvert ráð til að hrinda þessu í gott horf, þó eg ímyndi mèr, að stjórnin eptir þeim svörum, sem hún hefir gefið upp á beiðni vora um vörn kringum landið gegn framandi fiskimönnum, ekki vilji gefa okkur gufubát, eður lána okkur fè til þess, og eptir því sem hún hefir tekið undir málið frá seinasta þingi um styrk til að koma á þilskipaveiðum, þá get eg ekki borið traust til hennar í fjárútlátum.

Forseti: Þar fleiri ekki taka til máls, álít eg umræðunum lokið, og skal svo láta ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið, eða ekki.

Var síðan í einu hljóði samþykkt, að nefnd skyldi kjósa, og 3. manna nefnd samþykkt með 11 atkvæðum, og þessir kosnir:

J. Sigurðsson með 15 atkv.
J. Hjaltalín — 6 —
A. Ólafsson — 7 —

Var bænarkráin síðan afhent þingmanni Suður-Þingeyinga.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu *um breyting á vegabótalögunum.*

Var bænarskráin afhent flutningsmanni hennar, þingmanni Borgfirðinga.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal með leyfi forseta lesa upp bænarskrána.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 84.

Eg skal að sinni ekki mæla fram með bænarskránni, því það er óþarfi, með því að öll þau atriði, sem hún hefir að geyma, eru greinilega tekin fram.

Konungsfulltrúi: Eg verð að lýsa því yfir, að eg álít það æskilega orðið, að þessi bænarskrá er komin hèr inn á þingið. Það er hverjum manni ljóst, að vegabótalöggjöfin eins og hún er nú, og með þeim efnum, sem menn hafa fyrir hendi, ekki getur komizt nema á pappírinn; með jafnlitlu fè er ómögulegt að gjöra neitt verulegt við þjóðvegina, það verður einungis gjört við litla kafla, sjálfsagt þá sem verstir eru yfirferðar, í senn, en aðrir verða látnir óhrærðir, sem þó þurfa viðgjörðar við, og síðan, þegar búið er að gjöra við einn kaflann, þá er sá fyrsti orðinn ónýtur, því þegar hlutaðeigendur hafa goldið gjald sitt, álíta þeir sig eins og þeir líka eru lausa allra mála. Mèr virðist því, að hugsunin í bænarskránni fari í þá stefnu, sem líklegust er; því þó menn vildu hækka vegabótagjaldið um heilt dagsverk fyrir hálft, þá yrði það samt ónógt, og hvergi nærri svo mikið, sem nauðsynlegt væri til vegagjörða á þjóðvegunum. Eg mæli því með, að nefnd sè kosin í málið; því vera má að nefndin fyndi eitthvert úrræði í þessu fyrir land vort umvarðandi máli.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki tefja þingið með langri ræðu. Ætli þingið að fara að káka við þessi ný gefnu lög, þá verður það því til enn þá meiri skammar. Hvað duga lögin, þegar ekkert er gjört? Þau eru ekki til annars, en að kveikja í Cigar með þeim. Hèr hafa verið búnir til vegir með jafnvel minni peningum, en hèr ræðir um, og vegirnir þó orðið góðir. Það, sem okkur vantar hèr er framkvæmd; það er valdstjórninni til skammar, að ekkert hefir enn þá verið gjört, ekki svo mikið sem kastað steini úr götu. Eg er því öldungis á móti því, að þingið fari að breyta lögunum ofan í sjálft sig. Það er gjört langt of mikið úr því, hvað örðugt sè, að bæta vegina, það er víða hèr langur vegur, sem ekki þarf annað

en að kasta steini úr götu. Fyrir 30 árum síðan mátti skeiðríða hèðan og upp að Svínaskarði, en hvernig er vegurinn þangað nú? Ekkert hefir verið gjört við hann í mörg ár, og nú er varla mögulegt að hleypa hesti á sprett þangað upp eptir. Eg sè ei hvernig þingið, sem þekkir þetta allt, vill vera að skipta sèr af þessari bænarskrá. Eg vildi heldur stinga upp á því, að þingið sendi ávarp til stjórnarinnar um að áminna valdstjórnina um að passa betur upp á, að vegabótalögunum yrði betur fylgt.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki annað en stutt það, sem hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður fór fram á. Eg held, að vegirnir sýni, að nógu lengi hefir verið beðið eptir vegabótarlögunum, síðan þar að lútandi uppástungu var fyrst hreift á þingi 1855 hefir alls ekkert verið gjört við neina vegi hèr sunnanfjalls. Áður en vegabótalögin komu, heyrðu menn suma segja, að bezt væri að bíða með vegabæturnar þangað til lögin kæmu, en síðan þau komu hefir heldur ekki verið neitt gjört, um það bera vegirnir sjálfir órækastan vottinn, og þetta má ei lengur svo til ganga. Þar sem talað hefir verið um að biðja um lán til aðgjörða á vegunum, þá talar að vísu nokkuð með því, en ef valdstjórnin álítur að of lítið fè hafist upp úr vegabótagjaldinu, eins og það er nú lögákveðið, til þess að gjöra viðunanlega við þjóðvegina, þá er henni innanhandar að fara þessleiðis láni á flot við stjórnina, en það er ekki þingsins að útvega lánið. Og þó að vèr hèr förum að útvega peninga, auk þess sem vèr höfum gengizt fyrir vegabótalögunum, þá getum við samt ómögulega útvegað valdstjórninni þann vilja, dug, árvekni og ráðdeild til framkvæmda, sem er í raun rèttri það eina er oss skortir í þessu máli, vilja og dug sköffum við hvorki með peningum nè lögum.

Björn Pètursson: Eg mæli með því, að nefnd sè sett í þetta mál. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók svo skýrt og greinilega fram ástæðurnar fyrir því, að það er óþarfi, að taka þær upp aptur. Eg veit til þess, að það er megn óánægja með þessi nýju vegabótalög fyrir austan, og svo mun víðar vera, og ekkert verður gjört að gagni, sökum peningaleysis. Eg fyrir mitt leyti álít, að það væri æskilegt að fá peningalán til vegabótanna, því með vegabótagjaldinu, sem nú er lögboðið, verður ekki gjört við nema dálítinn vegspotta á ári. Afleiðingin af þessu er, að mestallir þjóðvegir verða ófærir, með því skylduvinnan er úr lögum numin.

Sumir þingmenn eru hræddir um, að fèð til vegagjörðanna

verði ofmikið, ef stjórnin sè nú beðin um lán, meðan ekki er búið að brúka það fè, sem til er. En eg held og, að það sè óhætt að biðja stjórnina strax um fè, því það er ekki í sama augnablikinu komið frá henni, en í millitíð mætti brúka það fè, sem fyrir hendi er, til hinna nauðsynlegustu vegabóta. Að öðru leyti getur nefndin lagað málið í hendi sèr. Eg vona, að nefnd verði kosin til að íhuga málið, og sting upp á 5 manna nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Eg játa það fúslega, að það er mjög svo athugavert að breyta nýjum lögum; en það er allt öðru máli að gegna með þessa bænarskrá, hún fer þess engan veginn á flot, að lögunum sè breytt, heldur einungis að í stað orðanna: »að grafa niður veginn«. verði sett: »að hækka veginn upp«, og þetta verður þó sannarlega ekki kölluð mikil breyting á lögunum. Það er það sama, hvort þessum orðum er breytt eða ekki breytt, því stjórnin bannar ekki að hækka vegina upp, þó svo sè til orða tekið í lögunum, að þá skuli grafa niður. Aðalatriðið er hèr að biðja um lán, en það er engin breyting á lögunum. En allir sjá, hvað gjört verður með einum 6000 rd. árlega; það er eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þegar er búið að gjöra við einn kafflann, þá er sá, sem gjört var við næst á undan, orðinn verri en hann var áður en gjört var við hann. Það er mikið fallegt að skipa valdstjórninni að gjöra vegabætur, en vilja þó ekki stuðla til þess, að hún hafi nægilegt fè til framkvæmda sinna; því eins og það er skylda valdstjórnarinnar að gjöra skyldu sína, eins er það skylda vor að styrkja hana til þess. Það er fullkomin skylda þingsins að skerast í þetta mál og biðja um lán, og eg álít það miklu fremur skyldu þingsins en valdstjórnarinnar. Ef menn fengju svo mikið fè, að leigur þess samsvaraði 3000 rd., þá gætum við bætt vegina hjá oss, að minnsta kosti nokkuð. Eg álít það því mjög óhyggilegt, ef menn ei vilja skerast í málið.

Jón Hjaltalín: Það furðar mig, eins og eg áður sagði, stórlega, að þingið skuli vilja skipta sèr nokkuð af þessari bænarskrá, því það er ekki nema til ills eins. Ef menn gerðu jafnmikið nú með 6000 rd. og fyrir 30 árum með 600 rd., þá gætum við má ske fengið þolanlega vegi. Eg þekki ekkert land, hvar eins hægt er að gjöra góða vegi og hèr. Hèr kostar grjótið ekkert, en í útlöndum verða menn að kaupa það dýrum dómum, og það ofan í kaupið miklu verra og harðara grjót. Við eigum ekki að vera að hugsa um að gjöra akvegi, því það er hreinn barnaskapur, þá

þyrftum við millíónir en ekki þúsundir ríkisdala. Við eigum að taka hlutinn eins og hann er, og útvega okkur þolanlega vegi, sem við getum riðið á, en ekki vera með þetta droll ár eptir ár, því af því leiðir, að við nú erum verr farnir, hvað vegi snertir, en fyrir 30 árum síðan. Með 6000 rd. árlega getum við gjört mikið; við getum fengið rètt þolanlega vegi, ef vel er á þeim haldið; sè óhaglega eða klaufalega farið með fèð, þá kemur það í sama stað, hvað mikla peninga við fáum undir hendur. Áður en vegabótalögin komu, sögðu menn: Við gjörum ekkert við vegina fyrr en vegabótalögin koma, og síðan við höfum fengið þau, hefir ekkert verið gjört; þá gerðu forfeður vorir það betur, þeir lètu ryðja vegi sína; látum okkur feta í þeirra fótspor.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður var því alveg mótfallinn, að vegabótalögunum væri breytt; en þegar þau núgildandi vegabótalög voru til umræðu hèr á þingi seinast, þá vildi eg ekki hafa þessi nýu lög, en þá vildi hann endilega fá ný lög um vegina. Nú höfum við fengið þau, og reynslan hefir sýnt, að þau eru óbrúkanleg; því eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi ljóslega sýndi fram á, þá er ómögulegt með jafnlitlu fè, að gjöra vegi um allt land. Það er öll von til þess, að þeir, sem ekki þekkja lögin, fari að eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, og slái allri skuldinni upp á yfirvöldin; en þetta er mjög svo óheppileg aðferð; en vegabótalögin eru nú svo, að yfirvöldin ekki geta framfylgt þeim, og sýnist því brýn nauðsyn vera til að breyta þeim. Eg hefi og heyrt, að fleiri bænarskrár mundu koma til þingsins um sama efni, og því meiri orsök virðist vera til þess, að setja nefnd í málið, sem eg fastlega mæli með.

Jón Pálmason: Eg viðurkenni það fúslega, að mjög margir annmarkar eru á vegabótalögunum sem þurfi breytingar við, en á hinn bóginn virðist mèr það ísjárvert nú þegar að biðja um breyting á þeim. Eg vildi því heldur ráða til þess, að bíða með að biðja um breyting á lögunum og reyna að brúka þau fyrst um sinn, svo reynslan kenndi mönnum enn betur að þekkja gallana. Eg er þess vegna fremur mótfallinn því, að nefnd sè kosin í málið.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður frá Suðurmúlasýslu sagði, þá virtist mèr byrjunin á ræðu hans lúta að því, að menn í hans sýslu ekki þörfnuðust góðra vega heldur einungis góðra vegabótalaga, og þá fór heldur að hækka á mèr brúnin; en endir ræðu hans laut þó að því, að vegirnir þar

væru svo vondir, að þeir yrði hvorki endurbættir með lögum nè peningum, nema afarsummum. Það er auðsjáanlegt, einkum ef menn ætla sèr að upp hækka alla þjóðvegina, víðs vegar um land allt, þá þurfum vèr meir en tvisvar sinnum og meir en 7 sinnum 75 þúsundir dala. Eg er þess vegna samdóma hinum heiðraða þingmanni Húnvetninga, að það muni hentast og einka úrræðið vera, að láta reynsluna og framkvæmdina á lögunum sýna gallana á þeim. Það er sízt sæmandi fyrir þingið að fara að breyta þessum lögum nú þegar, sem það svo nýlega er búið að samþykkja, eptir margra þinga kostnaðarsaman undirbúning. Ef menn vilja og þykjast þurfa að biðja um fjárlán, þá er það valdstjórninni innanhandar að fara þess á leit við stjórnina, gjöri amtmennirnir það, ef þeir álíta það nauðsynlegt, en þinginu er það alveg óviðkomandi, og á alls ekki við, að það gangi út frá því. Og það, sem valdstjórnin leggur til í þessu efni, tekur stjórnin fullt eins vel til greina, eins og þó það kæmi frá þinginu.

Indriði Gíslason: Þegar eg sá frumvarpið til vegabótalaganna, var eg því mótfallinn, að frumvarpið yrði gjört að lögum, af því eg hèlt, að menn gætu fengið fullgóða vegi eptir gömlu lögunum, ef menn tækju launaða tilsjónarmenn, er stæðu fyrir vegabótunum, og yfirhöfuð að tala hefðu gott eptirlit með vegabótunum, því þar sem eptirlitið með vegunum var gott, þar voru líka góðir vegir. Nú komu þá þessi nýju lög, þó eg væri þeim mótfallinn 1859, og fyrst við nú höfum fengið þau, álít eg það hið mesta glappaskot að kasta þeim svona burt óreyndum, eða yfir höfuð að breyta þeim nokkuð í þetta sinn, því það væri ekki annað en barnaspil. Er stjórnin líka nokkuð kunnugri núna? Eða á hún að vera verkstjóri? Eg held því það liggi næst, að fara að gjöra eitthvað og brúka það fè sem fyrir hendi er. Það þarf heldur ekki að skilja lögin strangt eptir orðunum, því þá yrðu þau óbrúkanleg, en svo er með fleiri lög; það eru margar undantekningar í þeim, sem gjöra að verkum, að vel má brúka þau. Það má máske finna það að lögunum, að þau innihalda ofmikla vinnutilsögn, en mèr virðast þau ekki verri fyrir það, því það er auðvitað, að þeir, sem fyrir vegabótunum eiga að ráða, verða að haga sèr, sem aðrir skynsamir menn, eptir efnum og kringumstæðum. Það dugar ekki að vera allt af að biðja þetta hvað eptir annað og svo ekkert að gjöra. Það, sem við nauðsynlega þurfum, eru vegabæturnar, og því er ráðlegast að fara að taka til starfa; að ekkert er og hefir verið gjört, hvílir á valdstjórninni

og okkur verkamönnunum. Það er því bezt að bíða með þessar breytingar á lögunum þangað til við höfum fengið stjórnarbótina og getum breytt þeim sjálfir; þá getum við ei kennt stjórninni um, þótt eitthvað takist ófimlega. Eg er þess vegna móti því, að nefnd sè kosin í þessu máli.

Brynjólfur Jónsson: Það sem mèr einkum þykir eptirtektavert við bænarskrá þá, sem hèr er orðin að umræðu-efni, er það, að þar er gjört ráð fyrir, að hver faðmur af 5 álna breiðum vegi muni kosta 2 rd., þetta ætti líklega að vera byggt á einhverri reynslu, og eg vil spyrja, hvaða reynslu hafa beiðendur fyrir sèr í þessu. Eg ætla að eg geti tilfært dæmi tekið af reynslunni, það nefnilega, að nú er á Vestmanna-eyjum, hvar við Vestmanna-eyingar höfum fyrir náð, að eg taki svo til orða, fengið að hafa þjóðveg, þó ekki sè hann langur, lagður 250 faðma langur þjóðvegur fyrir hèr um bil 50 rd.; hafa því hverjir 5 faðmar verið gjörðir fyrir einn ríkisdal. Gjörum ráð fyrir að hið árlega þjóðvegagjald yrði 6,000 rd.; mætti eptir þessum mælikvarða leggja árlega 30,000 faðma langan þjóðveg, og yrðu þessu framhaldið í 10 ár, væru komnar 75 mílur, og yrði þetta áunnið með vegabótartilskipuninni, get eg engan veginn álitið hana óhafandi. Mèr virðist ógjörningur að biðja um breytingu á henni, meðan hún er óreynd, en verði sú reyndin á, að hún ekki komi að neinu haldi, þá fyrst virðist mèr tími til að biðja um breytingu, þó óvíst sè, að þá muni betur fara.

Helgi Hálfdánarson: Þó að hèr hafi komið fram gagnstæðar skoðanir, þá er jeg að miklu leyti samþykkur báðum. Jeg er fyrst og fremst samþykkur þeim, sem álíta, að vegabótalöggjöfin hafi mjög svo misheppnazt og hafi mikla og verulega galla; en eg er einnig á þeirra máli, sem vilja fresta því að biðja um breytingu á lögunum, vegna þess, að ekki sè búið að reyna þau til hlítár. Einmitt vegna þess, að gallarnir á þessari löggjöf eru fleiri en einn eða tveir, og munu sjást miklu fleiri, þegar fram líða stundir, þá eigum vèr ekki nú að fara að biðja um breyting á einstöku atriðum, heldur reyna lögin fyrst um tíma sem bezt vèr getum, en um leið safna göllunum jafnóðum og reynslan kennir oss að þekkja þá. Þegar vèr höfum reynt þessi lög til hlítar, og af reynslunni lært að þekkja alla annmarka þeirra, þá fyrst er tími kominn til að biðja um breytingu á þeim; en að biðja nú í ár um breyting á einni grein, og svo ár frá ári allt af um nýja breyting, eptir því sem gallarnir koma í ljós, það virðist mèr ófært og ekki tak-

andi í mál. Eg er því með því, að vèr bíðum nokkur ár enn þá, en gjörum á meðan allt sem vèr getum til þess, að bæta vegina hjá oss eptir þessum lögum.

Arnljótur Ólafsson: Eg þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa og þeim þingmönnum, sem hafa verið meðmæltir bænarskránni, fyrir hvað vel þeir hafa tekið i málið, og vonast til þess, að þingmenn taki til greina álit hins háttvirta konungsfulltrúa í þessu máli, og það því fremur sem hann hlýtur að vera því mjög svo kunnugur, sökum stöðu sinnar. Eg skal því næst í fám orðum svara mótbárum þingmanna. Mótmælin ganga í tvær áttir; sumum þykja vegabótalögin svo góð, að þeir óska sèr engrar breytingar, aptur aðrir álíta þau svo slæm, að það sè ekki artandi upp á þau, og eigi þau svo að ganga sèr til húðar. En eg vil biðja þá, sem halda með lögunum, að athuga, að þeir komast í mótsögn við sjálfa sig, þegar þeir leggja á móti því að fá fèlán það sem bænarskráin fer á leit til þess að fram fylgja þessum hinum góðu lögum, því þá leggja þeir undir eins a móti því, að nokkuð sè framkvæmt; því það hefir sýnt sig, að vegabótagjaldið er allt of lítið til að gjöra nokkuð verulegt með. Þegar vatnsleiðingarnar og gasið komst á í Höfn hèrna um árið, þá var tekið stórt lán til þess að framkvæma þegar í stað þessi fyrirtæki. Svona fara menn vanalega að í öðrum löndum við þess háttar tækifæri, og væri hèr á landi til lánssjóðir, þykist eg þess og fullviss, að menn opt mundu hlaupa til þeirra, til þess að framkvæma fljótt og skipulega þau fyrirtæki sem mikið fè þarf til en þola eigi biðina. Það eru tvö atriði tekin fram í bænarskránni annað er dálítil breyting á tilskipuninni, og hitt lýtur til framkvæmdarinnar, þar sem beðið er um lánið. Breytingin er fólgin í því að hækka vegina upp í stað þess að grafa þá niður. Enginn mun geta neitað, að þetta er rèttarbót, þótt hún kunni eigi að vera svo mikil, ef vel er gáð að 10. grein vegalaganna. Eður hvað er föst braut? Er föst braut sem lækir renna um og gatan verður full af vatnsaga? Eg held eigi, heldur þar, sem vegur er þurr og harður. Um lánið sjálft skal eg ekki vera langorður. Eg skil það vel, að þeir, sem hafa á móti vegabótalögunum, vilji eigi biðja um lánið, en hinir, sem gylla þau, ættu að minni ætlun að vera því meðmæltir, að beðið væri um lánið.

Stefán Jónsson: Heima í hèraði því, sem eg er frá, heyrði eg megnar umkvartanir gegn vegabótalögunum, og sumir menn þar, voru jafnvel á því að semja bænarskrá til þingsins, sem lyti að

breytingu á lögum þessum; en þegar eg ítarlega hugleiddi málið, fann eg, að það var mikill munur á meiningum manna um það, í hverjum atriðum helzt þyrfti að breyta lögunum. Eg skoraðist þess vegna undan því að fara með nokkra bænarská suður til þings í þessu máli. Því þó eg játi, að breytinga við þurfi á lögunum, þá finnst mèr þó ótiltækilegt að breyta einstöku atriðum, nú strax, en vil ráða til að bíða þangað til menn hafa sèð sem flesta gallana og breyta þeim síðan öllum í einu; mèr þykir því of snemmt núna að fara að hreifa við nokkurri breytingu, meðan ekki liggur fleira fyrir en það sem þessi eina bænarskrá fer fram á. En hitt skil eg heldur ekki, að ekkert verði gjört, þó menn bíði eptir nýjum lögum, eg veit ekki til þess, að hætt hafi verið að vinna fyrir þá skuld, því á meðan hafa menn farið eptir þeim gömlu lögum. Þó menn biðji um lánsfè, geta menn samt brúkað þau lög sem til eru, því þar af flýtur ekki að breyta þurfi lögunum. Að öðru leyti mæli eg móti því, að nefnd sè kosin í málið.

Páll Sigurðsson: Eg fyrir mitt leyti er á því máli, að ekki sè ráðandi til þess að breyta vegabótatilskipuninni að svo stöddu, meðan óreynt er, hvaða galla hún hefir til að bera á meðan ekki er farið að reyna hana, og því geta menn ekki á meðan sagt neitt um það af reynslunni, sízt hvað þjóðvegi snertir, en með aðgjörð aukavega er sama ósanngirni og áður, að sumar sveitir þurfa þar til að leggja ærið mikið fè eður vinnukrapt, auk þjóðvegagjaldsins, þar sem aðrar þurfa litlu eða engu til þeirra að kosta; í bænarskránni er ekki beðið um, nema þetta, að hækka vegina, og það er líka meiningin í lagaboðinu, að það sè gjört, og þess vegna þarf ekki að biðja um það. Það hefur verið umtalsefni hèr í dag, að fè vantaði; þetta er að vísu satt, en eg held það þyrfti tíma til að koma upp öllum vegum á Íslandi, þó ærið fè væri til, því örðugt er opt að fá verkamenn. Eg held menn geti ekki enn gjört sèr ljósa hugmynd um, hvað mikill vegur verði gjörður fyrir 6000 rd. árlega, því töluvert má gjöra með þeim peningum. Eg álít það vera slæman galla á löggjöfinni, að hún ekki tekur fram, að ryðja skuli gömlu þjóðvegina, meðan þeir nýju ekki eru komnir. Þetta var gjört áður, og að því leyti er ástandið núna miklu verra; því síðan þessi nýju lög voru í tilbúningi, hafa menn hætt viðgjörðunum á vegunum, og þeir þess vegna versnað og orðið að mestu ófærir. Það hefir verið talað um, að faðmurinn kostaði 2 rd., en það held eg verði nú eptir kringumstæðunum. Með því fè, sem

til er, getum við gjört þó nokkrar vegabætur, þó það sè ekki mikið á ári. Eg held, að hvað mikið fè sem við fáum, þá þurfi þó langan tíma til þess, að gjöra góða vegi um allt land. Eg ræð þess vegna til ekki strax að breyta lögunum, og mæli móti nefnd í málinu.

Benidikt Sveinsson: Eg er að því leyti á sama máli og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, sem hann vill, að vegabótunum verði framgengt; því vegirnir eru eins nauðsynlegir fyrir landið eins og æðarnar fyrir líf hins einstaka. Vegabótalögin eru því og lög, sem framfylgja ætti sem mest má verða, ef þau sjálf eru svo til búin, að þeim verði framfylgt. En þetta á varla heima hjá vegabótalögunum sem hèr ræðir um. Það var reyndar sagt, að mikið mætti gjöra fyrir það fè, sem vèr eptir þeim höfum í höndum, en eg vil biðja þingmenn að gá að því, að hvaða notum sú vegagjörð muni koma. Eg vil spyrja hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, sem svo víða hefir farið um útlönd, hvort mikið verði gjört fyrir 6000 rd. að vegum hèr á landi, eða getur hann jafnvel fyrir 6000 rd. svarað þeirri spurningu út í æsar, *hvar* og *hvernig* ætti að leggja vegi um allt Ísland; það ættu menn þó að vita áður en menn færu að leggja vegina; hèr eru sannarlega mörg atriði, sem hljóta að koma til yfirvegunar. Ef menn vilja fara eptir þeim reglum, sem gilda í öðrum löndum, þá veit eg, að vegurinn á að vera beinn, liggja þar sem hægast er að fá efni í hann, og þar sem grundvöllurinn er harður o. s. frv. Það er auðvitað, ef við viljum bera okkur saman við útlendar þjóðir, og það ættum við sannarlega að gjöra í þessu efni, eða breyta eptir þeim, þá megum við ekki búa til vegi, sem eru athlægi og apaspil. Annaðhvort er oss að láta fátækt vora ráða og búa til *enga* vegi, nema troðningana gömlu, ellegar þá sjá ráð til þess að fá nægilegt fè að búa svo góða vegi, eins og siðaðar þjóðir gjöra. Það er undarlegt að vilja reyna vegalögin til ónýtis, já þetta er gott ráð til þess, að vèr eptir 2 eða 3 ár, sem gengju til þess að kenna oss að lögin væru ónýt, gætum fleygt í sjóinn 18000 rd. til einskis, og þá ætti nú að fara fyrst að biðja um lán. Mundu menn þá ekki spyrja, því sá blessað alþingi 1863 ekki þetta áður en farið var að vinna? Þetta vil eg, að menn fyrst gjöri sèr ljóst, svo að menn ekki vinni alveg fyrir gýg. Eg vil spyrja hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, hvort hann muni fyrir $^1/_8$ úr skilding, sem líklega kemur á hvern faðm af vegum á Íslandi, vilja gjöra veg yfir fjöll og fyrnindi, fen

og foræði. Eg held nú, að þingið gjöri rèttast í, að taka fegins hendi móti ráðleggingu konungsfulltrúa, því eg held engu sè tapað, þó frestað væri framkvæmd þessara laga, þangað til lánið fengist, því þá vegi, sem vèr nú höfum, mætti eigi að síður bæta eptir gömlu reglunum, án þess að þeim nýju væri beitt.

Jón Sigurðsson: Eg verð að segja það sama um þessa bænarskrá, og sagt hefir verið um sumar aðrar bænarskrár hèr á þingi, að hún sè ótímabær burður, því til hvers er að vera að tala um að fá fjárlán, meðan ekkert er gjört að vegabótum, og lagaboðið að eins er á pappírnum; það er ekki svo mikið, að búið sè að ákveða hvað skuli vera aukavegir, og hvað þjóðvegir í sýslunum, og á meðan sýnist mèr, að menn eigi ekki að vera að tala um að fá fèlán. Fyrst er að hugsa um hvað vinna skal, og hvað miklir vinnukraptar til þess útheimtast; mèr er nú nær að halda, að við höfum ekki þá vinnukrapta til umráða, sem til þess útheimtast að setja í stand alla vegi á Íslandi í einu, eins og þó virðist vera meining bænarskráarinnar, og þeirra sem með henni mæla. Eg vil að við byrjum fyrst með þessu litla fè, sem við höfum, og sjáum hverju við áorkum, og hvað ágengt verður; það yrði þó nokkur árangur af viðburðum vorum, ef við bærum okkur rètt að, og nokkur sá væri hèr, sem hefði vit á að leggja vegi; en því er nú miður, að hèr er enginn sem kann að leggja veg. Annað sem útheimtist til þess, að koma þessu máli í rètt horf, er það, að valdstjórnin eða þeir sem settir eru til að hafa framkvæmd vegabótanna á hendi, hafi elju, áhuga og vit á, að brúka fèð sem haganlegast og veita verkinu dyggilega forstöðu, því ef það er ekki, þá efast eg um, að þó við hefðum hundrað þúsundir dala til umráða, að vegunum yrði komið í gott horf á fám árum. Það er sannarlega varúðarvert að takast meira í fang en menn eru vaxnir, og þegar menn ekki eru vaxnir því meira, verða menn að halla sèr að hinu minna; látum sjást, að við sèum færir um að fara með þetta litla fè, sem vèr nú höfum yfir að ráða til vegabótanna, og þegar svo langt er komið, að verkið er í stöðugu áframhaldi, og fèð hrökkur ekki til, þá segi eg, að fyrst sè kominn tími til, að knýja á náðardyr stjórnarinnar um fèlán.

Jón Hjaltalín: Eg vildi svara hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Það eru miklir þankar, sem hann gjörir sèr um þá vegi, sem eiga að komast hèr á. Eg vil nú halda mèr við jörðina, og held, að ef menn gjöra eins mikið

nú og fyrir 30 árum síðan, gætum við haft eins góða vegi og þá, og við höfum nóg fè til að gjöra meira nú en þá var gjört. Það voru unglingar sem þá helzt voru hafðir til að ryðja vegina, en eg held að vinnukraptarnir sèu meiri nú en þá. Ef þessum 6000 rd. sem við höfum árlega væri laglega beitt, en ekki með neinum loptköstulum, gætum vèr fengið almennilega vegi. Eg hefi nú farið viða hèr um landið, og sèð vegina þar sem þeir eru verstir og þar sem þeir eru beztir, og er fullviss um, að víða mætti gjöra þá góða með fárra dala kostnaði. Við þurfum ekki að ryðja neina skóga eða kaupa efni. Við höfum það allt saman. Eg vil ekki vera að stæla eptir útlendum með því að gjöra vagnavegi, eða gjöra þá þráðbeina, því þá fáum við ekki vegi hvorki á þessari nè næstu öld. Einn þingmanna sagði, að menn vantaði kunnuga menn til að gjöra vegina, það er satt, þegar menn tala um vagnavegi, en okkur vantar ekki kunnuga menn til að gjöra það, að vegirnir sèu ekki fullir af stórgrýti. Eg hef víða í útlöndum farið yfir vegi sem ekki eru góðir. Einu sinni var eg á ferð í Risafjöllunum, og á einum spotta þar, var vegurinn ekki betri en hèr á leiðinni inn að Elliðaánum, og af því eg þurfti opt að stíga af vagninum og ganga sagði eg við vagnmanninn. Hvaða ósköp er að sjá veginn þann arna, hversvegna er hann svona? Hann sagði þá, Prússar og Austurríkismenn eiga þenna stað í sameiningu, og koma sèr ei saman um, að láta gjöra við veginn í sameiningu, en þèr voruð óheppinn að koma svona snemma, því annars eru menn vanir, að láta kasta burtu stærstu hnöllungunum. Eg man líka fyrir 10 árum, að eg fór norður einu sinni, og þá sá eg veg sem var gjörður fyrir 20 árum síðan, og hann var svo góður þá, að vel hefði mátt aka um hann; hann kostaði að eins 600 rd., en hann var gjörður á rèttan hátt. Eg vona að þingið gjöri sèr ekki þá minnkun, að taka málið til yfirvegunar og gefa þar með lögreglustjórninni nýtt undanfæri til þess að vanrækja skyldu sína.

Ásgeir Einarsson: Eg hefði ei talað í þessu máli, hefði eg ei sèð fyrir forlög Kartagóborgar, nefnil. þessarar bænarskrar, að hún muni verða eyðilögð í þetta sinn, en sumir halda, að ótal margar bænarskrár muni koma um þetta efni síðar. Eg álít, að það væri mikill fagnaðardagur upp runninn yfir þinginu, og mikið gleði-efni fyrir það, ef konungsfulltrúi tæki allt af eins vel málum, eins og hann hefir gjört í dag; því það hefir ekki allt af verið því láni að fagna, þegar talað hefir verið um, að fá lán frá stjórninni, og getur

verið að slíkt komi í góðar þarfir áður en þetta þing er endað. Þar sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður var að tala um að láta umskapa vegabótalögin áður en þau væri reynd og áður en það umbeðna lán eða fèstyrkur fengist, þá vil eg að þau sèu reynd dálítið áður meir en búið er, svoleiðis að í öllu falli verði gjörðar hæfilegar vegabætur eptir því lögákveðna vegabótagjaldi. — Ræða þingmannsins úr Vestmanna-eyjum var reyndar stutt, en hún var dýrmætari en flestar aðrar, sem lengri eru, því hún var byggð á *reynslu.* Og eg get komið með annað líkt dæmi. Sessunautur minn þingmaður Húnvetninga var búinn, áður enn hann fór til þingsins, að láta gjöra í sinni sveit 160 faðma langa brú þriggja álna breiða og það voru þó ekki nema 50 dagsverk, svo auðráðið er, að nokkuð má nú gjöra, ef menn vilja nokkuð gjöra. Í bænarskránni er ekki beðið um aðra breytingu, en að tekin sè burtu *sú fasta braut,* líklega sem náttúran hefir búið til; og mèr þykir það merkilegt, að þessi bænarskrá skuli koma frá Borgfirðingum, því þeir hafa reyndar nóg af mýrum að brúa, en þeir hafa líka Skarðsheiði, sem mestalla má skeiðríða, og þeir verða þá að flytja úr mýrunum sínum hnausa upp á Skarðsheiði, til að taka af þá föstu braut, sem náttúran hefir búið þar til; eg skil fyrir fasta braut það þar sem engin skepna fer niður úr ruddum vegi. Þar sem menn vilja biðja stjórnina um lán, þá álít eg það nú að vísu skynsamlegt, ef beðið er um það á hentugum tíma; en mèr sýnist betra, að reyna tilskipunina dálítið fyrst, og sjá, hvort menn geta ekkert gjört með henni, og vita svo, hvort stjórnin ekki vill styrkja okkur neitt með fjárláni eða tillögum, þegar hún sèr, að við erum byrjaðir, og gjörum allt til að fullnægja tilskipuninni. — Eg held, að það væri þá nær, að biðja um peninga til að fá vegabótameistara hingað upp, eða að minnsta kost umsjónarmann, því það sannast, að vanþekking manna á að búa til vegi, verður mest vegabótunum til fyrirstöðu og umsjónarleysið ekki síður. Hinn háttvirti konungsfulltrúi var formaður í nefndinni í vegabótamálinu, þegar það var fyrst fyrir þinginu, og hann hefði þá átt að geta sèð þá agnúa sem nú eru framkomnir, og þá hefði verið tími til að biðja um fjárstyrk; eg treysti honum líka einum til að geta útvegað það hjá stjórninni, því hún hefir sýnt það í mörgu, hvert traust hún hefir á honum, og efast eg ekki um, að hann muni gjöra þetta þegar hið lögboðna gjald er þrotið við hagfellda stjórn og vinnu.

Indriði Gíslason: Eg vil með sem fæstum orðum bera saman

tvær hliðar málsins, önnur hliðin er löggöfin, og þeir gallar, sem á henni þykja vera; en hin hliðin er bænarskráin, og þau ráð, sem hún gefur til að bæta úr þessum göllum. Hvað nú löggjöfina snertir, þá held eg nú eigi við hana í sambandi við oss Íslendinga, máltækið: það hæfir ei rögum manni langt vopn. Bænarskráin ætlar nú að bæta úr þessu, en hún bætir svoleiðis úr því, að hún lengir vopnið enn meira, með því að fara fram á, að vegirnir sè hækkaðir, því það er til þess að gjöra ómögulegt að gjöra neitt. Hvað lánið snertir, þá er eg ekki mótfallinn, að beðið sè um það, til dæmis af kollektusjóðnum, ef það gæti fengizt strax. En eg er hræddur um, að ef þingið fer nú að biðja stjórnina um lán, þá verði það til þess að fresta öllu, og menn verði að bíða eptir svari þangað til á alþingi 1865.

Forseti: Það er komin til mín ósk frá 9 þingmönnum, um að umræðunum sè hætt, og skal eg skjóta því til þingsins atkvæða.

Var síðan gengið til atkvæða, og það samþykkt, að umræðunum skyldi hætta.

Síðan var gengið til atkvæða um málið sjálft, hvort nefnd skyldi kjósa í það eður ei, og var málið fellt frá nefnd með 13 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Það er orðið framorðið dags, en 2 mál eptir á dagskránni; en eg vona, að umræðurnar verði ei langar, og kemur þá næst bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu um fjárhagsaðskilnaðinn. Flutningsmaður er þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil stinga upp á, að þessari bænarskrá verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, annaðhvort nr. 1 eða 2.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var síðan gengið til atkvæða, og það samþykkt, að bænarskránni skyldi vísa til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1 eða 2.

Því næst voru greidd atkvæði um, hvort vísa skyldi því til nefndarinnar nr. 1 eða 2, og var samþykkt, að vísa því til nefndarinnar nr. 2.

Var þá málið afhent formanninum í nefndinni nr. 2.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni næst til inngangsumræðu bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu um breytingu á tíma þeim,

er hreppaskilaþing haldast þar á. Flutningsmaður er þingmaður Eyfirðinga. Sbr. fyrri part alþingistíðindanna bls. 88.

Stefán Jónsson: Hinn lögákveðni tími til þinganna er frá 16.—24. júní eptir opnu brèfi frá 21. apríl 1847, en beiðendur fara fram á, að hann sè lengdur þannig, að hann sè frá 6.—16. júní. Þetta getur nú ei fengizt, nema það sè lagt fyrir þingið aptur, þetta kostar ekkert fè, og skerðir einskis manns rètt, svo eg vona að þingið veiti bænarskránni áheyrn; þó ekki hafi komið bænarskrár um þetta víðar að, gæti þó vel verið, að það yrði víðar gagnlegt. Eg óska því, að nefnd sè kosin og sting upp á 3 manna nefnd.

Forseti: Fyrst enginn tekur til máls, skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var síðan gengið til atkvæða og nefnd samþykkt í einu hljóði. Hafði verið stungið upp á 3 manna nefnd, og enginn mótmælt, voru í hana kosnir:

Stefán Jónsson með 16 atkvæðum.
Jón Pálmason — 8 —
Sveinn Skúlason — 7 —

Málið afhent þingmanni Eyfirðinga.

Forseti: Áður en eg slít fundi, skal eg geta þess, að komin er fram á lestrarsalinn bænarskrá frá Borgfirðingum um kauptún á Skipaskaga. Eg hef og fengið tilkynning um, að í fiskiveiðamálinu er kosinn formaður þingmaður Skagfirðinga og skrifari þingmaður Norður-Þingeyinga. Á næsta fundi, sem eg ákveð til þess á laugardaginn um hádegi, af því svo margir af þingmönnum verða að vera við synodus á morgun, kemur meðal annars til undirbúningsumræðu nefndarálit í uppástungu þingmanns Borgfirðinga um skipting tíðindanna.

Fundi slitið.

(Sjöundi fundur) — 11. júlí.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg tilkynna þinginu, að til þingsins er komin uppástunga þingmanns Snæfellinga um lagaskóla, uppástunga hins 5. konungkjörna þingmanns um ýmisleg atriði viðvíkjandi læknakennslu, brèf frá hinum

3. konungkjörna, ásamt bænarskrá frá prestum í Rangárvallasýslu, um jarðamatsgjald af jörðum, sem tilheyra prestaköllum, og nefndarálit í hreppaskilamálinu. Í nefndinni um konunglegt frumvarp um breytingu á tilskipun 18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra er kosinn formaður hinn 4. kónungkjörni þingmaður, og skrifari varaforseti. Í nefndinni í konunglegu frumvarpi um sáttatilraunir í málinu milli húsbænda og hjúa er kosinn formaður hinn 4. konungkjörni, skrifari þingmaður Borgfirðinga. Í nefndinni um strandaferðir kringum Ísland er kosinn formaður þingmaður Suður-Þingeyinga, skrifari þingmaður Borgfirðinga. Í nefndinni um þingstað að Bæ í Lóni formaður þingmaður Austur-Skaptfellinga. Í málinu um brunabótarfèlag, formaður þingmaður Reykvíkinga, skrifari varaforseti.

Þingmaður Snæfellinga hefir tilkynnt mèr, að hann yrði að mæta í rèttarhaldi, og gæti því ei mætt hèr, fyrr en afhallandi miðdegi. — Þá kemur fyrst eptir dagskránni til inngangsumræðu þau lagaboð, sem út hafa komið fyrir Danmörku á árunum 1861 og 62. Listi yfir þau er til sýnis, og hafa þau legið á lestrarsalnum.

Jón Guðmundsson: Eg áskildi mèr um daginn rètt til að tala nokkur orð, þegar þessi lagaboð kæmu á dagsskrána og nefnd ætti að setja í þau. Eg álít það mjög óheppilegt, og ekki samkvæmt alþingistilskipuninni nè konungsúrskurðinum frá 4. janúar 1861, að leggja þannig fyrir þingið stafla af dönskum lagaboðum að eins á dönsku máli, án þess nokkur bending fylgi með um það, hver af þessum lagaboðum helzt væri líklegt að löggilda hèr. Eg vildi því án frekari málalengingar mega skjóta því gegnum forseta til konungsfulltrúa, að hann vildi leyfa, að frestað væri nefndarkosningu og umræðum um þessi lagaboð, þangað til hann hefir sjálfur útsèð þau, sem helzt væri líklegt að löggilda hèr á landi, þau verða að líkindum eigi nema 3 eða 4, og láta svo útleggja þau á íslenzku, og kjósa síðan nefnd í þau.

Forseti: Eg er alveg samdóma hinum háttvirta varaforseta í því, að það sè óformlegt og í móti konungsúrskurðinum frá 4. janúar 1861, að leggja lagaboðin þannig fyrir þingið, því úrskurðurinn hljóðar um, að þessi dönsku lagaboð, skuli lögð eins og frumvörp fyrir þingið bæði á íslensku og dönsku. Eg vil því leyfa mèr að skora á hinn háttvirta konungsfulltrúa, að fullnægja þessari ósk hins háttvira varaforseta, og skjóta á frest umræðu og nefndar-

kosningu í þau þangað til þau af þeim eru útlögð á íslenzku, sem hann sjálfur vill kjósa.

Konungsfulltrúi: Eg skal með ánægju fullnægja þessari ósk, ef hið heiðraða þing vill trúa mèr fyrir, að velja þau lagaboðin úr, sem mèr þætti ástæða til að taka til yfirvegunar, og ef til vildi að löggilda hèr á landi með eða án breytingar; þessi lagaboð geta að eins verið fá, eins og hinn háttvirti varaforseti drap á, og það getur því ekki ekki staðið á löngum tíma fyrir mèr að láta snara þeim á íslenzku og prenta útleggingunа. Stjórnarherrann hefir í þetta skipti ekkert tekið fram um það, hvort ástæða væri til að lögleiða hèr nokkurt af þeim umræddu lagaboðum. Það var að eins eitt um ferðapassa, sem hann hefir leitað álits amtmannanna um, eins og eg áður tók fram, þegar eg lagði fram lagaboðin.

Forseti: Eg álít þá umræðunum lokið að þessu sinni um þessi lagaboð. Þá kemur næst sámkvæmt dagsskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá þingeyjarsýslu um breytingu á jarðamatinu. Flutningsmaður er þingmaður Suður-þingeyinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Jón Sigurðsson: Eg vil leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, ef þingið hefir ekki á móti því:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 88.

Þeir menn sem ritað hafa undir bænarskrána eru annaðhvort eigendur eða umráðamenn þeirra bændakirkjujarða, sem nefndar eru í bænarskránni. Er eg alveg á sama máli og þeir um það, að þeim sè rangt til gjört, með tilliti til jarðamatsins á þessum svo kölluðu prestsmötuhundruðum, og að þeir hafi orðið hart úti í samanburði við aðra bændakirkju-eigendur, verð eg því að mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist það vera eintómur misskilningur, sem liggur til grundvallar fyrir þessari bænarskrá. Eg verð að álíta ástæður Reykjavíkurnefndarinnar fyrir þeirri breytingu, sem hún gjörði í jarðamatinu, sem alveg rèttar, því þau hundruðin úr jörðunni, sem prestsmötunni nema hefðu að öðrum kosti ekki fengið neinn dýrleika. Eins verð eg líka að vera á þeirri skoðun, að sú afgreiðsla, sem lögð er á þessar svo kölluðu prestsmötujarðir til borgunar jarðamatskostnaðinum, sè rètt og eðlileg. En hitt virðist mèr þar á móti sjálfsagt, að undir eins og spurning yrði um að leggja eiginlega skatta á þessar jarðir, að þá yrði sá ágóði eignarinnar, sem prestsmötunni nemur, að vera undan þeginn skatti.

þetta álít eg sjálfsagt, og því óþarfa, að biðja um það. En eg skal ekki orðlengja um þetta mál, og það því síður, sem það vill svo vel til, að hèr á þinginu eru 2 af þeim mönnum til staðar, sem sátu í Reykjavíkurnefndinni og geta því gefið þinginu þær nauðsynlegu upplýsingar og rèttlætt gjörðir nefndarinnar í þessu atriði.

Jón Sigurðsson: Eg vil svara hinum háttvirta konungsfulltrúa því, að mèr þó finnst full ástæða til fyrir hlutaðeigendur, að hreifa málinu nú strax, því það er strax farið að leggja á þessi prestsmötuhundruð ýmisleg útgjöld, bæði beinlínis og óbeinlínis, svo kemur nú jarðamatstollurinn, eins og kunnugt er; þá er í umtali, að leggja árlegt gjald á jarðirnar til búnaðarskólastofnunar; svo þannig hrúgast á jarðirnar tollur á toll ofan, svo helzt lítur út fyrir, að þær fái nóg að bera þegar fram líða stundir. Held eg því, að full ástæða sè fyrir þingið, að taka málið strax fyrir, og fríja þessi optnefndu prestsmötuhundruð við þann þunga, sem þegar hvílir ranglega á þeim.

Jón Guðmundsson: Eg verð að tala fáein orð, af því að beinzt hefir verið að öfugri aðferð Reykjavíkurnefndarinnar í því að meta prestsmötuhundruðin. Eg vil taka það fram, að þegar vèr nefndarmenn skoðuðum jarðamatið fyrir Þingeyjarsýslu, sáum vèr brátt, að þar voru dregin frá jafnmörg hundruð, eða jörðin rýrð í verði um jafnmikið eins og prestsmötuþunganum svaraði, og þegar nefndin gjörði ítarlegri fyrirspurn um þetta heim í hèrað, fengum við það svar, að samsvarandi dalatal væri í raun rèttri undan dregið í matsverði þessara jarða. Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um það, hvort þessi aðferð nefndarinnar hefir verið rèttari, að meta hverja jörð *sem jörð* eptir verulegum kostum sínum og ókostum, án tillits til þess, hver afgjalds hennar nyti, og eg skal játa, að eg var einna fastastur á því í Reykjavíkurnefndinni, að þessi skoðun yrði gjörð gildandi, og skal eg taka fram ástæður mínar fyrir því, sem urðu gildandi við yfirmatið í Skaptafellssýslunum. Eg tók til dæmis 2 jarðir í Skaptafellssýslu, Steig og Rauðháls í Dyrhólahreppi, að allt gjaldið af þeim gengur í prestsmötuna. Nú spurði eg meðnefndarmenn mína: Fyrst allt gjaldið af þessum jörðum nálega allt er prestsmötugjald, á þá ekkert að meta hvoruga jörðina? Jú, svöruðu meðnefndarmenn mínir, það verður að meta þær eptir gæðum þeirra og göllum í samanburði við hverja aðra jörð. Að öðru leyti væri eg samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa í

því, að ekki ætti að setja nefnd í málið, ef ekki væri eitt, sem talaði fyrir nefnd, þó að það sè að vísu ekki með berum orðum tekið fram í bænarskránni, en liggur þó auðsjáanlega til grundvallar fyrir henni, það er þetta, hvernig eigi að skoða þann hluta jarðarinnar, sem prestsmatan hvílir á, þegar nýir skattar yrði lagðir á jarðirnar; þetta er allt annað, en að meta þær sjálfar til verðs eður dýrleika eptir jarðargæðum o. s. frv. Þar að auki hef eg sannfrètt, að frá Synodus muni koma til þingsins uppástunga um það, hvar sá jarðamatskostnaður eigi að lenda, sem nú er lagður eins á mensaljarðir og prestajarðir og prestsmötujarðir, eins og á aðrar jarðeignir. Í þessu tilliti vil eg vera samþykkur nefnd, með því skilyrði, að ef hún verður kosin, þá verði ekki ný nefnd kosin í uppástunguna frá Synodus, heldur verði henni vísað til þessarar nefndar er nú verður sett.

Ásgeir Einarsson: Af því eg rak mig á það, þegar eg var í jarðamatsnefndinni hèr á þinginu, að einn sýslumaður hafði haft þá skoðun, að ef prestsmatan væri reiknuð frá jarðarverðinu við virðingu jarðar þeirrar, er hún hvildi á, gæti svo farið, að jörðin yrði ekkert metin; er eg hræddur um, að menn tali of mikið um þetta mál, ef eigi er kosin nefnd nú þegar, en geri þó lítið gagn með ræðum sínum, vil eg því mæla með nefnd.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist það vera ískyggilegt fyrir þingið, að vera þannig allt af að káka við sínar aðgjörðir, og svo gott sem að gefa sjálfu sèr utan undir. Eg veit ekki, hvernig landsmenn geta búizt við, að fá alveg fullkomin lög sem enginn kvartar yfir; ef þingið er allt af að taka svona aptur og aptur við lögum sem það sjálft hefir gefið til þess að breyta þeim aptur og aptur, eða fleygja þeim frá sèr, þá fær það nóg að gjöra. Löggjafinn getur aldrei gjört svo öllum líki, því það getur ekki einu sinni sjálfur drottinn. En það er eptirtektavert, að þessar kvartanir um jarðamatið ganga allt af út á það, að það sè of hátt; í öðrum löndum þykir mönnum nú bezt, að jarðir þeirra sèu metnar sem hæst, því þá geta þeir fengið mest peningalán upp á þær. Þingmenn vita nú, hvað margar bænarskrár eru komnar til þingsins og teknar í nefndir, svo þó þingtíminn væri aukinn, hefði þingið víst nógan starfa, þó það sè ekki að taka þau mál til yfirvegunar, sem rýra álit þess. En ef þingið svona er að taka við öllum málum og fleygja í eitt skiptið því, sem það hefir samþykkt í hitt, þá bið eg það að athuga afleiðingarnar af því. Ef því þinginu eigi sýnist, að

hèr sè um mikinn órètt að gjöra, vil eg ráða því til, að skjóta þessu máli fram hjá sèr. Það kæmi víst heldur ekki ef til vill mikið út af því við stjórnina, þó þess væri farið á leit.

Ásgeir Einarsson: Þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður var að tala um, að við hefðum nóg að gjöra, þá hef eg nú heyrt, að það væri siður, að þeir sem mikið hefðu að gjöra, vildu nota sem bezt tímann. En það gjörum við ekki, þegar við eyðum eins miklum tíma til inngangsumræðu málanna, eins og gjört er. Og eg lýsi því yfir, að þó hinn háttvirti konungsfulltrúi fengist til, sem eg efa mjög, að lengja þingtímann, eins og á seinasta þingi, þá er eg ófáanlegur til að bíða svo lengi. Þar sem hann sagði, að þingið ætti ei að vera að káka við fyrri gjörðir sínar, þá held eg nú þvert á móti, að ef þingið seinna sèr, að það hefir gjört rangt, þá eigi það að leiðrètta sig sem fyrst.

Björn Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu tók af mèr ómakið, því eg ætlaði að svara hinum háttvirta 5. konungkjörna því, að ef þingið sèr við nákvæmari umhugsun, að því hefir yfirsèzt, þá á það að vera fúst til, að kippa því í liðinn. Mèr sýnist einnig, að þessir menn, sem bænarskráin er frá, hafi orðið hart úti við þetta nýja jarðamat og svo margir aðrir, og mæli eg því með 5 manna nefnd.

Helgi Hálfdánarson: Eg sting upp á, að þessu máli sè frestað, þangað til uppástungan frá Synodus kemur, og að vísa því svo til nefndarinnar, sem kosin verður í hana.

Jón Pètursson: Af því eg var einn í Reykjavíkurnefndinni, vil eg tala fáein orð. Eg var nú þá reynðar á þeirri meiningu, að sleppa ætti prestsmötunni svoleiðis, að jörðin eigi ætti að hækka í dýrleika sökum hennar, því enginn skattur gæti á henni byggzt fyrir jarðareigandann, en eg var þó ekki stífur í nefndinni á móti því, að hún væri látin hækka dýrleikann; því það er líka aðgætandi, að ef bændakirkja væri lögð niður, og prestsmatan því hætti, að hvíla á jörðunni, þá vissu menn ekki hvað mikið jörðin við það ætti að hækka í dýrleika sínum, ef menn ekki áður vissu, hvað mikið jörðin hefði verið metin með prestsmötuhundruðunum. Sem sýslumaður í Mýrasýslu lèt eg og matsmennina fyrst meta þessar jarðir eptir því sem þeir álitu, að þær gengi í kaupum og sölum meðan prestsmatan lægi á þeim, og hafði þá virðingu innan línu, og síðan meta þær, ef prestsmatan eigi lægi á þeim, og það matsverð færði eg út. Af því eg nú álít ósanngjarnt í alla staði, að menn þurfi að

greiða toll af útgjöldum sínum, þar sem menn annars eru vanir að gjalda hann af tekjum sínum, þá er eg með því, að nefnd sè sett í málið.

Forseti: Eg verð líka að vera meðmæltur nefnd, af því eg, eins og hinn háttvirti varaforseti, álít að málið ei að eins viðvíki jarðamatinu, heldur einnig og sèr í lagi þeim afgjöldum, sem á hundruðin eru lögð. Eg álít þá þessari umræðu lokið, og bið þingmenn að ganga til atkvæða.

Var þá gengið til atkvæða og nefnd samþykkt með 20 atkv.

Menn stungu upp á 3 og 5 manna nefnd, og var 5 manna nefnd samþykkt með 18 atkv., og í hana kosnir þessir:

J. Sigurðsson	með	20 atkv.
J. Guðmundsson	—	15 —
P. Pètursson	—	13 —
I. Gíslason	—	12 —
J. Pètursson	—	11 —

Málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni bænarskrá frá þingeyjarsýslu um, að auglýst verði fyrir fram konungleg frumvörp til alþingis. Flutningsmaður er þingmaður Suður-Þingeyinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrána: Samanber alþingistíðindin bls. 91.

Eg er nú samþykkur þessari bænarskrá í aðalefninu, og get eg þess vegna gjört hana að minni eigin uppástungu; því mèr finnst full ástæða til, að þingmenn í öllu falli fái fyrir fram að vita, hver þau frumvörp eru, sem stjórnin ætlar að leggja fyrir næsta þing, svo þeir geti kynnt sèr þau. Það er kannske nokkuð stórt til tekið í bænarskránni, að biðja um, að þau komi einu missiri áður en þing er sett, þó eg reyndar trúi, að stungið væri upp á því sama, ef mig minnir rètt, á alþingi 1847, en nefndin, sem sett verður í málið, getur nú breytt til um það, eins og henni sýnist bezt henta. Eg vona að allir þingmenn viðurkenni, hve óhentugt það er, að þingmenn fá ekki að sjá hin konunglegu frumvörp fyrr en í hæsta lagi daginn áður en þingið er sett. Frágangurinn á þeim sýnir líka, að kastað er stundum til þeirra höndunum, og bera þau það einatt sjálf með sèr, að mjög er hrapað að tilbúningi þeirra; get eg til að flest af þeim sè líklega ekki samin fyrr en rètt sömu dagana, sem póstskipið á að fara á stað. Þess-

um óvanda ætti þingið sannarlega að leitast við að afstýra, og vil eg því mikiliega mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Konungsfulltrúi: Það væri að vísu mjög æskilegt, að þessu gæti orðið framgengt, en þó efast eg um, að stjórnin geti þó hún vildi fullnægt þessari ósk, sízt með svo löngum fyrirvara; því það stendur opt svo á, að stjórnin getur fyrst tekið málið fyrir skömmu áður en þingið byrjar að sumrinu. Eg get samt ekki haft á móti því, að þingið sendi bænarskrá í þessa stefnu til stjórnarinnar, og eg er sannfærður um, að hún tekur það tillit til slíkrar bænar, sem henni er framast unnt, enda er það auðsèð, að það gæti auðsjáanlega orðið málunum til mikils gagns, ef þingmenn gæti hugleitt þau áður en þingið byrjar; þessu hefir líka áður verið hreift hèr á þingi, án þess stjórnin hafi getað fullnægt þessari ósk, og því er eg hræddur um, að stjórnin finni sèr ekki nú fært að fullnægja henni, þó hún yrði borin upp af þinginu.

Benidikt Sveinsson: Eg álít sjálfsagt að setja nefnd í málið og það því fremur sem konungsfulltrúi mælti með því. Það getur engum dottið í hug, að það liggi svo á lögum, að það sè ekki sama, hvort þau verða gildandi einu missiri fyrr eður seinna, svo álít eg og, að stjórninni hljóti að vera alveg sama, þó hún búi frumvörpin til einu missirinu fyrr, því þegar þessi regla einu sinni væri komin á, gæti það ekki valdið henni neinni frekari fyrirhöfn.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var þá 3 manna nefnd samþykkt með 21 atkvæði gegn 2 og í hana kosnir:

H. G. Thordersen
B. Sveinsson } með 9 atkvæðum hver.
H. Kr. Friðriksson

Síðan var málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmaani.

Forseti: Kemur þá samkvæmt dagsskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit um tvískiptingu tíðindanna. Framsögumaður er þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent framsögumannninum.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 92—94.

þingið sèr, að uppástungan kemur nú fram aptur endurborin frá nefndinni. Nefndarmenn urðu allir á eitt sáttir, sem og vænta mátti af svo sáttgjörnum mönnum, að undanteknu lítilfjörlegu ágreiningsatkvæði varaforseta. Eg vona því að umræðurnar um hana verði eigi langar, og það því fremur sem hún hefir nú fengið 2 þingsvitni við að styðjast, sem eru svo góð og gild, að þau verða eigi hrakin.

Jón Guðmundsson: Eg ætla að eins að tala um viðaukauppástungu mína, um það að í fyrra parti tíðindanna verði prentaðar inngangsumræður í þeim málum, sem felld eru frá þinginu. Mèr fannst það alveg samsvæmt þeirri hugsun og tilgangi uppástungunnar sjálfrar, að í fyrra partinum skyldu prentast öll úrslit málanna; en í þeim málum, sem felld eru, er inngangsumræðan það sem nefndarálitið er í öðrum málum, og kemur alveg í staðinn fyrir það. Eg held líka, að landsmönnum og einkum þeim, sem málin eru felld fyrir, væri mjög kærkomið og hefðu fullan rètt til að fá sem allra fyrst að heyra ástæðurnar fyrir því, að málin hafi verið felld frá þinginu.

Páll Melsteð: Eg get ef til vill með nokkrum rètti lagt orð í þetta mál, því eg er eigi alveg ókunnugur prentsmiðjustörfum, og þó það þyki máske mont, þá var eg einu sinni svo frægur að vera forstöðumaður prentsmiðjunnar. Eg verð þá að lýsa því yfir, að eg er alveg samþykkur þessari uppástungu, því hún gjörir talsverðan sparnað bæði á peningum og tíma; en þó eg sè samþykkur nefndarálitinu yfirhöfuð, þá álít eg þó rèttari og viðfeldnari viðaukauppástungu varaforseta, því mèr þykir æskilegt, að þeir, sem bænarskrár eru felldar fyrir á þinginu, fái sem fyrst að sjá ástæðurnar, og að inngansumræður þeirra mála því eigi að prentast í fyrra partinum. Þetta mundi verða vinsælla og bæta fyrir útsölu tíðindanna; hitt getur verið að ræðurnar um þessi mál sem falla á þingi heyri eptir eðli hlutarins fremur til síðari partsins, ræðupartsins, en fyrra partsins eða þingskjala partsins.

Ásgeir Einarsson: Mèr finnst eg ekki þurfa að tala um annað í þessu máli, en um þann ágreining, sem er milli varaforseta og hins hluta nefndarinnar; mèr finnst nú viðauka-uppástunga hins háttvirta varaforseta alveg rètt eptir skoðun hans, en hèr er undir því komið, hvort þingið vill styrkja að því, eður eigi, að ræðurnar um önnur mál falli alveg burt úr tíðindunum með framtíðinni. Ef þingið vill stuðla til þess, að ræðunum sè sleppt úr,

þá á uppástunga varaforseta vel við, og á að samþykkjast, en ekki þar á móti, ef þingið vill að ræðurnar sèu prentaðar eins og áður hefir verið. Eptir meiningu þingsins í þessu, hvort það nefnilega vill letja, eða hvetja til, að sleppa ræðunum, mun eg taka mína stefnu í málinu. En linur er þá orðinn áhugi landsmanna á þingmálum, ef þeir eru hættir að kæra sig um að sjá ræðurnar; en eg vil, að þingið líti á vilja þjóðarinnar í þessu sem öðru er skynsamlegt er.

H. Kr. Friðriksson: Eg hef nú fallizt á þessa uppástungu einungis vegna þess, að það liggur í augum uppi, að eptir henni fá landsmenn miklu fyrri að sjá, bæði hvaða mál hafa komið til þingsins, og hver hafi orðið úrslit þeirra, því að sparnaðurinn er lítils virði. En eg get alls eigi verið samþykkur uppástungu varaforseta, að í fyrri partinn eigi að prenta annað en skjöl; eg álít alls ekki, að inngangsumræður í málum, sem felld eru, eigi þar heima. Það væri þá eins gott, eins og þingmaður Strandasýslu tók fram, að sleppa alveg öllum þingræðum, og það yrði auðsjáanlega til þess,að miklu færri keyptu tíðindin en áður; því það sem einkum ætti að gjöra tíðindin aðgengilg fyrir almenning, er það, að í ræðunum sjást ástæðurnar fyrir afdrifum þeirra mála, sem felld eru. Á hinn bóginn er þessi uppástunga líka beint á móti eðli skiptingarinnar, því að ef á að fara að taka nokkuð inn í fyrra partinn, annað en skjöl þingsins, eða með öðrum orðum, ef inngangsumræður þeirra mála, sem felld eru, eiga að prentast þar, þá á líka að taka ýmsar aðrar ræður þar inn í; því menn verða þá eins að sjá ástæður fyrir úrslitum annara mála, en með þessu fyrirkomulagi mundi niðurstaðan verða, að ræðurnar fèllu burt, nema inngangsumræðurnar í þeim málum sem felld eru. Eg veit ekki heldur til að þar sem skipting tíðinda er viðhöfð, sè svona farið að; þar sem skipting er höfð í Danmörku, er ekkert prentað í annan partinn nema skjöl. Eins er í Norvegi; þar er alls ekkert annað prentað.

Magnús Andrèsson: Strax og þessi uppástunga kom fram, var eg henni meðmæltur vegna þess sparnaðar sem hún miðar til að gjöra, og er sannfærður um, að hún gjörir mikinn sparnað, og jafnvel meiri, en þingmenn hafa haldið. En hvað viðvíkur uppástungu hins háttvirta varaforseta, að í fyrri partinum sèu prentaðar inngangsumræður í þeim málum, sem felld eru, þá finnst mèr mikið mæla með því, því að í fyrrra partinum eiga að sjást úrslit

allra mála, og ef inngangsumræðurnar um þessi mál eru eigi prentaðar í þeim fyrra parti, sjást eigi ástæðurnar fyrir úrslitum þessara mála. Eg mæli því með, að þessi uppástunga sè samþykkt, og yfirhöfuð er eg með aðaluppástungunnni, því eg sè, að hun getur orðið til að minnka töluvert kostnaðinn.

Jón Guðmundsson: Eg ætla mèr nú ekki að gjöra neitt kappsmál úr uppástungu minni; eg vil að eins svara þingmanni Reykvíkinga og Strandasýslu fáum orðum. Þeir hèldu, að ef inngangsumræður um mál, sem felld væri frá þinginu, væri prentaðar í fyrra partinum, þá yrði ekkert eptir í síðara parti tíðindanna til að ginna landsmenn til að kaupa tíðindin; þann partinn eða þingræðurnar sjálfar. Þetta þykir mèr nú vera mögur athugasemd og ekki mildur dómur um hinar ræðurnar eða góðar spár fyrir þeim. Þeir ganga þá út frá því, og játa beinlínis, að landsmenn hafi einkar mikinn áhuga á að sjá inngangsumræðurnar í þeim málum, sem felld eru, og það svo mikinn, að þeir leiðist til að kaupa síðari partinn einmitt til þess að fá að sjá þessar ræður; en með þessu játa þeir einmitt, að þær eigi heima í fyrri partinum eins og eg sting upp á. Mèr finnst yfirhöfuð að landsmenn eigi rèttláta kröfu á því, að fá sem fyrst að sjá bæði úrslit málanna og líka ástæðurnar fyrir þessum úrslitum; en ástæðurnar eru í þeim málum, sem tekin eru til nefnda, að finna í nefndarálitunum, atkvæðagreiðslunni og bænarskránum til konungs, en í hinum, sem felld eru, þar eru allar ástæðurnar fólgnar í inngangsumræðunni. Það er því alveg samkvæmt rèttum hugsunarreglum í uppástungunni sjálfri, að gefa út í fyrra partinum ástæður fyrir þeim málum, sem eru felld, eins og fyrir hinum, sem ekki eru felld. Mèr þykir það annars skrítið, ef menn skyldu fella mína uppástungu á sama fundi, sem það hefir verið samþykkt, að biðja um auglýsingu konunglegra frumvarpa fyrir fram; menn vilja sjá frumvörp frá stjórninni sem fyrst, en ekki lofa landsmönnum að sjá frumvörp og ályktanir alþingis og ástæðurnar fyrir þeim fyrr en í síðustu lög.

Framsögumaður: Mèr heyrðist á ræðu hins háttvirta varaforseta, eins og hann áliti, að landsmönnum þætti meira varið í að sjá þær ræður, sem hann stingur upp á að prenta skuli í fyrra hlutanum, en að sjá aðrar ræður þingmanna. Það er nú sjálfsagt, að annaðhvort þykir þeim vænna um þessar eða þeim þykir ekki vænna um þær. Ef þeim þykir nú vænna um þessar ræður, en aðrar, þá miðar breytingaratkvæði hans til þess, að eyðileggja

prentun á hinum ræðunum; en ef þeim þykir ekki vænna um þær, þá gjörir breytingin ekkert gagn, því til hvers er að vera að prenta þær ræður í fyrra parti tíðindanna, sem landsmönnum þykir eigi vænna um að sjá, en hinar. En mèr skilst nú, að hinn háttvirti varaforseti álíti, að landsmönnum þyki vænna um þessar ræður en hinar, og hann vilji því eyðileggja prentun hinna ræðanna. Að öðru leyti álít eg nú breytinguna eigi vandlega hugsaða, og eigi samkvæma rèttum hugsunarreglum. Því eg vil spyrja hann. Hvernig á þingið að gefa ástæður fyrir þeim málum, sem sálast í nefnd, svo sem málið um öreigagiptingar á síðasta þingi? Annað dæmi er líka til. Opt ber það við, að málin eru eigi felld við 1. umræðu, heldur stundum við 2. eða jafnvel 3 umræðu svo sem málið um að leggja alþingiskostnaðinn á jarðarhundruðin á síðasta þingi. Eptir uppástungu varaforseta ætti nú að prenta allar þessar umræður, ef hann vill vera sjálfum sèr samkvæmur; því hverju verða landsmenn bættari eptir uppástungu hans, ef mál þeirra eru felld fyrst við 2. eða 3. umræðu? Eða ætli þeim sè kærara að vita af hverjum ástæðum þingið fellir mál við fyrstu umræðu en við aðra eður þriðju? Ef þörf væri á, að auglýsa þessar inngangsumræður svo fljótt, þá veit hinn háttvirti varaforseti, að blaðið »Þjóðólfur» kemur út meðan þingið stendur, og því þèttara eptir þing, og eg veit að útgefandinn er svo sanngjarn, að hann mundi fyrir sanngjarna borgun taka að sèr, að skýra frá ástæðunum fyrir því, að málin hafi verið felld, til dæmis að taka málið um trúarbragðafrelsið; er eg sannfærður um að hann gæfi upplýsingar um það mál, ef einhvern kynni að langa til að vita, af hverjum ástæðum það var fellt. Hið þriðja sem eg finn í þessari uppástungu á móti rèttum hugsunarreglum er það, að vera að stinga upp á að prenta nokkrar af ræðunum, en ekki allar í sama parti, því þá er annaðhvort, að maður með því eins og vill »censera,» hverjar sèu þarflegastar, eða þá að menn eru rètt að leika sèr.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki betur sèð, en að nefndin komist í mótsögn við sjálfa sig, með því í fyrra parti tíðindanna að vilja láta sjást úrslit málanna, en þó ekki ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þau mál eru felld, sem ekki komast inn á þingið. Eg fyrir mitt leyti álít, að uppástúnga hins háttvirta varaforseta, sè á góðum rökum byggð, og eg get því ei skilið í því, hvað þingið hugsar sèr, ef það aðhyllist aðaluppástunguna, nema ef það ályktar á þessa leið, og segir: Svona fórum við að því, en um ástæðurnar fyrir

gjörðum okkar varðar ykkur ekki neitt. Ef þingið vill fara frjálslega í málið, þá er því skylt, að gefa ástæður fyrir öllum sínum gjörðum, og láta prenta þær í fyrsta parti tíðindanna.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf ekki að svara hinum háttvirta varaforseta, því þingmaður Borgfirðinga gjörði það. Hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði, að við vildum ei láta þjóðina sjá ástæðurnar fyrr en einhvern tíma, en það er það sama sem, að landsmenn vorir aldrei fái að sjá þær, og þá er eins gott að sleppa þeim alveg. En það, sem hèr er mest varið í, er að sjá sjálf málin, því ræðurnar kæra menn sig hvergi nærri eins mikið um. Eg gef því atkvæði mitt fyrir aðaluppástungunni.

Páll Sigurðsson: Það er af fleirum þingmönnum búið að taka það fram, sem eg ætlaði að segja. Hvað atkvæðagreiðslu minni í þessu máli viðvíkur, þá gef eg atkvæði mitt fyrir uppástungu hins háttvirta varaforseta, því þegar málið er fellt, þá liggur þar í, bæði inngangsumræða og ályktun; en þegar málið kemst í nefnd, þá sjást ástæðurnar í nefndarálitinu. Að öðru leyti held eg varla, að þjóðólfur fari að taka margar inngangsumræðurnar. Eins og áðan var tekið fram, þá vilja menn helzt, þegar málin eru felld, sjá ástæðurnar fyrir því, hvers vegna málin ekki hafa verið tekin inn á þingið.

Stefán Jónsson: Þegar eg hugsa mig í þeirra stað, sem senda bænarskrár til þingsins og þær eru felldar, þá sè eg ei, hvað menn vinna við að fá að sjá ástæðurnar, nema það að seðja forvitni sína; en þá er ekki annað en að bíða, þangað til búið er að prenta seinni hluta tíðindanna, og því vil eg fyrir mitt leyti, að allar ræðurnar sèu saman; það er líka óviðfelldnara að hafa ræðurnar í báðum pörtum tíðindanna. En allt öðru máli gegnir það, að vilja sjá frumvörpin frá stjórninni; það er engin forvitni þó menn vilji það, heldur er það til þess, að geta búið sig sem bezt undir málin áður en menn fara til þings.

Jón Hjaltalín: Eg sè þó enn aðra hlið á málinu sem er athugandi; verið getur að málið verði fellt áður en þingið er hálfnað, og þá gætu menn enn þá sent aðra nýja og kröptugri bænarskrá til þingsins (margir: móti þingsköpunum). Alls eigi; það þarf egi annað en venda bænarskránni í aðra stefnu og laga hana nokkuð öðruvísi, þá má hún eptir eðli sínu geta komizt að. Að blöðin fari að prenta ástæðurnar get eg ekki skilið, og getur heldur ekki verið meinig manna, því það yrði 10 sinnum lengra

en sjálft blaðið. Eg ímynda mèr, að það vel geti komið fyrir, að menn, svo snemma sem mögulegt er, vilji sjá, hvers vegna málin hafa verið felld, og mèr finnst því ekki vert, að þingið gjöri sitt til, að það gangi seinna, eins og eg heldur ekki get sannfærzt um, að við eigum að banna landsmönnum vorum, að sjá ástæðurnar fyrir því, sem við að höfumst hèr á þingi; því það yrði mótsögn í hugsuninni, og raskaði öllum hugsunar grundvallarreglum, að landsmenn vorir fengju að sjá ástæðurnar fyrir einu máli, en ekki fyrir öðru, og væri þá eins og alþing vort ætlaði að aðhyllast eptirfylgjandi orð: »Sic volo, sic jubeo, stat pro ratione voluntas«. Svona vil eg hafa það; það *skal* svona vera; vilji minn er nóg ástæða!!! og er þetta heldur til ófrjálslegt.

Indriði Gíslason: Mèr finnst hèr ekki vera að gjöra um neinn verulegan meiningamun. Mèr skilst, að menn hèr óttist fyrir, að uppástungu hins háttvirta varaforseta muni myrða allar þingræðurnar, en eg held að það gjöri ekki svo mikið til, því eg er sannfærður um, að eptir því, sem menn betur hafa leitazt við að greiða veg alþingistíðindanna út um landið, þá hefir það verið eins og að troða einhverjum óþverra upp í nasir landsmanna. Eg held og, að hver sá, sem hefði lyst og löngun til að lesa tíðindin ætti hægt með að nálgast þau hèðan úr Reykjavík, það er ekki svo örðugt. Að öðru leyti vil eg geta þess, að eg gef atkvæði mitt fyrir ágreiningsatkvæði hins háttvirta varaforseta.

Stefán Eiríksson: Jafnvel þó margir þingmenn sèu búnir að taka það fram, er eg ætlaði að segja, vil eg geta þess, að eg gef atkvæði mitt fyrir uppástungu hins hátttvirta varaforseta, um að inngangsumræðurnar sèu teknar upp í fyrra hepti tíðindanna; því verði ræðurnar prentaðar í seinna parti tiðindanna, getur auðveldlega farið svo, að menn víða út um land, einkum í fjarlægustu hèruðunum sèu ekki búnir að fá þær, áður en næsta þing byrjar þar á eptir, og geti þess vegna ekki ítrekað bæn sína til næsta þings, og með því allar þingsályktanir verða í fyrra heptinu virðist bezt eiga við að ástæður um þau mál sem felld eru við inngangsumræðu komi þar fram einnig.

Helgi Hálfdánarson: Mèr finnst skoðun sumra þingmanna í þessu máli hálfskrítin; því það er eins og þeir álíti umræðurnar um þau mál, sem þeir fella, dýrmætari en umræðurnar um þau mál, sem þeir taka inn á þingið, þetta getur mèr ekki skilizt, að sè rètt hugsað, því ef minnst er varið í þau mál, sem felld eru,

eins og líklegt mætti þykja, þá eru og umræðurnar um þau minnst umvarðandi, og þá mættu þær belzt bíða. Það yrði líka að mèr virðist einhvern veginn kátleg bók, þessi fyrri partur þingtiðindanna, ef sú uppástunga fengi framgang, að taka í hann nokkrar af þingræðunum; hann yrði þá einhver sambreiskingur af þingskjölum og þingræðum, sem eg get ekki fellt mig við, og skiptingin mjög svo óskipuleg og óformleg. Eg held að inngangsumræðunum í þeim málum, sem felld eru, liggi ekki meira á en hinum, og eg er þess vegna mótfallinn því, að þær verði teknar upp í fyrri part tíðindanna.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr ekki að gjöra neitt kappsmál úr þessu; mèr er ekki svo annt um þessa tvískipting, að eg álíti hana þess verða. En þó tvískiptingin sè haganleg, að því leyti sem hún miðar til, að tíðindin komist sem fyrst út, þá verður það alveg óeðlilegt, að blanda þar í öðru. Aðaltilgangurinn er sá, að flýta fyrir því, að almenningur sem fyrst geti kynnt sèr málin, en þessar umræður flýta sannarlega eigi fyrir í því efni, (*Magnús Andrèsson:* Það er sparnaður) Sparnaðurinn verður hreinn aukabesefi, því þá er óvíst, hvort fyrri hlutinn geti komizt svo snemma út, að hann komist út um land á haustin, einkum ef ræðurnar eru prentaðar í tvennu lagi, bæði rèttar og rangar, eins og 1861, eða ef til vill, þrí-prentaðar, þ. e. öldungis rangar, hálfrangar og leiðrèttar. Þetta getur orðið tilefni til þess, að inngangsumræðurnar um eitt mál verði 2 eða 3 arkir, eins og t. a. m. málið um trúarbragðafrelsið, og sèst af því, hve mikill trafali verður af því; eg álít það því að vera ólögulegt og móti öllu góðu skipulagi.

Brynjólfur Jónsson: Eg skal í fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæðagreiðslu minni í þessu máli, og er eg á því að það í alla staði sè betra og haganlegra, að þingtíðindunum sè skipt í tvennt, þannig að fyrri parturinn hafi inni að halda aðalyfirlit yfir allan gang málanna, frá upphafi til enda, og hygg eg að flestum muni þykja þetta mest umvarðandi, því af þessum parti geta menn nægilega sèð, á hvaða ástæðum úrslit málanna eru byggð. Eg þykist og þess fullviss, að fengju menn fljótt þenna partinn, mundu menn eigi kæra sig svo mjög um hinn síðari. Mèr finnst það einnig vera rètt, sem varaforseti fer fram á, í sínu viðauka-atkvæði, að í þessum parti sèu prentaðar inngangsumræður þeirra mála, sem felld hafa verið, svo menn af þeim geti sem fyrst fengið að sjá ástæð-

úrnar fyrir því, hvers vegna þau hafi orðið apturreka, eins og menn á hinn bóginn geta af þessum parti sèð hvaða ástæður hafi ráðið úrslitum þeirra mála, sem fengið hafa framgang á þinginu. Það er tvennt hèr sem menn þurfa að gæta að, að menn sem *fyrst* fái að kynnast úrslitum málanna, og þar næst, að menn fái það sem kostnaðarminnst, svo að landsmenn, sem mest má verða, fríist við allan óþarfa kostnað. Ef Norðmenn láta sèr nægja með að sleppa prentun á þingræðum sínum, þá ættum vèr Íslendingar sökum fátæktar vorrar — því vèr erum ekki ríkari, heldur margfalt fátækari en þeir — að láta oss nægja með að fylgja þeirra dæmi í þessu efni. En þó þetta ei yrði til greina tekið, gef eg atkvæði mitt fyrir uppástungu varaforseta.

Stefán Jónsson: Eg skyldi ekki ástæður hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns fyrir því, að menn gætu komizt með málið aptur inn á hið sama þing, því það væri að breyta á móti þingsköpum vorum. (*Jón Hjaltalín:* Það gæti þá komið undir öðru formi). Það yrði þá að vera einhver þingmanna sjálfra sem gjörði það; en þingmenn þurfa ekki ræðurnar, því þeir þekkja inngangsumræðurnar. En þó einhver vildi aptur koma fram með mál um líkt efni, í öðruvísi formi, þá hefði hann heldur eigi sèð inngangsumræðurnar, því fyrri parturinn kemur ei út fyrr en of seint til þess. Eg get því ekki betur sèð, en það sè nógur tími fyrir þá, því þeir hljóta að bíða til næsta þings, og geta þá komið með bænarskrárnar í því rètta formi.

Jón Pálmason: Eg skal ekki lengja umræðurnar í þessu máli, en einungis geta þess, að eg gef atkvæði mitt fyrir aðaluppástungunni. Eg get ekki heldur sèð, að rètti landsmanna sè haggað með því, þó inngangsumræðurnar sèu prentaðar *í seinni* blutanum, og geta þeir, sem kaupa vilja tíðindin, fengið eins að lesa þau síðar, svo eg get ekki sèð neitt á móti þessu nema biðina, þegar ekki er talað um önnur mál en þau sem felld eru við inngangsumræður.

Jón Guðmundsson: Eg skal ekki svara þeim mörgu ræðum þingmanna, sem hafa verið mótfallnir uppástungu minni, en eg skal í fáum orðum svara hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga; eg álít það nefnilega tóman hugarburð hjá honum, þegar hann álítur, að það sè svo mikill tímaspillir í því að prenta inngangsumræðurnar í fyrra partinum; þær mundu þó vart fara fram úr 4 til 5 örkum alls; núna gæti það máske orðið nokkur tímatöf að því, af því nokkuð er áliðið þingtímann þegar prentunin verður byrjuð,

og getur því valdið nokkurra dala aukakostnaði í þetta sinn að fá afskript af þeim skjölum. En yfirhöfuð að tala höfum vèr engi nefndarálit til prentunar fyrr en í miðjum júlí, og þess vegna gæti prentsmiðjan laglega haft undan með að prenta inngangsumræðurnar í felldu málunum. Eg lýsi því yfir, að fái uppástunga mín ekki framgang, þá fráfell eg alveg tvískiptingunni, af því mèr þykir þar að auki hvorki aðgengilegt nè nauðsynlegt, að fara að samþykkja hana á þessu þingi sem er hið síðasta er þessar kosningar ná yfir. Eg vil því leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort hann ekki vill bera uppástungu mína upp til atkvæða á undan aðaluppástungunni; því verið getur að ef hún verður felld þá verði einnig aðaluppástungan felld á eptir.

H. Kr. Friðriksson: Eg held að þetta sè viðauki, en ekki breytingaratkvæði, og eigi því að bera það upp á eptir.

Jón Guðmundsson: Eg gjöri það þá hèr með að mínu breytingaratkvæði.

Páll Melsteð: Mèr finnst, þegar um þetta mál er að ræða, að menn verði þá að skoða það sem peninga spurningu: Hvað sè sparnaður og hvað ekki. Það vita nú allir, hve feykimiklir peningar standa í alþingistíðindunum, eins og útgjörð þeirra að undanförnu hefir kostað; að mikill og jafnvel mestur hluti þeirra liggur óseldur og óútgenginn á kirkjuloptinu í Reykjavík og fúnar þar niður, og fer þar mikið fè til einskis fyrir landið. Skipting sú á tíðindunum, sem hèr er nú talað um, getur leitt til þess, að talsvert fè verði sparað, og svo held eg líka, þegar þar að kemur, að farið verður að ræða um útgáfu alþingistíðindanna í ár, að þá liggi næst að stinga upp á því, að upplagið af þeim hluta tíðindanna, sem hefir að eins umræður málanna meðferðis, verði miklu minna, en hinn hlutinn, þar sem öll þingskjöl verða prentuð í, því að þessi hlutinn mun verða miklu vinsælli og útgengilegri. Hvað því viðvíkur, sem þingmaður Borgfirðinga spurði um, hvernig fara ætti að, þegar mál væru felld á þingi eptir að nefndarálit eru komin fram, með öðrum orðum þegar mál yrðu felld við aðra umræðu o. s. frv., þá vildi eg svara því svo, að þá má prenta nefndarálit og atkvæðagreiðslu, og þá koma þau plögg eins og önnur inn í fyrri part tíðindanna. En viðvíkjandi því er hinn 5. konungkjörni sagði, að bænarskráin gæti komið seinna fram á sama þingi, þó hún fèlli á öndverðu þingi, þá ætla eg að það geti ekki átt sèr stað af því 63. gr. alþ.tilsk. er á móti því.

Framsögumaður: Eg vildi spyrja, hvort það væri samkvæmt þingreglum, að ögra mönnum með atkvæðafjölda?

Jón Guðmundsson: Er varaforseti »Majoritet«?

Forseti: Eg álít þetta sem *von* varaforseta. Þar eð enginn breytingaratkvæði eru framkomin, þá álít eg, af því þetta mál er innanþingsmál, að gjöra megi undantekningu frá 69. gr. alþ.tilsk., og bera það undir atkvæði þingmanna þegar í dag. Eg ætlaði fyrst að bera upp aðaluppástunguna, og uppástungu varaforseta síðan sem viðauka-atkvæði; en eg held að það sè eins gott, að bera viðauka-atkvæðið fyrst upp, þar hinn háttvirti varaforseti hefi æskt þess að það væri borið upp sem breytingaratkvæði, og skal eg þar um leita atkvæðis þingmanna.

Var það síðan samþykkt með 16 atkvæðum, að atkvæðagreiðslunni skyldi þannig haga.

Var því næst gengið til atkvæða um, hvort þingmenn aðhylltust breytingaratkvæði varaforseta, undir því skilyrði, að aðaluppástungan yrði samþykkt, og það fellt með 12 atkv. gegn 11.

Síðan var aðaluppástungan borin upp og samþykkt með 17 atkvæðum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu áskorun frá nefndinni í fjárkláðamálinu um bráðabyrgðarráðstafanir. Var áskorunin afhent flutningsmanninum.

Benidikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp áskorunina.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 94.

Eg skal ekki byrja framsögu mína á því, að vera fjölorður um þetta mál, það er svo einfalt, ljóst og öllum kunnugt; og vil eg biðja þingmenn að fylgja sömu reglu, því fremur, sem aðalmálið er ekki komið í kring. Aðalgallinn, sem á málinu hefir verið, er, að ofmikið hefir verið um það rætt, en oflítið gjört í því. Eg óska nú, að umræðurnar mætti verða sem stytztar, því langar ræður um þetta mál muni fremur spilla því en bæta.

Forseti: Eg er þess fullviss, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir eins mikla ást á föðurlandi sínu og hver annar, og að honum er eins annt um það og hverjum öðrum, að þessu velferðarmáli landsins, sem nú kemur til þingsins í 4. sinn, reiði sem bezt af, og verði sem fyrst og farsællegast leitt til lykta fyrir land og lýð. Í hinni konunglegu auglýsingu er þess og getið, að hlutaðeigandi yfirvöldum sèu sendar þær fyrirskipanir, sem í þessu efni þykja nauðsynlegar. Þetta er svar upp á bænarskrá alþingis 1861, um

að sèð verði fyrir að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum heilbrigðra og grunaðra hèraða. Eg vil því innilega og alvarlega styðja að því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi gefi málinu sem beztan gaum.

Konungsfulltrúi: Amtmaðurinn í Suðuramtinu er reyndar ekki hèr á þingi, en eg þykist þess fullviss, að stiptamtið muni gefa málinu allan þann gaum sem kringumstæðurnar leyfa, ef þingið í gegnum forseta sinn sendir áskorun í þessa átt.

Jón Guðmundsson: Eg ímynda mèr, að þessar undirtektir hins háttvirta konungsfulltrúa muni fullnægja öllum. Að eins vildi eg taka það fram, að það væri æskilegt, ef konungsfulltrúi gæti hlutazt til, að nefndin sem allra fyrst gæti fengið að vita hvað gjörðist í málinu, því hún verður að laga uppástungur sínar eptir því, að hve miklu leyti valdstjórnin sèr sèr það fært, að gjöra þær ráðstafanir, sem áskorunin fer fram.

Konungsfulltrúi: Eg álít það sjálfsagt, að stiptamtið gjöri þetta sem allra fyrst orðið getur.

Forseti spurði síðan að því, hvort ei væri útrætt um það, að þingið gegnum forseta sinn, sendi áskorunina til stiptamtmannsins, og var það samþykkt með 22 atkvæðum gegn 1.

Forseti gat þess, að varaforseti hefði afhent sèr uppástungu um að bæta úr presta-eklunni, og um leið óskað að mega tala nokkur orð.

Jón Guðmundsson: Eg ætla mèr ekki að tala um uppástunguna. En sem formaður í stjórnarbótarnefndinni, sem valin var til að íhuga bænarskrána frá Árnessýslu, vil eg geta þess, að vèr nefndarmenn höfum átt 2. eða 3. nefndarfundi, og komizt að þeirri niðurstöðu, að bænarskráin er mjög almenns efnis, og lýtur jafnt að ástandinu yfir gjörvallt landið. En engir eru í nefndinni hvorki úr norður- nè vestur-umdæminu; það hefir viljað svo til í kosningunni, að allir nefndarmenn eru úr suðuramtinu. Við nefndarmenn vildum því biðja þingið að samþykkja, að kosnir væri 2 menn í viðbót í nefndina, með því skilyrði, að annar sè úr norðuramtinu en hinn úr vesturamtinu.

Bar forseti það undir þingið, og var það samþykkt með 20 atkvæðum og þessir kosnir:

J. Sigurðsson með 16 atkv.
Ásg. Einarsson — 11 —

Forseti: Áður en eg slít fundi, skal eg tilkynna þinginu, að

á næsta fundi sem eg ákveð til þess á mánudaginn kl. 12, kemur til inngangsumræðu, og ef til vill nefndarkosninga: bænarskrá Húnvetninga um breyting á skólareglugjörðinni, uppástunga þingmanns Gullbringusýslu um vexti Thorchilliisjóðsins, bænarskrá frá Gullbringusýslu um fiskiveiðar útlendra, bænarskrá Þingeyinga um fjárhagsaðskilnaðinn, og uppástunga hins 5. konungkjörna þingmanns og 2 bænarskrár frá Múlasýslu um betri læknaskipun.

Fundi slitið.

(Áttundi fundur) — 13. júlí.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að hinn háttvirti varaforseti hefir tilkynnt mèr, að hann geti ekki sótt fund í dag. Frá honum er einnig til mín komin uppástunga um, að þingið sendi bænarskrá til stjórnarinnar um, að sem fyrst verði fullnægt gjafabrèfi Charles Kelsalls.

Eg veit ekki hvort hinum hæstvirta konungsfulltrúa þóknast að fá orðið.

Konungsfulltrúi: Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt af hinni konunglegu auglýsingu til alþingis, er í 10. gr. hennar ætlazt til að konungsfulltrúi upplýsi, hvers vegna stjórnin eigi hafi getað fallizt á tillögur alþingis 1861 um, að Seyðisfjörður væri gjörður að aðalverzlunarstsð í staðinn fyrir Eskifjörð. Ástæðurnar sem eg hef fengið frá stjórnarherranum eru þessar:

»Að bænarskrá alþingis, þrátt fyrir það, þó orð hennar sèu yfirgripsmikil, fari einungis fram á það, að Seyðisfjörður verði í stað Eskifjarðar ákveðinn sem sú höfn á austurlandi sem þau skip er koma frá útlöndum eigi að sækja, áður en þau sigli upp aðra löggilta verzlunarstaði á Íslandi.

Að komið hafi frá alþingi árið 1857 bænarskrá í sömu stefnu, en með allrahæstum úrskurði frá 13. apríl 1859 hafi hans hátign konungurinn af ástæðum þeim, sem löggæzluráðherrann þá hafði tekið fram, að fallast á, að bænarskrá þingsins ekki yrði tekin til greina, en ástæður þær, sem löggæzluráðherrann hafði tekið fram, hafa í öllu verulegu verið þessar.

Að sú umbeðna breyting naumast mundi geta fengið nokkra verulega praktiska þýðingu, þar sem báðar þær umræddu hafnir, sem væru hvor á borð við aðra að gæðum, lægju skammt hvor frá annari, svo að það ekki væri nokkrum sèrlegum vandkvæðum bund-

ið fyrir þá, sem vildu sigla upp Seyðisfjörð, að koma fyrst við á Eskjufirði.

Að á hvoruga af höfnum þessum hafi síðan frjálsa verzlunin komst á, komið útlend skip, að undanteknum 1 eða 2 norskum skipum.

Að konungsfulltrúinn, sem þá var, og sem í mörg ár hafði verið sýslumaður í Norður-Múlasýslu, beinlínis hafi mótmælt því, sem alþingismaður sýslunnar hefði fullyrt, að Seyðisfjarðarhöfn væri tryggari og betri en Eskifjarðar.

Að hvorki læknir nè sýslumaður búi á Seyðisfirði, og að þeir menn, sem þá sèu í þessum embættum, ekki gætu orðið skyldaðir til að taka sèr þar bústað, og að því, ef bænarskrá alþingis ætti að takast til greina, yrði að setja sèrstakan löggæzlustjóra á Seyðisfirði, og kostnaðinn er þar af leiddi, að borga úr amtsins jafnaðarsjóði, samkvæmt opnu brèfi frá 24. nóvbr. 1856, en að jafnaðarsjóðurinn hvorki væri, eins og þá stæði á, fær um að bera þenna kostnað, nè að líkindum muni fyrst um sinn verða fær um það; og loks, að það virtist ísjárvert, að fara að breyta svo nýju lagaboði eins og verzlunarlögunum, fyrr en reynslan væri búin að sýna og sanna, að nauðsyn bæri til slíkrar breytingar, eða að hún að minnsta kosti væri hagfelld.

Þessar ástæður eiga sèr, segir stjórnin, enn þá stað í öllu verulegu, og eru yfirgnæfandi gagnvart þeim, sem alþingi hefir borið upp. Sú einasta ástæða, sem alþingi hefir tekið fram, og nokkuð væri í varið væri einkum sú, að Seyðisfjörður lægi betur við verzlun en Eskifjörður.

Þessi ástæða, sem hefði mikla þýðingu, ef hèr væri spursmál um að löggilda þenna stað til verzlunar, eða að stofna hèr kaupstað, en missir mikið af þýðingu sinni, þegar athugast, að spursmálið, eins og hèr er ástatt, einungis er um það, hvor af þessum tveimur stöðum liggi betur við fyrir útlend skip, sem vilja sigla upp austurströnd Íslands. Hèr verður sama að taka til greina að lögin frá 15. apríl 1854, tala um tvenns konar útlend skip, fyrst þau, sem sækja landið í einhverjum öðrum tilgangi en þeim að verzla við landsbúa, t. a. m. að byrgja sig upp að vistum, fá sèr »fragt», bíða eptir ráðstöfunum hlutaðeigenda, forða sèr fyrir óveðri (sbr. 2. gr.), og í annan máta um þau skip, sem koma frá útlöndum til þess að verzla (3. gr.), fyrir þau skip, sem fyrr voru talin, sè Eskifjörður, eptir afstöðunni efalaust hagfelldari en Seyðisfjörður,

en hvað þau síðartöldu skip þar á mót snertir, kynni það, eptir því sem alþingið ber fram, að virðast hagfelldara fyrir þau að sigla beinlínis til Seyðisfjarðar; en til þess, að þetta atriði geti tekizt til greina sem ástæða fyrir þeirri umbeðnu breytingu í verzlunarlögunum, þurfi að vera sönnun fyrir því, að svo mörg útlend verzlunarskip sigli upp Múlasýslurnar, að það verði með rökum sagt, að sú laga-ákvörðun, sem hèr er um að ræða, sè til nokkurs verulegs baga eða tálma fyrir verzlunina, en í þessu tilliti liggi ekki fyrir nein upplýsing í bænarskrá þingsins, og þær skýrslur sem stjórnarráðið hafi handa á milli, styðji heldur ekki þessa skoðun, því af verzlunarskýrslum þeim, sem komnar sèu til stjórnarinnar frá hlutaðeigandi embættismönnum fyrir árin 1857—61 sjáist það, að á þessum árum hafi komið til Múlasýslnanna samtals 9 útlend verzlunarskip, öll frá Noregi, án þess það sjáist með vissu, hvað mörg af þessum skipum hafi komið á þær 4 hafnir, sem í sýslum þessum liggja. Eins og það því ekki verði álitið, að nokkur veruleg praktisk nauðsyn eigi sèr hèr stað til þess að gjöra þá breytingu, sem alþingið biðji um, þannig hljóti það atriði, að hvorki læknir nè löggæzlustjóri sè á Seyðisfirði, að verða bæn alþingis til fyrirstöðu eptirleiðis. Því að vísu hafi alþingi tekið fram, að það mætti gjöra þeim, sem yrði skipaður í sýslumannsembættið í Norður-Múlasýslu, sem nú er laust, að skyldu, að taka sèr aðsetur á Seyðisfirði; en þetta virðist, eptir því hvernig landslagi hagar, ógjörningur, enda hefir bæði sýslumaður og amtmaður, þó þeir að öðru leyti hafi mælt fram með Seyðisfirði sem aðalverzlunarstað í Múlasýslunum, í álitsskjölum þeirra frá árinu 1851, látið i ljósi, að Seyðisfjörður, sem liggi á suðaustur-takmörkum sýslunnar, engan veginn geti orðið hagfelldur bústaður fyrir sýslumanninn, þar sem það yrði miklum örðugleikum bundið fyrir hann að gegna embættisstörfum sínum á svo afviknum stað, og það því fremur, sem hann ætið ætti yfir fjallveg að sækja, þegar hann þyrfti að fara til embættisverka, einhverstaðar í lögsagnarumdæmi sínu. Þetta eigi sèr nú að vísu einnig stað með sýslumanninn í Suður-Múlasýslu, þegar hann hafi bústað á Eskjufirði, en að öðru leyti liggi þó Eskjufjörður ekki á útkjálka sýslunnar, og í álitsskjali sínu, sem þegar var getið, hafi sýslumaðurinn, sem þá gegndi báðum Múlasýslunum, látið í ljósi, að því geti naumast verið neitt til fyrirstöðu, að það sè gjört sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, ef þörf gjörist, að skyldu, að taka sèr bústað á Eskjufirði, þótt því verði ekki neitað, að hann

sè betur settur í Fljótshèraðinu. Þess megi líka geta, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafi, svo árum skipti, átt heima á Eskjufirði, án þess út af því hafi komið fram nokkur umkvörtun af hálfu sýslubúa.

Hvað loks snerti það spursmál, hvort ekki gæti orðið settur sèrstakur lögreglustjóri á Seyðisfirði, þá sè í þessu tilliti engu betur ástatt nú í Norður- og Austuramtinu en árið 1859, þar sem jafnaðarsjóður amtsins miklu síður nú en þá sè fær um að standa þann kostnað, sem hlyti að leiða af slíkri ráðstöfun, og eptir skýrslu þeirri, sem komin sè til stjórnarráðsins, sè ástandið í tèðu amti, vegna mjög bágrar árferðar á næst undanförnum árum, á því stigi, að það megi álítast hreinn og beinn ógjörningur, að hækka álögur á innbúum amtsins til þess að auka tekjur jafnaðarsjóðsins, að því skapi, að hann geti staðizt þann kostnað sem hèr sè um að ræða.

Það sem hèr sè sagt nái í enn þá fyllri skilningi til læknaskipunarinnar, því þegar höfð sè hliðsjón af kröfum innbúanna, yrði það frágangssök fyrir læknir þann, sem settur yrði í þessu víðlenda læknisumdæmi, sem nái yfir báðar Múlasýslurnar og Austur-Skaptafellssýslu, að hafa aðsetur á svo afviknum stað í umdæminu, sem Seyðisfjörður sè. Að vísu virðist það heldur ekki tiltækilegt, að skylda læknirinn til að búa á Eskjufirði, en þar sem þar þó sè skipuð og sett sóttvarnarnefnd, virðist ekki betur en að það mætti fela henni á hendur þá rannsókn, sem boðin er í lögunum frá 15. apríl 1854, þannig að læknirinn þegar þörf þætti til þess, yrði til kvaddur.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá þingmanni Borgfirðinga um, að hann sökum forfalla ekki geti komið á fund í dag. Uppástungan, sem eg gat um áðan frá varaforseta, er þegar lögð fram á lestrarsalinn. Þá kemur fyrst samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Húnavatnssýslu um breytingu á skólareglugjörðinni. Flutningsmaður hennar er þingmaður Húnvetninga.

Málið afhent flutningsmanni.

Jón Pálmason: Eg vil leyfa mèr, að lesa upp bænarskrána:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 96.

Jafnvel þótt mèr sè nú kunnugt, að mál þetta sè á rekstri hjá stjórninni, vil eg þó fastlega mæla fram með því, að nefnd sè sett í málið. Það er, eins og þingmenn hafa heyrt, 3 atriði, sem bænarskráin fer fram á. 1. að inntökuprófið falli burt, og mundi það

verða til að gjöra skólann miklu aðgengilegri, því þá þyrftu landsmenn eigi að óttast fyrir, að synir þeirra yrðu gjörðir apturreka frá skólanum eins og komið hefir fyrir. 2. atriðið er um, að sveitapiltar sitji fyrir piltum úr Reykjavík, þegar veittar eru ölmusurnar, sem mundi gjöra skólann miklu þjóðlegri og vinsælli í augum alþýðu og aðgengilegri fyrir efnakorta sem vildu koma efnilegum piltum þangað, en vantaði fè til þess. 3. er það, að hinn launaði umsjónarmaður, sem stungið hefir verið upp á, ekki verði settur, því það virðist ekki vera mjög nauðsynlegt, og er líka til mikils sparnaðarauka. Eg verð því sem sagt að mæla með, að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Eg verð algjörlega að ráða þinginu frá, að taka þessa bænarskrá til meðferðar. Þingið veit, að bæði uppástungur þingsins 1861, og nefndarinnar, sem hèr var sett um skólamálið, er komið til stjórnarinnar og eru undir yfirvegun og úrlausn hennar, og það liggur því að mèr virðist í augum uppi, hvílíkum ruglingi og tálmun á málinu það mundi valda, ef þingið færi nú máske að gjöra nýjar breytingar og nýjar uppástungur, sem að vísu má gjöra ráð fyrir kynni að verða ofan á, enda þótt bænarskráin fari ei í neinu verulegu öðru á flot, en áður hefir verið beðið um. Það er auðsjáanlegt, að þessi aðferð yrði talandi vottur um óstöðugleik þingsins, ef það nú færi aptur að breyta um og koma fram með nýjar uppástungur í því máli, sem það hefir svo nýlega og svo rækilega fjatlað um. Að því leyti, sem kvartað er yfir því í bænarskránni, að nefndin hèr í Reykjavík hafi í uppástungum sínum gjört breytingu á tillögum alþingis, þá hefir nefndin í álitsskjali sínu til stjórnarinnar fært ástæður fyrir þeirri breytingu, og stjórnin hefir allt málið í heild sinni fyrir sèr, og getur borið saman bænaratriði þingsins við uppástungu nefndarinnar og aðhyllzt hvort sem henni betra þykir, og því eins vel tillögur þingsins, ef henni geðjast betur að þeim. Að öðru leyti skal eg skýra þinginu frá, að uppástungur nefndarinnar, sem í haust og í byrjun þessa árs, voru sendar stjórninni, eru nú af henni aptur sendar til rektors skólans, svo að honum gefist kostur á að segja álit sitt um málið; því hann var upphaflega formaður nefndarinnar, en gat ei aðstaðið að taka þátt í nefndarstörfunum sökum veikinda, og gekk þá hinn núverandi yfirkennari skólans í nefndina í hans stað. Þar eð nú þessu er þannig varið, að málið er komið til rektors, virðist mèr það gæti vel farið, ef flutningsmaðurinn vildi snúa sèr með bænarskrána til hans, því eg efast og ekki, að hann,

sem nú á að segja álit sitt um málið í heild sinni muni taka hana til fullra greina, að svo miklu leyti sem hann fyndi ástæðu til, og þá er náð tilgangi bænarskrannar. Þessa meðferð álít eg þá tiltækilegustu, en ræð alveg frá að setja nefnd í málið, eins og því nú er á veg komið.

H. Kr. Friðriksson: Eg vildi óska, að eg hefði ei þurft að standa optar upp í þessu máli, því það er í sannleika orðið nokkurs konar leiðinda hökt fyrir mig. Mèr virðist það mjög undarlegt, ef þingið ætlar nú að fara að aftaka það, sem það bað um á síðasta þingi, eins og farið er þó fram á í 3. uppástunguatriði bænarskráarinnar. Að því er 1. niðurlagsatriði bænarskráarinnar snertir, um inntökuprófið, þá sýnist mèr að hèr eigi við; bráðgeð er bernskan; það virðist skrítið, ef þingið ætlar nú að fara að ítreka það, sem það bað um seinast, það getur ekki orðið til neins gagns. Eg verð nú líka að segja það, að í þessu máli er svo margt athugavert og beinlínis »administrativ« eðlis, að þingið getur ekki sett neinar reglur fyrir því, og ef það fer að reyna til að setja reglur fyrir því, getur ekki hjá því farið, að það valdi ruglingi og óreglu. Það eru 3 atriði, sem bænarskráin fer fram á, og þó málið sè hèr að eins til inngangsumræðu, verð eg að fara um þau nokkrum orðum. 1. atriðið er um, að inntökuprófið sè aftekið. Eg var nú á móti því á síðasta þingi, að það væri aftekið, því eg álít það alveg nauðsynlegt; það hefir líka allt af verið, og eins á Bessastöðum, þótt það væri ófullkomið, því að þar voru piltar allt af að minnsta kosti látnir gjöra latínskan stýl á haustin. Inntökuprófið er nauðsynlegt, ekki að eins vegna skólans, heldur og vegna piltsins sjálfs, því ef pilturinn kemst alveg óundirbúinn inn í skólann, verður afleiðingin sú, að honum verða gagnslaus 1 eða 2 ár. Mèr sýnist skólamálsnefndin hafa í þessu farið svo langt, sem auðið er, þar sem hún hefir stungið upp á, að ef pilturinn er svo illa undir búinn, að hann geti ei komizt að, skuli hann fá fría kennslu í skólanum 1 vetur. En ef óundirbúnir piltar yrði teknir inn í skólann, yrði eitt af tvennu, að annaðhvort yrði að laga kennsluna eptir þeim að öllu leyti, og þá verða með því hinir piltarnir í bekknum, sem vel eru undirbúnir, vanræktir og settir aptur í framförum sínum, eða, eins og sanngjarnara er, að kennslan verður að lagast eptir hinum lærisveinunum, og þá situr hann, sem er óundirbúinn, þar sèr til einskis gagns; eg hef reynslu fyrir mèr í þessu efni, og hef dæmi fyrir því eigi svo fjarlægt. 2. atriðið í bænarskránni er

um ölmusuveitingarnar. Eg veit nú ekki af hverju sú uppástunga er runnin; því eg veit ekk betur, en að þessu hafi jafnan verið fylgt, sem hún fer fram á, og að Reykjavíkurpiltar hafi verið látnir sitja á hakanum fyrir hinum, þó einstöku undantekningar hafi verið gjörðar, sem þá hafa haft nægar ástæður við að styðjast. Ef menn ætla að taka dæmi af því, sem verið hefir síðustu árin, þá verða menn þó að gæta að ástæðunum, að það er mjög eðlilegt, þó sumir Reykjavíkurpiltar hafi fengið ölmusu, þegar allir hinir hafa verið búnir að fá ölmusurnar. Í ár var þannig að eins einn sveitapiltur sem fèkk ekki nema hálfa ölmusu, og er aðgætandi, að ástæður hans eru betri, en flestra pilta í Reykjavík, og bróðir hans fèkk þar að auk heila ölmusu. Það er borið fyrir sem ástæða fyrir þessu, að piltar fjölgi í Reykjavík, en fækki í sveitunum; það er rètt eins og það sè eitthvert ódæði, að piltur úr Reykjavík komist í skólann og verði svo embættismaður í landinu, en að sveitapiltarnir einir sèu hafandi. En þar sem það er sagt, að piltarnir fækki úr sveitunum, þá vil eg þó taka það fram, að í vor komu 9 nýsveinar í skólann, þar af voru 6 úr sveitunum, en 3 hèðan úr Reykjavík, og í haust er von á einum 6 að auki úr sveitunum, svo það verða 12 sveitapiltar á móti 3 úr Reykjavík, og er þá engin hætta fyrir, að sveitapiltarnir verði ofurliða bornir af Reykjavíkurpiltunum. 3. atriðið er nú um, að þessi launaði umsjónarmaður, sem þingið stakk upp á 1861, verði ekki settur; þingið ætti eptir því að afbiðja nú, það sem það bað um seinast, og sjá þá allir, hvað samkvæmt það verður sjálfu sèr með því. En hverjir eru því kunnugastir, hvort þessi tilsjónarmaður er nauðsynlegur eða ei? Eg held að það sèu fyrst og fremst þeir, sem skólann eru við riðnir, og svo þar næst þeir, sem eru hèr í bænum, eða með öðrum orðum, þeir, sem nú þegar hafa fjatlað um málið, en ekki menn úti um landið. Eins og eg hef sagt fyrr, veit eg heldur ekki til, að mèr eða meðkennurum mínum liggi nein lagaskylda á herðum i þessu tilliti, eða að sú byrði eigi að liggja oss á herðum fyrir ekki neitt, heldur höfum við að eins tekizt það á hendur af góðsemi eptir tilmælum skólastjórans. En setjum nú svo, að það væri skylda vor kennaranna, að hafa umsjónina á hendi, þá held eg allt fyrir það, að hver verði að játa, að það væri haganlegra, að einn hefði umsjónina á hendi að öllu leyti, en að hún sè pörtuð þannig í kafla á milli 6 eða 7 manna. Þar við bætist, að við höfum enga umsjón á sunnudögum og öðrum leyfisdögum,

svo piltarnir eru þá svo gott sem umsjónarlausir. En þó umsjónarmaður væri settur, er auðvitað, að við kennararnir hefðum sömu skyldu og áður, að stemma stigu fyrir allri óreglu, sem við kæmumst að, eptir því sem oss væri auðið. Mèr virðist nú þessi atriði ekki vera þau, er þurfi nefndar við; og einkum finnst mèr það ærið óviðkunnanlegt, að vera að hreifa nokkuð við málinu, meðan það einmitt er í undirbúningi hjá stjórninni. Á hinn bóginn vil eg styðja þá uppástungu, sem hreift hefir verið, að þingið, heldur en flutningsmaðurinn, skjóti málinu til rektors, svo hann geti haft það sèr til leiðbeiningar, og tekið það inn í álit sitt til stjórnarinnar.

Pètur Pèturssson: Af því eg var einn meðlimur í nefndinni, sem sett var hèr um skólamálið, vil eg gefa þinginu nokkrar upplýsingar um aðgjörðir hennar, í þeirri von, að það máske geti orðið málinu til skýringar, og því, hvort nefnd skuli setja í það eður eigi. Það eru nú 3 atriði, sem bænarskráin fer fram á, um inntökuprófið, ölmusuveitingarnar og hinn launaða umsjónarmann. Eg get nú gefið þá upplýsingu um inntökuprófið, að nefndin vildi ekki ráða til, að það væri alveg aftekið, en takmarka það svo, að sleppt yrði við það sögu og landafræði, svo að einungis yrði heimtað þetta litla í latínu, danska, og 4 species í heilum tölum í reikningi; nefndinni sýndist það ekki geta minna verið, svo að hinn lærði skóli yrði eigi gjörður að barnaskóla, og þó hefir hún gjört hann að nokkurs konar barnaskóla, með því, að hún stakk upp á því, að sá sem yrði rækur við inntökuprófið, ætti kost á, að njóta kennslu í skólanum ókeypis 1 ár, svo með því hefir hún þá gjört skólann að nokkurs konar undirbúningsskóla. Annars vil eg taka það fram, að þessi hræðsla fyrir inntökprófinu er komin inn hjá landsmönnum fyrir fleiri árum, því þá var það um tíma, að nokkrir piltar urðu rækir; en síðan 1857 hefir enginn orðið rækur, þó kröfurnar hafi verið hinar sömu sem áður, svo það er auðsèð, að það er meir komið undir rektor og kennurunum, hvað harðir þeir eru við prófið, en undir kröfunum sem gjörðar eru, eða þá að undirbúningurinn sem piltarnir hafa haft og kennslan hafa verið betri á seinni árunum. Hvað ölmusuveitingunum viðvíkur, þá hefir það opt verið tekið fram, og stendur beinlínis í skólareglugjörðinni, að taka skuli tillit til sveitapilta fram yfir pilta í Reykjavík. Nefndin áleit því óþarft, að giöra neina beina uppástungu í þessu tilliti, því hún áleit, að reglugjörðinnni hefði í því verið fylgt. En

nefndin gjörði þó uppástungu, sem að nokkru leyti áhrærir þetta; hún stakk sem sè upp á, að ölmusunum skyldi skipt þannig, að í einum flokknum yrði 50 rd., öðrum 100 rd., og í hinum þriðja 150 rd., þannig að þeir sem væru úr sveit, fengju þær upp á 150 rd. og 100 rd., eptir fjarlægðinni og öðrum kringumstæðum, og því yrði það jafnan ofan á, að piltar úr Reykjavík fengju ekki meira, en ölmusur upp á 50 rd., og þó því að eins þegar aðrir væri ekki til. Hvað hinn launaða »inspector« snertir, þá er það nú alveg umboðslegs eðlis, og virðist mèr því þingið ekki geta vefengt það, sem sagt hefir verið um nauðsyn þess, af þeim sem til þekkja og þar að auki er þetta ein af uppástungum alþingis 1861. Eg held því, að ekkert yrði unnið með því, þó nefnd yrði sett, úr því að málið er komið svo langt á leið. En eg er samþykkur því, að bezt sè, að bænarskránni, sem auðsjáanlega er sprottin af áhuga manna á skólamálinu, og gjörð í bezta tilgangi, sè vísað gegnum forseta þingsins til rektors, sem nú hefir það undir höndum, og hann beðinn að taka tillit til hennar í áliti sínu til stjórnarinnar.

Jón Pálmason: Þó eg beri mikla virðingu fyrir ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, og annara þingmanna, sem talað hafa móti nefnd, get eg þó ei fullkomlega sannfærzt af ræðum þeirra um, að ei sè nauðsynlegt að setja nefnd í málið. Þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það lýsti óstöðugleika hjá þinginu, að taka þetta mál nú til meðferðar, þá get eg nú engan veginn sèð að svo sè, því Reykjavíkurnefndin hefir þó að nokkru leyti farið í aðra stefnu, en meining þingsins var. Eg held því, að nauðsynlegt sè að vekja athygli stjórnarinnar að þessu, og senda um það bænarskrá til konungs. Eg get ekki heldur verið því samþykkur, að vísa málinu gegnum forseta til rektors, og mótmæli því, en þar á móti vona eg rektor gefi nefndinni allar mögulegar upplýsingar í málinu ef hún óskar þess. Eg ítreka það aptur, að eg mæli fastlega með, að nefnd sè sett í málið.

Sveinn Skúlason: Mig getur ekki annað en furðað mikillega á því, eptir því sem þingið tók sèrlega vel undir þetta mál á síðasta þingi, að svo margar raddir skuli heyrast móti því í þetta sinn. Það hefir þó jafnan verið vandi þingsins, þegar því hefir þótt, að ofmikill dráttur hafi orðið á málum, sem það hefir sent bænarskrár um til stjórnarinnar, að það þá ámálgaði bæn sína, og herti á eptir henni, með því að biðja hana aptur í sömu stefnu. Eg held ekki, að það gæti valdið neinum ruglingi, þó nefnd væri sett

í málinu, því eptir þeirri festu, sem var í málinu á seinasta alþingi, ímynda eg mèr, að hið sama mundi verða ofan á sem þá, nema hvað sú nefnd, sem nú yrði kosin, gæti tekið ýms atriði betur fram, og fært betri ástæður fyrir, því þessi nefnd hefir fyrir utan tillögur þingsins 1861 einnig fyrir sèr niðurlagsatriðin í uppátungu Reykjavíkurnefndarinnar, sem auglýst hafa verið á prenti, og gæti haft þetta hvorttveggja sèr til leiðbeiningar, En ef þingið hrindir þessari bænarskrá, er eg hræddur um, að það yrði málinu til skaða, einkum af því, að uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar í öllu falli í sumum atriðum eru ef til vill miður heppilegar; því ef þingið nú alls eigi hreifði málinu, yrði stjórnin að álíta, að það hefði alveg fallizt á aðgjörðir nefndarinnar, og hún hefði með því eins og síðasta orðið; held eg því, að það sè málinu til verulegs hagnaðar, að nefnd sè nú sett í málið. Eg skal nú ekki fara mikið út í hin einstöku atriði. Einungis skal eg drepa á það atriði, þar sem talað er um hinn launaða »inspektor«. Það er nú auðvitað, að þetta hefir mikinn kostnað í för með sèr, og þó þetta mál yfirhöfuð sè umboðslegs eðlis, álít eg það þó vel gjörandi fyrir þingið, að sporna á móti stofnun þeirra nýrra embætta, sem óþarfan kostnað leiðir af. Mèr kom það illa, að hinn háttvirti 3. konungkjörni skyldi vera móti málinu, því það var þó hann, sem studdi það mest og bezt á síðasta þingi. Hvað áhrærir dæmi hans um inntökuprófið, þá held eg, að það sè eigi alveg rètt, því þó að enginn hafi verið gjör rækur við inntökuprófið síðan 1857, hefir það ekki komið til af góðu, heldur af því, að kennararnir sökum fækkunarinnar í skólanum hafa orðið fegnir að taka við öllum sem hafa boðizt. Eg er nú fyrir mitt leyti síðan á seinasta þingi orðinn miklu kunnugri þessu atriði málsins í mörgum atriðum, en eg var áður, og eg verð að segja það, að eg álít »examinationina« við inntökuprófið allt of stranga. Það er auðvitað að lètt á að spyrja og milt að dæma við inntökuprófið, en mèr þykir það undarlegt og óhafandi, að inntökuprófið skuli vera nærri því eins strangt og burtfararprófið, því það verða þó allir að viðurkenna, að það er munur á barninu, sem rètt að eins skreppur inn í skólann, og á manninum, sem fer fullþroskaður út úr skólanum. Eg hef sjálfur hlustað hèr á bæði prófin, og hef komizt að þessari niðurstöðu. Eg verð þess vegna sterklega að mæla með, að nefnd sè sett i málið, og sting upp á 5 manna nefnd.

H. G. Thordersen: Eg verð að vera fastlega með því, að

ekki sè sett nefnd í þetta mál, því eg er því fullkomlega samþykkur, sem bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi, og fleiri heiðursmenn hafa tekið fram, að úr því málið er komið svo langt á leið, þá er það undarlegt, að þingið fari nú að blanda sèr í það. Það er þinginu kunnugt, hversu vel stjórnin hefir tekið í þetta mál; hún setti strax nefnd manna hèr í Reykjavík til að yfirvega málið, og bað stiptsyfirvöldin jafnframt um álit þeirra á málinu. Bæði nefndin og stiptsyfirvöldin hafa nú sent sitt álit um málið til stjórnarinnar en hún hefir aptur sent málið til þess, sem hún hafði kosið til formanns nefndarinnar, en sem sökum veikinda ei gat aðstaðið, til þess að hann eins og legði síðustu hönd á verkið; við sjáum því, að þessu hefir verið flýtt svo mikið, sem unnt hefir verið, og að setja nefnd nú í málið, væri það sama sem að ávíta stjórnina. Eg er því alveg frábitinn nefnd. En eg er samþykkur því, að senda það í gegnum forseta þingsins til rektors, svo hann geti tekið það til ítarlegri yfirvegunar. Það hefir verið talað um inntökuprófin, og samsinni eg alveg hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, að þau hafi allt af verið höfð; eg er nú gamall »Bessastadensis«, og eg get borið um það, að í minni tíð var enginn tekinn svo inu í skólann, að hann væri ekki yfirheyrður meir eða minni. Það er heldur enginn skóli, sem ekki gætir að þeim piltum, sem teknir eru inn; en á hina hliðina á líka inntökuprófið að vera svo »humant« og vægt, sem unnt er. Eg get komið með dæmi frá Bessastöðum, að þar komu piltar, sem ekkert vissu í sinn háls, og þá fóru kennararnir svo að, að þeir völdu einhverja pilta í skóla, sem lengra voru á veg komnir, og báðu þá fyrir að taka þessa aumingja í kunnáttunni að sèr, og lesa með þeim lektíur þeirra. Eg man eptir því, og minnist þess æ með virðingu, að á mínum skólatíma komu 2 þvílíkir piltar, sem ekkert vissu, og eg var fenginn til að lesa með öðrum, en annar með hinum. Mig minnir nú, að ekki hafi verið minnzt á það, að frá einum kennaranna, eg trúi þeim sem var í nefndinni, kom uppástunga um að fá undirbúningsbekk, sem sè fyrir þá, sem ekki gæti komizt að í 1. bekk, svo ekki þyrfti að vísa þeim burt aptur, heldur vera þar 1 ár, og einhverjir af kennurunum yrðu teknir þangað, náttúrlega með hæfilegri viðbót í launum. Þetta finnst mèr nú ekki vera annað en fullkomnara framhald af því, sem eg vissi til að var á Bessastöðum, og sem eg nýlega gat um. Eg vil ekki, að neinum sè hrundið frá, sem kemur, og að þess vegna ætti að gefa þeim sem yrðu rækir, bekk fyrir sig,

svo þeir hindruðu ekki þá sem lengra væri komnir, því þeir eiga aldrei að vera í sama bekk, sem eru hverjir öðrum fráleitir. Eg vil enda með því, að mæla fastlega með, að engin nefnd sè sett í þetta mál.

Konungsfulltrúi: Út af því, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði viðvíkjandi undirbúningsbekk við skólann, skal eg geta þess, að uppástunga, sem send er stjórninni ásamt aðalmálinu, kom um það frá hinum núverandi yfirkennara skólans, og þó nefndin af ástæðum þeim, er hún tók fram, væri ekki samþykk uppástungunni, urðu þó stiptsyfirvöldin í álitsskjali þeirra út af málinu að vera á þeirri skoðun, að þessi uppástunga ætti skilið að takast til greina, og mæltu því fram með henni. Því við hana vinnst þó altènd, að sá kostnaður, sem leiðir af að láta kenna drengjum undir skóla t. a. m. í Reykjavik, fellur algjörlega í burtu, þar sem kennslan í undirbúningsbekknum yrði frí eða kauplaus eins og í skólanum, en þessi kostnaður er meir enn helmingur af því fè sem þarf til að halda piltum á fæði hèr í bænum; kæmist því þessi undirbúningsbekkur á, álít eg að allt sè gjört, sem gjört verður og með sanngirni verði heimtað til þess að greiða mönnum aðgang að skólanum.

Benidikt Sveinsson: Það hefir nú verið rætt mikið um þetta mál, og það er líklega eins konar fífldirfska af mèr að leggja orð í það, en eg verð þó að lýsa því yfir, að mèr finnast þær ástæður, sem fram hafa komið á móti því að setja nefnd í málið, alveg ónógar. Það hefir verið borið í vænginn, að það mundi valda ósamkvæmni, ruglingi og óreglu, ef þingið sendi enn á ný bænarskrá til stjórnarinnar um þetta efni. En eg vil minna þingið á það, sem þingmaður Norður-Þingeyinga að nokkru leyti tók fram, að þetta mál var svo gott sem í einu hljóði viðtekið á síðasta þingi, og það hafa verið fá mál, sem gengið hafa fram á þinginu í eins mikilli einingu og bróðerni. Þingið bað nú þá stjórnina um, að nefnd væri sett hèr í Reykjavík til þess að styðja uppástungur alþingis og semja skólareglugjörð samkvæmt þeim. Nefndin var nú sett, eins og allir vita, og skipuð ágætum mönnnum, en þó fór svo, að hún gekk í mörgu þvert á móti tillögum þingsins, eg tiltek t. a. m. inntökuprófið; þingið stakk enn fremur upp á, að skólakennslan væri stytt og dregin saman, og að íslenzka væri sett í röð með gömlu málunum, latínu og grísku, en í þess stað, stakk nefndin upp á, að inntökuprófinu væri haldið með lítilli breytingu, og í ís-

lenzku erú eigi ráðgjörðir fleiri kennslutímar og jafnvel færri en fyrir dönsku. Eg vil nú að vísu ekki álasa nefndinni, því hendur hennar hafa líklega verið bundnar, en hitt vil eg að eins benda á, að ef þinginu hefir verið alvara 1861, þá finnst mèr eðlilegt, eptir þessa ósamkvæmni milli þingsins og nefndarinnar, sem einmitt var kosin til að gjöra nýja reglugjörð, eptir uppástungum alþingis, að þingið nú lýsi því yfir, hvort það sè á sama máli eins og það þá var, eða hvort því finnist ástæða til, að hallast fremur að áliti nefndarinnar. Það má enginn skilja mig svo, að eg vilji niðra nefndarinnar aðgjörðum, en það eitt vil eg taka fram, að ef þingið aðhyllist uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar, þá er það til mikils lèttis fyrir stjórnina; en aptur á móti, ef þingið nú álítur uppástungur sínar 1861 rèttar, virðist mèr það vera ljós vottur þess, að uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar sèu eigi samkvæmar vilja þjóðarinnar, og það er þá mikilvæg upplýsing fyrir stjórnina. Að stjórnin hefir sent málið til rektors til að leita álits hans, sýnir einmitt, að hún vill enn fá fleiri upplýsingar og álit um málið en komið er, og allar sem unnt er að fá, og í þessu liggur aptur ástæða og bein hvöt fyrir þingið, að taka þetta mál til meðferðar. Eg verð því fastlega að mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Ásgeir Einarsson: Eg held það hæfi nú ekki asnanum að tala, þegar spámennirnir eru búnir að tala á undan; það er auðvitað, að við bændur höfum minna vit á þessu máli, en skólagengnir og lærðir menn; en mèr sýnist, að yfirvöldunum og embættismönnunum ætti að þykja vænt um, að bændur lètu sèr annt um skólann, og ættu því ekki að hvimpa þá með því, að vísa málinu frá í þetta sinn, því það yrði má ske til að veikja mjög mikið áhuga bænda á því. Eg veit nú, af hvaða rót bænarskráin er sprottin; þegar menn sem sè sáu alþingistíðindin, og skólagengnir menn sáu stungið hafði verið upp á »inspectioninni«, fundu þeir að því, en við gátum eigi borið um það bændurnir, hvað rèttast væri í þessu nema af ástæðum hinna skólagengnu manna, við vissum að eins, að um þetta atriði höfðu verið deildar meiningar í þinginu. Þess vegna vildu menn nú með bænarskránni gefa tilefni til, að þessu yrði kippt í liðinn í tíma ef það sýnist illa eiga við eptir nákvæmari yfirvegun. Hvað hin atriðin snertir, einkum um inntökuprófið, þá skildist mönnum ei betur, en að atriðið um það í uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar væri beint á móti viija þjóðarinnar og tillögum alþingis. En nú komu engar ástæður fram fyrir almenning

hvorki fyrir þessu atriði nè öðrum, það var eins og þær ættu að vera hulinn leyndardómur, og menn vissu eigi, nema breytingar í þá stefnu, sem Reykjavíkurnefndin fór fram á, skyllu yfir á hverju augnabliki, án þess að þingið framar gæti lagt orð í með. Það er líka aðgætandi, að piltar í skólanum hafa fjölgað svo mikið í ár, einmitt af því, hvað uppástungur þingsins seinast voru vinsælar meðal þjóðarinnar, og það er því skylda þingsins, að taka þessari bænarskrá vel, sem er eins og nákvæmari birting á vilja þjóðarinnar, og setja þess vegna nefnd í málið; henni er svo innan handar, að ráðgast við rektor skólans og biðja hann að leggja gott til málsins, samkvæmt vilja þjóðarinnar, svo að stuðlað verði að því á alla vegu, að skólinn geti blómgazt. Það er nýlega komin fram á lestrarsalinn bænarskrá, þar sem sèst, að prestsstèttin er álitin nærri því dauð; lærði skólinn er nú undirstaða undir, að hún geti haldizt við, og ef menn því vilja hafa nokkra embættismenn, eins og siður hefir verið nokkuð lengi, þá er það skylda, að hlynna að öllu sem lærða skólanum viðvíkur. Þar sem sagt hefir verið, að inntökuprófið hafi verið vægara á seinni árum, af því rektor og kennararnir hafi eigi verið eins harðir og áður, þá held eg, að það væri betra, að ákveða einhverja fasta reglu fyrir því, heldur en það sè komið undir náð mannanna, sem að því standa. Eg óska því og mæli fastlega fram með, að nefnd verði sett í málið.

Jón Hjaltalín: Eg skal nú ekki halda langar umræður í dag, og veit eg að þingmenn fyrirgefa mèr það, þegar þeir vita að eg hefi verið á ferð í nótt og er þess vegna laraður. Eg vona að þingmenn hafi tekið eptir því, að eg er ekki gjarn á, að fella mál frá nefndum, einkum þegar þau miða til að efla menntun og upplýsingn í landinu, og því mun eg heldur ekki mæla á móti nefnd í þessu máli. Það getur nú verið, að menn álíti mig sjálfum mèr ósamkvæman, þar sem eg var einn í skólamálsnefndinni; en eg er sannfærður um, að við í nefndinni gjörðum allt eptir því sem í okkar valdi stóð, og eptir beztu sannfæringu, og það er það sem gjörir, að eg vil, að nefnd sè nú sett í málið, því eg held, að það sè bezt, að einmitt þetta þing fái tækifæri til að sjá, hvern veg Reykjavíkurnefndin hefir gengið. Eg vil taka fram eitt atriði hjá nefndinni. Hún hèlt inntökuprófinu þó í vægari mynd, en það hefir verið nú í nokkur ár. En vegna hvers hèlt hún því? Einmitt vegna þess, að bæði rektor og fleiri sögðu, að orsökin til fækkunarinnar í skólanum einkum væri sú, að skólamenntun hjá

prestum út um landið væri útdauð. Við höfum ekki lengur neinn sèra Þorvald, eða sèra Jón á Möðruvöllum og fleiri sem skarað hafa fram úr í þessu efni. Ætli ekki væri vert, að reyna til að vekja þá upp aptur, ef menn gætu? ætli menn ættu ekki að stuðla til, að menntunin lifi ekki að eins hèr í Reykjavík, heldur og úti um allt landið? en þetta verður einmitt með því, að undirbúningskennslunni í sveitum verði haldið. Þar að auki á þetta fyrirkomulag einmitt bezt við ástæður okkar, því að senda börn hèr til Reykjavíkur yfir langan veg, er ísjárvert og getur orðið hættulegt fyrir heilsu þeirra; og að láta pilta undirbúast hèr, er þar að auk miklu kostnaðarmeira, en ef í sveitunum er lagður svo góður grundvöllur hjá þeim, að þeir geti fylgzt með piltum í 1. bekk. Til þess að styðja þetta, vildi nefndin halda inntökuprófinu, til þess að stuðla til, að skólamenntunin kæmist í sama horf og hún var áður, þegar bæði prestar og fleiri sköruðu fram úr í þessu, og undirbjuggu þá alveg til burtfararprófs. Eg lærði þannig fyrst hjá latínulærðum kaupmanni, og svo mun hafa verið um fleiri. Þetta var það sem vakti fyrir nefndinni, og þegar maður hefir farið með hlutinn, eins og maður hefir bezt vit á, þá eiga menn aldrei að vera hræddir við, að láta alla sjá hann, því betur sjá augu en auga. Eg vil því leggja til, að nefnd verði sett, því með því fær stjórnin enn frekari upplýsingar um málið. Eg vona, að menn álíti mig ekki hviklyndan fyrir það, þó eg mæli með nefnd, því eg er aldrei svo fastur á skoðun minni, að eg eigi láti sigrast af gildum ástæðum, þegar þær eru færðar á móti minni skoðun.

Pètur Pètursson: Eg held að þessi misskilningur á aðgjörðum skólamálsnefndarinnar sè sprottinn af því, að fæstum er kunnugt nefndarálitið, því þó að niðurlagsarriðin hafi verið auglýst, hafa þó ástæðurnar fyrir þeim ekki verið birtar, en af þeim er það, að menn eiga að sjá, hvers vegna að nefndin vèk frá uppástungum alþingis í sumu tilliti. Nefndin gjörði sèr að öðru leyti allt far um að fylgja uppástungum þingsins, en þar sem nefndin ekki gat sannfærzt um, að rètt væri farið í málið, þar vèk hún frá uppástungunum, en þó svo lítið sem henni var unnt. Eg mótmæli þess vegna fastlega því, að nefndin hafi farið í gagnstæða átt viðtillögur þingsins, því hefir ekkert verið fært til sönnunar, heldur er það laus framburður. Það hefir verið sagt, að nefndin vildi halda inntökuprófinu eins og það er, en það er ekki satt, því hún lagði til, að landafræði og saga skyldu falla burt, en eptir vera þetta litla, sem

heimtað er í latínu, dönsku, og svo 4 species í heilum tölum, og er eg öldungis sannfærður um, að ekki þarf meir en 2 ára undirbúning á í meðallagi gáfuðum pilti, þegar ekki er meira heimtað, og er það ekki meira en útheimtist til að búa sig undir skóla á Bessastöðum. Það hefir og verið sagt, að nefndin hafi sett íslenzkuna niður fyrir dönskuna, og veit eg eigi á hverju það er byggt. Hèr er tvennt aðgætandi; þegar nl. nefndin kynnti sèr kennsluna í íslenzku, sá hún að hún var mjög svo nákvæm, að þingið 1861 ekki hafði þekkt hana til hlítar, og annað var það, að allar kennslubækur upp í 3. bekk eigi að vera á íslenzku og snúast á íslenzku, svo að piltar í staðinn fyrir nú að lesa danskar bækur, lesa allt á íslenzku; þetta hvorttveggja sýnir, að íslenzkunni var ekkert gjört lægra undir höfði, þó tímarnir í henni væri færri. Eg ætla mèr ekki að ganga út í hin einstöku atriði því það yrði of langt. Þó nefnd yrði nú sett í málið, skil eg ekki, hvernig sú nefnd ætlar að fá tillögur Reykjavíkurnefndarinnar, álitsskjöl kennaranna og tillögur stiptsyfirvaldanna að sjá, eg held að þær sèu sendar til rektors, og veit ei hvort hann vill láta þær úr höndum sèr. En vilji hann það ekki, þá fær þingið ekki að sjá annað en niðurlagsatriðin, og af þeim getur það ekki grætt mikið. Reykjavíkurnefndin getur ei gjört þinginu grein fyrir aðgjörðum sínum, en eg vildi gjarnan sem þingmaður gefa þinginu allar þær upplýsingar, sem mèr er unnt. Að öðru leyti held eg, að málið græði ei við það, að nefnd yrði sett, því það yrði ekki til annars en að gjöra rugling í málinu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg álít það og rètt, að hèr sè að eins spursmál um meðferð máls þessa á þingi nú, og skal eg því að eins halda mèr við þetta, en ei fara út í nè tala um atriði þau, sem tekin eru fram í bænarskránni, nema kann ske eitthvað lítið um eitt þeirra. Það er þá fyrst, að eg held vèr mættum vera mjög svo ánægðir, ef öll mál fengju eins bráðar og góðar undirtökur hjá stjórninni og þetta hefir fengið, þar sem hún ei að eins strax setti nefnd í því hèr í Reykjavík eptir ósk þingsins í hitt eð fyrra, heldur og einnig sèr í lagi kaus í hana þá menn, sem þingið má hafa og hefir traust á, og þar á meðal þann mann, sem átti mestan og beztan þátt í meðferð þessa máls á síðasta þingi. Þar sem nú svona er ástatt og málinu er þó ei enn lokið af stjórnarinnar hálfu, þá get eg ei annað sèð en að það væri mjög svo óviðurkvæmilegt og lýsti einhverju vantrausti á stjórninni, sem í þessu máli er alveg ástæðulaust, ef þingið vildi nú að nýju fara að taka þetta mál

til yfirvegunar og rita stjórninni um það, áður en það enn er útkljáð frá hennar hendi, og þó menn viti, að hún hefir einmitt beint því í sömu stefnuna sem þingið seinast fór fram á. Eg held slík aðferð gæti varla skilizt öðruvísi enn svo, að þingið vildi einmitt með henni láta í ljósi óánægju sína yfir meðferð stjórnarinnar á málinu, eður t. a. m. yfir því, hvernig henni hefði tekizt að kjósa í nefndina, sem sett var um það hèr í bæ; en þetta getur hvorki verið nè á að vera tilgangur vor, eptir að stjórnin hefir tekið tillögum þingsins eins vel og hún hefir gjört í þessu máli, og það væri því mjög óhappalegt að velja einmitt þá aðferðina, sem lýsti vantrausti og vanþakklæti, þar sem það sízt ætti að koma fram. Eg verð því alveg að ráða frá að setja nefnd í máli þessu nú, eg held að það sè fullkomlega nóg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, að vísa bænarskránni í gegnum forseta til rektors, sem nú hefir málið til álita frá stjórninni, því eg efast ei um að með þeirri aðferð muni sá aðaltilgangur fullkomlega nást, að láta stjórnina vita enn betur óskir landsmanna í þessu máli áður en hún leggur síðast hönd á það, og það án þess að menn hafi á nokkurn hátt látið í ljósi ómaklegt vantraust á henni í því efni. Ef rektor nú fær bænarskrana frá þinginu, þá mun hún síðar æ fylgja málinu, og þar sem nú vill svo vel til, að sá maður stendur fyrir kirkju og kennslustjórnarmálunum, sem það er alkunnugt um, að hann hefir einkum lagt hina mestu stund á allt það, sem snertir kennslu og skóla, bæði æðri og lægri, og sem vèr einnig munum eiga það mest að þakka, að skólamáli þessu hefir þó miðað nokkuð áfram, eins og hann og að sögn hefir sýnt það í öðru mjög svo áríðandi skólamáli voru, eg meina um lagaskólann, að honum er og hefir verið fremur öðrum ráðgjöfum konungs í Danmörk annt um sanna og verulega menntun þessa lands, þar sem nú allt þetta vill svona vel til, þá efast eg ei heldur um, að það muni enn gefa honum tilefni til að kynna sèr tillögur þingsins um þetta, eins og hann áður kvað hafa gjört það svo nákvæmlega um lagaskólann, ef bænarskráin nú að eins verður send rektor með þeirri áskorun þingsins að gefa henni þann gaum, sem mögulegt sè, og láta hana svo fylgja hinum öðrum skjölum um málið til stjórnarinnar. Og það er einmitt af því eg er viss um að þessar umræður þingsins þurfa ei heldur að verða alveg gagnslausar, ef svona er að farið, þó engin nefnd sè nú sett, að eg skal enn drepa hèr lítið eitt á það atriði bænarskráarinnar, sem að mèr þykir helzt líklegt að taka mætti

til greina, en það er um inntökuprófið. Það er nú víst öldungis rètt, að það er í sjálfu sèr eðlilegt og viðurkvæmilegt, að slíkt próf sè haldið við skólann, og það var líka stundum haldið sèrstaklega á Bessastöðum, því eg get t. a. m. sagt það um mig, að eg var reyndur þar um sumarið, áður en eg fór í skóla um haustið. En hitt er einnig satt, að slíkt sèrstaklegt próf var alls engin nauðsyn þar, og eg held líka að margt mæli fram með því, sökum sèrstaklegra kringumstæða hèr í landi, að svo megi enn vel fara, því kostnaðurinn einn mun æfinlega fæla foreldra frá því að senda syni sína langar leiðir til inntökuprófs hèr í Reykjavík, ef þeim skyldi þá verða vísað frá í það skipti, svo þeir hefðu að eins tekizt á hendur langa ferð til alls einskis. Eg ímynda mèr því, að sú tilhögun væri enn haganlegust hèr í landi, og mætti vel nægja, að skóli yrði enn sem fyrr veittur eptir vitnisburði áreiðanlegra og hæfilegra manna um það, hvað langt piltarnir væru komnir og hvað vel búnir undir skóla, því þá sparaðist öll ónýt langferð og ferðakostnaður, og þetta atriði eitt skal eg því leyfa mèr að taka fram, þar sem eg annars er á móti nefnd.

Benidikt Sveinsson: Mèr sýnist að umræðurnar ætli að verða nærri því eins langar, eins og þó að málið kæmist til nefndar. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, þá álít eg, að hann hafi misboðið mèr, þar sem hann sagði að orð mín væru eintómur framburður; þau standa þó í alþingistíðindunum, og það getur hann og allir þingmenn sannfært sig um að er satt, en af því eg hef þau ekki hèr hjá mèr, get eg ekki lesið þau upp. Eg áskil mèr því rètt til þess, að lesa þessi orð upp síðar á þinginu, ef mèr þykir það skipta því, að sanna það sem allir geta sèð og þreifað á.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil einungis geta þess, að inntökuprófið á Bessastöðum var mjög svo ófullkomið, og einmitt leiddi af því, að menn sátu stundum 4 ár í neðri bekk, og eins yrði hèr.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja, áður en nefnd verður valin, hvort rektor á að fá þessa inngangsumræðu, svo hann geti sent hana ásamt áliti sínu á málinu til stjórnarinnar, því annars er ræða þingmanns Skagfirðinga fallin.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal að eins geta þess með tilliti til orða hins háttvirta þingmanns úr Strandasýslu, að stjórnin fær sjáifsagt þingtíðindin skrifuð í haust, og ef til vill eins fljótt og skólamálið frá rektor, svo þess mun alls eigi þurfa með, sem hann stakk upp á.

Ásgeir Einarsson: Það væri gott ef þingmaður Skagfirðinga vildi benda kennslumálaráðherranum á þessa inngangsumræðu.

H. Kr. Friðriksson: Ef þingið sendir bænarskrá í þessu máli til stjórnarinnar, getur vel verið, að hún aptur sendi það stiptsyfirvöldunum til álita, eða setji nýja nefnd í málið, og þá verður það að tefja fyrir málinu. Að öðru leyti geta þingmenn verið fullvissir um, að kennslumálaráðherrann les ræður þingmanna í þessu máli. 1861 lèt hann leggja út fyrir sig allar ræður þingmanna í skólamálinu, og las það allt frá upphafi til enda.

Stefán Jónsson: Mèr þykir það fremur ísjárvert, að fella málið frá nefnd, því eg er viss um, að einmitt vegna þess, að málið kom hèr fyrir á seinasta þingi og fèkk svo góðar undirtektir, þá hafi margir út um landið sent syni sína í skólann. Ef nú frèttist aptur út um land, að þessi bænarskrá ekki yrði tekin til greina, settist máske einhver aptur, sem síðar hefði ásett sèr að komast að skólanum. Eg skal ekki fara út í málið eða hin einstöku atriði bænarskráarinnar, en eg veit þó, hvað inntökuprófið snertir, að 11 piltum hefir verið vísað frá við inntökuprófið síðan skólinn kom hèr í Reykjavík, eg fèkk nöfnin hjá skólapilti í fyrra en hef þau ekki núna hjá mèr; sumir af þeim komust að vísu aptur í skólann en ekki allir; og hefðu þeir allir komizt í skólann, þá væri núna máske nokkrum embættismönnum fleira. Það var sagt um prófið á Bessastöðum, að af því það hefði verið svo lint, þá hefðu sumir setið 4 ár í neðri bekk; en það álít eg ekki eins skaðlegt, því þeir gátu þó einhvern tíma orðið embættismenn. Eg fyrir mitt leyti vil gjöra allt til að skólinn verði sem fjölskipaðastur, og það virðist mèr nauðsyn eptir því, hvernig nú á stendur með embættismannaskortinn. Hvað umsjónarmanninum viðvíkur, þá verð eg að segja, að þessi uppástunga var ný í skólanefndinni á seinasta þingi, en þó eg ekki þekkti mikið til um þetta mál, hèlt eg þó, að til kostnaðarins væri vinnandi, ef ávöxturinn yrði sá, að menn fengju góða stjórn á piltum og máske betri en þó skólakennarnir hefðu umsjónina sjálfir. Mèr virðist það því sem sagt ísjárvert að fella málið frá nefnd, því það geta orðið ísjárverðar afleiðingar af því fyrir almenning.

Stefán Eiríksson: Eg hef nú setið og hlýtt á ræður þingmanna, og hefir margt verið tekið fram sem talaði með, og margt móti nefnd. Á síðasta þingi var málið rækilega meðhöndlað, og

það svo, að fá mál munu hafa komið frá þessu þingi betur úr garði gjörð, og því get eg ekki skilið, að nefnd sú sem nú yrði sett gæti komið fram með neitt nýtt. Þar sem sagt hefir verið, að það mundi hafa illar afleiðingar út um landið, ef bænarskráin ekki yrði tekin til greina hèr á þingi núna, þá held eg mætti bæta úr því, með því að vísa málinu til rektors, sem mundi taka allt tillit til þess, sem bænarskráin fer fram á, og svo mundi hann láta hana fylgja með skjölum þeim, er hann hefir í höndum, til stjórnarinnar. Að öðru leyti er eg viss um, að Reykjavíkurnefndin hefir farið svo vel í málið, að menn þurfa ekki að efast um, að stjórnin muni taka tillögur hennar til nákvæmrar yfirvegunar. Og þegar nú eins og eg hefi sagt að bænarskráin fylgir með, mun stjórnin yfirvega ástæður hennar eins og aðrar kröfur málsins yfirhöfuð.

Pètur Pètursson: Eg vil stinga upp á því, að ef málinu verður vísað til rektors, þá fái hann eptirrit af inngangsumræðunni í málinu.

Benidikt Sveinsson: Mèr finnst að þessi uppástunga setji mig og þingið yfirhöfuð í mesta bobba og vandræði, því ef málið á að sendast til rektors, og umræðurnar um það hèrna á þinginu eiga að vera næg leiðbeining fyrir stjórnina, þá mundi eg og fleiri þingmenn tala margt fleira um það en eg nú hefi gjört. Þessar uppástungur standa bersýnilega í öfugu hlutfalli hvor við aðra og geta ei samrýmzt, því ef menn ættu að senda málið til rectors, þá á að ræða um málið í sjálfu sèr, í heild sinni, en ef spurningin einungis er um nefnd í málinu, þá á það einmitt ekki við að ræða málið sjálft í heild sinni, heldur einungis um það, hvort nefnd skuli kjósa í því eður eigi. Eg vil því skjóta því til forseta, hvort hann ekki vilji bera það upp fyrir þingið nú þegar hvort nefnd skuli kjósa í málið eður eigi

Forseti skaut því síðan til þingsins, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og var nefnd samþykkt með 11 atkv. gegn 7, og því næst 5 manna nefnd samþykkt og þessir í hana kosnir:

B. Sveinsson	með	12	atkv.
Sv. Skúlason	—	12	—
P. Pètursson	—	12	—
H. Kr. Friðriksson	—	9	—
H. G. Thordersen	—	8	—

H. Kr. Friðriksson: Eg vildi óska að losast frá að starfa í

þessari nefnd, því eg sè mèr ei fært, að gjöra nokkurt gagn í henni, eptir þeirri skoðun sem meiri hluti þingsins hefir á málinu.

P. Pètursson: Eg óskaði einnig að losast frá nefndarstörfum; eg álít það einnig ósamkvæmni af þinginu að kjósa mig, því eg verð að álíta þessa nefndarkosningu eins og óbeinlínis umkvörtun yfir aðgjörðum Reykjavíkurnefndarinnar. Eg vildi því mælast til, að menn kysu annan mann í minn stað, sem kynni að hafa skoðanir á málinu nær þingsins, en eg.

H. G. Thordersen: Það stendur og líkt á fyrir mèr; þó eg hafi ekki verið í Reykjavíkurnefndinni, þá hef eg samt gefið álit mitt um málið ásamt með stiptamtmanninum, og sent það stjórninni.

Jón Sigurðsson: Það lítur út til mestu vandræða, ef þrír af þessum 5 mönnum sem í nefndina voru kosnir ætla að skorast undan nefndarkosningunni. Eg fyrir mitt leyti álít málinu vel borgið þó þessir menn meðhöndli það, því ef nefndin kemst til sömu niðurstöðu og Reykjavíkurnefndin komst í fyrra, þá álít eg það mikið heppilegt fyrir málið, því það sýnir, að nefndin hefir meðhöndlað það nægilega, og ráðið því heppilega til lykta.

Ásgeir Einarsson: Það er í fyrsta sinni sem umræða er um, hvort þeir, sem í nefnd sèu kosnir, hafi rètt til að skorast undan nefndarkosningu. Eg vildi því óska, að hinn háttvirti konungsfulltrúi vildi benda mönnum til, hvort nokkur lagastafur væri fyrir þessu, svo menn hefðu einhverja ákvörðun að halda sèr til í þessu efni. Þar næst vildi eg óska að forseti leitaði atkvæða þingsins, um hverri reglu skyldi fylgja í þessu, því annars getur svo farið að allt þingið leysist í sundur, ef allir gætu hlaupið úr nefndum sem vildu.

Stefán Jónsson: Eg sè ekki, að þetta leiði til annars, en að nefndin skiptist í tvo flokka, og verður afleiðingin af því, að málið upplýsist enn þá betur; þetta hefir opt átt sèr stað á fyrri þingum, og er engin ástæða til að leysa menn úr nefndinni fyrir þessa sök.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vil þó biðja þá þrjá þingmenn, sem nú hafa skorazt undan að vera í nefndinni, að hugsa sig þó betur um þetta. Þeir eru sem auðsætt er meiri hlutinn, og það er því sem á valdi þeirra, að hafa það fram í nefndinni, sem þeir hafa talað fyrir í dag, og sem eg er þeim alveg samdóma um, að þingið eigi nú ei að taka málið upp að nýju. Eg vona þeir komi sèr á endanum saman við meðnefndarmenn sína um, að ráða þinginu til að vísa málinu að eins í gegnum forseta til rektors.

Benidikt Sveinsson: Af því þessir menn eru 3, og eru þess vegna meiri hluti nefndarinnar, en við hinir erum skoðaðir að mèr finnst eins og einhverjir óhreinir andar í nefndinni, eða að minnsta kosti sem illir veftir í vaðmáli, þá sýnist mèr það eiga betur við, að við víkjum fyrir ofureflinu. Að öðru leyti virðist mèr það kynlegt, að þeir hinir sömu menn sem fjötluðu um málið 1861 geti eigi allt eins fjatlað um það nú.

Forseti: þar eð ekkert er ákvarðað um þessa spurningu í alþingistilskipuninni, álít eg að sömu reglum verði að fylgja sem við kosning embættismanna þingsins, nefnilega að afgjöra það með atkvæðagreiðslu, hvort þessir menn geti losazt við nefndarstörfin, eður ekki.

Var það síðan með atkvæðafjölda ákvarðað, að þeir ei gætu fengið lausn frá nefndarkosningu.

Síðan var málið afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þessu næst til umræðu uppástunga þingmannsins úr Gullbringusýslu, *um vextina af Thorchilliisjóðnum.*

Uppástungan var síðan afhent flutningsmanninum.

Helgi Hálfdánarson; Eg ætla að leyfa mèr að lesa upp uppástunguna.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 99.

Það er einkum þörfin, sem hefir knúð mig til að bera þessi uppástungu upp. Það munu án efa flestir játa, að víða hèr á landi, einkum í hinum fjölbyggðu sjóplázum, sè barna uppfræðing og uppeldi því miður ekki í svo góðu lagi sem vera bæri. Hèr í Kjalarnesþingi á þetta einnig heima, og jafnvel fremur en víða annarstaðar; því hèr eru, eins og alkunnugt er, mörg sjópláz og mjög svo fjölbyggð, og auk þess margt annað, sem hindrar það, að barna uppeldið geti verið í svo góðu lagi, sem vera ætti. Þetta er einkum prestunum kunnugt, en eg veit að fleiri þekkja til þess og þar á meðal margir þeirra, sem sitja á þessu þingi. Eg vil að eins skýrskota til hins háttvirta sessunautar míns, þingmanns Snæfellinga, sem lengi hefir verið hèr búsettur og sýslumaður í nokkur ár; honum mun vera það kunnugt, að barna uppeldi og uppfræðing er hèr hvergi nærri á góðum fæti. Eg hefði ekki farið þessu á flot, hefði ekki fè verið fyrir hendi, sem ætlað er til þess, að bæta úr þessu vankvæði, og það svo mikið fè, að þó menn eins og eg ætlast til, ekki verðu til þessa meiru en vöxtunum af þessum

sjóði, þá mætti þó miklu góðu til leiðar koma. Með vöxtunum sem nú eru rúmir 1000 rd., mætti bjarga mörgum aumingja bæði frá líkamlegri og andlegri eymd og volæði. Eg get ekki betur sèð en að það sè skaðlegt, að láta þetta bíða lengur, því þá kemur það ekki þessari kynslóð að gagni; en sè strax byrjað, þá kemur það ekki einungis oss sem nú lifum í þessu hèraði, heldur einnig eptirkomendum vorum að miklum og heillaríkum notum, því það er öll ástæða til að vona, að ekki einungis þau börn, sem útvegað yrði gott uppeldi fyrir vexti þessa sjóðs, heldur einnig þeirra börn mundu verða gagnlegir menn. Væri börnunum t. a. m. komið fyrir í góða staði, og 50 rd. gefnir með hverju barni árlega í 4 ár, þá gætu menn á 20 árum frelsað 100 börn frá spillingu og volæði, og væri það vissulega ekki lítilsvert. Mèr getur ekki fundizt það rèttlátt, að vèr sem nú lifum hèr í Kjalarnesþingi engin not höfum af þessu fè, og eg held að það sè þvert á móti því, sem gjafarinn hefir til ætlazt. Þessi uppástunga mín er reyndar nokkuð einstaklegs eðlis, þar sem hún að eins snertir mitt kjördæmi og Reykjavíkurbæ, en eg vona þó, að hinir heiðruðu þingmenn úr öðrum kjördæmum landsins, verði ekki mótfallnir því, að nefnd verði kosin í málið. Eg hef ekki viljað taka fram neitt einstakt um það, hverja aðferð mundi bezt að viðhafa, þegar farið væri að verja þessu fè barna uppeldinu til bóta, því eg vildi að nefndin gjörði það, þegar hún færi að íhuga málið. Eg ætla svo ekki að tala meira hèrum að sinni, áður en eg heyri undirtektir þingmanna undir málið.

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki annað en styrkt það af öllum kröptum, að nefnd verði sett í málinu, með því þetta mál snertir kjördæmi mitt. Yfirhöfuð að tala álít eg, að verði því, sem uppástungan fer fram á, framgengt, þá getur það orðið til mikils gagns fyrir land og lýð.

Páll Melsteð: Eg er fastlega á því, að nefnd verði kosin, og vona því til þess, að það verði gjört, því málið er mikils umvarðandi. Eg skal einungis halda mèr til þess, sem hinn heiðraði uppástungumaður sagði. Að því leyti sem eg þekki hèr til, þá er ekki ofsögum sagt af því, hvernig barna uppfræðingin er hèr í sjávarsveitunum, því þó prestarnir sèu hinir arvökrustu menn í kalli sínu, þá er það ekki vinnandi verk fyrir þá að komast yfir allan þenna sæg af börnum; hèr er því hin brýnasta nauðsyn til, að eitthvað verði gjört sem allra fyrst, og það er því meiri ábyrgðarhluti að fresta leiðrèttingar á þessu, sem nóg fè er fyrir hendi til þess.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst þessi gjöf vera orðin nokkurs konar »Antiqvitet«, þar sem hún nú er orðin liðuglega 100 ára; En ef menn annars ætla að gjöra nokkuð við þetta fè, þá finnst mèr tími vera kominn til þess, noti menn núna ekki fèð, þá hefir þessi kynslóð ekkert gagn af því. Í þessu prestakalli eru nú 6—700 börn, og eg þykist fullviss, að mönnum muni vera það kunnugt, að uppfræðing þeirra því miður ekki er alstaðar eins og vera ber. Eg mæli þess vegna með nefnd.

Indriði Gíslason: Þó mörg mál sèu komin hèr inn á þingið og nóg sè verkefni til handa þingmönnum, get eg samt ekki annað en mælt fram með nefnd í þessu máli, því mörg af þeim málum, sem tekin hafa verið inn á þingið, eru ónauðsynleg í samanburði við þetta mál. Það er tvennt hèr sem mælir með nefnd, nefnilega þörfin á því, að barna uppfræðingin verði betri, og því næst, að fè það, sem til þess er ætlað, liggur ónotað; hèr er og mikil ekla á prestum, og oss veitir því ekki af, að allir kraptar sèu notaðir.

Forseti: Fyrst enginn mælir móti því, að nefnd verði sett í málinu, álít eg það samkvæmt vilja þingsins, að nefnd skuli kjósa.

Var síðan stungið upp á 5 og 3. manna nefnd, og 5 manna nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7 og í hana kosnir þessir:

H. Hálfdánarson	með	20	atkv.
P. Melsteð	—	17	—
H. Kr. Friðriksson	—	16	—
H. G. Thordersen	—	7	—
Indr. Gíslason	—	7	—

Var málið síðan afhent uppástungumanni.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þessu næst til umræðu bænarskrá frá Gullbringusýslu um fiskiveiðar útlendra. Eg veit eigi hvort þingmenn vilja vísa henni til nefndar þeirrar er kosin er í fiskiveiðamálinu.

Af því engin mælti móti því, var bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, þingmanni Skagfirðinga.

Forseti: Þessu næst kemur eptir dagskránni til umræðu bænarskrá úr Þingeyjarsýslu *um fjárhagsaðskilnaðinn.*

Jón Sigurðsson: Mèr sýnist það vel til fallið að vísa bænarskránni til aptari hluta nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, sem skírður hefir verið hèr á þinginu nr. 2.

H. Kr. Friðriksson: Er ekki rèttara að vísa bænarskránni

til nefndarinnar nr. 1, þar niðurlagsatriðin hljóða um fjárhagsaðskilnaðinn?

Var það síðan samþykkt með 19 atkvæðum, að bænarskránni skyldi vísa til nefndarinnar nr. 2.

Forseti: Þar sá þingmaður ekki er viðstaddur, sem eg ætla sè formaður í nefndinni, skal málið síðar verða afhent formanni hennar.

Var málið fyrst um sinn afhent einum nefndarmanna, þingmanni Suður-Þingeyinga.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þessu næst til umræðu uppástunga hins 5. konungkjörna þingmanns *um ýmislegt til eflingar læknakennslunni á Íslandi,* og enn fremur 2 bænarskrár frá Múlasýslu um sama efni.

Málið var síðan afhent þingmanninum úr Suður-Múlasýslu.

Björn Pètursson: Uppástungan er nokkuð löng, skyldi það ekki nægja að lesa upp niðurlagsatriðin. (Margir þingmenn: jú!) Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp niðurlagsatriðin.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 107.

Læknamálið er eitt af þeim málum, sem hafa legið og liggja landsmönnum mjög þungt á hjarta, sem sjá má af þeim mörgu bænarskrám, sem komið hafa til alþingis að undanförnu því viðvíkjandi, og alþingi ætíð hefir tekið til greina. Eg veit því að eg ekki þarf að mæla fram með nefnd í þessu máli, því uppástungan mælir bezt fram með sèr sjálf. Eg hefi einnig meðferðis 2 bænarskrár úr Múlasýslum, sem báðar lúta að læknaskipunarmálinu. Önnur þeirra er um læknaskóla og spítala, en af því hún er ekki eins yfirgripsmikil og uppástunga landlæknis vors, óska eg að eins, að henni verði vísað til þeirrar nefndar, sem eg tel sjálfsagt að sett verði í uppástunguna. Hin bænarskráin er að nokkru leyti sèrstaklegs efnis, og skal eg leyfa mèr að lesa hana upp með leyfi forseta.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 108.

Hèr er farið fram á, að lækningafróðir menn sèu settir í þau embætti sem enginn sækir um með fullum launum þess embættis, í staðinn fyrir það sem hingað til hefir verið venja, að læknar í öðrum umdæmum eru settir upp á hálf laun í þessu embætti; og enn fremur er þess sèrstaklega beiðzt, að cand. Bjarni Thorlacius, sem nú er settur aðstoðarlæknir hèraðslæknisins í nyrðra læknisumdæmi norðuramtsins, verði settur læknir í Austfirðingafjórðungi með

fullum læknislaunum á meðan embættið er óveitt. Eg verð því að óska, að þingið setji sèrstaka nefnd í þetta mál, og sting eg upp á 3 manna nefnd. Ef sama nefndin gæti komið fram með 2 nefndarálit, skal eg samt ekki vera fastur á því, að 2 nefndir verði kosnar.

Sveinn Skúlason: Eg sè ei ástæður til, að það þurfi að semja 2 nefndarálit í málinu, því mèr virðist, að það geti tekizt upp í nefndarálitið, sem sèrstakt uppástungu atriði.

Jón Pètursson: Eg held það þurfi að kjósa 2 nefndir, því ef nefndin kemur að eins með aðra bænarskrána en gleymir hinni, þá er eg hræddur um, að hún týnist alveg eins og var hèr í hitt eð fyrra með eina bænarskrá, er fengin var nefnd í öðru máli, nefndin sagði aldrei álit sitt um hana, og fèll bænarskráin svo burtu af þinginu.

Jón Sigurðsson: Mèr finnst sjálfsagt, að það þurfi ekki nema eina nefnd í þetta mál, því nefndin getur tekið sèrstaklegt tillit til þessarar sèrstaklegu bænarskráar, eins og eg er líka fullviss um það, að þeir sem í nefndina verða kosnir, muni passa upp á að bænarskráin ekki týnist, eða þessi maður sem flutningsmaðurinn ber fyrir brjóstinu, ekki gleymist; en skyldi honum móti von, verða gleymt af nefndinni, má eiga það víst, að einhver þingmanna mun verða til að hirða hana upp aptur.

Björn Pètursson: Einmitt af því, að eg er hræddur um að bænarskráin, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, kunni að týnast, þá finnst mèr þörf á því, að sèrstök nefnd sè kosin. Þessir 3 menn geta betur passað upp á bænarskrána, ef þeir hafa ekki annað að passa.

Stefán Jónsson: Af því að málin eru svo skyld í eðli sínu, þar sem þau hljóða um það, er við kemur lækningum, þá finnst mèr engin þörf á, að 2 nefndir sèu kosnar, því eg er ekkert hræddur við, að menn týni skjölum málsins, þó fleiri sèu en eitt eða tvö.

Björn Pètursson: Eg er viss um, að þó það almenna úr bænarskránum týnist ekki, þá getur þó svo farið, að læknirinn okkar týnist úr henni, en hann megum vèr með engu móti missa. Það er nokkuð annað að biðja stjórnina um almenna ákvörðun fyrir alla og að biðja sèrstaklega um, að þessi ákvörðun verði heimfærð upp á vissan tiltekinn mann. Það er einmitt þetta sèrstaklega atriði, sem eg er hræddur um að týnist, nema sèrstök nefnd væri kosin.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held þó að ein nefnd nægi, og skal

þess vegna að eins minna þingmanninn úr Suður-Múlasýslu á það, að hægt mundi vera að sjá ráð til að finna cand. B. Thorlacius aptur, þó svo óhönduglega kynni til að takast, að hann týndist í nefndinni, eins og flutningsmaður bænarskráarinnar sýnist að vera hræddur um, þó eg þykist vita, að þetta sè ástæðulaus ótti, hinn háttvirti þingmaður þyrfti þá t. a. m. ekki annað en að gjöra viðauka-atkvæði við uppástungur nefndarinnar, og í því efast eg ekki um, að honum mundi takast að finna hinn rètta mann aptur.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst þetta vera uppástunga um ráðstafanir til bráðabyrgða, og vil eg því, að henni sè vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Ásgeir Einarsson: Mèr finnst þessar 2 bænarskrár eins skyldar eins og þorskurinn og æðardúninn voru um daginn.

Björn Pètursson: Eg skyldi eigi hjá þingmanni Reykvíkinga, hvaða samband hann hugsar sèr á milli þessa máls og stjórnarbótarmálsins nr. 1 (*H. Kr. Friðriksson:* það er til bráðabyrgða). Ef allt það, sem er til bráðabyrgða, heyrir undir sömu nefnd, þá má eins vísa t. a. m. kláðamálinu nr. 1 til þeirrar nefndar.

Benidikt Sveinsson: Eg er með því, að ein nefnd sè kosin í bæði málin, og eg vil að gengið sè til atkvæða þegar um það, því mèr finnst þingið vera farið að eyða tímanum með því að gamni sínu.

Lèt forseti þá ganga til atkvæða um, hvort eina eða 2 nefndir skyldi kjósa, og var 1 nefnd samþykkt með 18 atkv. Var stungið upp á 5 manna nefnd, hún samþykkt og í hana kosnir:

J. Hjaltalín	með	19	atkv.
B. Pètursson	—	11	—
G. Brynjúlfsson	—	8	—
J. Pètursson	—	7	—
P. Melsteð	—	7	—

Málið afhent hinum 5. konungkjörna þingmanni.

Jón Sigurðsson: Eg vil biðja leyfis að tala nokkur orð. Við sem kosnir vorum í nefndina um gufubátaferðir kringum Ísland, höfum komið okkur saman um, að biðja um 2 menn að auki í nefndina, því málið er ærið yfirgripsmikið, og útheimtir nákvæma meðhöndlun; og þó það sè má ske móti þingreglunum, vil eg leyfa mèr að benda á mennina, nefnilega þingmann Reykvíkinga og þingmann Snæfellinga.

Skaut forseti því til atkvæða þingins, og var það samþykkt að kjósa 2 menn, og voru þessir kosnir:

H. Kr. Friðriksson með 13 atkv.
P. Melsteð — 13 —

Forseti: Áður en eg slít fundi, skal eg vekja athygli þingmanna að því, að enn eru óleiðrèttar nokkrar ræður í 4. fundi, eg óska því, að fundurinn verði leiðrèttur innan kvölds. Á næsta fundi, sem eg ákveð til á morgun kl. 12 kemur til inngangsumræðu bænarskrá Borgfirðinga um kaupstað á Lambhússundi, uppástunga þingmanns Snæfellinga um lagaskóla, bænarskrá frá Rangárvallasýslu um jarðamatskostnað af prestakallajörðum, og til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um hreppaskilaþing.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil vekja athygli forseta á því, hvort ei muni vera rèttast, að kjósa sem fyrst ritnefndina, með því nú verður farið að prenta alþingistíðindin.

Forseti: Eg hefi þegar skrifað stiptsyfirvöldunum um prentun tíðindanna og vona svars í dag.

Eg vil vekja athygli þingmanna að því, að nú er þegar búið að kjósa 20 nefndir, og enn þá er efni í einar 5 eða 6, en af hinum lögskipaða þingtíma eru að eins eptir 16 dagar virkir. Eg veit nú reyndar ekki, hvað langan tíma þarf til að alræða hvort mál, en þó ímynda eg mèr, að það geti ekki verið minna en 1 dagur til hvers upp og niður, þá sjá þingmenn, að hinn lögskipaði þingtími ekki verður nógur. Eg vil því í tíma óska þess, að þingmenn hraði málunum sem mest, einkum konungsmálunum, svo að þeim í öllu falli yrði lokið á þeim lögskipaða tíma, þó eg reyndar efist ekki um, að hinn háttvirti konungsfulltrúi lengi þingið um nokkra daga, ef þörf gjörist.

Fundi slitið.

Níundi fundur — 14. júlí.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Varaforseti hefir tilkynnt mèr, að hann sökum forfalla ekki getur komið strax á fund. Eg hef fengið tilkynning um, að í nefndinni um, að konungleg frumvörp verði birt fyrir fram, er kosinn formaður hinn 2. konungkjörni þingmaður, og skrifari þingmaður Reykvíkinga. Nú er og komin og lögð fram á lestrarsalinn uppástunga hins 4. konungkjörna um jafnaðarsjóðsgjaldið; og frá

sama þingmanni uppástunga um prentun á alþingisbókunum gömlu. Sömuleiðis uppástunga þingmanns Suðurþingeyinga um bændakirkjueign í jörðum þeim er þær standa á. Þá kemur samkvæmt dagskránni fyrst til inngangsumræðu bænarskrá Borgfirðinga um, að kaupstaður verði reistur á Lamhússundi. Flutningsmaður er þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána upp. Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 110.

Undir bænarskránni eru 228 nöfn, og þar á meðal sýslumannsins og flestra embættismanna í Borgarfjarðarsýslu. Eg ber nú svo gott traust til þingsins, að það muni taka þessu máli vel, og það verði samkvæmt því, sem það hefir jafnan áður gjört, að biðja um ný kauptún alstaðar þar sem þess er sannarleg þörf, og engin af þess konar bænarskrám hefir verið felld frá þingi, svo eg er viss um, að þingið fer nú ekki að breyta frá reglu sinni, og það því síður, sem svo mörg nöfn eru undir bænarskránni, að það er auðsèð, að hún er almennings vilji, og því ísjárvert fyrir þingið að hrinda henni frá sèr.

Konungsfulltrúi: Það er eins og því heiðraða þingi er kunnugt, optar en einu sinni búið að biðja um löggildingu kauptúns á Akranesi, en sú bæn hefir ekki fundið áheyrslu stjórnarinnar, enda virðist það að setja þar verzlun gagnstætt rèttri grundvallarreglu í verzluninni, því hún er sú, að halda kröptunum saman, að draga vöru-aflann og verzlunina saman á vissum stöðum, nl. kaupstöðunum, og með því einu móti er nokkur von til þess, að á Íslandi geti komizt upp kaupstaðir, sem nokkra þýðingu hafi, og geti borið nafn með rentu. Það verða því að vera yfirgnæfandi ástæður til að bregða út af þessari grundvallarreglu, og brýnasta nauðsyn fyrir hendi, en það hefi eg aldrei getað álitið, að hèr væri tilfellið. Það eru nú fleiri en 30 verzlunarstaðir hèr á landi, en það vita líka allir, að flestir þeirra eru það, ekki nema að nafninu til, af því vöruaflanum og verzluninni er svona tvístrað. Það er vissulega mikið hæft í því, að það er mjög nauðsynlegt og sanngjarnt, að lètta sem mest fyrir landsbúum í verzlunarefnum þeirra, en ekki má fyrir það hafna hinni rèttu grundvallarreglu fyrir verzluninni, en henni er hafnað að því skapi, sem verzluninni og vöru-aflanum er sundraað, og hún kemst á dreif. Eg skal enn fremur benda á það, að eptir að búið er að leyfa vöruflutninga með plac. frá 1854, og búið

er að löggilda Straumfjörð til kauptúns, virðist miklu minni ástæða til að veita það umbeðna en áður.

Loks kemur hèr til greina, að þó kauptún yrði stofnað á Akranesi, mundi hlutaðeigandi úr Borgarfirði engu að síður þurfa að sækja til Reykjavíkur, bæði vegna þess, að þessi útkaupstaður mundi trauðlega verða nægilega byrgur af nauðsynjavörum, og einkum þó vegna þess, að vöruprísarnir mundu að öllum jafnaði verða betri í Reykjavík en á Akranesi, þar það er alkunnugt, að þeir eru beztir, þar sem mest er aðsókn, og flestir til að keppa um vörurnar. Að útkaupstaðir okkar á veturna aldrei hafa byrgðir af nauðsynjavörum, og að allt, sem til er, er selt í dýrum dómum, er alkunnugt, og þetta mundi einnig koma fyrir á þessum útkaupstað, sem hèr ræðir um. Eg verð því að ráða frá, að þessi bænarskrá verði tekin til greina, og nefnd sett út af henni, því þegar stjórnin, og að því sem eg hefi bezt vit á með nægum ástæðum, hefir neitað bænarskrá þingsins frá síðasta þingi, og það þótt hún væri yfirgripsminni en sú, sem hèr liggur fyrir, get eg ekki álitið, að hún mundi finna ástæðu til, að veita hana í hinum rýmra skilningi, sem hèr er farið fram á.

Benidikt Sveinsson: Þrátt fyrir ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, verð eg að vera með því, að nefnd sè sett í þetta mál. Það er að vísu satt, sem hann sagði, að sem mestur samdráttur vörumagnsins, er eitt af þeim aðalatriðum, sem sèrhver góð og viturleg verzlunarlöggjöf á að hlynna að. En ef menn vilja fá fullkomna verzlunarlöggjöf, þá er ekki nóg, að einblína á þetta *eina* aðalatriði!, það verður líka að gá að hinum öðrum, sem eins eru mikilvæg, því annars dettur allt í sundur í mola og verður að engum notum. Það er satt, að það er nauðsynlegt, að verzlunarkraptarnir og vörumagnið dragist saman sem mest, en þá verða menn líka að láta sèr það hugfast og sjá um, að þetta vörumagn og þessir samandregnu verzlunarkraptar komi *landinu,* eg segi landinu sjálfu til fullra nota. Það er líka satt, að verzlunarfrelsið, sem vèr höfum fengið er í sjálfu sèr mikið gott og ómissandi, en þess bið eg þingið að gæta, að það er hèr *ekki* enn komið í það horf, sem óskandi og ómissandi væri, hèr fylgir enn þá böggull með skammrifi, verzlunin er enn þá »passiv«, útlend, svo allur verzlunarágóðinn í eiginlegum skilningi rennur ei *inn í* landið, heldur *út úr* landinu, og vörumagnið safnast saman eigi fyrir oss heldur fyrir Dani, fyrir þá sök, að verzlunin er ei í höndum *innlendra* kaupmanna. Eg vil að svo stöddu eigi fara langt inn í þetta mál, en

að eins benda til þess, að sú hlið málsins, sem hinn háttvirti flutningsmaður benti á, hlýtur eins og verzlun vorri er enn komið að ráða úrslitunum, því meðan verzlunarágóðinn, ɔ: það fjármagn sem af verzluninni flýtur er ekki í höndum Íslendinga, nema ef menn vilja telja þann litla hag, sem þó er alveg rangt og misskilningur, sem rennur í hvers eins vasa, af þeim sem verzla við kaupmenn, þá virðist mèr það eðlilegt í alla staði, þó menn vilji hafa sem minnst fyrir þessum litla arði, sem þeir geta fengið af vörum sínum, og sèu ófúsir á að sækja hann yfir sjó og örðuga og langa vegi, ef annars er kostur til að geta fullnægt óumflýjanlegustu lifsnauðsynjum fátækrar konu og ungra barna, því menn sjá, að verzlunin hvort eð er, eins og hún nú er, getur aldrei til eilífðar orðið þessu landi til viðreisnar. Frá þessu sjónarmiði var það, að eg studdi þess konar mál seinast á alþingi, og frá þessu sjónarmiði vil eg styðja þetta mál af öllum kröptum, og að nefnd verði sett í það, og eg álít það sjálfsagt, að þingið styðji einnig þetta mál, eins og það hefir áður jafnan hlynnt að samkynja málum. Þó stjórnin hafi enn þá sagt nei, þá er það víst af því, að hún hefir enn ekki næga þekkingu á verzlunarástandi voru. Mèr þykir því sjálfsagt, að þingið skoði ei huga sinn um, að setja nefnd í málið, og það því síður, sem nafnafjöldinn undir bænarskránni er næg sönnun fyrir því, að bænarskráin er byggð á almennri nauðsyn og viðurkenndum þörfum Borgfirðinga. Eg sting að eins upp á 5 manna nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Þó eg hafi nú litla von um, að geta sannfært þingið eptir þessa hrífandi og snjöllu ræðu hins konungkjörna varaþingmanns, þá verð eg þó að lýsa því yfir, að eg er alveg mótfallinn nefnd í málinu. Ræða þingmannsins var of háfleyg fyrir mig, enda verð eg að játa, að eg skildi ekki sumt í henni, svo sem það, að vegna þess, að ekkert gagn væri enn af verzlunarfrelsinu, og hagnaðurinn af verzluninni gengi út úr landinu, þess vegna ætti að tvístra kröptunum; orðin voru þau hjá honum, að meðan verzlunin væri »passiv«, gengi allur hagurinn út úr landinu, en vörumagnið gæti því að eins eflt hag landsbúa, að það drægist saman í landinu sjálfu. Eg verð nú að segja það, að ef hagnaður þessara mörgu manna, sem hafa ritað undir bænarskrána, er svo lítill af verzluninni, eins og hinn háttvirti þingmaður sagði, þá get eg ei sèð, að vert sè fyrir þingið að biðja um þetta. Eðli verzlunarinnar er, að vörumagnið safnist á sem fæstum stöðum, svo að verzlunarmennirnir fái sem mest fè í hendur, því að því hægra

verður þeim að efla hag landsmanna. Einn kaupmaður, sem hefir mikið undir höndum, gjörir miklu meira gagn, en margir fátæklingarnir. Eg held því, að það ekki bætti fyrir, þó kaupstaður væri nú settur á Skipaskaga; mönnum er líka kunnugt, að Akurnesingar eru hèr öllum vorum dagsdaglega til að sækja nauðsynjar sínar. Þetta er heldur ekki sá vegur, einar 3 vikur sjávar, að vert sè þess vegna, að tvístra þeim litlu verzlunarkröptum, sem við höfum, meir en þarf. Ef það þætti ástæða til að tvístra svona verzlunarkröptunum, að hèr eru útlendir kaupmenn, þá sýnist mèr nær, að stinga þá upp á, að alveg verði breytt verzlunarlögunum. (*Benidikt Sveinsson:* það verður gjört seinna). Þá er bezt að bíða þangað til, en ekki að vera að káka við þetta núna fyrir fram. Það eru nú líka komnir upp svo margir verzlunarstaðir, að mèr virðist bezt, að sjá fyrst, hvaða gagn þeir gjöra, þessir þrír, sem löggiltir voru í fyrra, hvort verzlunin verður þar svo fjarskaleg; því ef leyfið verður þar til einskis, til hvers er þá að vera biðja um þetta; mèr finnst yfirhöfuð mjög hættulegt, að reisa þau lög, sem menn verða að vera hræddir um, að falli af sjálfu sèr. Eg vil þar að auki taka það fram, að nú eru þegar settar 20 nefndir, og mörg mál eru enn eptir að setja nefnd í, sem eg eptir minni beztu sannfæringu verð að álíta miklu meira áríðandi en þetta, svo er eg hræddur um, að það verði fremur til tjóns og tímaspillis, en gagns, ef þingið nú tekur málið til nefndar, og verð eg því að vera því gjörsamlega mótfallinn.

Ásgeir Einarsson: Það hefir verið kvartað yfir því, að nú væri kosnar 20 nefndir, og þingið því þyrfti alls síns tíma með, en þeir þingmenn, sem svo tala, gæta þess ekki, hvað þessar hrókainngangsumræður kosta þingið mikinn tíma og fè. Eg vil því mæla með, að nefnd verði kosin í málið, svo þessar löngu umræður sparist, því eg sè fram á, að nefnd muni verða kosin. Eg skal nú ekki fara langt inn í málið sjálft, einungis vil eg taka það fram, að þeirri aðalmótbáru, sem fram hefir komið í ræðum þingmanna móti því, að þessir smáverzlunarstaðir verði löggiltir, nefnilega að þeir dreifi verzlunarmagninu, álít eg fullkomlega svarað með ræðu þingmanns Skagfirðinga í þess konar máli 1859. Eg get líka fært nýrri dæmi á móti henni. Ætli það tvístri verzlunarkröptunum, að Henderson kaupmaður hefir hèr á landi verzlunarstaði á þrem stöðum, eða hvort það tvístrar vörumagninu að kaupmenn hèðan úr Reykjavík senda skip á ýmsar hafnir kringum land-

ið. Þetta held eg hver heilvita maður hljóti að sjá, að ekki er. Þingið væri sjálfu sèr ósamkvæmt, ef það ei gæfi máli þessu gaum, þar sem það á síðasta þingi bað um 3 verzlunarstaði löggilta, sem allir fengust. Annað er það, þó stjórnin hafi dregið, að uppfylla bæn þingsins í þessu efni, það er viturlegt af henni að bíða þangað til hún sèr, að það er samhuga álit þings og þjóðar, að nauðsyn sè á þessu. Og ein ástæða enn ætti það að vera, hve margir eru ritaðir undir bænarskrána, og þar á meðal margir merkir menn.

Pètur Pètursson: Eg heyri að það er ákvarðað fyrir fram, að nefnd skuli setja í málinu, svo það verður líklega til lítils, þó eg fari að tala nokkur orð um það. En eg get þó ekki alveg þagað, því það er alveg móti sannfæringu minni, að nauðsynlegt sè að stofna verzlunarstað á þessum stað. Eg skoða það ekki frá verzlunarlegu sjónarmiði, því um það hef eg nú heyrt ágæta fyrirlestra hèr í salnum, heldur skoða eg það frá innlendu sjónarmiði. Eg held nú að sá hægðarauki, sem vinnst við þetta, svari ekki þeim slæmu afleiðingum, sem það mundi hafa í för með sèr, einkum fyrir Akurnesinga sjálfa. Eg varð nú að vísu hrifinn af ræðu hins háttvirta flutningsmanns, þar sem hann var að útmála þá gullöld, sem mundi renna upp yfir þeim við þetta; en mèr þótti vanta hjá honum, að útmála hvílikt samlyndi mundi verða í milli þeirra, hvernig þeir í bróðurlegum kærleika mundu kyssast við krambúðarborðin, þegar þeir væru búnir að leggja inn blautafiskinn sinn og fá sèr í staupinu fyrir hann. Eg vildi geta þess, að þó eg vefengi ekki þenna nafna fjölda, sem er undir bænarskránni, þá held eg þó, að allir Borgfirðingar sèu eigi samdóma í þessu, og til merkis um það kann eg stöku eptir einn Borgfirðing, sem nú að vísu er ekki á borð berandi fyrir þingið, en sem eg vil þó leyfa mèr að hafa upp; vísan er svona, eptir því sem mig minnir:

Kaupstaður á Skipaskaga
skötnum verður mjög til baga;
eptir sig hann dilk mun draga,
drykkjurúta' og letimaga.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú upp til þess að mæla með, að farið verði að kjósa nefnd í málið. Mèr sýnist ekki, að þingið eigi nú að hrinda málinu, fyrst það tók það seinast, og það gjörir þó nokkurn mun, að nú eru miklu fleiri nöfn, en þá undir bænarskránni; ræður um þetta mál eru því óþarfar, þar sem þetta mál hefir komið áður fyrir. Eg get ekki annað en borið gott traust til

stjórnarinnar, að fyrst hún í fyrra löggilti 3 kauptún, þá muni hún löggilda þetta líka, þegar hún sèr að áhugi manna er á því að fá upp kauptún á Skipaskaga.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil að eins svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni því, að hann hefir heyrt mig tala það, sem eg alls eigi hef talað, því það sem hann tók fyrir mín orð voru orð bænarskráarinnar. En hann hefir víst verið of skáldlega »stemmdur« til að taka eptir því, hver mín orð voru, og hver bænarskráarinnar. Að öðru leyti verð eg að álíta, að það sem 228 menn biðja um, sè á betri rökum byggt, en það sem 1 skáld kveður um, og það kannske ekki einu sinni Borgfirðingur. En um samlyndið sem hann var að tala um, þá vona eg, að það rýri þó ekki búðarkossana hèr í Reykjavík, hvort sem þeir verða þar fleiri eða færri.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið.

Var því næst gengið til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og var nefnd samþykkt með 15 atkvæðum. Var stungið upp á 5 og 3 manna nefnd, og 3 manna nefnd samþykkt með 17 atkvæðum, og í hana kosnir:

A. Ólafsson með 15 atkv.
B. Sveinsson — 9 —
H. Kr. Friðriksson — 8 —

Málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Snæfellinga um stofnun lagaskóla. Flutningsmaður er uppástungumaður sjálfur.

Málið afhent flutningsmanni.

Páll Melsteð: Eg skal með leyfi forseta og þingsins lesa uppástunguna upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 112.

Eg hef eigi um annað að tala nú, en það sem vikið er á í sjálfri uppástungunni; eg vil einungis óska, að þingið setji nefnd í málið. Það tekur því ekki, að gjöra langar umræður um það nú, hitt er einungis spurningin, hvort þingið vilji setja nefnd í málið eða ekki.

Benidikt Sveinsson: Eg skal ekki fara neitt út í þetta mál að sinni, enda mundi eg þá verða helzt til of langorður. Eg vil

einungis fastlega styðja, að nefnd sè kosin í mál þetta og sting upp á 5 manna nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Er það ekki of snemmt, að taka þetta mál nú fyrir, meðan það einmitt er í undirbúningi hjá stjórninni? Eg held, að betra sè, að lofa henni dáiítið að hugsa sig um; og verð eg því að álíta uppástunguna alveg ótímabæra, og hef eg þó þrisvar áður verið flytjandi þessa máls á þingi, og ef stjórnin hefði sagt nei við bænum þingsins, þá skyldi eg hafa verið fúsastur manna á að bera það upp einu sinni enn; en úr því hún hefir nú sagt já, og lofað að bænheyra þingið, þá sýnist mèr, að þingið eigi að bíða, og sjá, hvort hún efnir ekki loforð sitt, að minnsta kosti til næsta þings. En þegar þingið fer að biðja um það, sem stjórnin þegar hefir lofað, lýsir það vantrausti á, að hún muni efna loforð sitt. Og tíminn er ekki svo langur síðan, að menn geti búizt við, að hún hafi getað komið loforði sínu til framkvæmdar.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held þó, að hèr sè nokkur misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, því vèr getum nú einmitt gjört gagn með því að setja nefnd í þessu máli til þess að hafa það fram, sem uppástungan fer fram á; og það er svo fjarri, að vèr með þessari aðferð látum í ljósi nokkurt vantraust á stjórninni, að vèr með henni miklu fremur eigum að aðstoða hana til þess sem fyrst að koma því í verk, sem hún sjálf vill og hefir lofað. Það er kunnugt, að það mun einkum vera þeim ráðgjafa að þakka, sem nú stendur fyrir kirkju- og kenuslustjórninni í Danmörku, að lagaskólinn er nú kominn svo vel á veg sem auglýsingin ber með sèr; en það er líka kunnugt, að margir málsmetandi menn hafa verið á móti því, og meðal annars lögfræðiskennararnir í heild sinni (júridiska facultetið) við háskólann í Kaupmannahöfn, og mèr virðist því svo sem vèr að minnsta kosti getum ei gjört minna en að styrkja þenna mann gegn allri mótspyrnunni með tillögum vorum, þó svo aldrei væri nema til þess að láta honum á þann hátt í ljósi þakklátsemi vora fyrir það, sem hann þegar hefir gjört. En þess utan megum vèr ei gleyma því, að það er ei sagt, hvað lengi hann verður í völdum, og oss er því skylt að flýta svo fyrir málinu, að það megi hafa framgang meðan vèr enn getum átt um það við slíkan mann, sem hann er, og sem hefir sýnt sig svo frjálslegan og svo skynsamlega óháðan öllum hleypidómum eð rígbundinn við gamlar og takmarkaðar skoðanir, þar sem ræðir um að koma innlendum menntunarstofnunum á í þessu landi. Eptir því,

sem eg hefi heyrt, var tilgangur ráðgjafans að eins sá, að byrja fyrst á því, að veita meðdómendunum í yfirrèttinum umboð til þess að kenna stúdentum hèr í landi lögfræði, svo þeir síðan skyldu hafa frètt til sýslumanna embætta o. s. frv., en síðan, þegar þetta væri komið á, skyldi setja fastan kennara í lögfræði; en þar sem það er auðvitað, að dómararnir verða að fá einhverja þóknun fyrir þetta starf sitt, þá var honum að svo stöddu ekki hægt að fara lengra enn í auglýsingunni er gjört, því hann hefir ei vald til að leggja nokkurt fè til þessa fyrirtækis áður enn hann er búinn að fá samþykki ríkisþingsins danska sem enn er, eins og vèr vitum, einrátt um fjárhag Íslands. Það er því auðsætt, að þetta gat aldrei orðið fyrr en í haust, en vèr getum líka einmitt stutt að því, að það verði þá þegar, með því að bjóðast nú til að fyrra bragði að endurgjalda þetta fè, þegar vèr höfum fengið full fjárforráð vor í hönd; og eins og eg efast ei um, að ríkisþingið muni verða fúst á að veita það, sem svona skynsamlega er farið fram á í uppástungunni, eins álít eg það beinlínis skyldu vora að gjöra þeim ráðgjafa, sem hefir sýnt oss svo góðan vilja, lèttara fyrir með því að sýna sjálfir að vèr viljum nú þegar leggja allt það til, sem á voru valdi er, eins og nú er ástatt. Eg álít því sjálfsagt, að nefnd verði sett í þessu máli.

H. G. Thordersen: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er að öllu leyti með því, að nefnd sè sett í málið, og það furðar víst engan á því, því eg hef æfinlega verið með því, að ná inn í landið allri þeirri menntun, sem auðið er.

Þar ekki tóku fleiri til máls, lèt forseti ganga til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og var nefnd samþykkt með 22 atkv. Var stungið upp á 5 og 3 manna nefnd, og 3 manna nefnd samþykkt með 15. atkv., og í hana kosnir:

P. Melsteð með 15 atkv.
B. Sveinsson — 14 —
G. Brynjúlfsson — 12 —

Málið afhent þingmanni Snæfellinga.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni bænarskrá til synodusar frá prestum í Rangárvallasýslu viðvíkjandi jarðamatskostnaði af prestakallajörðum, ásamt brèfi frá hinum 3. konungkjörna þingmanni, sem synodus fól að bera málið fram. Flutningsmaður er því hinn nefndi 3. konungkjörni þingmaður.

Málið afhent flutningsmanni

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 113.—114.

Pètur Pètursson: Eg álít það óþarft, að lesa bænarskrána og brèfið upp, þingmenn eru víst orðnir því svo kunnugir, Eg þarf nú ekki að tala margt um málið, eg vona að þingið taki það til greina, og viðurkenni, að þessi bón sè byggð á sanngjörnum ástæðum. Eg get ekki skilið, hvernig prestar geta kallazt eigendur kirkjujarðanna, eptir opnu brèfi 1. april 1861, því það er annað að hafa hlutinn til brúkunar, eða að hafa hann til eignar. Ástæðurnar eru að öðru leyti teknar fram í bónarbrèfi prestanna. Eg álít nauðsynlegt, að setja sèrstaka nefnd í þetta mál, en ekki vísa því til nefndar þeirrar, sem þegar er sett í prestsmötumálinu, eins og talað var um um daginn, því þetta mál er allt annars eðlis.

Konungsfulltrúi: Þó eg ekki finni ástæðu til að leggja á móti því, að sú bænarskrá, sem hèr liggur fyrir, verði tekin í nefnd af þinginu, verð eg þó að láta í ljósi, að eg ekki get álitið, að hún muni fá áheyrslu stjórnarinnar, þannig, að þessi kostnaður verði greiddur úr opinberum sjóði. Stjórnin hefir, eins og sjá má af tíðindum um stjórnarmálefni Íslands, lýst því yfir, að það sè vafalaust, að hlutaðeigandi prestar eigi að greiða jarðamatskostnaðinn fyrir staði og kirkjujarðir, er fylgi prestsembættunum, því presturinn gangi í stað eiganda, sem sá, er hafi ágóðann af eignunum, og þetta virðist líka í eðli sínu og var tekið skýrt fram á seinasta þingi. Það vill hèr að öðru leyti svo vel til, að þessi kostnaður sem yfir höfuð ekki er mikill og einungis í eitt skipti kemur einkum niður á þeim prestum, sem sitja í beztu brauðunum; prestarnir á fátæku brauðunum hafa þar á móti mjög litlu að svara í þessu skyni, nema fyrir kirkjustaðinn sjálfan, því kirkjujarðir eru ekki til, sem fylgi þessum brauðum, að minnsta kosti eru þær þá sárfáar. Eg neita því ekki, að það væri æskilegt, að prestarnir gætu sloppið fyrir þessum kostnaði, en eg sè ekki neinn útveg til þess. Það kynni sumstaðar að mega taka hann af kirkjuportioninni, en þetta yrði þó ekki nema í einstökum tilfellum, því sumar kirkjur eiga ekkert í sjóði, sumar eru í skuld, og sumar eiga ekkert afgangs frá árlegum nauðsynjum, svo ekki verður þessu heldur komið við. Eg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, en þingið ræður, hverja meðferð það vill hafa á málinu.

Pètur Pètursson: Fyrst hinn háttvirti konungsfulltri ei mælir á móti nefnd, álít eg mèr óþarft, að svara mótbárum hans að svo stöddu, og eg vona, að fyrst að hinn háttvirti konungsfulltrúi er ekki mótfallinn nefnd, verði þingið henni meðmælt.

Helgi Hálfdánarson: Eg get ekki skilið það, hvernig það er rètt, að prestar sèu skoðaðir sem eigendur prestakallajarðanna, það hefði þá verið náttúrlegast, að löggjöfinn hefði tekið það fram strax; því þó það segi í þessu stjórnarbrèfi, frá 19. nóv. 1862 að prestarnir sèu »usufructuarii,» þá finnst mèr, að það sanni ekkert, því »usufructuarius» er vissulega allt annað, en *eigandi*. Mèr sýnist líka, að prestarnir sèu ekki annað en eins konar landsetar, því þeir gjalda eptir þessar jarðir; starfi þeirra í embættinu er eptirgjaldið. Í engu öðru tilfelli gilda þeir heldur sem eigendur jarðanna; þeir mega t. a. m. hvorki selja nè veðsetja þær. En ef nú ekki væri að tala um annað en þenna kostnað svona einu sinni, þá væri það þó sök sèr; en fái þetta nú að ganga svona, held eg að svo gæti farið, á þessum breytinga tímum að dengt yrði ár frá ári nýjum tollum á jarðir prestakallanna, og yrði þetta þá nokkurs konar tekjuskattur; sem mèr finnst óþolandi, þegar hann er ekki lagður á með beinum lögum. Eg verð því að mæla fastlega með nefnd, og það nýrri nefnd, því eg álít þetta mál alveg óskylt hinu um prestsmötujarðirnar.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það ískyggilegt, ef nú á að fara að leggja skatt á embættismenn, og það á þá, sem sízt þola það, ekki held eg, að prestarnir fjölgi við það, og held eg því að sè full ástæða til að taka þetta mál í nefnd. Eg skil ekki, hvernig það getur álitizt gjörandi, að leggja þenna toll á menn, sem standa í opinberri þjónustu, þó þeir að eins um stundarsakir njóti afgjaldsins af þessum jörðum. Prestarnir eru ekki of sælir, þó þingið stuðli ekki til, að staða þeirra verði verri en hún nú þegar er. Eg mæli því með sèrstakri nefnd, því þetta á ekkert skylt við hitt málið.

Ásgeir Einarsson: Það hafa nú komið fram mörg meðmæli með þessu máli, eg er nú einn af þeim, sem vilja, að málið sè tekið til greina; en eg er ekki samdóma þeim um mátann, hvernig það skuli takast til greina. Hvað þessu opna brèfi 1. apríl 1861 viðvíkur, þá verð eg að segja það, að hafi stjórnin nokkurn tíma gjört þinginu órètt, þá hefir hún gjört það með því. Þess vegna vil eg, að sem mest komi undir þetta mál, áður en það kemur fyrir stjórnina, svo það sjáist, hvað illa þetta opna brèf hefir verið hugsað og samið af stjórninni þegar það kemur til framkvæmda. Þetta lagaboð dundi yfir oss alveg óviðbúna, án þess þingsins ráðum væri fylgt, og til þess hefir þó þingið rètt. Ef nú sèrstök nefnd væri kosin í

málið, þá mundu fleiri þingmenn neyðast til að koma með umkvartanir í líka átt og þessi, ef það verður ekki gjört á annan hátt, og þá yrði að kjósa allt af nýja nefnd við hverja. Eg vil því að þessu sè vísað öllu til einnar kröptugrar nefndar, og má vel auka hana með 2 mönnum, og skoði hún svo, hvort stjórnin hefir gjört rètt í þessu máli. Eg held líka, ef menn muna eptir hverjir voru kosnir í nefndina um prestsmötumálið, að þeir verði að viðurkenna, að þeir geti ekki kosið aðra betri.

Páll Sigurðsson: Þingmaður Strandasýslu er búinn að tala um galla brèfsins 1. apríl 1861; eg vil einasta geta þess, að fyrst stjórnin engan gaum gaf tillögum þingsins 1861 í þessu efni, þá er von þó þeir, sem þykjast verða of hart úti, vilji enn reyna að biðja þess, að það fengist umbætt. Eg legg því til, að málið sè enn tekið fyrir í heild sinni, og því kosin sèrstök nefnd.

Brynjólfur Jónsson: Eg hugsaði nú ekki, að umræðurnar mundu verða svona langar í svo ljósu og greinilegu máli, sem mèr finnst þetta vera, en það lítur þó út fyrir, að meiningar þingsins ætli að skiptast um það. Af því eg var nú einn af þeim, sem skrifuðu undir bænarskrána, verð eg að láta það álit mitt í ljósi, að eg get ei betur sèð, en að þetta mál sè mjög fjarstætt hinu málinu um prestsmötuna, og að ef því væri vísað til þeirrar nefndar, sem það mál hefir fengið til meðferðar, mundi þetta verða á hakanum, og þó nú 2 menn væru kosnir að auki í nefndina, er þannig ætti að hafa bæði þessi mál til íhugunar, mundu þeir verða í minni hluta, og ekki geta komið sinni meiningu fram. Það er því mín föst sannfæring, að ekki eigi hèr við annað, en að kjósa sèrstaka nefnd, en hver úrslit málið fær, mun tíminn síðar leiða í ljós.

Jón Sigurðsson: Eg held það sè dálítill misskilningur hjá sumum þingmönnum um bænarskrána frá Þingeyjarsýslu um prestsmötuhundruðin, hún er ekki sprottin af ákvörðunum opna brèfsins 1. apríl 1861, um jarðamatsgjaldið, heldur af því, að menn voru óánægðir með matið á bændakirkjujörðum þeim sem þar eru nefndar. Þessi uppástunga sem hèr liggur fyrir fer einungis fram á það, að prestar sèu undanþegnir jarðamatsgjaldi af lènsjörðum og kirkjujörðum þeirra og sýnist mèr þessi atriði sè alveg óskyld og ólíks eðlis, og mæli eg því fram með sèrstakri nefnd í þetta mál; legg eg það til, að þetta opna brèf frá 1. apríl 1861 verði vandlega endurskoðuð, því eg er þeirrar meiningar, að það muni ekki sem löglegast úr garði gjört; ættu því þingmenn, að mínu áliti, að

búa sig sem bezt út með kvartanir yfir því, og uppástungur um breytingu á því, svo að nefndinni sem sett verður í málið, gæfist kostur á að taka sem flest atriði til greina, er gætu komið inn í málið.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að vera samdóma þingmanninum, er síðast mælti, að eptir því sem málin nú liggja fyrir, þá sè rèttast að kjósa sèrstaka nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg get eigi leitt hjá mèr það sem hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu áðan mælti, þar sem hann eins og skoraði á þingið, að taka til yfirvegunar frá rótum meðferð stjórnarinnar og úrslit hennar á jarðamatskostnaðinum, og það því síður, sem hann hèr um bil með berum orðum lýsti því yfir, að hún hefði verið röng og ólögleg. Eg finn mèr skylt beinlínis að mótmæla þessum ummælum hans um stjórnina, og leyfi mèr jafnframt að vara hið heiðraða þing við því, að gefa slíkri áskorun nokkurn gaum.

H. Kr. Friðriksson: Mig minnir ekki betur, en að um daginn, þegar talað var um, að þetta brèf frá »synodus» væri á leiðinni, þá væri það eins og þegjandi samþykki þingsins, að við nefndarkosninguna þá væri haft tillit til þessa brèfs, þannig að því skyldi vísa til þeirrar nefndar, þegar það kæmi. Mèr finnst líka, að þó þessi mál sèu ekki alveg sama eðlis, þá sèu þau þó svo skyld, að vel megi hafa sömu nefndina í þeim báðum.

Jón Hjaltalín: Eg er sannfærður um að þetta mál alls ekki viðkemur prestsmötumálinu; hèr er einungis um rèttindi prestanna að gjöra, og er fullkomin nauðsyn á, að það sè íhugað út af fyrir sig í sèrstakri nefnd, ef hèr er ekki farið að móti lögum, þá er hèr breytt móti venju; yrði þetta gjört að lögum, þá yrði það fyrir sitt leyti ekki vinsælla en skikkunarvaldið, sem menn þó nú álíta sem ísjárverða orsök til hnignunar prestaskólans, þingið skuldar í hið minnsta prestastèttinni, að þetta mál verði nákvæmlega yfirvegað. Eg hefi heyrt löglærða menn segja, að þetta mundi tvísýnt, ef farið væri í mál, og það mundi ef til vill vinnast fyrir hæstarètti, svo óvanalegt álízt það, að leggja svona nýjar álögur á menn, án þess þingið sè að spurt. Að vísu hefðu prestarnir átt að slá varnagla við þessu í tíma, en nú hafa þeir eigi gjört það, og er að gjöra við því sem er. Eg mæli þess vegna með sèrstakri nefnd.

Konungsfulltrúi: Út af því sem hinn konungkjörni þingmaður er seinast mælti, sagði, skal eg leyfa mèr að minna hann á, að

hann hefir algjörlega gleymt því, sem rætt var á næstliðnu alþingi út af jarðamatskostnaðinum, því þar kom það atriði til ýtarlegrar umræðu, mig minnir eptir þar til gefnu tilefni frá þeim 4. konungkjörna þingmanni, að prestarnir sem »usufructuarii,« yrðu að bera kostnaðinn fyrir staðina og kirkjujarðirnar, og eg man það glöggt, að eg þá lèt það álit í ljósi. Þá kom líka til umtals, hver ætti að borga kostnaðinn af þrætulöndum, og yfirhöfuð var málið rætt út í allar æsar, og mig furðar því á því, að hinn heiðraði þingmaður skuli segja, að mál þetta sè eins og dottið ofan úr loptinu og komi öllum óvart, því þetta er eins og eg hefi sagt, alveg ástæðulaust.

Jón Hjaltalín: Eg man ekki ljóslega til þess, að hèr hafi verið talað um þetta áður á þinginu í þá stefnu er það kemur nú fram.

Páll Sigurðsson: Þetta mál var svo ljóslega tekið fram hèr á þingi í hitt eð fyrra, að þingmenn mega muna eptir því, og hvað göllunum á lagaboðinu viðvíkur, þá vil eg taka það fram, að stjórnin ekki getur álitið þá eiganda, þó hún vilji láta þá greiða jarðamatskostnaðinn, eg verð því að álíta að rèttara sè, að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál. Að öðru leyti þykir mèr það nokkuð sèrstaklegt, að stjórnarherrann skuli álíta lög þessi svo óljós, að afgjöra þurfi við dómstólana, hver meining þeirra er. Eg gef því atkvæði mitt fyrir því, að sèrstök nefnd verði sett í málið.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, álít eg umræðunum um þetta mál lokið, skal eg leita atkvæða þingsins fyrir því, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa í málið eða ekki.

Var síðan samþykkt að sèrstaka nefnd skyldi kjósa með 18 atkvæðum gegn 6. Því næst var 5 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum, og í hana kosnir þessir:

P. Pètursson	með	19	atkvæðum.
J. Pètursson	—	14	——
J. Guðmundsson	—	10	——
H. G. Thordersen	—	8	——
H. Hálfdánarson	—	8	——

Var málið síðan afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu uppástunga varaforseta *um að bæta úr presta-eklunni.*

Var málið afhent uppástungumanni, sem nú var kominn á þing.

Jón Guðmundsson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna: Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 115.

Eg hef litlu að bæta við, sízt að svo komnu; eg vona einungis, að þingið finni og viðurkenni nauðsynina á, að taka málið til yfirvegunar og kjósi nefnd í það. Það sem eg hef tekið fram í uppástungunni er að eins bending til þingsins, án þess að nefnd sú, er kann að verða kosin, þurfi að vera bundin við það. Það kunna að vera ýms önnur úrræði, sem nefndin í meðferð málsins getur fundið og ráðið þinginu til að aðhyllast. Hvað málið sjálft áhrærir, þá vona eg, að allir sjái af áætluninni um hina vaxandi prestafæð, að hún verður í rauninni heldur frekari en minni heldur en ráð er gjört fyrir, því að ráðgjöra að $^3/_5$ af þeim stúdentum, sem útskrifast úr skóla, gefi sig við prestskap, það er sannarlega um of ráðgjört. Um það meðaltal af prestaköllunum, sem talað er um í uppástungunni, skýrskota eg til rita þeirra, sem þar eru nefnd, og sem eru prentuð eptir skýrslum frá byskups skrifstofunni. Í Reykjavíkurpóstinum stendur hvert brauð sem veitt hefir verið á því tímabili sem sú skýrsla nær yfir, með sinni veitingar dagsetningu, og er hún því sjálfsagt bygð á þar að lútandi upplýsingum frá stiptsyfirvalda skjalasafninu.

Konungsfulltrúi: Eg stend ekki upp til þess að mæla á móti því, að þingið taki þetta mál til yfirvegunar í nefnd, því málið er í sjálfu sèr mikils vert, enda álít eg, að málin græði miklu meir á því, að vera rædd í nefnd, en þó um þau sèu haldnar langar ræður í þingsalnum. Eg skal fúslega viðurkenna, að uppástungan er komin fram í góðum tilgangi, en mèr virðist þar á móti, að það muni verða talsverð vandkvæði á henni þegar til framkvæmdanna kemur. Eg meina ekki að setja þá nefnd, sem uppástungan bendir á, þetta er auðgjört, en það er ekki þar með búið. Þá er eptir að bera málið undir hlutaðeigandi söfnuði, því það álít eg sjálfsagt, og það hefir líka verið venja, þegar brauð hafa verið sameinuð, að leita atkvæðis safnaðanna, en sú hefir raunin á orðið, að söfnuðurnir jafnan hafa risið upp á móti sameiningunni, svo orðið hefir stundum aptur að hætta við hana, svo ekki kæmist allt í uppnám, og gæti eg tilgreint fleiri dæmi þessu til sönnunar, t. a. m. úr Skagafirði, sem þingið þekkir frá seinasta þingi, og úr Rangárvallasýslu. Þetta bendir á það, að það mundi naumast eiga við, að gjöra almenna ákvörðun um málið fyrir allt land fyrir fram, því eg er sannfærður um, að söfnuðurnir mundu rísa upp á móti því

þegar til framkvæmdanna kæmi, og svo yrði að hætta við sameininguna, því safnaðanna samþykki til slíkrar ráðstöfunar álít eg nauðsynlegt, ef allt á vel að fara á báðar hliðar. Mèr virðist því rèttari sú aðferðin sem nú er viðhöfð, að sameina brauðin smátt og smátt, eptir kringumstæðunum í hvert skipti, þegar brauðin losna. Eg skal engu spá um það, hve mörg brauð muni verða kennimanns- og sálusorgaralaus að 10 árum liðnum hèr frá, það er, að mèr virðist, ekki hægt að segja neitt um það, einungis skal eg leyfa mèr að geta þess, að mèr virðist hinn heiðraði uppástungumaður líti á málið frá þess myrkari hlið í þessu tilliti. Að kringumstæðurnar geti breytzt fyrr en varir, sèst t. a. m. á því, að nú komu í ár miklu fleiri lærisveinar í skólann, en menn gátu gjört ráð fyrir í fyrra, og svo getur optar að borið. Þannig verður ekki gjörð nein viss áætlun um það, hvað verða muni eptirleiðis. Eg skal í sambandi hèr með taka það fram, að nú er búið að gjöra nýtt brauðamat, sem bráðum mun ná konunglegri staðfestingu; í sambandi við brauðamat þetta standa önnur mál, um eptirlaun emeritpresta og presta-ekkna; en yrði nú farið að gjöra þá sameining brauðanna, sem hèr ræðir um, yrði það gjörða brauðamat að breytast svo mjög, að það þyrfti að gjöra nýtt, og við það yrði aptur dráttur á eptirlaunamálinu, sem þó ekki má dragast. Eg skal ekki orðlengja meir en komið er um þetta mál. Eg mæli ekki á móti því, að það komi í nefnd, en umræður langar um það á þessu stigi, álít eg miður eiga við.

Jón Hjaltalín: Eg þarf ekki að mæla fram með nefnd, fyrst hinn háttvirti konungsfulltrúi ekki mælti á móti henni, heldur fremur studdi það, að nefnd yrði kosin í málið. Eg held annars að varaforseti hafi eigi gjört of mikið úr því, hvað illa lítur út með presta-efnin hèr á landi, heldur álít eg, að hann hafi gjört mikils til of lítið úr því. Hann tók nefnilega ekki það fram, sem eg hèr vil taka fram. Eg held nefnilega, ef laga- og læknaskólarnir komast á, þá muni þeir taka nokkra af þeim, sem frá skólanum útskrifast, frá prestastèttinni. Eg held því, að reikningur hans sè of hár, en ekki of lágur. Fækkunin á prestunum er líka of lág hjá varaforseta, því hún er meiri, presta-efnin eru líka dauðleg; taki menn meðaltalið, verður hún því töluvert stærri. Að öðru leyti álít eg bezt að sjá hvað nefndinni tekst að gjöra. Eg sting upp á 7 manna nefnd.

Jón Guðmundsson: Mèr er mikil hugfró að því, að hinn hátt-

virti konungsfulltri mælti ekki í móti því, að nefnd yrði kosin í málið; en hinu gjöri eg minna úr, því ráðleggingar hans til nefndarinnar lutu að því, hvað hún ekki skyldi gjöra, en ekki að því, hvað hún skyldi gjöra eða hvaða úrræði hún mundi geta fundið til að bæta úr presta-eklunni. Konungsfulltrúi tekur þessar bendingar sem eru í uppástungunni til brauðasameininga, fyrir beina uppástungu, sem nefndin er sett yrði, megi ekki víkja frá, en eg tók það bæði fram í ræðu minni, og svo er þess einnig getið í uppástungunni sjálfri, að þetta væru einungis úrræði, sem bent væri til svona lauslega, en sem þingnefnd sú, er sett yrði, engan veginn væri bundin við, með öðrum orðum, að það væri að eins bendingar, er nefndinni væri á sjálfsvaldi, hvort hún vildi taka til greina eður ekki. Það getur nú meir en verið, að nefndin taki með þökkum þessum athugasemdum konungsfulltrúa á móti bendingaratriði því; en eins og ræða konungsfulltrúa ekki átti við á þessu stigi málins, þar sem að eins er verið að ræða um, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi, eins finn eg mèr heldur ekki skylt að svara henni, en áskil mèr rètt til síðar meir, að svara og hrekja ástæður konungsfulltrúa. En hitt liggur nær, að svara því nú þegar fáeinum orðum, þar sem hann var að vefengja áætlanir uppástungunnar um presta-efnaskortinn. En eins víst og það er, að ekki er nema einn konungsfulltrúi hèr á þingi, eins víst er það, að presta-efnin verða ekki eins mörg á hinum næstu 10 árum, eins og áætlunin gjörir ráð fyrir, því konungsfulltrúi skapar hvorki menn nè heldur eykur við aldur þeirra, sem of ungir eru til embætta; eg vil spyrja, hvaðan hann ætlar að taka fleiri presta-efni? Margir þeirra sem í skólanum eru nú og koma hin næstu ár, verða ekki búnir að ná embættisaldri 1872 eða 3; það er einfaldur reikningur, að þeir 5 drengir úr Reykjavík, sem komu í skólann í fyrra 12—13 ára að aldri, verða ekki búnir að ná embættisaldrinum 1872 eða 3, því það verður ekki fyrr en 1874—1875. Að öðru leyti er það of mikið eins og eg fyrr tók fram, að ráðgjöra, að $^3/_5$ af þeim sem útskrifast muni ganga guðfræðisveginn, því, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður gat um, mun bæði lagaskólinn, ef hann kemst á, og eins læknakennslan, draga marga til sín, og það meiri hlutann þeirra sem útskrifast. Ef menn ekki vilja bæta prestaköllin, þá er eðlilegt, að piltar eins vel vilji leita hinna kennslustofnananna. Að öðru leyti vil eg ekki fara lengra inn í málið að þessu sinni, en vonast einungis eptir, að þingið setji nefnd í málið.

Helgi G. Thordersen: Eg vil einungis geta þess, að eg er alveg samdóma því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, og vil þess vegna að þetta mál komist í nefnd; en eitt furðar mig bæði í þessu og í öðrum máium, hvað langt menn ganga inn í sjálft aðalmálið; á hinum fyrirfarandi þingum hafa menn varazt, meðan spurningin einungis hefir verið um, hvort kjósa skyldi nefnd eður eigi, að ganga inn á »realia« málsins, og því finnst mèr það ekki rètt, að menn gengju mjög langt út í það að sinni, en geymdum það, þangað til málið kæmi frá nefndinni aptur.

H. Kr. Friðriksson: Eg er því ekki mótfallinn, að nefnd verði kosin í málið, það getur verið, að nefndin finni einhver ráð, og er því bezt hún reyni sig á því. En það, sem eg ætlaði að gjöra, er að mótmæla reikningi hins háttvirta varaforseta, því hann er ekki annað en tómur spádómur í lausu lopti. Það getur enginn sagt, hváð margir koma í skólann næstu 2 ár; þó nú sè ei nema 40 í skólanum, þá geta þó næsta ár komið eins margir eða fleiri en í ár komu, og þar á meðal þeir, sem útskrifast fyrr en eptir 6 ár, þegar þeir setjast í 2. eða 3. bekk. Það er ekkert á móti því eptir löggjöfinni, að þeir, sem fyrst koma í skóla, verði útskrifaðir að 3 árum liðnum, svo þeir þurfa að eins að vera í skólanum í 3 ár; eptir þessu get eg ekki betur sèð, en reikningurinn eigi sèr einungis stað í heila varaforseta.

Benidikt Sveinsson: Ef þessi reikningur er óviss, þá er hitt líka óvíst; það eru jafnt getgátur að miklu leyti á báða bóga.

Jón Guðmundsson: Þingmanni Reykvíkinga er vorkunn, þó hann taki svona í málið; hann hefir byggt svo marga loptkastala á seinni tíð í skólamálinu, að það er von, þó hann ekki vilji sjá fleiri uppástungur í því falla um koll; áætlun mín er byggð á óræk-um tölum, en hans á tómum heilaspuna.

Lèt forseti síðan ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var það samþykkt með 22 atkvæðum.

Var síðan 5 manna nefnd samþykkt með 14 atkv. gegn 10, og í hana kosnir þessir:

J. Guðmundsson	með	19 atkv.
B. Þórðarson	—	14 —
P. Pètursson	—	12 —
H. G. Thordersen	—	11 —
B. Pètursson	—	6 —

Var málið síðan afhent flutningsmanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nefndarálitið um hreppaskilaþing til undirbúningsumræðu. Málið var afhent framsögumanni.

Sveinn Skúlason (framsögumaður): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp fyrir þinginu:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 118.

Eg þarf ekki að bæta neinu við, því það, sem eg vildi segja er tekið fram í nefndarálitinu. Eg held, að þinginu eða landsmönnum geti það ekki verið til nokkurs tjóns, þó tímanum sè breytt samkvæmt því, sem nefndarálitið fer fram á, svo farið verði eptir hentugleikum bænda og annara, er að málinu standa.

Jón Hjaltalín: Hefir þetta mál verið borið undir amtmanninn í Norður- og Austuramtinu, eða hefir hann gefið nokkurt samþykki í þessu efni?

Framsögumaður: Það stendur eigi neitt um það í bænarskránni, og eg sè ekki heldur að þess við þurfi, þar sem hèr er um lagabreyting að gjöra, sem beint heyrir undir þingið; eg get heldur ekki sèð, að það geti verið nokkur ástæða til þess, að amtmaður muni verða því mótfallinn.

Jón Hjaltalín: Eg vek máls á þessu, af því það er stundum vandi stjórnarinnar að bera þess háttar mál undir álit embættismanna, og gæti verið að þessi aðferð tálmaði fyrir málinu.

Stefán Jónsson: Eg er viss um, að amtmaðurinn ekki muni verða því mótfallinn, að bænarskráin fái framgang, og að hann í þessu sem öðru vill fylgja lögum; þetta mál hefir líka komið til hans kasta að því leyti, að þegar hann hefir skoðað sveitarbækurnar, þá hefir hann getið þess í uppáskriptinni, hvenær hreppaskilaþingin eigi að haldast, því stundum hafa menn neyðzt til, vegna óhentugleika tímans, að brjóta löggjöfina. Þessu var það að kenna, að menn óskuðu að fá breytingu á þeim tíma, sem hèr ræðir um, svo að tíminn yrði hentugri fyrir alla, og að lögin undir eins væru haldin í heiðri. Eg get heldur ekki sèð, að það geti verið nokkrum til skaða, að tíminn sè rýmkaður, og það, þó það sè um allt land; menn geta eins haldið hreppaskilaþingin á sama tíma og áður, þar sem lagaboðið hefir átt vel við, því seinna takmark tímans er hið sama og það áður var; þetta getur því ei skert nokkurs rèttindi. Ef þingið yrði þessu mótfallið, er eg viss um, að bænarskrár um þetta mundu úr öðrum hèruðum landsins koma inn til þingsins framvegis, og þá væri það ekki annað en

tímatöf. Hvað stjórninni viðvíkur, þá sè eg heldur ekki neina ástæðu til þess, að hún verði málinu mótfallin.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, vil eg benda þinginu til þess, sem stendur í hinni konunglegu auglýsingu um tímann til að halda manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðarsýslum.

Jón Hjaltalín: Eg vona, að hinn háttvirti framsögumaður taki ekki orð mín á þá leið, að eg hafi viljað ónýta málið fyrir Eyfirðingum.

Pall Melsteð: Eg mæli með nefnd af því, að mèr er kunnugt, að hreppaskilaþing á vorin eru víða um land haldin á öðrum tíma en löggjöfin gjörir ráð fyrir. Eg álít miklu rèttara að hafa lagaheimild fyrir öllu slíku, en gjöra það eptir eiginn geðþótta hreppstjóranna.

Jón Guðmundsson: Mèr finnst ekki vera full ástæða til þess, að þessari breytingu svona sè komið á yfir allt land, einkum þegar bænarskráin er send frá svo fáum; margir mundu máske þakka hjartanlega fyrir breytinguna. Eg vildi því áskilja mèr það breytingaratkvæði; »innan Eyjafjarðarsýslu», því mèr finnst ekki ráðlegt að breytingin nái lengra.

Stefán Jónsson: Eg held að varaforseti hafi ekki tekið rètt eptir nefndarálitinu. Það getur engum manni verið mein í því, að tímabilið sè lengt, því það er ekki þrengt að nokkurs manns rètti fyrir það; menn geta eins notað sama tímann og áður var fyrir þessu, öðru mál væri að gegna, ef beðið væri um að stytta tímann, þá fyrst gætu menn talað um að þrengt væri að rètti annara. Eg ímyndaði mèr þvert á móti, að mörgum mundi koma það betur, að hafa fríari hendur í tilliti til tímans. Ef menn þrengdu tímann, þá fyrst hefðu ástæður varaforseta nokkuð að segja eins og eg hefi áður tekið fram.

Jón Sigurðsson: Eg vil bæta því við það sem þingmaður Eyfirðinga sagði, að það sem hefir gjört, að bænarskrá einungis hefir komið úr Eyjafjarðarsýslu um þetta mál, en ekki úr öðrum hèruðum, kemur af því, að yfirvöldin hafa almennt ekki gengið ríkt eptir því, að ákvörðunum lagaboðsins um vorhreppaskilin væri stranglega fylgt nema í Eyjafjarðarsýslu, þar hefir amtmaður sjálfur gengið rikt eptir, að lagaboðinu væri fylgt, og er það samkvæmt öðrum embættisdugnaði hann að láta ekki embættismönnum haldast uppi, að brjóta lögin svona rètt undir handarjaðrinum á sèr;

en hvað aðrar sýslur snertir, þá veit eg ekki til að hann hafi skoðað hreppsbækurnar þar, eða hann geti vitað með vissu, á hverjum tíma hreppaskil eru haldin, og því hafa yfirvöldin, eins og eg sagði áðan, ekki gengið eins ríkt eptir að lagaboðinu væri fylgt.

Magnús Andrèsson: Eg vil geta þess, að í Árnessýslu er hinn lögskipaði tími of þröngur; það hefir optar komið fyrir, og seinast í vor, að orðið hefir að rýmka um tímann, og var það af því fènaður ekki var í standi til framtals, svo bíða varð þangað til seint í júní. Eg er þess vegna fullviss um, að fleirum muni koma það mjög vel, að þessi breyting komist á.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil leiða athygli þingsins að því, að það getur tafið málið fyrir Eyfirðingum, að lagaboðið verði látið gilda fyrir allt land, því stjórnin mun ei leyfa það, fyrr en hún hefir leitað álits allra amtmannanna. En snerti það einungis Eyjafjarðarsýslu, þá er amtmaður til staðar í Höfn nú sem stendur og þarf því ekki ef til vill að dragast, að stjórnin geti náð í álit hans á málinu.

Ásgeir Einarsson: Eg sè að þingmaður Reykvíkinga vill beita því vopni á aðra, sem ekki beit á hann á seinasta þingi. Hann hèlt í fyrra, að stjórnin mundi ekki kæra sig um að leita samþykkis amtmannsins fyrir vestan, þegar rætt var um breytingu á manntalsþinga tíma í Ísafjarðarsýslu, og nú heldur hann þó, að stjórnin verði að leita álits allra amtmannanna um hreppaskilaþingin, en skyldi þessa þurfa við, held eg stjórnin geti leitað þessara mikilvægu upplýsinga eða álits í 2 ár til næsta alþingis. Eg sè eigi hvað þetta meira frelsi getur kreppt að Íslendingum; en sú tilhögun sem nú er, hún kreppir að, og eg þori að fullyrða, að víða fyrir vestan, er þetta lagaboð haft í litlu gildi.

H. Kr. Friðriksson: Í auglýsingu til alþingis stendur beinlínis þetta: »eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi embættismanna.

Stefán Eiríksson: Mèr getur ekki annað fundizt enn nefndin hafi farið of langt, og út fyrir takmörk bænarskráarinnar, og eg skildi hana svo, þegar hún var lesin hèr upp, að hún væri hèr einungis fyrir Eyjafjarðarsýslu, og eins og hinn háttvirti varaforseti tók fram, á það ekki nærri alstaðar við, t. a. m. í Skaptafellssýslu; þess rýmkun, sem nefndin hefir gjört, því Skaptfellingar þurfa mjög langan tíma til kaupstaðaferða, og getur því að borið, að þeir ekki yrðu komnir heim aptur fyrri enn í miðjum júlí, því er það hagkvæmast að minni skoðun, að hreppaþing sèu þar eins og að undan-

förnu um fardaga, og af því nefndin hefir svo rúmt svið í þessu efni er það máske ekki til neinna breytinga víða um land.

Stefán Jónsson: Það skyldi vera sú einasta undantekning, að þetta gæti átt illa við í Skaptafellssýslu, en þá er ei annað en að þingmaðurinn taki sèr breytingaratkvæði um, að allt standi þar við það sama sem fyrr hefir verið; en þó nú svo væri, sem þingmaður Austurskaptfellinga sagði, þá gæti það ei gjört neitt til, þó tíminn væri rýmkaður, því, þar sem hann er rýmkaður aptur á bak, þá geta þeir haldið hreppaskilaþingin á sama tíma og áður, og ef þeir hafa haldið þau frá þeim 16—24, þá þurfa þeir ekki að nota þessa 10 daga, sem tíminn er rýmkaður aptur á bak.

Jón Pálmason: Mig furðar á því, að nokkur skuli tala verulega á móti þessu máli, því eg sè ekki, að rèttur sè tekinn frá nokkrum þeim sem vilja brúka þá venju, sem áður var, því það er ljóst að hverjum sem vill er það einnig innan handar eptirleiðis, þrátt fyrir þetta nefndarálit, eins og hefir verið tekið fram, eða þó breytingin yrði að lögum.

Framsögumaður: Frá sjónarmiði beiðenda, sè eg ekki neitt á móti því, að breytingaratkvæði varaforseta komist að. En vèr nefndarmenn skildum svo, þó bænin kæmi frá einni sýslu, þá mundi það þó vera rèttara, að málið væri gjört gildandi fyrir allt land, því annars væri öll ástæða til að halda, að bænarskrár kæmi aptur og aptur til þingsins frá ýmsum sýslum og væri það þá einungis til tafar á þingi, ef það þyrfti að taka málið til umræðu í hvert skipti sem slík bæn kæmi utan úr landinu, og það þóttumst vèr vissir um að verða mundi; nefndinni gekk því það til, að spara tímann fyrir þinginu. Ef þingmaður Austusrkaptfellinga vill taka sèr breytingaratkvæði um, að Skaptafellssýsla verði undanþegin, þá sè eg eigi að það skaði málið.

Páll Sigurðsson: Eg skil ei að þetta geti skaðað nokkra aðra sýslu, því það hlýtur að vera rýmkun fyrir alla. Eg er því alveg meðmæltur nefndarálitinu, því það hefir mörgum fleiri mönnum fundizt að tíminn, sem lögskipaður er, væri of þröngur.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnist, að ef nokkrir þingmenn vissu til að meinbugir væru á um þetta í þeirra kjördæmum, þá ættu þeir að segja til þess í tíma, og taka sèr breytingaratkvæði.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Eg vil þá skora á þingmenn, að þeir kjósi ritnefnd þá, sem

vant er að velja til að standa fyrir prentun þingtíðandanna. Eg veit eg þarf ei að taka það fram, að það verða að vera búsettir menn hèr í Reykjavík.

Pètur Pètursson: Eg vil biðja þingið að hafa mig undanþeginn þessum starfa, að þessu sinni.

Var síðan gengið til kosningar, og þessir kosnir:

Sv. Skúlason með 17 atkv.
P. Melsteð — 11 —

Forseti: Eg skal geta þess, að til þingsins eru komnar: bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu um *brauðasundrung* og *fleira* og uppástunga þingmanns Reykvíkinga um *alþingissetu þeirra, er eiga 100 hundruð í jörðum.*

Fleiri þingmenn hafa kvartað yfir því, að óhentugt væri að nota tíðindin í heptum, vil eg því stinga upp á, að skipt sè um þau óinnbundnu tíðindi fyrir 1861, fyrir önnur innbundin, sem þinginu standa til boða, með því móti, að bandið verði borgað, og álít eg það samþykkt, ef enginn mælir á móti því. Ákveð eg svo fund til þess á morgun um hádegisbil.

Fundi slitið.

Tíundi fundur — 15. júli.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagsskráarinnar, skal eg geta þess, að eg hef fengið tilkynningu um, að í nefndinni um stjórnarbótarmálið nr. 2 er kosinn formaður hinn 3 konungkjörni þingmaður og skrifari þingmaður Borgfirðinga. Í málinu um breytingu á skólareglugjörðinni, er kosinn formaður hinn 2. konungkjörni þingmaður og skrifari þingmaður Reykvíkinga. Til þingsins er komin uppástunga frá þingmanni Árnesinga um *barngetnað í meinum.* Eg skal svo leyfa mèr, að lesa upp brèf stipsyfirvaldanna áhrærandi prentun þingtíðindanna.

Eg vil nú leyfa mèr, að bera upp undir álit og atkvæði þingsins, hvort þessir kostir sè eigi aðgengilegir; höfuðatriðin eru hin sömu sem að undanförnu, hin sèrstöku atriði eru kannske nokkuð nákvæmari, en vandi er til. Eg vil um þetta óska meiningar einkum hins háttvirta varaforseta, sem bæði er þessum störfum svo vanur, og sem einnig tekur við allri forstöðu fyrir þeim í þinglok. En eg vil einnig mælast til, að hann nú þegar taki við þessum

starfa að mestu eður öllu, þar sem eg ekki áður hefi fengizt við hann, hann þar á móti er þessum starfa vanur, og hefir áður, sem alþingisforseti, haft hann á hendi.

Jón Guðmundsson: Um það sem hinn háttvirti forseti skoraði á mig, þá vii eg eigi skorast undan að eiga nú þegar þann hlut að prentuninni, sem á forseta hvílir, enda verður það nú lítið, meðan á þinginu stendur. En jafnframt vil eg, eins og í fyrra áskilja mèr rètt til að eiga beinlínis við stiptsyfirvöldin sem yfirstjórnendur prentsmiðjunnar en ekki aðra, um allt hið verulegra, sem þörf kynni að vera að semja um eða bæri í milli. Að öðru leyti eru nú komin nýmæli fram í stiptsyfirvaldabrèfinu, þar sem eru þessi smásmuglegu atriði, sem fram eru tekin í skilmálunum; en eg skal nú láta þau liggja milli hluta að svo stöddu, enda eru sum þeirra ekki svaraverð.

Forseti: Mèr verður að vera annt um, að þingið ei undirgangist það, sem forseta yrði kennt um á eptir, að ei hefði verið fullnægt. En eg álít nú þessa kosti, sem stiptsyfirvaldabrèfið setur, ekki svo, að það sè ei ráðlegt að ganga að þeim. Að öðru leyti vil eg sèr í lagi halda mèr til hinnar heiðruðu ritnefndar, og einkum heyra álit hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga, sem hefir tekið að sèr lestur prófarkanna, og ef ritnefndarmennir álíta að þessum kostum verði fullnægt, sýnist mèr líka, að þingið geti gengið að þeim.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst nú reyndar öll ástæða til að þakka þinginu fyrir, að það hefir kosið mig í ritnefndina, en eg verð þó jafnframt að sýna fram á þann vanda, sem fyrir ritnefndina leiðir af stiptsyfirvaldabrèfinu. Eg er þó undir eins kominn svo mikið inn í ritnefndarstörfin, að eg finn ástæðu til að skora á forseta, að hrinda frá sèr og þinginu öllu því, sem ójöfnuður er í í skilmálum yfirstjórnar prentsmiðjunnar. Yfirstjórn prentsmiðjunnar hefir reyndar ekki heimtað meiri borgun fyrir prentun tíðindanna í ár en endrarnær, en hún er líka sannarlega nógu há, þegar litið er til þess ábata, sem prentsmiðjan hefir af því, að fá tíðindin til prentunar, og menn hefðu reyndar getað búizt við tilslökun í kostnaðinum, þegar þess er gætt, að við erum ekki bundnir við prentsmiðjuna hèr, heldur getum vèr kosið oss annan veg, sem enda mundi verða kostnaðarminni, að láta prenta tíðindin, og að því getur líka rekið framvegis, ef ekkert verður slakað til. En mèr finnst sumar þessar smágreinir í stiptsyfirvaldabrèfinu alveg

óframbærilegar fyrir þingið, og þessi smáskilyrði alveg óþolandi fyrir ritnefndina. Hver á að standast þann kostnað, sem leiðir af því, að senda í prentsmiðjuna hvert blað? Í hverri próförk verða nú 8 blöð, sem sendast eiga sitt í hverju lagi; nú gjöri eg ráð fyrir, að til lesturs á hverri próförk þurfi að minnsta kosti 2 tíma, og þá á að senda í prentsmiðjuna eitt blað á hverjum fjórðungi stundar; og til þess veit eg ekki hver vill halda mann, nema ef þingið vill á sinn kostnað halda þingsvein til þess, þangað til prentun alþingistíðindanna er lokið. En annað má heldur ekki gleymast, sem reyndar vantar í aptur á móti, sem skuldbindingu fyrir stipsyfirvöldin og það er það, að arkirnar sè bærilega settar; því ef þær eru vel settar er auðvitað, að prófarkalesturinn gengur greiðar; en eg held menn geti gjört ráð fyrir, að setningin verði eins og vant er, misjöfn. Ef því svona opt á að senda til prentsmiðjunnar, þá held eg hún sjálf verði að láta senda eptir þessum smáblöðum; því að láta ritnefndina annast um það, er óþolandi skilyrði. Eins er hitt líka ósanngjarnt, að öllum prófarkalestri á hverri örk skuli vera lokið á 6 stundum, nema ef setningin í fyrstu er mjög góð. En á móti þessu skilyrði er ekkert loforð yfirstjórnar prentsmiðjunnar um það, að setningin skuli vera góð; allt er heimtað af þinginu, en ekkert af prentsmiðjunni. Þetta vil eg leggja forseta á hjarta að íhuga. Annað atriði, sem eg vildi taka fram, er 6. atriðið í stiptsyfirvaldabrèfinu, að borga skuli sèr á parti allar smáleiðrèttingar, sem gjöra þurfi á eptir. Í þessu kemur hinn sami einstaki ójöfnuður fram, að þar sem borgunin fyrir prentunina er svo góð, skuli ekki mega hagga neinu nema fyrir sèrstaka borgun; eg held prentsmiðjan hafi nógan hag samt af prentun tiðindanna, þó hún yrði að leiðrètta, eða bæta inn í einni eða hálfri línu í hverri örk, ef á þyrfti að halda. Og þó nú þingið gengi að þessu skilyrði, þá vantar samt skuldbindingu prentsmiðjunnar aptur á móti, að þingið fái borgað af henni, ef línur heilar eða hálfar, sem í handriti standa, vanta inn í hjá setjurum hennar; það er þó jafnsanngjarnt hinu. Hvað 3. atriðið snertir, þá veit eg nú ei, hvort það er eins mikils virði, því eg ímynda mèr, að prentsmiðjan haldi það að fullu og öllu, sem hún hefir lofað í því efni, og hafi t. a. m. ekki massa nr. 2. í staðinn fyrir nr. 1, sem hún hefir lofað. Eg vona, að yfirstjórn prentsmiðjunnar sjái um, að þau atriðin sem ómerkilegust eru í brèfinu, og sem líklega ekki eru sprottin frá þeim sjálfum, heldur frá forstöðumanni prentsmiðjunnar, verði tekin svo liðlega og mann-

úðlega, sem henni er bezt lagið, og þá efast eg ei um, að þingið og forseti aptur á móti geti uppfyllt það, sem heimtað er í brèfinu, svo að greiðzt geti úr málinu.

H. Kr. Friðriksson: Að því er þessum skildögum um correctúru«-lesturinn snertir, þá finnst mèr mega laga þá eptir samkomulagi forseta við yfirstjórn prentsmiðjunnar; mèr finnst þeir allt of smásmuglegir, og eigi auðið að fylla þá. Eg vil nú ekki segja, að eg sè greiður að lesa prófarkir, en eg held þó, að eg geti borið nokkuð um það, og vil eg segja, að ef menn eiga, eins og vandi er, að lesa 3 prófarkir af hverri örk, þá verður ekki búizt við, að það sè gjört á minna en 8 stundum. 1. örkin verður þó að lesast saman við handritið, og til þess gengur, það get eg borið um, nokkuð á 4. tíma, nema menn hafi annan mann til samanlestburs, en það geta menn ei ætlazt til, að sá, sem les prófarkirnar, haldi hann á sinn kostnað. Eg vona því, sem sagt, að stiptsyfirvöldin lagi þetta eptir samkomulagi við forseta.

Forseti: Viðvíkjandi þessum sèrstaklegu atriðum í brèfi stiptsyfirvaldanna, þá get eg ei fundið mikið að þeim, því þó þau, eins og sumum hefir þótt, sèu nokkuð smásmugleg, held eg hèr eigi við máltækið, að »hreinir reikningar gjöri góða vini«. Annars er eg samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga í því, að þessi sèrstöku atriði mnni ei vera sprottin frá stiptsyfirvöldunnm sjálfum, heldur frá forstöðumanni prentsmiðjunnar (*Jón Guðmundsson:* Hvers nafn er undir brèfinu)? Nöfn stiptsyfirvaldanna standa undir brèfinu, en eg efast ekki um, að þau hafi borið sig saman við formann prentsmiðjunnar, og hann hafi stungið upp á þessum skilyrðum. Eg vona yfirhöfuð, að hinn háttvirti konungsfulltrúi sjái um, að ei verði gengið harðara að þinginu í þessu efni, en nauðsynlegt er. Eg hafði eptir samanburði við hinn háttvirta varaforseta, stungið upp á, að upplagið væri 600 expl., og veit eg ekki, hvort þingið er því samdóma.

Páll Melsteð: Eg vakti máls á því um daginn, þegar málið um skiptingu tíðindanna var tii umræðu, hvort ekki mundi vera tiltækilegt að leggja minna upp af seinni parti tíðindanna, sem ræðurnar eru í, því eg ætla, að landsmenn láti sig varða meir um fyrri partinn, en að ræðurnar mæli minna með tíðindunum. Eg sting því upp á þessu, að minna verði lagt upp af seinni partinum, því þar við sparast þó nokkur prentunarkostnaður. En hvað hinu viðvíkur, sem þingmaður Norðurþingeyinga og þingmaður Reykvíkinga

töluðu um, þá vildi eg stinga upp á, að við gætum haldið fund um það í dag, og borið okkur saman við þá, sem málinu eru kunnugir, og svo ritað stiptsyfirvöldunum brèf um það eptir því sem þá um semdist. Ekki verður því neitað, að mörg þessi sèrstöku atriði í stiptsyfirvaldabrèfinu eru mjög smásmugleg, og víst eru þau ekki beinlínis frá þeim sprottin heldur annarstaðar frá. Og eg held, að ef þeim væri stranglega fylgt fram, mundi ekki geta hjá því farið, að þau mundu valda bæði ýmsum ágreiningi og vífilengjum.

Pètur Pètursson: Eg verð að láta þá meiningu mína í ljósi, að eg er alveg samdóma hinum háttvirta forseta um það, að skilyrðin sèu ei of greinilega tekin fram af hálfu yfirstjórnarinnar. En eg er líka samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga í því, að þingið verði að fá vissu frá prentsmiðjunnar hálfu fyrir því, að hún uppfylli skyldur sínar við þingið. Þess vegna virðist mèr, að eitthvað verði að gjörast frá þingsins hálfu til þess, að þessi vissa fáist, og sýnist mèr þá tiltækilegast, að forseti gjörði nýjan samning við stiptsyfirvöldin, og bæri svo þann samning undir samþykki þingsins; þá fyrst álít eg málinu rèttilega ráðið til lykta.

Jón Iljaltalín: Það er nú bágt fyrir okkur, sem ekkert þekkjum til prentsmiðjustarfa, að bera um þetta mál. Eg vildi helzt, að forseti veldi vissa menn til þess að afgjöra það, og að öðru leyti hef eg svo gott traust til forseta og stipstyfirvaldanna, að þau geti komið málinu í gott horf. Eg get ómögulega fallizt á uppástungu þingmanns Snæfellinga, mèr finnst það svo afkáralegt, að af bók, sem ekki er nema í 2. bindum, sè ekki lagt jafnt upp af báðum bindunum, það er eitthvað svo fjarksalega eymdarlegt í því. Þegar okkur á annað borð sýnist að halda þingræðunum í tíðindunum, þá finnst mèr það of smásmuglegt, að leggja minna upp af þeim partinum, sem þær eru í, bara til að spara dálítið af pappír.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil lýsa skoðun minni á þessu máli í sömu átt, og hinn 5. konungkjörni þingmaður. Um málið sjálft þá vil eg, að forseta með ritnefndinni sè falið á hendi að jafna þessi smá-atriði við yfirstjórn prentsmiðjunnar, og vil eg svo, að þingið nú þegar samþykki þessa kosti, sem brèfið fer fram á, með þeim fyrirvara, að þessi smá-atriði verði jöfnuð. Um hitt, sem þingmaður Snæfellinga fór fram á, þá finnst mèr, að vèr megum eigi nú þegar leggja minna upp af síðari hluta tíðindandanna, meðan það er enn óreynt, hvort landsmenn vilji kaupa minna af honum

en hinum; hver veit nema landsmenn fýkist meira í ræðurnar, en hinn partinn, og þá væri það óhaganlegt, að leggja minna upp af þeim; að minnsta kosti eigum vèr, meðan það er óreynt, hvor parturinn verður vinsælli, að láta jafnt ganga yfir partana báða; auk þess, sem það er laglegast, eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður tók fram, að leggja jafnmikið upp af 2 pörtum af einni og sömu bók, og það virðist mèr að þingið verði að gjöra, meðan engin ástæða er til, að breyta öðruvísi.

Forseti: Þingmaður Snæfellinga gjörði heldur enga uppástungu um, hve miklum mun minna, upplagið ætti að vera af síðari partinum, og ef hann ekki vill falla frá uppástungu sinni, verð eg að biðja hann að ákveða hana nákvæmar í þessu tilliti. Eg met það nú mikils, að báðir ritnefndarmennirnir hafa álitið að þessi skilyrði sem er farið fram á, geti máske með nokkurri breytingu orðið aðgengileg. En eg vil leita atkvæða þingmanna um það, hvort þeir fallist á það, sem hefir verið stungið upp á, að forseti og ritnefndarmennirnir taki sig saman og skrifi svo brèf til stiptsyfirvaldanna, ef þurfa þykir, og ef þingið samþykkir þetta, þá óska eg að vita, hvort brèfið skuli berast undir þingsins álit og atkvæði, eða að þingið álíti þess ekki þurfa.

Ásgeir Einarsson: Mèr skildist á þingmanni Borgfirðinga, að hann vildi láta bera þetta strax undir atkvæði þingsins með þessum fyrirvara, að forseti og ritnefndin komi sèr saman um málið. Eg verð heldur að vera með þingmanni Snæfellinga, að þegar forseti og ritnefndarmennirnir hafa samið á ný við stiptsyfirvöldin, sè reglulegra að bera það undir atkvæði þingsins.

Arnljótur Ólafsson: Mín uppástunga var ekki tekin vel fram. Eg stakk upp á, að brèfið væri samþykkt nú þegar með þeim fyrirvara, að forseti með ritnefndarmönnum bæri sig saman um smáatriðin við prentsmiðjuna. Ef þeir þá koma sèr saman, þá þarf eigi meira, eða eigi þarf að bera það aptur undir þingið. En ef þeir koma sèr ekki saman, þá er sjálfsagt að bera þann ágreining undir atkvæði þingsins. Þetta var meiningin í uppástungu minni.

Forseti: Eg verð að aðhyllast ræðu þessa þingmanns, sem nú talaði, því þar sem prentun tíðindanna einkum viðkemur forseta og ritnefndinni, þá álít eg ekki stranglega tekið, að það komi sèrlega þinginu við.

Ásgeir Einarsson: Þar sem eg heyrði nú þingmann Borgfirðinga taka uppástungu sína greinilegar fram, og sè, að þingið

er ekki alveg útilokað frá atkvæði í málinu síðar, þá læt eg mèr nægja.

Páll Melsteð: Eg kastaði einungis fram þessu áliti mínu áðan um að fækka exemplörunum af seinni partinum, án þess að gjöra um það neina beina uppástungu, og til er eg með að falla frá því aptur.

Forseti: Eg álít þá, að ei verði rætt meira um þetta mál að svo komnu.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga varaforseta áhrærandi gjafabrèf Kelsalls.

Málið afhent uppástungumanni.

Jón Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að lesa uppástunguna.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 119.

Eg hef nú tekið fram allar helztu ástæðurnar í uppástungunni, og þau atriði, sem lúta að málinu, og skýrskotað til brèfa stjórnarinnar og stiptsyfirvaldanna, sem finnast í stjórnartíðindunum áhrærandi þetta mál. Mèr sýnist, að þær 2 aðalástæður stjórnarinnar fyrir drættinum ekki bjóða svörum, þessar, 1. að fèð sè enn þá ónógt til þess að stofna svo stórt hús, sem geti verið fyrir stiptsbókasafnið, bókasafn prestaskólans, og lestrarstofur handa prestaskólanum; 2. að af því fè Kelsalls mundi ganga nálega allt til þess að koma upp húsinu, og varla verða neitt aflögum til annars, sem gjafabrèfið alls ekki ráðgjörir, þá megi heldur ekki verja fè þessu til þess, sem gjafabrèfið einmitt áskilur, að því sè varið til, nefnilega að byggja bókhlöðuhús handa lærða skólanum einum. Þessar ástæður eru svo einstaklegar og fáheyrdar, að slíkar eru víst óheyrðar þó víða væri leitað. Kelsall hefir ekki gefið fèð, nema til að koma upp húsi handa bókasafni skólans. Það er þess vegna merkilegt, að stjórnin skuli láta þessi orð heyrast og sjást eptir sig á prenti, og hafa þó gjafabrèfið fyrir sèr, sem tekur skýrt fram tilganginn, sem fèð er gefið í. Það er sannarlega ísjárvert, að stjórnin skuli ekki að eins taka undir sig þá hina eldri sjóði, sem við eigum og halda þeim fyrir oss, og vilja eigi regluleg skil standa af þeim, eins og er um Kollektusjóðinn og sjóð Jóns Thorchillii, heldur ef einhver göfugur útlendingur vekst upp til að gefa okkur fè í fast ákveðnum tilgangi, þá segir hún: nei, ekki skaltu fara með það þangað, þeir mega ekki fá það eða nein not af því, við skulum sjá því borgið og geyma það fyrst um sinn. En Danir fóru líka að geyma Kollektusjóðinn og Thorchilliisjóðinn fyrst um

inn; 100 ár eru nú liðin síðan síðari sjóðurinn var gefinn og stofnaður, en svo hefir hans verið rækilega gætt í höndum Dana, að í stað þess, að hann er nú að eins 26000 dala, og það að meðtöldu verði allra jarðanna og vöxtum af þeim frá því um 1830—40, þá hefði hann nú mátt vera orðinn um 200,000 rd., sjálfur peningasjóðurinn, *auk* verðsins fyrir allar jarðirnar, sem hèr voru í landinu. Eg tek þetta fram til að sýna, hve drjúgir að fjársjóðir vorir verða í höndum stjórnarinnar í Danmörku, — allir þekkja um kollektusjóðinn, — og hversu hún alveg ófyrirsynju grípur inn í sèrhver skýlaus rèttindi Íslendinga, og lætur ekki einu sinni testamenti útlendra göfugmanna óáhrærð eða í friði, ef það getur orðið oss til góðs. Dauðs manns gjöf hefir þó ekki minni rètt á sèr, en lifandi manns. Mèr þætti það þó hart, ef eg væri þess umráðandi, að gefa nokkrar þúsundir dala til einhvers ákveðins augnamiðs í opinberar þarfir eður til guðsþakka lagið, og eg skýrði svo stjórninni frá þessu og fæli henni að sjá því borgið sem fyrst, að hinum ákveðna tilgangi mínum yrði framgengt, eg skyldi aptur sjá því borgið, að áheitisfèð yrði jafnótt og tafarlaust greitt af hendi, — mèr þætti þá bart, segi eg, að stjórnin kæmi þá, og segði: nei, nei góðurinn minn, færðu mèr þetta fè strax til geymslu, því það er að sönnu nóg til að framkvæma það, sem þú ætlast til, en það er ekki nærri nóg til annars sem við vildum setja í samband við þessa þína stofnun, þó að það í raun rèttri komi henni ekki við. Hvaða stjórn mundi leyfa sèr þessa aðferð við lifandi manns gjöf í ákveðnum tilgangi? Alls engi. En þá er það margfalt lúalegra og lítilmannlegra að ráðast svo að síðasta vilja dauðs manns, og vilja breyta honum og gjörumsnúa, sem enginn mundi leyfa sèr nè komast fram með, ef gjöf lifandi manns ætti í hlut. Eg vona nú, að þingið gefi máli þessu góðan gaum, og setji nefnd í það.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst þó ekki að menn megi kasta of þungum steini á stjórnina, því það vita menn þó, að hún hefir gjört þetta í góðum tilgangi, þó það má ske ekki sè alveg eptir gjafabrèfinu; og þó er eg ekki viss um, að það sè svo alveg bindandi, því þessi orð: »faithfull« og »prompt« geta útlagzt ýmislega. En eigi að síður neita eg því ei, að uppástungumaður hefir haft nokkra ástæðu til að hreifa málinu, því mörgum hefir þótt undarlegur þessi dráttur á framkvæmd gjafabrèfsins. En eg vil eigi að menn leggi verri meiningu í aðferð stjórnarinnar en er. Að öðru

leyti munu nú stiptsyfirvöldin geta gefið beztar upplýsingar um þetta efni.

Konungsfulltrúi: Eg hlýt að vera hinum heiðraða uppástungumanni samdóma í því, að það mælir mikið fram með því, sem hann sagði, að halda sèr bókstaflega við ráðstöfun gjafarans í þessu máli. Þetta er skylda hinna eptirlifandi í slíkum tilfellum. En eg verð jafnframt að vera á sama máli og hinn heiðraði konungkjörni þingmaður sem nú mælti, að ekki sè nein ástæða til þess að kasta þungum steini á stjórnina út af því fyrirkomulagi sem hún hèr hefir álitið hið rèttasta, því tilgangurinn er auðsjáanlega góður. Það er líka satt, að gjafarinn ætlast ekki til, að gjöf hans verði varið til annars, en einmittt til þess að byggja hús handa bókasafni skólans, og það liggur því fyrir utan hans ráðstöfun, að gjöf hans skuli bera kostnað til bókavarðar, af ábyrgð hússins í brunabótarsjóði, og því um líkt, því þenna kostnað hefir hann sjálfsagt ætlað, að stofnunin skyldi bera. En þó eg þannig aðhyllist skoðun uppástungumanns yfirhöfuð, er eg þó hins vegar hræddur um, að hlutaðeigandi ráðherra, sem eptir ítarlega yfirvegun er kominn til þessarar niðurstöðu, sem tekin hefir verið fram, naumast muni vilja breyta henni, því það mælir mikið með henni. En að öðru leyti er það á valdi þingsins, hvernig það fer í þetta mál.

Pètur Pètursson: Það er er nú persónuleg athugasemd, sem eg vildi leyfa mèr að gjöra. Þar sem nefnilega prestaskóli er nefndur, þar er mèr jafnan blandað inn í. Mèr er nú ekki ókunnugt það samband, sem þetta mál er komið í við prestaskólann; en það er þó ei af mínum völdum, sízt, eins og eg hef heyrt utan að mèr, að sumir hafi ætlað, að eg hafi verið frumkvöðull þess. Álits míns var að vísu leitað um þetta, og eg tók fegins hendi á móti því, að bækur prestaskólans mættu verða þar geymdar. Menn vita nú, að 200 rd. eru lagðir til í húsaleigu fyrir lestrarstofur handa prestaskólanum, en allir sem þekkja til, vita hve óhentugur sá staður er, sem prestaskólinn nú er á; eg stakk því upp á, að stjórnin legði til svo mikið fè, sem 200 rd. væri leiga af, nefnil. 5000 rd. í viðauka við gjöfina, svo prestaskólinn gæti fengið þar lestrarstofur, og húsið yrði við það miklu veglegra, og til meiri prýði fyrir bæinn. En þar við var bætt einu atriði, sem eg ekki stakk upp á, að prestaskólamenn skyldu geta haft húsnæði í húsinu; en þetta þótti mèr gjöra uppástunguna alveg óhafandi, því

húsið hefði þá ei lengur verið óhult fyrir eldsvoða. Eg verð því að mæla með, að nefnd sè sett í málið.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð líka að styðja að því, að nefnd sè sett í málið, þar sem það eru bein orð gjafarans, að verja fènu þegar til húsagjörðar handa bókasafni skólans; það er því alls eigi rètt, að geyma þá, til að biða eptir einhverju öðru, sem er óviðkomandi tilgangi gjafarans, og þó fèð sè á vöxtum, gæti svo farið, að ekki yrði eins mikill hagnaður af því, eins og menn ímynda sèr, því gildi peninganna breytist; þannig vita menn, að fyrir 20 árum mátti koma jafnmiklu fram með 4000 rd. eins og 6000 rd. nú, og þó nú þessi sjóður væri látinn aukast enn í 20 ár, er ekki víst, að árangurinn yrði meiri, heldur en þótt væri farið að verja þeim nú þegar. Við það bætist líka, að menn missa alveg notin af stofnuninni sjálfri, meðan dregið er að reisa hana. Eg verð því fastlega að mæla með, að nefnd sè sett í málið.

Sveinn Skúlason: Mèr sýnist líka sjálfsagt, að setja nefnd um málið, því mèr finnst skylda þingsins að stuðla með öllu móti til þess, að strax verði byrjað á byggingunni, eptir beinlínis orðum gjafabrèfsins. Ef byggja ætti húsið stærra en gjöfin hrekkur til, svo að prestaskólinn gæti haft lestrarstofur þar og bókasafn prestaskólans og stiptsbókasafnið ætti að geta fengið þar húsrúm, og stjórnin í þessu augnamiði ætlaði að leggja fè til, þá ímynda eg mèr, að hún sè ekki svo fèlaus, að hún geti ekki eins lagt fèð til strax. Að öðru leyti finnst mèr þetta vera alveg hinu óskylt og óviðkomandi. Þetta á að verða ofan á í þinginu, að gjafabrèfinu sè fullnægt *undir eins,* hvort heldur að fènu verður varið til bókhlöðu handa skólanum að eins, eða menn sameina við það annað augnamið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held og, að það hafi frá upphafi verið röng aðferð, að byrja ei strax að verja hinu gefna fè samkvæmt tilgangi gjafarans, og skal eg með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði um merkingu tveggja áríðandi orða í gjafabrèfinu í frummálinu að eins geta þess, að það getur alls ei verið nokkur efi á því, að »*prompt*» merkir hèr um bil »fyrirstöðulaust«, en í »*faithfull*« liggur aptur að framkvæmdin eigi að vera samkvæm tilgangi gjafarans. Eg efast nú að vísu alls ekki um, að tilgangur stjórnarinnar með því að víkja nokkuð frá því, sem fyrirrætlað var, hafi verið hinn bezti, en eg held þó, að hún hafi heldur misskilið hvað henni var leyfilegt með vilja dauðs manns; og eg skildi því og uppástungu hins hátt-

virta varaforseta svo sem það engan veginn hefði verið tilgangur hans að bera stjórninni nokkuð á brýn, heldur miklu fremur að eins að firra hana vítum, og það þeim vítum, sem verst eru allra víta, nefnilega sjálfskaparvítum. Ef fara ætti svo að breyta fyrirætlun gjafarans á annað borð, þá mætti og efast um, hvort ei væri tilhlýðilegra að breyta henni á annan hátt, en eins og stungið hefir verið upp á, að nota tækifærið til þess að útvega prestaskólanum húsnæði, því þá sýnist það þó að liggja miklu nær tilgangi gjafarans, ef menn t. a. m. vildu láta nota það hús, sem hann hefir gefið fè til að reisa, ei að eins til þess að geyma í því skólabókasafnið, heldur og einnig líka stiptsbókasafnið, sem heldur ekki á sèr ofgóðan samastað sem stendur. Eg óttast það og, ef menn hugsa um of um að verja fènu til prestaskólahúss, þá kunni vel að fara svo að komi seint að nokkru haldi, því hver veit, þar sem vèr nú eigum von á að fá lagaskóla og svo líklega læknaskóla bráðum, hver veit nema stjórninni kynni þá að fara að detta í hug að geyma það og ávaxta þangað til það einnig væri orðið nóg til þess að reisa öllum þessum þremur skólum í sameiningu hús fyrir það? En þá fer eg nú að verða hræddur um, að um þessa gjöf kynni að fara eins og sagt hefir verið um jarðagjöf Jóns heitins á Böggvisstöðum, sem gaf fátækum mikið i jörðum, en það á þann hátt, að þeir seint munu hafa samsvarandi gagn af góðvilja hans. Eg verð fastlega að styðja uppástungu hins háttvirta varaforseta og óska að nefnd verði sett í málinu.

Jón Guðmundsson: Eg þarf nú ekki að mæla margt með uppástungunni, því flestir hafa stutt hana. Að eins vildi eg svara hinum háttvirta konungsfulltrúa nokkrum orðum. Orð hans voru mjög eptirtektaverð. Hann sagðist kvíða því, að bæn þingsins mundi ekki fá áheyrn, af því að kirkju- og kennsluráðgjafinn mundi vera ófús að breyta skoðun sinni og auglýstum úrskurði. Eg verð nú að vísu að álíta þetta skoðun konungsfulltrúa, og að hann því muni mæla með málinu samkvæmt þessu, þegar það kemur frá þinginu. En eg bið konungsfulltrúa og stjórnina að segja mèr, á kirkju- og kennslumála ráðgjafinn nokkuð með að fresta framkvæmd gjafabrèfsins, hvar er honum gefin heimild til þess í gjafabrèfinu, eða hvaðan hefir hann þá heimild fengið? Vèr sjáum nú af brèfunum stjórnarráðsins frá 1859, að erfingjarnir hafa vefengt gildi gjafabrèfsins, eg vil því gjöra ráð fyrir einu dæmi, sem þó liggur mjög nærri, að málinu yfirhöfuð og þessari aðferð dönsku stjórn-

arinnar yrði hreift í enskum blöðum, og erfingjarnir frèttu svo, hvernig komið væri, að ekkert væri farið að gjöra til að fullnægja gjafabrèfinu; kæmu síðan hingað til lands til að skoða byggínguna, og svo þegar þeir sæi, hvað um er að vera, færi þeir til ráðherrans og segði: við ætluðum að fara að skoða bókhlöðuhúsið hans frænda okkar sáluga í Reykjavík, en það var þar þá ekki; þèr hafið þess vegna ekki varið gjöfinni samkvæmt vilja gjafarans, gjörið því svo vel, herra minn, að standa reikning yðar ráðsmennsku og selja okkur fram gjöfina, því hún er orðin okkar rèttileg eign. Eg held ekki að kirkju- og kennslumáia ráðgjafinn gæti sagt mikið móti þessu, og að honum dygði það ekki, ef til dómstólanna ræki.

Konungsfulltrúi: Eg held það sè nokkur misskilningur frá hálfu hins háttvirta varaforseta, sem nú mælti, að því leyti, sem hann leiddi það af þeim orðum mínum, að eg væri hræddur um, að hlutaðeigandi ráðgjafi mundi halda við þá ályktun, sem hann væri búinn að taka í málinu, að eg sem konungsfulltrúi, mundi mæla fram með því sama í álitsskjali mínu um málið, og þannig verða uppástungu hans mótfallinn. Eg held þetta verði ekki leitt af orðum mínum; eg lýsti því nefnilega yfir, að það væri að vísu yfirhöfuð í eðli sínu, að fylgja hèr beinlínis fyrirmælum gjafarans, en þar hjá lýsti eg því yfir, að það mætti ekki hallmæla stjórninni fyrir meðferð hennar á máli þessu, þar sem það væri auðsætt, að henni ekki hefði gengið annað en gott til.

Stefán Jónsson: Eg stend nú upp til að mæla með nefnd, því eg held, að það gæti hugsazt, að ef þessari gjöf væri hagað öðruvísi, en gjafabrèfið til tekur, þá gæti það fælt aðra frá, að gefa eigur sínar til einhvers góðs augnamiðs að sèr látnum; því hann gæti hugsað sem svo: Hvað dugar það, þó eg vilji gefa fè í þessum tilgangi, því verður öllu raskað, þegar eg er dauður. Þar sem hefir verið minnzt á gjöf Jóns á Böggulsstöðum, þá játa eg nú, að hún hefði mátt koma fleirum til nota, ef gjafabrèfið hefði verið annan veg, en þó er það ofmikið sagt, að hún hafi engum komið til nota, því nokkrum hefir þó verið hjálpað með þeirri gjöf, og verður víst fleirum með tímanum.

Konungsfulltrúi: Út af þessari gjöf Jóns á Böggulsstöðum, skal eg taka það fram, að það er ekki honum að kenna, ef hún hefir eigi gjört það tilætlaða gagn. Gjafabrèfið var sum sè orðað af öðrum manni, sem eins og gjafarinn er dáinn, og hann verður

að bera skuldina fyrir það, ef hún hefir eigi komið til hinna tilætluðu nota.

Benidikt Sveinsson: Eg vil benda þinginu á, að þessar löngu umræður, um hið lagalega samband milli tilgangs gjafarans og aðferðar stjórnarinnar, eru öldungis óþarfar, því það getur ekki verið nokkrum efa undirorpið, að stjórnin ekki getur breytt vilja gjafarans. Eg ræð því til, að strax sè gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja í málið eða ekki.

Jón Hjaltalín: Eg uppástend, að eg skilji ensku eins vel og hver annar þingmanna, og er tilbúinn að láta reyna mig við hvern þeirra þegar vill. Orðið »prompt« þýðir sjaldnar fljótt, því þá brúka Englendingar qvickly; en »promptly« þýðir á þann hátt sem ætlazt er til. Að öðru leyti finnst mèr ekki gott fyrir menn að vita, hvaða meiningu dauðir menn hafa lagt í tvírætt orð (*Gísli Brynjúlfsson:* það merkir að eins fyrirstöðulaust).

Forseti: Þar eð enginn tekur til máls, álít eg inngangsumræðunum lokið, og skal því leita atkvæðis þingsins um, hvort nefnd skuli setja í málið eða ekki; var það síðan samþykkt í einu hljóði, að 3 manna nefnd skyldi kjósa, og í hana kosnir þessir:

Jón Guðmundsson með 19 atkv.
Jón Hjaltalín . — 9 —
H. Kr. Friðriksson — 8 —

Var málið því næst afhent uppástungumanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu uppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns *um gjald til jafnaðarsjóðanna.*

Var málið afhent uppástungumannni.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna.

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna. bls. 122.

Það sem kom mèr til að koma fram með þessa uppástungu var, að mèr finnst það mjög svo óviðkunnanlegt, eins og það líka er mjög svo orðið óvinsælt, og hefir hinar verstu afleiðingar í för með sèr, að hafa þessa skatta-álögu, sem engum takmörkum er bundin, hvað hátt hún geti eða skuli ganga; eg veit og eigi betur, en að samsvarandi lög sèu í Danmörku, og því sem uppástungan fer fram. Nú getur það vel hugsazt, að þetta gjald verði einhvern tíma of lítið sem nefnt er í uppástungunni, en þá álít eg betra að lán væri tekið og smámsaman borgað aptur, svo sem með að greiða 6% árlega; en það fyrirkomulag, sem nú er, getur orðið bænd-

um mjög svo þungbært, og þetta er því tilfinnanlegra, sem gjaldið er vant að verða því hærra sem verr lætur í ári; eg álít að miklu betur færi, ef gjaldið væri jafnara, en þessu er ekki að heilsa, því stundum er það 1 sk., stundum 2 sk., stundum 12 sk., og fyrir vestan er það núna langtum hærra að sagt er.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki fellt mig við þá uppástungu, sem hèr liggur fyrir, og sèr í lagi ekki við það, hvernig hún er »motiveruð». Það er þá fyrst sagt, að afgreiðlan til jafnaðarsjóðanna gefi tilefni til tíundarsvika, en það er þó auðsætt, að þessi ástæða á ekki fremur heima við þessa afgreiðslu, en um allar aðrar, sem hvíla á lausafènu, t. a. m. öll manntalsbókagjöld, skatt, gjaftoll o. s. frv. Því næst er sagt, að þessi afgreiðsla sè þá opt hæst, þegar hlutaðeigendur eigi örðugt með að borga hana; þetta getur nú vel verið, en það er að hinu leytinu auðsætt, að afgreiðslan getur ekki farið eptir því, hvernig í ári lætur, því útgjöldin, sem á jafnaðarsjóðnum liggja fara ekki eptir árferði, eg tek til dæmis kostnað til sakamála, sem opt er þá mestur, þegar harðast er í ári, því þá freista bágindin til misbrota fremur en venjulega, og þegar enn fremur er sveigt að því, að amtmennirnir leggi ónauðsynja gjöld á jafnaðarsjóðina, þá verð eg að álíta, að þetta sè ofmælt og eigi sèr ekki stað, því eptir því, sem eg þekki til, þá þori eg að segja, að það megi fullyrða, að amtmennirnir yfirhöfuð að tala, hafi jafnan öllu fremur leitazt við, að komast hjá öllum óþarfa útgjöldum úr jafnaðarsjóðnum, en að þeir hafi viljað auka þau að óþörfu. Þegar nú uppástungan loks í niðurlagsatriði hennar fer fram á það að einskorða afgjaldið til jafnaðarsjóðanna til 12 sk. pr lausafjár hndr., þá er það, að mínu áliti, naumast tiltækilegt, þvi hèr hjálpar ekki, sem menn að orði kveða, að »sætte Tæring efter Næring», því það verður að jafna svo miklu til sjóðsins, sem eptir kringumstæðunum í hvert skipti útheimtist til útgjaldanna, og þó eg ekki haldi að þessi niðurjöfnun yfirhöfuð muni þurfa að fara fram úr 12 sk., þá getur það þó vissulega að borið, og þá skortir það fè, sem sjóðurinn þarf til útgjalda sinna. Það kann vel að vera, að mönnum, eins og segir í uppástungunni, standi stuggur af því óbundna valdi amtmannanna, er þeir hafa til þess að jafna niður útgjöldunum til jafnaðarsjóðsins, einkum ef menn jafnframt gætu verið hræddir um, að þeir misbrúkuðu það, en ef svo er, liggur það miklu nær, eins og áður hefir verið stungið upp á hèr á þingi, að láta amtmennina ekki vera eina um niðurjöfnunina, svo trygg-

ing væri gegn allri misbrúkun og gjörræði frá þeirra hendi, og eg held, að amtmennirnir mættu verða því fegnir, en þó enn þá fegnari, ef þeir algjörlega gætu orðið lausir við þetta niðurjöfnunarvald; í Danmörku er líka niðurjöfnun sú, sem hèr er spursmál um, falin amtsráðunum; eg skal enn fremur leyfa mèr að benda á það, að uppástungan, eins og hún liggur fyrir, útilokar ekki það gjörræði frá amtmannanna hálfu, sem menn eru hræddir við, því eg get vel hugsað mèr, að einhver amtmaður kynni að halda sèr við maximum, enda án fullra ástæðna, og menn verða því litlu nær eptir uppástungunni. Að öðru leyti skal eg ekkert hafa á móti þeirri einskorðun á jafnaðarsjóðs-afgreiðslunni, sem uppástungan fer fram á, ef nefndin þar við að öðru leyti sæi veg til þess, að sjóðurinn samt sem áður geti borgað það, sem þörf krefur, og hlutaðeigandi amtmaður ekki þurfi að komast í vandræði; og skal eg svo ekki fjölyrða um málið meir en komið er.

Jón Guðmundsson: Mèr finnst, að þessar athugasemdir hins háttvirta konungsfulltrúa sè mikils verðar og vel takandi til greina. Eg er ekki staðinn upp til að mæla á móti nefnd í málinu, þó eg engan veginn geti fellt mig við niðurlagsatriðið í uppástungunni, því verið gæti að nefndin gæti á einhvert hátt miðlað málum. Það er einkum eitt atriði í ástæðunum fyrir uppástungunni, sem eg vildi vekja athygli þingmanna að; eg vil nl. ekki láta taka lán handa jafnaðarsjóðunum nè öðrum stofnunum nema svo, að afborgunin sè sem vægust eða þannig, sem kallast »amortisation», að lánið með vöxtum sè endurgoldið með ákveðinni vægri upphæð af hverjum 100 rd. t. d. 6% þangað til öllu er þannig lokið. Hvort heldur nú að amtmennirnir hafa beðið um lán til jafnaðarsjóðanna, gegn þessum 3—4 ára endurborgunum, eða að stjórnin hefir ekki viljað veita þau nema með þessum afarkostum, þá er fráleitt til þess að vita, að þessi lán skuli vera tekin með slíkum ókjörum, svo að einmitt þegar verst gegnir, og bæði sjóðirnir þurfa mestra tekjanna til að standast óvanaleg útgjöld, og gjaldþegnarnir á hinn bóginn sízt færir um margfalt þyngri álögur sakir óárs og skepnuhruns, að þá skuli þar að auki verið að dengja á þá margföldum útgjalda-auka til þess að endurborga þessi margra þúsund dala lán á fáum árum. Með tilliti til uppástungunnar sjálfrar, þá er eg á sama máli og konungsfulltrúi, að það bíður ekki svörum að einskorða gjaldið til 12 sk., því það yrði sama sem hið mesta gjald, er hefir verið tekið á þessum hinum síðustu og verstu tímum. Það er líka veruleg

athugasemd sem konungsfulltrúi hreifði, að aðstoðarmenn yrðu settir til höfuðs amtmönnunum; þessi sama uppástunga kom fram á þingi hèr 1855 í frumvarpi frá stjórninni, og þótti mèr það því merkilegt, að uppástunga um sama efni skyldi vera felld hèr á þingi um daginn. Að sönnu hefir amtmönnunum verið innan handar og er enn, að taka sèr þess leiðis aðstoðarmenn, er þeir búa til áætlun yfir tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins fyrir hið næsta ár og afráða hve miklu skuli niðurjafna, og víst mundi þeim hafa liðizt það óátalið af öllum, þó að ekki sè bein laga heimild fyrir því, en þó álít eg betra að þetta væri beinlínis lögákveðið. Ef nefnd verður sett í málið, sem eg vona, þá gæti þetta orðið ákveðið með lögum, og það væri sjálfsagt vissara og betra, en að amtmennirnir ráðist í að gjöra það án lagaheimildar, því þá geta þeir líka allajafna látið það ógjört.

Björn Pètursson: Eg mæli fastlega með því, að nefnd verði sett í máiið. Almenningi þykir þungt að búa undir þessum ótakmörkuðu skatta-álögum amtmannanna, sem þeir leggja á menn eptir eiginn geðþótta eins og einvaldir konungar. Konungsfulltrúi var ekki á móti nefnd, en þar á móti á móti því, að gjaldið yrði einskorðað við 12 sk.; hann benti á það, að haganlegt mundi vera, að aðstoðarmenn væru settir til »höfuðs amtmönnunum« í þessu efni; eg held að bezt mundi fara, að þessu hvorutveggja væri haldið. Að öðru leyti vona eg, að nefndin muni geta lagað málið svoleiðis í hendi sèr, að það beri heillaríka ávexti fyrir land og lýð.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta 4. konungkjörna þingmann, hvort hann ekki gjörði sig ánægðan með, að málinu verði vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Jón Sigurðsson: Eg er sem nefndarmaður því mótfallinn, að málinu verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1, af því nefndin þegar er komin nokkuð á veg, og þó eg hèr ekki segi, í hvaða stefnu nefndin muni fara, þá er svo mikið víst, að hún getur ekki tekið þessa uppástungu til greina, nema þá til að semja um hana sèrskilið nefndarálit. Eg mæli því með því, að sèrstök nefnd sè sett í þetta mál, og það því heldur, sem eg vil bjarga þessu máli við, af því eg er enn gramur yfir, að uppástunga mín, sem fór í líka stefnu, var felld hèr á þingi fyrir fám dögum.

Jón Guðmundsson: Sem formaður í stjórnarbótarnefndinni nr. 1 mæli eg fastlega móti því, að þessu máli sè vísað til hennar; málin eru alveg fjærskyld, og þar að auki er nefndin komin

nokkuð langt á leið með þá stefnu, er hún ætlar að taka, og þegar búin að ræða niðurlagsatriðin. Eg álít það sèu brotin lög á nefndinni, ef málinu er vísað til hennar.

H. Kr. Friðriksson: Þetta mál virðist mèr snerta bráðabyrgðastjórn landsins, og því er eðlilegast, að því sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1.

Arnljótur Ólafsson: Eptir því sem þingið hingað til hefir farið að, það er að segja fellt sveitarstjórnarmálið frá nefnd, og síðan vísað öðru þess konar máli til annarar nefndar, þá á það, ef það vill vera sjálfu sèr samkvæmt, annaðhvort að fella þetta mál, eða vísa því til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1. Ef eg skil nokkuð í þessari nefnd, þá skil eg hana svo, að stjórnarbótarnefndin nr. 1 ætli að taka stjórnarbótina til bráðabyrgðar, þangað til stjórnarbótin nr. 2 kemst á. Hinn háttvirti varaforseti tók það og fram við inngangsumræðuna, að stjórnarbótarmálið nr. 1 væri að eins til *bráðabyrgðar,* en nr. 2 til *frambúðar,* og á þessum eina mismun studdi hann sína ágætu sönnun að skipta einu máli í tvö mál.

Jón Guðmundsson: Eg skil ekki í því, að þingið eigi með að keyra svona hverju málinu á fætur öðru í nefndina, einungis af þeirri ástæðu, að það sè bráðabyrgðarmál, er hún hefir til meðferðar. Eg sè ekki hvaða vit er í því. Eg álít að nefndin, samkvæmt þingsköpunum, hafi fullan rètt til að vísa þess konar málum frá sèr.

Arnljótur Ólafsson: Að minnsta kosti gilda sömu þingsköp fyrir nefndina nr. 1 og fyrir nefndina nr. 2; við höfum tekið á móti öllu því, sem okkur hefir verið fengið, og höfum við dregið að semja nefndarálit þangað til við hèr um bil vorum vissir um, að meiru mundi ekki verða kastað í okkur.

Jón Guðmundsson: Það er annað mál ef þingmaður Borgfirðinga, sem skrifari í nefndinni, vill mælast til skófna.

Jón Pèturssson: Það var engan veginn af því, að eg hèldi, að amtmennirnir misbrúkuðu þetta mikla vald sitt, að eg kom fram með uppástunguna, en mèr getur þó ekki annað en fundizt það undarlegt, að *í sumum sýslum og ömtum sem eg þekki til,* hefir gjaldið vaxið í 10 seinustu árin svo, að það er orðið nú tvöfalt meira en það nokkurn tíma var áður mest, en það voru 10 sk.; og á næstu 10 árum getur það orðið ef til vill tvöfalt hærra en nú, eður 40 sk., og þetta er virkilega ískyggilegt. Að ráðaneytis-

menn yrðu settir amtmönnunum gæti í nokkru tilliti verið gott, en meðan upphæð gjaldsins er ótakmörkuð, verður þó eigi ráðin bót á því, að gjaldið verði óbærilegt gjaldendum, ef mikið þarf til sjóðsins eitt ár, og það allt skal pressast út af gjaldendum það sama ár. Það er beinlínis annmarki mikill á þessum gjaldmáta, sem nú er, að gjaldið á hvert lausafjár hundrað verður mest, þegar harðast lætur í ári, en hjá því geta menn einmitt komizt, með að reisa gjaldinu ákveðin takmörk, er það eigi mætti yfir stíga, en taka þá lán ef meira þyrfti, og borga það svo aptur í góðu árunum. Eg hefi nú sett takmörkin 12 sk., en þingið getur haft það minna eður meira, eptir því sem það vill. Eg segi engan veginn, að amtmennirnir vilji ofþyngja á jafnaðarsjóðunum með ónauðsynlegum útgjöldum, en þó held eg máske, að ekki beri brýn nauðsyn til hvers eins sem þeir gjöra í því efni, þó eg ekki efist um, að þeir gjöri það í beztu meiningu; staða mín er svo, að eg hefi lítið saman við amtmenn að sælda, en þó skal eg geta þess, að þegar málum er skotið til landsyfirrèttarins eða þaðan og til hæstarèttar, þá ímynda eg mèr, að eigi sè ætíð brýn ástæða til þess, eins og dæmi munu og vera til, að þeir hafa áfríað málum, og þar við bakað kostnað, er eptir eðli þeirra eigi varð áfríað til æðri dómstóls. Með tilliti til skattsins og gjaftollsins, þá er allt öðru máli að gegna með þessar álögur en jafnaðarsjóðsgjaldið, því þó þær sèu komnar undir tíund komast þær samt ei hærra en lög ákveða og hafa sína ákveðnu upphæð, en jafnaðarsjóðsgjaldið getur vaxið í hið óendanlega hjá amtmönnum. Á þessu eru takmörk í Danmörku, og það þó amtmenn hafi þar ráðaneytismenn, því skyldu þau þá eigi einnig mega vera hèr, þar sem amtmenn eru einráðir í þessu? Eg sè ekki ástæðuna til að hafna því. Að amtmenn stundum geti sýnt gjörræði, þó 12 sk. sèu settir sem hin mesta upphæð gjaldsins, getur vel verið, en því fremur eiga þeir hægt með það nú, þegar þeir eru alveg óbundnir. Það getur þó eigi verið uppástungunni til neinna hnekkja, þó hún minnki þetta gjörræði, er sagt er að þeir geti sýnt. Mín meining er því, að það verði affarabetra að fá lán, ef það er óumflýjanlegt, og sjóðurinn þurfi meira en svo, að 12 sk. gjaldið nægi, en að láta gjaldið geta vaxið út í hið óendanlega.

Jón Hjaltalín: Eg hèlt að þetta málefni hefði fengið betri undirtektir hèr á þingi, einkum hjá stjórnarbótarnefndinni, en það hefir fengið. Það er bágt að tala um stjórnarbót hjá oss, þegar

amtmennirnir svona eptir eigin geðþótta geta lagt álögur á menn, og eg álít því sjáifsagt, að þessu máli sè vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1, því þessi mál eru náskyld. Eg held líka, að við sèum búnir að fá svo margar nefndir, að okkur veitir ekki af að stytta sem mest fyrir okkur. Það er víst líka eitthvað bogið við þetta vald amtmannanna; jafnaðarsjóðirnir eru vanalega nógu ríkir, þegar flengja á strák eða stelpu fyrir eitthvert lítilræði, og hefir maður, því miður, nóg af þess háttar dæmum; mig minnir ekki betur, en að einn sjóvettlingur eða duggarabandspeisa kostaði einhvern af jafnaðarsjóðunum 800 rd., og núna kvað vera verið að fást eitthvað við hálfbrjálaðan mann fyrir vestan, og þykist eg viss um, að það muni kosta jafnaðarsjóðinn þar eina 5 eða 600 rd. Eg sè það eigi, hvað stjórnarbót dugar okkur, hvort það er heldur nr. 1 eða 2, þegar amtmennirnir svona geta lagt skatt á menn eptir eigin geðþótta; hún yrði ekki annað en leikspil. Að öðru leyti er eg viss um, að nefndin nr. 1 á hægt með, að koma þessu máli undir höfuðspursmálið, og af því hún er vort aðalóskabarn, þá vonast eg til þess, að hún ekki skorist undan því.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að mótmæla því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, að nefndin geti neitað að taka við málinu. Það er alls eigi samkvæmt þingsköpum, að nokkur nefnd geti neitað því, að máli sè vísað til hennar meðan nefndarálitið ekki er hreinskrifað; eg álít, að málinu sè rèttilega vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1 vegna þess nána sambands, sem er á milli þessara mála.

Benidikt Sveinsson: Eg þykist vera í miklum vanda staddur í þessu máli. Eg játa það fúslega, að það eru margir og miklir gallar á jafnaðarsjóðsgjöldunum hjá oss, ekki að eins hvað hinn lagalega grundvöll snertir, heldur einnig hvað því viðvíkur, hvernig á þessum grundvelli hefir verið byggt af hlutaðeigandi yfirvöldum, eður hvernig þeir hafi niðurjafnað gjaldinu. Eg er samt sem áður hræddur um, að þó í málið yrði kosin nefnd, þá mundi það ekki vinna mikið við það, því mig uggir, að menn mundu hljóta að blína of mikið á eina hlið þess, en gleyma hinu. Hinn 5. konungkjörni þingmaður tók nú fram ýms atriði, sem menn ættu að hafa fyrir augum. Það er nefnilega sannarlega ekki nóg, að jafna gjaldinu rèttlátlega niður, heldur verður það sjálft í sjálfu sèr að vera rèttlátt, en þetta á víst eigi heima um jafnaðarsjóðsgjaldið, og þessu fær þingið víst eigi breytt að sinni. Það er því ekki nóg, að amt-

mennirnir ekki jafni svo og svo miklu niður meðan hart er í ári, heldur verður líka að gá að því, hvernig útgjöldin sèu undir sig komin. Ef menn skoða útgjaldadálk jafnaðarsjóðanna nákvæmlega, þá er eg hræddur um, að menn vefjist lengra inn í stjórnarfyrirkomulag vort en menn halda og nú á við, eg finn þess vegna ekki siðferðislegan krapt hjá mèr, til þess að setja mig á móti því, að málinu verði vísað til hinnar svokölluðu stjórnarbótarnefndar nr. 1. Þó eg að öðru leyti gjarnan vildi losast við meiri starfa en nefndin þegar hefir fengið.

Indriði Gíslason: Eg held hèr ætli að fara líkt og 1859 með þetta mál. Eg felli mig ekki við, að gjaldið skuli vera takmarkað við 12 sk. því það er of hátt, en álít þó nauðsynlegt, að málinu sè gaumur gefinn. Menn vita, að amtmennirnir hafa orðið að jafna þessu niður eins og t. a. m. í fjárkláðamálinu. En það er eitt atriði, sem ekki hefir enn þá verið tekið fram, og sem eg því vil nefna; fyrir vestan var gjaldið 1858 10 sk. 1859 12 sk., 1860 varð það 10 sk., og síðan varð það 12 sk. aptur. Síðan urðu amtmanna skipti, þörfin kallaði eptir hærra gjaldi, — og svo skal böl bæta, að bíða annars meira —, að þá urðu það 18 sk., en í ár veit eg eigi hvað hátt það varð alstaðar. Látum þetta nú gott heita. En nú er eitt athugandi við þessa niðurjöfnun, að af þessu niðurjafnaða fè hygg eg ekki hafi goldizt nærri allt það ákveðna á tèðu tímabili, og hefir þá amtið hlotið að bæta á hina, sem borgað hafa, en hinir sloppið, sem ekki hafa hræðzt hótanir undir laganna yfirskyni, hvað sýnir þetta, einungis að ekki hefir verið byggt á löglegum grundvelli. Við uppástunguna sjálfa felli eg mig ekki, þó eg sè orðinn vanur þessu háa gjaldi, svo að 12 sk. mega heita gott hjá miklu, þá þykir mèr það of mikið samt, en eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, og varaforseti með honum, þá getur það líka orðið 3 eða 4 sk. og jafnvel minna, og uppástungan orðið til þess, að amtmennirnir sýni gjörræði á mönnum, ef þeir væru svo lyndir til. Þó ekkert af þessu væri nú, þá er það samt óeðlilegt að leggja svona gjaldið á menn, án þess menn sjái neinn lagastaf þar fyrir, eða hvað kemur til þess að þegar Bjarni konferentsráð Thorsteinsson var amtmaður vestra, þá auglýsti hann á prenti eptir hvaða lögum öll útgjöld voru tekin, sem borguð voru út úr jafnaðarsjóði, en þessari aðferð hefir ekki verið fylgt síðan fjárkláðamálið hófst. Að öðru leyti er eg með því, að nefnd sè kosin í málið.

Jón Hjaltalín: Eptir þessu lagaleysi, sem nú var talað um, lendir allt á þeim, sem greiðast borga gjöldin. Allt það, sem sagt hefir verið, bendir til þess, að málinu verði vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vona þó, að hinn háttvirti varaforseti muni ei halda fast við að vísa þessu máli frá sèr, þegar hann sèr, að það er eindreginn vilji þingsins að trúa þeirri nefnd fyrir því, sem hann er höfuðmaðurinn í, og sem mèr einnig finnst það eiga svo vel inn í. Eg stend því að eins upp til þess að reyna að sannfæra hann um, ef mögulegt væri, að það sè svo langt frá, að hann megi taka þinginu þetta illa upp, að hann ætti miklu fremur að þakka því, ef hann vill að eins skilja hagnað sjálfs sín; og þó ástæður mínar kunni nú eigi að verða mikilvægari en í hverri annari gamanræðu, þá vona eg þó, að hann muni eigi taka mèr þær illa upp, heldur miklu fremur viðurkenna gildi þeirra með því að slaka til. Það er þá fyrst, sem eg býst við mörgum mönnum sè kunnugt í þessum sal, að sú trú er almenn út í löndum, að talan 13 sè óheilla tala; sumir kalla þetta nú að vísu hjátrú, en þar sem menn í öðru mikilvægu málefni hafa nýlega sýnt það hèr í salnum, að þeir vilja vera miklir trúmenn, hver á sinn hátt, þá leyfi eg mèr hèr að halda orðinu trú, og tökum við það þá allir trúanlegt, að talan 13 sè sannkölluð óheilla tala. Hinn háttvirti varaforseti er nú sem vèr allir vitum hinn mesti elju- og verkmaður, svo ef honum tekst ei einum að vinna að mörgum málum í senn, þá tekst varla nokkrum öðrum það á þessu þingi, og eg vona því hann virði það við oss, ef vèr reynum að minnsta kosti að verja hann ósköpum; en að því, sem eg get komizt næst, þá er hann nú þegar kominn í 12 nefndir, og eg þykist sjá það fyrir, að hann muni komast í enn fleiri, svo að óheilla talan 13 vofir nú beinlínis yfir honum, ef nýja nefnd ætti að kjósa í þetta mál, því það er óefað, að hann mundi þá einnig verða í þeirri nefnd. Það væri því sannur velgjörningur, ef menn gætu nú einhvern veginn fundið ráð til að firra hann þessu óhappi, svo hann enn geti komizt í svo margar nefndir, sem eg efast eigi um að þinginu mun þykja nauðsynlegt, án þess þó nokkurn tíma að komast í 13. nefndina; en þetta getur nú einmitt bezt orðið með því að vísa þessari uppástungu inn í stjórnarbótarnefndina nr. 1., því hún þarf þá eigi annað en að semja sèrstaklegt nefndarálit um hana, og þá væri öllum vel borgið, bæði málinu sjálfu og svo hinum hæstvirta varaforseta,

sem með þessu móti kæmizt hjá að verða reglulega í 13. nefndinni, þar sem 12. nefndin þá einnig innibindi hana í sèr, án þess að hún væri þó nokkurn tíma beinlínis kölluð svo.

Eg vona nú því, að hinn háttvirti varaforseti hugsi sig vel um áður en hann neitar alveg svo góðum kjörum; og hvað málinu sjálfu viðvíkur, þá álít eg og, að það eigi bezt við stjórnarbótarnefndina nr. 1., þar sem hèr ræðir um jafnaðarsjóðssgjöldin, sem amtmennirnir nú eru einráðir um, en sú nefnd á einmitt að fást við endurbót á amtsstjórninni, og kemst að öllum líkindum að þeirri niðurstöðu að setja amtmönnunum meðráðamenn að minnsta kosti í því efni, eins og farið var fram á í bænarskránni um endurbót á sveitastjórninni, sem því miður var felld hèr á þinginu um daginn; allt mælir því með því, að vísa þessari uppástungu einmitt í stjórnarbótarnefndina nr. 1.

Stefán Jónsson: Eg ætla ekki að gjöra að gamni mínu eins og sumir, því málið er fullkomið alvörumál. Einungis vil eg geta þess, að engin óánægja hefir verið fyrir norðan út af þessu gjaldi, af því menn þekktu kringumstæðurnar, og vissu að amtmaður ekki var vanur að jafna þess konar gjöldum ófyrirsynju, en fjárkláðamálið hefir átt mestan þátt í þeim útgjöldum. Þó hefir þar ekki verið meira en 10 sk. af hundraði; því getur enginn neitað, að staða amtmannanna er mjög vandasöm í þessu efni; hèr hafa verið tekin fram atriði í læknamálinu um að fyrirmuna amtmönnunum að halda inni því fè, sem menn þóttust eiga heimtingu á, en nú er því farið á flot, að þeim sè fyrirmunað að borga það út, sem þeir nauðsynlega þurfa; þetta finnst mèr ósamkvæmni. Það er svo í hverju embætti sem er, að mennirnir sem gegna þeim eru misjafnir, og menn hafa ekki jafnmikið traust á þeim öllum, eg vil því ekki fella málið, heldur að því sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1.

Indriði Gíslason: Annaðhvort er að fella málið alveg, eða setja sèrstaka nefnd í það, því að vísa því til stjórnarbótarnefndarinnar, er sama sem að fella það; menn eru nú enn þá ekki búnir að sjá árangurinn af þessari bráðabyrgða stjórnarbótarnefnd.

Jón Guðmundsson: Mèr þykir það skrítið, að svo margir skuli vera með því, að vísa þessu máli til nefndarinnar, því þó að t. d. barnsmóðir kenni mèr barn, og eg gangist við faðerni þess, þá er hart það sjá allir, ef eg skal vera skyldur til að meðganga öll þau börn sem hún á og vill kenna mèr, allt hvað þau eru sköpuð í kross.

Eins er um það, að þó þingið hafi gefið okkur í nefndinni þetta eina barn, þá þykir mèr hart, að þó það fái fleiri börn, sem eru ekki lík þessu í öðru en því, að þau eru sköpuð í kross, að það skuli fleygja þeim öllum í okkur, og eg verð að lýsa því yfir, að eg tek ekki við þessu máli með öðrum kostum, en að skrifa megi sèrstakt nefndarálit í það.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Var síðan gengið til atkvæða, hvort sèrstaka nefnd skyldi kjósa eður ei, og var málið fellt frá nefnd með 13 atkv. gegn 7; því næst var samþykkt með 15 atkvæðum að málinu skyldi vísa til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1. *(Jón Guðmundsson:* já það var annað mál, þingið sór þá barnið upp á nefndina*)*.

Málið afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga.

Forseti: Þá kemur eptir dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um hreppaskilaþing. Framsögumaður er þingmaður Norður-Þingeyinga. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá og þingmenn hafa hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 122.

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Eptir því sem atkvæðaskráin lítur út, sýnist mèr eg ekkert hafa að segja; málið var fullrætt við undirbúningsumræðuna, og eg sè að ekkert breytingaratkvæði hefir verið gjört.

Forseti: Það var fallið frá því eina breytingaratkvæði, sem var ráðgjört.

Jón Guðmundsson: Já, eg fèll frá því, en óska að eins, að það verði tekið fram í ástæðunum fyrir álitsskjalinu, að það hafi ekki verið meiningin, að breytt yrði þeirri undantekningu, sem þingað til hefir gilt að lögum fyrir Skaptafellssýslu.

Björn Pèturssson: Það má nú segja um þessa atkvæðaskrá, að »opt má lítið laglega fara«. Það var nú svo mikið talað um þetta mál í gær, að það er óþarfi að tala um það nú; það er líka auðvitað, að þessi litla rýmkun tímans, sem vorhreppaþingin skulu haldast á, gefur rèttindi, en leggur hlutaðeigendnm engar skyldur á herðar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg svo biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Niðurlagsuppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
2. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um þetta mál samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. Eg skal geta þess, að til mín er komin bænarskrá frá einum kennara við latínuskólann *um launaviðbót*, og hefir hinn konungkjörni varaþingmaður gjört hana að sinni uppástungu, og lofað að flytja hana. Eg verð enn einu sinni að ítreka, hvað tíminn líður óðum, og hvað litlu er af lokið, þar sem þetta er fyrsta málið, sem búið er. Það eru því nauðsynleg einhver úrræði til að bæta úr þessu. Það er áríðandi, að flýta sem mest nefndarálitum; og þar sem nú ekki liggja margar bænarskrár fyrir, virðist mèr bezt að gefa þingmönnum, sem í nefndum eru, ráðrúm til að hugsa sig um. Hef eg því áformað að hafa engan fund á morgun. Dagskráin mun sýna hvenær fundur verður næst.

Fundi slitið.

Ellefti fundur — 17. júlí.

Allir á fundi nema varaforseti.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg tilkynna þinginu, að til mín er komin bænarskrá frá Kjalnesingum áhrærandi niðurskurð o. fl. Sömuleiðis hefir komið skjal frá fundi að Lágafelli líks efnis, en sem er svo lagað, að eg álít, að það verði ekki sett á dagskrá, en allir þingmenn geta lesið það á lestrarsalnum. Einnig er komið fram nefndarálit frá nefndinni um að taka hús í Reykjavík í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða; sömuleiðis nefndarálit í málinu um þingstað að Bæ í Lóni og í málinu um auglýsingu konunglegra frumvarpa fyrir fram. Eg hef fengið tilkynningu um, að í nefndinni um Thorchilliisjóðinn er kosinn formaður þingmaður Gullbringusýslu og skrifari þingmaður Snæfellinga. Í nefndinni um prestsmötupartinn er kosinn formaður þingmaður Suður-Þingeyinga og skrifari hinn 4. konungkjörni þingmaður. Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns um, að alþingisbækurnar gömlu verði prentaðar.

Málið afhent uppástungumanni.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna upp:

Samanber fyrri part alþingistiðindanna bls. 123.

Eg skal nú ekki mikið mæla með þessari uppástungu; eg ímynda mèr, að flestir þingmenn vilji, að allt sem viðvíkur og upplýsir sögu lands vors, einkum rèttarástand þess, verði almenningi kunnugt, og þar á meðal eru alþingisbækurnar gömlu; af þeim er ekki orðið til nema svo sem 1 eða 2 söfn, svo það er vel hugsanlegt, að þær eptir nokkur ár líði alveg undir lok. Það er óvíst, að margar þjóðir hafi eins greinileg skjöl og þær eru um rèttarástand sitt langt aptur í aldir. Eg hef nú ekki gjört neina uppástungu um, hvernig prentuninni ætti að koma í verk, eða hvaðan ætti að fá fè til þess; því það ætlaði eg, að nefndin, sem sett yrði í málið, gjörði, og að hún skyldi afráða hvort og hvernig biðjandi væri um fè til þessa. Eg vona að eins, að nefnd verði sett í málið.

Brynjólfur Jónsson: Út af því sem hinn háttvirti uppástungumaður fer fram á, að alþingi stuðli að prentun hinna fornu lögþingisbóka, kemur mèr til hugar, hvort ekki mundi eiga betur við, að reyna til að fá þær prentaðar sem bókmenntafèlagsbækur, svo sem í fornbrèfasafninu, eða safni til sögu Íslands, því mèr finnst þær heyra beinlínis þar undir.

Páll Melsteð: Mèr finnst að þessu sinni, að eins vera spurningin um það, hvort nefnd skuli setja eður eigi, og síðan er hennar á eptir, ef sett verður, að koma sèr niður á, hvernig að skuli fara, en nú liggur það alls eigi fyrir, heldur einungis hitt, hvort nefnd skuli setja eður ei, og eg lýsi yfir því, að eg er með því, að nefnd sè sett.

Jón Hjaltalín: Eg vil biðja menn að íhuga afleiðingarnar af því, ef þingið fer nú að setja nefnd í þessu máli. Hinn háttvirti uppástungumaður sagði, að þingmenn ættu að láta sèr vera annt um allt sem heyrði til sögu landsins. Kann ske þingið eigi að fara að sjá um að prenta allar íslenzkar sögur, þjóðsögur og æfintýri. Eg held þessar gömlu alþingisbækur með öllum þeirra *item* og *ut supra* heyri fremur til þeirra »antiqviteta«, sem eru okkur til lítillrar vegsemdar. Það sem gjörir okkur æru, eru gömlu sögurnar, og eg held, að við bættum okkur ekki á þeim, þó við færnm að gefa þær út. Eg þekki nú að vísu ekki mikið til þessara gömlu alþingisbóka, en mörg bábyljan og hègyljan held eg sè í þeim. Það sjá nú allir, hvað af þessu flýtur, ef við förum að gefa þessu nokkurn gaum; eg held landið hafi nóg útgjöld af þinginu, þó við sèum ekki að dyngja á það neinum óþörfum aukakostnaði. Það

eru líka til ýms fèlög, sèm þetta liggur nær, svo sem fornfræðafèlagið, og ef þau ekki álíta alþingisbækurnar gömlu þess verðar, að gefa þær út, þá held eg þingið eigi ekki að vera að skipta sèr af þeim. Eg er því alveg á móti, að þingið nokkuð skipti sèr af þessari uppástungu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held þó að vinur minn hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hafi nokkuð óljósa hugmynd um hinar fornu alþingisbækur og hafi því talað miklu harðlegar og óvirðulegar um þær, en maklegt er. Það er ekkert efunarmál, að bækur þessar eru mjög svo mikilsverðar, og þar sem þær ekki eru annað enn gjörðabækur hins gamla alþingis, sem nota verður eins og hver önnur skjöl eða söguheimildir, þá er það mjög óviðurkvæmilegt, að telja þeim það til ógildis, þó í þeim kunni að koma fyrir hjátrú eða þvíumlíkt, eptir því sem málin voru, er komu fyrir á þinginu. Heldur ekki er það rètt, að þingið á nokkurn hátt skuldbindi sig til þess að láta prenta upp allar gamlar skruddur, þó það álíti nytsamt og nauðsynlegt að prenta allar hinar gömlu alþingis- eða lögþingisbækur, því þess ber að gæta, að hið núverandi alþing vort, hefir þó að nokkru leyti rètt til að skoða sig sem áframhald af hinu forna þingi, þó þráðurinn víst hafi slitnað um of, og þá koma vissulega þessar bækur hinu núverandi alþingi miklu meira við, enn allar aðrar bækur. En þá má líka spyrja, hvort ei megi skoða þetta mál sem önnur þingmál, eins og t. a. m. um prentunina á bókaregistri þingsins, og hvort þingið gæti þá ei strax ályktað að láta borga fyrir þetta fyrirtæki af hinum vanalega alþingiskostnaði án þess að nú þyrfti að setja nokkra nefnd í málinu. En væri nú svo, þá álít eg að vísu, að uppástungan, eins og hún nú liggur fyrir, sè of ófullkomin til þess, að þingið geti í þetta sinn fallizt á hana, því í henni vantar t. a. m. alla áætlun um kostnaðinn o. s. frv., og eg skýt því þess vegna til hins háttvirta uppástungumanns, hvort hann vill ei heldur taka uppástunguna aptur að svo stöddu, og láta sèr að eins nægja að hafa hreift málinu í þetta skipti, en hugsa sèr þá heldur að bera fram fullkomnari uppástungu á næsta þingi. Mèr þykja hinar gömlu alþingisbækur svo fróðlegar og fyrirtækið í sjálfu sèr svo gott og nytsamlegt, að eg vildi heldur að uppástungan yrði tekin aptur að svo stöddu, enn að þingið skyldi nú neyðast til að fella hana alveg, af því málið er ei nógsamlega undirbúið eða þingmönnum alveg ljóst.

Ásgeir Einarsson: Ræður þær sem haldnar hafa verið, hafa

gefið tilefni til, að fleiri láti í ljósi skoðun sína á málinu. Eg skal nú ekki tala um ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns, hann tók málið frá allt öðru sjónarmiði, en eg skoða það. Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga byggði í ræðu sinni helzt á því, að þessar bækur hètu alþingisbækur, og væri því alþingi viðkomandi, og ættu að hnýtast við alþingistíðindin; en til þessa þyrfti að fá nýtt lagaboð, eins og var, þegar þessir 200 rd. voru lagðir til að stofna bókasafn alþingis, og þá yrði að fara með málið til stjórnarinnar, til að fá lagaboð um þetta. Í Norvegi leggur reyndar stórþingið til fè, til þess að prenta fornbrèfasafn, en við getum það ekki á meðan við höfum ekki skattgjafarvald. En eg vil spyrja, getum við ekki dregið neitt út af bendingu hins háttvirta þingmanns Vestmanna-eyja? Eg veit til að þingmaður Norðurþingeyinga lèt prenta Jónsbók aptur fyrir nokkrum árum, og eg veit ekki betur, en að hún hafi gengið vel út: eins ímynda eg mèr nú, að alþingisbækurnar mundu ganga vel út, ef bókmenntafèlagið eða eitthvert annað fèlag vildi láta prenta þær. Eitt ráð er enn, sem eg vil benda á, af því eg hef heyrt, að hinn heiðraði uppástungumaður hefir fengið styrk til að gefa út kirkjurèttinn, og því ímynda eg mèr, að hann eins mundi geta fengið styrk til að gefa út alþingisbækurnar líka. Eg verð því að mæla á móti því, að þetta mál komi til nefndar, einkum af því, hvað tími þingsins er orðinn naumur og málið illa undirbúið.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagðist ekki þekkja alþingisbækurnar gömlu, og kallaði þær skruddur, fullar með bábyljur; það er líka auðheyrt, að hann þekkir ekki hið allra minnsta til þeirra. Hann áleit, að menn ekkert gætu grætt á þeim í vísindalegu tilliti; hann álitur þó víst fleira vísindalegt, en læknisfræðislegar bækur? Í hið minnsta álítum við lagamennirnir lögfræðina og allt það, sem að henni lýtur, líka vísindi. Alþingisbækurnar viðkoma nú sögu landsins og rèttarástandi þess um fleiri aldir, og hvernig getur hann þá álitið það fyrir neðan virðingu þingsins, að styrkja að vísindalegu augnamiði? Mèr þótti því ræða hans eins neyðarleg, eins og honum þótti uppástunga mín. Þar sem hefir verið talað um, að einhver vísindaleg fèlög gæfu bækurnar út, þá er eg viss um, að þau gjörðu það, ef þau hefðu fè til þess, en það vantar. Eg verð samt að segja hinum 5. konungkjörna þingmanni, að það væri fyrir utan tilgang fornfræðafèlagsins, að gefa út alþingisbækurnar, fyrst hann veit það

ekki. Að einstakur maður gefi alþingisbækurnar út upp á sínar eigin spítur, til þess held eg þurfi annan eins óeigingjarnan mannvin og þingmann Strandasýslu, en eg efast þó um, að hann vildi verða til þess, og það er auðsèð, að þessi uppástunga þingmanns Strandasýslu hefir komið af ókunnugleika hans á, hvað prentun slíkra bóka mundi kosta. Eg held nú, að þingið ætti að láta það vera sitt augnamið, að styrkja öll vísindaleg fyrirtæki, og ef þingið mælti með því við stjórnina, að hún veitti til dæmis bókmenntafèlaginu styrk til að gefa þessar bækur út, mundi hann máske fást. En hvort þetta verði gjört að innanþingsmáli veit eg ei, í hið minnsta þori eg ekki að fara þess fastlega fram. En óskiljanlegt er mèr það, ef þingið álítur það ekki skyldu sína, að mæla með vísindalegum fyrirtækjum, og eg er viss um, að hèr eru margir á þinginu, sem ekki hafa þá skoðun heldur álita slíkt skyldu sína.

Ásgeir Einarsson: Eg sè, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir reyndar ekki lesið ræðu mína aptur á bak, en þó tekið úr henni aðalkjarnann, þar sem eg talaði um útgáfu kirkjurèttarins, þar afbakaði hann alveg orð mín; eg talaði um, hvort ei mundi geta verið svo, að þjóðin álíti alþingisbækurnar gömlu eins þarflegar og kirkjurèttinn, svo að má ske væri mögulegt að ganga sama veg með þær. En fyrst liggur nú fyrir að tala um mátann sem maður vill hafa með þetta mál, síðan um kostnaðinn, ef málið kemst til nefndar.

Jón Hjaltalín: Eg sagði ekki, eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður bar upp á mig, að maður gæti ekkert grætt á alþingisbókunum, því það má græða á öllu eitthvað, hvaða skrudda sem það er; þar sem hann sagði, að þingið ætti að styðja að öllu, sem væri vísindalegs efnis, þá er nú eptir að vita, hvort alþingisbækurnar geta talizt til þess, eg í öllu falli efast mikillega um það. Og ef alþingi ætti að fara að taka að sèr útgáfu vísindalegra rita, þá held eg að það sèu margar bækur sem eru vísindalegri, og sem lægi nær, að þingið tæki að sèr (*Jón Pèturssón:* Hverjar?) það er til dæmis grasafræðin hans bróður míns; þó mèr sèu ekki vel kunnar þessar gömlu alþingisbækur, hef eg þó sèð þær, og á því sem eg hef lesið í þeim, hef eg lítið grætt; en hègyljur og vitleysur hef eg sèð í þeim, og af þeim gæti eg sýnt hinum heiðraða uppástungumanni nóg, ef hann vildi, og eg er viss um, að hann vildi ekki vera þekktur fyrir, að láta slíkt sjást eptir sig. Ef hann hefð komið með eitthvert rit eptir sjálfan sig, skyldi eg hafa stutt það,

en mèr þykir ísjárvert fyrir þingið að fara út í þessar gömlu skruddur, því eg veit þá ekki hvar staðar á að nema; menn geta komið með ótal sem eru eins gagnlegar og þessar bækur.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð að biðja menn að gæta þess, að eg hefi aldrei sagt með neinni vissu, að þetta fyrirtæki mætti skoða sem innanþingsmál og borga af alþingiskostnaðinum, því eg hefi að eins hreift þeirri spurningu, hvort ei mætti skoða það svo, og tekið fram hvað þá leiddi af því. Að öðru leyti tek eg það enn aptur fram, að svo fróðleg og mikilsverð sem mèr þykir ný útgáfa af hinum gömlu alþingisbókum í sjálfu sèr, þá álít eg þetta mál enn of óundirbúið til þess að menn geti nú útrætt það hèr á þingi, og eg verð því enn, vegna málsins sjálfs, að skora á hinn háttvirta uppástungumann að taka heldur uppástungu sína aptur að svo stöddu.

Forseti: Eg held þetta mál sè svo bæði að efni og formi, að það verði ei álitið sem innanþingsmál. Það er í uppástungunni engin áætlun gjörð um kostnaðinn, og hann yrði þó líklega æði mikill; og þingið hefði ekki vald á að bæta honum ofan á annan alþingiskostnað. Ef þvi uppástungumaður ekki vill taka uppástunguna aptur, verður gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja eður eigi.

Jón Pèturssón: Þó eg sjái það fyrir, að uppástungan muni líklega falla, svo að rèttast væri að taka hana aptur, vil eg þó til frekari fullvissu, að atkvæði sèu greidd um hana.

Var síðan gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja eður eigi, og var uppástungan felld frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 7.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagsskránni til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Suðurþingeyinga um bændakirkjueignir.

Málið afhent uppástungumanni.

Jón Sigurðsson: Eg hef fundið ástæðu til að hreifa þessu máli um tíundarfrelsi bændakirkju-eigna af því svo mörgum samkynja málum hefir verið veitt móttaka á þinginu. Eg skal ekki fjölyrða um uppástunguna að svo komnu, en óska einungis, að henni verði vísað til nefndarinnar um prestsmötu hundruðin. Uppástungan hefir legið á lestrarsalnum, og hafa þingmenn kynnt sèr hana þar, eg álít ekki þörf á að lesa hana upp (nokkrir þingmenn;

við viljum heyra hana); ef þingmenn óska þess, skal eg lesa uppástunguna upp.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 123.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil vekja máls á því, hvort það sem kvartað er yfir í uppástungunni ekki muni vera byggt á nokkrum misskilningi; það er nefnilega kvartað yfir því, að nú, síðan nýja jarðamatið var löggilt, sje sumstaðar farið að taka tíundir eptir öllu hundraðatali þeirra jarða, sem áður hafi verið, og að rèttu lagi eigi að vera, tíundarfríar að nokkrum hluta. Mèr sýnist það nú liggja í augum uppi, að þegar kirkjan hefir áður átt vist hundraðatal eptir gamla matinu, þá sè hægt að sjá, hvað mikið hún á nú, eptir hinu nýja. Hafi t. a. m. þriðjungur af jörðinni áður verið tíundarfrí meðan gamla matið var í gildi, þá verður eins þriðjungur jarðarinnar að vera tíundarfrí nú, þó hundraðatal jarðarinnar allrar hafi breyzt. Eg get ekki skilið, hvernig tíundatakendurnir hafa getað leyft sèr að taka tíund af allri jörðinni, þar sem svona stendur á, nú fremur en áður. Mèr finnst að orsök hefði verið til, að klaga þá, sem svo hafa farið að. Eg verð því að álíta óþarft, að setja nefnd í þetta mál, því mèr sýnist það sjálfsagt, að taka eigi tíund þar sem svona stendur á, í sama hlutfalli við hina nýju hundraðatölu sem áður við hina gömlu hundraðatölu, og það er hægt að reikna út með einfaldri þriggja liða reglu.

Jón Sigurðsson: Eg skal geta þess, að þar sem kirkju-eignin er ákveðinn hluti í heimalandinu, t. d. þriðjungur, fjórði partur o. s. frv. þar getur átt við, það sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu sagði. En það eru margar kirkjur, sem eiga ítök og hlunnindi annarstaðar en í heimalandi, og sem aldrei hafa verið metin sèr í lagi, og engin ákvörðun er til um það, hvað mikill hluti þau eru úr jörðinni; þessi ítök eru metin með jörðunni í hinu nýja jarðamati. Eg skal tilfæra sem dæmi, að bændakirkja á selland, sem ekki er þó áfast við heimalandið, og sem hefir verið metið með í nýja jarðamatinu; hver getur nú sagt, hvað mikill hluti úr allri jörðinni sellandið er? Það eru margar bændakirkjur, sem eg þekki, sem eiga t. d. beitilönd, afrèttir, skógarhögg, og máske engi og sem eg veit ekki betur en að allt sè metið með heimajörðunni í nýja matinu.

Helgi Hálfdánarson: Ef þessi bændakirkju-ítök hafa verið tíundarfrí áður, þá finnst mèr, að það hljóti að hafa áður verið sèrstök hundraðatala á þeim, því annars var ómögulegt, að tíundar-

takendur gætu vitað, hvað mikið átti að vera undanþegið tíund vegna þessara ítaka. En sè það víst, að þau hafi alls ekki verið reiknuð með í hinu gamla hundraðatali, og þess vegna verið tíundarfrí, þá mátti ekki heldur taka þau með nú, án þess að setja á þau sèrstaka hundraðatölu, og er eg þá samþykkur því, að þetta þurfi lagfæringar við.

Jón Pètursson: Eg held, að þriggja liða reglan geti ekki komizt eins vel að, eins og þingmaður Gullbringusýslu ímyndar sèr, því þar sem hann tók dæmi, að ef kirkjan hefði átt þriðjung í heimalandinu en bóndinn 2 þriðju parta, eptir gamla matinu, þá ætti nú að vera tíundarfrí jafnmikill hluti jarðarinnar sem áður, eður þriðjungur dýrleika hennar eptir nýja matinu; en þessi reikningur getur ekki átt við, nema þar sem kirkjan engin hlunnindi eður ítök á. En menn verða að gæta að því, að í nýja matinu eru hlunnindi kirknanna og ítök, t. d. sellönd og ýmisleg önnur ítök í annara manna lönd, og sem enginn dýrleiki var á, metin í sameiningu með heimajörðinni til verðs, svo menn vita ei, hvað mikið þau hafa hleypt jörðunni nú upp í dýrleika við nýja jarðamatið, eður í hverju hlutfalli dýrleikinn á þeim stendur við dýrleikann á heimalandínu. Þannig er hvorttveggja metið saman, það sem er tíundarfritt, og það sem tíund er borguð af, án þess menn viti hlutfallið milli þess. Tíundatakendur eru því nú neyddir til annaðhvort, að heimta tíund af öllu, bæði kirkju-eigninni og bændahlutanum, sem þeir ekki eiga með, eður þá láta vera að heimta tíund af nokkru, en við það verða þeir fyrir mesta órètti. Það er því alveg rètt, sem uppástungumaður segir, að kirkjuhlutann og hlunnindi kirkjunnar verður að meta sèr, og sèrskildur dýrleiki setjast á bændahlutann.

H. G. Thordersen: Mèr finnst þetta vera svo lagalegt mál, að eg þori ekki að dæma um það. En eg vil spyrja lagamennina; það sem verður sannað, að kirkjan eigi, er það ekki gefið, að menn sèu lausir við, að gjalda tíund af því, hvort sem það er skógur eða reki eða hvað annað? En það þarf engan dýrleika á því sem eigi þarf að borga neitt af.

Forseti: Það er einmitt þessi sönnun, sem leitað er að í uppástungunni; það er alveg rètt, sem þingmaður Gullbringusýslu tók fram, að þar sem eignirnar hafa verið metnar áður, þar er sjálfsagt, að taka tíundina eptir sama hlutfalli og áður; og er hún þá auðfundin með þriggja liða regln. En hèr er talað um hlunnindi,

sem ekki hafa verið metin í gamla matinu, en nú eru metin með í hinu nýja.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að fleira gæti nú komið til tals viðvíkjandi tíundarskyldunni. Eitt er það, að margir hafa skilið svo nýja jarðamatið, að greiða ætti tíund af öllu, sem metið hefir verið, svo að nýja jarðamatið hefði þá upphafið tíundarfrelsið. Þannig veit eg til, að á jarðir, sem ekki voru nefndar áður og aldrei tíundaðar, hefir sumstaðar verið lögð fátækratíund. Eg held að það væri æskilegt, að heyra meiningu hins háttvirta konungsfulltrúa um þetta og fleiri lagamanna, því eg veit til, að háyfirvöldin okkar, sem okkur hafa verið lèð um tíma, hafa verið optar en einu sinni í vafa um þetta.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða fulltrúa Strandasýslu geta þess, að til stiptsyfirvaldanna hafa næstl. ár komið fleiri fyrirspurnir út af tíundinni eptir nýju jarðabókinni, einkum úr Vesturamtinu, þar sem sumir skildu nýju jarðabókina svoleiðis, t. a. m. í Snæfellsnessýslu, að nú ætti að tíunda allar jarðir, og þar á meðal staða og kirknajarðir,en stiptsyfirvöldin svöruðu, að jarðabókin nýja enga breytingu hefði gjört í tíundarskyldunni, og að því þær jarðir, sem áður hefðu verið tíundarfríar, væru það enn. Eg skal enn fremur út af því sem sagt hefir verið um það, að ítök og hlunnindi kirkjujarðanna hafi verið látin auka dýrleika þeirra án þess, að sèð yrði, hvað mikið, leyfa mèr að athuga, að þó svo væri, þá tekur það varla því, að gjöra það atriði að umtalsefni fyrir hlutaðeigandi, þar sem þeir taka allan arðinn af ítökunum, sem sumstaðar er mikill; en tíundin aptur nemur mjög litlu. Eg er sömuleiðis samdóma þingmanni Gullbringusýslu í því, að það sè hægðarleikur, að fá að vita, hversu mikill partur af eigninni tilheyri kirkjunni eptir nýja jarðamatinu, því máldagarnir segja til þess, og hlutfallið er það sama og það var áður, milli bænda og kirkju-eignarinnar, þó hundruðin hafi breytzt.

Indriði Gíslason: Í Vesturamtinu lá við, að það gengist víða við, að allar jarðir yrðu tíundaðar, eins þær, sem voru tíundarfríar áður. Eg held að þetta sè nú mikilsvert, og vert þess, að því sè gefinn gaumur; því það er slæmt, ef menn skildu löggjöfina svo, að hún upphefði það tíundarfrelsi á þeim jörðum, sem það hafa að lögum, og þó því ekki verði neitað, að lagaboðið er mjög illa og ónákvæmlega orðað, sèst það þó bezt í ástæðum stjórnarinnar, að það er ekki meiningin, að þetta lagaboð af taki allar tí-

undar undanþágur, og skal eg leyfa mèr að lesa þessar línur úr ástæðunum: »það liggur í augum uppi, að hið nýja jarðamat engu getur breytt um tíundarskyldu jarðanna á Íslandi, og að tíundin því framvegis, þangað til öðruvísi verður ákveðið, að eins getur orðið heimt af þeim jörðum, sem nú sem stendur eru tíundbærar. Þetta liggur svo í hlutarins eðli, að ekki þótti þörf á, að taka það með berum orðum fram í þessari grein frumvarpsins». Og svona gekk málið óumbreytt í gegnum þingið, og á álitsskjalinu er enga breytingu að sjá, svo þetta hlýtur að vera andi löggjafarinnar, en hvað uppástunguna áhrærir, er hún sjálfsögð að vísa henni til nefndarinnar í jarðamatsbreytingarmálinu.

Jón Sigurðsson: Eg get þó ekki verið samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa, að þetta mál, sem hèr er umræðu-efni, sè einskis virði, því eg álít það verulegt rèttarspursmál, og það er aldrei lítils virði þegar um verulegan rètt er að ræða, annaðhvort einstakra manna eða einstakra stofnana; uppástunga mín var sprottin af því, að þegar eg sá að farið var að reyna til, að lètta öllum álögum á beneficii-eignum, og prestajörðum, þá fannst mèr bændakirkjurnar eiga að njóta sama rèttar, og sè eg ekki betur en full ástæða væri til að fara þessu á flot fyrir þær. Það er satt sem þingmaður Gullbringusýslu tók fram, að þar sem er fast ákveðið hundraðatal á eignum kirkjunnar eptir gamla matinu, þar er hægt að reikna kirkjuhlutann frá bænda-eigninni, og telja hann frá tíundinni; en það eru margar kirkjur, þar sem ekkert er um þetta ákveðið; sumar eiga ekkert í heimalandi, en mikil ítök annarstaðar, sem alls ekki hafa verið metin til hundraðatals eptir gamla matinu. Þannig þekki eg í Þingeyjarsýslu 3. bændakirkjur, sem ekkert eiga í heimalandi, en eiga þar á móti alla afrètti, beggja megin Skjálfandafljóts, að fráteknum litlum skika sem kallaður er almenningur, og er það alls fjarska mikil eign; nú hefir aldrei verið ákveðið neitt um það, hvað mörg hundruð þessi afrètt er, eða hvað mikill hluti úr allri eigninni; en hefir nú við jarðamatið verið talin með heimalandi hverrar bændakirkjujarðar, eptir rèttri tiltölu. 4 kirkjur í Þingeyjarsýslu eiga líka flestar eyjar í Skjálfandafljóti, þar af eru 2 beneficii-kirkjur, en 2 bændakirkjur. Eru eyjar þessar arðsamar til beitar og enda slægna, og hafa þær einnig verið metnar með heimajörðunum. Nú sjá allir, að þegar allt er virt svona í bendu saman, þá er ekki hægt að ákveða, hvað mikill hluti úr allri bændakirkjujörðinni, eigi að vera tíundarfrí að lögum, nema lagt sè sèr-

stakt mat á eignir kirkjunnar; og eg ætla að tíundartökurunum sè full vorkunn í, þó þeir hafi í haust tekið tíund af því öllu saman, bænda-eign og kirkju-eign, þegar ekkert finnst ákveðið um það við jarðamatið, hvað mörg hundruð hvort um sig sè.

Helgi Hálfdánarson: Mèr fannst þetta ekki glögglega tekið fram í uppstungunni. En hitt verð eg að álíta auðsèð, að þar sem viss tiltekinn partur af eigninni hefir verið tíundarfrí áður, verður hann eins að vera það enn, þó hundraðatalið hafi breytzt, það er að skilja í sama hlutfalli við hina nýju hundraðatölu allrar jarðarinnar, sem áður við hina gömlu, og það var einungis þetta sem jeg í fyrstu vildi benda á.

Jón Hjaltalín: Það eru nú liðin 8 ár, síðan eg heyrði talað um »Forholdet« milli kirknanna og eiganda þeirra af mjög vitrum mönnum; það var talað vel og lengi, en niðurstaðan varð sú, að þeir vissu ekki, hvort bóndinn ætti kirkjuna eða kirkjan ætti bóndann. Eg er nú og engu nær af þessum ræðum, sem haldnar hafa verið; en svo mikið þykist eg sjá, að hèr er einhver grautur, sem er ósoðinn enn, og því vil eg að nefnd sè sett, hún kynni þó að fá einhverja meiningu út um þetta. Eg man líka, að þegar eg heyrði á þetta samtal fyrir 8 árum, þá var því bætt við, að líklega mundi bráðum koma til umtals á þinginu sambandið milli þessara tveggja höfuðskepna.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist eðlilegast, að vísa þessu máli til nefndarinnar um prestsmötuna, og það því heldur sem uppástungumaður sjálfur hefir stungið upp á því, að svo yrði gjört. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg álít, að eldra jarðamatið á kirkjustaðajörðunum, hafi tekið hlunnindi þau, er þeim fylgja til greina, eptir sömu reglu, sem jarðamatsnefndin í Reykjavík gjörði.

Jón Pètursson: Nefndinni var ómögulegt, að setja sèrskilt virðingarverð á hlunnindin, því þau höfðu eigi verið virt sèrskilt við matið í sýslunum, og til hvers var líka, að vera að setja þessi hlunnindi til hundraða, þegar engin tíund átti að greiðast af þeim? Það sýnist mèr alveg tilgangslaust, og það hefir heldur aldrei verið gjört.

Konungsfulltrúi: Það var þó tekið til greina af jarðamatsnefndinni í Reykjavík, af hverri hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður var meðlimur

Jón Pètursson: Reykjavíkurnefndin gat ekki tiltekið neitt um

þessi hlnunindi, því hún var jafn ófróð og þingið nú um það, hvað mikinn hluta eignarinnar þau útgjörðu, því hún hafði engin skjöl því viðvíkjandi. Hið sama gjörði og níumannanefndin, sem þingið setti 1857 til að yfirskoða og lagfæra gjörðir Reykjavíkurnefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Það hefði þá átt betur við, að jarðamatsnefndin í Reykjavík, í stað þess, að hún, þegar hún sá að jarðamatsmennirnir höfðu sett staðajarðirnar niður í því hlutfalli, sem prestsmötunni svaraði, heimtaði upplýsingar um það, hvað mikið staðajarðirnar hefðu verið settar niður út af prestsískyldunni og hækkaði þær svo aptur í hundraðatali, hefði farið hinn veginn og lækkað staðajarðirnar að því skapi um allt land, en það gjörði hún þó ekki; og eg álít hún hafi gjört rètt i því, og það því fremur, sem eldri jarðamöt víst hafa fylgt sömu reglu, af sömu ástæðum, sem Reykjavíkurnefndin.

Björn Pèturssón: Mèr sýnist nú allar þessar dómadagsræður, sem hafa verið haldnar um þetta, alveg óþarfar; því uppástungumaður var svo kurteis, að biðja að eins um, að uppástungunni yrði vísað til nefndarinnar í prestsmötumálinu, og mèr sýnist það ókurteisi af þinginu, að neita honum um þessa kurteislegu bæn.

Jón Hjaltalín: Eg held þó að betra væri, að sèrstök nefnd væri sett í málið; hún gæti þá fengið ljósari upplýsingar, og gjört einhverjar ráðstafanir til þess að kirkjan gæti fengið sitt, og að það ekki renni í vasa bændanna, sem kirknanna er, og jöfnuður komist á. Eg held líka, að prestsmötunefndin hafi nóg, þó ekki sè þessu dengt á hana líka, nema ef hún á að verða annað eins óskabarn þingsins, eins og stjórnarbótarnefndin nr. 1. og 2.

H. G. Thordersen: Mèr finnst ekki vera ástæða til annars, en fullnægja beiðni uppástungumanns, og vísa málinu til prestsmötunefndarinnar; eg er því á móti sèrstakri nefnd.

Jón Hjaltalín: Það kemur alveg í sama stað niður upp á tímann, hvort sèrstök nefnd er valin, eða mörgum málum er dengt á eina nefnd, því hún tefst þá eins mikið, eins og því svaraði, þó einni nefndinni væri fleiri. Það gengi þá held eg líka fljótara, að fá eitthvað að vita um þetta, og þess er þó þörf, þar sem við höfum nú heyrt 2 júrista tala um málið sem voru alveg mótsettir hvor öðrum.

Benidikt Sveinsson: Eg óska, að forseti vildi nú þegar láta ganga til atkvæða um þetta mál.

Stefán Eiríksson: Eg óska þess líka, því mèr sýnast ekki þessar löngu ræður hafa upplýst málið mikið. Og hvort sem nú nefnd verður sett í málið eða ekki, þá held eg verði örðugt fyrir hana að finna hlutfallið á þessum umtöluðu hlunnindum, eða það samband, sem er milli kirknanna og eiganda þeirra, úr því ekkert hundraðatal var á ítökum þeim áður.

Björn Pètursson: Ef ætti að upplýsa, það atriði, hvort kirkjan á bóndann, eða bóndinn kirkjuna, þá þyrfti sèrstaka nefnd, en mèr finnst það liggja fyrir utan málið. En ef hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vill gjöra um það uppástungu, stendur það honum náttúrlega frítt fyrir.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og þó eg álíti rèttast, eins og uppástungumaður fór fram á, að vísa málinu til prestsmötunefndarinnar, skal eg samt biðja þingmenn að greiða atkvæði um, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa, eður eigi.

Var þá gengið til atkvæða, og gaf enginn atkvæði með sèrstakri nefnd.

Var þá samþykkt með 22. atkvæðum, að vísa málinu til prestsmötunefndariunar.

Málið afhent uppástungumanni.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu viðvíkjandi sundrung á brauðum, sem nýlega hafa verið þar sameinuð, og um brauðasameining yfir höfuð. Flutningsmaður hennar er þingmaður Skagfirðinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal að svo stöddu ekki tala mikið um mál þetta, því það má virðast full-ljóst af bænarskránni sjálfri. Eg get þess að eins, að þegar lík bæn kom hèr fram á þinginu 1861 úr hinum sömu sóknum, þá var henni einkum vísað frá af þeirri ástæðu, að mörgum þótti hún vera of einstaklegs eðlis, svo mönnum þótti rèttast að vísa beiðendum að eins til yfirvaldanna. En hvort sem þessi aðferð var þá á alveg góðum rökum byggð eða ei, þá er málið nú svo úr garði gjört, að hún á ei lengur við, því engum mun geta komið til hugar að neita því, að annað niðurlagsatriði að minnsta kosti þeirrar bænarskrár, sem nú liggur fyrir, sè svo almennilegs eðlis, að það eigi vel við fyrir þingið að taka hana til greina, hvað sem það svo gjörir við fyrsta niðurlagsatriðið, hvort heldur að vísa beiðendum yfirvaldaveginn með það eða annað.

það atriði, að söfnuðirnir megi hafa hönd í bagga með um hverja breytingu, sem gjör verður á sóknaskipun, svo að hún verði framvegis aldrei framkvæmd nema þeir sèu aðspurðir áður, það atriði þykir mèr í alla staði svo mikilsvert, að eg yrði að álíta það hina mestu ósanngirni, ef þingið vildi nú ei gefa því nokkurn gaum. Og einkum bið eg menn að gæta þess vel, hvað af því mundi leiða, ef söfnuðum æfinlega væri synjað um svo augljósan rètt, því hver veit nema þeir færu þá að hugsa sig um að segja sig frá prestunum, ef þeir sæu optlega að að eins væri tekið tillit til hagsmuna þeirra, en ei þess hvað sóknarbúum sjálfum henti bezt, rètt eins og söfnuðirnir væru að eins til prestanna vegna, en ei hitt, sem sannara er, að prestarnir eru að eins til þeirra vegna. Eg vona því, að menn muni ei skorast undan að taka þetta mál til meðferðar hèr á þingi nú, og eg óska helzt að sèrstök nefnd verði sett í það.

Konungsfulltrúi: Þetta mál kom hèr fyrir á seinasta þingi, og var þá fellt, og eg verð einnig nú beinlínis að mótmæla því, að þessi uppástunga verði tekin til greina, því það verður að vera öllum, sem þekkja hvernig til hagar, ljóst, að sameining brauða þeirra, sem hèr er spursmál um, er á góðum og gildum ástæðum byggð, og sameiningin í alla staði hagfelld, ef annars nokkur brauðasameining hèr á landi á að geta átt sèr stað. En hvað það snertir, að leita ætti álits hlutaðeigandi safnaða, þegar það kæmi fyrir, eða ástæða þætti til, að leggja hèr brauð saman, þá er það að vísu mín persónulega meining, og hana hef eg einnig áður látið í ljósi, að þessi krafa sè eðlileg og sanngjörn, en á hinn bóginn sè eg það þó fyrir, að með þessu móti muni koma fram sú mesta tálmun fyrir brauðasameiningunni, því svo hefir það verið hèr hingað til, og svo mun það og verða eptirleiðis, en af því eg tel það víst, að þingið muni ekki taka þessa uppástungu til nokkurra greina, skal eg ekki að svo komnu fara um hana fleirum orðum, en verð að ráða þinginu til, ef það ekki skyldi vísa henni frá, að vísa henni til nefndarinnar, sem sett er í prestseklumálinu.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir þó varlega gjörandi fyrir þingið, að vísa málinu frá, og virðist mèr þá heldur, að þingið ætti að hafa þann veg, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi benti á, að vísa því til nefndarinnar í prestseklumálinu.

H. G. Thordersen: Eg er nú alveg samdóma því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði; mèr er mál þetta mjög kunnugt, og

það verð eg að segja, að í alla þá tíð, sem eg hef verið byskup, hefir ekkert mál farið betur undirbúið til stjórnarinnar; það var nefnil. áður borið undir ekki að eins geistlega embættismenn, sem til þekktu, heldur einnig undir verzlega, nefnilega sýslumann og jafnvel amtmann, og það var ekki einn einasti, sem mælti á móti. Það hefir kann ske verið gallinn, að ekki var farið til safnaðanna, og þó við höfum fengið að vita almenningsalitið, gat vel verið, að einstakir menn í sóknunum hafi eptir á orðið þessu mótfallnir, og »agiterað«, sem menn svo kalla, eður æst aðra sóknarbændur. Eg er nú fyrir mitt leyti ekki mótfallinn því, að gjöra það að reglu að leita álits safnaðanna, þegar brauðasameining er gjörð, en eg vil gjöra eina athugasemd, sem eg hef borið upp við alla presta, sem eg hef vígt, það er það, að okkur vantar sóknarráð, það er að segja menn, sem eru tilteknir með prestinum, til að ræða um öll þau mál, er prestakallinu eður embættinu viðkoma í öllum áríðandi tilfellum. En meðan svona er, og kalla á hvern og einn til þess að leita samþykkis hans, þá kynnu að vísu margir láta sig sjá, að höfðatölunni til, en þeir sem mótfallnir eru mæta ekki, en rísa svo upp á eptir og afla með því eins og eg hef reynslu fyrir, mikils óróa og málalengingar. Þetta gætu þeir ekki, ef einhver sóknarráð væru; en þar sem eru mörg höfuð, geta menn aldrei búizt við, að allir verði á eitt sáttir. Útvegið þið mèr sóknarráð eður eitthvað sem því samsvari þá felli eg mig vel við, að snúa mèr til safnaðanna. En meðan ekkert er að snúa sèr til, nema höfðatalan ein, meðan ekkert »Organ«, engin nefnd eður slíkt er til, sem geti eður hafi skyldu til að ábyrgjast vilja safnaðanna, þá held eg, að þetta geti aldrei komið að neinu gagni. En því verður engan veginn neitað, að það er mjög eðlilegt, að söfnuðirnir hafi sem mest að segja í sínum kirkjulegu efnum, og eg vil segja sáluhjálparefnum, og því væri nauðsynlegt, að styrkja sem mest að því, að sóknarráðin kæmust á, eður einhver föst regla í þessu tilliti.

Jón Hjaltalín: Eg vil gjöra eina athugasemd út af því, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði; þetta mál er nú engum kunnugra, en honum, honum sýndist nauðsynlegt að fá sóknarráð, og það getur nú vel verið, að svo sè. En ef ekkert verður gjört við þetta mál, nema sóknarráðin komist á áður, þá er bezt að senda það til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1 eða 2 Annars sýnist mèr þetta eiga beinlínis heima hjá presta-eklunefnd-

inni, því í þeirri bænarskrá var farið fram á að sameina brauðin, og hèr er beðið um að sameina þau ekki, og ef þetta væri sitt hjá hvorri nefndinni, hlytu þær að ríða í bága hvor við aðra.

Benidikt Sveinsson: Eg vil benda á það, að mèr þykir mjög ísjárvert fyrir þingið, að taka þetta mál til meðferðar, því ef þess konar mál kæmu frá þinginu, lýsti það sannarlega því, að landsmenn væru farnir að hafa þingið fyrir leiksopp. Það þyrfti þá ekki annað, en raka saman nokkrum höfðum, til þess að vekja umræðu um þau mál, sem ekkert koma þinginu við. Það er því alveg rètt, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði, að af því þetta mál kemur alveg eptir dúk og disk, þá er auðsætt, að það er þinginu með öllu óviðkomandi.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get ei annað sagt en að mig furðar nokkuð á því, hvernig hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók nú undir þetta mál, því annaðhvort hefir hann tekið rangt eptir því frá upphafi, eða hann rangfærir tilgang bænarskráarinnar. Það er eigi satt, að hún komi eptir dúk og disk, ekki einu sinni hvað hinu fyrsta atriði viðvíkur, því þar er að eins farið fram á, að brauðasamsteypan verði aptur upphafin *þegar þessi brauð losna*, og það er þó víst ei eptir dúk og disk að fara nú þegar að biðja um, sem engi getur sagt, hvað langt kann að eiga sèr í land enn; og það er heldur eigi satt, að allt þetta mál sè þess eðlis að það komi alþingi alveg eigi við, eins og hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, því það hafa allir þingmenn, sem talað hafa, játað, að honum undanteknum, að að minnsta kosti hið seinna atriði bænarskrárinnar sè svo almennilegs efnis og svo mikilsvert, að þingið eigi einmitt að taka það til greina. Eg þarf hèr ei að taka það fram, sem eg áður hefi sagt um þetta atriði, og bæti því þess vegna að eins við, að eptir að eg hefi heyrt orð hins háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanns, þar sem hann viðurkenndi það, að reglan væri í sjálfu sèr rètt og sanngjörn, en tók það um leið fram, að eptir því sem nú væri tilhagað, væri ei æfinlega svo hægt að koma þessu við — þá finnst mèr þessi skortur vera því meiri ástæða til að setja sèrstaka nefnd í málið, því hún ætti þá einmitt að reyna til að ráða bót á þessu líka. Eg hefi heldur ekki heyrt neina sèrlega ástæðu á móti sèrstakri nefnd enn, og hvað fyrra atriðinu viðvíkur, þá skal eg að eins minna á, að stiptsyfirvöldin hafa áður orðið að láta það eptir söfnuðunum að taka aptur ráðna samsteypu á brauðum, mig minnir það væri um Dal og Holt undir

Eyjafjöllum; eg vona þess vegna og þau muni því fremur taka tillit til þessa atriðis í fyrirliggjandi bænarskrá, sem það hefir nú verið tekið fram hèr í salnum fyrir þeirra hönd, að brauðasamsteypan í Skagafirði hafi verið gjörð að fornspurðum öllum viðkomandi sóknarmönnum, auk þess að þessi samsteypa líka um leið var sundrung á öðru gömlu brauði. En um þetta skal eg þó ei tala meira og einkum halda mèr við hitt aðalatriðið; bæti eg því þá við, að þó því hafi verið hreift að vísa bænarskránni vegna þess til nefndarinnar um presta-ekluna, þá held eg þó, að sú uppástunga, sem hún var sett um og þessi bænarskrá geti ei vel farið saman, þar sem eptir henni að eins á að hugsa um prestana og endurbót á kjörum þeirra, en alls ekki um söfnuðina, sem hèr er aðalmálið, því þá yrði nefndin þó að minnsta kosti að finna eitthvert annað meðal en brauðasamsteypu á kostnað safnaðanna til þess að bæta kjör prestanna. En að öðru leyti vildi eg helzt óska, að einhver þingmaður, sem kunnugastur er í Skagafirði, eins t. a. m. hinn háttvirti þingmaður Dalamanna, vildi segja álit sitt um þetta mál.

Ásgeir Einarsson: Mèr þótti undarleg ástæða hins konungkjörna varaþingmanns, fyrir því að hrekja málið frá þinginu, nefnil. af því bænarskráin væri með svo fáum undirskriptum. Áðan var þó tekin til greina uppástunga frá einum manni, svo mèr þykir þetta lýsa töluverðri ósamkvæmni. Það væri líka merkilegt, ef engin bænarskrá úr sveitum mætti takast til greina, nema hún væri með mannfjölda undirrituðum, en hver maður í Reykjavík má þeyta inn á þingið hverri bænarskránni eptir aðra. Þar sem flutningsmaður var að mæla með sèrstakri nefnd, þá held eg það sè ekki ráðlegt, því menn vita það, að þegar þessar mörgu nefndir eru settar í skyldum málum, ríða þær opt í bága hver við aðra og verða að bíða hver eptir annari, svo málin dragast við það helmingi lengur. Mèr sýnist liggja beint við, að vísa því til prestseklunefndarinnar, því þetta mál álít eg náskylt því.

Benidikt Sveinsson: Eg skildi ekki hinn heiðraða þingmann Strandasýslu, þar sem hann var að tala um, að eg hefði haft þá ástæðu fyrir að hrinda málinu, að mennirnir væru svo fáir, sem hefðu ritað undir bænarskrána. Eg talaði ekki um neinn mann, heldur um málið sjálft, að það væri ekki þess eðlis, að það gæti heyrt undir þingið; eg álít, að þó ekki nema hálfur maður bæri málið fram, ef það heyrði undir þingið, þá væri sjálfsagt, að taka það; vèr eigum í þessu tilliti, eins og fleiru, ekki að telja

höfðafjöldann heldur vega málin sjálf á vog skynseminnar að öllu leyti. Eg er að öllu leyti með höfuðatriðinu í bænarskránni, og er alveg samdóma því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi, og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður hafa tekið fram, að það er mjög eðlileg regla, að söfnuðirnir hafi í þessum málum sem fyllstan atkvæðisrètt; en þetta er engin sönnun fyrir því, að við eigum að taka *þessa* bænarskrá til greina. Þetta sem *hèr* ræðir um, er gjörður hlutur, prestinum er veitt prestakallið, og því getur ekki verið spursmál um atkvæðisrètt sóknarmanna, sem hèr ræðir um, fyrr en við næstu prestaskipti í brauðinu. Bænarskráin fer nefnilega fram á, að koma því á í einstöku tilfelli sem ætti að gjörast að almennri reglu byggðri á almennri nauðsyn og almennum rèttarkröfum allra safnaða á landinu. Hún grípur þannig inn í málið að mèr virðist löngu fyrir timann, inn í einstakt mál, sem máske verður komið í kring og skipað, áður en prestaskipti verða á þessu brauði, svo það lítur jafnvel ekki út fyrir, að þingið gjöri neitt gott með því, að taka nú þetta einstaka mál fyrir, og leiðast út úr því til að taka málið fyrir sem almennt. Málið er í heild sinni vissulega þess vert, að það sè tekið til greina, en vèr eigum ekki að vefja okkur fyrir fram inn í einstök atriði þess, þegar vèr getum sèð það fyrir, að enginn árangur getur orðið af því. Það er eins og eg sagði vel mögulegt, og eigi ólíklegt, að þegar næst verða prestaskipti á þessu umtalaða prestakalli, verði málið í heild sinni komið í kring, og þá fyrst er eðlilegt, að þessi bænarskrá komi til greina af sjálfu sèr en alls ekki fyrr.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af því, sem hinn 2. háæruverðugi konungkjörni þingmaður tók fram um þau vandkvæði, sem væru á því, að fá álit hlutaðeigandi sóknarmanna um brauðasameiningu eptirleiðis, að benda á, að það mætti að mèr virðist fela það hlutaðeigandi presti, eða þó heldur prófasti, að eigi fund um málið með sóknarmönnum, og svo var gjört í slíku máli úr Húnavatnssýslu, að prófastar átti fund með sóknarmönnunum, og það hafði góðan árangur; brauðin voru sameinuð »ad interim«, og síðan til fulls og alls og fer allt vel.

Helgi G. Thordersen: Eg ætla mèr ekki að fara að keppa við hinn háttvirta konungsfulltrúa, þar sem mèr virðist að hann sè seztur í byskupssætið, þegar hann vitnar til brauðasameiningar í Húnavatnssýslu, hverju máli engi maður getur verið jafnkunnugur og og byskupinn, sem einn rèði aðferðinni, sem þar var viðhöfð.

Þessi sameining mætti mikilli mótspyrnu í fyrstu, eins og konungsfulltrúa er kunnugt, svo eg gjörði þá ráðstöfun, að ekki einungis prófastur heldur og sýslumaður í sameiningu með honum hèldi með sèr fund að tilkvöddum helztu bændum úr báðum sóknunum, en eg held samt fast við mína skoðun, að sóknarnefndir sèu hèr nauðsynlegar, svo framarlega sem menn vilja, að ýmisleg mál, svo sem brauðasameiningar, sem hèr ræðir um, og svo máske fleira, ef til vill, eigi að koma undir álit safnaðanna. Eg ber alls ekki á móti því, að þetta, sem hann kom fram með, geti verið góð regla; og mèr er ei um annað að gjöra en einungis að fá vissa fasta reglu. En þó nú þetta hafi verið brúkað á einum stað, og farið vel, þá er ekki víst, að svo færi alstaðar, því við höfum ekki á hverju stráinu aðra eins prófasta og síra Jón sál. í Steinnesi. Eg vil ekki gjöra neina keppni út af þessu, en einungis fá fasta reglu fyrir því, hvernig álits safnaðanna skuli leita, það er ályktun mín, að þetta umtal sè ekki til neins, nema menn fái fasta reglu fyrir því, hvernig leyta eigi samþykkis safnaðanna.

Konungsfulltrúi: Eg verð að leyfa mèr, að afsaka mig frá því, sem hinn háæruverðugi konungkjörni þingmaður bar mèr á brýn, að eg hefði tildrað mèr upp í byskupssæti; að tildra mèr fram til slíks vegs eða virðingar, datt mèr ekki í hug, nè gat dottið; eg leyfði mèr einungis út af orðum hins háæruverðuga þingmanns; »að það vantaði í söfnuðunum áreiðanlegt »Organ« eða sóknanefndir, sem sameining brauðanna, sem spursmál væri um, yrði borin undir« að taka fram, hvort ei mætti ráða úr því með því að biðja hlutaðeigandi prest, eða þó heldur prófast, um að halda fund með sóknarmönnunum. Annað eða meira sagði eg ekki

H. G. Thordersen: Eg man svo langt, að konungsfulltrúi var á annari skoðun um þetta en nú; en þá var hann nú líka í annari stöðu.

Stefán Jónsson: Mèr sýnist nú, að úr því málið um prestsekluna er komið fyrir þingið, og í nefnd og þar er einmitt stungið upp á að sameina brauðin, til að bæta úr prestseklunni, þá sè það sjálfsagt, og vil eg endilega vísa þessari bænarskrá til þeirrar nefndar, því það gæti einmitt leitt til þess, að þessi fasta regla þingsins, sem talað er um í bænarskránni; og því verður ekki neitað, að þeir söfnuðir eru hart leiknir, sem ekkert fá að vita um sameiningu brauða fyrri en hún er á komin þar sem þeir eiga hlut að máli og ættu að hafa atkvæðisrètt. Það getur líka opt verið, að

söfnuðirnir samþykki sameininguna. Eg veit til, að í Eyjafjarðarsýslu hafa verið 2 brauðasameiningar, og þar hefir engin veruleg óánægja lýst sèr á hvorugum staðnum, en þar mun líka hafa verið leitað samþykkis safnaðanna. Eg vil því fastlega mæla með því, að bænarskrá þessari verði vísað til nefndarinnar í presta-eklumálinu. Fyrir hinu spái eg ekki vel, ef hèr í bænum ætti að setja niður nefnd á milli þinga til að sameina brauð úti um landið.

Pètur Pètursson: Eg vil geta þess, sem einn í presteklunefndinni, að uppástungumaðurinn fylgir ekki fastlega fram þeirri uppástungu sinni, að nefnd verði sett hèr í Reykjavík, til þess að semja uppástungur um almenna brauðasameiningu fyrir fram. Það er líka mín sannfæring, að það mundi ekki verða happasælt, og það því síður, sem söfnuðirnir eðlilega eiga atkvæðisrètt í þessum málum. Eg er alveg samdóma hinum háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanni, að hèr vantar fasta reglu um það, hvernig leita skuli álits safnaðanna. Ef mig ekki misminnir, þá hafa stiptsyfirvöldin stundum látið sèr lynda, að leita álits hinna svo kölluðu »beztu manna» í söfnuðinum, svo sem meðhjálpara og hreppstjóra, og þetta held eg, að optast gæti verið nóg, einkum ef prófastur líka hefði hlut að máli. En víst er um það, að einhverrar fastrar reglu þarf í þessu tilliti. En eg er líka samdóma hínum háttvirta konungkjörna varaþingmanni, að þessi bænarskrá blandar einstöku atriði við almennt mál, og eg held að það væri til skaða fyrir málið, ef þingið tæki þetta atriði eins og á hlaupum. En ef því væri vísað til prestseklunefndarinnar, þá er eg hræddur um, að það yrði nokkurs konar undirtylla hjá nefndinni. Annaðhvort sýnist mèr því, að málinu sè vísað frá, eða sèrstök nefnd sè sett um það; og eg held, að það væri ekki til neins skaða fyrir málið, þó því væri vísað frá, því eg hef ekki heyrt neinn hafa á moti því, að söfnuðirnir hafi rètt á, að segja álit sitt um sameiningarnar, og eg er líka viss um, að stipsyfirvöldin gjöra sèr allt ómak, til þess að fá samþykki þeirra. En með því að rísa upp á eptir, eins og sóknirnar hafa gjört hèr, liggur það í augum uppi, hvílíkan óleik þær gjöra stiptsyfirvöldunum, þar sem þær eins og vilja fá stiptsyfirvöldin til, að jeta ofan í sig það sem þau eru búin að gjöra.

Jón Hjaltalín: Eg vil spyrja forseta, hvort ekki sè kominn tími til að greiða atkvæði um málið; það er eins og menn sèu að reyna til að búa til einhvern »gordiskan hnút», úr því. Ef flutn-

ingsmaður lætur sèr nægja að vísa því til prestseklunefndarinnar, held eg ekki sè vert að vera að draga það lengur.

Indriði Gíslason: Eg stend nú nauðugur upp, því eg sè eptir tíma þingsins, en af því flutningsmaður skoraði á mig að segja álit mitt um þessa sameiningu, sem hèr ræðir um, þá skal eg lýsa því yfir, að eg álít, að töluverðan örðugleika hafi leitt af þessari sameiningu fyrir sóknarbúa. Mèr þykir nú annars hèr vera tákn tímanna; þessi bænarskrá kom inn á þingið einmitt sama dag, sem bænarskráin um trúarbragðafrelsi var rædd; þá var nú sagt, að trúarbragðafrelsis þyrfti ekki meira við, en við hefðum, því við hefðum nóg af því. En eg veit nú ekki, hvað er trúarófrelsi, ef ekki þetta, ef menn ekki einu sinni mega biðja um, að 2 brauð sèu ekki sameinnð, þegar menn álíta sameininguna óhentuga. Eg mæli því með, að sèrstök nefnd sè sett, en ef það verður ekki, þá að málinu verði vísað til presta-eklunefndarinnar.

Stefán Eiríksson: Eg get nú ekki sèð, að málið græði við það, þó því verði vísað til presta-eklunefndarinnar, eg skil ekki, hvað hún getur gjört við það, því þessi bænarskrá biður um einmitt það mótsetta við það, sem þar er farið fram á. Mèr finnst það því vera það sama sem að fella málið að vísa því til þeirrar nefndar, enda get eg vel ímyndað mèr, að stjórnin ekki breyti þeim ákvörðunum sem hún hefir gjört í þessu efni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get ei annað en þakkað hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni hvað vel hann yfirhöfuð tók undir málið, en hann hefir þó ei sannfært mig um, að sèrstök nefnd sè ei betri en að vísa því til annarar. Eg neita því ei, að önnur nefnd gæti vel tekið aðalatriði bænarskráarinnar svo til greina, að það kæmi nægilega fram, en hitt þykir mèr þó líklegra, að hún varla mundi gjöra það, og því mun heldur enginn neita, að í slíkri aðferð liggur linlegri meðmæling, en í því að taka bænarskrána sèrstaklega til nefndar. Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti konungkjörni sagði, þá er það nú vænt að heyra, að hann vill ei láta skilja orð sín svo sem hann hafi verið á móti málinu í sjálfu sèr; en þar sem hann heldur því þó fram, að það eigi nú þó ei við inn á þingið, þá verð eg að minna hann á að það, sem hann hefir sagt, getur í hæsta lagi átt nokkuð við um hið fyrra atriði bænarskráarinnar, en alls ei um hið síðara. Það er vissulega svo mikils vert og svo almennilegs efnis, að hann skal heldur ei geta sýnt annað, og bæti eg því þá að eins við, að nefnd sem sett er

um einhverja bænarskrá, er auðsjáanlega ei alveg bundin við hana, en getur farið með málin sjálf á ýmsa vegu, eptir því sem henni þykir rèttast; en í þessari bænarskrá eru atriðin bæði þó svo samriðin að nokkru leyti, að menn mæla í raun og veru með hinu fyrra ef menn mæla með hinu síðara, því ef það fæst, þá leiðir beinlínis þar af, að yfirvöldin verða einnig að gefa því gaum á sínum tíma hvað þessari brauðasundrung og samsteypu viðvíkur. Hið síðara atriði helgar því hèr að svo miklu leyti hið fyrra, að orð hins konungkjörna varaþingmanns eiga ei einu sinni alveg við um það. Að öðru leyti bið eg menn að gæta þess, að eg hefi hèr ei og ætla mèr ei heldur að svo stöddu að láta mína meiningu í ljósi viðvíkjandi þessari einstöku brauðasamsteyping og sundrung, sem hèr um ræðir, hvort hún sè haganleg eða ekki, en eg held mèr að eins við það aðalatriði málsins, hvort söfnuðirnir eigi að hafa rètt til að álíta þeirra gildi nokkuð í því efni eða ei, og eg tek það enn fram, að eg vildi helzt að sèrstök nefnd yrði kosin í málið.

Arnljótur Ólafsson: Af því sumir hafa mælt með sèrstakri nefnd, þá vil eg taka það fram, að eg sè ekki, hvað sú nefnd ætti að gjöra; því það er auðvitað, að nefndin um presta-ekluna stingur upp á, að bæta úr henni með því að sameina brauð, og þá hlýtur hún jafnframt að athuga, hvern atkvæðisrètt sóknarmenn eigi að hafa við sameininguna; þess vegna hlýtur hún einmitt að taka til greina aðalatriðið í þessari bænarskrá, sem hljóðar um atkvæðisrètt sóknarmanna og hvernig honum skuli skipað. Aðalatriðið verður því tekið fyrir, hitt atriðið verður að eins tekið sem dæmi. Eg álít því mjög óheppilegt, ef sèrstök nefnd væri sett; það væri hið sama, sem að hafa 2 tígulkonga í einum spilum. Eg vil því ekki nú, fremur en um daginn, gefa atkvæði fyrir, að nefnd nr. 1 og nr. 2 sè sett í sama málinu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð þó að halda mèr til þess, sem eg hefi áður sagt um sèrstaka nefnd, og vildi helzt óska að þingið skæri nú sem fyrst úr því með atkvæðum, hvort hana skuli setja eða ei. En að öðru leyti er það auðvítað, að eg vil heldur að málinu sè vísað til presta-eklunefndarinnar, en að því verði vísað frá, eins og eg líka tók það fram áðan, að eg áliti að sönnu, að sú nefnd gæti tekið bænarskrána nægilega til greina, þó eg yrði að halda að sèrstök nefnd gæti gjört það enn betur. Þetta er og enn

álit mitt, þó hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hafi nú talað, en þingið ræður hvað það gjörir.

Brynjólfur Jónsson: Mèr fyrir mitt leyti virðist að bænarskrá sú, sem hèr um ræðir, sè með öllu ómissanleg fyrir presta-eklunefndina, því annars get eg ímyndað mèr, að hún verði nokkuð einsýn, en hún þarf þó sannarlega að líta nákvæmlega til beggja handa ef hún á vel að geta komið þessu tvennu saman, nefnilega að koma í veg fyrir presta-eklu, og þó ekki að fækka brauðum; því ef sèrstök nefnd væri sett um þetta, er hætt við, að hún komi í bága við bina. Eg mæli því með að þessari bænarskrá verði vísað til presta-eklunefndarinnar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Var þá gengið til atkvæða og málið fellt frá nefnd með 18 atkvæðum, en því næst var samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6, að vísa því til nefndarinnar í presta-eklu málinu.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Reykvíkinga um alþingissetu þeirra, er eiga 100 hndr. í jörðum.

Málið afhent uppástungumanni:

H. Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr, að lesa uppástunguna upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 125.

Uppástungan er ekki löng, eins og þingmenn heyrðu, og eg vildi óska, að umræðurnar um hana yrðu eins að sínu leyti. Þegar eg las hana upp seinast, neyddist eg til að taka hana aptur, því þinginu þótti hún þá of frjálsleg. En eg er nú jafn frjálslyndur nú og þá, og eg vona, að þingmönnum hafi farið fram að frjálslyndi síðan og setji nú nefnd í málið, og sting eg upp á 3 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vil styðja þessa uppásungu, mèr sýnist hún bæði þarfleg og góð; þeir menn, sem svo eru efnum umkomnir, eins og uppástungan fer fram á, hljóta að láta sèr vera annt um, að allt gangi sem skipulegast um alla búnaðarháttu, og eg álít það ávinning fyrir hvert þing, að hafa slíka menn í tölu sinni; við það er engu tapað, en mikið unnið; og þó ekki fari allt af saman auður og skynsemi, þá er það þó opt. Eg mæli því með, að nefnd sè sett í málið.

Jón Hjaltalín: Eg er því öldungis mótfallinn, að þingið taki

þessa uppástungu til meðferðar, við höfum fengið svo mikið að starfa, að okkur veitir eigi af að fara að gá að okkur og tímanum, og ef þingið ætlar sèr, að taka við hverri einni uppástungu sem í það er fleygt, þá verður það seinast að nokkurs konar ruslakistu fyrir þjóðina. Það hefir verið talað um, að eignin, sem á að gefa manni rètt til að sitja á þingi og taka þátt í þingstörfum og atkvæðum, ætti að vera 100 hundruð í jörðu, og er það ekki mikið ríkidæmi; það kann að nema 3000 rd., en það getur vel farið svo að það verði ekki nema 1000 rd. virði. En hèr er galli á uppástungunni, því kaupmenn ættu þá eins að geta heimtað þingsetu, þeir geta sagt: Eg á eins mikið eða meira fè, en það, sem hundrað hundruð í jörðu geta selzt fyrir. Eg vil spyrja uppástungumann að, hvort hann viti til, að þetta nokkurs staðar við gangist. Eg held hann hafi ekki íhugað, hvað af þessu getur leitt; þessir ríkisbubbar geta orðið svo margir hèr á þingi, að þeir í hverju máli sem er, gætu yfirbugað hina þjóðkjörnu með atkvæðafjölda, og það þó þeir hafi ekki vit fyrir 100 sk.; en skilyrðið fyrir því, að vera góður þingmaður, er ekki það, að eiga nokkur jarðarhundruð, heldur hitt, að höfuðið og hjartað sèu á rèttum stað; en fái uppástungan framgang getur það orðið til þess, að þessum jarðareigendum rigni inn á þingið. Eg held að uppástungan sè það stærsta axarskapt, sem til þingsins hefir komið um langan tíma, og er því þess vegna alveg mótfallinn að þingið í nokkurn máta taki hana til greina.

Benidikt Sveinsson: Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefir mælt svo fastlega móti því, að uppástungan yrði tekin til greina, að eg held, að mín orð hafi ekki mikið að þýða málinu til viðreisnar. En eg vil þó benda honum á að lesa kosningarlög allra landa um hinn siðaða heim, og getur hann þá víst sannfært sig um, að þau eru byggð á þessu tvennu, menntun eður þekkingu og eignum. Það er almennt viðurkennt, að á auð og fè byggjast menntun og vísindi. Asninn getur vel verið ríkur, en allir þeir sem ríkir eru, eru þar fyrir ekki asnar. Fátæklingurinn getur einnig verið skynsamur maður, en skynsemin er ekki eðlilegri förunautur fátæktarinnar en auðsins. Það er miklu fremur eðlilegt að líta á það, að sá, sem mikið á af fè, hefir sèrstaklegan rètt til þess að hafa atkvæði í opinberum eða almennum málum og fram yfir þann, sem ekkert eður lítið á til, honum eru nefnilega lagðar miklu þyngri byrðar á herðar í fèlaginu en hinum fátæka, en rèttur og skyldur manna eiga að standa í rèttu hlutfalli hvort við annað; á þessum aðal-

grundvelli eru kosningarlög um allan hinn siðaða heim byggð. En því eigum vèr að vera að sperrast á móti því, að skipa þing vort eptir þeim reglum, sem gilda um allan hinn siðaða heim; hinn háttvirti þingmaður þarf ekki annað en líta snöggvast t. a. m. í kosningarlögin til landsþingsins í Danmörku. Skyldu þau ekki vera byggð á líkri hugsun og uppástungan sem hèr ræðir um.

Jón Hjaltalín: Uppástungan er tekin úr lausu lopti; eg hef hvergi sèð skynsemina metna mót svo lítilli peningasummu. Mèr þykir það hart, að hinir þjóðkjörnu verði ofurliða bornir af þessum hundraðshöfðingjum, og það er þetta einna helzt, sem gjörir uppástunguna öldungis óþolandi. Hèr kemur og ósamkvæmni fram, því menn ættu einnig að gefa þenna rètt þeim, sem eiga jafnmikið eða meir, í hverju sem eignin er fólgin, og sá, sem ætti 200 hundraða ætti að gilda fyrir 2, ef peningarnir eða auðurinn ætti að ráða. Eg held líka og að alþingiskostnaðurinn yrði töluverður, ef allir þessir auðmenn kæmu á þing og ættu að hafa ferðakostnað og þingsetu borgaða eins og hinir þjóðkjörnu þingmenn, það er þess vegna mín innilega sannfæring, að þessi uppástunga, ef henni verður framgengt, hafi óheilla ríkar afleiðingar fyrir land og lýð, og eg er fullviss um, að uppástungumaður ekki hefir ítarlega hugsað um afleiðingarnar. Það er þó öllum kunnugt, að menn geta opt verið einfaldir, en þó haft vit á að safna auð, en auðnum fylgir opt hègómagirni, og mundi það spenna margan til að ná í 100 hundruð, ef þetta yrði gjört að lögum. Eg ræð því þinginu til að fleygja þessari uppástungu sem fyrst frá sèr.

Konungsfulltrúi: Eg verð þó að lýsa því yfir, að eg get ekki aðhyllzt þessa uppástungu, og að mèr þykir mjög ísjárvert að taka hana til greina, því ef henni yrði framgengt, yrði hún að hafa verulegustu áhrif á þingið, þess tillögur og meðferð á málunum, þar sem þessir jarðeigendur opt gætu orðið meiri hluti þingsins. Það er að vísu auðsætt að með þessu móti gæti þingið orðið meira »conservativt«, því auðmenn eru venjulega »conservative«, þeir vilja sem minnst hagga því sem er, en halda því í sama horfinu, og þannig er landsþingið í Danmörku, sem skipað er efnamönnum, augsýnilega stofnað til þess, að halda í taumana með fólksþinginu. Efni voru líka við fyrstu kosningarlög til alþingis tekin til undirstöðu, en nú er því breytt, og kosningin byggð á persónulegum hæfilegleikum hlutaðeigenda, án tillits til eignar, sem í raun rèttri virðist eðlilegar, enda þótt margt mæli fram með því, að láta efnin

ráða miklu, því ekki verður því neitað, að efnamennirnir eru venjulega bæði reyndari og fastari í rásinni en þeir, sem eru efnalitlir, og því ef til vill öðrum háðir.

Ásgeir Einarsson: Mig furðar stórlega á því, hve afsalegur meiningamunur hèr er á þingi milli hinna upplýstu manna. Hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem er svo kunnugur á Englandi, veit hvað auðurinn hefir mikla þýðingu þar; það er auðurinn sem hefir verið einn af höfuðkröptunum til þess, að gjöra Englendinga að þeirri þjóð, sem þeir eru. Öðru máli er að gegna með það, hvernig við skoðum þingið og ástand okkar yfir höfuð núna. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að uppástungan miðaði til þess að leggja hapt á þingið; því ríkismenn væru opt ófrjálslyndir og stæði móti endurbótum, en ekki hefir þetta allt af reynzt svo; líti maður til Englands, þá sýnir sagan, að öðruvísi hefir farið. Ekki var Robert Peel fátækur maður, og gjörði hann fátæklingum á Englandi það gagn, sem þeir aldrei munu gleyma honum, þegar hann kom á kornlögunum. Það sem við eigum hèr að gjöra, er að líta á málið með allri þeirri rósemi og stillingu, sem málið útheimtir. Að öðru leyti finnst mèr, að uppástungumanni sèu mislagðar hendur; því einu sinni hèlt hann því fram, að tómthúsmenn hèr í Reykjavík fengju frjálsari kosningarrètt, og tók hann þá ekki tillit til auðs.

Menn verða að gá að, á hvaða tíma uppástungan er borin upp; ef menn ætlast til að henni verði framgengt áður en þingsköpum vorum verður breytt, og áður en við fáum skattfrelsi og stjórnarbót, þá álít eg hana ekki 2 sk. virði, en komist hún fyrst á, þegar áminnzt breyting hjá oss er um garð gengin, eða um leið, þá álít eg hana þýðingarmikla. Þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður var hræddur um, að þessir hundraðshöfðingjar mundu yfirbuga hina þjóðkjörnu á þinginu, þá er það auðvitað, að þessum ríkismönnum verður ekki hleypt inn á þingið eins og stóði í rètt, því einhverja takmörkun verður auðsjáanlega að setja. Eg vildi gjarnan óska þess, að við hèr á þingnu ættum sína 100,000 rdl. hver, þá er eg viss um, að einhver mundi veita styrk til þess, að gufubátaferðirnar kæmust hèr á í kringum landið. Mitt álit er því, að ekki sè rètt núna að skipta sèr af þessu máli, heldur eigi menn að bíða seinni tíma, þegar uppástungan gæti átt við; ekki vil eg heldur ráða til þess, að málinu sè vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 2, því það álít eg vera gagnslaust. Eg veit reyndar til þess, að einn maður hefir hugsað um þetta mál, og það miklu

dýpra en hèr er gjört, og hefir hann þó enn þá ekki viljað koma fram með neina uppástungu þar að lútandi.

Benidikt Sveinsson: Mèr þyki það hálfskrítið, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem báðir eru uppástungunni mótfallnir, eru þó innbyrðis móti hvor öðrum í þessu máli. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta yrði til þess, að »conservativt Element« kæmist inn á þingið, og mundi það leggja band á þingið og hamla frelsishreifingum Íslendinga; en mèr getur ekki annað en fundizt það merkilegt og næsta óskiljanlegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli vera því mótfallinn, að þing vort eflist sem mest í stillingu, rósemi og ráðfestu, sem allt eru þeir eiginlegleikar, er nauðsynlegir eru hverju þingi. Hinn 5. konungkjörni þingmaður var hræddur um, að þessir nirflar, sem hann kallaði þá, mundu flykkjast utan úr landi inn á þingið, og síðan yfirbuga hina þjóðkjörnu; en eg get fullvissað hann um, að þeir einir muni verða á alþingi fyrir ekkert, sem eigi eru nirflar, og einmitt hafa áhuga og vit á almennum málum, en einmitt þessir menn hafa eigi síður eðlilegan rètt til þingsetu, en sumir þeirra, sem nú sitja á þingi. Eg tek það enn fram, að auðurinn gefur rètt til hluttekningar í almennum málum, þar sem auðurinn er »nervus rerum gerendarum« eða afl þeirra hluta, er gjöra skal; vèr þurfum bæði á viti og peningum að halda, og það er einmitt þetta sem hèr verður að takast til greina; vèr verðum líka að gá að því, að auðurinn er sá náttúrlegi undirbúningur, undir vit, fróðleik og þekkingu, það eru peningarnir, sem eru skilyrðið fyrir því, að menn geti aflað sèr menntunar og andlegs fróðleiks, og þetta sjá allir, að eru nauðsynlegir eiginlegleikar hverjum góðum þingmanni; menn verða og að athuga það, að lögákveðinn atkvæðisrèttur í almennum málum er einmitt sterk *hvöt* fyrir þessa menn til að afla sèr vits og þekkingar. Eg álít það því hraparlegan misskilning og hræðilega magra viðbáru, að þjösnar safni saman 100 hndr. í jörðu til þess að fá þingsetu, og síðan bæla hina þjóðkjörnu undir sig. Hinn 5. konungkjörni þingmaður gjörir ráð fyrir, að þeir, sem eigi 100 hndr. í jörðu sèu naut og heimskingjar, eða að auðæfi og heimska fylgist að, og þá ímyndar hann sèr sjálfsagt líka, að þeir sem ekki eigi 100 hndr. í jörðu sèu spekingar einir. Eg vona að hver heilvita maður sjái nú á hve góðum grundvelli slík ályktun er byggð, svo eg þykist ekki þurfa að fara um hana mörgum orðum; eg fyrir mitt leyti er þeirrar meiningar

að »ceteris paribus« eður að öðru jöfnu, þá hafi hinn ríki eðlilegri rètt til þingsetu en hinn fátæki.

Konungsfulltrúi: Eg held hinn konungkjörni varaþingmaður hafi misskilið mig, þar sem hann sagði, að eg vildi ekki hafa, að þingið yrði »conservativt«; eg sagði það ekki, heldur hitt, að það leiddi af uppástungunni, ef henni yrði framgengt, að svo yrði, en eg lofaði það hvorki nè lastaði. Að öðru leyti meinti eg hèr vissa tegund af »conservatismus«, sem kæmi fram eptir uppástungunni, nefnilega þá, að leggja á móti nýjum sköttum og álögum, því þegar það spursmál kæmi fyrir á alþingi, hèlt eg og held enn, að efnamennirnir einkum muni verða »conservative«, og því ísjárvert, að láta þá ráða mestu á þinginu, sem auðveldlega gæti að borið, því þó eg helzt gjöri ráð fyrir, að þeir yfirhöfuð að tala ekki mundu sækja þingið, mundu þeir þó að öllum likindum gjöra það, þegar um nýja skatta og álögur væri að ræða á þinginu.

Jón Hjaltalín: Það er ekki langt síðan að frakkneskur maður ritaði um það, hvílíkt ólán hlytist af þessari auðstefnu. Fyrst hinn háttvirti konungkjörni þingmaður ekki þekkir þetta rit, þá skal eg benda honum á það, og um leið biðja hann um að kynna sèr ritið. Þessi maður sagði við Napóleon keisara, að skynsemin sè ekki lengur í því áliti, sem hún ætti að vera hjá þeim, sem eiga að stjórna löndum og lýð, heldur sè það auðurinn, og sè þetta til hinnar mestu ólukku, og að líkindum muni það undirgrafa stjórn keisarans eins og formanns hans. »Eg ræð yður því til», sagði hann »ekki að stóla of mikið upp á auðmennina, heldur láta skynsemina ráða». Sá sem á að ráða yfir löndum og lýð, má ei hugsa of mikið um sinn eiginn hag, því þá gleymir hann fósturjörðu sinni. Það hefir verið bent til Englands, sem hins auðugasta lands, og er þetta satt; en eg vil þó benda mönnum á, að þar er fullkomlega $^1/_5$ partur af landsmönnum sem hvorki kann að lesa eður skrífa, og er það lítill frami og farsæld. Eg vil engan veginn neita því, að margir auðmenn geta verið vænstu menn og þarfir menn fósturjörðu sinni, en reynslan mun þó hafa sýnt, að þeir vanalega toga í þann strenginn, sem er í þeirra hag. Margir góðir drengir sem ekki eiga 300 sk. hafa bæði gjört miklu meira gagn en þeir, sem eiga 100 hndr. í jörðu, og með vitsmunum sínum sýnt, að þeir eru miklu færari um að stjórna lýð en auðmennirnir. Eða er má ske vit og dugnaður einskis virði? Það er heldur ekki jarðarhundruð ein sem ættu að gefa þenna rètt, mèr finnst minnsta kosti ætti »klingjandi

mynt« að hafa eins mikinn rètt. Eg ræð því þinginu innilega frá því, að taka þessa uppástungu í nokkru tilliti til greina.

Jón Pètursson: Eg játa það, að eg er engan veginn eins kunnugur framandi landa kosningarlögum og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, en eg þekki alþingistilskipunina, og hún metur auðinn svo mikils, að hún gefur þeim, hèrna í Reykjavík, sem borga til sveitar ákveðna dala upphæð, rètt fram yfir þá, sem ekki gjöra það; ætli hún gjöri það, af því þeir sèu vitrari sem borga? Nei, heldur er það af því, að þeir eptir náttúrlegum rètti fremur eiga atkvæði í almennum málum, sem borga talsvert í almennar þarfir. Þetta er nú það, sem alþingistilskipunin gengur út frá. Eg veit að hinn 5. konungkjörni þingmaður heldur upp á alþingistilskipunina, og þó tekur hún þannig mikið tillit til auðs. Hinn 5. konungkjörni þingmaður áleit það ósamkvæmni, að kaupmenn ekki líka skyldu fá þingsetu þegar þeir ættu að tiltölu eins mikið, en þetta kemur til af því, að hann ekki þekkir lögin nógu vel; það eru nl. jarðeigendurnir en ekki kaupmenn, sem greiða alþingiskostnaðinn, og þingmaðurinn hefir ekki gáð að því, að hann þegar í dag er búinn að halda margar hrókaræður upp á kostnað jarðeigendanna; það er því eðlilegt, að kaupmenn ekki fái jafnan rètt þessum mönnum, hvað alþingissetu snertir. Það er ekkert eðlilegra, en að þeir, sem bera byrðirnar, fái tilsvarandi rètt. Hann sagði líka, að þessi hundrað hundruð í jörðu væri engin eign að tala um; það er satt að nokkru leyti, en eg verð að segja, að eptir því, sem hèr er ástatt, þá er það talsverð eign; vèr Íslendingar getum og megum ekki bera okkur saman við aðrar þjóðir, vèr verðum að sníða okkur stakk eptir vexti. Þeir, sem eiga hundrað hundruð í jörðu, bera þó mikinn hluta af alþingiskostnaðinum. Það er öldungis rètt, sem hinn konungkjörni varaþingmaður áðan sagði, að rèttur og skylda verða að standa í rèttu hlutfalli hvort til annars. Það getur verið, að ef rætt væri um að leggja á landið nýja skatta og álögur, þá vildu þessir menn eiga orð í með, og það er líka eðlilegt; en það álít eg einbera getgátu, sem ekki er á neinum rökum byggð, að þessir menn muni vilja kasta allri byrðinni af sèr og yfir á þá fátækari. Það var sagt, að auðmenn opt og tíðum væri »conservative«, og það er víst satt, en eg get ekki skilið í því, að það væri til skaða fyrir þingið, að »conservativt Element« komist inn á það, því það er einmitt til þess, að gefa þinginu meiri festu, stillingu og rósemi; landsþingið í Danmörku, er þó ekki tilsett í þeim til-

gangi að skaða ríkisdaginn, heldur til þess að gefa honum þá festu, sem hann með þarf, en annars ekki hefði.

Helgi Hálfdánarson: Eg er nú nýsveinn á þessu þingi, og var hèr ekki, þegar uppástungan var áður borin upp; en eg held, að ef eg hefði þá verið hèr, þá hefði eg ekki verið uppástungunni mótfallinn af þeirri ástæðu, að hún væri »of frjálsleg», því mèr þykir hún þvert á móti of ófrjálsleg, og þess vegna get eg ekki gefið atkvæði með henni. Mèr finnst það ekki sanngjarnt, að þeir, sem eiga hundrað hundruð skuli fá þenna mikla rètt, en þeir sem eiga 99 hundruð skuli vera útilokaðir frá honum; mèr sýnist að menn gætu þá eins gefið þeim, sem ekki eiga meir en 10 eða jafnvel 1 hundrað í jörðu þenna rètt, því þá fyrst væri uppástungan frjálsleg. Að biðja um það, sem uppástungan fer fram á, finnst mèr þar að auki vera beint ofan í það, sem þingið hefir áður beðið um. Áður útheimtust 10 hundruð sem skilyrði fyrir kosningarrètti og kjörgengi; þetta þótti mönnum þá óhafandi, og fengu því þess vegna breytt, af því menn álitu, að fremur ætti að fara eptir vitsmunum og menntun en eptir auðlegð; en taki nú þingið þessa uppástungu til greina, þa get eg ekki betur sèð en að það fari i gagnstæða stefnu við það, sem það áður hefir farið. Mèr getur og heldur ekki betur skilizt en að ýmsar upplýsingar vanti viðvíkjandi uppástungunni; t. a. m. ástæður fyrir því, hvers vegna þetta sè svo þarft og nauðsynlegt: þess er ekki heldur getið, hvort þessir ríku menn eigi að hafa til að bera þá hina sömu persónulegu eiginlegleika sem alþingistilskipunin heimtar hjá honum, þó eg reyndar ímyndi mèr að þeir eigi að vera hinir sömu og hjá öðrum þingmönnum. Þegar eg nú hugsa um hvaða óleikur og vandræði gætu leitt af uppástungunni, ef það yrði að lögum, sem hún fer fram á, þá virðist mèr hún næsta ískyggileg; því þó ekki sèu margir auðmenn hèr á landi, þá eru þeir ekki svo fáir, sem eiga hundrað hundruð. Ef þessir menn tækju sig nú saman og kæmu allir eða flestir á þing þá gætu þeir öllu ráðið og alveg borið ofurliða hina aðra þingmenn; þeir gætu t. a. m., ef þeir væru svo lyntir, komið því á, að engar álögur eða skattar yrðu lagðir á fasteign, og jafnvel eyðilagt alþing með því, að neita um fè til alþingiskostnaðar. Mannlegur breiskleiki er svo mikill, að eg held að það sè ekki að gjöra mönnum gersakir, þó á þetta sè drepið. Eg man eptir því, þegar eg var í Kaupmannahöfn, að »Grundeierforeningen», sem þá var stofnuð í Danmörk, þótti æði móthverf öllu frelsi, og engum mundi

hafa þótt æskilegt, að allir hinir ríku menn, sem voru í því fèlagi, hefðu átt sæti á ríkisþinginu. Hèr gæti eins farið; og það eru ekki all-lítil líkindi til, að þessir hundrað hundraða eigendur mundu verða mótsnúnir öllum þeim breytingum, sem í einhverju tilliti væru þeim í óhag. Eg er viss um það, að hefði »Grundeierforeningin» danska fengið að ráða í Danmörku, þá hefði hin frjálsa stjórn, sem þar er nú, ekki náð þar neinni fótfestu, og eg er hræddur um, að sama yrði ofan á hèr hjá oss, ef öllum þessum ríku mönnum væri hleypt inn á alþing á þann hátt sem uppástungan ætlast til. Eg efast ekki um, að einhverjar mikilvægar ástæður hafi knúð uppástungumanninn til að koma fram með þessa uppástungu og að honum gengur gott til, en allt um það álít eg hana mjög ísjárverða og get ekki annað en mælt á móti því, að nefnd verði sett í þetta mál.

Gísli Brynjúlfsson: Hafi það áður verið sagt um ýmsar uppástungur hèr á þingi, að þær væru ótímabær burður, þá held eg það eigi nú með einna mestum rètti við um þessa, eins og hún hèr liggur fyrir. En það er einmitt af því eg álít uppástunguna þó svo merkilega að efninu til, að eg finn mèr skylt að segja nokkur orð um hana, ef það kynni að geta orðið málinu sjálfu, sem mèr þykir svo mikið í varið í sjálfu sèr, hvað sem svo þessari uppástungu líður, til nokkurrar upplýsingar síðar meir.

Það er þá fyrst, að eg get ei skilið uppástunguna öðruvísi en að tilgangurinn eiginlega sè sá, að reyna nú til að koma hèr upp höfðingjaríki aptur eins og var í fornöld og byrja þá á því að skapa hèr aptur það sem fornmenn kölluðu »þingríka höfðingja«. Mèr skyldi nú ekki þykja þetta annað en gott í sjálfu sèr, ef það að eins væri mögulegt, því hvað sem svo segja má í öðrum löndum, þá held eg sèrstakar kringumstæður og einstaklegt ástand þessa lands valdi því, að skynsamleg höfðingjastjórn, eins og hún var svo víða á miðöldunum, eigi hèr enn bezt við og mundi verða affaradrjúgust fyrir land og lýð; því lengra en svo erum vèr enn ei komnir, hvað sem svo öðrum líður, og ástand þessa lands er enn svo mjög líkt því sem áður var svo víða í löndum, meðan höfðingjaríki var þar svo mikið og átti þá líka svo vel við. En hvað sem svo um það er, þá var það höfðingjaríki þó aldrei með því móti, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga nú hefir stungið upp á, því höfðingjarnir höfðu þá ei að eins rètt, heldur og líka skyldur; en af þessari uppástungu er svo að sjá sem uppástungu-

maður hafi alveg gleymt því, að vandi fylgir vegsemd hverri, og hann hefir því með öllu sleppt að drepa á hverjar skyldur ríkismennirnir ættu að hafa, ef þeir fengi rèttinn. Það er þó auðsætt, að það getur hvergi átt sèr stað, að veita einum flokki auðmanna rètt til þingsetu, án þess um leið að heimta það af þeim, að þeir noti þá líka þenna rètt á ákveðinn hátt, þar sem hann þó að eins á að vera þeim veittur til landsins gagns og nauðsynja, en ei að eins sjálfra þeirra vegna, því það held eg aldrei sè einasti tilgangur uppástungunnar. En þetta er ekki einasti gallinn á henni, því það er ei síður auðsèð, að það getur heldur ekki átt sèr nokkurn stað, að hleypa ótakmörkuðum fjölda slíkra manna inn á þingið, því auk þess að eg get ei annað sèð, en að það sè með öllu ólöglegt að hafa ei alveg fastákveðna þingmannatölu, að minnsta kosti á hverju þingi fyrir sig, þá finnst mèr þetta í alla staði svo ólöglegt og ruglingslegt, að eg held hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hafi haft nokkura ástæðu til þess að segja það væri eins og að hleypa stóði á fjöll. En að öðru leyti get eg þó hvorki verið samdóma þessum þingmanni nè heldur hinum heiðraða konungkjörna varaþingmanni, þar sem hinn síðari vildi gjöra allt úr auðinum, en hinn fyrri alls ekkert; því spursmálið er hèr engan veginn um það, hvor í sjálfu sèr sè betri ríkur eða fátækur maður, báðir geta verið ágætir og þó hvor á sinn hátt; en spursmálið er að eins, hvort ei sè rètt að byggja í þjóðfèlaginu á ríkidæminu samhliða við svo margt annað, sem á er byggt. Þessu held eg alls ekki verði neitað, en þá er að eins að finna hina rèttu ástæðu, hvers vegna menn einmitt eigi að byggja nokkuð á ríkidæminu í hverju þjóðfèlagi, og þess held eg ei sè nógsamlega gætt í þeirri uppástungu, sem hèr um ræðir. Það er ei vegna þess, að auðurinn í sjálfum sèr sè svo ágætur, heldur hins vegna, að hann fremur en fátæktin getur veitt mönnum ýmsa þá hæfilegleika, sem til þjóðstarfa þurfa, að það er rètt í hverju þjóðfèlagi að hafa mikið tillit til ríkidæmisins, þar sem um afgreiðslu þjóðmála ræðir. Sá sem er svo auðugur, að hann getur vel lifað áhyggjulaust af efnum sínum, á t. a. m. miklu hægra með að verja tíma sínum til þjóðstarfa heldur en hinn, sem allt af þarf að vera að vinna fyrir lífi sínu, og eins á hann líka hægra með að uppala syni sína svo, að þeir geti síðan fetað í fótspor hans; en um fátæktina má því miður aptur á mót of opt segja það, sem sagt er um fláráða konu í Hávamálum:

»hún svo gjörir
at þú gáir eigi
þings nè þjóðans máls«.

því henni er það einmitt of opt að kenna, að menn sem annars að öllu öðru kynni að vera ágætlega fallnir til allra þjóðstarfa, geta nú alls ekki gefið sig við þeim, af því að efnaleysið bindur svo mjög hendur þeirra.

En sè nú þetta satt — og eg held að á líkri skoðun sè það í raun og veru alstaðar byggt og líka eðlilegast að byggja hið mikla tillit, sem haft er, og rètt er að hafa til ríkidæmisins í þjóðlífinu — sè nú þetta satt, þá er þessarar undirstöðu ei heldur nægilega gætt í uppástungunni. Því hver mun segja, að afgjaldið af 1 hundraði hundraða í jörðum, sem eg held menn í hæsta lagi megi telja að meðaltali hèr um bil 360 rd. á ári, sè næg eign til þess að eigandinn geti að mestu leyti varið æfi sinni til þjóðstarfa og alið börn sín svo vel upp, að þau geti síðan tekið þar við sem hann hættir? Eg held að hèr veitti að minnsta kosti ekki af 500 hundruðum hundraða, og væri þó ei mikil eign til þessa. En þá vantar og annað í uppástunguna, og það er öll trygging fyrir því, að auðurinn haldist svo lengi við hjá einstökum manni eða ættum, að hann geti komið að því haldi, sem ráð er fyrir gjört; því það er þó auðsætt, að þó maður t. a. m. um stundarsakir, og það ef til vill af einhverri hendingu eigi hundrað hundraða í jörðum, en lógaði þeim svo rètt á eptir, þá má hann þó alls ei heita neinn rèttur talsmaður fyrir fasteignar-auðinum, þar sem hèr í raun og veru þá vantaði alla þá staðfestu, sem eiginlega ætti að vera aðaleinkenni þessarar eignar. Sè svo, sem eg álít rètt, að menn eigi einkum að taka tillit til fasteignar-auðlegðarinnar í þjóðfèlögunum, af því að hún er sá staðfasti grundvöllur, sem á má byggja, eins og eignaleysið á hinn bóginn aptur er sá straumur, sem knýr þjóðlífið áfram, — sem menn ekki heldur mega án vera — sè nú svona, þá álít eg það enn fremur rangt, að byrja á að veita fasteignareigendunum rètt, áður en menn hafa nokkra vissu fyrir, að þeir eða niðjar þeirra geti notað hann landinu eða þjóðfèlaginu til nokkurs verulegs gagns í bráð og lengd, því þá fyrst kemur fasteignar-auðurinn að öllu því haldi, sem til má ætlast, þegar hann getur orðið undirstaðan til þess, að hèr í landi gætu aptur komizt upp sannar óðalsættir, sem lengi gæti haldizt við, og sem sá hugur væri orðinn innrættur, að eins og þær hefðu efnin til að verja æfi sinni til alsherjarstarfa og

líka tækifærið, þar sem þær ættu þingseturètt fremur öðrum, eins væri það og skylda þeirra og vilji fremur öðrum að vera sá fasti stofn, sem öllu þjóðfèlaginu væri sannur hagur að. En þetta er nú því miður ómögulegt sem stendur, því meðan hin dönsku erfðalög eru gildandi hèr í landi, að skipta öllum eignum jafnt á milli barnanna, án þess að faðirinn hafi rètt til þess að gjöra frjálst testamenti, meðan er ekki til þess að hugsa að koma hèr upp nokkrum miklum fasteignar-auði, sem lengi geti haldizt í ættum og orðið undirstaðan til þeirrar staðfestu, sem eg áður hefi talað um, og sem ein er hið helzta, sem telja má slíkum auði til gildis, þegar ræðir um að veita eigendum hans sèrstakan rètt í þjóðfèlaginu; og eg tek þetta því heldur fram sem menn einnig eru farnir að sjá gallana á slíkum erfðalögum í öðrum löndum, þar sem sama sundrungin á jarðareign viðgengst, t. a. m. í Noregi, því þar hefir einn maður nýlega ritað mjög skynsamlega um allan þann óhag, sem landið lengi hafi haft af slíku, og krefst hann þess að fullkomið testationsfrelsi verði aptur innleitt í Noregi eins og það enn er og lengi hefir verið á Englandi.

Þetta úrræði er og hið einasta, sem óefað ætti að byrja á hèr í landi, ef menn vilja koma ríkishöfðingjum upp og veita þeim svo þingseturètt, en hversu vinsælt það mundi verða að svo stöddu, það veit eg ei, og eg álít því einnig þessa vegna, að málið allt sè í sjálfu sèr mjög svo ónóglega undirbúið. En hitt skal eg líka að endingu taka fram, að eg álít það að fara alveg aptan að siðunum að byrja á að veita ríkismönnum þann rètt, sem hèr um ræðir, án þess nokkur trygging sè fyrir því, sem eg nú hefi tekið fram, og því mæli eg fastlega móti nefnd um þessa uppástungu, eins og hún liggur fyrir.

Stefán Jónsson: Mèr finnst að umræðurnar ætli ekki að samsvara lengdinni á uppástungunni eins og uppástungumaður þó vonaði, og vil eg því leyfa mèr að mælast til, að uppástungumaður gangi nú í sín eigin fótspor á næsta þingi og taki þessa sína uppástungu aptur. Mèr getur ekki fundizt nauðsynlegt, að biðja um það, sem hèr er farið fram á, því ef þessir auðmenn skara fram úr að vitsmunum og öðrum hæfilegleikum, þá munu þeir kosnir verða í sínu eigin kjördæmi, og það eina, sem væri því til hindrunar, skyldi þá vera það, að margir af þessum auðmönnum væru í sama kjördæmi, og hlyti því einhver að verða út undan. Alþingistilskipunin heimtaði sem skilyrði fyrir þingsetu, að menn ættu

fasteign, en þó höfðu þeir líka kosningar og kjörrètt, sem bjuggu á 20 hundruðum af opinberum eignum með lífsfestubrèfi, enda hafa ekki allir átt fasteign, sem hèr hafa haft þingsetu. Þessu er nú breytt það geta hugsazt margar kringumstæður fyrir því, að ungur óreyndur maður eigi 100 hndr. t. a. m. tilfallinn arfur, og þá finnst hinum ósanngjarnt, að sá sem á 100 hndr. fái þingseturètt, en sá sem á þar rètt fyrir neðan, t. a. m. 96 hndr.—98 hndr., sè rèttlaus í þessu tilliti. Kæmu þessir svo allir, og þætti sèr órèttur gjör; en á hinn bóginn er þessi rèttur gagnslaus og líka skaðlaus, ef enginn þiggur, eins og sumir halda að enginn mundi hirða um slík rèttindi. Eg vil þess vegna ráða til þess, að uppástungumaður taki uppástungu sína aptur, og bíði þangað til að við fáum meiri ráð og getum betur hugsað þetta mál.

Jón Hjaltalín: Ljóst dæmi upp á hverju góðu þessir auðsmenn valda, er stríðið í Norður-Ameriku. Þetta eyðileggjandi stríð er allt að kenna auðsmönnum í suðurhlutanum af bandafylkjunum. Maður nokkur, sem vel þekkir til í Bandafylkjunum, hefir sagt um Amerikumenn, að þeir í Norðurfylkjunum væru menn með góðu hjarta, en í Suðurfylkjunum væru tómir fantar og ríkisbubbar. Ætli ekki eitthvað svipað þessu gæti nú myndazt hèr, ef þessir íslenzku hundraðshöfðingjar kæmust hèr inn á þingið? Eg ræð eins og áður sagt til þess, að þingið sem fyrst fleygi þessari uppástungu frá sèr.

Benidikt Sveinsson: Til þess að þinginu verði ljóst hvers vegna eg felst á uppástunguna, vil eg setja fram einfalt dæmi; ef eg t. a. m. á hundrað fjár, hef eg þá ekki eðlilegri rètt til þess að taka þátt í meðferð á málum þeim, er því við koma, en sá sem enga kindina á?

H. G. Thordersen: Eg stend nú upp að gamni mínu; það er svo langt frá því, að eg sè hræddur við íslenzku auðæfin, sem í engan samjöfnuð geta komizt við það, sem á sèr stað í öðrum löndum, að eg miklu fremur vildi óska þess, að við allir sem sitjum á þingi ættum hver að minnsta kosti hundrað í jörðu. Að öðru leyti fellst eg öldungis á uppástunguna, og mæli með nefnd.

Jón Sigurðsson: Af því eg er hræddur um, að uppástungan verði felld af þinginu, þá vil eg láta álit mitt um hana í ljósi í fám orðum.

Mèr þykir það hálfskrítið, að það lítur svo út, sem þingmönnum þyki svo mikið varið í fátæktina, að þeir álíti hana skilyrði

fyrir vitsmunum og menntun, en þar á móti geti enginn, sem er ríkur, verið vel viti borinn. Eg vil nú biðja þingmenn að stinga hendinni í sinn eiginn barm, og gá að, hvort þeir, sem ríkir eru hèr á þingi, sèu ekki eins skynsamir og frjálslyndir eins og hinir fátækari. Annað mál er það, að það gæti verið varúðarvert, að safna mörgum maurapúkum hèr saman á þing, en eg þori nú að fullyrða, að þeir sömu maurapúkar ekki muni koma hèr á þing, þegar þeir eiga að sitja hèr upp á eiginn kostnað, en á hinn bóginn þykir mèr mjög líklegt, að þeir auðmenn, sem hafa bæði vit og áhuga á almennum málum mundu ekki láta kostnaðinn fæla sig frá að sækja þingið, enda get eg ekki verið mjög hræddur við það, þó slíkir menn kunni að koma á þing, því það lýsir einmitt áhuga þjóðarinnar á þinginu, og þá kalla eg að gullöld þingsins sè komin. Menn geta ekki ímyndað sèr, hvað mikið gagn þessir efnamenn geta gjört í þinginu, þegar um útgjöld landsins væri að ræða, eður framlag til nytsamra fyrirtækja. Einn þingmanna sagði, að ef auðmaðurinn væri hæfur til að vera á þingi, þá mundi hann verða valinn til þingsetu; en hann verður að gá þess, að þá situr hann fátæklingnum í ljósi, sem getur þó verið jafnhæfur honum til þingsetu; yrði uppástungunni framgengt, gætu þeir báðir náð þingsetu, og sjá allir, hvað slíkt fyrirkomulag mundi auka hina veiku krapta þingsins. Ef efnamaðurinn skarar fram úr að vitsmunum, þá er það satt, að hann er vanalega valinn í sínu hèraði, og getur þá fátækur gáfumaður við það orðið á hallanum og tapað af þingsetu; en fengi uppástungan framgang, þá gætu báðir komizt til þings. Menn hafa og sagt að við þetta mundu stofnast flokkar í þinginu, sem vildu halda öllu í sama apturfararhorfinu, en það er eg ekki hræddur um, því eg held að þeir yrðu ekki svo margir, þessir apturfaramenn, að hinir þjóðkjörnu frjálslyndu þingmenn ekki gæti haldið málunum til streitu við þá. Þingið hefir og hingað til þótt nógu frjálslynt, þegar um útlát eður útgjöld hefir verið rætt, og það ekki með öllu ástæðulaust, svo eg held það skaðaði ekki álit þingsins, þó nokkur mótvigt kæmist inn á þingið í þessu efni. Eg get því ekki annað en mælt fram með uppástungunni; það getur verið að sumum þyki hún nógu snemma upp borin, en eg held á hinn bóginn, að málið sè ekki strax komið gegnum völundarhús stjórnarinnar þó því nú sè farið hèr á flot.

Jón Hjaltalín: Ef menn ætla að selja frelsi Íslendinga til

þess að fá frjálst alþing, þá finnst mèr það oflítið að gjöra það einungis fyrir hundrað hundruð í jörðu.

H. Kr. Friðriksson: Eg hef með kostgæfni hlýtt á þessar löngu nmræður; það hefir ljóslega verið tekið fram, sem eg þurfti og vildi segja, svo eg þarf ekki að fara mörgum orðum um málið. Eg ætla þess vegna einungis að svara nokkrum þingmönnum fáum orðum, upp á það, sem þeir hafa beint ræðum sínum að mèr. Þíngmaður Strandasýslu sagði, að eg væri ósamkvæmur sjálfum mèr, þar sem eg fyrir nokkrum árum fór því á flot, að tómthúsmenn fengju meiri rètt en aðrir vildu, en nú kæmi þessi uppástunga og færi hún í gagnstæða átt; en hann gáir ekki að því, að þessi uppástunga einmitt fer í sömu átt, þar sem hèr er um að ræða að fá meira frelsi. Menn hafa hèr allt af verið að kvarta yfir því, hvað þingið hefði yfir fáum eða litlum kröptum að ráða, og því þykir mèr það skrítið nú, að þingið sknli vera að setja sig á móti því að fá þessa krapta aukna, án alls kostnaðar fyrir landið. Þar sem mönnum hefir þótt uppástungan ófullkomin, eins og t. a. m. þingmanni Skagfirðinga og þingmanni Gullbringusýslu, þá verð eg að svara þeim því, að eg get ekki betur séð en að niðurlagsatriðið sè full-ljóst; menn eiga ekki rètt á að heimta, að öll atriði, sem þingið kann að vilja taka fram sèu tekin fram í uppástungunni; það er nefndarinnar og þingsins ætlunarverk að taka þau fram eptir því sem þau hugkvæmast mönnum; eg hef gjört mína skyldu, þar sem eg hef komið fram með uppástunguna. Vilji þingið því ekki aðhyllast uppástunguna, verður hún að falla sínum herra.

Páll Sigurðsson: Mèr finnst rèttara að menn fresti málinu fyrst um sinn, einkanlega þegar menn eiga það í vændum að breyting komist á þetta þing. Ef við fengjum löggjafarþing, þá fyrst ætti það við að koma fram með þessa uppástungu, en núna að koma fram með hana á þessu má ske seinasta ráðgefandi þingi, finnst mèr miður rètt; eg vildi því mælast til þess, að uppástungumaður tæki uppástungu sína aptur.

Ásgeir Einarsson Eg held meiningamunur manna hèr á þingi ætli að fara með uppástungu þessa á sömu leið, og um daginn fór fyrir trúarbragðafrelsismálinu; eg vil því leggja það til, að úr því menn ekki geta orðið samdóma, þá fresti menn málinu um stund, og hugsi sig betur um það. Eg hef grætt mest á ræðu hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga, því eg sá, að hann bæði skildi málið og svo talaði hann um það með rósemi; eg get

heldur ekki sèð, að þó einhver erfi 100 hndr. í dag, sè hann að vitrari á morgun. Eg get vel skilið í því, að það geti komið fyrir, að vel gáfaður og undir eins efnaður bóndi, þó hann ekki eigi 100 hndr. í jörðum, sè betur fallinn til þingsetu en þessir hundraðshöfðingjar, en fyrir það getur uppástunga í líka stefnu, betur hugsuð, verið þess verð að takast til greina á rèttum tíma. En af því mèr finnst uppástungan vafasöm eins og hún er nú, vil eg ráða mönnum til að fresta henni.

Stefán Eiríksson: Það er hvorttveggja, að þessi uppástunga talar um auð, enda hefir hún orðið efnisrík til umræðu. Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta uppástungumann, hvort hann ekki vildi taka þessa uppástungu aptur. Seinast þegar málið kom fyrir, voru menn því ókunnngir, nú eru menn orðnir því kunnugri um land allt, en engin bænarskrá hefir þó komið til þingsins, og finnst mèr þetta benda á, að málið sè ekki vel þokkað út um landið, og að fáir mundu nota sèr þingsetu eptir þessum rètti, þó fengist, svo er líka margt athugandi við þingsetu þessara hundraðshöfðingja eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður hefir tekið fram, og þó nú flutningsmaður ekki vilji gegna áskorun minni, verður niðurstaðan líkast sú, að uppástungan verður felld.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð að svara hinum háttvirta uppástungumanni því, að ef það er satt, sem hann sagði, að nefndin eigi svo hægt með að bæta úr öllum göllum uppástungunnar og finna rètta undirstöðu, þá hefði þetta heldur ekki átt að vera of mikið fyrir hann. Ef það ætti að vera almenn regla, að menn mættu koma með óhugsaðar uppástungur inn á þingið í þeirri von, að nefndirnar geti þó æfinlega gjört eitthvað úr þeim, þá væri það að vísu hægðarleikur að vera uppástungumaður, en eg verð þó að halda, að þingið hafi ei vel tíma til slíks.

Forseti: Af því enginn tekur til máls, álít eg inngangsumræðunum lokið. Var síðan leitað atkvæða þingsins um, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og nafnakall við haft, og fèll það þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
B. Þórðarson.	Br. Jónsson.
B. Sveinsson.	A. Ólafsson.
H. Kr. Friðriksson.	Á. Einarsson.
H. G. Thordersen.	B. Pètursson.
J. Pètursson.	G. Brynjúlfsson.
J. Sigurðsson.	H. Hálfdánarson.

»já« sögðu:
P. Melsteð.
P. Pètursson.

»nei« sögðu:
I. Gíslason.
J. Hjaltalín.
J. Pálmason.
M. Andrèsson.
P. Sigurðsson.
St. Eiríksson.
St. Jónsson.
Sv. Skúlason.

Jón Guðmundsson, sem var fjærverandi, gaf ekki atkvæði.

Var því þannig neitað með 14 atkvæðum gegn 8, að kjósa nefnd í málið.

Spurði forseti síðan, hvort ekki skyldi geyma hið síðasta mál á dagskránni til næsta fundar, af því framorðið var orðið, og leitaði atkvæða þingsins þar um. Var síðan samþykkt, að halda skyldi áfram.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu um breyting á aukatekjureglugjörðinni, að því er viðvíkur störfum hreppstjóra, og um *laun handa hreppstjórum,* Var málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp að eins niðurlagsatriði bænarskráarinnar.

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 127.

Eg ætla að svo stöddu ekki að tala meira, en óska einungis að heyra kunnugra manna ræður um þetta.

Stefán Eiríksson: Af því hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga skoraði á þá, sem vanir hefðu verið við hreppstjórn, að láta álit sitt í ljósi, þá leyfi eg mèr að mæla fáein orð, sem einn þeirra, er hefir um lengri tíma verið við hreppstjórn. Eg get þá ekki annað sèð, en að það sè full ástæða þó fyrri hefði verið að bæta kjör hreppstjóranna, og að þeir fái laun, því það er sannarlegt þrældómsok sem lagt er á hreppstjóra, og störf þau, er þeim eru á herðar lögð allt af að aukast ár frá ári, því þegar einn er búinn að vera í 3 ár, af því hann er ekki fær um að bera þann kostnað, er af því leiðir launalaust, og við það missir sveitarstjórnin opt og tíðum mikils, því þá fyrsta er hreppstjórinn eptir 3 ár farinn að geta leyst ætlunarverk sitt af hendi, en svo kemur annar nýr, og svo verða hreppastörfin við þessa umskipting ætíð viðvaningsleg,

nema hjá einstöku hreppstjórum. Það hefir verið opt talað um, að það mundi við ný sveitarstjórnarlög lèttast störf hreppstjóranna. Eg ætla nú ekki að spá neinu um það, en úr því þingið hratt málinu nú, álít eg að fyrirkomulag það sè nú ekki strax komið. Þar sem talað er um í bænarskránni tíund af minna en 5 hndr., þá álít eg slíkt úrræði til að bæta kjör hreppstjóra mjög svo illa valið, því eptir þeim reglum, sem nú eru, á fátækurinn alla tíund af minna en 5 hndr., og þá yrðu þessir tíundargreiðendur sem væru undir 5 hndr. harðara úti en aðrir tíundargreiðendur, því líkast hefir ekki höfundum bænarskráarinnar verið það alvara að svipta fátækinn sínu. Eg ætla þá ekki að tala meira um þetta, en álít að málið sè þess vert, að nefnd sè sett í því.

Konungsfulltrúi: Það játa víst allir, að hreppstjórar eiga skilið að fá laun fyrir starfa sinn, og þessi viðurkenning hefir komið fram í mörgum sveitum, því þær hafa veitt hreppstjórum sínum nokkur laun 20—30 rd., bæði til þess að láta ásannast, hvað þeir legðu í sölurnar og líka til þess að geta haldið þeim í hreppstjórninni. Hefði því nú staðið svo á, að engin breyting væri í vændum í sveitastjórninni þá hefði verið full ástæða til þess fyrir þingið að taka þessa uppástungu til yfirvegunar og að reyna til að hitta upp á einhverju úrræði í þessu efni. En nú stendur svo á, að breyting er í vændum í sveitarstjórninni yfirhöfuð, og því virðist mèr nú ekki vera ástæða eða rèttur tími til að hreifa þessu máli, því síður sem eg ekki get ætlað, að það mundi leiða til neinna verulegra úrslita.

Þar sem stungið er upp á því, að breyta aukatekjureglugjörðinni um borgun til hreppstjóranna, get eg heldur ekki fallizt á þá uppástungu, því slík breyting á reglugjörðinni í hennar einstöku atriðum leiddi af sèr mikla ósamkvæmni í reglugjörðarinnar öðrum greinum, og þyrfti því, ef þessu yrði framkvæmt, að breyta reglugjörðinni frá rótum. Að leggja kongstíundina til hvers hreppstjóra í hans hrepp, get eg heldur ekki með neinu móti haldið, að stjórnin mundi fallazt á, sízt eins og nú stendur á, þegar verið er að biðja um að landið fái sín eigin fjárforráð, en hvað það uppástunguatriði snertir, að hreppstjórarnir fái þóknun úr sveitarsjóðnum, þá geta sveitirnar sjálfar gjört það samkomulag, eins og þær stundum hafa gjört og enn þá sumstaðar gjöra, og þarf engrar íhlutunar frá hálfu hins opinbera til þessa. Þó því bænarskráin hafi mikið til síns máls, og málið sjálft sè þess vert, að því sè allur gaumur

gefinn, verð eg þó að ráða frá, að þingið taki það til meðferðar í þetta skipti.

Jón Pètursson: Eg er öldungis samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, enda hefir hann og tekið það fram er eg vildi hafa sagt. Það er auðvitað, að enginn neitar því, að hreppstjórar eigi skilið að fá laun eða þóknun fyrir starfa sinn, en eg held það vera ótímabæran burð að koma fram með málið að þessu sinni. Þingið hefir aldrei fyrr sèð ráð til að bæta kjör þeirra, og nú vonum vèr að stjórnarbótin rètt bráðum muni komast á, og þá verður fyrirkomulagið kannske allt annað en það er nú á sveitarstjórninni, og því eiga menn þá nú loksins að fara að ákvarða um laun hreppstjóra þegar þeir kannske að fárra ára tíma hèr frá engir verða lengur til og hafa aldrei getað gjört það fyrr? Það er því meining mín, að bezt væri að fresta þessu máli að sinni.

Björn Pètursson: Mèr finnst það ekki rètt af þingmönnum að ætla sèr að tæma efnið við inngangsumræðuna. Eg held, að henni með því móti yrði naumast lokið í dag. Spurningin er hèr einungis um, hvort nefnd skuli setja eður eigi. Eg er nú með nefnd, því þó menn hingað til ekki hafi fundið ráð til að launa hreppstjórunum, þá getur skeð að þingið finni það nú. Vèr höfum líkt dæmi fyrir okkur þar sem þingið fyrst 1861 fann ráð til að útvega launaviðbót handa embættismönnum.

Jón Hjaltalín: Eg er líka fastlega með nefnd, þó við kannske því miður ekki getum gjört neitt, en það er hörmung til þess að vita, hvernig þessir menn mega þrælka alls fyrir ekki neitt, og það er ómannlegt af okkur að fresta málinu til ókomins tíma. Nefndin ætti að reyna að sjá, hvort engin ráð væru til að hjálpa þessum nauðungarþrælum hins opinbera.

Indriði Gíslason: Eg er ekki á þeirra máli sem vilja setja sèrstaka nefnd í þetta mál; hèr hefir fæðzt á þinginu tvíburi, nefnil. stjórnarbótarnefndin nr. 1. og 2, og mèr sýnist það eðlilegt, að þegar von er á bráðabyrgðarstjórnarbót, þá heyri þetta beinlínis þar undir, og að menn eigi ekki að vera að taka kvisti af aðalmálinu og eins og tæta það í sundur. Það er líka ósamkvæmni að taka þetta mál inn á þingið, þegar sveitarstjórnarmálið var fellt frá nefnd; það er eins með þetta og sum önnur mál, að menn spilla meir fyrir því en bæta, með því að rífa einstök atriði út úr heildinni.

Jón Pálmason: Mál þetta er reyndar þess vert, að því sè

gaumur gefinn, en eg get samt ekki ráðið til þess að setja nefnd í því. Menn muna að sveitarstjórnarmálið var fellt hèr um daginn, og mèr finnst þettta mál vera skylt því, og get ekki heldur búizt við, að því reiði betnr af hèr á þingi. Heldur en það sè alveg fellt, vil eg leyfa mèr að stinga upp á því, að málinu sè vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 2. sem ástæðu fyrir því, að hèr sè fullkomin þörf á stjórnarbót sem allra fyrst, ekki síður í sveitarmálum en öðrum. Það hefir opt verið talað um, hvernig launa ætti hreppstjórum, og menn hafa enn ekki fundið ráð til þess, og svo mundi að líkindum fara enn, að nauðsynin verði viðurkennd, en lítil ráð sèð til að bæta kjör hreppstjóra.

Brynjólfur Jónsson: Eg skal nú ekki fara að taka upp það, sem hver hefir sagt um þetta mál, en mèr þykir málið mikils umvarðandi, enda verða allir, sem nokkuð þekkja til þessa, að játa, að ekkert embætti á voru landi er ver launað nè meira vanþakkað. Þingið ætti því eflaust að gefa því góðan róm svo sem því máli er verðskuldar að því sè mikill gaumur gefinn. Eg hjó eptir einu orði í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, þar sem hann sagði, að hreppstjórum sumstaðar hefði verið launað af sveitarsjóðnum og bætti því við, að ekkert gæti verið því til fyrirstöðu; en þetta er þó einmitt gagnstætt þeirri reynslu, er eg hefi fyrir mèr í þessu tilliti; eg veit þannig, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hefir leyft sèr, án þess að spyrja stiptamtið til ráða, að bæta við hin svokölluðu hreppstjóralaun úr sveitarsjóðnum; svo að þeir, í staðinn fyrir nokkur mörk, sem þeir höfðu áður haft, fengu nokkra dali. En stiptamtið hafði ekki óðar sèð þessa launaviðbót hreppstjórans í sveitarreikningunum, fyrr en að það setti út á þetta, og kvað slíkt vera óviðkomandi sveitarsjóði.

Magnús Andrèsson: Það er nú ekkert nýnæmi, að embættismenn fari því á flot, að laun þeirra sèu aukin, enda eru þeir nú allmargir búnir að fá bæn sína uppfyllta, eg held að engum þyki það orsakalaust, þó hreppstjórarnir kvarti um launaleysi, því allir vita að þeir hafa þrælkað fyrir ekki neitt. Það hafa reyndar komið uppástungur fram á fyrri þingum um að bæta kjör þeirra, og engin ráð sèzt til þess, en hver veit nema þau sjáist nú; eg er því ekki á móti nefnd. Það hefir verið sagt, að þetta væri ótímabært, því stjórnarbótarmálið væri á leiðinni, og þá kæmi »ný jörð og nýr himin», þá kæmi sjálfsagt ný sveitastjórn og breyting á öllu; en við vitum ekki, hvað það kann að dragast enn þá, og þó menn væru komnir

nokkuð á leið með þetta, þegar hitt kemur, held eg að það þurfi ei að ríða í bága hvort við annað.

Stefán Jónsson: Eg held að ekki hafi þurft að vanþakka háyfirvöldunum, að þau hafi ekki verið því meðmælt í orði, að hreppstjórarnir verðskulduðu laun, en það hefir komið að litlu gagni, því þau hafa þó aldrei þótzt geta fundið ráð til að útvega þau. Eins færi nú að líkindum enn, þó að leitað væri til stjórnarinnar. Eg veit til þess, að hreppstjórum hefir sumstaðar verið veitt þóknun úr sveitasjóðnum, með samþykki hreppsbúa, þegar þeir ekki hafa viljað missa þá frá embættinu, en þetta er ekki yfirvöldunum að þakka. Það eina, sem er þolandi í hreppstjórninni, er það, að hinn sami er ekki bundinn við að vera það, nema 3 ár, því annars hefði það verið óþolandi; heiðurinn, sem af því leiðir, hefir stundum verið sagt að væri nokkurs virði, og eg læt nú svo vera, að hann sè góður með öðru góðu, en ekki hefir hann dugað öðrum æðri embættismönnum eintómur, þó meiri hafi verið en hreppstjóra heiðurinn. Eg held samt, að þó nú væri farið að setja nefnd í málið, þá mundi verða eins erfitt nú og áður að finna ráð til að bæta úr þessu. En eg held, að bezt væri til fallið, að stjórnarbótarnefndin nr. 2 tæki við þessari bænarskrá, og brúkaði hana til að sýna stjórninni fram á, að brýna nauðsyn ber til, að bráð bót komist á sveitastjórnina. Það á ekki við nefndina nr. 1, því þó bráðabyrgðarstjórn kæmist á, eins og einhver áðan nefndi, þá fengi hún engin fjárráð, svo hún gæti ekki launað hreppstjórum. Stjórnin ein getur veitt styrk til þessa, en eg er hræddur um, að hún gjöri það ekki eins og nú á stendur.

Jón Hjaltalín: Eg held þó, að það mætti kann ske finna ýmsa vegi til að ráða úr þessu, án þess að bíða eptir stjórnarbótinni; einkum er eitt atriði að mínu áliti takandi fram, það er um tíundina, mætti eigi láta hreppstjórana fá nokkurn part af henni? Það gæti líka skeð, að það yrði til þess, að þeir gættu nákvæmar að, hvernig menn teldu fram til tíundar, þegar þeir ættu að fá nokkuð af henni sjálfir. Menn mundu líklega geta fundið fleiri máta, og því mæli eg fastlega með sèrstakri nefnd.

St. Eiríksson: Eg er nú alveg samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni; eg held nógu sè hlaðið á stjórnarbótarnefndina nr. 2, þó hún fái ekki þetta líka; og ef þingið ekki sèr sèr fært að koma neinu til leiðar með sèrstakri nefnd, þá held eg stjórnarbótarnefndin nr. 2 komi því minna til leiðar. Eg er viss

um, að uppástungan, sem liggur hèrna fram á lestrarsalnum, fær meiri meðmæli en þessi, þegar hún kemur inn á þingið, og eg skil ekki í þingmönnum, ef þeir ekki fallast á að setja nefnd í þessu máli, og mèr finnst stjórnin skyldug til að launa hreppstjórum eins og hverjum öðrum sem hún skipar í opinberan starfa.

Björn Pètursson: Mèr finnst laun hreppstjóra ekkert eiga skylt við stjórnarbót, og því skil eg ei, að menn skuli leggja það til, að vísa málinu til þeirrar nefndar, það er þá eins gott og miklu hreinlegra að fella það strax. Hinn 5. konungkjörni þingmaður var að benda á ýmsa vegi, til að launa hreppstjórum og hver veit nema nefndin fyndi fleiri. En það liggur ekki hèr fyrir að leita að þeim, það á nefndin að gjöra, ef hún verður sett, sem eg fyrir mitt leyti vildi óska.

Arnljótur Ólafsson: Það hafa nú margir mælt með nefnd í málinu, svo mèr er reyndar óþarft, að fara um það mörgum orðum. Hin eina mótbára, sem fram hefir komið móti málinu er sú, að það sè ótímabært, að bera það upp nú, og þessi mótbára hefir einmitt komið frá þeim mönnum, sem ekki hafa þótt samkynja mál ótimabær. Svo framarlega, sem málið í sjálfu sèr er rèttvíst, verður þessi mótbára marklaus, því ekkert rèttvíst mál getur nokkurn tíma verið ótímabært. Það er skritið að viðurkenna: þessi maður á sannarlega skilið að fá laun, en bæta svo við: en ekki fyrr en einhvern tíma, þó hann sè búinn að púla í mörg ár fyrir ekki neitt. Menn gjöra ráð fyrir stjórnarbótinni, eins og hún sè rètt komin, og eins og þá verði þegar kippt öllu í lag, og sjálfsagt sè, að hreppstjóra-embættin verði af tekin. Það væri skrítið, ef hreppstjórnin yrði af tekin við þessa nýju stjórnarbót, því hreppstjórar hafa verið hèr á landi frá alda-öðli, eður frá því landstjórn hófst á landi hèr. Fyrrum voru þeir kallaðir samkomumenn, og voru þeir 5 í hverjum hreppi; í Jónsbók eru þeir fyrst kallaðir hreppstjórar eður hreppstjórnarmenn. Þar sem það hefir verið talið óvinnandi, að hitta á nokkurn sjóð, til að launa hreppstjórum úr, þá er eg nú samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni í því, að bezt mundi að launa þeim af tíundinni, og þó það ekki væri með öðru, en tíundarsvikum, þá held eg þeim væri það góður styrkur. Þeir hafa nú líka rètt að lögum, að ganga harðlega eptir öllum undandrætti, »sjá eiða að mönnum« eður taka menn í eið, og stefna þeim um þau mál. Ef þeir mættu nú hafa alla tíund af því fè, sem undan er dregið, og sektir allar af tíundarsvikum, þá væri

þeim, að minni hyggju, vel launað fyrst um sinn. Eg vil nú spyrja: er það ótímabært að vilja afnema annan eins órètt og tíundarsvikin eru, og það til þess að eyða öðrum órètti, eður veita hreppstjórum þann rètt, er þeir lengi hafa átt skilinn? Ef þetta er ótímabært, þá verð eg að segja, að öll rèttlát mál eru ótímabær.

Indriði Gíslason: Það verður eptir þessu gott að fá hreppstjórnarembættið að launum til, en ekki að virðingunni. Eg held eg fari ekki að sækja um hreppstjórnarembættið, fyrst nú á að fara að launa hreppstjórum af tíundarsvikum, og setja þá á stall með fátæklingum, með því að borga þeim af fátækra tíundinni. Hvað nú þessum vandræðum viðvíkur, sem menn eru að tala um, þá held eg að þau sèu ekki svo mikil, að við getum ekki komizt af nokkur ár enn, eins og við höfum komizt; þó einn segi af sèr, tekur annar nýr við, og hinir gömlu verða til ráðaneytis, svo það verður nokkurs konar hreppsnefnd. Eg held því, að betra sè að fresta málinu; ef ekki verður bent á nein önnur úrræði en þau sem við höfum sjálfir í höndum, þá er eins gott að bíða; og þó nefnd nú yrði kosin, mundi lítill árangur verða af því.

Jón Hjaltalín: Það er ekki víst, menn vita ekki, að hvaða niðurstöðu nefndin kynni að komast. Það er hart, ef þeir sem líða órètt, geta ekki losazt við hann, af því þingið mælir á móti því, Eg veit heldur ekki nema fundnir yrðu fleiri vegir, en bent hefir verið á; hver veit nema stjórnin vildi líka leggja eitthvað til.

Pètur Pètursson: Eg er alveg samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að málið sè fullkomlega þess vert, að því sè gaumur gefinn og nákvæmlega yfirvegað. Hreppstjórarnir hafa lengi þjónað launalaust, og það sæti illa á okkur hinum embættismönnunum, ef við vildum ekki veita þeim alla þá hjálp, sem við getum í tè látið, í öllu falli góðar tillögur við stjórnina. Eg vil ekki fara að spá neinu um það, hvort nefndinni tækist að útvega laun handa hreppstjórum eður ei; menn geta ei spáð um það, nema ef það er gefið sem regla, að ef ein nefnd hefir mistekizt, þá mistakist þær allar. Mèr finnst því þingsins skylda, að mæla kröptuglega fram með þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Það hafa komið fram 2 uppástungur, að kjósa nefnd í málið, eða vísa því til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 2. Eg vil benda til þess, að ef valin er sèrstök nefnd, þá eru 4 ár, þangað til lagaboð verður gefið út um þetta; og þá veit eg ei,

nema fljótari yrðu afdrif málsins, ef því væri vísað til hinnar nefndarinnar.

Forseti: Það hafa 10 þingmenn beðið um, að umræðunum sè lokið.

Var um það gengið til atkvæða, og það samþykkt, að umræðum skyldi lokið.

Síðan var gengið til atkvæða um málið sjálft, og var nefnd samþykkt með 12 atkv. gegn 8. Var stungið upp á 5 og 3 manna nefnd, og 3 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir þessir:

A. Ólafsson með 16 atkv.
J. Hjaltalín — 11 —
J. Pálmason — 10 —
M. Andrèsson — 9 —
St. Eiríksson — 9 —

Málið afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Eg skal geta þess, að til mín er komin uppástunga frá þingmanni Reykvíkinga og varaforseta um prentun nýrrar jarðabókar. Á næsta fundi, sem eg ákveð til á morgun kl. 12 f. m. kemur til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Árnesinga um barngetnað í meinum, bænarskrá frá einum kennara við latínuskólann um launaviðbót, bænarskrá Kjalnesinga um niðurskurð, og til undirbúningsumræðu nefndarálit um þingstað að Bæ í Lóni, og nefndarálit um að taka hús í Reykjavík í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða.

Fundi slitið.

Tólfti fundur — 18. júlí.

Allir á fundi nema hinn 5. konungkjörni þingmaður.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar skal eg geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni í læknaskipunarmálinu, að í henni sè kosinn formaður hinn 5. konungkjörni þingmaður og skrifari þingmaður Skagfirðinga; sömuleiðis frá nefndinni í lagaskólamálinu, að kosinn sè formaður þingmaður Snæfellinga, skrifari þingmaður Skagfirðinga. Sömuleiðis vil eg geta þess, að til mín er komin uppástunga frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu um íslenzku á embættisbrèfum, einnig nefndarálit í málinu um að veita Skutulsfjarðareyrar verzlunarstað bæjarrèttindi.

Nú er komið að því, sem áður ætíð hefir rekið að, að þörf er orðin á meiri styrk við innanþingsskriptirnar, en þeim sem þegar er fenginn; og af þeim sem enn hafa sótt, hafa tveir menn verið álitnir hæfastir; eg leyfi mèr því að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa að veita samþykki sitt til, að bætt verði við tveimur skrifurum þeim, cand. Jóni Hjaltalín og cand. Eyjólfi Jónssyni. Eg hef samið svo við þessa menn, að þeir, ef þeim skyldi verða afgangs tími, tækju að sèr ókeypis aðrar skriptir fyrir þingið, svo sem að hreinskrifa nefndarálit o. s. frv. Eg vil því skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að veita samþykki sitt til þessa.

Konungsfulltrúi: Það er sjálfsagt, að hinn háttvirti forseti bezt veit af þörf þingsins, og því set eg honum þetta á sjálfsvald. Eg veit að hann ekki bætir skrifurunum við að óþörfu, og veiti eg því samþykki mitt til þessa.

Forseti: Eg skal þá biðja þessa menn að setjast í skrifara sætin. Hinn konungkjörni varaþingmaður hefir beðið um orðið.

Benidikt Sveinsson: Eg sem er einn í nefnd þeirri, sem sett var í kláðamálinu, vil eptir samkomulagi við meðnefndarmenn mína leyfa mèr að biðja hinn háttvirta forseta að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að útvega sem allra fyrst svar hjá stiptamtmanninum upp á áskorun þingsins um vörðinn milli Kjósar- og Gullbringusýslu og Árnessýslu. Málefni þetta þarf bráðra úrslita í sjálfu sèr, og svo getur nefndin ekki lokið starfa sínum fyrr en hún fær að vita um svar stiptamtmannsins; forseti hefir optar en einu sinni minnt þingmenn að flýta sèr með nefndarálitin, og þó þetta máske snerti einkum nefndirnar í hinum konunglegu frumvörpum, þá má þingið bera fyrir brjósti sèr óskir og bænir landsmanna, því það er einnig fyrir þær, þetta á sèr ekki hvað sízt stað um þetta mál, sem sannarlega er þess vert að það verði ekki út undan. Eg vil því enn óska þess fastlega, að þetta svar fáist sem fyrst, svo nefndin í kláðamálinu sè eigi tafin, enda ætti það að vera hægðarleikur, því stiptamtmaðurinn býr ekki svo langt frá konungsfulltrúanum, að hvor geti ekki náð í annan.

Forseti: Það var ósk þingsins, að áskorunin skyldi borin fram fyrir stiptamtmanninn gegnum forseta og var svo gjört. Með því nú að aðgjörðir nefndarinnar í málinu hljóta að dragast við það, að svarið dregst, og með því úrslit málsins frá stiptamtmannsins hálfu hljóta að hafa áhrif á uppástungur nefndarálitsins, þá hlýt eg að verða við beiðni hins konungkjörna varaþingmanns, og æskja þess af hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að hann sjái um að svarið

upp á áskorun þingsins fáist sem fyrst auðið er hjá stiptamtmanninum.

Konungsfulltrúi: Eg lofaði hinu heiðraða þingi að eg skyldi annast um að svar fengizt, og skal vissulega efna það. En enn þá sem komið er hefir svarið ekki getað fengizt af því að nokkrar nauðsynlegar upplýsingar hefir vantað í málinu, en eg skal sjá um að svarið verði komið til þingsins að minnsta kosti næsta þriðjudag.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og ef til vill nefndarkosningar bænarskrá þingmanns Árnesinga um barngetnað í meinum.

Málið var afhent uppástungumanni og var bænarskráin lesin upp svo hljóðandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 127.

Magnús Andrèsson: Eg bar upp þessa uppástungu á þingi 1855, en hún fèkk ekki góðar móttökur, og var hrundið frá. Eg tók nú fyrir mig að bera hana fram aptur, og reyna hvert álit uppástungan nú fengi, því það er sjálfsagt í síðasta sinni, sem eg set á þingi. Það vill nú svo vel til, að hèr eru nokkrir lögfróðir menn á þingbekkjunum, sem ekki hafa áður nefnil. 1855 sagt álit sitt um hana, og fýsir mig því að heyra tillögur þeirra sem lögfræðinga og sömuleiðis meiningu annara þingmanna, sem sprottnar eru af heilbrigðri og skynsamlegri tilfinningu í brjósti þeirra. Eg vil leggja mig undir álit hins heiðraða þings, og heyra hvað það vilji gjöra við uppástungu þessa. Eg býst við að heyra mótmæli hjá þingmönnum, og fýsir mig þá að heyra ástæður þeirra fyrir þeim.

Konungsfulltrúi: Þessi uppástunga hefir áður verið borin upp hèr á þingi, en hún var felld, og að mínu álíti af gildum ástæðum, þó uppástungumaður sè að vísu á annari skoðun um það. Uppástungumaður virðist ekki að þekkja, eða að minnsta kosti ekki skýrt að hafa hugsað um þá siðferðislegu ástæðu, sem liggur til grundvallar fyrir þeim lögum, sem hèr ræðir um, og uppástungan fer líka þeim orðum um afbrotið sjálft, sem virðist að staðfesta þá skoðun hans á því, að það sè ekki mjög saknæmt, og að það sè en fremur fráhverft hugsunarhætti Íslendinga að skoða það frá annari hlið. Eg verð nú að neita því, að þessi skoðun á afbroti þessu sè sú, er segir í uppástungunni, og sanna eg það með því, sem öllum er kunnugt, að afbrotið kemur mjög sjaldan fyrir, því í síðustu 20 ár, hefir það ekki komið fyrir nema 2 sinnum, og

það vitnar, að mèr virðist, nægilega um það, að það ríkir hjá þjóðinni almennur viðbjóður á þessu afbroti og að hann er lifandi í meðvitund hennar, þar sem þó að öðru leyti afbrot »in puncto sexti» ekki eru hjá oss svo sjaldgjæf. Þegar nú enn fremur athugast, að nú er verið að semja ný sakalög fyrir Danmörku og þetta vandaverk komið langt á leið og verið að leggja eins og seinustu hönd á verkið í nefnd þeirri, sem hefir málið til meðferðar, sè eg því síður nokkra ástæðu til þess, að þingið taki þessa uppástungu til greina, sem það liggur opið fyrir, að lögstjórnin undir þessum kringumstæðum ekki heldur mundi finna að slík ástæða ætti hèr stað, enda er eptir mínu áliti engin nauðsyn til þess. Eg verð því, að ráða frá, að þingið taki þessa uppástungu til greina, eða setji nefnd út af henni.

Magnús Andrèsson: Eg vildi leyfa mèr að hreifa 2 atriðum í þessu máli út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í ræðu sinni. Hann sagði að getnaður í meinum kæmi mjög sjaldan fyrir, og tók til hin síðustu 20 ár, að hann hefði komið að eins 2 sinnum fyrir. Þó hann nú ekki hafi komið optar fyrir opinberlega, sem kemur til af því, að mönnum stendur ótti af hinu fjarskalega harða straffi, sem liggur við, þá held eg þó, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki viti hvað opt hann kemur fyrir í leynum, og verður svo úr dulsmál, og er það engu betra. Hitt atriðið var það, að hann sagði, að ný sakalög væru í smíðum í Danmörku, og því ætti ekki að rífa þenna einstaka líð út úr heild sinni; en má eg spyrja, hversu optlega kemur það ekki fyrir, að beðið sè um að breyta einstökum atriðum í heildinni þó þau sèu ekki nema 3 ára, hvað þá þegar þau eru 300 ára gömul. Mèr virðist það ekki vera móti allri rèttsýni, þótt beðið sè um þessa breytingu, á þessu eina atriði, og get því enn ekki sannfærzt um að ógjörandi sè, að fara fram á það.

Konungsfulltrúi: Eg verð þrátt fyrir það, sem hinn heiðraði þingmaður nú sagði, að staðhalda því fast fram, að það eigi ekki við að slíta þetta atriði út úr sakalögunum, þegar svo er ástatt, að þau eru í heild sinni undir yfirvegun og breytingum, og ný sakalög í vændum.

Það atriði, að einstökum lögum um einstök atriði stundum hafi verið breytt, sannar ekkert í þessu efni, því kringumstæðurnar eru ólíks eðlis.

Páll Melsteð: Eg er aldrei vanur að vera mjög langorður í

ræðum mínum, og skal ekki heldur vera það að þessu sinni. Eg vil að eins leyfa mèr að láta í ljósi, að eg er með öllu á sama máli og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að mèr finnst ekki eiga við að bera upp bænarskrá um þetta efni nú eptir því sem á stendur.

Einnig vil eg leyfa mèr að vekja athygli þingmanna á því að mörg mál eru komin til þessa þings, og margar nefndir kosnar, eg vil því ekki að nefndir sèu kosnar nema í hin nauðsynlegustu mál, en af því mèr virðist ekki brýn nauðsyn bera til að þetta málefni sè nú tekið til meðferðar á þingi verð eg að mæla á móti nefnd í því.

Forseti: Af því enginn tekur framar til máls verð eg að álíta, að þessari inngansumræðu sè lokið, og vil eg biðja þingið að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort setja skuli nefnd í málið eða ekki.

Var síðan gengið til atkvæða, og málið fellt frá nefnd með atkvæðafjölda.

Forseti: Því næst kemur til inngangsumræðu bænarskrá skólakennara Jóns Þorkelssonar um launaviðbót; henni fylgja tvö fylgiskjöl, og skal málið verða afhent hinum konungkjörna varaþingmanni, sem hafði gjört bænarskrána að sinni uppástungu.

Var síðan bænarskráin afhent uppástungumanni og lesin upp.

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 129.

Svo var lesið upp fylgiskjalið annað svo látandi:

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 131.

Benidikt Sveinsson: Eg skal ekki vera fjölorður að sinni; eg vona að þingið sjái, að þessi bæn sè byggð á sanngirni og rèttvísi, og skal eg því að eins leyfa mèr án frekari umræðu, að óska þess, að þriggja manna nefnd verði kosin í málið.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki verið með því, að nefnd sè sett í þessu máli, og er það engan veginn af því, að eg ekki vilji mæla með því, að beiðandi fái nokkra ásjá. Eg þekki og veit, að það sem sagt er í bænarskránni er satt, og það vita margir af þeim, sem hèr eru, og vèr játum allir að beiðandi á allt gott skilið, og allir verða að játa, að hann hefir orðið nokkuð hart úti, en það er þó mest kringumstæðunum að kenna, eins og beiðandi útlistar sjálfur í skjalinu, en ekki hinu, að honum hafi verið gjört beinlínis rangt til af stjórninni. En eins fyrir það er vonandi, að konungur og ríkisþingið taki beiðnina til greina, en hitt, að alþing fari að taka málið til nefndar og rita konungi bænarskrá, það er að mínu áliti ekki eptir rèttum þingsköpum; auk þess held eg, að

það yrði ekki til þess að hjálpa beiðanda til að fá fulla viðrèttingu, og það þykist eg þó sannfærður um að allir vilja. Þó vèr nú tækjum málið til nefndar og rituðum bænarskrá, þá getur þó konungur ekki veitt launabótina sjálfur, heldur verður málið að koma fyrir ríkisdaginn, og held eg því, að þessi meðferð málsins yrði því ekki til flýtisauka, heldur til tafar og beiðanda í óhag. Það er því ekki nema til ógagns eins, þó þingið setti nefnd og sendi bænarskrá til konungs, en hinn vegurinn virðist mèr betri, sá nefnil. að vísa málinu gegnum forseta þingsins til hlutaðeigandi stjórnarherra, og að þingið tæki þá ályktun, að staðfesta allar kringumstæður sem fram eru teknar í skjalinu, og lýsa svo yfir meðmælum með beiðanda, og vona eg og er viss um, að stjórnin og ríkisþingið tekur svo lagaðar tillögur alþingis til greina.

H. G. Thordersen: Eg verð að vera samdóma hinum háttvirta varaforseta. Þessi kennari hefir hina beztu hæfilgleika, eins og einnig hinir kennararnir, og vil eg að þingið hjálpi honum eins og það bezt getur. Hann sýnist hafa orðið eins og eitthvað útundan. Mèr virðist nauðsynlegt og áríðandi, að þingið gæfi honum meðmæli sín, og tæki fram, að hann hefði verið nokkuð settur hjá, sem eg þó er viss um, að ei hefir verið ásetningur eður vilji stjórnarinnar um þenna heiðursmann. En hvað meðferð málsins snertir, hygg eg það gangi bezt og fljótast, að það sè sent stjórninni gegnum forseta og konungsfulltrúa.

Sveinn Skúlason: Mèr getur þó eigi skilizt, að ráð þau, sem þingmenn þessir, er síðast mæltu, gefa þinginu, sèu sem heppilegust. Ekki hefir beiðanda heldur litizt svo, því víst hefði hann ekki farið þenna veginn, hefði hann ekki álitið hann greiðastan og sèr hagfelldastan; enda virðist þessi vegur líka næsta góður eptir árangri þeim, er orðið hefir af tillögum alþingis hinum síðustu um launabót embættismanna. Þessi vegur virðist mèr því góður, enda gæti þingið þá tekið af þessari bænarskrá tilefni til að taka fram það atriði, að kandídatar í málfræði, fengju hèr á landi forrèttindi fyrir öðrum, eius og þeir hafa þau í Danmörku, þ. e., að lögin, er um þá gilda þar, verði lögleidd hèr á landi, sem stjórnin sýnist að efast um, að hèr gildi. Íslendingar hafa um langan aldur fengið lof fyrir það, að þeir væru vel að sèr í hinum fornu vísindum Grikkja og Rómverja, og að svipta þá, sem sèrstaklega stunda þessa mennt hèr í landi, þeim rètti, sem málfræðingar hafa erlendis, og setja þá lægra en aðra, er með öllu óþolandi, og væri

til þess, að engir Íslendingar legðu stund á þetta »studium«. Því vil eg fastlega mæla með því, að nefnd verði sett í málið, og konungi rituð bænarskrá um þetta efni, svo þessi menntunarvegur ekki verði fyrir borð borinn. Þessi vísindagrein er sú, sem víst lengst verður að bíða þess, að hún verði innlend; en það er líka sama hvar hún er numin, því hún er svo almenn, en mèr virðist ástæða til að reyna að útvega kandidötum í málfræði full rèttindi hèr á landi, svo þessar ágætu menntir ekki leggist fyrir óðal.

Benidikt Sveinsson: Eg hèt því að vera fáorður um þetta mál, og vildi gjarnan geta ent það, en eg get þó ekki sleppt því fram hjá að svara einkum 2 atriðum í ræðu hins háttvirta varaforseta, er hann nú flutti. Hann sagði, að það væri á móti rèttum þingsköpum, að þetta mál kæmi til nefndar; en var það þá ekki móti þingsköpum, þegar 1861 á þessu sama þingi borin var fram bænarskrá sama eðlis, sem var eins einstakt eins og þetta, þegar kom bænarskráin um launabót amtmanns Havsteins; og þá varð ofan á, að það væri rætt reglulega í nefnd, og varaforseti, sem þá var forseti, talaði ekki eitt orð. Hefir hann kynnt sèr þingsköp síðan?! Hitt atriðið var það, að hann sagði það mundi seinka fyrir málinu, ef þessi aðferð væri höfð, því konungur gæti ekki án samþykkis ríkisdagsins veitt beiðanda þetta; en getur konungur það án samþykkis ríkisþingsins, ef málið ekki er sett í nefnd. Þessar ástæður varaforsetans geta því ekki verið fullgildar til að vísa málinu frá nefnd; en þessi vegur að vísa málinu gegnum forseta til konungsfulltrúa, og svo til stjórnarráðsins, hefir minna afl, og ef varaforseti því vill hjálpa málinu, þá kemst hann í mótsögn við sig. Þingið hefir áður farið þenna sjálfan veg, og hvers vegna skyldi það nú fara annan? Eg verð því enn að mæla fastlega með nefnd í þessu máli.

Jón Guðmundsson: Eg held að hèr sè dálítil misvísning, en hún er raunar ekki svo lítil, ef rètt er að gáð. Hèr er talað um laun einstaks manns, en 1861 á þingi var talað ekki um laun einstaks manns, (*Benidikt Sveinsson:* jú) nei, ekki persónunnar, heldur embættisins, og talað um hve mikil störf og skyldur amtmaðurinn í Norðurumdæminu hefði. Það er ekki rètt, að blanda saman persónunni og embættinu sjálfu. Hvað hitt snertir, sem þingmaður Norðurþingeyinga sagði, að það væri nauðsynlegt að taka það fram að lögin yrðu skýrð, og kandidötum í málfræði veittur meiri rèttur hèr á landi en þeir hafa, þá er það víst að það væri æskilegt, en

eg verð að gjöra þingmanninn varan við, að hèr liggur engin bænarskrá eða uppástunga fyrir um það efni.

Arnljótur Ólafsson: Eg fyrir mitt leyti get ekki verið samdóma hinum háttvirta varaforseta í því, að greiðastur vegur fyrir þetta mál sè sá, að vísa því gegnum forseta. Mig furðar stórlega á því, að þetta skuli koma frá hinum háttvirta varaforseta, því ef nokkur maður á þingi hefir reynt, hversu hollt það er, að senda mál gegnum forseta til stjórnarinnar, þá er hann það, því hann hefir reynt það bæði sem forseti þingsins, og sem þingmaður Skaptfellinga. Sem forseti hefir hann veitt móttöku málum á þá leið, en ekki fengið konungsfulltrúa til að taka móti þeim, og hafa þau svo fallið niður. Hann hefir einnig reynt sem þingmaður, hversu hollt það er að fara þessa leið með mál, og fengið undirtektir ekki góðar. Eg vil að vísu eigi ákveða, hvort vegur þessi sè rèttur eður eigi, því þar sem stendur í 44. gr. alþtilsk., að konungsfulltrúi skuli vera milligöngumaður milli þingsins og stjórnarinnar, þá má skilja það svo, að hann skuli vera það hvort sem mál eru send gegnum forseta eður eigi; en stjórnin hefir álitið það óreglu að vísa málum gegnum forseta til hennar. En hitt verð eg að álíta rètt, að vísa málum gegnum forseta til yfirvaldanna. En eg vil ekki gjöra mikið úr meðferðinni, ef hún hvorki er málinu til gagns eða ógagns, en af því að þessi vegur gegnum forseta getur ónýtt málið, þá vil eg ekki hafa hann, nema ef menn ætla sèr að ónýta málið, en það vill hinn háttvirti varaforseti víst eigi. Eg verð að hafa á móti því, að uppástungan um launabót Havsteins hafi verið sprottin af virðingu fyrir embættinu einungis, heldur og af ást á Havstein amtmanni. Þau hin nýju launalög eru bundin við embættismennina eður eru persónuleg, og hvers vegna megum við þá eigi tala um persónu. Ef stjórnin hefir farið í persónulegheit við okkur, því megum við þá ekki fara í persónulegheit við hana? Jú! jú! allur er jöfnuðurinn góður. En um flýtinn á afgreiðslu málsins, þá þarf eg eigi að tala um hann; uppástungumaður er búinn að svara því, að málið þarf að koma fyrir ríkisdaginn hvort sem er, nema ef stjórnin á alls eigi að skipta sèr af því, en það er víst ekki tilgangur varaforseta.

Helgi Hálfdánarson: Það hafa nú 2 þingmenn mælt móti nefnd í málinu, en þrír með, svo af umræðunum virðist óvíst, hver afdrif málsins muni verða. Jeg lýsi því yfir, að eg vil að nefnd sè sett í málið, og eg álít það þinginu ósæmandi að vísa nú þessu

máli frá sèr; þar sem bin fyrri þing hafa tekið svo mörg samkynja mál til reglulegrar meðferðar. Eg held líka, að sá vegur sem stungið hefir verið upp á, að vísa málinu gegnum forseta og konungsfulltrúa tii stjórnarinnar, yrði, ef til vill, öllu fremur til að eyðileggja en styðja málið, því þá er eins og þinginu hafi ekki þótt það þess vert að setja nefnd í það. Allir verða að játa, að beiðandi hefir orðið hart úti, og á rètt á því, að bagur hans sè bættur, og ástæðurnar sem færðar hafa verið á móti nefndarkosningu, hafa ekki, að mèr virðist, neina verulega þýðingu. Hinn háttvirti varaforseti sagði, að þetta væri of einstaklegt, að taka svona einn mann og biðja um launabót handa honum, og að, þegar beðið var um launabót handa Havstein amtmanni, hafi verið haft tillit til embættisins, en ekki persónunnar; en eg álít þá að eins megi taka fram 4. kennara-embættið, og biðja um launabót handa því, ef svo þykir betur fara, þó eg reyndar haldi að það gjöri hvorki til nè frá, hvort maðurinn er nefndur eða embættið. Ef það er rèttur vegur, að senda málið gegnum forseta til stjórnarinnar, þá er hitt þó vissulega engu síður rèttur vegur, að þingið taki það til reglulegrar meðferðar, og sendi bænarskrá til hans hátignar konungsins. Þegar eg lít til launa 4. kennarans og hins þriðja, þá finnst mèr að þar sè ærið mikill munur á, þar sem hinn 3. hefir 800 rd. en hinn 4. að eins 500 rd., og þegar eg nú líka athuga það, að 4. kennarinn er sá einasti af kennurunum auk rektors, sem hefir gengið skólamenntunarveginn, og tekið embættispróf í málfræði, þá sýnist mèr það bersýnilega koma í ljós, að hann ætti að fá meiri laun. Eg verð því fastlega að mæla með því, að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi (Jón Pèturssón): Við það, að eg tók svo eptir, sem þingmaðurinn talaði í þá átt, að beiðandinn hefði orðið fyrir órètti, verð eg að athuga, að þetta er ekki alls kostar rètt, og liggur til þess sú ástæða, að tilsk. 2. febr. 1849 er ekki gjörð gildandi hèr á landi. Að hinu leytinu er það mjög sanngjarnt að laun beiðandans verði bætt bæði sökum þess, að hann hefir verið svo lengi í þjónustu skólans, og líka vegna þeirra ágætu hæfileglleika, sem hann hefir öðrum fremur í mennt sinni, og með því samkynja mál sem þetta hafa áður komið til stjórnarinnar frá alþingi, þykir mèr ekki efi á, að stjórnin taki vel undir þetta mál, og gjöri því sitt hið bezta, sem henni er unnt, þó það hins vegar

geti verið efasamt, hvort beiðandinn kann að fá svo mikla launabót, sem hèr er farið fram á.

H. G. Thordersen: Af því eg áðan stóð upp og lèt í ljósi álit mitt, það að eg væri varaforseta samdóma í því, að bezt verði að senda málið gegnum forseta og konungsfulltrúa, verð eg enn að ítreka, að eg álít þenna veg greiðastan. Allir munu samdóma í því, að vèr viljum unna svo ágætum kennara launabótar, og að hann sökum kringumstæðanna hefir orðið hart úti, og það finnst mèr ætti að taka til greina. Það vakir og fyrir mèr, að hann er kennari í hinum »klassisku málum» og það vil eg leggja mikla, ef eg mætti svo að orði kveða, »vigt» eður áherzlu á, En það sem hèr liggur fyrir er það, hver mátinn sè betri til að koma málinu á framfæri. Sumir eru móti því að vísa því gegnum forseta, en eg sè enga ástæðu til þeirra mótmæla. Eg veit, að beiðandinn mundi fá meðmæli frá rektor, og ef til byskups kæmi, þá er það víst, að hann mundi fá meðmæli þar; en ef þetta, sem eg vil, er lakari vegur, þá er eg fús á að ganga annan betri og rèttari, en spurningin er, hver betri og rèttari sè. Svo er nú líka svo mikið að starfa á þinginu, að mèr virðist það óráð að setja fleiri nefndir, og loksins er mèr spurn á, hvort nefndarálit mundi gjöra nokkuð gagn í þessu. Nú, nú, hèr er ekki um annað en veginn að gjöra; eg álít bezt að málinu sè vísað gegnum forseta og konungsfulltrúa, og að þingið þannig gæfi honum sameiginleg meðmæli sín, og vil eg óska, að gengið sè sem fyrst til atkvæða um þetta.

H. Kr. Friðriksson: Eg stend sannarlega að sumu leyti nauðugur upp í þessu máli. Eg verð að biðja þingmenn, að hafa hugföst við ræður sínar þessi orð Haraldar konungs Sigurðssonar: »Lofa þú svo þenna konung, að þú lastir eigi annan«. Eg vil biðja þingmenn að fara ekki lengra en þörf er. Allir viljum vèr unna manni þessum launabótar, og eg engu síður en aðrir styðja að því, að hann fái hana, en spurningin er um, hvernig bezt sè að að fara, og vil eg styrkja þeirra mál, sem álíta, að betra sè að vísa máli þessu rètta leið gegnum forseta til stjórnarinnar, því eg sè eigi, að nefnd geti unnið málinu meira gagn, en þingið í heild sinni með meðmælum sínum til forseta. Þessi maður hefir verið embættislaus í þjónustu skólans í 8 ár, og þetta yrði að vera hin eina ástæða til meðmælingar þingsins, hvort sem nefnd yrði sett eða ekki; eg álít líka, að ef nefnd væri sett, og málið þannig rætt þá gæti svo farið, að það leiddi til orða, sem fremur yrðu til að

spilla en bæta. Eg verð því að ráða þinginu til, að láta málið ganga til forseta, með þeirri meðmælingu, að hlutaðeigandi fengi launabót með tilliti til þess, að hann hefir verið í þjónustu skólans í 8 ár, án þess að njóta þeirra launa, sem hann hefði haft, ef hann hefði verið fastur kennari.

Stefán Jónsson: Það hefir enginn mælt á móti því, að málið væri þess vert að það væri, tekið til meðferðar, en spurningin er, hvernig fara skuli með það. Málið er svo einfalt sem nokkurt mál getur verið, og það þyrfti víst ekki langan tíma til að útkljá það. Og þegar nú málið þarf að koma fyrir ríkisdaginn, þá sýnist mèr sama upp á dráttinn á málinu hvor vegurinn er hafður í því tilliti; málið fær úrslit sín hvorki fyrr nè síðar fyrir það. En það sýnist mèr ósamkvæmni af þinginu, að hrinda núna frá nefnd, fyrst það 1861 tók samkynja mál um laun eins manns til nefndar, því bænarskráin frá hinum 7, sem áðan var getið, kom ekki til þingsins fyrr en búið var að setja nefnd í málinu um launabót Havsteins, svo það er ekki rètt hermt, sem áðan var sagt, að það mál hefði verið hrifið út úr öðru máli. Eg verð því að mæla með nefnd í þessu máli.

Forseti: Eptir því sem mèr hefir heyrzt á ræðum þingmanna, þá get eg ekki dregið í efa, að málið verði tekið til meðferðar; en hèr er einungis spurningin um, hvorn veginn menn taka, en áður en gengið er lengra, þá vil eg segja álit mitt á 77. gr. í alþingistilskipuninni; það kynni nú að virðast í fyrsta áliti, sem bænarskráin heyrði ekki undir þingið eptir þessari grein; en þegar eg ber fyrri hluta greinarinnar saman við hinn síðari hlutann, þar sem stendur: »Ef samt nokkur meðlimur er fullkomlega sannfærður um, að einstökum persónum sè órèttur gjörður«, o. s. frv., þá virðist mèr greinin fremur mæla með því, að þingið hafi rètt til að taka bænarskrána til meðferðar. Hèr er nú reyndar eigi því máli að gegna, að órèttur sè gjör, en 2 þingmenn fóru orðum á þann hátt, að hlutaðeigandi hafi orðið »hart úti«, og »einhvern veginn orðið út undan«, og þar enginn hefir mælt á móti því, þá verð eg að vera því meðmæltur, að málið gangi til nefndar, einkum þar eð það styðst og við venju þá, er hèr var viðhöfð á seinasta þingi.

H. G. Thordersen: Mèr er spurn, er það eigi alþingismeðferð, þótt þessi aðferð sè höfð? Er það móti alþingistilskipuninni að biðja forseta að annast málið til stjórnarinnar? Ef öllum semur

um það, að málinu sè á einhvern hátt gaumur gefinn, en menn annars vegar eru í vafa um, hvor aðferðin sè betri eður rèttari, þá er sjálfsagt að láta ganga til atkvæða um það, hvora leiðina alþingið á að fara. Eg fyrir mitt leyti verð að vera á því, að málið væri vel meðtekið fyrir því, þótt eigi væri nefnd kosin í því, ef þingið fæli það forseta á hendur með kröptugum meðmælum sínum.

Forseti: Það er að vísu alþingismeðferð á málum, þegar þeim samkvæmt 77. grein alþingistilskipunarinnar er vísað gegnum forseta til yfirvaldsins; en hitt þó enn heldur, þegar þau eru fengin nefnd til meðferðar. Að fara megi þenna veg í þessu máli, styðst bæði við 77. gr. í alþ.tilsk. og venjuna, eins og á hefir verið bent.

Ásgeir Einarsson: Að því er snertir hina 77. gr. í alþingistilskipuninni, þá stend eg ekki upp til þess að tala um, hvor vegurinn sè rèttari; heldur vildi eg leyfa mèr að leiða athuga að því, sem 2 af þingmönnum hafa farið fram á, að hlutaðeigandi beiðandi hafi orðið fyrir ósanngjarnlegri meðferð, þá er það enn eigi sannað, að honum hafi verið órèttur gjörr, eptir því sem fyrir er mælt í tilsk. 2. febr. 1849, þar sem hún ekki nær til beiðanda, en konungur eður stjórnin varð þó að fara eptir henni og var bundinn við hana. En hèr er aðgætandi, að ef beiðandi fengi hið umbeidda, þá kæmi frá lagalegu sjónarmiði annar órèttur fram, það er að segja, ef lægri kennari hefði 1000 dala laun, en næsti kennari fyrir ofan hefði að eins 800 rd. Að því snertir það, er menn hafa sagt, að þessi bænarskrá væri samkynja uppástungunni um launabót Havsteins amtmanns á síðasta þingi, þá var þar allt öðru máli að gegna um hana, því hún var byggð á þeirri kröfu, að embættismenn á Íslandi hefði jafnrètti við sömu embættismenn í Danmörku. En þar sem þingmenn hafa gefið þessu máli svo góðan róm og álit mannsins sjálfs styður svo mjög málið, þá efast eg eigi um, að þingið geti komið því á bezta veg, af því það er lögunum að kenna, að maðurinn hefir orðið svo hart úti. Það hefir verið talað um, hver málalenging mundi verða að því, ef bænarskráin kæmi fyrir ríkisdaginn; en þá dettur mèr eitt í hug, sem eigi hefir áður verið hreift, og það er, hvort ráðgjafinn mundi ekki geta ráðizt í annað eins, eins og þó hann tæki til þeirra 4000 dala, sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda handa Íslandi, og veitti beiðandanum launabót af þeim í bráð. Eg vildi óska, að þeir, sem eru þessu kunnugastir, lèti álit sitt í ljósi um þetta, og kæmi sèr

allir saman um að leiðbeina og hjálpa máli þessu á sem beztan veg, að auðið er.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi og einmitt fara nokkrum orðum um veginn, sem málið á að ganga. Af því hinn háttvirti varaforseti mótmælti áður aðferð þeirri, sem eg fór fram á, en hann hefir ekki tekið til máls síðan, þá skal eg leyfa mèr að lesa upp ræðu forseta í alþingistíðindunum 1861 bls. 523, um þóknun handa hjúalaganefndarmönnum.

»Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að bezt væri að vísa málinu gegnum forseta til stjórnarinnar, skal eg geta þess, að stjórnin hefir álitið þá aðferð ranga . . . . . Eg get þessara ófara til þess að vara þingið við því, að hafa þessa aðferð við þetta mál. Eg varaði og alþingi 1859 sterklega við þessari málsmeðferð í öðru máli, eins og þingtíðindin sýna, og leiddi rök að því, að hún væri röng«.

Þar sem hinn háttvirti varaforseti áleit þá aðferð, að vísa máli í gegnum hendur forseta svona óvænlega á síðasta þingi, er *hann var sjálfur forseti,* þá þætti mèr vænt um að vita, hvers vegna sama aðferðin sè *núna* góð orðin, nema ef menn vilja vinna málinu ógagn, sem eg engan veginn ætla hinum háttvirta varaforseta.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal og að eins tala um meðferð málsins á þingi hèr, þar sem mèr finnst það auðsætt, að allir vilja í raun og veru styrkja það, og get eg þess þá fyrst, með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði, að það getur ei verið efunarmál, að það fè, sem hèr er sótt um, getur ei orðið veitt af þeim peningum, sem árlega eru ætlaðir til óvissra útgjalda fyrir Ísland. Hèr er sótt um launaviðbót, sem að minnsta kosti á að standa æfilangt, ef hún á ei að festast við embættið yfirhöfuð, og það er því auðvitað, að ráðgjafinn getur ei veitt þetta án þess að leita fyrst samþykkis ríkisþingsins; en það kemur nú fyrst saman í október, svo þá væri gott að tillögur vorar lægi svo fyrir, að þær gætu komið sækjanda að því haldi, sem vèr allir víst óskum. Spursmálið er að eins, hvor aðferðin hèr sè stytzt og haganlegust. Væri nú svo, að hèr þyrfti nokkurra frekari upplýsinga frá stiptsyfirvöldunum, svo stjórnin yrði að senda þeim málið til skoðunar áður en hún gæti útkljáð nokkuð um það, þá mundi eg og álíta það til að flýta mest fyrir, ef þingið mælti nú að eins sterklega fram með bænarskránni við stiptsyfirvöldin, og

beiddi þau svo að annast málið við stjórnina; en þar sem eg nú ei efast um, að beiðandi sækir nú sjálfur einnig beinlínis til stjórnarinnar, svo að stiptsyfirvöldin þá þegar munu skrifa allt það með bænarskrá hans, sem á þarf að halda, þá álít eg það ei efasamt, að þingið eigi einmitt líka að snúa sèr beint til stjórnarinnar með málið, því það er þá svo fjarri að slík aðferð geti seinkað fyrir því, að meðmæli þingsins ættu miklu fremur að knýja ráðgjafann til þess að leggja nú þegar í haust frumvarp um þetta fyrir ríkisþingið. Og eg segi þetta af því eg vil, að þingið mæli sem bezt fram með sækjanda, engan veginn einkum vegna rèttar þess, sem á eða ætti að fylgja embættisprófi því, er hann hefir tekið með bezta vitnisburði, þó það víst sè mikilsvert, en einkum vegna þess eg þekki, og vèr þekkjum allir, á annan og betra hátt, hver fróðleiks- og vísindamaður þessi skólakennari er af sjálfum sèr; vèr vitum, að Jón Þorkelsson er sá fróðleiks- og vísindamaður, sem ei að eins skólinn heldur og landið allt hefir sóma af, en sem skólanum þess utan er full nauðsyn að halda, og segi eg þetta eigi af því, að ei sè aðrir ágætir vísinda- og nytsemdarmenn við skólann, því eg fer hèr í engan samanburð, en held mèr að eins við það, sem nú liggur fyrir, en þá segi eg, að enginn er nú eins illa settur og hann við skólann, og þó er nauðsyn að halda honum. Þessa ber oss einkum að gæta, og því eigum vèr nú að setja nefnd í málinu og snúa oss beinlínis til stjórnarinnar, en ei stiptsyfirvaldanna, af því þessi aðferð er miklu kröptugri meðmæling með beiðanda, er þess er fullkomlega maklegur, án þess að hún þó, eins og nú er ástatt seinki nokkuð fyrir málinu. Eg gef því atkvæði mitt fyrir nefnd.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga hafi misskilið orð mín, þar sem hann talaði, að eg áliti að stjórnarherrann geti tekið til þeirra 4000 rd., sem ætlaðir sèu til óvissra útgjalda, en þetta benti eg einungis á, svo það tefði ekki fyrir málinu, að verða að leggja það strax fyrir ríkisdaginn; en eg fyrir mitt leyti held að persónan verði að takast hèr til greina, eptir því sem nú stendur á, og mæli eg því fram með nefnd, ef það seinkar ekki málinu.

Stefán Eiríksson Báðir flokkarnir eru hèr á eitt sáttir um það, bæði þeir sem vilja hafa nefnd og hinn sem vill vísa málinu gegnum forseta til stjórnarinnar, að maðurinn sè þess í alla staði verðugur að máli hans sè gaumur gefinn og verð eg því að

láta það álit mitt í ljósi, að eg mæli með nefnd í málinu, því mèr finnst þingið ekki geta sent þetta mál frá sèr öðruvísi en það hefir gjört með samkynja mál áður. Hèr hafa og mörg mál verið tekin inn á þing og send hèðan, sem eigi hafa haft við ríkari ástæður að styðjast; þetta mál tekur heldur engan tíma, þótt því sè nú gefinn gaumur, með því það er svo kunnugt frá fyrri þingum að nefndin mun ekki komast í vandræði að koma því af.

Benidikt Sveinsson: Það hefir nú flest af því verið tekið fram, sem eg vildi sagt hafa í þessu máli, og ætla eg, að flestir þingmenn skilji, hvernig málinu er háttað. Einungis vil eg leyfa mèr að benda á að þau mál, sem vísað er gegnum forseta til stjórnarinnar heyra ekki þinginu rèttilega til; en það er þó töluverður munur á, hvort mál heyrir þinginu til eður eigi; en eigi ætla eg það ráðlegt fyrir þingið að hleypa fram hjá sèr þeim málum, sem heyra því til. Viðvíkjandi launabót Havsteins amtmanns, þá vil eg leyfa mèr að benda á launabótarlögin; þar er það eigi tekið sem sèrstakt málefni, heldur í sambandi við allt málið í heild sinni, þrátt fyrir það, þótt í niðurlagi bænarskrárinnar væri bent á persónu og beðið um, að amtmanninum yrði veitt sæmileg laun samkvæmt embættisdugnaði hans. Í þessu máli held eg að það væri heldur engin skömm fyrir þingið að benda á persónu í bænarskrá til hans hátignar konungsins.

Jón Guðmundsson: Eg verð að svara þingmanni Borgfirðinga nokkrum orðum; það er rètt sem hann segir, að með það mál sem hann vitnar til, var eigi alveg rètt farið, annaðhvort af þeim, sem bar upp uppástunguna á þingi, eða þó heldur af forseta. Það eru 2 mál, sem lík afdrif hafa fengið; öðru þeirra vísaði forseti eigi í gegnum konungsfulltrúa til stjórnarinnar, heldur beinlínis frá sèr, og fèkk það því eigi áheyrn. Uppástungan hafði eigi tekið nægilega fram nauðsyn málsins, og forseti hafði eigi farið rètt að. Aptur var annað mál á síðasta alþingi, er þingið vísaði gegnum forseta til stjórnarinnar; hann fekk síðan konungsfulltrúa málið til flutnings, eins og önnur þingmál, og hefir stjórnin tekið það til greina og ekkert að fundið. Eigi 77. gr. alþingistilskipunarinnar annars nokkuð að þýða, þá verður ekki sett nefnd í þetta mál. Beiðandinn gat með engu móti fengið jafnmikla aldurslaunabót eins og hinir eldri embættismenn, með því hann var langyngstur þeirra í embættinu, því hann hafði að eins verið settur í 6—7 ár; eru það því kringumstæðurnar, sem hèr voru málinu til fyrirstöðu,

en enginn getur sagt, að honum hafi verið órèttur gjör, er menn geti ásakað stjórnina fyrir, þótt að virðast megi á hinn bóginn, að beiðandi hafi orðið nokkuð hart úti. Niðurstaðan verður þá sú, að þar sem þetta er einstaks manns bæn, sem þingið vill styðja, en þó eigi getur heyrt undir hinn síðari hluta 77. gr. í alþingistilskipuninni, þá getur þingið ekki sett nefnd í málið, heldur einungis mælt með því í gegnum forseta. Þótt nokkur mál líks eðlis hafi verið tekið inn á þingið, þá getur það eigi stutt þetta mál, með því öðru þeirra var hrundið eptir 77. gr. alþingistilskipunarinnar, hitt málið mun víst flestum þingmönnum vera kunnugt; það fèkk að vísu áheyrn, með því hlutaðeigendur gátu sannað órètt, er þeir höfðu orðið fyrir í flutningi yfirvaldanna og afsvari ráðherrans, en þó fekk þingið í konunglegu auglýsingunni næstu áminningar eður ofanígjöf fyrir þessa meðferð málsins. Sè nefnd kosin í þessu máli, þá verður hún að binda sig beinlínis við uppástunguna og þá upphæð, er hún fer fram á. En að þingið fari því fram í bænarskrá, er ætlun mín, að verði miklu fremur málinu til spillingar en eflingar, ef sú aðferðin er höfð, heldur en að senda það með meðmælum þingsins í almennum orðum í gegnum konungsfulltrúa og forseta þingsins til stjórnarinnar.

Benidikt Sveinsson: Eg mótmæli því alveg, að þetta mál heyri eigi undir þingið; og eg álít það ísjárvert að hrinda þeim málum frá, sem eru sama kyns og þau, er áður hafa verið tekin til meðferðar, og konungur vor hefir veitt áheyrn; því þótt þau eptir strangasta skilningi laganna heyri ekki undir þingið, þá hefir venjan samt sem áður, eptir èðli sínu, það afl og lagalegu þýðingu, að þingið getur fengið vald til að hafa þau mál til meðferðar, sem hin skrifuðu lög ei gjöra hèr ráð fyrir, ef það eigi sjálft bendir á móti því. Er það nú ein bending til þingsins frá stjórninni, að þetta sè rètt, þegar hún gefur þeim gaum; eg álít nú að einstakra manna skoðanir og hvatir í hvert skipti eigi ekki að ráða í þessum efnum; heldur velferð og sómi þingsins, eg vil því heyra skýr rök og ástæður fyrir því, að þingið hrindi frá sèr þessu máli. Eg get sannað, að bæn, sem borin var fram fyrir stiptsyfirvöldin, fekk ekki meðmæli, fyrr en þingið var búið að segja álit sitt um hana og var hún þó einmitt samkynja þeirri bæn, sem hèr ræðir um; þingið ætti þó eigi að mínu áliti að gjöra of lítið úr sèr, og spilla með því sínum málstað og annara.

Forseti: Eg álít þá þessari inngangsumræðu lokið, og vil eg

þá biðja þingmenn að gefa atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður ekki. Var samþykkt að nefnd skyldi kosin með 16 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á 3 manna nefnd og skal eg biðja þingmenn að kjósa þá.

Voru þessir kosnir i nefndina:

B. Sveinsson með 14 atkv.
G. Brynjúlfsson — 7 —
H. G. Thorðersen — 7 —

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur þá til inngangsumræðu bænarskrá frá Kjalnesingum um niðurskurð. Bænarskráin afhent flutningsmanni þingmanni Gullbringusýslu.

Helgi Hálfdánarson: Þar eð bænarskráin hefir legið á lestrarsalnum, svo þingmenn hafa getað kynnt sèr hana, þá held eg, að ekki þurfi að lesa hana upp. Að því er bænarskrána að öðru leyti snertir, þá óska eg einungis, að henni sè vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett í fjárkláðamálinu. Henni fylgir og annað skjal frá Mosfellssveitingum, sem ekki er eiginlega bænarskrá, heldur öllu fremur skýrsla um fund, sem haldinn hefir verið á Lágafelli, og virðist mèr rèttast að þetta sè látið fylgja bænarskránni.

Björn Pètursson: Mèr þykir þessi Mosfellssveitar bænarskrá verða nokkuð hart út undan, að eigi skuli mega lesa hana upp!

Forseti: Skjal þetta hefir legið til sýnis á lestrarsalnum, og gat eg þess, að það yrði ekki tekið á dagskrá, og því verður það ekki upplesið. Fyrst ekki taka fleiri til máls, vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort vísa skuli bænarskránni til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Samþykkt í einu hljóði.

Bænarskráin afhent framsögumanni í fjárkláðanefndinni, þingmanni Árnesinga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningumræðu nefndarálit í málinu um þingstað að Bæ í Lóni. Framsögumaður er þingmaður Austurskaptfellinga.

Nefndarálitið afhent framsögumanninum.

Framsögumaður: (*Stefán Eiríksson*) Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Sbr fyrri part alþingistíðindanna bls. 132.

Eg sè enga ástæðu til að fara mörgum orðum um málið; nefndin hefir gert sèr allt far um að upplýsa fyrir þinginu venju þá er við

gengizt hefir með þinghá Lónsmanna; þingmenn hafa líka bæði af bænarskránni og nefndarálitinu heyrt að það eru örðugleikar, sem hafa knúð beiðendur til að fara þessa á leit. Hefir það og verið jafnan venja, að Lónsmenn hafa haft þing og þingstað innanhrepps, nema einungis þann litla tíma, sem Magnús sýslumaður Stephensen hafði sýslu þessa á hendi. En eitt atriði vil eg leyfa mèr að benda á, og það er það, ef Lónsmenn nú sæktu þing að Bjarnanesi í sameiningu við Bjarnaneshrepp, þá mundi sýslumaður engan veginn geta leyst þingið af hendi á einum degi, svo af þeirri tilhögun sem hann vill hafa með þinghá þessa, bakar hann sèr grófan erfiðleika, því á Bjarnanesþing sæktu þá hèr um bil, 130—140 gjaldþegnar og mundi sýslumaður hafa nóg með að inn heimta þegnskylduna einn dag, og þá fengi menn engan tíma til að reka önnur mál sín við sýslumann, sem þó er öll nauðsyn á, þar sem sýslumaður kemur þar eigi nema einu sinni á ári. Ætla eg því fulla ástæðu til, að beiðendur fái það er þeir biðja um.

Páll Melsteð: Það eru að því sem eg fæ sèð komnar fram nægar líkur og enda sannanir fyrir því, að full nauðsyn sè fyrir beiðni þessara manna, enda þekki eg nokkuð til þessa máls, og gef eg því alveg atkvæði mitt fyrir því. Þegar þingmenn, sem til þekkja, gefa bænarskránni meðmæli sín, þá virðist mèr óhætt fyrir hina þingmenn sem ókunnugir eru þar eystra að trúa því sem hinir segja og álíta að beiðni þessi sè sanngjörn.

Brynjólfur Jónsson: Það er hvorttveggja, að enginn hefir hreift neinum mótmælum móti ástæðum þeim, sem til eru færðar í þessu nefndaráliti, fyrir því að Lónmenn megi fá bæn sína uppfyllta, enda mundi enginn þingmanna, þó hann svo væri eins kunnugur í Austur-Skaptafellssýslu, eins og vèr nefndarmenn erum, með nokkru móti geta hrakið ástæður nefndarálitsins, því þær standa eins og stafur á bók og *geta ekki* öðruvísi verið, eins og hèr er ástatt.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið.

Samkvæmt dagsskránni kemur þá til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu: kgl. frv. til tilsk. um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða. Framsögumaður er þingmaður Reykvíkinga.

Var nefndarálitið þá afhent framsögumanni.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 133.

Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um málið, því eg ætla að þingmönnum sè ljóst, þversu áríðandi þetta mál er fyrir bæinn og jafnvel fyrir land allt ; því við þetta aukast efni eigi að eins bæjarins, heldur landsins alls. Nefndin setti sèr þá reglu, að breyta sem minnstu í frumvarpinu, og eigi nema· því, sem hún þóttist eiga víst, að eigi gæti orðið að ágreiningsefni milli brunabóta fèlagsins og Reykjavíkurbúa. Reykvíkingar hafa og átt fund með sèr og ritað mèr brèf, sem þingmanni sínum, og lýsa þeir þar í hinum mesta áhuga á því, að mál þetta fái framgang á þinginu, og er þetta brèf því mikils virði, með því það hrindir öllum efa hjá þingmönnum um það, hvort nokkuð sè því til fyrirstöðn af hálfu Reykjavíkurbúa, að málið fái framgang. Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en eg óska og vona, að þingið gefi því góðan róm og þingmenn gefi þær upplýsingar, sem þeir geta.

Konungsfulltrúi: Þó eg standi upp í þessu máli, þá er það ekki til þess að fara mörgum orðum um mál það, sem hèr liggur fyrir í nefndaráliti, heldur einungis til þess að lýsa gleði minni yfir því, að málefni þetta, sem svo lengi hefir legið Reykjavíkurbúum sem hið mesta velferðarmál fyrir þá, þungt á hjarta, er nú fyrir stjórnarinnar góðgjörnu íhlutun komið á þetta stig, því það er fóturinn undir Reykjavíkurbæjar velmegun og öldungis ómissandi tryggíng fyrir þessa bæjar vaxandi framförum eptirleiðis. Um nefndarálitið sjálft hefi eg ekkert verulegt að athuga. Eg álít, að nefndin hafi gjört algjörlega rètt í því, að aðhyllast stjórnarfrumvarpið yfirhöfuð, eins og hún hefir gjört, því það flýtir endilegum úrslitum málsins, sem stendur á miklu fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og óbeinlínis fyrir allt land. Um orða breytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á, ætla eg ekki að fara neinum orðum og það því síður sem þær gjöra lítinn eða engan meiningamun. Einungis skal eg geta þess, að eg get ekki fallizt á þá breytingu við 2. grein, þar sem nefndin í staðinn fyrir »yfirvald» hefir sett »*bæjarstjórn*», því það er samkvæmt því, sem almennt viðgengst, og lögboðið er í slíkum efnum, að bæjarfógetinn útnefni skoðunarmenninа.

Framsögumaður: Nefndinni datt nú ekki í hug að gjöra nokkuð karp út úr þessu; en það er að eins óljóst, hvað hèr er meint með »*yfirvald*«, og það verður ekki sèð, hvort það er amtmaðurinn eða bæjarfógetinn. Á hinn bóginn lízt nefndinni það

eðlilegast, að bæjarfógetinn og fulltrúarnir, sem hinir kunnugustu útnefni skoðunarmennina. Aptur á móti yrði það óþörf málalenging, ef amtmaður ætti fyrst að leita tillagna bæjarstjórnarinnar og útnefna síðan mennina.

Konungsfulltrúi: Það er ekki mín meining, að málið skuli fara til amtmanns, heldur til bæjarfógeta, en að hann leiti fulltrúanna álits um skoðunarmennina álít eg þar á móti, að eigi vel við, og tel eg það því sjálfsagt að hann gjöri það.

Björn Pètursson: Viðvíkjandi 7. gr. stafl. c, vil eg leyfa mèr að spyrja að því, hvort full ástæða sè til að álíta hús með torfþaki eins eldfimt og hús með timburþaki, og þess vegna taka hið hæsta brunabótagjald af þeim. Eg vildi spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort tómthúsmenn hafi verið á fundinum sem hann gat um, svo þeir gæti sagt álit sitt um þetta. Ef þeir eru ánægðir með það, þá er engin ástæða fyrir mig að hafa á móti því, því líklega eignast eg hèr aldrei tómthús.

Konungsfulltrúi: Mèr virðast ástæður nefndarinnar sè fullkomlega rèttlætandi uppástungu hennar; að öðru leyti hafa tómthúsmenn frjálsar hendur.

Pètur Pètursson: Eg er nú einn í tölu þeirra manna, sem verð að láta í ljósi gleði mína yfir stjórnarfrumvarpinu; eins verð eg og að fallast á nefndarinnar aðgjörðir; það er einungis, að mèr er ekki ljóst, hvað meint er með »yfirvald« í 2. gr., og eg kann ekki við það svona óákveðið. Eg veit nú ekki, hvort bæjarfógetinn heyrir með til bæjarstjórnarinnar, en sè svo, þá er eg nefndinni samþykkur.

Jón Guðmundsson: Það er, eins og hinn 3. konungkjörni sagði, nokkuð líkt, og blandast saman í daglegu tali: bæjarfógeti og bæjarstjórn, en bæjarfógetinn er þó eiginlega formaður bæjarstjórnarinnar, því hann framkvæmir það, sem ályktað er, bæði á sameiginlegum fundi í bæjarstjórninni, og eins það, sem bæjarfulltrúarnir verða ásáttir um á sínum fundum að gjöra skuli. Það verður því hið sama, hvort bæjarfógetinn útnefnir skoðunarmennina, eptir að hafa leitað álits bæjarfulltrúanna, eða hann gjörir það á fundi með þeim og í sameiningu við þá; en sá hinn síðari vegurinn er einungis einfaldari og styttri.

Pètur Pètursson: Eg neita því ekki, að eg kynni þó betur við að stæði bæjarfógeti ásamt bæjarfulltrúunum, og tek eg mèr,

ef til vill breytingaratkvæði í þá stefnu, og skal þá síðar færa ástæður fyrir því.

Konungsfulltrúi: Eptir þeirri skýringu, sem nú er komin fram frá nefndinni, hefi eg ekkert á móti breytingunni, einungis hefði mèr þá þótt það hefði átt betur við að brúka orðið »bæjarfógeti«.

Framsögumaður: Það gleður mig, að uppástungur nefndarinnar fá meðhald hjá konungsfulltrúa, og styrkir það mig í þeirri von, að málið muni fá góðan framgang. Eg ætla að leyfa mèr að svara spurningu þingmanns Suður-Múlasýslu um tómthúsmennina. Þeir voru boðaðir til fundarins eins og aðrir, ef þeir vildi koma á hann. Þar að auki hefir mörgum þeirra verið sagt frá þessu fèlagi, sem þeir gæti komizt í, og hefði þeir í nokkru verið óánægðir með það, þá hafa þeir haft fullt færi á að láta í ljósi álit sitt. Eg held og, að þeir hafi fyllstu ástæðu til að vera ánægðir; og þótt gjaldið sè 32 sk. af 100 rd., þá er það ekki svo mikið, að geti orðið umtalsefni, því fæstir bæir mundu svo hátt metnir, að brunabótagjaldið næmi miklu. Auk þess held eg að ekki sè vert að gjöra torfbæjunum of hátt undir höfði, eða gefa eigendum þeirra upphvatning til að viðhalda þeim, án þess þó að gjöra þeim nokkra nauðungarkosti, því þeir eru bænum til óprýðis.

Jón Guðmundsson: Eg vil bæta því við, að það er aðgætandi, að tómhúsmenn eru ekki *skyldaðir* til að fá ábyrgð á bæjum sínum, heldur er það að eins *leyft* þeim og vegna sjálfra þeirra; þar á móti eru timburhúseigendur skyldir til þess að koma húsum sínum í ábyrgðina.

Pètur Pèturson: Eptir því sem flestir bæir munu virtir hèr frá 200—400 rd. þá yrði gjaldið ekki ýkja hátt, það yrði 4 mrk. af 200. En aptur á móti yrði það mikill hagur fyrir tómthúsmenn að geta sett bæi sína í veð fyrir fjárláni, sem þeir þyrftu til ýmsra fyrirtækja, og get eg eigi skilið, að flestir vildi eigi vinna það til.

Brynjólfur Jónsson: Eg vildi leyfa mèr eina athugasemd við stafl. c. um það, hvort bæjarsjóðurinn ætti að öllu leyti að annast borgun brunabótabókarinnar. Hèr eru þó opinberar byggingar t. d. skólahúsið, kirkjan og stiptamtshúsið, sem yrði í brunabóta-ábyrgðinni, og finnst mèr þær ætti að sínu leyti, þótt lítilræði sè, að annast borgun bókarinnar. En eigi ætla eg mèr þó að taka breytingaratkvæði í þessa stefnu, þar eg er þessu ekki vel kunnugur.

Framsögumaður: Opinberar byggingar borga líka til bæjarsjóðs (*Jón Guðmundsson:* Nema dómkirkjan).

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Ákveð eg svo næsta fund á mánudaginn kl. 12. Dagskráin kemur upp í kvöld.

Fundi slitið

Þrettándi fundur — 20. júli.

Þingbók frá síðasta fundi lesin, samþykkt og undirskrifuð.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar skal eg leyfa mér að geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá hinum 5. konungkjörna þingmanni, að hann ei í dag geti komið á þing; sömuleiðis hefir þingmaður Suðurþingeyinga tilkynnt mér, að hann ei gæti komið á fund fyrr en máske seinna í dag, eins og líka þingmaður Skagfirðinga hefir látið mig vita, að hann eigi gæti verið á þingi í dag. Frá nefndinni í prestseklumálinu hef eg fengið að vita, að til formanns í henni væri kosinn hinn 3. konungkjörni þingmaður og til skrifara varaforseti. Eg skal enn fremur geta þess, að til þingsins er komin bænarskrá frá ekkju landlæknis heitins Jóns Thorstensen, um að eptirlaun hennar verði hækkuð, og hefir þingmaður Skagfirðinga gjört hana að sinni uppástungu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir orðið.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt fyrirmælum hins heiðraða þings hefi eg farið yfir lagaboð þau, sem stjórnin hefir sent til þingsins í því skyni að það segði álit sitt um, hvort nokkurt þeirra og þá hver gætu átt við þetta land, og það er ekki nema fáein eða 4. sem gæti orðið spursmál um að lögleiða hér. Þessi fjögur lagaboð hefi eg látið snúa á íslenzku og prenta, og leyfi eg mér, að afhenda hinum háttvirta forseta þau. Það er ekki meining mín, að þingið endilega skuli fallast á mína skoðun, eða það eigi að aðhyllast hana, heldur er þingið öldungis óbundið í þessu tilliti.

Forseti: Lagaboðin verða lögð fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sér þau, áður en þau verða rædd.

Konungsfulltrúi: Af því lagaboðin áður hafa legið á lestrarsalnum, og þingmenn eru þeim nokkurn veginn kunnugir, þá mætti máske kjósa nefndina á morgun.

Forseti: Eg hafði reyndar ákveðið að enginn fundur skyldi verða á morgun, til þess að nefndirnar gætu starfað því betur.

Konungsfulltrúi: Eg vissi það ekki, og fer þess vegna ekki frekar fram á það.

Forseti: Samkvæmt dagskránni, kemur því næst til inngangsumræðu uppástunga frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga um rètt íslenzkrar tungu.

Var uppástungan síðan afhent uppástungumanni.

Jón Guðmundsson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna. Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 139.

Eg skal að svo stöddu ekki orðlengja um þetta mál, en óska einungis að þingmenn taki málinu vel og kjósi nefnd; eg sting upp á 3. manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg ætlaði mèr ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en eg finn mèr þó skylt að fara nokkrum orðum út af því, og skal eg þá einungis leyfa mèr, að láta í ljósi það álit mitt á uppástungunni, að mèr virðist hún fari í sumum hennar atriðum þeim orðum, sem ekki sèu allskostar nærgætnisleg eða fullkomlega rètt. Þegar uppástungumaður t. a. m. fullyrðir það, að amtmennirnir og sèr í lagi hinn setti amtmaður í Suðuramtinu riti og kunngjöri öll stjórnarbrèf á dönsku hverjum sem eigi í hlut, ekki að eins embættismönnum heldur og hreppstjórum og almúga, þá er þetta ekki rètt hermt. Því hvað þá síðast nefndu snertir, þá stendur ekki svo á, að amtmenn skrifist á við almúga og bændamenn út af ráðstöfunum stjórnarinnar, heldur fer það milli þeirra og sýslumanna, ef eitthvað þess konar mál kemur fyrir, t. a. m. sveitarmál; en hafi þurft beinlínis að skrifa bændum, hefir það ætíð verið á íslenzku; en þegar amtmenn birta sýslumanni slík brèf á seinni árum, sem þó hvergi nærri altènd á sèr stað, þá er það skylda sýslumanns að birta hlutaðeigendum brèfið á íslenzku, og að minnsta kosti áleit eg það skylda mína þegar eg var sýslumaður, og þá var þó allt, sem frá amtmanni mínum kom, á dönsku. Aptur á móti virðist ekki verða kvartað yfir því, þó embættismönnunum sèu send brèf og úrskurðir stjórnarinnar, eins og þeir koma frá henni, og án þess að þeir sèu þýddir á íslenzku; það fyrirbyggir þó að minnsta kosti allan grun um það, að þeir ef til vill sèu rangfærðir í þýðingunni, sem annars gæti að borið. Það hefir líka átt sèr stað hèr í Reykjavík, að bæjarfógetinn hefir óskað að fá brèfin líka í frumriti til samanburðar, og sjá allir hvílíkur tvíverknaður það er að þurfa að skrifa brèfið tvisvar sinnum. Það annað atriði í uppástungunni, að amtmennirnir heimti, að þau skjöl og brèf, sem send-

ast eiga til stjórnarinnar sèu samin á dönsku, verður ekki lagt amtmönnum til lasts, þar sem þetta beinlínis er fyrirskipað af stjórninni eins og alkunnugt er, og skjölin enda send aptur, ef út af þessu er brugðið; en að öðru leyti virðist ekki betur en að þessi ákvörðun hafi mikið við að styðjast, þar sem hlutaðeigandi stjórnarherra yfirhöfuð ekki mun svo fær í íslenzku, að hann skilji til hlýtar brèf á því máli, og yrði því forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar að láta leggja öll þau brèf út á dönsku, sem má virðast ofheimtun og hljóta að verða hin mesta tímatöf fyrir stjórnardeildina, og þó menn vildu segja, að þess þyrfti ekki, því departements-chefinn gæti sagt stjórnarherranum frá innihaldi brèfanna, þá er það og auðsætt, að þetta nægir ekki, því hlutaðeigandi stjórnarherra mundi optast nær, að minnsta kosti í öllum þeim stærri og margbrotnari málum, heimta að lesa þau sjálfur, og það vita menn líka að þeir gjöra, enda yrði það miður þægilegt fyrir departements-chefinn að vera einn til frásagnar um innihald brèfanna, og eg verð því að álíta, að þessi uppástunga sè hvorki hagfelld nè heldur líkindi til, að hún muni fá áheyrslu; og hvað því viðvíkur, að öll stjórnarbrèf til Íslands sèu samin á íslenzku er það að athuga, að þessi brèf koma ekki út undir nafni departements-chefsins í íslenzku stjórnardeildinni, heldur hlutaðeigangi ráðherra, sem menn ekki geta ætlazt til að skilji málið og ekki mundi verða fús á að skrifa undir brèfin í blindni, og hinn heiðraði uppástungumaður sjálfur, ef hann væri í hans stöðu, mundi naumast vilja gjöra það. Hvað því atriði viðvíkur, að tvö æðstu embættin í íslenzku stjórnardeildinni jafnan verði skipuð íslenzkum mönnum, eða mönnum, sem sèu vel færir í íslenzku, skal eg án þess að fara lengra inn í það, leyfa mèr að benda á það atriði, að undir hið íslenzka Departement eða stjórnardeild heyra líka mál frá Færeyjum og Grænlandi, og að departements-chefinn í íslenzku stjórnardeildinni jafnframt er »Chef for Udskrivningsvæsenet og Offentlige Stiftelser«, sem ekki heyra undir fátækrastjórnina eða skólana »Lehn og Fideicommisser, Marchpenge« o. fl., svo hèr er ekki einungis um íslenzk mál að gjöra. Mèr virðist því á þessari uppástungu mörg og veruleg vandkvæði, og það svo mikil, að eg get ekki vonazt eptir því, að stjórnin sjái sèr fært að aðhyllast uppástunguna allrasizt eins og hún hèr liggur fyrir. Með þessum orðum mínum hefi eg á engan hátt viljað halla rètti íslenzkunnar, eins og eg vona að þingið heldur ekki taki þessi orð mín í þeim skilningi; þau eru

töluð einungis í þeim tilgangi, að leiða hins heiðraða þings athuga að því, að það sèu miklir annmarkar á uppástungunni, og því óvíst hvort stjórnin geti tekið hana til greina.

Jón Guðmundsson: Eg hefði ekki að þessu sinni farið langt inn i málið, þar sem einungis er að ræða um, hvort nefnd skuli setja eða ekki, hefði ekki hinn háttvirti konungsfulltrúi gefið tilefni til þess, og eg hefði ekki verið hálfhræddur um, að honum með ræðu sinni máske hafi tekizt að snúa þingmönnum frá því að taka vel í málið og kjósa nefnd. Eg ætla þess vegna að svara hinum háttvirta konungsfulltrúa nokkrum orðum. Hann vildi þá fyrst vefengja, að stjórnarbrèfin væru send á dönsku til hvers eins sem í hlut ætti hèr og í hinum ömtunum; en eg get sagt konungsfulltrúanum og sýnt og sannað fyrir amtmanninum í suðuramtinu, að flestöll stjórnarbrèf og úrskurðir, hafa á seinni árum verið rituð sýslumönnum á dönsku, og síðan hafa þau gengið frá sýslumönnum til hreppstjóra og annara viðkomenda óíslenzkuð, eða á púra dönsku, því sýslumenn hafa hugsað sem svo, fyrst amtmaðurinn sendir mèr brèfið á dönsku, þá er mèr líka óhætt að senda það óíslenzkað frá mèr. Eg get komið með dæmi upp á þetta; það var í áríðandi máli, að stjórnarúrskurður var sendur fyrst frá amtmanni til sýslumanns og síðan frá sýslumanni til hreppstjóra á dönsku; hreppstjórarnir báðir hvor í sínum hrepp, komust í vandræði, því þeir skyldu eigi úrskurðinn svona á dönsku, en hann snerti þó veruleg og viðvarandi rèttindi beggja hreppanna, og átti því að rita hann í sveitarbókina; þá var farið til eins, svo til annars, og þeir beðnir að útleggja fyrir sig úrskurðinn, en allir skoruðust undan, því enginn þóttist fær um það, svo að óyggjandi væri, og nú er úrskurðurinn á dönsku i sveitarbókinni, amtmanni og sýslumanni til sóma, og hreppstjórninni til fullkomins skilningsleysis. Bæjarstjórninni hèr í Reykjavík hafa og allt af verið send öll stjórnarbrèf á dönsku síðan stiptamtmaður Trampe fór, en hún mótmælti því, þar eð einn fulltrúanna ekki skildi dönsku, enda öllum þótti sèr óskylt að ræða málin á dönsku. Sömuleiðis verða og sýnd hèr við alþingisskjalasafnið brèf frá stiptamtmanninum á dönsku, og er það þó þvert ofan í 43. gr. i alþingistilskipuninni; eg held og að það megi sanna, að líkri reglu hefir verið fylgt í hinum ömtunum, nefnilega að stjórnarbrèfin hafa verið send til hreppstjóranna á dönsku. Þar næst sneri hinn háttvirti konungsfulltrúi sèr að aðalmálinu, og sagði, að ekki yrði ætlazt til, að

stjórnin tæki á móti eða skrifaði brèf á íslenzku, og barði hinni gömlu ástæðu við, er hèr á þingi var svo rækilega brýnd fyrir mönnum á árunum frá 1847 til 1857, þegar ræða var um undirskript konungs undir íslenzka lagatextann; þá var því jafnan barið við, að ekki mætti ætlast til, að danskur konungur skildi íslenzku; en úr þessari ástæðu verður nú lítið, því nú er konungur búinn að sýna þessum sömu herrum, að hann skilur íslenzku, þar sem hann helgar nú textann allra íslenzkra laga með undirskript sinni. Því skyldi þá ekki ráðgjafinn geta skilið og skrifað íslenzku, er honum meiri vorkunn en sjálfum konunginum? Enda eru nú ráðgjafarnir allir, hver af öðrum, farnir að út gefa íslenzka textann í hinum almennu auglýsingum sínum, með eiginhandar undirskript. Konungsfulltrúi óttaðist fyrir, að ráðherrann mundi tortryggja forstöðumann íslenzku stjórnardeildarinnar, ef hann svona væri einn um hituna; en mèr þykir það skrítið, ef hann ekki er eins trúanlegur í augum ráðgjafans eins og amtmenn og sýslumenn; konungur og ráðgjafinn trúa honum þó, þegar þeir undirskrifa almennar auglýsingar, og þykir mèr það undarleg skipting trausts og trúar. Ekki get eg heldur sèð, að það þurfi að vera til fyrirstöðu fyrir því, að hinir æðstu menn í stjórnardeild Íslands í Höfn sèu vel færir í íslenzku, að þeir hafi önnur mál á hendi en þau, er varða Ísland; það sýndi sig í gamla daga, þegar Jón sál. Eiríksson stóð fyrir Íslands málum í rentukammerinu, að ekki var það neitt til tálmunar, þó að hann hefði jafnframt mörg annarleg dönsk mál á hendi; þess er heldur ekki farið á flot í uppástungunni, að 2 hin æðstu embætti í íslenzku stjórnardeildinni endilega skuli vera skipuð innfæddum Íslendingum, heldur einungis, að þessir menn skuli vera svo færir í íslenzku, eins og lögin nú áskilja. Það er heldur engin nýlunda, að þessi 2 æðstu embætti hafi verið skipuð þess háttar mönnum, því þegar stjórnardeildin var fyrst stofnsett, þá voru í þessi embætti settir 2 íslenzkir menn, og var það ekki af því, að ei væri mögulegt að fá Dani í þau, heldur af hinu, að það var samkvæmt anda og yfirlýsingu konungs í allrahæstum úrskurði frá 1844. Eg játa það, að það er sorglegt, að menn skuli þurfa að ganga þenna veg í gegnum þingið til stjórnarinnar til þess að fá haldið uppi rètti móðurmáls vors, og til þess að fá vörn við því, að íslenzkir embættismenn ekki misbjóði tungu feðra vorra, með því að skrifa embættisbrèf sín á dönsku.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af ræðu hins heiðraða uppá-

stungumanns og varaforseta leyfa mèr að taka fram, að hann hefir misskilið mig algjörlega, þegar hann segir, að eg hefði sagt, að hlutaðeigandi stjórnarherra tryði ekki forstöðumanni íslenzku stjórnardeildarinnar til þess að segja sèr rètt frá innihaldi íslenzku brèfanna; eg sagði einungis, að það væri ekki þægilegt fyrir departements-chefinn að vera einan til frásagna um innihald þeirra, og að hann kynni að verða mistryggður, það er að segja af öðrum útífrá, fyrir að hafa ekki rètt skýrt frá innihaldi þeirra, einkum þegar úrslit málanna gengu hlutaðeigendum á móti, og þetta ætla eg sè bæði rètt hugsað og ekki heldur ástæðulaust. Það er líka hreinn misskilningur eða röng eptirtekt, þegar hann lætur mig segja, að enginn Íslendingur geti verið forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar, því þetta gat mèr ekki dottið í hug, og eg sagði það heldur ekki, eg tók einungis fram, út af 2 atriðum málsins í uppástungunni, að Contoir-chefen ætti annaðhvort að vera Íslendingur eða vel fær í íslenzku, að undir íslenzku stjórnardeildina lægi mörg mál, sem ekki kæmi Íslandi við, t. a. m. færeyisk mál og grænlenzk, og að Departements-chefen í íslenzku stjórnardeildinni væri líka Udskrivnings-chef, að hann hefði opinberar stofnanir, lèn og »Fideicommisser« undir sinni yfirumsjón o. fl., sem allt væri dönsk mál og yfirgripsmikil og talsverður hluti úr embættisstörfum forstöðumanns íslenzku stjórnardeildarinnar; eg tók þetta fram fyrir þinginu einungis til að sýna, að til þess konar mála þyrfti ekki þekkingu á íslenzku.

Að öðru leyti skal eg, í tilefni af danska brèfinu, sem uppástungumaðurinn skýrði frá, taka það aptur fram, að eg verð að álíta, að það sè bein skylda sýslumannsins, þegar hann þarf að birta bændamönnum í sýslunni eitthvert brèf eða úrskurð, sem til hans er kominn á dönsku, að snúa honum fyrst á íslenzku áður en hann birtir hann hlutaðeigendum. Eg hefi þannig álitið það skyldu mína, þegar eg hefi fengið brèf á íslenzku, sem átti að sendast stjórninni, að leggja þau út á dönsku, og þetta hefir þráfalt borið við. Loks skal eg geta þess, að til suðuramtsins ekki hefir komið ein einasta umkvörtun þessi seinustu ár út af því atriði sem hèr ræðir um, það hefir einungis komið umkvörtun frá Reykjavíkur bæjarstjórn í því tilfelli, og krafa um það, að brèf stjórnarinnar væru send henni á íslenzku, þó hún eins og nærri má geta sè vel að sèr í dönsku, nema ef það skyldi vera fulltrúi tómthúsmanna, og skal eg svo ekki fara fleirum orðum um málið.

Páll Melsteð: Þegar tilrætt verður um rèttindi íslenzkrar tungu, þá vil eg ætíð fylla flokk þeirra manna, er styðja vilja móðurmál mitt og rèttindi þess, og því er eg samþykkur aðalefni uppástungunnar; en það var annað atriði í þessu máli, sem eg vildi leiðrètta, og eg ætlaði að segja fáein orð um, því þó mèr sè vel við Plato, þá er mèr þó enn betur við sannleikann. Það var talað um það í uppástungunni, að amtmaðurinn í suðuramtinu sendi stjórnarbrèf til sýslumanna og hverra sem í hlut ætti á dönsku; um þetta get eg nokkuð sagt, af því eg hef verið settur sýslumaður í nokkur ár, bæði hèr syðra og vestra og nú seinast frá 1858 til þess í júni 1862 í Gullbringusýslu, og vil eg þá lýsa því yfir, að hvað sem amtmennirnir í hinum ömtunum hafa gjört, þá hafa mjög fá brèf komið til mín á dönsku frá amtmanninum í suðuramtinu, en þar á móti mörg, sem eg veit að frá stjórninni hafa verið, útlögð á íslenzku annaðhvort hèrumbil orðrètt eða þá aðalinntakið úr þeim sett í íslenzkan búning, og þá má nærri geta, að þau hafi gengið á íslenzku frá mèr til hreppstjóranna; eg vil einnig geta þess, að eg skrifaði allajafna brèf mín til amtsins á íslenzku, þó sum yrðu að fara til stjórnarinnar hèrumbil orðrètt eins og þau komu frá mèr, og eg minnist eigi, að eg hafi ritað brèf til amtsins á dönsku, nema allsendis eitt árið 1860. Að öðru leyti er eg með því, að nefnd verði kosin í málið.

Stefán Jónsson: Þó eg viti með fullri vissu, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu ekki skrifi hreppstjórunum á dönsku í sínu amti og heldur ekki sýslumenn, að því sem mèr er kunnugt, þá er eg því þó samt meðmæltur, að nefnd verði kosin í málið; eg vil nl. að dönskunni sè útrýmt sem mest, og að móðurmál vort nái sínum fulla rètti; það getur og verið mjög óþægilegt fyrir menn sem ekki skilja dönsku að fá brèfin á því máli, þar sem það kynni að eiga sèr stað hèr á landi, og það þess vegna orðið málunum til fyrirstöðu í afgreiðslu þeirra.

Benidikt Þórðarson: Eg vissi til þess, að meðan Melsteð sálugi var amtmaður fyrir vestan komu stjórnarbrèfin frá honum jafnast útlögð a íslenzku til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, líka veit eg til þess að þetta er nú á annan hátt, síðan amtmannaskiptin urðu, því fám dögum áður en eg fór til þings í vor kom stjórnarráðs úrskurður í hreinu sveitarmáli frá amtmanni gegnum sýslumann á hádönsku til hreppstjóra þar, sem ekki skilur nè er skyldugur til að skilja eitt orð í dönsku.

Jón Pálmasson: Eg stend nú einungis upp í þeim tilgangi

að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli, og verður það á þessa leið, að eg mæli með því, að nefnd verði sett, því eg álít það skyldu allra þeirra, sem nokkuð láta sèr vera annt um íslenzka tungu, að styðja að því, að rèttur móðurmáls vors ekki sè undir fótum troðinn, eins og uppástunga þessi bendir til, að hafi þó átt sèr stað, og umræður sumra þingmanna sýnast hafa ljóslega tekið fram.

Forseti: Þar enginn framar tekur til máls, álít eg inngangsumræðunni lokið, og skal eg með atkvæðagreiðslu láta skera úr því, hvort nefnd skuli setja eður eigi.

Var það síðan samþykkt með 17 atkv,. að 3. manna nefnd skyldi setja í málið, og í hana kosnir þessir:

J. Guðmundsson með 15 atkv.
Sv. Skúlason — 7 —
P. Melsteð — 5 —

Var málið síðan afhent uppástungumanni.

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur þá til inngangsumræðu og ef til vill nefndarkosningar uppástunga frá þingmanni Reykvíkinga og þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu um samninga og prentun nýrrar jarðabókar.

Var uppástungan afhent þingmanni Reykvíkinga er las hana upp svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 143.

H. Kr. Friðriksson Eg skal ekki fara mörgum orðum um uppástunguna að sinni. Hún hefir legið á lestrarsalnum og þingmönnum hefir gefizt kostur að lesa og kynna sèr hana. Eg vona, að öllum sè það ljóst, að sú jarðabók sem nú er, er mjög ófullkomin og ónóg, ekki einungis fyrir gjaldgreiðendur og gjaldheimtendur, heldur einnig, eins og vakti fyrir okkur, að það væri ekki einungis æskilegt í þessu efni, að jarðabókin hefði sem mestar skýringar og væri sem fullkomnust, heldur einnig, að hún gæti gefið sem áreiðanlegastar skýringar um það, hvernig á jörðunum stæði, um kosti og ágæti, fasteignanna yfirhöfuð hèr á landi. Það er ekki einungis vegna jarðamatsins sjálfs, að þetta er nauðsynlegt, heldur hefir það og opt borið við, að margir óska skýringa t. a. m. þingmenn um ýmsar jarðir og hafa þeir þá orðið að láta sèr nægja þær skýringar sem Johnsens jarðatal hefir gefið þeim. Nú ímyndum við okkur, að við gætum búið bókina til enn fullkomnari og greinilegri, og ætti hún að verða Íslendingum því kærkomnari. Þó

að í niðurlagsatriði uppástungunnar sè beðið um, að alþingi riti konungi vorum bænarskrá um þetta efni, þá vil eg geta þess, að við, sem uppástunguna höfum gjört, höfum ekkert á móti því, að málinu sè vísað gegnum forseta sína rèttu leið til stjórnarinnar. Svo vil eg einnig bæta því við, viðvíkjandi 2. niðurlagsatriðinu, að þessi kostnaður af hinu opinbera ætti líklega að borgast af þeim 4000 ríkisdölum sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda, og sè eg þá ekki, að þingið geti borið fyrir sig kostnaðinn, því þá verður ekki talað um neinar nýjar álögur. Eg vona að þingmönnum sè nú mál þetta vel ljóst, og skal eg ekki fjölyrða um það.

Jón Guðmundsson: Eg hef litlu við það að bæta, sem hinn heiðraði meðuppástungumaður minn þegar sagði. Eg verð að álita þann veg, sem hann tók fram, vera beinastan, ef þingið á annað borð vill sinna málinu. Meining okkar var og er ekki önnur en sú, að þingið lýsi því yfir, að æskilegt og ómissandi væri, að ný útgáfa af jarðabókinni fengist með þeim skýringum og upplýsingum, sem nefndar eru í uppástungunni. Í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar finnast flestar þessar skýringar, og það er óskiljanlegt, hvers vegna ráðherrastjórnin ekki lèt taka þær inn í jarðabókina, þar sem stjórnin þó að öðru leyti löggilti frumvarpið með þeim breytingum, sem þingið gjörði á því, en þær lutu einungis að dýrleika jarðanna, er leiddi af einum og sama deili yfir allt land, en að engu öðru. Þessar skýringar og upplýsingar ættu að vera og geta orðið til verulegrar leiðbeiningar á þessu 20 ára bili, sem lögin gefa öllum til þess að koma fram með ástæður fyrir þeim breytingum, er nauðsynlegar þækti á þessu nýja jarðamati; enda hafa og allar hinar eldri jarðamatsbækur, er samdar hafa verið að tilhlutun hins opinbera, haft meðferðis samkynja skýringar og upplýsingar við hverja jörð, t. d. jarðabók amtmanns Möllers frá 1696, Árna Magnússonar 1702, og Skúla Magnússonar frá 1760; þessar jarðabækur eru allt öðruvísi úr garði gjörðar en þessi af 1860, að því er snertir allar upplýsingar og skýringar um kúgildi, afgjald, ítök, hlunnindi og ískyldur hverrar jarðar, o. s. frv., því hún skýrir ekki einu sinni frá því, hvers eign jörðin sè (*H. G. Thordersen:* Hvers vegna?) Það veit eg eigi, lögstjórnin eða íslenzka stjórnardeildin verður að leysa úr þessu »hvers vegna«. En frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar sýnir hvers eign að hver jörð sè. Því síður getur hin nýja jarðabók um, hver ítök jörðin eigi, eða um nein hlunnindi hennar, rèttindi eða kvaðir o. fl., þetta er þó nauðsynlegt að

hver jarðabók innihaldi. En hitt, hvort það yrðum við uppástungumennirnir, eða aðrir, sem stjórnin áliti hæfari, sem yrði falið að vinna að þessu, það gjörum við hvorugur og sízt eg, að neinu kappsmáli En hitt er mèr um að gjöra, að jarðabókin verði að nýju gefin út með öllum nauðsynlegum skýringum og upplýsingum.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist ekki betur, en að það væri í fleiru tilliti æskilegt fyrir almenning, að fá jarðabók með þeim skýringum og upplýsingum sem í uppástungunni eru tilgreindar, því þar með væri girt fyrir margan efa, sem nú er farinn að koma fram um skilning á ýmsum atriðum í hinni nýju jarðabók, eins og hún frá statistisku sjónarmiði væri æskileg. En annað mál er það, hvort stjórnin muni finna ástæðu til að leggja fè til þess að koma henni á prent, því mèr virðist uppástungan ætlist til þess, að hún gjöri það og að fjárstyrkur sá, sem hèr ræðir um, eigi einungis að vera fyrir undirbúning bókarinnar undir prentun. Eg vil því ekki mæla móti því, að þessari bæn sè hreift við stjórnina í þá átt sem uppástungan fer fram á.

Forseti: Eg verð að vera því meðmæltur, að það væri æskilegt, að út kæmi ný jarðabók með sem mestum upplýsingum og skýringum, og eg álít að það að vísu væri æskilegt, að þvílíkar upplýsingar fengist sem fyrst. En eg vil leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, hvort nú þegar muni tími til að hreifa þessu, þar sem svo er ákveðið, að það eptir 20 ár skuli takast til yfirvegunar, hvort ástæða sè til, að þetta jarðamat, sem nú er lögleitt, skuli verða endurskoðað. Ef þessi endurskoðun þá fer fram get eg ímyndað mèr, að ýmsar breytingar verði á því gjörðar, og að eins og menn nú sakna ýmsra upplýsinga og skýringa, eins kunni menn þá að sakna nýrrar jarðabókar með áorðnum breytingum, en þá er þó ætíð það unnið, að þær upplýsingar, sem nú yrðu gjörðar, gætu þá orðið til leiðbeiningar við endurskoðunina.

Magnús Andrèsson: Eins og eg af alhuga var meðmæltur bænarskrá þeirri, er nú var síðast verið að ræða um, og mèr var annt um, að hún yrði tekin til meðferðar og nefnd kosin, eins er eg af alhuga mótfallinn því, að þessi uppástunga verði tekin til greina og meðferðar á þessu þingi. Eg veit að vísu, að jarðabókin sem nú er lögleidd er alþýðu mjög ógeðfelld og ófullkomin næsta; hún hefir einungis heiti jarðanna og einhverjar tölur en hvorki hundruð nè álnir, með bókstöfum eða teiknum, og þar sem ekki stendur rètt á hundraði, er hnýtt við einhverju tugabroti, sem engan

veginn allir skilja. Eg játa, að jarðamatsbókin er mjög ófullkomin, eins og eg áður sagði, en þegar eg lít á uppástunguna veit eg ekki, hvort úr þessu verður ráðið, því eg efast stórlega um, að hinir heiðruðu uppástungumenn hafi föng á, að þeir geti gefið þær upplýsingar sem þeir lofa, allar mögulegar upplýsingar um hverja einstaka jörð, og svo efast eg um, að þessi jarðabók þeirra verði löggilt, þar eð sú sem nú er, er löggilt, svo eg ekki get sèð, að úr vankvæðunum verði ráðið, og fyrst ekki er lengra að bíða breytingar en 20 ár, þá held eg megi bíða, en breytingin fæst ekki með því, sem hèr er farið fram á, eða þó farið væri að skýra frá, hvernig á hverri jörð standi og svo mundi líka nokkuð langt að bíða eptir þeirri jarðabók sem þeir bjóðast til að semja. Eg ætla því, án þess að orðlengja meira að eins mæla móti því, að nefnd verði sett í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Það er ekki tilgangur uppástungunnar, að þessi hèr um rædda jarðabók skuli koma í stað þeirrar sem nú er löggilt, heldur hitt, að hún skuli vera hinni til ítarlegrar skýringar; eg sè því ekki, ef þingið að öðru leyti skyldi fallast á uppástunguna, og álíta slíka jarðabók æskilega, að það sè ástæða til að fresta útgáfu hennar í 20 ár eða því nær, og víst er um það, að hinn heiðraði þingmaður Árnessýslu mundi í ýmsum öðrum málum hafa álitið slíkan frest of langan. Annað mál er það, ef hann vill algjörlega fella þessa uppástungu.

H. G. Thordersen: Eg vil biðja þingmenn að skýra fyrir mèr, hvort það er meiningin, að sú jarðamatsbók sem nú er löggilt skuli prentast upp aptur með þessum skýringum, eða skýringarnar sèr á parti; og álít tillækilegast, að svo væri, en ónauðsynlegt að prenta sjálft jarðamatið; því þegar skýringar þessar væru komnar út geta menn haft jarðamatið fyrir sèr til samanburðar, og því álít eg betra, að hafa athugasemdirnar sèr.

Stefán Jónsson: Eg verð að vera meðmæltur hinu fyrra atriði bænarskrárinnar, því það væri æskilegt, að allar upplýsingar viðvíkjandi jarðamatinu lægju hèr við skjalasafn alþingis, þær væru þá nær hendinni, en að seilast eptir þeim út í Danmörku, ef menn kynnu að þurfa að fá úr þeim einhverjar upplýsingar. En hvað hitt atriðið snertir er mèr mikið efasamt hvort það svarar kostnaði að fara því máli á flot, og óvíst hver vegurinn muni betri, að setja nefnd eður vísa því gegnum forseta o. s. frv. til stjórnarinnar; málið er í raun og veru almennt mál og mèr virðist því rèttara að

setja nefnd í því, ef maður annars vill sinna því. En hvaðan á að taka kostnaðinn; það stendur ekki í uppástungunni, en uppástungumaður gat um hvaðan hann ætlaðist til að fèð skyldi takast; þetta ætti að koma fram í nefndarálitinu, og eins ef vísað væri málinu gegnum forseta. Þegar nú þessi bók verður alprentuð þá verða víst liðin 3—4 ár, og þá verða liðin 6 af þessum 20 árum sem jarðamatið á að bíða óbreytt, og ekki eptir nema 14 ár. Eg vil nú ekki spá í eyðurnar um það, hverjar breytingar þá kunna að verða, en líklegt er að þær verði talsverðar. En ef kostnaðinn til útgáfu jarðabókarinnar skyldi leggja ofan á jarðamatskostnaðinn, sem mönnum þykir nógu mikill, eða á annan hátt á landsmenn, þá verð eg að vera því máli alveg mótfallinn.

Magnús Andrèsson: Mèr skildist það á ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, að hann væri meðmæltur uppástungunni, og hæfir mèr þá ekki að vera henni mótfallinn, því hann sèr lengra fram í veginn en jeg. En mèr þykir mikils varða, eins og þingmanni Eyfirðinga, hvaðan þessi, þó töluverði, kostnaður er tekinn, því ef leggja ætti hann ofan á jarðamatskostnaðinn, þá verð eg að vera því mótfallinn, því þá verður sá kostnaður ekki tilvinnandi. En ef stjórnin vill leggja til fèð, þá hef eg ekki á móti því, en vil fá vissu fyrir að svo verði, áður en eg get verið þessari uppástungu meðmæltur eða gef henni atkvæði mitt.

Helgi Hálfdánarson: Fyrst þegar eg las þessa uppástungu, var eg í efa um, hvort þetta væri á rjettum tíma uppborið, af því að óvíst er, hvort þetta nýja jarðamat muni standa óbreytt lengur en næstu 20 ár, og mèr fannst þess vegna vafasamt, hvort því fè, sem hèr er beðið um, mundi vera vel varið á þenna hátt. En þegar eg hugsaði betur um málið, komst eg að annari niðurstöðu og er því meðmæltur uppástungunni. Jarðabókinni nýju er mjög ábótavant, og það svo, að hún er varla notandi þar sem allar upplýsingar vantar um það, hvernig á jörðunum standi. Það munu jafnvel nú þegar vera dæmi til, að yfirmenn hafa vegna þessa orðið að leita upplýsinga hjá undirmönnum sínum um það, hverjar jarðir væru tíundarfríar. Þó tíminn, þangað til jarðamatinu verður breytt, verði, ef til vill, ekki nema 20 ár, þá þarf líka skýringa við á þeim 20 árum, en hinar eldri jarðabækur, sem skýra frá því hvernig á jörðunum standi, t. d. Árna Magnússonar jarðabók, eru nú í mjög fárra höndum. Eg álít að breyting á jarðabókinni væri mjög æskileg og gagnleg, og þó að nú jarðamatinu yrði breytt að 20

árum liðnum, held eg að sú bók sem hinir heiðruðu uppástungumenn hafa í huga að semja, gæti orðið að miklu gagni einnig eptir þann tíma liðinn. Þá er og eitt enn, sem mèr virðist aðgætandi, sem er það, að engin vissa er fyrir því, að jarðamatinu nýja verði breytt eptir 20 ár. Því þó margir sèu nú óánægðir með þetta nýja jarðamat, þá er ekki víst, að óánægjan verði eins megn þegar 20 ár eru liðin. Mönnum kann þá að þykja þörf á að skoða málið betur og ef til vill, að láta líða önnur 20 ár, og þá eru komin 40 ár. Hvað nú veginn snertir, sem þetta mál ætti að fara, þá er eg með því, að nefnd verði sett í það, og það tekið til meðferðar á vanalegan hátt, því eg álít málinu enn meiri styrking að því; og ef háyfirvöldin mæltu með því líka, þá væri því meiri ástæða fyrir stjórnina að taka það til greina.

H. G. Thordersen: Eg efa ekki, að óánægja sú hverfi, sem um er talað; en hvað 20 ára tímann snertir, þá er sú ætlun mín, að hann sè ekki ákveðinn með tilliti til óánægju manna, er verða kynni yfir jarðamatinu, heldur er þetta svo tiltekið vegna þeirra breytinga sem á jörðum kann að verða, og er þetta komið undir náttúrunni, sem ræður þessum breytingum, sem opt koma fyrir, einkum hèr í landi, til dæmis, skriður, vatnsflóð og eldur, og er það sannarlega nýtt, ef ekkert slíkt skyldi koma fyrir á jafnlöngum tíma, og á þessu mun sá ákveðni tími vera byggður. En hvað veginn snertir, þá er eg eins og fyrr með því, að ekki sè vert að setja nefnd í málið.

Arnljótur Ólafsson: Af því uppástungan miðar að því að bæta úr vandræðum þeim, sem eru á jarðamatinu, verð eg að vera henni meðmæltur, en mèr líkar ekki uppástungan alveg, því hún er annaðhvort of yfirgripslítil eða þá ógreinileg, og verð eg því að mæla með því, að nefnd verði sett. Það eru tvö atriði í uppástungunni, sem eg vildi tala fátt eitt um. Annað atriðið er það, að talað er um að gefa upplýsingar við jarðamatsbókina, svo hún verði greinilegri og áreiðanlegri skattstofn en hún er nú. Nú er það sumstaðar, að tvær eður fleiri jarðir eru metnar saman, sem nú eru sèrskildar en voru áður ein jörð, eins hitt, að ítökum er víðast eður alstaðar slengt saman við jarðirnar sjálfar, en þetta þarf að aðgreina, því enda eru dæmi til, að ítak einnar jarðar í annara landi er virt með þeirri jörð, sem ítakið er í, þar sem það átti að metast sèrstakt við þá jörð sem ítakið á. Einnig þyrfti að skýra frá, hverjar jarðir hafi tíundarfrelsi o. s. frv., því af sumum jörð-

um eru goldnar allar 4 tíundir, af sumum 2, sumum 1 og af sumum engin. Eg veit nú ekki hvort meint er í uppástungunni, að þessar upplýsingar geti fengizt, eg fyrir mitt leyti er hræddur um, að þær sè eigi til i jarðabókunum. En allar þessar og miklu fleiri skýringar eru nauðsynlegar, svo jarðabókin geti orðið til þess, sem hún á að vera, sem er, að vera áreiðanlegur grundvöllur fyrir skattaálögum, því það er aðaltilgangur eður því nær hinn eini tilgangur hennar. Hitt atriðið er það sem eg kalla hið hagskýrslulega, það er að segja, að skýrt sè frá, hvað mikið afgjald jarðanna sè, í hverju það sè goldið, og annað þvílíkt, þetta er mjög merkilegt atriði í hagskýrslum vorum. En ef það á að verða til nokkurs gagns, er ekki nóg að taka skýrslurnar upp úr jarðamatsbókunum 1849—50, heldur þarf að taka líka sömu skýrslur úr öllum þeim jarðabókum, sem til eru, bæði um opinbera eign og bændaeign til samanburðar um leigumála jarða og landbúnað fyrrum og nú, og gæti þetta orðið greinilegt, þá væri það mikill ávinningur. Þetta er hið hagskýrslulega atriði, og viðvíkur ekki jarðabókinni sjálfri, sem skattgjaldsstofni, heldur miðar til að sýna ástandið fyrr og nú.

Jón Guðmundsson: Mèr getur vel skilizt það sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga nú tók fram, að báðar skoðanirnar um meðferðina á málinu vel geti samrýmzt, það er að nefnd verði kosin, og þó megi vísa málinu gegnum forseta til stjórnarinnar. Það er satt, sem þingmaðurinn sagði, að það vinnst mikið við það, að setja nefnd um málið, þó svo á eptir sè farið með það hinn veginn; því þá fær þingið tækifæri til að segja álit sitt um, hvaða skýrslur ætti að takast inn í hina nýju jarðabók, eða hve umfangsmikil hún ætti að vera, og eptir því hlýtur einmitt upphæð fjárbónarinnar að fara; málið skýrist því í öllu tilliti miklu betur við að ganga í gegnum nefnd; en eg verð þó að álíta rèttara, að málinu allt að einu verði vísað gegnum forseta og konungsfulltrúa til stjórnarinnar, einkum með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga kveið fyrir, hvaðan ætti að fá fè til þessa, því ef málinu er vísað þann veg, þá hefir þingið einmitt með því frásagt sèr, að ákveða nokkuð um kostnaðinn, eða að hann verði lagður á landið; og hvað sem nú jarðamatskostnaðinum líður, sem var áskilið fyrir fram að yrði lagður á landið með jarðamatslöggjöfinni 1847, þá held eg menn viti, að stjórnin ekki hefir ávallt lagt þau útgjöld á landsmenn, sem þingið hefir stungið upp á í tillögum sínum. Eg er því miklu nær eptir ræðu hins háttvirta þingmanns

Borgfirðinga, eg verð nú heldur að mæla með, að nefnd sè sett í málið, einkum til þess, að þingið geti fengið tilefni til að tiltaka nákvæmar verkefni þeirra manna, sem yrði falið að undirbúa nýja útgáfu af jarðabókinni.

H. Kr. Friðriksson: Það er langt frá því, að eg mæli móti nefnd, því það var einmitt það, sem við stungum upp á, en eg vil þó vekja athygli manna að því, hvort það sè alveg nauðsynlegt, þótt menn játi að það sè rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði; eg ímynda mèr nefnilega, að forseti taki upp í skjalið, sem hann skrifar til stjórnarinnar þær skýringar, sem komið hafa um málið, og sem þinginu þykir nauðsynlegt að taka fram, og að hann svo lesi brèfið upp fyrir þinginu, og að það fái að gjöra sínar athugasemdir við það. Þess vegna álít eg ekki að brýna nauðsyn beri til, að nefnd sè kosin um málið.

Jón Pètursson: Annar hinna heiðruðu uppástungumanna sagði áðan, eptir því sem mèr skildist, að hann að eins óskaði, að þingið beiddi um, að stjórnin setti niður nefnd, til að semja nýja jarðabók eptir uppástungunni, án þess að hann ætlaðist meir en svo til, að þeir uppástungumennirnir skyldu vera í nefndinni, heldur að stjórnin kysi þá menn í hana, sem hún áliti hæfasta til þess; eg vil í þessu tilliti taka það fram, að mèr sýnist, að þetta málefni engan veginn sè svo mikilvægt, að þingið geti farið að biðja um að nefnd sè sett niður til að fara að semja slíka jarðabók og hèr ræðir um; hitt sýnist mèr eðlilegra, að þingið með tillögum sínum vildi styrkja uppástungumenn til að semja og gefa út greinilega bók um jarðir hèr á landi. Eg get ekki verið hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga samdóma í því, að þessi nýja jarðabók ætti að vera eður geti verið grundvöllur fyrir skattgjaldi, því eins og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður tók fram, geta margar breytingar verið á orðnar að 20 árum liðnum, þegar fara á eptir löggjöfinni að taka jarðamatið fyrir, en jarðabókin gæti orðið fróðleg í »statistisku« tilliti. Og af því það er mín meining, að þingið eigi að styrkja öll vísindaleg fyrirtæki, og eg þess vegna áleit, að það ætti að styrkja að útgáfu alþingisbókanna gömlu, þá vil eg að þingið og styðji að því, að stjórnin veiti uppástungumönnum styrk til þessa þeirra fyrirtækis, og það mundi stjórnin þá að öllum líkindum gjöra, þegar þeir jafnframt og þeir beiddu hana um styrkinn, skýrðu henni greinilega frá því, hvernig bókin ætti að vera löguð, og stjórninni geðjaðist að fyrirkomulaginu; en eg ímynda

mèr sjálfsagt, að uppástungumenn við nákvæmari umhugsun mundu í sumu breyta frá þeim uppástungum, sem nú liggja fyrir þinginu.

Ásgeir Einarsson: Eptir allar þær umræður, sem haldnar hafa verið um þetta mál, er eg nú engu vitrari en áður, og eg held, að ef við förum að biðja um þetta, þá megi segja, að við vitum ekki, hvers vèr biðjum. Næst komst eg því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði um að fá þessar skýrslur, sem vantar í nýju jarðabókina; en eg ímynda mèr nú, að þessar skýrslur yrði ekki betri, en þær sem Reykjavíkurnefndin safnaði saman, og sendi stjórninni, og yrði máske bið á þeim í ein 2 ár, og mèr er það óskiljanlegt, hvað hefir getað hindrað stjórnina frá að gefa þær út með hinu; svo að nú verður að fara að gjöra graut í þessu, og með nýjum kostnaði að gefa þær út. Því er líkt varið með þetta jarðamatsmál, eins og vegabótamálið að því leyti að fara að grugga í því núna strax, ef þingið á á eptir að fara að bæta úr og lagfæra öll þau axarsköpt, sem stjórnin hefir gjört í því, þá held eg það megi vara lengi. Eg vil því, að reynslan sè látin gjöra ljósa gallana á jarðabókinni nýju, eins og á vegabótalögunum, svo stjórnin reki sig á, hversu miklir ófullkomlegleikar hafi verið á þessum lagaboðum frá hennar hendi, en menn bíði með að hlaupa undir bagga með henni fyrst um sinn, því mèr finnst þetta ekki vera það lífsspursmál, að þess vegna væri vert, að þurfa að lengja þingið, eða þá, ef það væri lengt, að það væri orsök til, að sumir þingmenn viidu hlaupa burtu af þinginu, eins og ætlaði að verða í hitt eð fyrra. Eg verð því að mæla með, að málinu sè alveg frestað.

H. Kr. Friðriksson: Eg held nú ekki, að menn þyrftu að bíða eptir þessum skýringum í 2 ár, en að öðru leyti liggur það nú ekki hèr fyrir, heldur að eins hitt, hvort þinginu sýnist æskilegt, að þessar skýringar komi á prent fyrir almennings sjónir.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Var þá gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa eður eigi, og var málið fellt frá nefnd með 12 atkvæðum gegn 6.

Páll Melsteð: Ef málinu verður vísað gegnum forseta til stjórnarinnar, vil eg að það sè greinilega tekið fram í skjalinu, að beðið sè um, að þessi nýja jarðabók verði gefin út á stjórnarinnar kostnað, því eg er alveg á móti því, að bætt sè meiri kostnaði á landsmenn út af jarðamatinu, en komið er.

Forseti: Annar uppástungumanna tók það fram áðan, að for-

seti mundi bera brèfið til stjórnarinnar undir álit þingsins, og svo mun verða gjört.

Því næst var gengið til atkvæða um, hvort málinu skyldi vísa gegnum forseta til stjórnarinnar, og var það samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Kemur þá samkvæmt dagsskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um *auglýsingu konunglegra frumvarpa fyrir fram.* Framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg vil leyfa mèr að lesa nefndarálitið npp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 145.

Nefndarálitið er ekki langt, en eg vona, að það sè svo ljóst, hvað í því felst, að ekki þurfi að koma fram mikil mótmæli gegn því. Aðalstefnan í því er, að hin konunglegu frumvörp verði auglýst svo fljótt sem unnt er. Nefndin vildi ekki binda hendur stjórnarinnar með því að tiltaka ákveðinn tíma, það er ósanngjörn krafa; því það geta komið fyrir mörg mál, svo að stjórninni sè ei unnt að vera svo snemma búin að auglýsa frumvörp um þau hálfu ári áður. Þingið getur ei gjört annað en óska, að stjórnin auglýsi frumvörpin svo fljótt, sem henni er unnt; en nefndinni fannst ekki eiga við og ekki þarft, að binda tímann við eitt missiri, því það er nóg, ef fulltrúarnir geta borið sig saman við kjósendur sína, áður en þeir fara til þings, og það mundu þeir helzt gjöra á fundum, sem eru haldnir rètt áður en þeir fara. Þessa fundi álít eg gagnlega, og það mundi einmitt verða til upphvatningar því, að þeir yrði haldnir víðar, ef hin konunglegu frumvörp væru auglýst áður.

Ásgeir Einarsson: Eg ímynda mèr, að enginn verði mótmæltur þessu nefndaráliti, því það hefir lengi verið ósk þingsins, að hin konunglegu frumvörp væru auglýst fyrir fram, en það er eitt atriði, sem eg vildi benda til, hvort ekki væri æskilegt, að þingmenn líka auglýstu sín frumvörp fyrir fram, því við höfum á hverju þingi rekið okkur á það, að hver uppástunga hefir komið á fætur annari inn á þingið, einkum frá þeim, sem næstir eru prentsmiðjunni, og þessar uppástungur skella hastarlega á þingmenn, þar sem margar af þeim koma ekki fyrr en undir þinglok. Þess vegna held eg, að ekki væri vanþörf á, að allir þingmenn þegar í byrjun

þingsins auglýstu, hverjar uppástungur þeir ætluðu sèr að bera fram, svo menn gætu sèð, hvað af þeim ætti að skilja eptir. Eg geymi mèr rètt til viðauka-atkvæðis í þessa stefnu.

Páll Melsteð: Viðvíkjandi því, sem framsögumaður sagði, að það væri ósanngjarnt að takmarka tímann, þá finnst mèr þessi orð í niðurlagsatriðunum: »að minnsta kosti áður en þing byrjar« alveg óhafandi; þessu erum við vanastir, og eg álít það litla sem enga breytingu frá því sem áður hefir verið; eg vildi helzt ef ákveða skal um tímann, er frumvörpin skyldu vera hingað komin, tiltaka það hreint og beint og segja að það væri bezt að þau kæmu missiri fyrr. Ef því augnamiði nefndarinnar á að verða framgengt, að uppörfa menn til fundarhalds, þá vil eg spyrja: Hvernig eiga þeir, sem búa hèr í bænum, og eru fulltrúar fyrir eitthvert kjördæmi út um landið, að geta haldið fundi við kjósendur sína eptir þessari ákvörðun nefndarinnar og ræða þar um stjórnarfrumvörp? Eg set svo, að frumvörpin væri auglýst seinast í maí eða fyrst í júní, en þingið byrjar 1. júlí, þá hygg eg að verði lítill tími til stefnu. Eg sem þingmaður fyrir eitt fjarlægt kjördæmi verð að álíta þetta niðurlagsatriði nefndarinnar óhafandi, þar sem hitt þar á móti gæti komið að miklu gagni, ef frumvörpin væru auglýst rúmum tíma á undan, því þá gæti bæði eg og aðrir sem búa í fjarlægð við kjósendur sína skrifazt á við þá og leitað þeirra álits. Eg áskil mèr að koma fram með breytingaratkvæði og orða það í þessa stefnu sem eg hefi nú talað.

Konungsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr þá athugasemd, að ef þingið fellst á þetta, sem hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga sagðist mæla fram með, sem sè að frumvörpin verði auglýst að minnsta kosti missiri áður en þing byrjar, þá er það það sama sem að fá enga bænheyrslu, því stjórnin getur á engan hátt uppfyllt þetta í mörgum málum, og því er ei ráðlegt að biðja um það með þessari takmörkun.

Páll Melsteð: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin gæti ei uppfyllt þessa bæn þingsins; en hann hefir enga vissu fyrir því, að stjórnin geti það ekki; eg efast nú öldungis ekki um góðan vilja stjórnarinnar, og máttinn veit eg líka að hún hefir. En eg vona, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi heyrt, að eg áskildi mèr rètt til að orða breytingaratkvæðið greinilegar og betur; og því fer fjarri, að eg ætlist til að þetta nái til allra mála, eg veit vel, að sum þeirra eru svo umfangsmikil, að undirbúningur þeirra

frá stjórninni þarf langan tíma og mikil umsvif og getur staðið yfir lengur en eitt ár.

Stefán Jónsson: Eg held nú, að mikið væri unnið, ef nefndarinnar uppástungur fengjust óbreyttar, því þó framvegis verði, eins og nú er, að þingmenn ættu heimili langt frá kjósendum sínum, eins og nú á sèr stað um þingmann Snæfellinga og þingmann Norður-Þingeyinga, þá geta þær þar einnig komið að góðu haldi, því amtmennirnir gætu sent frumvörpin til hreppstjóranna eða varaþingmannsins í slíkum kjördæmum, og þeir svo aptur haldið fundi, og skrifað svo aðalþingmanninum álit sitt um þau. Eg vil því styðja, að nefndarálitinu verði haldið óbreyttu, og það því fremur, sem það gæti komið fyrir, að stjórninni verði ekki unnt, að fullnægja þessari uppástungu um missiris-fyrirvarann.

Framsögumaður: Að því er snertir orð hins heiðraða þingmanns Snæfellinga, um það, hvernig hann vildi orða breytingaratkvæði sitt, þá er eg hræddur um, að það verði ekki orðað þannig, því það yrði ofmikið band á stjórninni. Það var stefnan hjá nefndinni, að frumvörpin kæmu svo fljótt sem auðið væri; væri tíminn aptur á móti fastákveðinn, þá yrði stjórnin svo bundin, að hún hefði eigi rètt til að leggja fyrir þingið það frumvarp, sem eigi væri tilbúið fyrir hinn fastákveðna tíma, og þannig mega menn eigi binda hendur stjórnarinnar sjálfum sèr í óhag, því vel getur verið, að stjórnin hafi eigi ástæður til að gjöra frumvarpið fyrr en eptir þann tíma. Ef frumvörpin væri send með póstskipinu í marzmánuði, þá held eg að sè allur dagur til stefnu, ef amtmenn gjöra skyldu sína að senda þau tafarlaust til hreppstjóra, og yrði þá nægur tími fyrir þingmenn og kjósendur að hera sig saman; þá gætu kjósendur látið óskir sínar í ljósi við þingmann sinn og væri sjálfsagt bezt á fundi, en þann fund geta þeir eigi haldið nema á vorin. Væri þingmenn því að minni ætlun jafnnær, hvort frumvörpin kæmu í nóvembermánuði eða marzmánuði, nema þeir kynni, ef til vill að geta skrifazt á við einstöku menn, en almennings álitið gæti þeir ekki fengið fyrir því, fyrr en á almennum fundum, sem haldnir eru og verða eigi haldnir nema á vorum. Eg held niðurlagsatriði nefndarinnar hafi ratað meðalveginn með því að binda eigi hendur stjórnarinnar við nokkurn ákveðinn tíma.

Pètur Pètursson: Mèr finnast nú uppástungur nefndarinnar binda stjórnina ofmikið, ef eg hefi skilið hana rètt, þar sem nefndin vill, að stjórnin sendi öll frumvörp hingað svo snemma, að þau verði al-

menningi kunnug áður en hvert þing byrjar. En væri það almenn regla, að stjórnin ætti að senda öll frumvörp svo snemma, að þau yrði almenningi kunn, áður en þing byrjar, þá er það opt ekki unnt fyrir stjórnina; og auk þess held eg, að það fyrirkomulag gæti orðið almenningi til ógagns, því að stjórnin getur þá barið því við, að hún hafi eigi getað sent málið nógu fljótt, og vil eg taka til dæmis fjárhagsmálið og stjórnarbótarmálið. Í mörgum tilfellum getur það verið ómögulegt fyrir stjórnina að hafa málið svo fljótt búið, svo sem þar sem hún þarf að semja við útlendar þjóðir, t. d. í fiskiveiðamálinu, og það yrði beinlínis óhagur fyrir landsmenn, ef málið þyrfti að bíða ef til vill 2 ár; en það finnst mèr leiða af uppástungu nefndarinnar, ef eg hefi skilið hana rètt, en væri stjórninni yfirlátið að dæma um, hvort hún væri fær um að senda mál eður ekki, þá held eg þetta yrði þýðingarlítið.

Forseti: Mig minnir, að í niðurlagsatriði uppástungu nefndarinnar standi, »ef mögulegt er«.

St. Eiríksson: Mèr finnst nefndin eigi binda neitt hendur á stjórninni, heldur að eins biðja hana að senda frumvörpin svo fljótt sem auðið er, en hins vegar tel eg það sem víst, að frumvörpin yrði tekin fyrir á þinginu, þótt þau kæmi síðar, og ef stjórnin af einhverjum óumflýanlegum orsökum ekki gæti látið þau koma svo snemma, að þau yrðu almenningi kunn áður þing byrjaði það og það árið.

Framsögumaður: Ef þingið vill bæta við: »svo fljótt sem auðið er«, þá hefi eg ekkert á móti því. Nefndinni fannst, að þingið ætti að eins að skora á stjórnina að flýta frumvörpunum.

Arnljótur Ólafsson: Mèr liggur nú við að taka undarlega í þetta mál, að eg vil ekki biðja stjórnina að auglýsa frumvörpin fyrir fram, með því að mèr þykir þetta ólöglegt, enda veit eg heldur ekki til, að það sè nokkurs staðar siður nú á tímum að gjöra frumvörpin kunn áður þau sè lögð fram á þingi. Eða hvað liggur í þessari bæn? Það, að leggja frumvörpin fyrst fyrir þjóðina og síðan fyrir fulltrúaþing þjóðarinnar, sem þó konungur á eitt við að skipta. Þingið hefir einu sinni áður farið þessa hins sama á leit við stjórnina, og þó hún tæki milt undir þessa bæn þingsins það sinn, þá er þó auðsèð á svari hennar, að hún þykist eigi geta orðið við henni. En af því að hinn háttvirti konungsfulltrúi mælti svo fastlega fram með nefnd í þessu máli við inngangsumræðuna og eg hlýt því að ætla, að hann mæli eins fastlega fram með því við stjórnina, og eg ber það traust til hans að hann muni geta áork-

að því við stjórnina, sem enginn hefir getað áorkað, hvorki fyrr nè síðar, er eg í þessu trausti til hans þessu máli ekki alveg mótfallinn.

Brynjólfur Jónsson: Eg stend eigi upp til að mótmæla uppástungu nefndarinnar, því að mèr finnst það æskilegt, að hin konlegu frumvörpin gæti orðið almenningi kunn sem fyrst má verða, en það getur verið langur tími sem þarf til þess, að þau verði alstaðar á landi kunn, og þyrfti jafnvel til þess heilt ár, og þess vegna get eg ei sèð, að þau orð, sem ákveða tímann nákvæmar geti verið málinu í neinn hag. Það er annars vonandi, að stjórnin sendi til landsins frumvörpin svo snemma, að þeir, sem um þau eiga að fjatla, geti kynnt sèr þau í tækan tíma.

Konungsfulltrúi: Eg get ei munað, að eg hafi mælt fram með nefnd í þessu máli, eða að eg hafi gefið þinginu þær vonir, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga gat um, um að halda uppástungunni fram; en eg gat þess, að mörg vankvæði mundi vera á því fyrir stjórnina að uppfylla þessa bæn; en það væri sannfæring mín, að stjórnin mundi gefa henni svo mikinn gaum sem kringumstæðurnar leyfðu, meira gat eg ei sagt, og í þá stefnu fer líka nefndin, að biðja stjórnina að gjöra við málið allt sem henni ýtrast væri unnt. Eg lèt, eins og eg hefi sagt, í ljósi, að miklir örðugleikar væri á bæninni, en lýsti jafnframt yfir trausti mínu til stjórnarinnar í þessu tilliti.

Arnljótur Ólafsson: Eptir þessi ummæli hins háttvirta konungsfulltrúa sè eg mig neyddan til að taka aptur það traust, sem eg hafði til hans í þessu máli.

Pètur Pètursson: Eg vil taka mèr það viðauka-atkvæði, að bætt verði inn í orðunum: »þegar því verður við komið«.

Jón Pálmason: Mig minnir, að það væri áður stundum, að auglýst væri í Collegial-tíðindunum frumvörp þau, er leggja átti fyrir standaþingin í Danmörku, og er því þetta ekki eins dæmi sem uppástungan fer fram á. Eg held og, að það geti sum mál verið, sem betra sè að auglýsa fyrir fram, þó það kannske engan veginn eigi við um öll mál, er fyrir þingið kunna verða lögð.

Pètur Pètursson: Eg man eptir einu frumvarpi frá kirkju- og kennslumálastjórninni, sem auglýst var fyrir fram, og var það svo tætt í sundur fyrst í blöðunum og síðan á ríkisdeginum, að því er enn ekki framgengt.

Benidikt Þórðarson: Eg vildi að orðin: »að minnsta kosti«

yrði felld úr, og finnst mèr greinin eins og hún er orðuð við það verða liðlegri, og áskil eg mèr að koma fram með breytingaratkvæði um það.

Páll Melsteð: Eg er nú bræddur um, að þetta sè ónýtt mál, sem vèr erum að ræða hèr, mèr fannst uppástunga nefndarinnar svo óákveðin, að eg get ekki gefið henni atkvæði mitt, og þess vegna tók eg mèr breytingaratkvæði, að eg vildi hafa bænina eindregna; en það, sem hèr er farið fram á í nefndarálitinu, finnst mèr sama sem ekki neitt.

Forseti: Með því ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. En eg vil biðja þá þingmenn, sem ætla að taka sèr breytingaratkvæði, að koma með þau til mín kl. 8 í kvöld. Eptir dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálit í málinu: konunglegt frumvarp, um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða. Eg hefi látið prenta atkvæðarkrá, og vona eg, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 147.

Eptir ráðfæringu við framsögumann lèt eg breyta þannig 8. tölulið, að orðin: »ætlað sè til hins sama og« sè felld úr, og við 14. tölulið hefi eg sett viðauka-atkvæði nefndarinnar í sviga til skilningsauka.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Þar eð málið fèkk svo góða áheyrn hjá þinginu á síðasta fundi og einkum hjá hinum háttvirta konungsfulltrúa, þá skal eg ekki orðlengja um það núna, því eg hefi þar engu við að bæta, en ef einhver þingmanna æskir einhverra skýringa, þá er eg fús á að gefa þær.

Arnljótur Ólafsson: Það var einungis formspursmál, sem eg vildi leyfa mèr að gjöra, hvort eigi mætti ganga fyrst til atkvæða um breytingar nefndarinnar og síðan um frumvarpið allt í einu lagi með áorðnum breytingum, því eg held, að atkvæðagreiðslan yrði við það fljótari og fullt eins greinileg.

Forseti: Það var nú fyrst meining mín, en eptir ráðfæring við varaforseta rèði eg af að halda sömu venju og á fyrri þingum verið hefir.

Framsögumaður: Þótt atkvæði væri greidd um breytingarnar fyrst og síðan um frumvarpið með breytingunum, þá eru það eigi eins dæmi, því svo var gjört 1861, um frumvarpið til reglugjörðar um kaupstað á Akureyri.

Jón Guðmundsson: Þegar breytingaratkvæði við eitthvert lagafrumvarp hafa verið fá og eigi veruleg, þá hefir það að vísu líka verið venja, að ganga fyrst til atkvæða um breytingarnar sèrílagi og síðan um frumvarpið allt, með áorðnum breytingum; og er atkvæðagreiðslan fullkomnari svona, þótt ei sè það í sömu röð.

Forseti: Eg fellst á þetta og álít þá þessari álýktarumræðu lokið, og vil biðja þingmenn að greiða atkvæði eptir niðurlagsatriðum nefndarinnar.

Var þá fyrst gengið til atkvæða um breytingaratkvæði nefndarinnar og fór atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaratkvæði nefndarinnar við 1. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. sama við 2. grein frumvarpsins *a* og *b*, samþykkt í einu hljóði.
3. sama við 8. grein frumvarpsins *a*, *b* og *c* samþykkt í einu hljóði.
4. viðauka-atkvæði nefndarinnar við 7. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
5. sama við 9. grein frumvarpsins *a* og *b* samþykkt í einu hljóði.

Síðan var gengið til atkvæða um frumvarpið með áorðnum breytingum og um það, hvort rita skyldi konungi bænarskrá um að gjöra frumvarp þetta að lögum. Var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur þá til álýktar umræðu nefndarálitið um þingstað að Bæ í Lóni. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr:

Samanber fyrrl part alþingistíðindanna bls. 148.

Framsögumaður (Stefán Eiríksson): Þar eð engi mótmæli komu fram við undirbúningsumræðuna, og eg hefi sömu von enn þá, þá finn eg ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál; en eg vildi að eins óska og vona, að þingmenn eigi hefði breytt skoðun sinni síðan við undirbúningsumræðuna.

Forseti: Þar eð enginn tekur til máls, þá ætla eg að óhætt sè að ganga til atkvæða um niðurlagsatriði nefndarinnar.

Var þá gengið til atkvæða um niðurlagsatriði nefndarinnar, og um það hvort rita skyldi konungi bænarskrá, og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Dagsskránni er þá lokið; en með því mjög fá nefndarálit eru fyrir hendi enn þá, þá álít eg hollast fyrir þingið, og sèr í lagi fyrir nefndirnar, að fundur sè eigi á morgun, og ákveð

eg því eigi fund fyrr en á miðvikudaginn kl. 12. En um leið verð eg að biðja nefndirnar að hraða málunum sem mest, því annars verða fleiri dagar að falla úr. En allir þingmenn eru mèr víst samdóma í því, að sem mestan hraða verði á að hafa, ef þingið á að geta lokið við öll þau mál, sem það hefir tekið til meðferðar, án þess að lengja þingtímann mjög mikið, og allir eru mèr víst samhuga í því, að reyna til af öllum kröptum, að sem minnst þurfi að lengja þingtímann. Enn fremur skal eg geta þess, að til þingsins er komið nefndarálit um skikkun til prestakalla og bænarskrá frá þingmanni Borgfirðinga um kauptún að Krossvík á Akranesi.

Fundi slitið.

Fjórtándi fundur — 22. júlí.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, skal eg geta þess, að varaforseti hefir tilkynnt mèr, að hann geti ekki komið á þing fyrri part fundarins. Eg hef meðtekið svar frá stiptamtmanninum upp á áskorun nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og verður það afhent formanni nefndarinnar, þingmanni Árnesinga. Einnig er komið og lagt fram nefndarálit í málinu um jarðamatskostnað af prestakallajörðum; sömuleiðis bænarskrá frá 15 kaupmönnum í Reykjavík, um að vörumatsmenn verði settir.

Eptir ósk nokkurra þingmanna las þingmaður Árnesinga upp brèfið frá stiptsyfirvöldunum til nefndarinnar í fjárkláðamálinu:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 394.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Mýrasýslu um, að Krossvík verði gjörð að verzlunarstað. Flutningsmaður er þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána til þess að afstýra þeim misskilningi, er kann að verða af því, að í henni er nefnd Krossvík.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 148.

Undir þessa bænarskrá hafa ritað sýslumaðurinn, prófasturinn og 2 prestar í Mýrasýslu og 45 bændur. Eg skal ekki tala neitt um þessa bænarskrá að öðru leyti, því eg er ánægður með, og á-

lít rèttast, að vísa henni til nefndarinnar í málinu um Lambhússundin.

H. Kr. Friðriksson: Það álít eg ekki rètt, því eg get ekki skilið, hvernig nefndin getur samrýmt þessi 2 mál, eða mælt bæði með Krossvík og Lambhússundi, eg held því, að það yrði málinu til eintómrar spillingar. En eg vil nú greiða allt fyrir Mýramönnum, sem eg get, og legg því til, að sèrstök nefnd verði sett um þessa bænarskrá.

Jón Sigurðsson: Eg held þó að rèttar væri að vísa þessu máli til nefndarinnar um Lambhússund; hver veit nema nefndin kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að biðja um sinn kaupstaðinn hvoru megin á Akranesi!!

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Síðan var gengið til atkvæða um, hvort sèrstaka nefnd skyldi kjósa, eða vísa málinu til nefndarinnar í málinu um Lambhússund, og var hið síðara samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til inngangsumræðu bænarskrá frá ekkjufrú E. Thorstensen um viðbót við ekkju-eptirlaun. Flutningsmaður hennar er þingmaður Skagfirðinga.

Málið afhent flutningsmanni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vona að þessi bænarskrá, sem eg hef hèr borið upp fyrir þingið, sè á svo góðum rökum byggð og á svo mikilli sanngirni, að þingið þurfi ei að vera í nokkrum efa um, að gjöra að henni sem beztan róm, og mæla síðan fram með henni við stjórnina. Það er kunnugra en frá þurfi að segja hèr í landi, hver maður Jón Thorstensen heitinn var, og eg skal nú að eins minnast þess hèr, hversu ötull hann var um sína æfi í örðugasta embætti, og hve fús og reiðubúinn hann æfinlega var bæði nótt og dag til þess að hjálpa þeim, sem nauðstaddir voru og hans leituðu, en það er eigi síður kunnugt, hversu lítil verðlaun hann mestan aldur sinn þág fyrir allan þenna starfa. Mèr virðist því svo sem þingið gjöri sèr að eins sóma með því, að sýna það nú í verkinu, þegar tækifærið gefst, sem eg efast ei um, að er í huga allra manna, að þeir meta mikils minningu Jóns læknis Thorstensen; og nú er einmitt tækifærið, þar sem ekkja hans hefir snúið sèr til þingsins með bænarskrá um bót á kjörum sínum, sem hún að eins óskar, að þingið vilji veita meðmæli sín við stjórnina. Eg efast því ei um, að þingið muni alls ei hugsa sig um þetta, og

skal eg því að eins taka það fram, að mèr virðist því meiri ástæða fyrir þingið til að gefa þessu máli gaum, þar sem laun þeirra embættismanna, sem laun sín fá úr ríkissjóði, hafa nú einmitt verið rífkuð eptir tillögum alþingis, og þar á meðal einnig laun landlæknisins og hinna læknanna; það virðist því svo sem öll sanngirni tali fyrir því, að hin einasta eptirlifandi læknisekkja hèr í landi verði einnig látin verða þessa aðnjótandi, þó til þess þurfi sèrstakleg lög, og það því fremur sem hún er ekkja eptir þann mann, sem svo lengi þjónaði ágætlega embætti sínu við langt of lítil laun. Hvað upphæðinni viðvíkur, sem sótt er um, þá mundi eptirlaunin öll að henni meðtaldri eigi verða nema 480 rd., og það er þó minna, en gjöra má ráð fyrir, að hver landlæknisekkja fái hèr eptir að öllu samtöldu, og ætti þetta því ei heldur að geta fælt menn frá að styrkja málið. En hvað meðferð málsins nú hèr á þingi snertir, þá óska eg helzt, að sèrstök nefnd verði, og segi eg það einkum, ef einhverjum kynni að detta í hug að vilja að eins vísa því til nefndarinnar um launaviðbót eins af skólakennurunum, er nýlega var sett hèr á þingi, því mál þessi eru óefað mjög svo skyld. En eg óska þó heldur sèrstakrar nefndar, því það mælti miklu kröptugar fram með bænarskránni, og þó nú sè heldur áliðið þingtímann, þá vona eg þó, að menn láti það ei fæla sig frá að setja sèrstaka nefnd, því það liggur í augum uppi, að svo einfalt mál sem þetta þarf samt ei að tefja nema mjög svo lítið fyrir þinginu. Eg bið menn því að neita mèr ei um þetta, og sting upp á 3 manna nefnd, sem eg held að nægi.

Páll Melsteð: Það eru margir af okkur, sem þekktu og geta borið vitni um, hve merkur maður Jón sál. Thorstensen var, og eg er einn á meðal þeirra, og mèr finnst það mjög vel sæmandi fyrir þingið, að taka þessu máli vel, og setja um það sèrstaka nefnd; eg held þetta sè svo ljóst og einfalt mál, að það þyrfti ekki að taka langan tíma.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að í vor kom bæn frá ekkju landlæknisins sáluga um styrk af stjórninni, og sendi eg hana ásamt með áliti mínu með 1. eða 2. skipi, sem fór hèðan í vor. Eg lagði með bæninni, en veit ekki enn hverja áheyrn hún hefir fengið eða muni fá, þó eg voni, að hún fái góða áheyrn hjá stjórninni. Eg veit nú ekki, hvort það mundi bæta fyrir málinu, þó þingið færi að senda aðra bænarskrá um þetta efni; en ef þingið álítur, að það muni bæta fyrir málinu, vil eg með engu móti mæla

á móti að nefnd verði sett í því. Eg þekkti líka landlæknirinn sáluga, elju hans og staðfasta áhuga í embætti sínu allt fram í andlátið. Eg veit líka, að ekkja hans er mjög bágstödd, og því öll ástæða til að stuðla til þess, að hún á ellidögum sínum ekki þyrfti að hafa áhyggjur fyrir nauðsynjum lífsins. Þetta er ekki nema skyldugur viðurkenningar vottur við minningu þess ágætismanns er húu átti.

H. G. Thordersen: Mèr var svo illt í morgun, að eg ætlaði að afsaka mig frá, að koma á þing; en þegar eg heyrði, að þetta mál ætti að koma fyrir, gat eg ekki á mèr setið að koma, og eg held, að ef eg þegði, þá mundi stóllinn tala; það væri óvirðing fyrir mig, ef eg legði ei gott til þessa máls; því hèr er að ræða um ekkju eptir einn af okkar merkilegustu mönnum, og hans ætti eg fyrstur allra að minnast, því hann hefir einu sinni, ef eg mætti svo að orði kveða, reist mig upp frá dauðum, og hans ráð komu mèr jafnan að góðu liði. Við vorum kunnugir sem unglingar, saman í skóla á Bessastöðum, svo í Kaupmannahöfn, og svo hèr, og eg get aldrei annað en borið einstökustu virðingu fyrir honum. Hversu fljótur var hann ekki jafnan til? Og menn verða að hyggja að því, að sjúklingurinn þráir jafnan auglit læknisins. Og hver laun fèkk hann fyrir þetta? Þau voru frá fyrstu mjög lítil. Hver laun fèkk hann fyrir allar ferðir sínar? Og þær voru þó ekki fáar, því fyrir honum var nóttin sem dagurinn. Nú eru kringumstæður ekkju þessa manns svo, að henni liggur við vonarvöl; hún er, eins og eðlilegt er, búin að eyða þeim litlu eignum, sem hann eptirlèt sèr, og húsið, sem hún býr í, er pantsett. Að láta ekkjur þvílíkra manna líða nauð, og leggja þeim enga líkn, það veit eg, að þinginu ekki dettur í hug; menn eiga líka að muna til manna, þó þeir sèu dánir; þessari ekkju verður heldur ekki borið á brýn, að hún hafi verið eyðslusöm, eða sóað út fè sínu, því hún hefir í alla staði verið svo sómasamleg og heiðursverð, sem konu góðs embættismanns hæfir. Það er líka tilfinning allra og ekki sízt okkar Íslendinga, að bera vorkunnsemi með ekkjunum, og það hefir sýnt sig í því, sem búið er að gjöra fyrir prestsekkjurnar, sem er svo, að það verður aldrei fullþakkað. Við verðum líka að gá að, hvernig varið er með læknaskipunina hèr, hversu fáir þeir eru; og því ættum við að fara vel með þá fáu sem við höfum, og til þess heyrir að við förum vel með ekkjur þeirra. Eg vona því, að þingið samhuga styðji þetta mál.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að í brèfinu sem eg

sendi með bónarbrèfinu, stakk eg upp á því við stjórnina, að hún vildi leggja fyrir ríkisdaginn frumvarp til laga um viðbót á eptirlaunum ekkjufrúarinnar, eins og stundum á sèr stað í Danmörku, og það vona eg að stjórnin muni sjá sèr fært.

Jón Hjaltalín: Eg skal skýra þinginu frá nokkrum atriðum, viðvíkjandi eptirlaunum ekkju landlæknisins. Ekkjurnar eiga að fá í eptirlaun einn áttung af laununum, svo að þegar eg dey, fær mín kona 100 rd. af 800 rd., eða í allt liðugt hálft annað hundrað dali, því þessi viðbót, sem við höfum nú fengið, leggt naumast til eptirlaunanna; þetta sèr líka stjórnin, að er offítið, og því skipar hún mèr að borga árlega 80 rd. til ekkjukassans, eða hèr um bil $^1/_{10}$ af laununum, svo úr ekkjukassanum fær mín kona 150 rd., og það lagt við eptirlaunin verða liðug 300 rd. Hèr er því ekki um auðugan garð að gresja, til dæmis fyrir ungan lækni, sem hefir að eins 600 rd. í laun, þá skarðar þetta töluvert í þau, að verða að borga svona mikið til ekkjukassans, en þó hlýtur hverjum lækni að vera hugraun að því, að hugsa til þess, að kona hans verði að líða nauð eptir hann látinn. Og ef læknirinn er barnamargur, getur vel verið, að honum sè skipað að borga meira. Þetta gjörir nú stöðu læknanna töluvert örðuga og ísjárverða. Þegar menn nú líka gæta að, hversu mikil ekla er á læknum, þá verða menn að gjöra allt sem unnt er til að bæta úr því, og það mundi vissulega stuðla nokkuð til þess, ef þingið vildi styðja þessa bænarskrá, því þá sýndi það með því, að það einnig mundi styðja og mæla fram með öðrum lækna-ekkjum.

Konungsfulltrúi: Eg held, að reikningur hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns hafi ekki verið alveg rèttur, þar sem hèr er að gjöra um tvennslags eptirlaun; því ekkja hans fær eptir hann látinn ekki einungis $^1/_5$ af embættislaunum hans, sem verða hèr um bil 200 rd., heldur á hann eptir launa-upphæð hans nú, að leggja svo mikið í ekkjukassann, að hún fái úr honum 300 rd., og þá verður það til samaas 500 rd. en ekki 300 rd., eins og hann sagði.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla ekki að standa upp til að mæla á móti þessu máli, því eg sè, að allir eru hèr á einu máli, en svo segja menn, að málin verði þá æfinlega ver skoðuð, þegar enginn mælir móti. Mèr sýnast ræðurnar hafa mest gengið út á, hvað illa hafi verið farið með landlæknirinn sáluga, og eg held, að það væri ekki æskilegt, að þessar ræður kæmi fyrir stjórnina. En ekki er sýnt enn þá fram á að einstökum manni hafi verið gjört órètt að lög-

um, og þingið þess vegna eigi að skipta sèr af málinu. En hèr kemur eitt þýðingarmikið atriði inn í, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi gat um, það er nefnilega sagt í bænarskránni, að stjórnarinnar hafi verið leitað árangurslaust; en það er nú komið upp, að það er enn ekki sèð, að það verði árangurslaust, því það er enn ekki kominn sá tími, að menn geti búizt við, að svarið frá stjórninni sè komið. Þingið hefir nú heldur ekki neitt fè á að vísa, svo að þá yrði ekki annað fyrir en biðja um frumvarp til laga um eptirlaunaviðbót handa ekkjum og mundi slíkt tefja málið. Eg vildi, að hinn háttvirti konungsfulltrúi segði álit sitt um það, hvort honum þykir tiltækilegt fyrir þingið, eptir timaskorti þess, og eptir því litla valdi, sem það hefir, að taka þetta mál til nefndar nú þegar. Menn mega ekki flýta sèr of mikið, því það getur máske orðið málinu til skaða seinna.

Konungsfulltrúi: Eg álít sjálfsagt, að stjórnin að því leyti hún vill veita bæninni áheyrslu leggi fyrir ríkisdaginn frumvarp um þetta, þvi þetta er nú aðferðin sem í þessu efni er viðhöfð.

Arnljótur Ólafsson: Eg stend ekki upp af því, að eg sè ekki sannfærður um, að þingið álíti það skyldu sína, að setja nefnd í þetta mál, heldur af hinu, að eg er sannfærður um, að þingið er mèr í því samdóma, að því þyki vænt um í þessu máli að eiga þann rètt, að taka að sèr bænir einstakra manna, sem eru á góðum rökum byggðar. Þar sem sumir þingmenn hafa borið kvíðboga fyrir því, að stjórnin muni eigi taka tillögum alþingis um mál þetta, af þvi að hún hafi áður synjað um að hækka eptirlaun ekkju þessarar, þá skal eg leyfa mèr að vefengja þenna ótta. Kunnugt er, að stjórnin hefir áður og það af sjálfsdáðum veitt eptirlaun meiri, en lögákveðið er. Dæmi þess eru bæði hinn fyrrverandi yfirkennari hèr við skólann, og eins byskupinn í Görðum, og enn ein ekkja eptir sýslumann á Norðurlandi. Ef nú þingið bæri fram ekkju eptir þriðja manninn, er setja má jafnhliða hinum tveim, að minnsta kosti öðrum þeirra, þá tel eg víst, að stjórnin mundi álíta sèr skylt, að breyta eins við ekkju hans eins og hún mundi hafa breytt við sjálfan hann, hefði hann þarfnazt aðstoðar hennar í lifanda lífi. Þjóðkunnugt er, hversu árvakur læknir og hvílíkur sómamaður landlæknirinn sálugi var, og þjóðþingi Íslendinga er því skylt, að bera fram þakklæti þjóðarinnar fyrir þjónustu hans. Þar sem nú hefir verið bent á, hver eptirlaun ekkju landlæknisins bæri að lögum, og sagt, að ekkjan hafi fengið svo mikil eptirlaun, sem hún eigi

heimting á að lögum, þá verða menn að gæta þess, að hèr er ekki talað um, að ekkjunni sè órèttur gjör, heldur kemur hèr að eins til skoðunar, hvort menn eigi að styrkja ekkju eptir einhvern hinn bezta læknir og vísindamann, til þess að fá aukin eptirlaun hennar. Eg er viss um, að stjórninni eru ekki ókunn rit hans, þó hún kannske sè ekki eins kunnug framkvæmdum hans í embættinu; en eg ímynda mèr að hún trúi því, sem alþingi segir um það. Eg vona því, að alþingi sè í einu hljóði með nefnd í þessu máli.

Jón Pèturssson: Eg efast ekki um, að ef þingið hefði sjálfsforræði, mundi það undir eins taka þessa bæn til greina; en það er einmitt hvöt fyrir ríkisdaginn til þess að uppfylla bænina, þegar hann sèr, hversu meðmælt þingið er henni, og að það að eins er því til fyrirstöðu, að þingið uppfylli hana, að það vantar valdið til þess.

Brynjólfur Jónsson: Eg get nú að vísu ekki tekið neitt það fram, sem ei sè búið að segja, en þó eg sè hvorki bur nè bróðir þeirrar heiðurskonu, sem hèr ræðir um, finnst mèr þinginu skylt að styrkja bæn hennar í öllu, og að það væri ótilhlýðilegt að banda neitt á móti henni, því sá mikli merkismaður, sem hún er ekkja eptir, verðskuldaði, að þingið sýndi honum, eins dauðum sem lifandi, alla þá virðing og þakklæti, sem því er unnt.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf að fræðast um það, áður en gengið er til atkvæða, að ef nefnd verður kosin, til hvers á þá að kjósa hana, hvort til þess að biðja um hækkuð eptirlaun þessarar einu ekkju eða til að biðja um nýtt frumvarp um eptirlaun.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr hefir nú, sem eðlilegt er, þótt gott að hlýða á ræður manna hèr í salnum og heyra það, að öllum þykir það mjög svo tilhlýðilegt, að þingið sýni nú eptir á, fyrst tækifæri var ei áður til þess, hversu mikils það metur minningu hins fyrrverandi landlæknis, með því að mæla nú einlæglega fram með ekkju hans við stjórnina, og eg vona því, að þetta sýni sig nú fyrst í því, að það samþykki í einu hljóði, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að sèrstök nefnd verði sett í málið. Eg skal nú því að eins geta þess með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni sagði, að það er misskilningur, ef menn ímynda sèr, að hèr ræði um ekkju-eptirlaun fyrir ekkju landlæknis hèr í landi yfirhöfuð, því spursmálið er að svo stöddu að eins um þessa einu; en hitt er satt, að ástæðan til þess að sækja um þetta fyrir hana er að miklu leyti sú sanngirni, sem fyrir því sè, að láta hana einnig njóta góðs af því, sem hèr eptir mun koma öll-

um landlæknis-ekkjum hèr í landi til nota, að laun þessa embættismanns hafa nefnilega verið hækkuð, svo að framvegis má gjöra ráð fyrir, að ekkju-eptirlaun ekkju hans verði að minnsta kosti hèr um bil 500 rd. að öllu samtöldu; því þó hinn konungkjörni þingmaður vildi ei heldur enn álíta að þau yrði meira en 300 rd., þá held eg það sè að eins misgáningur hans, og að þinginu sè með öllu óhætt að treysta heldur í þessu tilliti orðum hins háttvirta konungsfulltrúa, með því það þyrfti heldur aldrei að spilla fyrir síðari ekkjum, þó hann hefði nú rètt í »þessu atriði«, að hagur þessarar einu ekkju væri nokkuð bættur, því þá væri að eins því fremur ástæða til þess að gæta einnig hins sama um þær á sínum tíma. En hvað því viðvíkur, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að ekkja Jóns landlæknis Thorstensen hefði áður sótt til stjórnarinnar í vor eða vetur, þá er það að vísu satt, en menn verða þá og að gæta þess, að þessi bænarskrá hennar til alþingis nú er alls ei í nokkurri mótsögn við þetta, þar sem hún í raun og veru að eins er áframhald í hina sömu stefnu sem þá, því alþing er nú einmitt að eins beðið að veita þessari eldri bænarskrá hennar meðmælingu sína við stjórnina; og kemur þetta slètt og rètt af því, að það var ei hægt að snúa sèr til þess áður, þar sem það fyrst kom saman nú í sumar, en bænarskráin, sem send var í vor til konungs, getur þó ei orðið útkljáð fyrr en eptir að tillögur alþingis geta einnig verið komnar til stjórnarinnar, því ráðgjafinn þarf í þessu máli að leita ríkisþingsins, sem ei kemur saman fyrr en í október, áður en hann getur veitt því áheyrn. Eg efast nú að vísu ei um, að það er alveg satt, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að stiptamtið hafi þegar frá upphafi mælt sem bezt fram með bænarskrá frú Thorstensen til stjórnarinnar, en þá mun hann ei heldur geta haft á móti, að þingið fari í sömu stefnu; og hvað stjórninni sjálfri og ríkisþinginu viðvíkur, þá er það eðlilegt, að meðmæli alþingis gildi þó ei síður hjá þeim í slíku máli sem þetta, þar sem þingmenn eins og í nafni allra landsmanna gefa til kynna hvað þeir álíta rètt og sanngjarnt sökum álits þess, sem allur almenningur hafi haft á verðugleikum hins dána landlæknis. Eg vona því að menn samþykki nú án frekari umræðna, að kjósa sèrstaka nefnd.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist þingið vera farið að leika sèr að tíma sínum, þar sem menn eru að halda langar ræður um þetta, en allir eru samdóma um, að setja nefnd um málið. Eg treysti

mèr líka til að halda ríkræðu, en mèr finnst það ekki eiga við á þessum stað; það hefir kannske enginn borið meiri virðingu fyrir landlækninum sáluga en eg, en eg álít ekki tíma til að vera hèr að halda langar ræður um það.

Jón Hjaltalín: Það sem eg sagði áðan, sagði eg að eins til að skýra, hvernig á stæði fyrir lækna-ekkjum, en þingið má ekki skilja það svo, að eg hafi verið að tala í hag fyrir mig eða mína ekkju, því eg vil ekki binda þessa bænarskrá við það, sem síðar kemur, og eg held einmitt, að vel mælist fyrir að taka þetta einstaka fyrst, og láta hitt bíða.

Stefán Eiríksson: Það hefir nú enginn af þeim, sem talað hafa í þessu máli mælt á móti nefnd, og það ætla eg ekki heldur að gjöra, það var einungis sem eg ætlaði að stinga upp á, hvert nauðsynlegt væri að setja sèrstaka nefnd í þetta mál, mèr finnst bænarskrá þessi geta vel heyrt undir sömu nefnd og sett var hèr um daginn um launa-uppbót handa Jóni Þorkelssyni, og málin eru að því leyti óneitanlega skyld, þar sem beiðendurnir báðir biðja um launaviðbót, og að því leyti álít eg, að málið í heild sinni geti vel samrýmzt undir einni og sömu nefnd.

Ásgeir Einarsson: Ætli ekki hefði átt bezt við, að vísa málinu gegnum forseta og konungsfulltrúa til stjórnarinnar; eg vil gjöra uppástungu um það.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið.

Var þá gengið til atkvæða, og sèrstök nefnd samþykkt með 16 atkvæðum. Var stungið upp á 5 og 3 manna nefnd, 3 manna nefnd samþykkt, og í hana kosnir:

Gísli Brynjúlfsson	með	17 atkv.
H. G. Thordersen	—	12 —
J. Hjaltalín	—	10 —

Málið afhent þingmanni Skagfirðinga.

Forseti: Þá koma til inngangsumræðu 4 dönsk lagaboð, sem konungsfulltrúi hefir látið leggja út á íslenzku; eg hefi að eins sett þau á dagskrá, því það var samþykkt af þinginu, að fela konungsfulltrúa, að velja úr þeim, þau sem honum sýndist að umtal gæti orðið um að lögleiða á Íslandi.

Konungsfulltrúi: Þó eg lýsti því yfir, að eg áliti, að ekki mundi geta orðið spursmál um nema þessi 4 lagaboð, þá var það ekki meining mín, að þingið þyrfti eða ætti að binda sig í nokkru

við þessa skoðun mína; og ætlast eg því til, að nefndin, sem sett yrði í málinu, sjálfsagt íhugi, hvort ekki geti orðið spursmál um fleiri, þó eg reyndar haldi að hún muni verða á minni skoðun.

Benidikt Sveinsson: Sè það nauðsynlegt, að leggja nokkurt af þessum lagaboðum út til þess, að það verði lagt fyrir þingið, þá á líka að leggja þau út öll, og þá er það líka gefið, að þau af þeim sem eru ekki lögð út á íslenzku hljóta að skoðast sem ekki lögð fyrir þingið.

Forseti: Varaforseti mótmælti því um daginn, að lagaboðin væri svona öll í hóp lögð fyrir þingið á dönsku máli, þar það væri gagnstætt konungsúrskurði 4. jan. 1861; hinn háttvirti konungsfulltrúi tók mannúðlega undir þetta, og bauðst til að yfirfara þau, ef þingið tryði sèr fyrir því að velja úr þau er við ætti.

Konungsfulltrúi: Eg sè ekkert á móti því, að hin lagaboðin verði látin liggja í þagnaðargildi; það var reyndar eitt, sem máske hefði getað verið spursmál um, nefnilega um afgipt af arfi, en eg hèlt að það mætti bíða enn. Eg hef því ekkert á móti, þó nefndin haldi sèr að eins við þessi 4.

Jón Hjaltalín: Eg held að okkur sè óhætt að trúa þeim elzta og bezta lagamanni sem við höfum til þess að hafa vinsað úr þessum lagaboðum það sem gagnlegt var í þeim fyrir þetta land; tíminn okkar er ekki heldur svo langur, að vert sè að tefja hann, með því að útlögð sèu öll lagaboðin. Eg mæli því með, að nefnd verði strax sett í málið.

H. Kr. Friðriksson: Eg álít sjálfsagt, að nefnd sè kosin, og tel það víst, að hún muni ekki fara að grúska ofan í annað, en þessi 4 lagaboð sem útlögð eru; en eg sè ekki neitt á móti því, þótt hún taki sèr efni af hinum lagaboðunum til einhverrar uppástungu um þau.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist það þó vera óvanaleg aðferð, sem höfð hefir verið í þessu máli, að konungsfulltrúi skuli mega velja út úr lagaboðunum þau sem honum lízt að löggilda hèr. Eg segi þetta ekki af því, að eg efist um, að heppilega hafi tekizt til í þetta skipti, heldur af hinu, að eg álít ekki gott, að þessi regla komist á, því þetta er einmitt nefndarinnar verk, sem til þess er sett að velja lagaboðin. Eg hef því ekki á móti þessu eina tilfelli heldur á móti reglunni yfir höfuð.

Konungsfulltrúi: Eg hef ekki gjört þetta nema eptir fyrirmælum þingsins, og þegar það fól mèr þetta starf á hendur, þá

komu engin mótmæli fram af hálfu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns. Það má líka ganga að því vísu, að stjórnin muni þegar svo á stendur leggja fram fyrir þingið á íslenzku þau frumvörp, sem hún álítur, að lögleiða mætti hèr á landi, og þetta hefir hún gjört sèr að reglu hèr. En stjórnarherrann hefir að þessu sinni sent öll lagaboðin á dönsku, af því hann líklegast hefir álitið, að ekkert þeirra ætti við af þeim hèr, og að þessu leyti getur sú aðferð, sem hèr hefir verið höfð í þetta skipti, ekki skaðað málið.

Jón Pètursson: Eg skoða þessi lagaboð, sem hèr liggja fyrir, eins og uppástungu konungsfulltrúa um, hvort þingið ekki álíti að við ætti, að löggilda þau hèr. Eg skil því ei, að nefndin geti haft leyfi til að rannsaka nein af hinum öðrum dönsku lagaboðunum sem fram eru lögð; því í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1861 stendur, að öll þau lagaboð, sem út koma fyrir Danmörku, og umtalsmál geti verið um, að löggilda hèr, vilji konungur láta leggja fyrir þingið bæði á íslenzku og dönsku, en nú hefir hann ekkert af þesum lagaboðum látið leggja fyrir það. Ef því enn fremur nokkur þingmaður óskar, að önnur af þessum dönsku lagaboðum, en þau, sem konungsfulltrúi nú hefir lagt fram, verði löggilt, þá verður hann að gjöra um það beina uppástungu.

Pètur Pètursson: Það er satt sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að eg gjörði enga athugasemd um þetta um daginn; en hann má ekki gefa mèr það að sök, því það sýnir einmitt, hvílíkt traust eg hef á honum; en allt fyrir það afsalaði eg mèr ekki rètti til að mæla á móti þessari aðferð, því það er ekki sagt, að við njótum þess manns allt af sem konungsfulltrua, sem nú er það.

H. Kr. Friðriksson: Eg sè ekki neitt á móti, að nefndin taki þau af lagaboðunum, sem henni sýnist, og komi svo með uppástungu um, að leggja frumvörp fyrir næsta þing um það efni, sem lagaboðið hljóðar um.

Forseti: Eg held að allar þessar ræður sè óþarfar, því nefndin mun varla komast að annari niðurstöðu, eða velja fleiri af lagaboðunum en hinn háttvirti konungsfulltrúi þegar hefir gjört, en hefir þó aðgang að þeim öllum á lestrarsalnum.

Jón Hjaltalín: Það er eins og það væri eitthvert ódæði, þegar þessi lagaboð komu fyrir; eg álít mörg af þeim mikið góð, einkum þetta um vegabrèfin; og mèr sýnist ekki, að þingið bindi hendur á sèr, þó það feli konungsfulltrúa á hendur, að velja úr þeim; þessar ræður eru því að mínu áliti alveg óþarfar.

Benidikt Sveinsson: Eg álít eins og eg áður benti á, að nefndin megi alls eigi taka til greina nema þau lagboðin sem eru útlögð á íslenzku, ef konungsúrskurðurinn annars á að hafa nokkra þýðingu; annars væri það nóg til að leggja 999 lagaboð á dönsku rèttilega fyrir þingið eptir konungsúrskurðinum, að 1 eður hið þúsundasta kæmi útlagt á íslenzku, en mundi þá úrskurðurinn eigi verða þýðingarlitill.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi tala eitt orð út af uppástungu varaforseta hèrna um daginn. Áður en konungsúrskurðurinn 4. jan. 1861 kom út, voru öll hin almennu dönsku lagaboð lögð fram fyrir þingið í einu lagi eptir konungsúrskurði 1844 sem álitsmál; en eptir úrskurðinum 1861 skyldi leggja þau fram sem lagafrumvörp hvert í sínu lagi. En nú kom þriðja aðferðin eptir uppástungu varaforseta, sem hvorki er eptir fyrri úrskurðinum frá 1844, nè heldur eptir síðari úrskurðinum frá 1861, heldur þetta mitt á milli, þar sem konungsfulltrúi nú velur úr hinum almennu lagaboðum, og þau sem hann kýs leggur hann ekki fram sèrstök, heldur öll í einu lagi. Svo veit eg nú heldur eigi, hvort hinn háttvirti konungsfulltrúi treystir sèr til, með þessari aðferð, að leggja þessi lagaboð fram sem lagafrumvörp í nafni konungs, og það er þó áríðandi. En eg skoða þessa aðferð, eins og þegar á miðöldunum átti að fara að bæta úr því, að 2 voru orðnir páfarnir, og það var gjört með því, að velja hinn 3., svo að upp kom hin svo kallaða »trigamia« kirkjunnar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari inngangsumræðu lokið.

Var síðan gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og var 3. manna nefnd samþykkt, og í hana kosnir:

J. Pètursson með 17 atkv.
B. Sveinsson — 13 —
P. Melsteð — 8 —

Var málið afhent hinum 4. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um að veita Ísafjarðarverzlunarstað bæjarrèttindi. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga.

Var nefndarálitið síðan afhent framsögumanni og las hann það upp svolátandi.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 154.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg þarf nú ekki að

halda neina verndarræðu fyrir niðurlagsatriðum nefndarinnar; eg hef áður látið það í ljósi, að eg óska, að kaupstaðir geti eflzt og tekið framförum, og því þykist eg hafa fylgt fram, og eg er viss um, að þessi verzlunarstaður, sem hèr ræðir um, getur náð miklum framförum, og vona eg að þingið styðji því málið. Nefndin sá sèr ekki fært að fara lengra út í málið að svo komnu, en einungis biðja um að frumvarp yrði lagt fyrir næsta þing, eða reglugjörð um bæjarstjórn þar löguð líkt og reglugjörðin fyrir Akureyri og reglugjörðin fyrir Reykjavík eru. En hún verður þó að vera með breytingum, því þar er eigi auðið að leggja öll þau atriði undir úrskurð amtmannsins, sem er svo fjarlægur, og opt lítt fært að ná til — öll þau atriði, segi eg, sem liggja undir úrskurð amtmannsins fyrir norðan, að því er Akureyri snertir, eða stiptamtmannsins, að því er Reykjavik snertir. Það hefði, ef til vill, verið tilefni til þess að biðja um, að reglugjörðin um bæjarstjórn í Reykjavík og Akureyri væri endurskoðuð, en nefndin vildi ekki fara svo langt, enda ættu líka bæjarfulltrúarnir fyrst að hreifa því máli, ef þeim þykir þörf á því. Meðan eg heyri ekki nein mótmæli, skal eg ekki tala fleira í þessu máli.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni einnig til undirbúningsumræðu nefndarálit um skikkun til prestakalla. Framsögumaður er hinn háæruverðugi 3. konungkjörni þingmaður.

Var nefndarálitið afhent framsögumanni, er las það upp svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 157.

Framsögumaður: Pètur Pètursson: Eg skal ekki lengja þingræðurnar að svo stöddu. Eg skal geta þess að í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar er prentvilla, sem sè: *jarðamat* í staðinn fyrir *brauðamat,* og að þar sem í fyrsta niðurlagsatriðinu stendur, að konungsúrskurðurinn verði tekinn aptur, þá er nefndin fús á að orða það öðruvísi, svo sem að hann verði numin úr lögum eða tekinn úr gildi.

Konungsfulltrúi: Eg verð með allri þeirri virðingu, sem eg ber fyrir þeim ágætismönnum, sem samið hafa þetta nefndarálit, að lýsa því yfir, að eg hvorki get fellt mig við þann blæ, sem er á nefndarálitinu, nè heldur við þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komizt að.

Því hvað uppástunguatriðið undir nr. 1. snertir sè eg ekki, hvernig nefndin getur hugsað sèr, að prestar fáist til rýrustu brauð-

anna. Þegar allt skikkunarvald er af tekið, og eg get heldur ekki fundið, að ástæða nefndarinnar fyrir því, að fella konungsúrskurðinn úr gildi, sè nægilega rèttlætandi, eg get ekki heldur sannfærzt um, að hið opinbera eigi enga heimtu á því, að þeir, hverra menntun það hefir kostað, gangi í þess þjónustu, þegar brýn nauðsyn ber til þess, eins get eg ekki heldur skilið, hvernig þetta sanngirnis tilkall frá hálfu þess opinbera, geti, eins og í nefndarálitinu er að orði kveðið, verið prestaskólanum til niðurdreps, og að vísu hamlaði skikkunarvald stiptsyfirvaldanna engum frá að ganga í Bessastaðaskóla; en nú er þetta vald, sem eins og allir vita mjög sjaldan kemur fram, allt í einu orðið svo óttalegt, að það á að horfa til þeirra vandræða, að prestaskólinn leggist niður. Eg verð enn fremur að taka það fram, að það virðist engin ósanngirni í því, að einungis þeir, sem útskrifast úr prestaskólanum, sèu háðir skikkunarvaldinu, en ekki háskólakandídatar, því þeir standa ójafnt að, eða með öðrum orðum, hèr er ekki »paritas rationum«. Þeir fyrri þurfa að eins 2 eða $1\frac{1}{2}$ ár, þeir síðari að minnnta kosti 5 ár til þess að ljúka sèr af, og leggja þannig mjög ójafnt í sölurnar; þetta virðist mèr eigi að koma til greina, og að þetta sè í alla staði rèttvíst. Hvað annað uppástungu-atriðið snertir, þá þarf ekki að biðja um það, því stiptsyfirvöldin hafa myndugleika til þess að veita þeim sem sitja í litlu brauðunum forgangsrètt fyrir þeim, sem sitja í betri brauðunum, og þenna rètt hafa stiptsyfirvöldin einnig jafnan fyrir augum við veitingu brauðanna. Sama er að segja um það, að þau hafa lofað þeim, sem þau hafa skikkað til brauða, að veita þeim, ef þeir stæðu vel í skilum, fljótt betra brauð. En áratíminn mun þó ekki hafa verið ákveðinn; en þó var núna síðast, þegar stiptsyfirvöldin sællar minningar skikkuðu prest til Grímseyjar, tíminn útþrykkilega ákveðinn til 2. ára. Eg ítreka það aptur, að eg verð að álíta konungsúrsk. frá 1862 nauðsynlegan og á góðum rökum byggðan, og að ekki sè því ástæða til að fá honum breytt, eða til þess, að fá hann felldan úr gildi. Loks skal eg leyfa mèr að taka það fram, að mèr getur ekki annað en virðzt það öldungis fjarstætt, að stiptsyfirvöldin skuli eiga eins og að ganga fyrir hvers manns dyr, það er að segja presta-efnanna, og biðja þá að gjöra svo vel og sækja um litlu brauðin, sem enginn sækir um, og skrifast á við þessa menn, þegar þeir, eins og opt getur að borið, eru út í landi, og er eg líka sannfærður um, að þetta yrði sem optast líka árangurslaust, og get enda vitnað til reynslunnar í því efni.

Framsögumaður: Mèr kom ekki óvænt þessi ræða hins hæstvirta konungsfulltrúa, af því eg áleit og vissi, að konungsfulltrúinn var nokkuð í ætt við stiptamtmanninn. Eg veit nú ekki hvort eg á að fara að svara einstökum atriðum í ræðu hans, en af því eg er framsögumaður í málinu verð eg þó að sýna einhvern lit á því. Mèr þótti eptir stöðu minni óþægilegt að vera í nefndinni og framsögumaður í þessu máli, því að það er ætíð ógeðfellt að þurfa eins og að setja sig upp á móti næstu yfirmönnum sínum, að minnsta kosti þykir mèr óþægilegt að þurfa að rísa móti mínum yfirboðurum. En eg vona, að hin háu stiptsyfirvöld ekki skoði mótbárur mínar sem persónulegar mótbárur gegn þeim, heldur sem sprottnar af innilegri sannfæringu minni og sem óumflýanlega afleiðingu af stöðu minni sem þingmanns og framsögumanns. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði á móti blæ þeim, sem væri á nefndarálitinu, en útlistaði ekki, hvað helzt væri að honum. Það getur nú vel verið, að honum þyki ekki málfærið eins vel vandað og vera skyldi, og það getur líka verið, að svo sè, og að við hefðum getað orðað það betur, ef við ekki hefðum haft svo stuttan tíma eða svo margt annað að starfa. Hann hafði líka móti niðurlagsatriðum nefndarálitsins, og sagði að þau væri óhafandi, nema það 3. einungis. Hann hèlt það fengist enginn prestur í hin rýrustu prestaköll, ef skikkunarvaldið væri tekið frá stiptsyfirvöldunum, en þetta er ekki mín skoðun. Eg held að afleiðingarnar yrðu aðrar. Það er mannlegri náttúru eiginlegt að gangast fremur fyrir góðu en illu, þegar sama er í aðra hönd, að minnsta kosti er mèr svo varið, að eg gengst betur fyrir góðu en illu. Eg skil ekki, hvernig eg á að samrýma þessa skoðun hins hæstvirta konungsfulltrúa við hina djúpu mannþekkingu hans. Hann sagði að ef stiptsyfirvöldin færu þannig að semja við kandídata, þá yrðu þau að ganga fyrir hvers manns dyr. Eg held það nú ekki, því eg álít, að þegar brauðunum er slegið upp með þessum fyrirvara eða fyrirheiti, sem nefndin hefir stungið upp á, og kandídatar vita, á hverju þeir mega eiga von, þá muni þeir bjóða sig fram og sækja um litlu brauðin, ef þeir þá eptir fá ár eiga von á góðu meðalbrauði. Eg skal nú ekki fara langt út í hve rèttvíst það er að svipta menn frelsi sínu, þó þeir hafi þegið opinberan styrk. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hèlt, að þessi úrskurður mundi ekki verða prestaskólanum til niðurdreps. Kannske konungsúrskurðurinn verði prestaskólanum til blómgunar!!? En svo mikið er víst, að skikkunarvald stiptsyfir-

valdanna er hin argasta grýla fyrir menn að ganga á prestaskólann, og að skikkunarvaldið er mjög óvinsælt alstaðar, hvort sem það nú er ástæða til þess eða ekki, svo að það fælir menn frá að ganga á prestaskólann. Það er líka auðvitað, að grýla þessi hlýtur að drepa niður alla löngun hjá prestaskólamönnum til að láta sèr fara fram eða taka framförum í guðfræðisiðkunum sínum, þegar ganga má að því vísu, að sá sem fær ágætiseinkunn verður að sæta sömu kostum og sá, sem fær allra lægstu einkunn við embættisprófið. Hann sagði, að við prestaskólann þyrfti ekki nema 2 ár eða jafnvel minna, þegar haun dró septembermánuð frá, en hvað langan tíma »þarf« á háskólanum. Eg veit að menn geta verið 10 ár að lesa við háskólann, en hvað þarf sá maður langan tíma til að lesa guðfræði við háskólann, sem af áhuga leggur stund á verk sitt? Hann þarf ekki að vera svo æðilengi. Styrkur sá sem stúdentar við háskólann fá, er meiri að tiltölu við kostnaðinn, þegar lesið er af kappi, en þeir fá hèr við prestaskólann. Hvað það snertir, er konungsfulltrúi sagði, að það þyrftí ekki að biðja um þetta vald, sem farið er fram í 2. niðurlagsatriðinu, því stiptsyfivöldin hafi það, þá er það ekki það, sem hèr er um að gjöra, heldur hitt, að stiptsyfirvöldin sèu *að lögum* skuldbundin til að efna heit sitt, en eptir því sem nú er, eru þau sjálfráð, hvort þau láta manninn sitja á litla brauðinu alla æfi eða 3 ár, það er, hvort hann fær nokkurn tíma betra brauð eða aldrei. Hann sagði, að það væri ómögulegt að koma inn í köllunarbrèfið tíma-ákvörðuninni og loforðinu um betra brauð á eptir, vegna þess forms, sem á köllunarbrèfinu sè; en að sönnu veit eg, að þetta form er uppáboðið, en hvort það er »lögboðið« efast eg um. Hann heldur, að ef uppástungur nefndarinnar fái framgang, þá verði presta-eklan enn þá meiri en hún verður, meðan konungsúrskurðurinn hefir gildi, en það held eg sè öfugt. Hann sagði að það væri ómögulegt að fá presta í brauðin, ef úrskurðurinn væri af tekinn, en fyrst úrskurðurinn er nú sú grýla, sem fælir menn frá að verða presta-efni, þá er eins ómögulegt að fá presta í brauðin, þó hann sè í gildi, og verður því að leita einhverra annara úrræða. Það er reyndar mikið gott að hafa vald, og hafa það einungis í huganum, en geta ekki beitt því, og þó nú sèu til presta-efni, þá getur þó úrskurðurinn ekki haft tilbakaverkandi krapt. Eg skal svo ekki tala fleira að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum út af ræðu hins háttvirta framsögumanns, en einungis lýsa því áliti mínu

yfir, að hann gjörir vissulega ofmikið úr þeim, skaðlegu áhrifum, sem konungsúrskurðurinn, sem hèr ræðir um, hafi haft á prestaskólann, og muni hafa eptirleiðis.

Hingað til, eða síðan hann kom út, hefir mèr vitanlega enginn hætt við að ganga á prestaskólann vegna úrskurðarins, eða af hræðslu við hann. Það er að sönnu satt, að ekki allir, sem hafa útskrifazt úr lærða skólanum hafa síðan gengið á prestaskólann, en það er ekki af neinni hræðslu við konungsúrskurðinn, heldur þess vegna, að þeir hafa tekið sèr aðra lífsstefnu. Með vissu loforði um betra brauð innan 2 eður 3 ára er úrskurðurinn vissulega ekki heldur nein óttaleg grýla fyrir prestaskólann nema í ímyndunninni.

H. G. Thordersen: Eg á nú mjög bágt með að tala, og vona að þingmenn fyrirgefi mèr, þótt orð mín verði nokkuð stirð. Eg er aldeilis samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa, og er óvæntanlegur til að samþykkja, að skikkunarvaldið verði af tekið. Eg minnist nú gamalla tíða, því eg hef þó lifað nokkuð lengi, og man eg ekki eptir því, að eg heyrði þessa hræðslu við skikkunarvaldið; eg heyrði aldrei að það hræddi nokkurn frá að læra. Hvernig stendur þá á þessum óróa, sem nú er risinn út af þessu optnefnda skikkunarvaldi? Hvaðan er hann sprottinn? Hver eru upptök hans? Er hann sprottinn frá prestaskólanum? Nú, eg skal nú hugsa mig um, hverjar nýjar ástæður geti úr þessari átt ollað þessu hatri á skikkunarvaldinu, sem á að vera um allt land. Hvaðan, spyr eg, er það sprottið? Ekki getur það verið sprottið af því, að upplýsingin sè meiri en áður, að menn hafa betri kennara, betri tíma og meiri styrk en áður, að mönnum yfirhöfuð hefir farið fram á menntunarveginum? Skyldi það orsaka að menn vilja ekki þjóna í viðlögum föðurlandi sínu til góðs; getur menntunin orsakað þetta? Mèr sýnist að uppfræðingin ætti að vera hvöt til þess, að gjöra sem bezt það sem maður á að gjöra fyrir fósturjörð sína. Ekki ætti það að vera hvöt til óánægju, að þeir fá meiri styrk. Það er ólíku saman að jafna ölmusunum á Bessastöðum, sem allir vita hvað voru, við ölmusurnar sem nú eru, fyrst við lærða skólann og svo við prestaskólann. Skyldi það vera hvöt til óánægju? Hvaðan er þá þessi óánægja sprottin? Er hún komin upp í Reykjavík, eða í landinu sjálfu? Þetta þykir mèr undarlegt — eg ætla nú ekki að halda neinar líkræður — mèr þykir það undarlegt, segi eg, að menn vilja af nema konungsúr-

skurðinn, þegar neyðin er á aðra hliðina, þegar kvartanir um presta-eklu dynja að úr öllum áttum, þá sýnist mèr það koma undarlega við, að biðja um, að skikkunarvaldið verði af tekið. Kannske þessi óánægja sè sprottin af því, að menn eru hræddir við að fá á sig óorð, af því áður kom opt fyrir, að skikkaðir voru einhverjir hinir aumari. Það vildi eg ekki væri regla, eg vil skikka einhverja þá efnilegri á þessi útkjálkabrauð, þá, sem geta gjört þar eitthvert gagn. Það verður ekki varið, að með því, að skikka þá aumustu, þá kemst skikkunin í óvirðulegt álit. En menn hafa dæmin: Stiptamtmaður Bardenfleth skikkaði í Grímsey vel metinn og gáfaðan mann; eg vissi af því, þó eg ekki væri orðinn þá byskup, og það var rètt gjört; það á ei að skikka, eg vil ekki segja bjána, heldur lítilfjörlega menn. Eg vil að stiptsyfirvöldin brúki þenna rètt sinn, þegar svo á stendur að þess þarf við, við efnilega menn. Þegar eg kom frá háskólanum hefði eg ekki haft neitt á móti, þó eg hefði verið skikkaður með þessum formála, að fá gott brauð á eptir; eg sè ekki hvað hèr er verið að tala um. En hitt, að fara að biðja menn að fara á brauðin, og ganga svoleiðis, ef eg mætti segja, fyrir hvers manns dyr, þar leiði eg minn hest frá, eg vildi helzt vera laus við að þurfa að hafa þvílík afskipti, eg er orðinn ofgamall til þess.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir menn ræða nokkuð óljóst. Mèr þykir skrítið að menn skuli furða sig á að nú eru aðrar tíðir en fyrr, við skulum gá að vinnumönnunum, hafa þeir ekki betra kaup nú en fyrir 20 árum: jú víst, og þegar kaupið eykst fyrir einn, þá á það líka að aukast fyrir aðra; og hvað eru nú launin, þessi miklu laun prestanna? Þau eru nú sem stendur á mörgum brauðum að eins vinnumannslaun. Setjum að einhver segði við son sinn, farðu og vertu vinnumaður, þá færðu 20 spesíur í kaup og nóg að jeta; en þá segði annar: nei farðu að læra, þá færðu ofan í þig; ekki færðu meira, það þarftu ekki að hugsa til. Eg held að það sè óþarfi að vera að snúa þessu fram og til baka, því það sama verður þó jafnan ofan á, sem sè það, að menn fást eigi í brauðin af því launin eru of lítil. Eg verð að fella mig við það, sem framsögumaður sagði, og felli mig við nefndarálitið, nema að mèr þykir stiptsyfirvöldunum gefið ofmikið vald. Eg vil hafa *lög,* og eg vil láta hlýða þeim, en sè þeim lögum, sem til eru, ekki hlýtt, þá verður þeim lögum ekki betur hlýtt, sem ekki eru til. Eg held framsögumaður hafi ekki ýkt neitt, þar sem hann sagði, að skikkunarvaldið væri

óvinsælt, já það er sannarlega óvinsælt; allur þingheimur segir það sama; og það er engin furða, þó framsögumaður vilji hrinda þessu i lag. það er ekki nóg að segja: »Þú skalt taka að þèr það eða það brauð«, því þessu gegnir enginn. það dugar heldur ekki, þó stiptsyfirvöldin sèu að lofa mönnum öllu góðu og fögru. Því þá getur sá sagt, sem loforðið fær: Heyrið góði herra minn, loforðið yðar er valt að byggja von sína á, þèr getið meir enn verið dauður á morgun, og hvar er þá loforðið yðar? Þetta er nú svona af því að lögin vantar. Ef eg hef skyldur, þá vil eg hafa rèttindi, ekki *náðarrèttindi* heldur *lagarèttindi*. Þó að stiptsyfirvöldin sèu rèttlát, þá hef eg heyrt getið um, að ekki muni ætíð allt vera sem skyldi í brauðaveitingunum. Eg held þau mættu verða fegin, ef brauðaveitingarnar væru lögum bundnar, þá gæti maður ekki kennt þeim um þó 20 ára gamall prestur sitji á hakanum fyrir 4 ára presti. Eg er sannfærður um, að stjórnin mun ekki setja sig á móti uppástungum nefndarinnar, því þær eru sprottnar af velvilja til prestaskólans, og af umhyggju fyrir að bæta úr prestaeklunni, og það eina sem mèr þykir að því er það að rèttur þeirra, sem tækju þessi útkjálkabrauð, er ekki nógu skarpt fram tekinn. Jeg vil að stiptsyfirvöldin sèu *skyldug*, þau *skulu veita* þeim gott brauð á eptir, er á skikkunarbrauðum hafa setið um hríð, þá verður þetta ekki eins óvinsælt eins og það er nú, og því vil eg leyfa mèr að taka mèr viðauka-atkvæði, er herði á þessari skyldu stiptsyfirvaldanna. Mèr þykir skrítið að menn skuli tala svona um þessa óvissu von eins og gjört hefir verið hèr í salnum, því sè vonin byggð á eintómu loforði dauðlegra manna, þá er hún harla fallvölt, betri er skýlaus lagarèttur. Já vonin sú er opt lètt í vasa, og getur orðið til skammar. Hvað nú það snertir að skikka þá flinkustu, þá held eg það sè ísjárvert nokkuð, að segja: Ef þú ert flinkur, þá skaltu á útkjálka, þar sem þú aldrei færð nema hálfan kvið, en ef þú ert klaufi þá skaltu fá gott brauð. Eða hver segir við vinnumann sinn, »ef þú ert þjófóttur, bakmáll, kjaptfor, hirðulaus og latur, þá skaltu fá gott kaup«, og við annan: »Ef þú ert duglegur, ötull og dyggur, þá skaltu svei mèr fá á baukinn«. Eg verð að mestu leyti að fallast á nefndarálitið.

Björn Pètursson: Af því eg slæddist með í nefndina, þá ætla eg að fara fáum orðum um þetta mál. Hinn háttvirti konungsfulltrúi tók nefndarálitinu illa, en þótti konungsúrskurðurinn frá 17. maí 1862 ágætur í alla staði, og furðar mig ekki lítið á því, að

konungsfulltrúi, sem er svo frjálslyndur maður, eins og hann t. a. m. sýndi fyrir skemmstu, þegar rætt var um öreigagiptingarnar, skuli vilja leggja það band á frelsi manna, sem þessi úrskurður leiðir til; eða er það ekki ófrelsi eða ófrjálsleg ákvörðun, sem leyfir að þeyta mönnum eins eg sopp eptir eigin vild um alla útkjálka, eyjar og annes þessa lands? Það er öllum hèr kunnugt, hvílík presta-ekla er hèr á landi, og þegar uppástungan um að bæta úr henni kom fram um daginn, var það sýnt með áætlunarreiknningi, að að 10 árum liðnum mundu 22 söfnuðir verða sálusorgaralausir. Gæti skikkunarvaldið bætt úr þessari eklu, eða menn með því skapað presta, þá skyldi eg vera manna fyrstur til að styrkja það; en mèr getur ekki betur skilizt, en að það í stað þess að bæta úr presta-eklunni, einmitt muni leiða til þess, að auka hana, því það hræðir menn frá að ganga á prestaskólann, og hvernig sem reynt er til að fegra þetta vald fyrir mönnum, þá veit eg þó að það hefir ekkert fegrazt í mínum augum fyrir það, og að það er mjög óvinsælt víða um land, og af þessu er sprottin bænarskráin sem eg hafði meðferðis. Úr því það er ljóst, að þetta skikkunarvald fælir menn frá að ganga í skóla og á prestaskólann, finnst mèr full ástæða til að menn sem fyrst vilji losast við það, því þá er það ekki til annars en að auka vandræðin æ meir og meir, nema ef menn vildu auka það svo, að stiptsyfirvöldin gætu skipað embættismönnum að láta syni sína læra, skipað þeim síðan að ganga í skóla, svo á prestaskólann og að lokum skikkað þá í brauðin, þá gæti það, að líkindum náð tilgangi sínum, að bæta úr presta-eklunni, og þá hefði það eitthvað til síns ágætis. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælt á móti öðru atriðinu í nefndarálitinu af þeirri ástæðu, að stiptsyfirvöldin hafi nú þetta vald, sem hèr er farið fram á að útvega þeim, þá skal eg geta þess, að eg hefi heyrt að stiptsyfirvöldin að undan förnu hafi að vísu lofað mönnum brauðum fyrir fram, en veit ekki með vissu hvort það hefir verið heimilt að lögum. Viðvíkjandi breytingaratkvæði því, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður ráðgjörði að koma fram með, þá skal eg verða fús til, að gefa því atkvæði mitt, ef það skýrði eða bætti hugsun nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Bænarskráin, sem kom hèr inn á þingið um daginn, bað ekki um að skikkunarvaldið væri af tekið, heldur að það væri rýmkað, og mig minnir ekki betur en að þingmaðurinn sjálfur væri formaður á þeim fundi; en nú heyrist mèr önnur bjalla

klingi, og geta menn af því sèð, að ekki eru lengi veður að skiptast í lopti.

Björn Pèturssón: Hinn háttvirta konungsfulltrúa hlýtur að rangminna þetta, því nafn mitt er hvorki undir bænarskránni nè heldur var eg formaður á fundinum. Bænarskráin fór því á flot, að skikkunarvaldið yrði gjört þolanlegra, og skoðaði það sem illa nauðverju, sem rèttast væri að afmá með einhverjum ráðum.

Framsögumaður: Þetta fellur mèr mjög svo illa, að eg í þessu máli skuli þurfa að tala á móti hinum háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanni. Eg játa og mun allt af játa, að hann hefir verið hinn mesti frumkvöðull til þess, að prestaskólinn þróaðist sem mest og bezt, og þess vegna er eg viss um, að það er hans innileg sannfæring, að skikkunarvaldið ekki skaði prestaskólann; en eg ætla mèr ekki að skoða þetta mál frá vináttunnar sjónarmiði, heldur eins og það á að ræðast á alþingi. Hinn háæruverðugi konungkjörni þingmaður spurði, hvaðan þessi óánægja væri sprottin, hvort frá prestaskólanum eða frá hinni meiri menntun, er menn öðluðust þar? Þessum spurningum svaraði hinn 5. konungkjörni þingmaður, nefnilega að óánægjan meðfram lægi í kostnaðaraukanum; óánægjan er ekki sprottin frá prestaskólanum, heldur liggur hún í huga hvers manns, sem ætlar sèr að láta syni sína læra og ganga á prestaskólann; af hinni meiri menntun er þessi ótti heldur ekki sprottinn, nema ef það skyldi vera að því leyti, sem menn, sem frjálsir menn, ekki vilja láta flengja sig til að sýna sóma sinn í því að vinna fyrir föðurlandið, heldur vilja gjöra það af frjálsum hvötum; það liggur í mannlegri náttúru, að menn fremur gangast fyrir því, að það sè farið að þeim með góðu en illu. Eg á og bágt með að rýma það saman, að svo mikil neyð sè fyrir hendi, að menn nauðsynlega þurfi þessa valds til að beita því, við það, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að þessu valdi svo að segja aldrei hefði verið beitt nè mundi verða beitt, því að nauðsynin hlyti þó að reka á eptir því, að því væri beitt sem optast, því annars er það þýðingarlaust í reyndinni, en stendur þó allajafna eins og grýla í vegi fyrir aðsókn á prestaskólann, af því að menn vita ekki, nema því kunni að verða beitt þegar minnst vonum varir. Eg get því ekki dregið aðra ályktun af þessu, en að úrskurðurinn sè *ópraktiskur.*

Benidikt Sveinsson: Þó mikið sè búið að tala um þetta mál, vil eg þó drepa á nokkur atriði þess. Þingmenn hafa talað mikið

um það, hvort úrskurðurinn væri byggður á rèttlátum grundvelli, og tók hinn háttvirti konungsfulltrúi í því efni sterklega fram, að styrkurinn, sem hinn ungi menntamaður hefði fengið til að menntast, innihèldi rèttlætiskröfu frá hálfu hins opinbera, sem sè, að hið opinbera hefði rèttláta heimtingu á því, að þeir, sem hefðu notið styrks af því, gengju nauðugir viljugir inn í prestastèttina; en sè þetta rètt, þá er sú setning líka byggð á rèttlátum grundvelli, að því meiri styrks sem einn hefir notið af því opinbera, því sterkari er skylda hans gegn hinu opinbera, og af þessu flýtur og, að hið opinbera hefir sterkari rètt gegn kandídötum frá Kaupmannahöfn, og það þó þeir sè »præistar« með slöngu, en gegn kandídötum frá prestaskólanum, af því hinir hafa notið meiri, já margfalt meiri styrks en þessir. Hvað því viðvíkur, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður gat um, að hin meiri menntun ætti ekki að gjöra menn ófúsari til að vinna fyrir föðurland sitt, þá er þetta mikið rètt og falleg hugsun, einkum fyrir þá sem ganga hina geistlegu götu, og mèr dettur í hug, að hún sè vel valin til þess að sýna verzlegan hag frá hlægilegu sjónarmiði, þegar hann ávinnst fyrir menntun og vísindi. En þá segi eg, að því menntaðri menn-irnir eru, því fúsari eiga þeir að vera til þessa, og þar sem menn nú munu vilja segja, að prestsefni nemi meira og verði menntaðri menn eins og stendur á háskólanum, en á prestaskólanum, ættu eptir þessari fögru hugsun háskólakandídatar einmitt að vera enn fúsari til að þjóna á rýrðarbranðum en prestaskólakandídatar. En þetta leiðir þá og aptur beinlínis til þess, að skikkunarvaldið eigi að ná eigi síður til háskólakandídata, með öðrum orðum til allra prestsefna jafnt. Gleymum ei »Lighed for Loven«; það er ógleymanlegur grundvöllur fyrir allri góðri löggjöf, en á honum hvílir ómótmælanlega, eptir því sem eg hefi sagt, hrein og bein rèttlætiskrafa um, að skikkunarvaldið, ef það á að eiga sèr stað, nái jafnt yfir öll íslenzk prestsefni, svo að allir líði súrt og sætt hver með öðrum. Þetta er það, sem vekur hjá mèr efa um, að konungsúrskurðurinn sè á svo sanngjörnum og strangt tekið rèttlátum grundvelli byggður, sem óskandi væri og flýtur af almennum löggjafar-grundvallarreglum. Þingmenn hafa nú líka mikið talað um árangurinn eður áhrifin af konungsúrskurðinum, en menn mega ekki dæma eða meta þau eptir því hvað skrifað stendur, lögin eru ekki í eðli sínu dauður bókstafur, heldur eiga menn að dæma þau eptir því, hvernig þau sýna sig í mannlegu lífi; því hvernig geta þau lög legið ónotuð, sem eru nauð-

synleg, nytsöm og góð, eður sýnt annað en góða og gagnlega ávexti? Eg held nú, að hin eðlilegu áhrif af þessum úrskurði, ef hann ekki er brúkaður, eins og stiptsyfirvöldin hafa lýst yfir, sèu að eins þau, að hann standi sem hótun til ungra mennta-manna; en gæti menn að því, að þó *þessi* stiptsyfirvöld sem nú eru, af því þau eru eins mild og þau eru, ekki noti hann, þarf þá þetta að gilda um eptirkomendur þeirra líka. Það er eptirtektavert, að menn hæla þessum lögum, af því þau liggja ónotuð. Að skikkunarvaldið er óvinsælt út um land, er efalaust, en það er ekki gott að sanna, hvaðan óvinsæld þessi sè helzt sprottin, einmitt af því hún liggur í hvers manns brjósti; foreldrum, sem ætla að senda syni sína í skóla, stendur ómótmælanlega og rammur stuggur af því, svo það hlýtur að aptra þeim frá því að láta sonu sína læra til prestsskapar og jafnvel frá því að ganga í skóla, því það er eðlilegt, að prestsembættin vaki helzt fyrir mönnum, er menn hugsa um að verða embættismenn hèr á landi, þó einstaka stúdentar sjái ráð til þess seinna meir að fara til háskólans. Það er og eðlilegt, að þessi úrskurður sè óvinsæll á prestaskólanum, því úr því kostnaðurinn til að verða prestur varð meiri við stofnun prestaskólans, þá er það með öllu eðlilegt, að menn gái betur en áður að því, hvað er í aðra hönd; það er mjög eðlilegt segi eg, að þessi ótti sýni sig á prestaskólanum, þessari innlendu vísindastofnun, sem hver einn góður Íslendingur ætti að stuðla til af öllu megni að dafni sem bezt og taki sem mestum framförum, og til þessa heyrir óneitanlega, að öllum þeim tálmunum, sem eru framförum skólans og aðsókninni að honum til fyrirstöðu, sè rýmt úr vegi; og sè það nú alvara manna, að skikkunarvaldið sè eigi prestaskólanum til niðurdreps, þá væri það og að minu áliti saklaust meðal til þess að hlynna að þessari innlendu vísindastofnun vorri, og saklaus ákvörðun fyrir háskólann, þó menn breyttu skikkunarvaldinu þannig, að það væri einungis látið ná til þeirra sem færu til háskólans og menntuðust þar í guðfræði! Eg efast ekki um það, að margir ágætir guðfræðingar hafa komið og geta enn þá komið hingað frá háskólanum í Höfn, en vèr getum víst líka fengið ágæta guðfræðinga hèðan af prestaskólanum; vèr getum fullvel lært guðsorð hèr á Íslandi hjá sjálfum oss á vorri eigin tungu, án þess að þurfa að sækja það til annara; mèr fannst því öldungis rètt, þegar hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að úrskurðurinn væri ekki annað en grýla á þessa vora innlendu vísindastofnun, en yrði hún

tekin burtu, yrði hvötin stærri til þess að ganga á prestaskólann, og við það fjölguðu aptur presta-efnin; stiptsyfirvöldin mættu og verða fegin, því þá mundu þau síður komast í vandræði með það vald, sem þau hingað til hafa eigi treyst sèr til að nota, af því það er og verður óeðlilegt band á andlega frjálsum mönnum. Eg verð þess vegna að gefa atkvæði mitt fyrir því, að úrskurðurinn sè numinn úr gildi sem skaðlegur, og einmitt verkandi móti því augnamiði, er hann einmitt vill hjálpa við og efla, eins og eg fæ eigi sèð að hann sè á sem sanngjörnustum grundvelli byggður; hann er fyrir mínum sjónum gamalt súrdeig frá gömlum tímum, sem vart mun þróast hèr á landi eptir þeirri lífsstefnu, sem þjóðlíf vort hefir tekið. Andlegt frelsi og frjálsræði er hinn eini og eðlilegi grundvöllur fyrir menntunarstofnunum hinna nýrri tíma, og þeim grundvelli megum vèr ei gleyma og setja í staðinn fyrir hann eins konar kúgunar- eður hótunar-vald, sem varla getur samrýmzt almennu borgaralegu frelsi. Að öðru leyti finnst mèr nefndarálitið gott, og framsögumaður hefir tekið það fram, er mèr virðist einkum vera athugandi við það.

Sveinn Skúlason: Það hefir verið talað svo mikið um aðalmálið, að eg þarf ekki að segja meir um það, því þingmenn eru búnir að taka það fram, er eg vildi hafa sagt. Eg ætla því einungis að bera upp nokkur breytingaratkvæði. Mig furðar á því, að úr því menn hafa viljað lètta þessum krossi af herðum stiptsyfirvaldanna, hvers vegna menn þá ekki hafa gjört það alveg, og vildi eg því leyfa mèr að bæta úr þessu með því, að bera upp breytingaratkvæði. Mèr finnst nefnilega undarlegt, eins og stendur í fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar, að nema einungis úr lögum úrskurðinn 1862, því mèr þykir eins mikil ástæða til að nema í burtu öll hin eldri lög um skikkunarvaldið, því eg vil ekki láta hina fáu stúdenta frá Bessastöðum, sem enn kunna til að vera, verða lakar úti en aðra. Af þessu leiðir nú, að eg verð líka að taka mèr breytingaratkvæði við annað niðurlagsatriði nefndarinnar þessu samkvæmt, svo að fyrir orðin »kandídötum í guðfræði», komi »sem rètt hafa til prestsskapar og». Mèr virðist líka rèttara að herða á 3. niðurlagsatriðinu, því mèr þykir ekki nóg, að getið sè þessa fyrirheitis í veitingarbrèfinu, heldur vil eg með viðauka-atkvæði fara því fram, að stiptsyfirvöldin sèu bundin við þetta loforð sitt.

Jón Guðmundsson: Það sannast á þessu máli hið gamla orðtæki, »það er svo margt selt og keypt, að sitt lízt hverjum». Eg

er í aðalefninu samdóma binum háttvirta konungkjörna varaþingmanni, að óskandi væri, að engin nauðungarlög þyrítu að vera, t. a. m. engin landvarnarskylda, engin beinlínis skattskylda o. s. frv.; þetta og því um líkt eru því miður einungis fagrar óskir; en hætt er við því, að heimurinn muni lengi þurfa að standa enn þá, áður en þær óskir uppfyllast; þess mun lengi verða að bíða, að almenn nauðsyn verði ekki ríkari, en rèttur hvers einstaks manns, og þyrftum vèr við engin nauðungarlög, skyldi eg vera manna fyrstur til að hjálpa til að rífa úrskurðinn í sundur. En á meðan við ekki erum komnir lengra áleiðis, heldur en þetta, að mörg prestaköll eru hèr sálusorgaralaus árum saman, þá finnst mèr það vera á rèttum rökum byggt, að við höfum eitthvert laga aðhald, svo að presta-efnum verði gjört að skyldu, nauðsynja vegna, að gjöra sitt til, að margir söfnuðir ekki verði án kristilegrar uppfræðingar, án hluttekningar í náðarmeðölum kristilegrar kirkju, og án guðs í heiminum árum saman. Það væri mjög sorglegt, ef niðurstaðan yrði sú, að ekki yrði annað sýnna, en að prestaskólinn yrði að vera til að innræta lærisveinum sínum það, að vilja ekki, eða álíta sig undanþegna frá að leggja sitt til, að fáfróðir meðbræður vorir fengi sömu leiðbeiningu á guðs götu, eins í útkjálka söfnuðunum eins og í hinum betri og aðgengilegri prestaköllum. Meðan nauðsynin til þessa valds er til og því verður ekki neitað, að hún er hjá oss, þá verðum við að beygja oss undir hana, nema ef menn þykjast geta svo gott sem útskúfað einstökum söfnuðum, með því að láta þá vera sálusorgaralausa svo árum skiptir. Eg verð að segja það, að þó eg ekki fallist á nefndarálitið, þá hefir nefndin viðurkennt með þessum uppástungum sínum, að hèr væri sannarleg vandræði fyrir hendi og brýn nauðsyn til staðar að ráða úr þeim, með því nefndin lætur ekki þar við lenda, að vilja af taka skikkunarvaldið, heldur gjörir hún jafnframt beinar uppástungur um úrræði, er eigi að koma í stað skikkunarvaldsins. Látum okkur þá skoða þessi úrræði nefndarinnar, og taka þau, ef nokkur bót getur orðið að þeim, því sè þessi úrræði ekki að eins mildari heldur líka betri, þá er að sleppa hinum harðari og verri. En eg held að megi um þetta segja: »að svo skal böl bæta, að bíði ei annað meira». Hèr er stungið upp á að fá lagaheimild fyrir því, að stiptsyfirvöldin geti gengið í samning, eða upp á akkorð við menn, sem menn segja, og geti sagt: Ef þú villt gjöra það fyrir okkur að taka þetta útkjálka brauð að þèr, þá skaltu að svo og svo löngum tíma liðnum fá 200 til 300 rd.

brauð. Eg geng nú út frá þeim tímum sem nú eru, og er eg þá viss um, að efnilegur prestaskólakandídat mundi alls ekki vilja taka slíku boði; hann mundi heldur vilja lifa upp á eigin spítur og bíða í 2 eða 3 ár, því þá mundi honum trauðlega verða neitað um að keppa um þetta sama, eður annað betra 200 til 300 rd. brauð, heldur en það sem honum var boðið. En ef í stað þessara 200 til 300 rd. væru settir 400 til 500 rd., eins og mèr heyrðist hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður áskilja sèr breytingaratkvæði um, þá yrði þetta að vísu næsta aðgengilegt boð fyrir flesta, en þó mèr finnist það mundi leiða til hins alræmda »Simonie» sem kallað var, eður til sölu á brauðunum, og þar að auki mundi þetta gefa stiptsyfirvöldunum háskaleg meðöl í hendur til hins mesta gjörræðis. Það hefir mikið verið talað um, hvað óvinsæll þessi úrskurður sè, en eg held, að það sè nokkuð orðum aukið; að minnsta kosti er það víst, að á meðan skikkunarúrskurðurinn stendur, og ef honum væri framfylgt, þá geta þó þeir söfnuðir, sem lengi hafa verið sálusorgaralausir, haft von um að fá prest til sín, og sízt geta menn sagt, að þessi fæð og skortur á presta-efnum, sem nú er, sè sprottin af þessum úrskurði, sem fyrst kom út 1862. Hver sem niðurstaðan verður hèr á þingi í þessu máli, þá finnst mèr niðurlagsatriðin nr. 2 og 3 vera óhafandi og ekki sè um neitt annað að ræða heldur en annaðhvort að fella eða aðhyllast niðurlagsatriði nefndarinnar.

Stefán Jónsson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja að því, til hvers gagns þessi úrskurður væri, sem hèr ræðir um, þegar hann aldrei er brúkaður og ekki eru söfnuðir nú prestslausir árum saman af því, að úrskurðinn vanti heldur af því, að hann getur ekki komið að nokkru gagni, hann verður fremur til að fækka presta-efnum en fjölga, og ef það er víst, eins og eg ætla að sè, að hann fælir menn frá því að ganga á prestaskólann og jafnvel líka lærða skólann, þá eiga menn að reyna til af alefli að bægja öllum þeim hindrunum burt, sem eru því til fyrirstöðu, að menn gangi á þessa skóla, og það af hverri tegund sem hindrunin er. Það dugir ekki að bera saman tímana núna og áður, það er ólíkt, hvað kostnaðurinn nú er meiri en áður. Frá Bessastöðum höfðu menn allt af nóg presta-efni, en nú eru menn alvarlega farnir að finna til prestafæðarinnar, og kemur það af því meðal annars, að menn nú ekki geta lifað fyrir það, sem menn áður gátu; kostnaðurinn er meiri nú en áður fyrir alla yfirhöfuð, eins fyrir prestana sem aðra; þetta vita held eg þeir embættismenn sem fá laun sín úr konungssjóði,

því kvartað hafa þeir á þessum tímum meir en áður, þó að þá væru minni laun þeirra. Það er og mjög svo óviðfelldið, að einn eða tveir menn sè teknir svona út úr af mörgum, sem þó hafa fengið styrk, og skikkaðir mót vilja sínum, en allir aðrir sèu látnir sleppa fríir. Eg er þess vegna á því, eins og eg hef áður sagt, að öllu því, sem er til hindrunar fyrir, að menn gangi á skólana, sem hèr eru, sè sem fyrst bægt í burtu, en þetta gjörir konungsúrskurðurinn að ætlun minni og þvi er nauðsynlegt, að sleppa við hann sem fyrst. Eg get ekki heldur skilið í því, að það sè háskalegt, þó stiptsyfirvöldin, eins og nefndarálitið fer fram á, með öðru móti reyndu til þess að útvega menn í brauðin, ef þeir annars væru til, þá er það að mínu áliti miklu eðlilegri vegur, og eg held þau þyrftu ekki að ganga fyrir hvers manns dyr, presta-efnin mundu sem optast vera hèr í Reykjavík.

Ásgeir Einarsson: Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga er nú reyndar búinn að taka fram það, sem eg ætlaði að segja, svo eg held, að það svari ekki ómakinu fyrir mig að standa upp, en eg vildi þó minnast á, að mèr sýnist þingmenn sè nú búnir að reka sig á, að betur hefði farið, að nefndin hefði verið ein bæði í presta-eklumálinu og þessu máli, því að mèr finnast þau svo náskyld, að þau verði ekki að skilin. Það er nú búið að tala um að fella 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar og verður þá ekki eptir nema 1. atriðið eður ein lína. Eg held því að ályktarumræða í þessu máli ætti að bíða eptir nefndarálitinu í presta-eklumálinu, og vita hvernig það færi. Eg skil ekki í, hvernig ein lína verður sampykkt í nefndarálitinu, ef allt hitt fellur. Það er nú farið að losna svo um hnútana á þessu skikkunarvaldi, að það eru ekki lengur nema hreppstjórarnir, sem verða skikkaðir, ekki er að hugsa til að skikka böðla, og hreppstjórarnir geta þó bjargað sèr með því að flytja burt úr hreppnum. Eg get borið hinum 5. konungkjörna þingmanni vitni um það, að óánægjan er almenn og megn yfir hinum áminnsta konungsúrskurði, því að eg get fullyrt, að svo var sem ör flýgi gegnum hvers manns brjóst, er þeir heyrðu úrskurð þenna, og luku allir upp einum munni um það, að flest presta-efni mundu fyrr ganga í þúsund hættur, heldur en þeir lèti hrekja sig nauðuga til Grímseyjar eður þvílíkra staða; eg tala nú ekki um, að þeir heldur mundu vilja verða búðarloka en sæta þessum kostum; og það er ekki svo langt síðan að einn prestur lagði niður embætti sitt og fór frá því, af því hann þóttist hart leikinn af

stiptsyfirvöldunum. En gætum nú að, hvort úrskurðurinn gæti komið að gagni, þótt honum væri beitt? Eg tek til dæmis, að fátækir foreldrar kostuðu son sinn í skóla, og hann gengi síðan á prestaskólann og yrði að leita styrks, og væri nú orðinn skuldugur, þegar hann væri búinn að afljúka námi sínu. Ef hann vildi nú ekki gegna skikkuninni segi eg, hvar ætti þá að taka endurgjaldið fyrir styrk þann, sem hann hefir notið? Eg held, að stiptsyfirvöldin geti ekki tekið fè, þar sem það er ekki til, og þó að þau nú gæti flutt manninn bundinn á skikkunarbrauðið, þá gæti þau ekki, og ekki allur heimurinn fengið þá til að tala, það yrði eins og þegar menn forðum voru lagðir á pínubekkinn, að þeir urðu ef til vill, meðan á pínunni stóð, pintaðir til að segja það, sem þeir þó undir eins tóku aptur þegar þeim var sleppt. Og eg held, að presta-efnin segi eins og stjörnuspekingurinn Nikulás Kópernikus sagði, er hann var píndur til að segja, að jörðin væri flöt, þá sagði hann, er honum var sleppt, hún er þó hnöttótt; eins held eg presta-efnin segi, þótt eg sè skikkaður, samt skal eg aldrei fara.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst sú spurning vera undirstaða þessa máls: Er konungsúrskurðurinn 17. maí 1862 gagnlegur og nauðsynlegur, og er hann hentugt verkfæri í hendi stíptsyfirvaldanna til að ná tilgangi sínum, að fá presta á rýrðarbrauðin, eður er hann ónýtur og ófær til þessa? Og í öðru lagi; er skikkunarvaldið nauðsynlegt? Það er nú eigi ætlun mín að leysa úr öllum þessum spurningum, því hvort sem skikkunarvaldið er nauðsynlegt eður eigi, þá finnst mèr samt konungsúrskurðurinn 17. maí 1862 alveg ónýtur og óhafandi. Það er þá fyrst, að konungsúrskurðurinn er gagnlaus og getur eigi leyst úr þeirri þörf, sem hann á að gjöra, það er að segja, að útvega presta á rýrðarbrauðin. Því að, hvað er þetta vald sem konungsúrskurðurinn gefur? Það er ekki annað vald, en að stiptsyfirvöldin mega semja við þann, sem ætlar að sækja um ölmusu við prestaskólann, og segja við hann: Eg skal gefa þèr 100 rd., ef eg má reka þig síðan hvert á land eg vil. Gangi nú maðurinn ekki að þessu, hverju eru þá stiptsyfirvöldin nær? Og gangi hann að því, en segi þó þegar hann er búinn af prestaskólanum: Eg vil ekki fara út í Grímsey, heldur vil eg fara norður á Langanes, (sem varaforseti var svo hræddur við), sendlð mig að Sauðanesi, því það er bezta brauð, og þar situr prófasturinn í Þingeyjarsýslu. Ef hann nú eigi vill fara, þá skal hann skila tafarlaust aptur þeim 30 silfurpeningum, og er þá ekki annað fyrir

stiptsyfirvöldin en að taka við þeim, eður þá að taka þessa 100 rd. aptur lögtaki, ef maðurinn vill eigi skila þeim, en hvaða gagn er að þessu fyrir brauðin? Fèð rennur sjálfsagt inn í háskólasjóðinn, þaðan sem það var komið, og það verður líklega til að veita einhverjum þeim styrk, sem ganga vill fram hjá innlendri menntastofnun og nema guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Í öðru lagi finnst mèr úrskurður þessi sè eigi kominn á að lögmáli rèttu. Eg sè eigi betur, en hann raski jafnrètti því, sem prestaskólakandídötum er gefið í samanburði við kandídata frá háskólanum í Kaupmannahöfn með konungsúrskurði frá 30. júli 1850, og því er efni úrskurðarins 17. maí 1862 löggjafarmál, og hefði átt að leggjast fyrir þingið, eptir alþingistilskipunarinnar 1. grein, og tilskipun 28. maí 1831 4. grein, þar sem konungur skuldbindur sig til að gefa eigi lög um mannrèttindi, nema þau sè áður lögð fyrir þingið. Eg vil nú spyrja: Eru ekki prestaskólakandídatar menn? Eg býst við að svarað verði, »jú«, en nú finnst mèr úrskurður þessi fremur halla þeim rètti, sem gefinn er í konungsúrskurðinum 30. júní 1850. Eg vil því stinga upp á því til vara, ef 1. og 2. töluliður fellur, að frumvarp til skikkunarvalds verði lagt fyrir alþingi. Mèr er nú ekki ljóst, hvort skikkunarvaldið er nauðsynlegt, en hitt veit eg, að eigi hefir sá siður komizt á í Danmörku, og jafnvel eru prestar eigi skikkaðir til Grænlands, og er þó sannarlega eigi aðgengilegt að fara þangað. En sè skikkunarvaldið nauðsynlegt, þá vil eg, að það sè gjört að lögmáli rèttu, en eigi smeygt svona inn. Eigi get eg verið samdóma varaforseta í því að kalla það »Simonie«, þótt stiptsyfirvöldin heiti þeim betra brauði, er taka þessi rýrðarbrauð.

Framsögumaður: Það er nú búið að skýra svo málið, að eg held, að eg bæti mig ekki á því, að fara fleiri orðum um það. Eg vildi einungis geta þess viðvíkjandi ræðu hins háttvirta varaforseta, að mèr þótti honum eigi farast greinilega orð, og þótti mèr það því meiri furða, þar sem hann er annars vanur að tala greinilega, og þegar eg skyldi ekki ræðu hans, fór eg að efast um að eg væri jafn skilningsgóður og áður, og hèlt eg því, að hann hefði talað ræðu þessa að nokkru leyti »utangarna«, og fannst mèr sú verða niðurstaðan, að hann væri kominn á hinn æðra bekk, en eg á hinn óæðra, þar sem hann var farinn að taka svari stiptsyfirvaldanna eður stjórnarinnar móti mèr. Hann talaði mikið um nauðsyn, en eigi hvernig skikkunarvaldið bætti úr henni. Þetta orð »nauðsyn«

er nú svo yfirgripsmikið, að það má teygja það eins og hrátt skinn. Það hefur til að mynda einatt orðið mikil rimma um það á ríkisþingi Dana, hvað væri »europæisk Nödvendighed«, en eg vildi eigi leggja til, að það yrði svo hèr á þinginu, að menn færi að tala um nauðsyn, þar sem hún eigi væri; eg er því nú reyndar í fyllsta máta samdóma, að nauðsynin sè hèr mikil, hvað presta-ekluna snertir, en skikkunarvaldið bætir ekki úr presta-eklunni, heldur gjörir það hana langtum meiri. Hinn háttvirti varaforseti talaði um, hvort menn lærði það á prestaskólanum, að vilja eigi líkna fáfróðum meðbræðrum sínum; þeir vita það nú eins vel og eg sem ganga á prestaskólann; og eg veit eigi betur, en á prestaskólanum sè eigi annað kennt en það, sem örfað geti menn til kristilegs kærleika. En þó prestaskólinn sè andleg stofnun, þá er hann þó ekki svo andlegur, að þar sè ekkert tillit haft til tímanlegra nauðsynja manna. En ef einungis væri um þá að tala, sem eru á prestaskólanum, þá væri máske nauðsynlegt að innræta þeim þá skoðun, að þeir ættu að vilja fara sem trúarsendiboðar til þessara útkjálkabrauða; en hèr er eigi spurningin um, hvort *þeir* hafi þessa skoðun, heldur þeir, sem á prestaskólann *ætla* að ganga. Ef nokkur hefði hlaupið burt af prestaskólanum sökum skikkunarvaldsins, þá gæti menn, ef til vill kennt því um, að kennslan lyti að veraldlegum hagnaði, en hèr er ekki því máli að gegna. 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar áttu nú ekki upp á pallborðið hjá varaforseta, því hanu sagði að þau væri óhafandi, en eg skildi hann nú ekki, þar sem honum þótti 200 rd. oflítið, en 400 rd. ofmikið; eg get ekki annað, en dregið af því þá ályktun, að hann vilji fara meðalveginn og hafa 300 rd. Það var engan veginn meining nefndarinnar, að stiptsyfirvöldin ætti að ganga fyrir hvers manns dyr. Það gengur yfir mig, að þvílíkir »forrèttingamenn« skuli hreifa slíku; því þegar þessi ákvörðun kæmi út og brauðinu væri slegið upp, þá vissu menn undir eins, að það væri með þessum kostum, og sækti um þau með því að þeir fengi forgangsrètt til meðalbrauða.

Jón Sigurðsson: Það er svo margt búið að tala með og móti í þessu máli, að eg held, að það sè óþarfi fyrir mig að fara þar um fleirum orðum; en af því eg ætla það sè vel til fallið, að sem flestir þingmenn láti í ljósi meiningu sína um þetta mál, og af því sumir þingmenn hafa vikið orðum að því, að æskilegt væri að heyra álit manna um það heiman úr hèruðum, þá vildi eg tala nokkur orð. Það mun eigi orðum aukið, að úrskurðurinn frá 17. maí

1862 sè sannkölluð grýla fyrir þá, sem ætla sèr að ganga á prestaskólann, og alla sem eg hefi heyrt um hann tala, hefi eg heyrt óska honum dauða hið bráðasta; enda ætla eg, að full ástæða sè til þess, því þó að hann veki ekki kvíða eða ótta í hjörtum unglinganna, sem ekki bera skyn á, eða sjá glöggt inn í það, hverjar verkanir slíkar ákvarðanir sem þessar hafa á lífskjör þeirra, er ætla að gefa sig við prestsskap, þá verkar hann þó á hjörtu allra þeirra sem skyn bera á, og sem vilja hlynna að prestaskólanum, eða hafa hug á að hafa hans einhverjar nytjar fyrir sig eða sína. Mèr fannst varaforseti fella of harðan og ástæðulausan dóm á 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar; mèr finnst einmitt sú aðferð, sem þetta 2. niðurlagsatriði bendir á, vera mikið heppilega valin af nefndinni; því fái stiptsyfirvöldin vald til að semja við presta-efnin um að fara á þessi skikkunarbrauð, þá er það auðvitað, að í því liggur sú meining, að þau eiga að fá menn *viljuga* í staðinn fyrir *nauðuga,* til að innganga þetta heilaga sálusorgara-embætti, og sjá allir hvílíkur munur er á því; þá er rutt af vegi presta-efnanna þessum voðalega þrepskildi, skikkunarvaldinu, sem hvert frjálslynt hjarta hlýtur að hrylla við. Mèr finnst einungis, að nefndin hafi ekki farið nógu langt í uppástungum sínum, með að tiltaka 200 rd. brauð, því að 200 rd. brauðin eru ekki öll svo girnileg; eg þekki sum 200 rd. brauð sem máske verða skikkunarbrauð með tímanum; og af því eg vil hlynna sem mest að presta-efnum vorum, þá vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir 200—350 rd. brauð verði sett 300—450 rd. brauð.

Jón Hjaltalín: Eg ætla nú ekki að tala margt, eg vildi einungis gjöra það breytingaratkvæði við 2. tölul., að stiptsyfirvöldin veiti öllum, sem skikkaðir eru, hvort það brauð, er þeir sækja um. Menn eru að tala um þessi 200 rd. brauð, þau eru nú ekki altènd beisin, það er þá slæm bújörð, eður einhverjir annmarkar, og menn vildu heldur annað brauð; það getur stundum vel verið, að menn sækti ekki um nema 200 rd. brauð, ef það hefði góða bújörð, því flestum þykir mikið undir henni komið. Það gæti líka verið, að þeir fengi Breiðabólstað eða Odda og það væri þá ekki svo hættulegt, ef það væri háskólakandídatar, en mèr finnst eðlilegast að skikkunin gengi jafnt yfir alla, því eins og máltækið segir er allur jöfnuður góður og hann mætir gjarnast minnstum mótbárum.

Brynjólfur Jónsson: Það er nú búið að tala margt og mikið í þessu máli og flestir hafa verið nefndarálitinu meðmæltir, svo

að af þeirri ástæðu sýnist nú eigi þörf á að tala meira. En svo mun vera um þetta sem annað, er málsháttur inn segir: »að viljugan er hvern bezt að kaupa«. Menn eru jafnan fúsari að vinna það verk vel og dyggilega, sem þeir ganga viljugir að, en sem þeim er skipað með harðri hendi, þetta á sèr stað alstaðar í mannlegu lífi og eins hèr. Það verður allt af óvinsælt að kippa svona einum og einum út úr hóp presta-efnanna og setja hann t. a. m. út í Grímsey um einhvern óákveðinn ára tíma, þó að hann eigi í vændum að fá lífvænlegra brauð einhvern tíma síðar meir; en skyldi hann nú skorast undan þessari skikkun, þá verður hann að skila styrknum aptur. Eg held það sè hinn bezti vegur, sem nefndin fer fram á, að stiptsyfirvöldin komi sèr saman við presta-efnin um að taka hin vesölustu brauð móti því, að þeir eptir 3 ár fái forgangsrètt fyrir öllum öðrum til þess konar brauða sem nefndin tilgreinir. Sumir hafa sagt, að skikkunarvaldið mundi ei vera óvinsælt, það kann að vera, að það ekki heldur sè það i þeim prestaköllum, sem skikka þarf presta til. En skikkunarvaldið nær ekki heldur til almúgamanna, þeir þurfa ekki að vera hræddir um, að þeir verði skikkaðir, en allir þeir, sem læra, geta átt von á, að það komi niður á sèr. Það hefir jafnan þótt eitthvað óvirðulegt við það, að vera skikkaður, af því að hinir lítilfjörlegustu hafa jafnaðarlegast orðið fyrir því, og afleiðingin hefir orðið sú, að lökustu brauðin hafa haft lakasta presta, og þar af hefir aptur leitt, að framfarirnar, bæði í andlegum og líkamlegum efnum, hafa orðið minnstar í þessum prestaköllum. Eg verð því að vera nefndinni meðmæltur, því mèr sýnist úrskurðurinn vera prestaskólanum til niðurdreps og fremur fækka en fjölga presta-efnum, svo vansèð verði, hvort nokkur presta-efni fáist þegar fram líða stundir. Mèr finnst orðið »vítalaust« í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar vera nokkuð óákveðið; mèr finnst að megi teygja úr því, að það megi skiljast svo, að presturinn hafi staðið vítalaust i stöðu sinni, ef hann eigi hefir sætt opinberum átölum. Eg vil því gjöra það breytingaratkvæði: »ef hann stendur trúlega og samvizkusamlega í stöðu sinni«. Þetta finnst mèr verða heimtað af hverjum einum, eigi hann að geta álitizt verðugur til að fá betra brauð.

Helgi Hálfdánarson: Það hefir margt og mikið verið talað um, hve óttalegur og óþolandi þessi konungsúrskurður væri, og hversu mikil óánægja væri yfir honum út um allt land. Mèr er nú reyndar ekki kunnugt um þessa miklu óánægju, nema að því

leyti, að eg veit til, að konungsúrskurður þessi er ekki vinsæll á prestaskólanum, enda get eg ekki vel skilið, hvers vegna skikkunarvaldið þykir svo óttalegt og óþolandi, eins og eg heyri að menn álíta það nú. Það er að vísu slæmt, að því þarf að beita, en ef stiptsyfirvöldin efna loforð sitt við þá, sem þau skikka, þá finnst mèr það ekki eins óþolandi, eins og orð er á gjört. Eg held að þessi skoðun sè að nokkru leyti byggð á misskilningi. Að menn sèu skikkaðir er þó, eins og varaforseti tók fram, ekki eins dæmi; hreppstjórar eru líka skikkaðir, og það ekki með neinum fögrum loforðum um gott embætti á eptir, og hreppstjórar eru þó menn eins og prestaskólakandídatar. Landvarnarskyldan, sem tíðkast í flestum löndum er líka skikkun, og eru þar lítil laun fyrir, því hin litlu dátalaun eru ekki teljandi. Þótt slæmt sè að vera skikkaður í Grímsey, þá er vissulega ekki betra að vera skyldaður til að fara í stríð og láta skjóta sig. Eg held því að það sè nokkuð skakkt hugsað, þegar menn álíta þetta skikkunarvald svo óttalegt og ósanngjarnt. Eg er að vísu manna fúsastur á að játa, að æskilegt væri, að skikkunarvaldinu þyrfti ekki að beita. Það getur nú verið að niðurlagsatriði nefndarinnar, tölul. 2., leiði til góðs, en eg er hræddur um, að það nægi ekki, heldur verði eptir sem áður allt af einhver brauðin á hakanum, sem enginn fáist í, og hvað á þá að gjöra? þá sè eg ekki annað ráð en skikka. Mèr hefir nú dottið í hug að bera breytingaratkvæði upp í þá stefnu, að biðja um að konungsúrskurðinum yrði breytt þannig, að ef stiptsyfirvöldin gæti eigi fengið menn með þeirri aðferð, sem nefndin tekur fram í tölul. 2., til að taka að sèr brauðin, þá hefði þau vald til að skikka í þau með skýlausu loforði um betra brauð, t. a. m. eitthvert með 200—350 rd. árlegum tekjum, þegar 3 ár væru liðin. Þetta loforð ættu þeir, sem brauðin veita, að vera skyldugir til að efna; því það er ekki nema sanngjarnt, að menn eigi sè dregnir á þeim launum, sem þeim eru heitin, þegar þeir eru búnir að vinna fyrir þeim, eins og áskilið hefir verið. Mèr þótti hinn háttvirti 5. konkonungkjörni þingmaður ekki dæma rètt eða sanngjarnlega orð hins 2. konungkjörna þingmanns, sem sagði, að rèttast væri að skikka helzt efnilega menn, en ekki hina lökustu (*Jón Hjaltalín:* Það er ei rètt hermt). Jú! Mèr finnst það sjálfsagt, að þegar skikkað er, þá eigi ekki að velja hina lökustu, heldur einmitt efnilega menn, það er eigi þar með sagt, að það eigi að vera þeir, sem hafa beztan vitnisburð, heldur þeir, sem menn geta gjört sèr von um,

að verði duglegir embættismenn og muni standa vel í stöðu sinni. Það var áðan minnzt á, að eigi væri siður í Danmörku að skikka menn til brauða, og þó fengjust prestar til Grænlands; en eg vil fyrir mitt leyti ekki óska, að sama fyrirkomulag, sem viðgengizt hefir í Danmörku, hvað Grænland snertir, kæmist á hèr á landi. Það mun nefnilega stundum áður fyrri — þó það muni vera orðið öðruvísi nú — hafa verið þannig, að þeir stúdentar, sem ekki gjörðu sèr von um að geta náð góðri einkunn í embættisprófi, gáfu sig fram og buðust til að verða prestar á Grænlandi, ef þeir fengi hinn ákveðna styrk, og munu þeir þá stundnm ekki hafa kært sig um að lesa meir en svo, að þeir næði einhverri einkunn, t. a. m. hinni lökustu (non contemnendus) og vil eg ei óska, að slík venja kæmist á hèr. Eg áskil mèr þá breytingaratkvæði í þá stefnu, sem eg áður hefi drepið á, þannig að fara meðalveg milli þeirra, sem vilja halda skikkunarvaldinu eins og það er nú og hinna, sem ekki vilja hafa neitt skikkunarvald.

Konungsfulltrúi: Eg verð að vera á því, að töluliður 2. bæti lítið úr, og vil eg annaðhvort, að konungsúrskurðurinn sè tekinn beinlínis af og ekkert sett í staðinn eður láta hann standa óhaggaðan. Það sem er undir 2. og 3. tölulíð þarf eigi að biðja um, því það hefir verið áður. Eg get engan veginn fallizt á þá skoðun nefndarinnar, að stiptsyfirvöldin eigi að þurfa að ganga fyrir hvers manns dyr, en það verður þó svo að vera eptir uppástungum nefndarinnar, til að fá presta í litlu brauðin. Eg álít rètt, sem tekið var fram, að lítið mundi koma út af því að fara að tala við einn og einn. Eg hefi talað um þetta við einn mann hèr í bænum sem gat orðið prestur og spurði hann, hvort hann ætlaði ekki að fara að sækja. Hann sagði: Eg þarf þess ekki með, eg get unnið mèr hèr meira inn en með því að sækja um brauð, og svo fæ eg Anciennitet með því að bíða. Þessi svör fengi menn allt af. Get eg því eigi verið nefndinni samþykkur í því, að stiptsyfirvöldin skuli semja við presta-efnin, því eg held, að komi lítið út af því, þetta er og fráhverft því sem alstaðar annarstaðar viðgengst, að þetta verði almenn regla; en það getur staðið svo á, ef sèrstakan dugnað þarf til að þjóna einhverju embætti, að þá sè ekkert á móti að semja við þann, sem bezta hæfilegleika hefir til að gegna því embætti, um að takast það á hendur. Eg vil því, að ekkert sè sett í staðinn fyrir konungsúrskurðinn, ef hann verður af tekinn.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að biðja þingmenn að athuga það

að hinn heiðraði varaforseti byggði á alveg röngum grundvelli, er hann sagði, að eg hefði sagt, að hèr á landi væri allt svo fullkomið. Það voru eigi mín orð, heldur þvert á móti, eg byggði á því, að allt væri hèr ófullkomið, og vèr værum víst eigi að eyða tíma vorum hèr á þingi til að tala um annað eins mál og þetta er, ef allt væri hjá oss fullkomið. Hitt er satt, að mèr finnst konungsúrskurðurinn leggja óeðlilegt band á menn, en öll bönd sýna ófullkomlegleika og honum ættum vèr eptir megni að hrinda burtu úr fèlagi voru. Varaforseti verður nú að fyrirgefa mèr, þótt eg einu sinni nefndi orðið frelsi, þar sem hann er svo mikill frelsis vinur, og að eg beiti nú því vopni móti honum sjálfum, sem hann svo opt beitir móti öðrum. Eg sagði, að eg áliti það eðlilegra, að rýma burtu öllum hindrunum fyrir viðurreisn vísinda hèr á landi en kæra sig ekkert um þær, heldur þvert á móti að hindra og leggja bönd á menn sem mest má verða; já mèr fannst þessi grundvöllur fyrir vísindalegum stofnunum hèr á landi alveg gagnstæður öllum sanni.

Fulltrúi Gullbringusýslu sagði, að hreppstjórarnir væri skikkaðir, það er að segja teknir eins konar lögtaki inn í hreppstjórnina, en á nú það endilega að heimfærast upp á prestsstèttina? það var talað um, að skikkunarvaldið væri ei óvinsælt í þeim prestaköllum, sem skikkað væri í, en eg held nú að Grímseyingum t. a. m. væri lítið þènt með þeim mönnum, sem væru teknir lögtaki til að kenna þeim guðsgötu; eg held eg fyrir mitt leyti vildi líta í kringum mig áður en eg gengi út í slíka ánauð eður vildi nota mèr af henni, því hún stríðir jafnvel móti almennu borgaralegu frelsi. Eg vil taka til dæmis: Er það rètt að taka mann á miðjum aldri, sem er orðinn búsettur austur á landi og kominn þar í fastan atvinnuveg og búinn að ná þar fullum borgaralegum rèttindum, er það þá rètt segi eg að hneppa hann norður í Grímsey? Hvar eru þá lögfræðingarnir, ef þeir gæti eigi að sliku og því liku! Menn segja að þetta komi ekki fyrir, því þeir geti losað sig með því, að borga styrkinn sem þeir hafi þegið, en hver getur sagt nema hann hafi varið meiru fè til fèlagsins þarfa andlegra og líkamlegra og sè nú bláfátækur maður? Nú, þá er nú hitt úrræðið, að allt sè gott meðan úrskurðinum sè ekki beitt, en ef honum er beitt, sem er einmitt skilyrði fyrir því, að hann sè lög í landinu, já hvernig fer þá? Eg sè ekki betur, en stjórnin sè skyldug til að borga manninum fyllilega aptur allan þann kostnað, sem leitt hefir af því fyrir hann að rífa sig upp úr atvinnu-

vegi sínum; mèr þykir sannarlega undarlegt, hvernig þingmenn líta á þetta. Úrskurðurinn inniheldur sjálfur frækornið til sinnar eigin eyðileggingar, svo hann hlýtur að falla af sjálfum sèr. Viðvíkjandi því sem konungsfulltrúi sagði, að stiptsyfirvöldin yrði að ganga fyrir hvers manns dyr, þá vil eg leyfa mèr að spyrja hann, hvort þau þurfi eigi að gjöra það með skikkunarvaldið; eg segi fyrir mig, að eg vil heldur, að leitað sè eptir mèr sem frjálsum manni, en sem þræli, og vildi hvorki vera sá sem í leitinni væri nè heldur sá sem leitað væri að, eg vildi forða mèr jafnt frá hvorutveggju. Eg álít það í stuttu máli, að það sè ómögulegt, samkvæmt almennt viðurkenndum borgaralegum rèttindum, að draga menn svona nauðuga; tilfellin verða hèr svo margbrotin, að eigi verður unnt úr þeim að ráða og því hætti eg að sinni.

Framsögumaður: Því hefir verið hreift, að engir væri ánægðir með skikkunarúrskurðinn nema þeir söfnuðir, sem prestslausir væri. En ætli þeir kjósi eigi heldur þann, sem með fúsum vilja vill fara til þeirra en hinn, sem gjörir það nauðugur? Eg held þó, að það yrði þeim hagfelldara. Þingmaður Gullbringusýslu sagði, að þó stiptsyfirvöldin fengi menn með góðu, þá yrði þeir ekki nógu margir og þá yrði að skikka. En sè þetta svo, þá stendur sú setning stöðug, að úrskurðurinn er prestaskólanum til niðurdreps, það sýnir einmitt það að þeir eru nauðugir, en til að um flýja þessa nauðung ganga þeir fram hjá prestaskólanum.

Stefán Eiríksson: Það eru nú að vísu margir búnir að ræða í þessu máli og það svo að það virðist óþarfi fyrir mig að tala, enda skal eg ekki lengi tefja þingið. Þegar eg nú skoða þenna konungsúrskurð frá 17. maí 1862 út frá prestaskólanum, þá er hann óneitanlega nokkurs konar gryla, sem fælir menn frá að halda áfram lærdóms iðkunum sínum við prestaskólann; eg get borið um það, að undir eins og þessi konungsúrskurður varð kunnur út um landið, þar sem eg þekki til, var sú þýðing lögð í hann, að hann yrði til þess að steypa prestaskólanum, og hvort sem nú þetta leiðir af þessum úrskurði eða ekki, þá er það víst, að úrskurðurinn er óvinsæll, og það hjá vísindamönnum. Eg hefi ekki verið á prestaskólanum, en eg þekki menn, sem hafa þar verið, og því held eg að við ættum að róa þar að öllum árum, að sú vísindastofnun liði þó ekki undir lok; það getur verið meir en satt að stiptsyfirvöldin þurfi að beita þessu skikkunarvaldi, og nefndin hefir ekki með uppástungu sinni tekið það vald frá þeim, því eptir uppástungum nefnd-

arinnar er einungis burt numin þessi hræðilega hótun i konungsúrskurðinum, og við það fær skikkunarvaldið allt annan blæ, svo er nú líka tekið fram hjá nefndinni víst tímabil sem gjörir skikkunarvaldið aðgengilegra en áður. Mèr er það ekki ljóst hjá nefndinni undir tölulið 2. hvort þar er meint til guðfræðinga sem ganga á háskólann, en eg vil einmitt láta skikkunarvaldið ná yfir þá líka.

Benidikt Þórðarson: Eptir því sem nú stendur á með prestaefni hjá oss, virðist mèr skikkunarvaldið koma stiptsyfirvöldunum að litlu haldi; þau hafa engan, sem þau geta skikkað á nokkurt brauðið af þeim sem nú liggja laus og enginn sækir um. Þau fáu presta-efnin, sem nú eru til og framvegis verða til, hafa nóga aðra útvegi en að lúta skikkunarvaldinu. Þegar mörg brauð eru laus, eins og nú er, og ekki síður verður, geta þeir sótt um eitthvert þeirra, og held eg stiptsyfirvöldin hefði engan rètt til að neita þeim um það brauð, er þeir þannig sækti um, þegar enginn annar sækir á móti, og skikka þá á hitt. Það er því anðsèð, að konungsúrskurðurinn 17. maí 1862 seint og máske aldrei bætir úr andlegri þörf safnaðanna, þótt hann standi óhreifður og hver eptirsjá er þá í honum? Það er sagt, að hann sè óvinsæll, og eg er hræddur um að meira en skyldi sè hæft í því, að hann deyfi áhuga manna á prestaskólanum og veldur það því, að hann stendur þar í dyrum, þegar þetta er skilyrðið við ölmusuveitinguna, að undirgangast skikkunarvaldið. Það stóð öðruvísi á á Bessastöðum, þar voru ölmusurnar veittar skilyrðislaust; skikkunarvaldið var að vísu til, en enginn óttaðist það, þá var líka um svo marga að gjöra; að hver hèlt sig óhultan fyrir því, og flestum reyndist það þannig; stiptsyfirvöldin voru sjaldnast í vandræðum með að fá menn með góðu til að sækja um rýru prestaköllin, og opt fengu þau færri en vildu, en nú er þetta næsta á annan veg, nú eru presta-efnin örfá, og eins árlega fáir er útskrifast úr latínuskólanum; þessir fáu geta nú líka lagt annað fyrir sig, t. a. m. farið á læknaskóla og lagaskóla, þegar þeir komast hèr upp og eins og áður siglt á háskólann; eg held því að eigi sè til neins að láta úrskurð þenna standa, og betra sè að nema hann úr lögum, en að hafa hann fyrir grýlu prestaskólans; hafi stúdentum sem voru á prestaskólanum í fyrra þegar úrskurðurinn birtist brugðið svo við komu hans, að þeir gjörðu fyrirspurn til stiptsyfirvaldanna um, hvort hann ætti að ná til sín,

og gáfu bendingu um, að þá væru þeir þess búnir að fara úr skólanum er það ljóst, að þeim ekki hafi geðjast hann of vel.

Hvað að öðru leyti snertir úrskurð þenna, þá hefir þingmaður Borgfirðinga bent til þess, að hann væri ekki sem löglegast til orðinn, og ekki með samþykki alþingis, og því mun eg koma honum viðvíkjandi með það vara-atkvæði við uppástungu nefndarinnar, að hann leggist sem lagafrumvarp fyrir næsta alþing.

Jón Pètursson: Það er nú búið að mæla svo margt fyrir nefndarálitinu, að óþarfi er fyrir mig að standa upp til þess. Það er búið að lýsa þeirri óánægju, sem eigi sèr stað út af skikkunarúrskurðinum, og eg held menn geti ekki efazt um það, því bænarskráin tekur það einmitt sjálf fram, að skikkunarúrskurðurinn gjöri menn deigari á að láta sonu sína læra (*Jón Guðmundsson:* Voru bænarskrárnar frá mörgum hèruðum?, aðrir þingmenn vita og bezt, hver áhrif hann hefir gjört í þeirra kjördæmum. Það var einkum eitt atriði sem eg vildi vekja athygli að, þar sem konungsfulltrúi sagði, að stiptsyfirvöldin hefði það vald, sem um er beðið í tölul. 2. En eg veit ekki til, að þau hafi rètt til að taka þann, sem þjónað hefir litlu brauði í 2 ár, fram yfir hvern annan, sem sækir, nema ef þau eru alveg óbundinn í brauðaveitingum sínum; en svo óbundin hèlt eg ekki að þau ætti að vera, nema það væri með lögum ákveðið. Eg tek til dæmis, ef einhver gamall og vel metinn prestur sækti um brauð á móti einhverjum yngri, sem þó hefði þjónað litlu brauði, þá held eg stiptsyfirvöldin ætti og mundu heldur veita honum það; að minnsta kosti getur það eigi verið skylda fyrir þau eptir nú gildandi lögum að taka hinn yngri fram yfir. Eg sè eigi, hvers vegna þessi úrskurður á eigi að ná til kandídata frá háskólanum, því mèr heyrðist konungsfulltrúi byggja þessa skyldu á þeim grundvelli, að hið opinbera hefði tilkall til þeirra manna, sem nyti opinbers styrks; en þetta getur ekki verið grundvöllurinn (ratio legis) fyrir úrskurðinum, ef háskólakandídatar eru undanþegnir þessari skyldu, því þeir njóta þó meiri opinbers styrks en hinir.

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætlaði mèr eiginlega ekki að tala í þessu máli, en eg verð nú þó að segja nokkur orð til vonar og vara, til þess að áskilja mèr rètt til að sameina mig við þingmann Borgfirðinga um að orða breytingaratkvæði hans nokkuð nákvæmar en mèr heyrðist hann taka fram. Menn verða að gæta þess, að það er í sjálfu sèr allt annað að hafa á móti hinum síðasta úr-

skurði um skikkunarvaldið og á móti skikkunarvaldinu sjálfu. Eg fyrir mitt leyti get ei annað en samsinnt því, að úrskurðurinn sè heldur til skaða en gagns, og eg vildi styðja að því, að hann yrði upphafinn aptur, en hvað skikkunarvaldinu sjálfu viðvíkur, þá treysti eg mèr alls eigi til að segja, að það í sjálfu sèr sè skaðlegt, ef því að eins er rèttilega beitt, og svo ímynda eg mèr sè um fleiri, hèr í salnum. Það er víst að segja má, að úrskurðurinn eins og hann nú er, vofi eins og nokkurs konar grýla yfir prestaskólanum, og það má ekki vera, því vèr óskum allir að hann mætti blómgast sem mest; en þetta er líka aðalkjarninn í málinu, eins og hinn háttvirti konungkjörni þingmaður tók svo ljóslega fram. En þar sem nú er svo hægt, að ráða bót á því, ef það yrði að eins lögleitt að skikkunarvaldið skyldi eins ná yfir kandidata frá háskólanum, eins og frá prestaskólanum, þá sè eg ei hvers vegna menn þurfa að kasta skikkunarvaldinu sjálfu burt, þó menn sèu óánægðir með þá galla, sem nú eru á úrskurðinum um það. Hinn háttvirti varaforseti tók það mjög greinilega fram, að nauðsyn sú, sem í því liggur, er alls ekki meiri, en svo mörg önnur, sem ekki verður hjá komizt í hverju þjóðfèlagi sem er, og sem engum skynsömum manni dettur í hug að hafa á móti; og þar sem hinn konungkjörni þingmaður reyndi að sýna það með dæmum á móti honum, að það væri mikil ánauð að verða að láta rífa sig út úr stöðu sinni, ef til vill mjög svo óviðbúinn, þá gleymdi hann því, sem ekki er síður satt, að nokkur ánauð fylgir æfinlega og verður að fylgja hverjum embættisveg fyrir þá sem vilja halda áfram á honum, en það er hverjum frjálst að sleppa því. Eg segi því enn, að eg treysti mèr ekki að svo stöddu til að segja með vissu, hvort nauðsyn sè, að aftaka skikkunarvaldið sjálft, og þar sem eg ímynda mèr að svo sè um fleiri hèr á þingi, þá álít eg oss skylt að ákveða ekki nú sem stendur nokkuð um það, en biðja að svo komnu að eins um að úrskurðurinn verði upphafinn aptur, einkum af því hann getur staðið prestaskólanum fyrir þrifum. En um skikkunarvaldið sjálft held eg mönnum sè enn óhætt að skoða nokkuð huga sinn, og því fellst eg á það breytingaratkvæði, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga kveðst ætla að taka sèr, að menn beiddu stjórnina nú að eins að leggja síðar lög um skikkunarvaldið fyrir alþing, nema hvað eg vildi að það yrði einnig tekið fram, að lög þessi yrðu á þeim grundvelli byggð, að skikkunarvaldið skyldi ná jafnt til kandí-

data af háskólanum og af prestaskólanum. Um þetta áskil eg mèr því rètt til að sameina mig við hinn háttvirta þingmann.

Jón Guðmundsson: Eg vil hnýta við uppástungu þingmanns Borgfirðinga þeirri uppástungu, að konungsúrskurðurinn af 30. júlí 1850 verði líka tekinn inn í frumvarp það, sem hann (stakk upp á); því ef það verður sagt um úrskurðinn 1862, að hann sè eigi á góðum eða löglegum grundvelli byggður, þar sem hann þó að eins er nákvæmari skýring og heimfærsla eldri laga, þá held eg hið sama mætti fremur segja um konungsúrskurðinn 30. júlí 1850, sem upphafði og breytti gildandi lögum, án þess að stjórnin bæri það áður undir alþingi. Eg hafði nú líka hugsað, eins og þingmaður Skagfirðinga tók fram, að skikkunarvaldið næði jafnt til allra, og mun eg taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu eða sameina mig um það við þenna háttvirta þingmann, og skal eg orða það nákvæmar síðar. Hins vegar vildi eg styðja uppástungu þingmanns Strandasýslu um, að ályktarumræðunni væri frestað.

Framsögumaður: Eg veit ei hvort það er eptir þingsköpum að láta ályktarumræðu í einu máli bíða eptir öðru máli. Mèr hefir líka verið falið að semja nefndarálit í prestseklumálinu, og væri einmitt kært að heyra afdrif þessa máls, áður en eg semdi nefndarálit í því máli. Eg verð því að mótmæla að frestað sè ályktarumræðu um þetta mál.

Ásgeir Einarsson: Uppástunga mín var ekki svo, að eg ætlaðist til, að hún yrði borin undir atkvæði.

Jón Guðmundsson: Eg veit ei hvort þingmaður Strandasýslu tekur aptur uppástungu sína, en ef hann gjörir það, þá fylgi eg henni ekki fastar fram.

Benidikt Sveinsson: Það er ekki eðlilegt að láta þetta mál bíða eptir hinu, því þá bindur þingið afdrif þessa máls við afdrif hins. Viðvíkjandi því sem þingmaður Skagfirðinga sagði, þá vil eg biðja þingið athuga að eg talaði með berum orðum, *ekki* um skyldur embættismanna *eptir* að þeir eru orðnir embættismenn, heldur um skyldur þær, sem á þeim eiga að liggja *áður* en þeir eru orðnir embættismenn. Þetta er þó tvennt ólíkt.

Forseti: Eg ætlaði að hreifa því, hvort þingmaður Strandasýslu heldur fram uppástungu sinni, og þá snúa mèr til formannsins í prestseklu nefndinni til að fá að vita, hvað langt nefndarálitið væri komið.

Ásgeir Einarsson: Eg vissi ekki hvað langt nefndin í prests-

eklunni var komin og benti að eins lauslega á þenna veg, en fell nú frá uppástungunni, einkum af því sem sá háæruverðugi framsögumaður skýrði frá,

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Þá sem hafa gjört breytingaratkvæði bið eg að koma þeim til mín fyrir kl. 8. í kvöld. Á dagskránni er reyndar eptir eitt mál og 2 álitsskjöl, sem lesa átti upp fyrir þinginu, en þar sem eigi er mikið umtalsefni til næsta fundar og orðið áliðið dagsins, þá held eg þingmönnum se ei ókært að fresta þessu til næsta fundar. Ákveð eg svo fund á morgun kl. 12. á hádegi.

Fundi slitið.

Fimmtándi fundur — 23. júli.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin, samþykkt og undirskrifuð.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að eg hefi fengið tilkynning frá nefndinni um eptirlaunaviðbót handa ekkjufrú Thorstensen, að hinn 2. konungkjörni þingmaður er kosinn til formanns í nefndinni og þingmaður Skagfirðinga til skrifara; sömuleiðis vil eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit um vexti Thorchilliisjóðsins. Eptir ósk formannsins í fjárkláðanefndinni hef eg sett fyrst á dagskrána, fyrirspurn til konungsfulltrúa, viðvíkjandi svari stiptamtmannsins upp á áskorun nefndarinnar ekki svo sem umræðuefni, heldur í því skyni, að hinum háttvirta konungsfulltrúa kæmi fyrirspurnin eigi óvart. Formaðurinn eða einhver annar nefndarmanna hefir þá orðið

Benidikt Sveinsson: Eg leyfi mèr að geta þess, að eg af meðnefndarmönnum mínum er kosinn til þess, að bera fram fyrirspurn fyrir hinn hæstvirta konungsfulltrúa út af brèfi því, er þingið hefir fengið frá amtmanninnm í suðuramtinu og til nefndarinnar er komið. Eg þykist ekki þurfa að leiða rök að því, að nefndin hefir lögformlegan rètt til að gjöra þessa fyrirspurn, þar sem málið er gengið út frá öllu þinginu í heild sinni, og má segjast að liggja fyrir, og þessu samkvæmt skil eg brèf amtmannsins, og þó nefndin í fjárkláðamálinu sè nefnd í byrjun brèfsins í staðinn fyrir þingið, þá er þetta orð seinna viðhaft í brèfinu.

Eg vil þá taka það fram, að mèr virðist að svarið frá stiptamtmanninum upp á áskorun þingsins geti engan veginn fullnægt

því eður þeim þörfum og nauðsyn Íslendinga, sem áskorun og ósk þingsins var byggð á. Hèr er um 2 aðalatriði að gjöra; hið fyrra er spurningin um, hvort *grundvöllur* sá, eða ef eg mætti svo að orði komast, »den factiske Forudsætning«, sem stiptamtið byggir á og gengur út frá í svari sínu sè rètt, hitt atriðið er það, hvort amtið vanti hina nauðsynlegu *lagaheimild* til framkvæmdar því, sem þingið beiddi um; með öðrum orðum *er* Kjósar- og Gullbringusýsla ekki í öllu falli *grunuð af kláða,* og í annan stað, hefir amtið eigi *vald* til að setja *vörð* til að hamla útbreiðslu kláðans? Viðvíkjandi hinu fyrra atriðinu segir nú amtið í brèfi sínu, að eptir framkomnum skýrslum gæti menn ekki álitið, að veikt eður grunað fè sè nema á örfáum stöðum í Kjósar- og Gullbringusýslu, en kláði sè þó í Mosfellssveit og Kjalarnesþingi. Hèr liggur nú sú spurning beint við, hvort skýrslur þær, sem amtið vísar til nái yfir *allt* þetta svæði, og því næst sú, hvað maður eigi að skilja við orðið skýrslur í þessu mali. Já, það hefir sannarlega valdið miklu tjóni og misskilningi í þessu máli, að menn ekki hafa skýrt fyrir sèr nægilega þetta orð. Eg get nú ekki sèð það á brèfi amtsins, hvort þessar skýrslur geti hrakið álit þingsins, sem innibindur í sèr vitnisburð svo margra áreiðanlegra manna á þingi, sem aptur styðst við vitnisburð ótal margra manna, sem horfa og þreifa á því, sem hèr ræðir um; eg verð að segja, að eg veit ekki, hvort þessar skýrslur eru þess eðlis, að þær hafi opinberan trúverðugleika að lögum. Eg veit það vel og játa það í alla staði, að það sem amtmaðurinn ber sjálfur vitni um af eigin reynslu, hefir svo kallaða »fidem publicam« eður opinberan trúverðugleika, en hefir grundvöllur sá, sem amtið byggir á, opinberan trúverðugleika? Eru skýrslur þær, sem það vísar til, annað en privat óeiðsvarinn vitnisburður óeiðsvarinna manna eins eður fleiri? Þetta er áríðandi atriði í þessu máli. Vèr vitum allir ofurvel, að t. a. m. Notarius publicus, sem þó er reglulegur embættismaður, þarf 2 vitni með sèr til þess að vitnisburður hans sè fullgildur eða njóti fullkomins opinbers trúverðugleika. Vèr vitum og að skýrslur annara embættismanna yfirhöfuð eru því að eins fullgildar, þegar þær hafa eitthvað sèrlegt við að styðjast, svo sem einkum embættisbækur; sè maðurinn nú ekki einu sinni embættismaður, já vitnisburður hans ekki einu sinni eiðsvarinn, skortir hann vissulega *opinberan* trúverðugleika, hvað ráðvandur sem hann annars kann að vera, og er ekki og getur ekki verið markverðari en vitnisburðir annara

manna, sem eru jafnráðvandir; eg er nú hræddur um, að menn um of, eg segi mikils til um of, hafi farið í þessu kláðamáli að undanförnu eptir skýrslum, sem ekki hafa »fidem publicam», eptir því sem eg hefi bent á, og hið sama mun vera enn, og eg gæti sannað það ef eg vildi. Það er alveg víst, að amtið hefir ekki sjálft rannsakað heilbrigði fjárins nú eður fyrri, það er og víst, að það hefir ekki í þetta sinn kvatt mann til þess, að rannsaka það, sem hefir opinberan trúverðugleika, það byggir nú sem fyrri á vitnisburði privat óeiðsvarinna manna, og hann má vera góður og gildur, ef hann á að geta hrakið vitnisburð alls þingsins og landsmanna yfirhöfuð, því hèr er líka um margan ráðvandan mann að ræða, og menn verða vel að gæta að því, að þó amtið hafi fullan trúverðugleika til að hafa sagt rètt um það, *hvað standi í* þessum skýrslum, þá er samt þessi skýrsla amtsins engin alls engin sönnun fyrir því, að það sè *rètt* og *sannleikur einn,* sem í þeim stendur. Af þessu verður það ofur skiljanlegt, að skýrslur þær, sem hið opinbera hefir byggt á í þessu máli frá því fyrsta hafa heldur en eigi rekið sig hver á aðra og komizt í bága hvað ofan í annað, eða hvernig skyldu menn með öðru móti geta samrýmt hina konunglegu auglýsingu til þingsins 1861 og núna til þingsins 1863? Af þessu sèzt berlega, og berar en nokkur fái því mótmælt, að það hafi eigi ætið komið áreiðanlegar skýrslur í þessu máli til stjórnarinnar. Að stjórnin sjálf jafnvel viðurkenni þetta, sèst ljósast af Skoradalsverðinum, því þó enginn kláði ætti eptir skýrslunum, sem suðuramtið hefir ekki alls fyrir löngu byggt á, að vera hèr syðra, þá leyfði þó stjórnin, eptir beiðni sýslumannsins í Húnavatnssýslu og 4 manna, að vörðurinn yrði settur, til þess að fènu í hinum sjúku og grunuðu hèruðunum yrði bannaðar samgöngur við heilbrigt fè í hinum ósjúku hèruðum. Þetta sýnir, að stjórnin treystir eigi meira en svo skýrslum suðuramtsins, en hverjum er vafinn að kenna, amtinu eður þeim skýrslum, sem það byggir á? Menn verða vel að gæta að því, að hèr ræðir ei um háfleyga vísindalega eður stjórnfræðislega hluti, heldur um það, sem hver maður sèr og þreifar á, sem hefir augun opin, en er á hinn bóginn einmitt *þess konar* mál, sem menn sjálfir *verða að sjá og þreifa á,* ef menn eiga að *geta* fellt á það *rèttan* dóm, hvort sem þeir eru embættismenn eður eigi, og þessu ætti suðuramtið eigi síður en þingið að gefa gaum. Það er auðsèð, hvað sèrstaklega þær skýrslur snertir, sem amtið bendir á að nú sèu framkomnar, að þær *ekki* eru

áreiðanlegar, því það sèr maður á *sjálfu brèfi amtsins,* að það sè enn þá eigi búið að smala á því svæði öllu, sem hèr ræðir um, en mèr er þá spurn, hvernig mun amtið eður nokkur annar *geta* vitað hvort kláði er í því fè, sem maður hefir ekki sèð svo og svo lengi? Stundum sèst maurinn ekki nema í beztu stækkunarglerum, en stundum þykjast menn sjá hann með berum augum hèðan í kind upp í Esju, og að hann sè ekki neinstaðar að finna í Gullbringusýslu. Það eru þó sannarleg góð augu sem svo vel sjá! Og þó nu svo væri, sem amtsbrèfið hálfvegis bendir á, að smalað hafi verið í Esjunni og Mosfellssveitinni, hvar á þá að draga takmarkalínuna sem ekki þarf að fara yfir til að smala suður á bóginn gagnvart hinni eiginlegu Gullbringusýslu? Og til hvers þarf yfir höfuð að hafa verði, ef fèð heldur sèr sjálft innan vissra takmarka eður línu, sem menn að eins hugsa sèr út í bláinn. Ef það þess vegna þarf að smala á þessu svæði, sem amtið talar um í brèfi sínu, þá þarf líka að smala á stærra svæði; eg er enginn smali og hef aldrei smali verið, en það veit eg, að þetta er engin smalamennska sem amtið bendir á að hafi átt sèr stað. Það þarf ómótmælanlega að smala í allri Kjósar- og Gullbringusýslu og rannsaka hverja kind, ef menn eiga að geta stðahæft og sagt með nokkurri vissu, að kláði sè þar eigi. En hitt er aptur á móti víst, að *allt* fèð á þessu svæði er að minnsta kosti *grunað,* af því það er af amtinu viðurkennt, að kláðinn sè til í Mosfellssveit, með því milli hennar og fjárins á öllu þessu svæði er engin »local«hindrun fyrir ótakmörkuðum fjársamgöngum. Eg verð því að segja, að það sè ósmalað enn og órannsakað fèð í Kjósar- og Gullbringusýslu; að hve miklu leyti það sè reglulega meir eða minna kláðasjúkt, veit eg ei, og jafuframt þessu tek eg það fram, án þess að fara um það fleiri orðum, að það þarf vissulega fullkomna juridiska sönnun til þess að hrekja það, sem þingið allt staðhæfir í öðru eins máli og þessu, enda mundu liggja löglegir vegir til þess fyrir þingið, að fá mál sitt sannað með óhrekjanlegum löglegum sönnunum, ef á því stæði.

Hið annað aðalatriðið sem eg tók fram, var það, að amtið þykist skorta vald til þess að framkvæma það, sem þingið bað um; þetta svar amtsins álít eg einnig svo vafasamt, og fyllilega þess eðlis, að þingið geti ekki gjört sig ánægt með það; því ef stiptamtið ekki hefir vald til þessa, hvernig hafa þá amtmennirnir hver um sig bæði í norður- vestur- og suðuramtinu getað gefið leyfi til og sett verði hingað til, og hvernig gat stjórnin, sem ekkert lög-

gjafar- eður skatta-álöguvald hefir mèr vitanlega hèr á landi skipað Skoradalsvörðinn núna? Það hlýtur að vera stjórnarinnar skoðun og vilja samkvæmt, að amtmaðurinn í suðuramtinu hafi sama myndugleika og hann hefir haft, sem amtmennirnir í hinum ömtuuum hafa haft og hafa enn þá; og til hvers væri það enn fremur að leggja toll á landið til þess, að setja hálfan vörð, eður rèttar, vörð á hálfa þá línu, sem verja þarf, sem er til einskis gagns, en hafa þó eigi vald til þess, að setja þann vörð, sem er til gagns fyrir land og lýð. Það er undarlegt, að hafa vald til að leggja þá tolla á, sem eru til einskis, en ekki þá, sem eru til gagns. Og enn fremur verð eg að segja, að hafi amtmaðurinn í suðuramtinu eigi leyfi til að setja þann vörð á austurtakmörkum hins almennt viðurkennda kláðasvæðis, hvaðan kemur honum þá vald til að rannsaka fèð á þessari línu á jafnaðarsjóðsins kostnað? Amtið borgar þetta þó víst eigi úr sínum vasa. Nei, þetta hvorttveggja hlýtur að vera jafn löglegt og ólöglegt. Þó eg nú sleppi þessu, held eg að eg geti bent á önnur dæmi en sjálfa verðina, sem sýna að amtið og það einmitt suðuramtið áður hafi tekið sèr eins mikið vald, að minnsta kosti í fyrra sumar yfir einstakra manna eignum, út af kláðanum og sökum hans, og það vald er, sem þingið nú óskar að það beiti. Þá var það fè úr Gullbringu og Kjósarsýslu rèttdræpt, sem fór saman við fèð í Árnessýslu, eptir hreinum og beinum amtsúrskurði. Já það var hörð regla, en var hún þá ranglát, hver þorir að segja það? Hitt sjá allir, að þetta var vald sem lengra fer en þingið núna. Eg hefi annað dæmi. Var það minna vald en hèr ræðir um að hóta mönnum fjárnámi án dóms fyrir baðmeðalareikningum, og þeim máske ekki öllum óyggjandi, og án þess að lækningarnar með þessum meðölum undir umsjón hins opinbera hafi tekizt? Og þetta hefir þó óneitanlega átt sèr stað eigi alls fyrir löngu. Eigi menn að halda því til streitu, að þetta sè löglegt og leyfilegt, en að amtið geti ekki sett þann vörð sem hèr ræðir um, og allt þingið óskar eptir, já þá dettur mèr í sambandi við þessa hugsun í hug, að amtið hafi vald til að viðhalda þessari drepsótt í landinu, en ekki til að útrýma henni og hamla útbreiðslu hennar. Eg veit að þetta allt kann að vera gjört í beztu meiningu, en hèr gildir það fullkomlega, »að góð meining enga gjörir stoð«; kláðinn verður að deyja, því ella deyjum vèr Íslendingar, hann gengur fyrir hvers manns dyr, og verður einkum hinum fátæka tilfinnanlegur; því hann tekur bitann frá munni hinna fátæku og ónýtir svitadropa almúgamannsins. Eg tek það fram, að

sá sem hefir laun sín úr konungssjóði finnur eigi til kláðans, hann má djarft um tala; en geta menn sagt hið sama um hinn fátæka, sem á að lifa og fæða konu og börn af búi sínu? Menn verða að gá að því sem gleymt hefir verið um of hingað til, hvað í máli þessu liggur; þessi kláði hann snertir umráð einstakra manna yfir eignum sínum, og undir eins og það er almenn ósk eigendanna, að honum sè útrýmt og varnað útbreiðslu hans, undir eins er það skylda yfirvaldanna að framkvæma það, sem nauðsynlegt er til þessa, enda mun sómi og heill þjóðar, þings og stjórnar nú vera mjög undir því komið að þetta velferðarmál Íslands leiðist nú loksins til lykta, með öflugri mótspyrnu móti útbreiðslu kláðans og algjörlegum samtökum til að rýma honum alveg burtu nú þegar með hverju helzt leyfilegu og löglegu móti

Eg stend því fast á því, að bæði *þurfi* að setja vörðinn, og að amtið hafi *fullt* vald til að setja hann, og að það sè því *ófyrirsynju* af amtinu eptir brèfi stjórnarinnar um Skorradalsvörðinn að neita þinginu um hann.

Eg enda þessi orð mín með þeirri auðmjúku bæn og spurningu til hins hæstvirta konungsfulltrúa, hvort enginn vegur sè til þess, eptir ítarlegri rannsókn og nægar upplýsingar, að amtsúrskurðinum verði breytt; eg óska þess af mínu öllu hjarta, að þetta geti látið sig gjöra, því þó eg sjái annan löglegan veg, sem þingið gæti gengið, álít eg hann í alla staði óráðlegri og óhentugri amtinu, þinginu og öllum sem hlut eiga að máli.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af ræðu hins heiðraða konungkjörna varaþingmanns, lýsa því yfir, að stiptamtið muni láta nefndinni í kláðamálinu í tè allar þær upplýsingar, sem því væri unnt; en að öðru leyti skal eg leyfa mèr að skjóta því til hins heiðraða forseta þingsins, hvort það eigi við, að halda aðra eins ströffunarræðu og hann hèlt yfir embættismanni, sem ekki er viðstaddur, og getur engu svarað fyrir sig.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla einungis að verja mig móti því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á með því, að eg vonast til, að allir þingmenn hafi sèð, að eg ekki hef farið eitt fet út fyrir það, sem amtsbrèfið gaf beinlínis tilefni til og þingið verður að láta sèr hugfast, ef það á að geta sèð hið rètta og uppfyllt skyldu sína í þessu máli, hvort sem amtinu kemur það vel eður illa.

Forseti: Eg fylgdi orðum hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, og gat hvergi fundið, að hann beindist að stiptamtmann-

inum persónulega eða brúkaði um hann meiðandi orð. Hann sveigði að vísu að því, að skýrslur frá stiptamtinu hefðu verið byggðar á skýrslum, sem vantað hefði fullkominn lagalegan trúverðugleika; en lýsti optar en einu sinni yfir þeirri sannfæringu sinni, að skýrslur frá stiptamtinu, sem væru byggðar á eigin þekkingu, væru fullkomlega áreiðanlegar. Eg vildi þess vegna ekki taka orðið af þingmanninum, þó ræða hans væri nokkuð löng, af því mèr fannst hann halda sèr við efnið, og ekki misbjóða þingsköpunum. Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til álytarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um auglýsingu konunglegra frumvarpa fyrirfram.* Framsögumaður er þingmaður Reykvíkinga. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindana bls. 161.

Framsögumaður: (*H. Kr. Friðriksson*): Þegar nefndin bjó til þetta sitt álit, þóttist hún hafa farið meðalveginn, og ekki geta fundið annan betri. Nefndin vildi ekki ákveða neinn fastan tíma, því það sá hún, að mundi binda um of hendur á stjórninni, og það mundi verða til óhagræðis fyrir alla hlutaðeigendur, því það gæti orðið til þess að stjórnin ekki gæti búið til frumvarp og lagt fyrir þingið, þótt það væri um áríðandi mál. Eg er þess vegna öldungis á móti 1. breytingaratkvæðinu, því að aðhyllast það, er það sama sem að fleygja öllu málinu burt. Hèr er farið harðara í málið en 1847; þá var beðið um ½ ári á undan þingi. Konungur tók þessu máli mildilega í auglýsingu sinni til þingsins 1849, og gaf engin afsvör, en kvaðst eigi vilja lofa því, vegna þess, að kringumstæðurnar mundu opt banna að efna það loforð. Mèr finnst því ástæða til að ítreka þessa bón, og þetta hefir nefndin gjört, en þó farið svo að, að stjórnin yrði eigi of bundin. Eg verð þess vegna að vera á móti þessu fyrsta breytingaratkvæði. Þá er breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga, nefnilega að fella orðin »að minnsta kosti» burtu; en þá álít eg það óþarfa bæn að vera að biðja um að auglýsa frumvörpin fyrir fram. Hvaða gagn er að því, þó stjórnin sendi frumvörpin út um landið eptir að þingið er sett? Eg er því á því, að bezt sè að fylgja niðurlagsatriði nefndarinnar, ef menn vilja hafa nokkuð. Að því er snertir viðauka-atkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns, þá get eg ekki, sèð hver á að skera úr því, hvenær þessi nauðsyn er á auglýsingunni; mig furðar því á því, að hinn háttvirti konungkjörni þingmaður skuli hafa komið fram með annan eins viðauka; eg hafði vænzt eptir

miklu betra frá honum; og sè því bætt við, þá er það það sama, og að ráða frá öllu sem nefndin fer fram á. Um síðari hlutann, »að svo miklu þar verður við komið«, stendur mèr á sama. Eg vil því stinga upp á því, að hinn háttvirti forseti skipti viðauka-atkvæðinu í tvennt og leiti atkvæða um hvorn liðinn fyrir sig.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki vera orðlangur um þetta mál, en einungis lýsa því yfir, að eg felli mig vel við viðauka-atkvæðið undir nr. 4, það er kurteislega orðað, og fer í sömu stefnu og nefndarálitið. Framsögumaður fann að orðunum »þegar nauðsynlegt þykir», af því stjórnin væri þá ein til að dæma um það, og hún mundi jafnan segja, að nauðsynin ekki ætti sèr stað, en þetta gildir þá líka um orðin »og því verður við komið« því um þetta verður stjórnin líka að dæma. Yfirhöfuð verður málið á valdi stjórnarinnar.

Páll Melsteð: Eg hèlt, þegar eg bjó til þetta breytingaratkvæði, að þá hefði mèr tekizt dæmalaust vel að hitta það sem nefndin í í raun og veru hafði ætlað að segja, en einhvern veginn ekki tekizt í þann svipinn að segja hreint og beint. Einkum hèlt eg, að hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga mundi geðjast vel að atkvæði mínu, því að allir vita að það er stílað í hans anda; hann talar skýrt og skorinort, og þannig er mitt breytingaratkvæði. En mèr hefir brugðizt sú von herfilega, hinum háttvirta þingmanni þykir það óhafandi. Eg hefi þó ekki annað gjört en tekið það skýrara fram, sem óskýrt var og óákveðið hjá nefndinni, og eg hefi beðið um það, sem eptir minni sannfæringu er ósk þjóðarinnar, og eg hefi borið það fram með hæverskum orðum eins og við átti. Eg ætlast ekki til, að þetta nái til allra frumvarpa, því eg veit eins og aðrir að málin eru misjöfn og þurfa sum mjög mikil umsvif og miklar og margbrotnar skriptir fram og aptur, en mörg ein málin svo löguð að koma má þeim af og hingað til lands rúmum tíma fyrir þing, svo þau gæti orðið mönnum kunnug áður en þingið byrjar. Það vita allir, sem hèr hafa verið á þingi, hversu allt ber að í einu, málin koma yfir mann eins og örfadrífa, og er það til skaða fyrir land og lýð, að menn hafa of stuttan tíma til að átta sig á mörgum málum. Á þessu vildi eg ráða bót með breytingaratkvæði mínu, en enginn maður getur tekið það svo sem eg vilji rígbinda stjórnina, einmitt við missiri. Eg hefi líka tekið til vortímann næst á undan þingi, og ekki er það heilt missiri, eins og allir sjá. Og skyldi

stjórnin vera bundin við það þó eg biðji skilmerkilega og með skýrari orðum en nefndin.

Konungsfulltrúi: Þegar eg stóð upp áðan minntist eg ekki á breytingaratkvæðið nr. 1, því eg verð að álíta það sjálfsagt, að þingið ekki geti aðhyllzt það. Því það þarf ekki að útlista það fremur en búið er, að stjórnin hvorki muni nè geti tekið það til greina.

Benidikt Sveinsson: Af því eg var einn af nefndarmönnum, skal eg leyfa mèr að taka það fram, að 1. breytingaratkvæðið er, að því er mèr virðist, óhafandi, og þingmaður Snæfellinga verður að álíta það líka, ef hann vill vera sjálfum sèr samkvæmur; því að tiltaka svo nákvæman tíma, eins og t. a. m. með vissri póstskipsferð, er einmitt að rígbinda stjórnina, sem hann sagðist sjálfur vilja forðast (*Páll Melsteð:* Það er bæn); já, en bænin á síðan að verða að lögum. Það sem hèr er um að gjöra, er það, að frumvörpin verði kunn almenningi áður en þingið byrjar, og þetta er beðið um í niðurlagsatriði nefndarinnar, en að einskorða það við missiri er auðsjáanlega rangt meðal annars af því, að til sumra mála þarf meiri tíma, en til sumra minni. Breytingaratkvæðið undir tölulið 2. álít eg vel tilfallið, og er eg því með því. Hvað viðauka-atkvæðinu undir tölulið 4 viðvíkur, þá get eg engan veginn fallizt á það; þetta »Þegar nauðsynlegt þykir« Hver á að skera úr því, hvenær svo er? Sjálfsagt stjórnin. En þá þykir mèr nú bænin fara að verða þýðingarlítil. Eg er því sem sagt öldungis mótfallinn, að menn aðhyllist nr. 1 og 4; hið fyrra af því þingið þá heimtaði ofmikið, og hið síðara að málið yrði þá þýðingarlaust. En þar á móti vonast eg eptir að menn aðhyllist nr. 2.

Pètur Pètursson: Eg þarf ekki að vera langorður í þetta skipti, eða tala langt fyrir viðauka-atkvæði mínu undir tölulið 4, því hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið það fram, er eg vildi segja. Framsögumaður vildi skipta viðauka-atkvæði mínu í tvennt, en það álít eg ekki nauðsynlegt; eg vil leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að menn mega ekki gjöra of mikinn aðskilnað í milli skoðana stjórnarinnar og þingsins eða þjóðarinnar; menn verða nefnilega að ganga út frá því, að stjórnin skoði lagafrumvörpin meira eptir landsins hag en eptir sínum eigin, og að frumvörpin eru meir löguð eptir landsins þörfum en stjórnarinnar. Hinn konungkjörni varaþingmaður hèlt, að ef menn aðhylltust viðauka-atkvæði mitt, þá væri ekki um neitt beðið; en þetta getur mèr ekki

sýnzt, því eg vil vekja athygli þingmanna á því, að sum mál eru merkileg, sum síður merkileg. En af því mèr þar að auk finnst, að bænin verði hæversklegri fyrir viðauka-atkvæði mitt, þá finnst mèr vera rètt að aðhyllast það, einkum þegar menn geta öðlazt fullt eins mikið með því.

Helgi Hálfdánarson: Ef breytingaratkvæði þingmanns Snæfellinga verður fellt, þá finnst mèr litið varið í hitt, sem eptir verður á þessari atkvæðaskrá. Ef nefndin hefir annað í huga en hèr um bil hið sama, sem breytingaratkvæðið fer fram á, þá held eg að það sem hún biður um (tölulið 3.) verði að litlum notum; því eg get ekki sèð, að frumvörpin geti orðið almenningi kunn á styttri tíma en breytingaratkvæðið ætlast til. Hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni þótti breytingaratkvæðið ekki nógu hæverskt; en eg get ekki skilið, hvernig maður á að orða öllu hæversklegar bón sína en þingmaður Snæfellinga hefir gjört, þar sem hann vill biðja um, að frumvörpin verði send hingað til lands *helzt* missiri á undan hverju þingi; *en verði því ekki komið við*, þá með fyrstu póstskipsferð á því ári o. s. frv. Menn hafa áður hèr á þingi beðið um á sömu leið, t. a m. að það eða það yrði lagt fyrir næsta þing; eða eitthvað gjört áður en einhver tiltekinn tími væri liðinn. Þetta kalla eg eins ákvarðað. Þar á móti finnst mèr uppástunga nefndarinnar undir tölulið 3 vera svo óákveðin, að það megi teygja hana á allar lundir, og þá er bænin oss að engu gagní. Eg get ekki heldur skilið í því, að stjórnin eigi ætíð eins erfitt með að verða við þessari bæn, eins og menn hafa borið fyrir, þar sem þó 2 ár líða milli þinga. Eg verð þess vegna að gefa atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Snæfellinga.

Björn Pètursson: Þó eg feginn vilji vera »einlægur við kolann» eins og hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga sagðist vera, þá get eg þó ekki fallizt á breytingaratkvæði hans undir 1. tölulið. Það er ítrekun af bæn þingsins 1847, sem þó gekk ekki eins langt, því þá var einungis beðið um, að frumvörpin yrðu auglýst hálfu missiri fyrir fram. Stjórnin synjaði þeirri bæn kurteyslega, og að því er mèr virðist með fullum ástæðum. Því virðist mèr og nú ekki farandi fram á þetta. Það er líka ljóst, að ef stjórnin væri bundin við að auglýsa frumvörp sín heilu missiri eða í seinasta lagi með fyrstu póstskipsferð, sem fellur, áður en þing byrjar, þá mundi hún opt geta fengið ástæðu til að segja i auglýsingunni, að það og það frumvarp hefði ekki getað orðið svo snemmbúið, að unnt

hefði verið að auglýsa það á þenna hátt, og gæti þingið þannig opt misst af mikilsvarðandi frumvörpum.

Þá kemur breytíngaratkvæði þingmanns Barðstrendinga, og verð eg að mæla með því, þó framsögumaður mælti í móti því. Jeg get ekki betur sèð en að þetta »að minnsta kosti« sè alveg of aukið og óþarft, því þó það sè úrfellt, verður eptir . . . *almenningi kunn, áður það þing byrjar,* o. s. frv. Á þessu liggur öll áherzlan, því það er auðvitað, að frumvörpin geta ekki orðið *almenningi kunn*, nema þau sèu auglýst nokkrum tíma fyrir fram, og því held eg, að nefndin hafi gjört rètt í því, að fastbinda tímann ekki öðruvísi en hún hefir gjört. Það sem hinn heiðraði þingmaður mælti á móti þessu breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga, var víst sprottið af misskilningi, af því að hann blandaði saman almenningi og alþingi.

Viðauka-atkvæðið get eg ekki fallizt á, því eg get ekki betur sèð, en að það gjöri nefndarálitið þýðingarlaust, ef það yrði samþykkt. Stjórnin hefir þá alveg töglin og hagldirnar hjá sjálfri sèr; hún getur þá ætíð sagt, þegar henni svo sýnist: »það var ekki nauðsynlegt«, að auglýsa þetta eða hitt frumvarp fyrir fram, eða: »því varð ekki við komið«, og þar við yrði þá að sitja.

H. G. Thordersen: Af því eg var einn nefndarmanna í þessu máli, finnst mèr myndarlegra að segja nokkur orð. Eg verð þá að lýsa því yfir, að eg er í öllu tilliti samþykkur niðurlagsatriðum nefndarálitsins. En hvað hin einstöku breytingar- og viðauka-atkvæði snertir, þá græt eg ekki yfir því, þó menn fallist á breytingaratkvæðið undir tölulið 2, nefnilega að orðin: »að minnsta kosti« falli burt, eg ímynda mèr og, að meðnefndarmenn mínir sèu því heldur ekki sèrlega mótfallnir. Eg get heldur ekki annað en fallizt á viðauka-atkvæðið undir tölulið 4, því það er hógværlega orðað, og getur aldrei spillt fyrir okkur. Þar á móti er eg með öllu mótfallinn breytingaratkvæðinu undir tölulið 1., því það gengur miklu lengra en nefndarálitið, og bindur um of hendur stjórnarinnar.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af einu atriði í ræðu hins heiðraða þingmanns frá Gullbringusýslu leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að þar sem hann taldi það sem meðmæli með breytingaratkvæði þingmanns Snæfellinga, að það væri 2 ár milli þinga, og stjórnin hefði því nógan tíma (*Helgi Hálfdánarson:* Eg sagði það ekki) til að vera búin með frumvörpin missiri á undan næsta þingi,

að þessi ástæða gilti nokkuð, ef svo stæði á, að stjórnarfrumvörpin ætíð stæðu í sambandi við málin frá næstliðnu þingi; en þessu er ekki þannig varið, því flest frumvörpin standa ekki í þessu innbyrðis sambandi, og það getur opt að borið, að stjórnin finni tilefni til að bera upp lagafrumvörp, sem ekki geti verið komin svo snemma í kring, að þau geti orðið birt fyrir þinginu fyrir fram, og nefni eg í þessu tilfelli málið, sem núna var lagt fyrir þingið um að Reykjavíkurbær yrði tekinn inn í brunabótarfèlag, og svona getur optar að borið.

Ásgeir Einarsson: Eg stend upp af því mèr finnst menn hèr misskilji þann mun, sem er á milli breytingaratkvæðis þingmanns Snæfellinga og uppástungu nefndarinnar undir tölulið 3. Það er munur á því að senda frumvörpin hingað til landsins, og því, að þau verði kunnug almenningi um allt land áður en þing það byrjar sem þau eiga að leggjast fyrir; menn mega því ekki hártoga þau orð, er liggja í breytingaratkvæði þingmannsins frá Snæfellsnessýslu. Ef menn ætla að fallast á viðauka-atkvæðið undir tölulið 4., þá get ekki betur sèð en dómara vanti til að skera úr því, hvenær þetta er nauðsynlegt. Menn sögðu, að stjórnin hefði tekið vel undir þetta hèr um árið, en þessi góða undirtekt hefir enn þá ekki komið fram, og mönnum er það kunnugt, að einu sinni hafa menn þurft að bíða fram undir þinglok eptir frumvörpunum, og annars koma þau vanalega í þingbyrjun, svo menn verða að kjósa nefnd í þau hèr um bil sama daginn og maður fær að sjá þau. Eg vona því, að stjórnin taki það ekki illa upp fyrir mönnum, þó menn biðji í þá átt, sem breytingaratkvæðið undir tölulið 1. fer fram á, því þar við fær fyrst uppástunga nefndarinnar undir tölulið 3. nokkra þýðingu. Það er líka spursmál, hvort það lèttir nokkuð fyrir stjórninni, þó menn fallist á uppástungu nefndarinnar undir tölulið 3., því hægra er að koma frumvörpunum hingað til landsins, með póstskipinu, sem kemur í marzmánaðar byrjun, en að auglýsa þau um allt land, fyrir þing, einkum þegar eg ekki fæ sèð, að það rígbindi hana, þó menn fallist á breytingaratkvæðið undir tölulið 1. fremur en uppástungu nefndarinnar.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst yfirhöfuð þessi bæn vera byggð á sanngjörnum grundvelli; því áður hefir það verið svo, að frumvörpunum hefir verið dembt inn á þingið í byrjun þess, og þingmenn hafa því verið alveg óviðbúnir undir að ræða þau. Þetta hefi eg líka áður tekið fram sem blaðamaður; hèr er og meiri nauð-

syn á þessu en í öðrum löndum; hèr eru engar fastar nefndir til sem geta undirbúið lagafrumvörpin, svo vel sè frá þeim gengið; ef svo væri, þá þyrfti þessa ekki við. Hvað hinum einstöku breytingaratkvæðum viðvíkur, þá er eg mótfallinn breytingaratkvæðinu undir töluliið 1, því eg álít það óhentugt að einskorða þetta við vissan tíma, og yfirhöfuð finnst mèr þetta breytingaratkvæði ekki fara fram á eins mikið og uppástungu-atriði nefndarinnar gjörir. Þó tiltekið sè missiri áður, þá stendur þó ekki í þessu breytingaratkvæði, að frumvörpin skuli verða gjörð almenningi kunn. Það getur og vel verið, að stjórnin ekki gæti lagt öll málin svo fljótt fyrir, einkum mál frá undangangandi þingum, sem opt þurfa mjög langrar yfirvegunar við; það hefir og verið almenn regla hèr, að sömu málin hafa gengið þing frá þingi; stjórnin hefir heldur ekki áður gefið afsvar um að veita þetta. Þar sem talað var um, að brunabótamálið ekki hefði getað komið svo fljótt frá stjórninni, að það hefði getað komizt nógu tímanlega til þings, þá get eg ekki sèð það, því eg held að þetta mál hafi svo lengi áður gengið manna á millum, að það hafi mátt vera stjórninni hægðarleikur að koma því nokkurn veginn tímanlega til þings. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir töluliið 2. þá er eg því meðmæltur, af því að orðin »að minnsta kosti« draga fremur úr bæninni. Að lyktum skal eg geta þess, að eg ætla ekki að vera svo kurteys, að eg ætli að gefa viðviðauka-atkvæðinu undir töluliið 4. atkvæði mitt, þó það sè klofið í tvo parta, sýnist mèr báðir partarnir jafnkurteysir og jafnslæmir.

Jón Pálmason: Þegar eg lít yfir þessi breytingararatkvæði sem eru á atkvæðaskránni, þá vil eg geta þess viðvíkjandi breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Snæfellinga undir töluliið 1., að mèr virðist það heldur bindandi fyrir stjórnina, sem þar er farið fram á, og eg held, að stjórnin geti ekki gengið inn á það, þó þingið annars vildi aðhyllast það, og það sè þýðingarlítið að minnni meiningu að biðja um það, sem líkur eru til að ekki fáist. Hvað breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga snertir töluliið 2., þá finnst mèr það hvorki gjöra illt nè gott í sjálfu sèr eða spilla mikið niðurlagsatriði nefndarinnar. En hvað viðauka-atkvæðið hins 3. konungkjörna þingmanns áhrærir undir töluliið 4., þá verð eg að vera því með öllu mótfallinn, mèr virðist það eyðileggja niðurlagsatriði nefndarinnar, en fáist það sem nefndin hefir stungið upp á, að frumvörpin verði send svo snemma til landsins, að þau

verði almenningi kunn, að minnsta kosti áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir, er það fengið sem þörf er á. Eg skal ekki fara fleirum orðum um málið, en einungis geta þess, að eg gef atkvæði mitt með niðurlagsatriði nefndarinnar.

Jón Pèturssón: Af því mèr virðist eins og hinum háttvirta háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanni málið ekki vera mikils vert í sjálfu sèr, þá verð eg að hallast fremur að uppástungu nefndarinnar, en breytingaratkvæðinu undir tölulið fyrsta, sem fer lengra; svo skal eg gefa atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið, og sömuleiðis fyrir viðauka-atkvæðinu undir 4. tölulið, því eg held það sèu sum mál, sem ekki á við, að verði gjörð almenningi kunn, eða opinberuð fyrr en þau koma til þings. Það er líka svo víða annarstaðar, að þar sem þing hafa löggiafarvald, eru frumvörpin sum ekki birt fyrir fram. En það eru sum, sem nauðsynlegt er að birt væru fyrir fram, og væri gott að þau yrði kunn, og því fellst eg á þetta viðauka-atkvæði, eða þessi orð »þegar nauðsynlegt þykir«, einnig fellst eg á síðari liðinn, því það eru sum frumvörp sem mjög eru áríðandi, en stjórnin ekki getur orðið búin með fyrri, en rètt undir þing er komið. Ef nú stjórnin ekki má leggja frumvarp fyrir þingið nema hún hafi áður birt það fyrir fram, og hún ekki hefir getað það, þá verður hún að gjöra frumvarpið að bráðabyrgðarlögum, og er það þá betra? Hún hefir vald til þess; Eg verð því að fallast á viðauka-atkvæðið, því mèr sýnist það allt í heild sinni nauðsynlegt.

Indriði Gíslason: Það er óþarft fyrir mig að standa upp til að ræða í þessu máli, því það er búið að taka svo margt fram. Þegar eg ber saman 1. og 3. tölulið, þá sýnist mèr munurinn ekki vera svo mikill, nema hvað mèr finnst breytingaratriðið undir tölul. 1. vera skýrara en niðurlagsatriði nefndarálitsins, en það er að eins smáræði og ekki mikilsverður munur, því að ef frumvörpin ekki verða komin til landsins svo snemma, sem breytingaratkvæðið stingur upp á, þá geta þau ekki orðið almenningi kunn. Mèr sýnist háskalítið þó tíminn sè til tekinn, því ef stjórnin ekki getur verið búin með frumvörpin svo snemma, sem farið er fram á, þá nær það ekki lengra, hún gjörir svo aldrei meir en hún getur hvort sem er, því svo hefir það verið optast hingað til. Eg gef því atkvæði mitt með breytingaratriði þingmanns Snæfellinga.

Framsögumaður Eg vil leyfa mèr að benda hinu heiðraða þingi á það, að vilyrðið, sem eg gaf hinum hæstvirta 3. konung-

kjörna þingmanni um að fallast kannske á síðari hluta viðauka-atkvæðis hans, tek eg hèr með aptur; því eg sannfærðist af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa um, að viðauka-atkvæðið væri með öllu óhafandi: »*þegar nauðsynlegt þykir*« á stjórnin að dæma um það? (*Pètur Pèturssón:* Eg meina frá landsins sjónarmiði). Þingmaðurinn verður líka að taka það svo, þegar það nefnilega sè nauðsynlegt fyrir landið. Aðra athugasemd vildi eg og leyfa mèr að gjöra út af því, sem hinn heiðraði 4. konungkjörni þingmaður sagði, að það væru sum frumvörp sem ekki ætti við, að birt væri fyrir fram; eg skil nú ekki, hvernig stjórnin getur lagt þau frumvörp fyrir þingið, sem hún getur ekki verið þekkt fyrir að láta neinn annan sjá, fyrr en eptir á. Hèr er verið að tala um lagafrumvörp sem á að gefa lagagildi, og eg fyrir mitt leyti get með engu móti sèð hvers vegna menn ekki mega sjá þau, áður en þau eru orðin að lögum, það er meira en eg fæ skilið. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður var að tala um að viðauka-atkvæði sitt væri að eins »Höflighed«, en hann flaskar á því, því það er einmitt ádrepa til stjórnarinnar fyrir það, að hún hafi eigi að undanförnu auglýst þau lagafrumvörp, sem nauðsyn hefði verið að auglýsa fyrir fram. Að því er snertir breytingaratkvæði þingmanns Snæfellinga, sem stendur á atkvæðaskránni undir 1. tölulið, þá álít eg það mætti vera öllum þingmönnum ljóst, að það er einskis virði. Það bindur hendur stjórnarinnar með því að tiltaka þennan tíma, og það getur verið, að stjórninni verði eigi auðið að uppfylla þá beiðni. Það biður um að senda frumvörpin til landsins. En hverjum? Það er ekki nefnt að nokkur einn maður eigi að fá að sjá þau. Það á líklega að senda þau í rígnegldum vatnsheldum kassa til stiptamtmannsins, og svo má enginn maður opna kassann. Hvert gagn er að þessu? Að hinu leytinu er auðsèð, að breytingaratkvæðið rígbindur stjórnina, fyrst við missiristímann, eða ef það ekki getur orðið þá við fyrstu gufuskipsferð á árinu. Er þingmaðurinn viss um, að gufuskipsferðirnar haldi allt af áfram? og þótt þær haldist, ef gufuskipið tálmast þá kemur ekkert, og þá má ekki senda neitt. (*Jón Guðmundsson:* Það má senda þau með gandreiðarferð). Eg held við sèum búnir að týna því niður að ríða gandreið. Eg er og hræddur um, að vèr kunnum eigi heldur list Hákonar Hlaðajarls, og getum búið til nýjan Þorgarð, eins og hann gjörði og sendi Þorleifi jarlaskáldi. (*Gísli Brynjúlfsson:* Þorgarður lifir enn). Þinginu má standa á sama með hvaða ferð frumvörpin koma, ef

þau að eins verða mönnum kunn fyrir þing. Það getur opt verið betra að senda þau inn með skipi til norðurlands, og geta þá verið orðin norðlendingum kunn fyrr, en ef þau væru send hingað til suðurlands með póstskipi, og svo send hèðan norður. Að því er snertir ræðu hins háttvirta þingmanns fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu, þá heyrðist mèr hann gjöra þann mun á þingmönnum og almenningi, að þingmenn væru einhverjar skepnur, sem ekki heyrðu undir almenninginn. (*Helgi Hálfdánarson:* Það lá ekki í mínum orðum), en ef lagafrumvörpin eru almenningi kunn, þá verða þau líka þingmönnum kunn. Eg get enga ástæðu sèð til þess að taka til greina tölulið 1. og 4. 2. töluliður gjörir hvorki gott nè illt, og auk uppástungu nefndarinnar, er hann hið eina, sem takandi er til greina af því, sem er á þessari atkvæðaskrá.

Stefán Jónsson: Sumum hefir, að mèr hefir heyrzt þótt óráðlegt að gefa tölul. 1. í nefndarálitinu atkvæði sitt, af því hann bindi hendur stjórnarinnar, og það svo, að stjórnin mætti ekki senda nein frumvörp til þingsins, ef hún ekki gæti verið búin að því svo löngu fyrir þing, að þau gætu verið orðin almenningi kunn. Hèr stendur ekki í nefndarálitinu öll frumvörp, þó það kannske sè meiningin. Ef stjórnin vill og getur sent þau öll, þá er það mjög gott og mikið unnið, en ef hún ekki getur auglýst öll frumvörpin fyrir fram, þá gjörir hún það heldur ekki, en sendir þau þá seinna inn á þingið; og eg ímynda mèr, að þingið ekki ónýti mál fyrir þessa sök, þó það ekki hafi verið birt fyrir fram, ef því annars þykir það þess vert, að það sè tekið til meðferðar á þingi. Eg fyrir mitt leyti álít þó nefndarinnar uppástungu aðgengilegasta, en tölul. 4. sè eg ekki að geti bætt neitt. Ef stjórnin gengur inn á það sem nefndin fer fram á, álít eg að það gæti orðið til mikils gagns.

Brynjólfur Jónsson: Áður en eg gef atkvæði, ætla eg að tala fáein orð. Eg skal þá bera saman 2 atriði, nfl. fyrsta og þriðja tölulið. Sumum þykir 1. tölul. betri af því hann sè skýrari og skorinorðari, en þykir 3. tölul. óákveðnari. En mèr finnst nú tölul. 1. vera svo lagaður, eins og hann liggur hèr fyrir, að eg ekki get gefið honum atkvæði mitt, því hvaða gagn er að því, þótt frumvörpin verði send missiri fyrir þingtímann til landsins, og þá sjálfsagt til stiptamtmannsins, ef þau þó ekki verða auglýst fyrir almenningi, því um þessa auglýsingu er ekki beðið í 1. tölul., en það er aðalatriðið að þau verði auglýst, og verð eg því að vera meðmæltur

uppástungu nefndarinnar, sem einmitt fer fram á það. Stjórnin þekkir svo vel til hèr á landi að hún veit, að ekki mundi afveita þó lagafrumvörp þau, sem eiga að vera orðin kunnug almenningi, það er að segja öllum landsmönnum, áður en alþing byrjar, væri send til landsins jafnvel heilu ári á undan þingi. Hvað snertir tölul. 2. þá get eg ekki annað en verið honum meðmæltur, en mig gildir einu þó 4. tölul. sè með, því þó sum málin virðist stjórninni ekki svo áríðandi, að þörf sè löngu fyrir fram að gjöra þau almenningi kunnug, kunna aptur önnur þau mál að vera, er henni þyki mjög nauðsynlegt að sem fyrst sèu gjörð heyrum kunnug, og þau ímynda eg mèr að hún sendi svo fljótt hingað, sem kostur er á.

Forseti: Eg álít þá þessari ályktarumræðu lokið, og skal þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni.

Því næst var gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði Páls Melsteðs, fellt með 14 atkvæðum gegn 5.
2. Breytingaratkvæði B. Þórðarsonar við niðurlagsatriði nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum gegn 6.
3. Niðurlagsatriði nefndarinnar (með áorðinni breytingu) samþykkt með 15 atkvæðum gegn 7.
4. Viðauka-atkvæði P. Pèturssonar fellt með 13 atkvæðum gegn 5.
5. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu málið um að veita Skutulsfjarðareyri kaupstaðarrètt. Framsögumaður er þingmaður Reykjavikur; þingmenn hafa niðurlagsatriði nefndarálitsins fyrir sèr; það komu engin breytingaratkvæði fram, og áleit eg því atkvæðaskrá óþarfa.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg finn enga ástæðu til að fara neinum orðum um málið, því það komu engin mótmæli fram í gær, svo eg verð að álíta, að nefndarálitið sè svo gott, að þar sè engu við að bæta.

Páll Melsteð: Eg vildi einungis víkja einni spurningu til hins háttvirta framsögumanns. Þegar eg las skjöl þessa máls hèr í lestrarsalnum, fann eg þar á meðal brèf til þingmanns Ísfirðinga frá bónda einum í Eyrarhrepp; þar sem vikið er á skilnað kaupstaðar og sveitar; í þessu brèfi voru ýms atriði, sem mèr virtist þá gaumur gefandi. Nú vildi eg leita upplýsingar framsögumanns um það, hvort þetta skjal komi hvergi fram, eða þess verði hvergi

getið; því mig minnir, eins og eg sagði, að í því brèfi væri ýms atriði tekin fram, sem nauðsynlegt væri, að kæmu bæði fyrir stjórnarinnar augu, og þeirra sem um þetta mál eiga að ræða og rita. Mèr ríður á að litið sè jafnt til beggja bæði hreppsins og kaupstaðarins. En atkvæði mitt gef eg nefndarálitinu hiklaust.

Framsögumaður: Þetta skjal var »privat« brèf til þingmanns Ísfirðinga, og þar er bent á ýms atriði málinu til skýringar. Nefndin tók þetta skjal til meðferðar, en þegar nefndarmenn, sem allir eru þar kunnugir, fóru að skoða það, fannst þeim ekki neitt í brèfinu sem takandi væri til greina, og þó svo hefði verið, fann nefndin eigi ástæðu til þess nú, úr því nefndin fór eigi fram á annað, en að frumvarp um þetta yrði lagt fyrir næsta þing. Það gæti verið önnur atriði, sem stjórninni væru óljós, og sem hún nú á kost á, að leita upplýsinga um; og þó eitthvað væri í brèfinu, sem miðaði til að upplýsa málið nákvæmar, áleit nefndin, að ekki ætti við að hreifa því, fyrr en frumvarpið verður lagt fyrir þingið. Að öðru leyti hef eg lagt þetta brèf með öðrum skjölum, sem málið snerta, og ætlast til að það fylgi þeim.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um niðurlagsatriði nefndarálitsins.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. niðurlagsatriði samþykkt í einu hljóði.
2. niðurlagsatriði samþykkt með 16 atkvæðum.
3. niðurlagsatriði samþykkt í einu hljóði.
4. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um þetta mál — samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur þá til ályktarumræðu málið um skikkun til prestakalla. Framsögumaður er hinn 3. konungkjörni þingmaður. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanua bls. 162.

Framsögumaður (*Pètur Pètursson*): Eg ætla nú að reyna að stytta umræðurnar, sem voru um þetta mál í gær, með því að tala ekki mikið um það að svo komnu; eg ætla fyrst að heyra, hvað höfundar breytingaratkvæðanna færa þeim til meðmælingar. Eg vil að eins geta þess, að mèr sýnast þau flest fara í sömu stefnu og nefndin hefir gjört; er því ekki mótfallinn þeim í aðalstefnunni, en held þó ei, að þau eigi öll jafnvel við.

H. G. Thordersen: Fyrst þessi þögn kemur, stend eg upp, en ekki til annars, en að lýsa því yfir, að frá mínu sjónarmiði er eg öllu þessu mótfallinn, samkvæmt því sem eg hefi áður látið í ljósi.

Helgi Hálfdánarson: Fyrst eg á hèr breytingaratkvæði á atkvæðaskránni er líklega laglegra, að eg standi upp, og segi eitthvað, og ætla eg þá með fáum orðum að taka það skýrar fram, sem eg hafði í huga með breytingaratkvæðum mínum. Það sem eg ætlaði mèr var að fara eins konar meðalveg milli nefndarinnar, og þeirra, sem eru henni mótfallnastir. Eg hèlt sumsè, að þó það ef til vill, gæti hjálpað mikið, sem nefndin stingur upp á, þá mundi það ekki verða nærri einhlítt; því það mundi geta komið fyrir eigi að síður, að einhver brauð stæðu uppi prestlaus, og þá held eg verði að reka að þessari óvinsælu skikkun, svo að hún megi ekki alveg útilokast. En það er álit mitt, að þetta ætti að vera síðasta úrræði. Breytingaratkvæðið tölulið 1. stendur fyrst á atkvæðaskránni, vegna þess að því varð ei komið öðruvísi fyrir, ef það átti ekki að koma í bága við það, sem aðrir höfðu stungið upp á, og það sem eg vildi koma til leiðar með því, er, eins og eg hef þegar sagt, ekki annað en það, að þegar það, sem nefndin stingur upp á, ekki dygði, þá stæði hinn vegurinn opinn sem síðasta úrræði.

Sveinn Skúlason: Mèr þótti óþægilegt að heyra, að hinn háttvirti framsögumaður gjörði allt jafnt á atkvæðaskránni; eg þóttist hafa viljað fylgja nefndinni, og vonaði því að hann mundi verða mèr meðmæltur í þeim litlu breytingum sem eg stakk upp á, fremur en hinum sumum; en nú veit eg ekki nema dauðadómur verði kveðinn upp yfir þeim öllum á eptir. Það liggur nú í augum uppi, að breytingaratkvæði mitt er alveg samkvæmt hugsun nefndarinnar, sá er að eins munurinn, að nefndin bindur sig að eins við eitt lagaboð um skikkun, en eg vil að öll lög um skikkun sè aftekin, og ímynda mèr, að það hafi ekki verið nefndarinnar vilji, að þeir sem eptir eldri skikkunarlögunum yrði skikkaðir á aumustu brauðin, skuli verða harðara úti, en hinir, sem úrskurðurinn frá 17. maí 1862 gildir um. 5. tölul. vil eg styðja, ef hann er skoðaður sem breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar; en þar á mót held eg, að það gæti ekki átt við tölul. 6, og því vildi eg, að hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga vildi benda forseta á, hvort ekki væri meining hans, að það kæmi til atkvæða sem breytingaratkvæði að eins við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar. Tölul. 6. get eg alls eigi fallizt á, því hann væri til að spilla fyrir stiptsyfirvöld-

umum, því þá yrðu þau að ganga fyrir hvers manns dyr ekki einu sinni heldur tvisvar, í fyrra sinnið til að fara vel að mönnum með loforðum, og seinna sinnið til að ógna þeim með hótunum. 7. tölul. leiðir beinlínis af fyrra breytingaratkvæði mínu. Svo ætla eg nú að hlaupa yfir allt, fram að 11. tölul. Í 3. niðurlagsatriði nefndarinnar stendur aðeins, að þess skuli getið í veitingarbrèfinu; þetta þótti mèr óviðkunnanlegt, að ekkert væri nema fyrirheitið tómt, en ekkert band á stiptsyfirvöldunum til að efna loforðið. Framsögumaður vill nú máske bera mèr á brýn, að eg hafi ekki tekið eptir 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þar sem sagt er, að þeir skuli hafa forgangsrètt fyrir öllum öðrum o. s. frv.; en þá hefði líka mátt segja, að 3. niðurlagsatriði nefndarinnar hefði ekki þurft. En eg get ekki sèð neitt á móti viðauka mínum, fyrirheitið er þar skuldbindandi fyrir hlutaðeigendur? það eina sem að því er, er, að það kannske er ekki nógu kurteislegt. Ef nú svo óheppilega skyldi takast til, að niðurlagsatriði nefndarinnar fèllu, og mín breytingaratkvæði með, þá verð eg af neyð að halla mèr að 12. tölul.; þeir hafa nú verið svo margir þar um hituna, að þessi töluliður fær víst fullkomin meðmæli. 13. tölul. get eg ekki fallizt á fyrr en eg þá heyri ástæður færðar fyrir honum.

Framsögumaður: Eg veit ekki nema það verði álitið kænskubragð af mèr, ef eg ekki tala um breytingaratkvæði þau, sem fram hafa komið við nefndarálitið; en að eg vildi hlífa mèr við að tala um breytingaratkvæðin fyrir fram, kom af leti fyrir mèr, og af því, að eg vildi sem minnst tefja tímann. En eg skal nú samt tala um nokkra af töluliðunum. 1. breytingaratkvæðið er nú um það, að skikkunarvaldið skuli ná einnig til þeirra, sem lesa guðfræði við háskólann, sem sè, að ef þeir fá styrk við háskólann, þá sè það haft í skilyrði við þá, að þeir undirgangist skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, eða að öðrum kosti skili styrknum aptur. Eg vona nú, að það sè sýnt með ljósum rökum í nefndarálitinu, hversu óhafandi það sè, að útþenja skikkunarvaldið meira, svo eg skal ekki fara fleirum orðum um það, en verð að álíta, að þetta breytingaratkvæði sè alveg »ópraktiskt«, og hlyti að fæla alla, sem sigldu til háskólans til að nema guðfræði, frá því að koma aptur til landsins; því það er einkennilegur blær við skikkunarvaldið, að óvinsældin af því fylgir mönnum út úr landinu. Hvað 2. tölul snertir, þá finnst mèr nú ekkert að honum, því hann er í raun og veru samhljóða nefndarinnar skoðun; einungis er það athugandi, að það

eru að eins fáir eldri stúdentar til, svo þetta yrði því þýðingarminna, því stiptsyfirvöldin mundu naumast fara að skikka þá fáu sem til eru; en þetta gæti máske orðið til fyrirstöðu bænheyrslu stjórnarinnar, því að því meiri útvíkkun, sem beðið er um, því óálitlegra verður, ef til vill, málið í augum stjórnarinnar. Tölul. 4. fer nú reyndar í sömu stefnu og nefndarálitið, en mèr finnst það nokkuð stórkostlegt, að þeir skuli fá fullan forgöngurètt fyrir öllum öðrum til hvers brauðs, er þeir sækja fyrst um; þetta er reyndar sprottið af sömu rót og uppástungur nefndarinnar og eg er því þess vegna samdóma í stefnu þess, en þykir það nokkuð gífurlegt. Tölul. 5. er eg alveg samdóma, mèr finnst upphæðin þar hæfilega tiltekin. Hvað 6. tölul. áhrærir, þá hefir það rèttilega verið tekið fram, að stipsyfirvöldin yrðu þá að ganga fyrir hvers manns dyr tvisvar í staðinn fyir einu sinni. Tölul. 7 er eðlileg afleiðing af 2. tölulið. Þá kemur 8. töluliður. Nefndin setti nú »vítalaust», en hèr er því breytt í: »trúlega og með samvizkusemi»; þetta er nú vel og guðrækilega hugsað; en eg veit þó ei, hvort það getur komið svo fram í lagaboði, og eg veit ekki, hvernig lagaleg sönnun getur fengizt fyrir því, þar sem aptur á móti má fá lagalega sönnun fyrir hinu, að hann hafi þjónað brauðinu »vítalaust«; það getur vel verið að einn maður standi nú eins vel í stöðu sinni og hver annar, þó hann gjöri það ekki með samvizkusemi. Og hver getur dæmt um það, hvort hann gjörir það með samvizkusemi eður ei? Eg get til dæmis ímyndað mèr gáfumann, sem er góður að búa til ræður, hefir lítið fyrir því, og kastar til þess höndunum, og gjörir samt eins góðar ræður eða betri, en annar, sem meira hefir fyrir því, og vandar sig meira á þeim. Ætti nú að setja hinn aptur fyrir þessum, þegar hann gjörir eins góðar ræður, þó hann gjöri það ekki með eins mikilli samvizkusemi? Orðið »vítalaust» tekur það fram, að presturinn hafi staðið óaðfinnanlega í stöðu sinni, og meira sýnist ekki verða heimtað í þessu tilfelli. Hvað tölulið 11. snertir, þá leiðir það beinlínis af 9. og 10. tölulið, því þegar lagaboð er fengið fyrir því, að þeir sem skikkaðir eru skuli hafa forgangsrètt fyrir öðrum til vissra brauða, og þessi rèttur er tiltekinn í veitingarbrèfinu, þá er sjálfsagt, að stiptsyfirvöldin eru bundin við það, og þau verða ekki bundnari, þó það sè beinlínis tekið fram í lagaboðinu. Eg vona að ekki þurfi að koma að því, að atkvæði verði greitt um 12. tölulið; það getur verið, að hann hafi margt við að styðjast, en ekki kann eg við hann, og ef

nefndarinnar uppástungur skyldu falla, vildi eg heldur að hann fèlli líka, einkum ef töluliður 13. yrði tekinn. Eg skal svo ekki tala fleira um hin einstöku atriði; en eg vildi gjöra eina athugasemd út af uppástungum nefndarinnar. Mèr hefir skilizt á stiptsyfirvöldunum, að þau væri svo hrædd við að taka skikkunarvaldið af, af því þau mundu þá hafa svo mikið fyrir, að fala menn til brauðanna, og það væri vandræði, hvað mikið þau þurfi að dekstra þeim. Eg held nú, að ekki þurfi til þessa að koma, því það er augljóst, að þegar þvílíkum brauðum er slegið upp, verður það gjört með þeim skilmálum, að sá sem þangað fari og þjóni þar í 3 ár, skuli svo fá gott meðalbrauð. Ef nú enginn sækir, þá kemur fyrst til þess, að stiptsyfirvöldin þurfi að ganga fyrir hvers manns dyr, eins og hèr er að orði kveðið. En þau þekkja þó jafnan einhvern mann, sem þau álíta hæfilegan til þess brauðs sem laust er í hvert skipti; það er nú sjálfsagt, að þau verða að snúa sèr til hans, og biðja hann að fara að brauðinu. En eg vil spyrja: mun nokkur neita því, sem nokkuð hugsar um gæfu sína? Er þetta ekki einmitt það mesta aðhald? Því ef hann neitar því, hefir hann spillt gæfuvegi sínum, og það er einmitt þetta, sem á að koma fram við hvern þann sem neitar, að hann sè þegar hann sækir næst, látinn sitja á baki annara, þó þeir sèu, ef til vill, ekki eins kostum búnir, hèr kemur fram sú náttúrlega og siðferðislega hótun, en ekki sú líkamlega þvingun, og undir hina siðferðislegu hlýtur hver skynsamur og ráðvandur maður að gefa sig. Þessu valdi eiga menn að beita, en ekki hinu, sem skikkunarvaldið gefur.

Jón Sigurðsson: Af því hinn háttvirti þingmaður Norðurþingeyinga skoraði á mig, að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði mínu undir 5. tölulið, þá skal eg geta þess, að það var meining mín, að það ætti við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 9, því breytingaratkvæðið undir 6. tölulið var ekki orðið til þegar eg bar upp mitt breytingaratkvæði; en eg held þó, að það gæti átt við báða þessa töluliði, bæði 6. og 9., því ef að þingið skyldi samþykkja 6. tölulið, þá er eins þörf á, að hækka dala-upphæðina á brauðunum, og breytingaratkvæði mitt getur því eins komizt þar að. Mèr þótti nefndin hafa tekið of grunnt í árinni með þessi fyrirheitnu brauð; því ef prestur er fenginn á eitthvert rýrðarbrauð á útkjálkum landsins, þykir mèr það lítið, að hann skuli ekki eiga von á nema 200 rd. brauði, af því sum þessara 200 rd. brauða, eptir því sem eg þekki til, liggja nærri því að vera skikkunarbrauð,

svo að kjör þessara manna yrðu þau, að fara frá einni plágunni til annarar. Eg vona því að þingið felli ei breytingaratkvæði mitt, þó það hafi orðið fyrir því óhappi, að vera tengt við hinn 6. tölulið, sem er svo óvinsæll, og sem eg sè fyrir að muni verða felldur af þinginu. Eg hirði ekki um, að fara út í hin einstöku atriði þessa máls, eða gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atvæði; það mun sjást við atkvæðagreiðsluna fyrir hverjú eg stend upp og fyrir hverju eg sit.

Brynjólfur Jónsson: Út af þeim athugasemdum, sem verið hafa gjörður um breytingaratkvæði mitt undir 8. tölulið, skal eg geta þess, að mèr virðist orðið »vítalaust« ekki vera svo, að menn eptir því gætu dæmt um, hvort presturinn hafi staðið vel í stöðu sinni eða ekki, því það er almennt mál manna á milli, að kalla það vítalaust, sem þó getur verið langt frá að vera gott, því þó svo geti heitið, að þjónusta manns í einhverri stöðu sè vítalaus, þá virðist mèr að í þessu geti legið, að lítið vanti á að hún sè vítaverð eða að við sjálft liggi að maður ekki geti lengur með góðu tollt í henni. Þjónustan er vítalaus að vísu, meðan maður hefir ekki verið opinberlega ákærður; en þetta álít eg ekki vera nóg heimtað, heldur hitt, þegar almenningsálit er svo, að þjónusta mannsins sè vítaverð, þá sè það nóg orsök til, að hann verði ekki tekinn til greina fremur öðrum, því eg álít að það eigi að heimtast af hverjum presti að hann gegni embætti sínu trúlega og með samvizkusemi.

Jón Iljaltalín: Það hefir nú sumum þótt breytingaratkvæði mitt gífurlegt, og það getur nú verið nokkuð hæft í því, því að eptir því getur það verið, að maður, sem hefir verið settur í Grímsey, verði prestur í Reykjavík, Odda eða Breiðabólstað næst á eptir; þó er þetta ekki mjög líklegt, það væri þá eins og ef menn færi að spila í »Tallotteriet«; en það er nú flestum samt inngefið, að þykja gaman að teningakasti, og ætli þetta gæti ekki lokkað menn svo, að kannske fengjust duglegustu menn á lökustu brauðin, ef þeir hefðu þessa von, en sú von er mjög brigðul, því hún er byggð á tölu, í hverri hlutfallið er: 3 : 100. En eg vil því biðja menn að hugsa sig um, hvort mennn kannske ekki einmitt með þessu geti lokkað duglega menn á rýrustu brauðin; dugnaðurinn fer ekki heldur allt af eptir því sem menn halda, eða eptir því sem embættisprófið sýnir, svo allt gæti kannske farið vel, þó að teningakastið heppnaðist einstöku sinnum. Annars stendur mèr á sama, hvort það fellur eða ei, en bið menn einungis að athuga, hvort

það er svo illa valið. Það er auðsèð, að eitthvað verður að gjöra til þess að lokka menn á aumu brauðin, því að skipa mönnum á þau, er ekki gjörlegt, og enda ómögulegt, en opt má vinna það með góðu, sem menn ekki unnu með ströngu. Eg ætla svo að sitja, þangað til menn eru búnir að tala út, og hugsa mig um; eg segi eins og annar þingmaður sagði áðan: það mun sjást á sínum tíma, fyrir hverju eg stend eða sit.

Jón Guðmundsson: Eg segi þinginu það fyrir, að eg stend ekki upp, í þeim tilgángi að sannfæra það, eða af því, að eg sjái ekki fyrir, hver afdrif að verði þessa máls á þingi; sum mál eru svo almenns og alvarlegs efnis, að menn verða að leysa hendur sínar, og frelsa samvizku sína áður en til atkvæða er gengið, svo að það sjáist, að maður hefir ekki hætt á miðri leið, svo að aldir og óbornir megi sjá á hverju þeir þingmenn sem á móti mæla nefndaruppástungum byggi. Eg verð að játa það, að mèr varð hverft við í gær við undirbúningsumræðu þessa máls, er svo margir þingmanna staðhæfðu það, að almenn óánægja væri úti um landið út af þessu skikkunarvaldi stiptsyfirvaldanna. Eg skal nú ekki gjöra mikið úr því, að eg sem blaðamaður skrifast á við mikinn þorra af merkustu mönnum víðs vegar um land, og mèr er sá eiður sær, að enginn þeirra hefir nefnt hið minnsta óánægju út af skikkunarvaldinu, eða hafi sent mèr greinir þar að lútandi, eða beðið mig að hreifa þessu máli í blaðinu; þetta gildir mig einu, þó allir sjái út um landið, að eg hefi mælt þessi orð hèr í salnum; en þetta legg eg nú ekki áherzlu á; hitt þótti mèr kynlegra, að engin bænarskrá hefir komið til þingsins um þetta, nema þessi eina úr Suður-Múlasýslu, og þar er þó engin óánægja nefnd í þá átt að skikkunarvaldið yrði upphafið, heldur einungis að fá skikkunarvaldið nákvæmar ákveðið eða heldur rýmkað; en það merkilegasta er, að við inngangsumræðuna talaði ekki einn einasti þingmaður um óánægju yfir skikkunarvaldinu eða að hún ætti sèr stað út um hèruðin; engi nefndi þá nè innti í þá átt, að nein almenn ósk eða nauðsyn væri fyrir því að upphefja eða ónýta skikkunarvaldið. Mèr kom því til hugar, þegar eg heyrði nú svo marga tala um þessa óánægju og vilja staðhæfa hana, að nefndin hefði orðið þessum þingmönnum að ösnunni hans Balaams, til þess að minna þá á þessa óánægju. Það hefir nú mikið verið talað um, hvað skikkunarúrskurðurinn sè óeðlilegur og óvinsæll, og hinn háttvirti framsögumaður sagði, að sú óvinsæld mundi fylgja úrskurðinum út úr

landsteinunum (*Pètur Pètursson:* Ef skikkunarvaldið væri útvíkkað). Það er sjálfsagt, að það er eðli mannlegrar náttúru, að gangast fremur fyrir góðu en illu, eins og hinn háttvirti framsögumaður sagði í undirbúningsumræðunni; en því að eins finna menn til hins góða og kunna fyllilega að meta það, að hið vonda eður andstæða sè við hliðina á því, og eins og skúrinn gjörir skinið sætt, eins verða hver gæði áþreifanlegri þegar hið illa fylgir með þeim. Það er sagt, að skikkunarúrskurðurinn sè nauðungarlöggjöf, en eg held, að það eigi ekki síður heima með uppástungur nefndarinnar, og þó er mjög mikill munur á hvorutveggja; skikkunarúrskurðurinn er það sama fyrir stiptsyfirvöldin, eins og vopnin eru fyrir hermanninn; eður hvern þann sem vill og þarf að beita valdi sínu svo skipunum hans verða framgengt, ef eigi fæst á annan veg; þó að maðurinn sè útbúinn vopnum og hertýgjum, þarf hann ekki og á ekki að beita þeim við hvert viðvik; þetta, að aðrir vita að þau eru til, og að það megi beita þeim í viðlögum, það áorkar meiru við þann sem hlýða skal, heldur en vopnið sjálft; en ef sá sem ræður, er sviptur því, þá fara flestir að gjöra sèr dælla við skipanir hans; eg gjöri ekki mikið úr því þegar engu öðru er að beita heldur en góðum orðum og fögrum loforðum. Nefndin vill nú svipta stiptsyfirvöldin þessu nauðsynjavopni en fá þeim í hendur annað meðal, nefnilega að brúka lokkanir og mútur til að vinna menn til þess að taka prestaköllin. Er nú ekki betra að stiptsyfirvöldin kæmust hjá þessari aðferð, og að þau heldur haldi valdinu, sem þau nú hafa, svo þau þurfi ekki að nota óleyfileg meðöl (*Arnljótur Ólafsson:* Geta þau ekki misbrúkað konungsúrskurðinn?) Jú, en ef á að fara að fella hverja löggjöf, fyrir það, að það megi misbrúka hana, þá vil eg spyrja, hvaða lög geti staðizt óhögguð. Þá var það tekið fram í gær, að það væri falleg lög, sem keyrðu menn út á eitthvert landshorn. Eg vil spyrja: eru þetta ekki lög víða? Hvað er landvarnarskyldan? Getur ekki konungurinn í Danmörku og keisarinn í Rússlandi rekið menn til landvarnar í Síberíu, og látið »knútta« þá þar? Og hvaða loforð fá þeir um umbun; alls engin, nema þau að fá að vera þar alla sína æfi, ef þeir brjóta hið minnsta á móti yfirmönnum sínum. Skikkunarúrskurðurinn aptur á móti heitir umbun og henni ríkulegri. Eg vil því næst skoða nákvæmar mismuninn á þeim meðölum, sem nefndin gefur í hendur stiptsyfirvöldunum, og þeim, sem skikkunarvaldið gefur þeim í hendur. Í skikkunarúrskurðinum er það lögákveðið, að eptir vissan ára tíma skuli hlutaðeigandi fá

svo og svo gott brauð, eptir nefndarinnar uppástungum eiga stiptsyfirvöldin að fara vel að prestsefninu, biðja hann með góðu og lofa honum 200—350 rd. brauði, ef hann vilji gjöra svo vel að fara á þetta og þetta skikkunarbrauð. Eg ætla nú að balda mèr við þau meðöl, sem nefndin gefur, þetta að verða að kjassa menn og kaupa til þess að þjóna guði og kirkjunni og fósturjörðu sinni, og eg vil spyrja: Liggur ekki í þeim miklu meiri misbrúkunarvegur, en í skikkunarúrskurðinum? Jú, svo herfilegur, að þetta beinlínis freistar til misbrúkunar, þá sem eiga að beita því, og til spillingar þeim sem á að vinna með þessu móti og engu öðru til að gegna skyldu sinni. Það gjörir úrskurðurinn ekki, og því tek eg hann svo langt fram yfir uppástungur nefndarinnar. Þèr viljið víst spyrja: Hvernig getur sú misbrúkun átt sèr stað eptir uppástungum okkar? Þá vil eg taka til dæmis, að það er einhver maður, sem stiptsyfirvöldin vilja hjálpa fram til vegs, þó að hann sè nauða óhæfilegur og geti ekki keppt móti neinum jafnokum sínum jafnaldra um betri brauð; þá taka þau hann sjálfsagt tafarlaust á tal og segja við hann: Viltu ekki, góðurinn minn, taka það að þèr þetta skikkunarbrauð í 3 ár, svo skaltu fá 350 rd. brauð á eptir. Eptir þessu yrðu þá brauðaveitingarnar alveg eins og »akkorð« við krambúðarborðið. Það liggur því í hlutarins eðli, að af þessu getur leitt ótal misbrúkun, misskilning á almennum skyldum og rèttindum og mikið annað illt, auk þess er það alveg »demoraliserandi« (siðferðisspillandi) að koma mönnum upp á, að það skuli kaupa þá til embættanna; þeir hugsa með sjálfum sèr, að sèr sè óhætt að fara sèr hægt til verulegra framfara, óhætt að bíða, þeir þurfi ekki að gjöra sèr neitt ómak, stiptsyfirvöldin »akkorderi« við þá um eitthvert brauðið, og bjóði góð boð hvernig sem fari. Þar sem hefir verið talað um orðið »vítalaus«, þá vil eg taka það fram, að það má segja hvern þann prest vítalausan, sem ei er dæmdur frá kjól og kalli, þess vegna þykir mèr nú breytingaratkvæði hins 5. konungkjörna þingmanns langbezt og aðgengilegast af öllu því sem lýtur að stefnu nefndarinnar. Danir segja: »Skal der være Gilde, saa lad det være Gilde«; eins held eg sè bezt að hafa hèr, og gefa stiptsyfirvöldunum dálítið vald og meðöl í hendurnar að marki, svo þau geti tekið hvern slóðann á útkjálkabrauðin um 2—3 ár til þess að geta sett hann síðan á beztu brauðin i landinu, hvað ómaklegur sem hann er, og hvað góðir menn sem sækja í móti. Þetta breytingaratkvæði tek eg því fram yfir alla hina töluliðina. Eg skal ekki tala

um vara-atkvæði okkar félaga undir 12. tölul. En ef þessi töluliður verður tekinn, sýnist mèr full ástæða til að taka hinn 13. líka, því konungsúrskurðurinn frá 17. maí 1862 er einungis nákvæmari skýring á eldri landslögum, en úrskurðurinn frá 30. júlí 1850 er alveg nýtt lagaboð, sem upphefur alveg konunglega tilskipun frá 11. marz 1633, og var þó þessi úrskurður 1850 aldrei borinn undir alþing; um úrskurðinn frá 1850 talaði enginn að hann væri ólöglega tilkominn, en þessi frá 1862, sem einungis er skýring á eldri úrskurði, á að vera alveg ólöglega tilkominn, af því hann var ekki borinn undir alþing. Og vil eg að endingu í einu orði lýsa því yfir, að eg sè ekki hvaða lög verði kölluð »octroyeruð«, ef það er ekki einmitt þessi konungsúrskurður frá 30. júlí 1850.

Stefán Jónsson: Eg get nú ekki verið samdóma hinum háttvirta varaforseta í þessu máli. Það hefir margt og mikið verið talað um, hve óeðlilegt og ranglátt það væri að taka úr gildi konungsúrskurðinn af 17. maí 1862 og setja niðurlagsatriði nefndarinnar í staðinn, og það kom fram í ræðu hins háttvirta varaforseta, að það aðhald væri í konungsúrskurðinum, sem menn hræddust, að þeir sem eigi vildu með góðu taka brauðin, þeir mættu þá síðar neyðast til að gjöra það með illu. Er það eigi eðlilegt, að menn heldur vilji gangast fyrir því að taka brauðin með góðu, þegar þeir fá loforð um umbun fyrir það þannig, að þeir fá fulla vissu um að fá gott brauð á eptir, eptir því sem lög standa til, hvort sem það er nú 400 rd. eður 500 rd. brauð; er nú ekki þetta miklu eðlilegra segi eg, heldur en að vera *neyddur* til þess móti *von* um brauð; eg segi fyrir mitt leyti, að eg vil miklu heldur ganga að einhverju viljugur móti *vissu*, heldur en láta skipa mèr með harðri hendi móti von, því það er sitt hvað von eða vissa. Eg sè og í stjórnarbrèfinu 9. apr. 1862, til stiptsyfirvaldanna, að stjórnin hefir farið líkum orðum um þetta; þar stendur, »en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kandidata frá prestaskólanum» o. s. frv. Henni hefir þá dottið í hug, að takast mætti að fá menn, með góðu, móti von um betra hvað þá heldur, ef vissa væri fyrir, að menn fengí betra brauð. Úrskurðurinn af 17. maí er ekki sterkari en svo, að hann að eins gefur mönnum »von», og hvernig getur það verið, að nokkur vildi eigi heldur taka að sèr rýrt brauð með góðu, móti þeirri vissu að fá betra brauð á eptir, heldur en að láta skipa sèr í það móti von um að verða síðar tekinn til greina eins og komizt er að orði í úrskurðinum. Eg

skil eigi, að þetta yrði ekki betri vegur. Viðvíkjandi breytingaratkvæði hins 5. konungkjörna þingmanns, þá get eg eigi verið samdóma því, sem varaforseti sagði, að það væri hið bezta, því þegar það er skoðað í sambandi við það, sem hinn 5. konungkjörni sagði í gær, að ætlazt væri til að hinir daufustu væri skikkaðir, þá þætti mèr það óeðlilegt, að þeir fengi Reykjavíkurbrauðið eða Oddann. (*Ásgeir Einarsson:* Hinn 5. konungkjörni beiddi mig að skila því, að sú væri eigi meiningin). Eg vildi nú eigi spilla fyrir málinu, en eg get ekki sèð, að betri vegur sè að halda skikkunarúrskurðinum óbreyttum, heldur sýnist mèr hinn vegurinn miklu aðgengilegri, sem nefndin hefir stungið upp á. En það getur verið, að stiptsyfirvöldin hafi reynslu fyrir sèr í þessu máli. Eg veit ekki hvort þau hafa gjört tilraunir til að fá nokkurn til að mynda til Grímseyar, en hitt veit eg, að enginn er kominn þangað enn þann dag í dag; þeim kann þess vegna að vera það ógeðfellt sökum reynslunnar að fara þenna veg; en þau, ɔ: stiptsyfirvöldin, hafa heldur ekki skikkað neinn síðan þessi konungsúrskurður kom út, líklega af því, að hann varð ekki notaður. Eg vil því fyrir mitt leyti heldur hallast að álit[i] nefndarinnar.

Björn Pètursson: Það er nú óþarfi fyrir mig að fara mörgum orðum um atkvæðaskrána, því hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir nú tekið það svo vel fram sem eg vildi segja, að eg hefi engu við það að bæta. Eg vildi einungis leyfa mèr eina athugasemd viðvíkjandi breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Suðurþingeyinga, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni hafði ekkert á móti. Það er að vísu satt, að þetta breytingaratkvæði gengur næst hugsun nefndarinnar, en það getur þó að mèr virðist verið efasamt, hvort sú uppástunga leiðir það eigi eptir sig, að það yrði lenzka hèr, að menn sækti eigi um lífvænleg brauð, þótt þau losnuðu, heldur drægi að sækja, þar til stiptsyfirvöldin neyddust til að bjóða þessi brauð og lofa þessum góðu brauðum á eptir. Eg held að breytingaratkvæðið hafi verið sprottið af nokkrum misskilningi hjá hinum heiðraða þingmanni, eptir því sem mèr skildist á orðum hans. Eg held að hann hafi hugsað, að þeir væri bundnir við að sækja um 200 rd. brauð; en í niðurlagsatriði nefndarinnar stendur einungis, að þeir skuli fá þessi brauð eptir tiltekinn tíma, þegar eða ef þeir sæki um þau; það er þá auðsèð að þeir eru ekki bundnir við að sækja um 200 rd. brauðið, ef þeir heldur vilja bíða eptir öðru betra; en það getur opt verið að þeir vilji heldur 200 rd. brauðið,

af því það hafi betri bújörð, eður einhver önnur hlunnindi, og þá geta þeir tekið það ef þeir sjálfir vilja. Eg ætlaði að svara fáum orðum í ræðu hins háttvirta varaforseta; hún laut lengi vel að því að vefengja það, að óánægja ætti sèr stað út af konungsúrskurðinum, og bar hann það fyrir sem ástæðu, að enginn hefði minnzt á það í brèfum til sín. En eg segi fyrir mig, að eg get alls eigi borið svo mikla virðingu fyrir correspondentum Þjóðólfs, að eg álíti orð þeirra merkari, en orð þeirra manna, sem hèr tala í salnum, og það því heldur, þegar þeir, eptir því sem hann sjálfur segir, hafa alls ekkert minnzt á þetta efni, og eg mótmæli öldungis þeim gersökum, sem varaforseti gjörir mèr og öðrum þingmönnum, þó eg annars beri mikla virðingu fyrir Þjóðólfi, því þær eru með öllu heimildarlausar. Hann minnist á, að í bænarskránni hafi eigi verið farið fram á, að skikkunarvaldið væri aftekið. Eg tók það fram í gær, að það komi bæði af því, að höfundar bænarskráarinnar voru hræddir um, að þingið mundi eigi fallast á það, af því að þeim datt þá ekkert í hug, til að setja í staðinn. En nú hefir nefndin fundið ráð til að afnema úrskurðinn. Eg held, að correspondentum og kaupendum Þjóðólfs komi það nokkuð óvart, þegar þeir sjá það, í þingtíðindum, að ritstjórinn styrkir svona stiptsyfirvöldin til að viðhalda þessu þrælsbandi, einkum þegar augljóst er, að stiptsyfirvöldin geta náð hinu sama augnamiði sem þau áttu að ná á langtum frjálslegri og eðlilegri hátt. Varaforseti mælti mikið með breytingaratkvæði hins 5. konungkjörna þingmanns. Eg lofaði reyndar í gær að styrkja það, en mèr datt þá ekki í hug, að það mundi fara svona fjarskalega langt, og get eg því ekki verið því meðmæltur. Nefndin held eg að hafi farið meðalveginn hvorki of langt nè of stutt. Eg get þess vegna ekki betur skilið, en það hafi verið lokaráð af varaforseta, þegar hann rèði þinginu svo mikillega til að fallast á þetta. Ef breytingaratkvæði þetta yrði samþykkt, yrði það auðsjáanlega til að eyðileggja málið hjá stjórninni.

Arnljótur Ólafsson: Þegar varaforseti stóð upp, hèlt eg að hann mundi ætla að halda skildi uppi fyrir stiptsyfirvöldunum; en hèr fór sem málsháttúrinn segir: »Verður það sem varir og ekki varir«, því að mèr fannst hann vera sá hinn eini þingmaður, sem bar slíkt vantraust til stiptsyfirvaldanna, að hann hèlt, að þau hlyti að misbrúka það vald, er nefndin vildi gefa þeim; hann hèlt að hættulegt væri að gefa stiptsyfirvöldunum þvílíkt vald, af því að óumflýanlegt væri, að þau misbrúkuðu það (*Jón Guðmundsson*: Getur

verið ofmikil freisting). Jæja, með þessum orðum viðurkennir þingmaðurinn, að eg hafi skilið hann rètt. Annað dæmi þess, að verður það sem varir og ekki varir, var það, hvernig hann útlistaði niðurlagsatriði nefndarinnar; hann hljóp svo lètt yfir þau, að mèr datt í hug, að hann hefði eigi lesið þau betur, en sagt er að einhver lesi biflíuna, og hefði eg eigi hugsað, að slíkur lögfræðingur, sem hann, skyldi fara svo fljótt yfir sögur. En eg skal nú ekki ýta orðum við hann út úr þessu heldur snúa mèr að málinu.

Aðalefni málsins er þetta: Er konungsúrskurðurinn 17. maí 1862 betur lagaður en uppástungur nefndarinnar til þess, að stiptsyfirvöldin geti fengið presta til hinna rýru brauða; þetta er mergurinn málsins. Eg verð nú að vera á því, að uppástungur nefndarinnar með breytingaratkvæði þingmanns Suður-Þingeyinga gefi stiptsyfivöldunum meira vald og eðlilegra en konungsúrskurðurinn gjörir. En af því hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður hefir látið í ljósi, að úrskurðurinn 17. maí 1862 væri miklu traustari til áreynslu, þá skal eg leyfa mèr að bera hann saman við uppástungurnar. Það er þá fyrst, að uppstungur nefndarinnar og konungsúrskurðurinn byggja hvorttveggja á samningi milli stiptsyfirvaldanna og þeirra sem taka brauðin, því í halanum á konungsúrskurðinum stendur: »að þegar ölmusunum við prestaskólann í Reykjavík er útbýtt, verði hlutaðeigendur *með berum orðum* minntir á, að þeir *með því að piggja styrk penna gangist undir skyldu þá* o. s. frv. Það vita allir, að stiptsyfirvöldin hafa hingað til veitt ölmusurnar við prestaskólann skilyrðislaust, og enginn hefir verið »með berum orðum minntur á» þessa skikkunarskyldu, því að stiptsyfirvöldin hafa hvorki munnlega nè skriflega skýrt prestaskólamönnum, er sótt hafa um ölmusu, frá þessari skyldu. Ef nú stiptsyfirvöldin aldrei hafa minnzt á þessa skikkunarskyldu, er þeir veitt hafa ölmusurnar við prestaskólann, þá getur heldur enginn, sem enn hefir þegið styrk af prestaskólanum, orðið skikkaður eptir þessum viðauka við skikkunarúrskurðinn. Eg skal geta þess, að hèr getur eigi verið að tala um, að prestaskólakandídatar skuli borga aptur ölmusurnar við lærða skólann, heldur að eins ölmusuna við prestaskólann, eins og sjá má af úrskurðinum sjálfum. Af þessu leiðir þá, að uppástunga nefndarinnar gefur í þessu atriði stiptsyfirvöldunum meira samningsvald, þar sem hún gefur þeim vald til að semja við *alla,* sem búnir eru á prestaskólanum. Í öðru lagi vil eg þá gæta að, hvort stiptsyfirvöldin fái meira vald eptir uppástungum nefndarinnar eða

konungsúrskurðinum til að heita guðfræðingum launum fyrir að taka hin rýru brauðin. Úrskurðurinn gefur stiptsyfirvöldunum að eins leyfi til að gefa *von* um *betra* brauð á eptir; þau hafa þá einungis vald til að veita *von* en enga *vissu*, og þetta orð *betra* er nú fremur hált, því það má hártoga það æði mikið; brauðið getur verið 1 rd. betra og það getur verið 1000 rd. betra. Hefði varaforseti rekið augun í þetta, þá held eg hann hefði líka getað fundið í úrskurðinum tilefni til misbrúkunar. Í stað þessa hefir nefndin stungið uppá, að stiptsyfirvöldin fái leyfi til að veita þeim, er taka vilja að sèr hin rýru brauð, *forgöngurètt*, og því eigi *vonina* eina til að fá 200-350 rd. brauð á eptir. Þetta er ákveðið og takmarkað, og getur það ef til vill gefið stiptsyfirvöldunum minna vald, en úrskurðurinn en stundum líka meira; en aptur er eptir uppástungum nefndarinnar fyrir vissu að ganga, og með því allir menn eru fúsari að ganga að vissum skilmálum, heldur enn að voninni einni, þó hún sè góð í öðrum efnum, þá hlýtur stiptsyfirvöldunum að ganga betur að semja við menn eptir uppástungum nefndarinnar en úrskurðinum. Í þriðja lagi er tímaákvörðunin í konungsúrskurðinum fremur en eigi óheppileg, þar stendur að eins, »*hæfilega* langur tími«. Hver á að ákveða þenna hæfilega tíma? Sjálfsagt stiptsyfirvöldin; en hèr held eg nú komi enn fram tilefni til misbrúkunar, ef stiptsyfirvöldunum er eins vantreystandi eins og varaforseti segir; því þau geta sagt, að þessi hæfilegi tími sè 1 ár, 10 ár, eða hvað sem þeim sýnist í hvert sinn. Aptur á móti er uppástunga nefndarinnar ákveðinn tími eður 3 ár. En svo kemur nú síðast rúsínan í enda eður hala konungsúrskurðarins, þar sem sagt er, að prestaskólamenn eigi að skila aptur þeim styrk, er þeir hafa notið. Hvaða styrk? Sjálfsagt ölmusunni einni á prestaskólanum: þetta er þá sú hin mikla hótun, að maðurinn skal skila aptur 100 rd., sjálfsagt leigulaust, því eigi er talað um neina lögákveðna leigu, ef hann vill eigi taka við skikkuninni. Þetta er þá grýlan, sem menn eru að hræðast. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg er alls ekki hræddur við þessa grýlu; en vera má að það komi af því, að eg sè eigi svo skyggn sem aðrir menn. En víst er um það, að eg get eigi sèð í konungsúrskurðinum nema lítilfjörlega vofu, sem hverfur undir eins og menn horfa á hana. Eg held að varla sè nokkur prestaskólakandídat svo aumur, að hann geti eigi fengið 100 rd. lán, ef hann vill fá sig lausan; og hvað er þá unnið með úrskurðinum annað en það, að 100 rd. dragast út úr landinu

til háskólans í Kaupmannahöfn; kandídatinn er 100 rd. fátækari; stiptsyfirvöldin jafnráðalaus eptir sem áður og brauðið hefir engan prest fengið. Eg halla mèr því að uppástungum nefndarinnar, af því að eg sè, að þær gefa stiptsyfirvöldunum meira vald en úrskurðurinn, með því eg ber fullt traust til þeirra, að þau fari vel með þetta vald, og svo fellst eg á breytingaratkvæðið tölul. 5; en eg vona að eigi þurfi að koma til vara-atkvæðis míns.

Framsögumaður: Út af því sem varaforseti sagði, að engin óánægja hefði lýst sèr í bænarskránni, þá ætla eg að hafa upp orð bænarskráarinnar. Eg veit nú eigi hvað er óánægja, ef það er eigi það, að menn út um landið fara að hætta að láta syni sína læra eður hætta að gefa sig við prestsskap. Eg vefengi nú ekki það sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði, að menn út um landið hafi eigi skrifazt á við Þjóðólf um þetta, því þeir skrifast vanalega á við hann um annað sem þeim liggur nær; hann hefir heldur aldrei vakið óánægju út af skikkunarvaldinu í Þjóðólfi. En eg ímynda mèr, að óánægja geti ef til vill kviknað út um landið án þess Þjóðólfur kveiki hana.

Konungsfulltrúi: Eg stend ekki upp í þessu máli til þess að fara mörgum orðum um atkvæðaskrá þá, sem hèr liggur fyrir. Eg lýsti því nefnilega yfir í gær, að eg gæti ekki orðið því samdóma, að úrsk. frá 17. mai 1862 væri svo órèttvís og óhagfelldur, eins og sagt hefir verið hèr á þinginu, og að eg fyndi því neina ástæðu til að hann yrði numinn úr lögum eða honum breytt, og allra sízt fann eg ástæðu til þess að rýmka skikkunarvaldið, sem hann heimilar. Eg get því ekki fallizt á neitt af þeim uppástungu-atriðum, sem standa á atkvæðaskránni. Eg leyfi mèr að taka það upp aptur, að eg verð að álíta það fráleitt öllu formi að ætlast til þess af stiptsyfirvöldunum, að þau gangi fyrir hvers manns dyr, nefnilega þeirra, sem hafa lært til prests, og biðji þá að taka að sèr þjónustu í litlu brauðunum, sem enginn sækir um, og eg verð að vera öldungis á máli hins heiðraða varaforseta í því, að þetta jafnframt geti leitt til misbrúkunar. Því með þessari meðferð getur það hugsazt að ónytjungur geti komizt fram og fengið gott brauð fram yfir verðugleika. Eg álít því þessa aðferð óhafandi, og líka er þetta fráleitt því, sem annars viðgengst í embættaveitingum. Eg get þar á móti fallizt á vara-atkvæðið undir tölul. 12. og 13., því eg held, að stjórnin hefði í þeim ýtarlegu og eg má vel segja lærdómsríku umræðum, sem hèr eru orðnar um málið, næga upplýsingu til

þess að byggja á þessu frumvarp til laga í þessu máli, og það er hèr ekki það »periculum in mora», að málið þoli ekki þessa stuttu bið. Það ríður mest á því, að málið sè vel úr garði gjört; minna ríður á flýtinum. Eg skal svo ekki fjölyrða framar um málið, en einungis leyfa mèr að lyktum þá athugasemd, að mig furðaði stórlega á því, þegar hinn háttvirti framsögumaður tók það fram í ræðu sinni sem eina af ástæðunum fyrir nefndarálitinu, að með því væri allri hvers konar nauðung útrýmt, en lýsti því um leið yfir, að sú siðferðislega nauðung (moralske Tvang), sem stiptsyfirvöldin nú fengi væri æskileg og í eðli sínu; hann sagði nefnilega, að þegar stiptsyfirvöldin sneru sèr til einhvers prestsefnis og óskuðu þess af honum, að hann vildi taka eitthvert aumingja brauðið, sem enginn sækti um, að sèr til þjónustu, að þessi ósk stiptsyfirvaldanna væri hið öflugasta aðhald fyrir hann að láta að óskum þeirra fyrir sakir sinnar tímanlegu velferðar eptirleiðis. Mig gat ekki annað en furðað á því, að svo frjálslyndur maður, sem hinn ágæti 3. konungkjörni þingmaður er, og allir vita að hann er, skyldi halda með þessari siðferðislegu þvingun; þvingun er það vissulega, því eptir orðum hins heiðraða framsögumanns, getur hlutaðeigandi, sem ekki lætur að ósk stiptsyfirvaldanna, átt von á, að þau segi við hann þegar hann sækir um brauð til þeirra: Þú ert góði vin ekki af okkar sauðahúsi, þú getur vel beðið fyrst þú tókst ekki boði okkar.

Ásgeir Einarsson: Eg held að hèr megi nú viðhafa málsháttinn: »Nú sè eg hver veturinn verður«, þegar menn sjá, hver meðmæli konungsfulltrúi muni gefa þessu máli; og færi þá betur að eigi færi hèr sem með kláðaskýrslurnar, að stiptamtmaðurinn setji stundum tappa í stjórnina með þeim, vilji hún vinna eitthvað landinu til gagns, því eg veit ekki, hvort svo vel fer, að ráðgjafinn lesi umræðurnar í þessu máli, eins og í lagaskólamálinu. Eg vona, að hinn háæruverðugi framsögumaður svari hinni hjartahrærandi ræðu konungsfulltrúa, því mèr virðist hún heldur hræðileg fyrir þingið, þegar það á von á þvílíkum mótmælum frá hans hendi í þessu máli. Það er verið að tala um, að það sè óþolandi fyrir stiptsyfirvöldin að fara frá Heródesi til Pílatusar með þetta brauða uppboð og ganga fyrir hvers manns dyr. En Pílatus gekk þó út til Gyðinga til að uppfylla skyldur sínar, og var hann þó heiðingi, og vissi ekki hvað sannleikur var. Það getur verið, að afleiðingarnar af skikkunarúrskurðinum verði ekki eins illar og áhorfist, en það er eigi stiptsyfirvöldunum að þakka, því að mèr sýnist hèr öllu vera

beitt, þar sem Pílatus og Heródes eru orðnir vinir; það er þó nýtt, að varaforseti og konungsfulltrúi, sè á eitt sáttir. Eg vil nú eigi svara eins miklu í ræðu varaforseta, af því hann má ekki tala framar sem eg annars hefði gjört, en mèr finnst hann aldrei hafa borið jafn lèttvæga fæðu á borð fyrir tilheyrendur sína sem nú. Hann sagði, að enginn hefði skrifað sèr um þessa óánægju; það getur nú verið, en það er eigi sagt, að hann hefði hreift því í þjóðólfi fyrir því, því að eg skrifaði honum um annað mál, sem eg hálfpart bað hann að hreifa í blaðinu, en það er eigi komið enn. Hann vill prestaefni frá prestaskólanum gangi undir skikkunarvaldið, eins og hermenn undir stríðsskyldu, sem standa fyrir byssukjöptum, og landrekstri til Síberíu; mèr finnst nú ekki ná neinni átt að krefjast slíks af prestaskólakandídötum, þetta vill nefndin forðast, og vill finna ráð til að þeir fari heldur viljugir, og þeir hafi þó nokkra endurgjalds von; þar sem hann álítur að menn eigi að gegna skyldu sinni af föðurlandsást fyrir ekki neitt eða lítið, þá vil eg spyrja hann, hvort hann mundi vilja vera málaflutningsmaður fyrir ekki neitt? Eg held ekki. Eg get heldur ekki heimtað það af neinum, að hann sè svo mikill föðurlandsvinur, að hann gegni skyldu sinni fyrir ekkert í erviðri embættisstöðu, því að allir verða þó af einhverju að lifa, eins prestarnir og hinn háttvirti varaforseti. Eg felli mig nú bezt við nefndarálitið, einkum ef breytingaratkvæðið undir tölul. 5. kemur með. Eg átti að skila því frá hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að með breytingaratkvæði hans tölulið 4 væri einungis meint brauð, sem stiptamtmaður veitti. Eg ætla ekki að gefa atkvæði mitt fyrir vara-atkvæðinu, tölulið 12.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einungis upp til þess að láta þinginu í ljósi, fyrir hverju eg muni gefa atkvæði á þessari atkvæðaskrá. Eg hefi nú leitazt við að taka eptir ræðum þingmanna, og þeir sem þar eiga breytingaratkvæði hafa allir haldið svörum uppi fyrir þeim, en samt sem áður get eg þó ekki fallizt á neitt þeirra, nema ef skyldi vera breytingaratkvæðið undir tölulið 5, enda þó mèr finnist að skilyrði það, sem nefndin hefir sett vera full frjálslegt, þar sem nefndin hefir heitið þessum sem skipaðir kynnu að verða á útkjálkabrauðin 350 rd. brauðum, og það virðist full aðgengilegt, og því ætla eg við atkvæðagreiðsluna að halda mèr við nefndina. Úr því eg stóð upp á annað borð, ætla eg að leyfa mèr að svara hinum háttvirta varaforseta fáeinum orðum; hann vildi bera brigður á orð þeirra þingmanna sem sögðu í gær, að kon-

ungsúrskurðurinn af 17. maí 1862 væri óánægju efni meðal landsmanna, jú hann er það vissulega; hann færði til sem ástæðu móti þessu að sèr hefði ekki verið skrifað um að hreifa því í Þjóðólfi. Eg fyrir mitt leyti hefi engar brèfaskriptir við ábyrgðarmann Þjóðólfs um alþjóðleg mál, en hefði eg skrifað honum hefði þar verið sama óánægja og eg hefi opinberlega látið í ljósi hèr á þingi; hin önnur ástæðan var sú sem varaforseti kom með, að engin rödd hefði heyrzt hèr á þingsalnum við inngangsumræðuna sem lýst hefði óánægju, en hann gáir ekki að því, að með því að allir þingmenn voru fyrir því að taka málið inn á þingið með atkvæðagreiðslunni um nefnd, þá lýsti sèr hin sama óánægja, og nú síðan hefir verið upp hrópuð.

Jón Pètursson: Eg þykist nú sjá, að nefndarálitið muni ganga í gegnum, svo eg þarf ekki mörgum orðum að fara um það. Eg vil þó gæta að, hvað það er sem mælir með konungsúrskurðinum af 17. maí 1862; það er það, að menn segja, að hann sè nauðsynlegur fyrir stiptsyfirvöldin til þess að geta fengið menn til brauðanna. En ef enginn gengur á prestaskólann, en allir sigla til háskólans, sem verður, ef úrskurðurinn ekki er apturkallaður, er hann þá nauðsynlegur? Hvernig fara stiptsyfirvöldin þá að veita rýrðarbrauðin? Verða þau ekki jafnnær eptir sem áður, þó úrskurðurinn stæði á pappírnum óhaggaður? Eg held vissulega. Og setjum nú hitt, að allir gengi á prestaskólann og enginn sigldi, þá er það þó vel hugsandi, að þeir allir skiluðu aptur ölmusunum, er ætti að fara að skikka þá, því þetta leyfir úrskurðurinn þeim, og hvað stoðar þá nú stiptsyfirvöldin úrskurðurinn til að fá menn til rýrðarbrauðanna nema ekkert? Eg skil ekki, að annar yrði þá árangurinn af úrskurðinum en sá, að stjórnin hætti að styrkja Íslendinga með öllu að stunda guðfræði. Eg sè því enga nytsemi úrskurðarins, hvernig sem eg velti þessu fyrir mèr, nè að hann sè nauðsynlegur, og annað hefir enginn mælt honum til gildis. Eg skildi ekki, sem þó var sagt, að uppástungur nefndarinnar gæfi stiptsyfirvöldunum tækifæri til þeirrar misbrúkunar, að koma ónytjungum að góðum brauðum; en ef svo er, þá heyrist mèr þó, að menn álíti, að stiptsyfirvöldin geti fengið menn á rýrðarbrauðin eptir uppástungum nefndinnar; en liggur það í uppástungum nefndarinnar, að stiptsyfirvöldin skuli taka fremur ónytjungana en duglega menn? Það getur enginn leitt út af þeim. En ef stiptsyfirvöldin vilja endilega koma ónytjungum fram, fremur en duglegu mönnunum — eg hafði ímyndað

mèr synd að hugsa, að þau vildu það — geta þau þá eigi eins skikkað þá, og veitt þeim svo gott brauð þegar þeir eru búnir að þjóna þar nokkur ár? Eg held vissulega. Eg get ekki heldur skilið, að úrskurðurinn af 30. júlí 1850 sè óiöglega til kominn, þótt hann væri eigi lagður fyrir þing, eins og mèr hefir virzt að nokkrir þingmenn hèldu. Allir vita, að konungsúrskurðurinn 1633 var ekki annað en instrúx fyrir höfuðsmanninn, hvernig hann skyldi veita brauðin, og stiptsyfirvöldin voru því bundin við hann, svo þegar háskólakandídat sótti, voru þau skyld að veita honum þá brauðið fyrir öðrum er móti sóttu. En þar á móti hafa konungarnir ekki álitið sig bundna við úrskurðinn; það sýndi sig meðal annars, þegar sèra Jóni Halldórssyni var af Kristjáni 8. veittur Breiðibólstaður fyrir háskóla-kandídat, sem móti honum sótti. Þessi skoðun er einnig tekin fram í ástæðunum fyrir konungsúrskurðinum 1850, sem líka er ekki annað en instrúx fyrir stiptsyfirvöldin, og þess vegna áleit stjórnin eigi nauðsynlegt að leggja hann fyrir þingið, hann gjörir og eigi nema breytingu á úrskurðinum 1633, sem, eins og sagt, að eins var instrúx fyrir höfuðsmanninn. Það er því eigi rètt að segja, að úrskurðurinn 1850 sè ólöglegur, þó hann væri eigi lagður fyrir þingið (*Jón Guðmundsson:* Hann upphefur tilskipun). Stjórnin hefir aldrei álitið þetta öðruvísi, en svona sem eg sagði, og Kristján 8. hefði eigi veitt sèra Jóni Breiðabólstaðinn, hefði hann álitið, að háskólakandídötum væri við úrskurðinn 1633 beinlínis veittur forgangsrèttur fyrir öllum öðrum til brauða, eður að úrskurðinum 1633 væri annað, en instrúx fyrir hlutaðeiganda valdsmann í brauðaveitingunum; eg skil ekki í því, hvernig menn geta sagt það hèr ástæðulaust, að konungur brjóti rètt á mönnum. Eg segi heldur engan veginn, að úrskurðurinn frá 1862 sè ólöglegur, þótt hann væri ei lagður fyrir þing; hann er þvert á móti líka í alla staði löglegur, því hann leggur enga takmörkun á frelsi manna, því hverjum stendur frjálst fyrir, hvort hann vill ganga að þeim samningum við stiptsyfirvöldin, sem þar eru nefndir eða ekki. Eg álít því, að hann sè líka löglega undir kominn og að hann þurfi ei að berast upp fyrir alþingi. Eg verð að vera mótfallinn 13. tölul., því þar er efast um lögmæti úrskurðarins 1850 og eins 12. tölulið, því eg get heldur með engu móti verið því samdóma að skikka kandídata frá háskólanum, því eg er viss um, að ef engum væri veittur styrkur til að nema guðfræði við háskólann nema með því skilyrði, að hann gæfi sig undir skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, þá

er eg viss um segi eg, að enginn óvitlaus maður færi til háskólans að nema guðfræði (*Gísli Brynjúlfsson*: En þá eykst prestaskólinn). Eg vil engan veginn að nokkrum sè fyrirmunað að leita sèr fróðleiks við háskólann, ef hann hefir löngun til þess, þótt eg að öðru leyti vilji á alla vegu hlynna að prestaskólanum.

Benidikt Sveinsson: Það er nú búið að tala svo mikið um þetta mál, að eg hefi fáu við það að bæta. Eg vonaðist eptir því í gær, þegar eg talaði í þessu máli við undirbúningsumræðuna, að eg mundi fá hjá konungsfulltrúa eða varaforseta næga sönnun fyrir því, að konungsúrskurðurinn sè fyllilega byggður á þeim grundvelli, sem eptir minni meiningu er undirrót allra góðra laga, strangasta rèttlæti og sanngirni, og að hann jafnvel gæti hvernig sem á stendur fyllilega sameinazt borgaralegu frelsi og viðurkenndum rèttindum ungra manna hèr á landi, og vil eg í þessu tilliti enn fremur taka það fram, hvort það sè viðkunnanlegt, að *ómyndugur* maður sem gengur á prestaskólann, skuli undirgangast skilyrði, sem annaðhvort sviptir hann persónulegu frelsi, eða skuldbindur hann til að greiða styrk þann aptur sem hann hefir þegið; en eg hefi ekkert svar fengið, heldur hafa þessir háttvirtu herrar notað önnur vopn. Hinn heiðraði varaforseti hljóp austur í Rússland og Síberíu. Hann sagði að Rússar mætti reka menn til Síberíu með púðri og kanónum. Hana þá! Eigi þessi samliking við prestsefnin, þá á hún eins við söfnuðina; eg get ekki gert að því, að eg er hjartveikur, og verð hálfhræddur, þegar eg heyri slíkt og þvílíkt, en undarlegt þykir mèr, að frelsisvinurinn, varaforseti, skuli tala þessum orðum, þegar hann er að tala um prestsefni á Íslandi. Eg álít að þegar hann talar svona, þá hugsi hann meira um fiskiveiðarnar við Ísland, en hinar postulalegu og kristilegu mannveiðar; gatan til himnaríkis, sem prestarnir eiga að leiða söfnuðina, og því þurfa sjálfir að rata, er víst ólík götunni til Síberíu! Hinn hæstvirti konungsfulltrúi beitti öðru vopni, því nfl. að menn ekki mættu biðja um lög, þó þau væru góð, ef þau yrðu misbrúkuð og það af sjálfum stiptsyfirvöldunum. Já betra er að veifa röngu trè en engu? Hann sagði að það væri siðferðisleg nauðung í uppástungum nefndarinnar, en það er ekki, hvorki beinlínis nè óbeinlínis. Konungsfulltrúinn veit það þó víst að í mörgum lögum eru tekin fram loforð, þetta eru upphvetjandi lög, sem tiltaka, að maður skuli hafa viss rèttindi undir vissum skilyrðum. Þetta er engin þvingun, hver getur gengið að og frá, eptir því sem hann vill, og það á þeim aldri,

þegar hann er búinn að fá fullan andlegan þroska til að ákveða, á hvern hátt hann finni sig helzt knúðan til að þjóna konunginum og föðurlandinu. Ef nú stiptsyfirvöldin leituðu einhvers manns, og beiddu hann að taka að sèr eitthvert rýrðarbrauð, en hann neitaði því, já þá sýnist mèr eðlilegt, þó hann síðar meir, ef hann sækti um brauð, væri látinn sitja á hakanum fyrir þeim manni, sem væri eins góðum kostum búinn að öðru leyti eins og hann og hefði annaðhvort þjónað í prestsstöðu eður þá ei neitað um að ganga í hana, þegar á lá. Maðurinn vill neita um sína þjónustu sem prestur, og þá er eðlilegt þó stiptsyfirvöldin spyrji hann þegar hann sækir seinna, hvernig hefir þèr snúizt hugur, góðurinn minn; viltu nú verða prestur af þeirri hvöt, að þú viljir gjöra kirkjunni gagn, fremur en áður, eða af því þú sèrð, að hèr er betra brauð fyrir hendi og til meiri hagsmuna að vinna. Eg stend því fast á því, að nefndin hafi þrætt svo rèttan meðalveg milli skikkunarvaldsins og mannlegs frelsis sem unnt var. Hvað snertir tölul. 12. og 13. þá vil eg geta þess, að þingið ekki má gefa atkvæði sitt fyrir þeim, nema því að eins, að það vilji hafa eitthvert skikkunarvald, en vilji það ekki það, þá má það ekki biðja um lagafrumvarp, sem það ætlar sèr að fella á næsta þingi. Viðvíkjandi tölul. 5. þá er nú framsögumaður þegar búinn að taka fram þýðingu og mismun orða þeirra, sem menn hafa þráttað um. Það er satt að orðið vítalaust er »negativt«, en samvizkusamlega, er »positivt«. En hvernig ætlar varaforseti að dæma um þessa samvizkusemi, öðruvísi er um orðið »vítalaust» það mun eins þurfa dóm til þess að sanna, að hann hafi verið »samviskusamur»; eg er hræddur um að okkar dómar fari að falla úr gildi, þegar komið er í það efni. Hinn heiðraði varaforseti meinar þó víst ekki sleggjudóma; dómurinn á víst að liggja í því, hvort prófasturinn sem yfirmaður prestsins, og svo sóknarfólkið, getur borið það eður eigi, að presturinn hafi staðið vel í köllun sinni, og þá held eg orðið »vítalaust» fái hina sömu þýðingu eins og hin orðin, ef vel á að fara. Uppástungur nefndarinnar gefa ekki heldur neinar svo sèrlega, sem menn segja »glimrende Udsigter,» heldur að eins vissu fyrir því, að sá maður, sem þjónað hefir rýrðarbrauði, komist í það brauð, þar sem hann eigi þarf að svelta til dauðadags, og svo verður og að gá að því, að fáir muni útvaldir, einnig meðal prestanna, þó margir sèu kallaðir, og þeir sárfáir sem ekkert verður að fundið; það væri allt öðru máli að gegna, ef heitið væri eins takmarkalaust og farið er fram á í

breytingaratkvæðinu undir tölulið 4., því þá ætti hið »positiva» orð »samvizkusemi» langtum betur við,

Indriði Gíslason: Eg hef nú ekki talað neitt í þessu máli, enda hefir mèr ekki veitt af að hlusta á ræður manna, en eg veit þó nú hvernig eg muni greiða atkvæði. Eg vil þá líta á uppástungur nefndarinnar; í þeim er farið fram á að þessi opfnefndi konungsúrskurður sè aftekinn og sett í staðinn þetta, sem nefndin fer fram á undir tölulið 9. Þegar eg nú lít til þeirra vandræða, sem horfir til með prestafæðina, þá þykir mèr næsta ískyggilegt að sleppa konungsúrskurðinum, af því þá kemur þessi accorðsbrauðaveiting í staðinn, og einkum meðan ekki fjölga embættismannaefnin, og aumustu brauðin eru ekki bætt. Ef farið er að veita brauðin eptir þessum samningum, þá held eg, að sumir fari ekki að þakka stiptsyfirvöldunum fyrir brauðaveitingar, betur en áður, hafi það nokkurn tíma brunnið við, að sumir ekki þykist hafa þurft að þakka fyrir þær, hvað þá, þegar þessi aðferð er upp tekin. Eg er ekki viss um, að þeir sem tækju minnstu brauðin fengju nokkurn tíma uppfyllt loforðið um betra brauð, og þó nú þessi nefndaruppástunga yrði að lögum, þá er eg hræddur um, að hvað ræki sig á annað, og enn meiri ójöfnuður yrði á brauðaveitingunum. Eg get því ekki fælzt úrskurðinn. Hafa ekki sóknarmennirnir í aumustu brauðunum rètt til þess, að þeim sè kennt, og að þeir ekki sèu prestalausir eins og þeir í ríkustu sóknunum. Eg vil nú ekki rífa niður nefndarálitið, það vill með lempni fá menn til að sækja um litlu brauðin, en eg er hræddur um, að það geti ekki átt sèr stað, og þá verður ekkert skikkunarbrauð til. En annaðhvort verður skólinn að búa til svo marga stúdenta, að nóg sè til, eða það verður að bæta svo brauðin, að þau sèu viðunanleg, og jöfnuður þannig komist á, og hversu ískyggilegur sem úrskurðurinn þykir, er það þó ískyggilegra, ef brauðin verða að standa auð og enginn fæst í þau, af því ekkert skikkunarvald er til. Eg veit ekki, hvort það er landsmönnum í nokkurn hag eða ekki, að úrskurðurinn verði úr lögum numinn, eg get ekki sèð það, og sný eg mèr því að tölulið 1. Það er mikið talað um harðneskju í þessum úrskurði. Eg heid það sè nú nokkuð í því, að það þurfi hèr að beita harðneskju, en það er ekki eins dæmi; það þarf við hreppstjórana líka harðneskju, þegar verið er að skikka þá, og hafa þeir ekkert í aðra hönd, þar sem þó skikkaðir prestar ætíð eiga von á að fá betra brauð á eptir.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að eg felli mig ekki við orðið »vítalaust« undir tölul. 9., því við vítalausa embættisbreytni skilst einungis sú, sem ekki hefir verið átalin, eða ekki hefir orðið fyrir vítum; eg efast ekki um það, að það mundi þykja lítil meðmæli þó prófastur segði í erkleringu sinni um prest, sem sækir um brauð, að hann hefði staðið vítalaust í stöðu sinni; eg vildi því heldur hafa orðið »vel« eða eitthvað þvílíkt. Enn fremur skal eg leyfa mèr út af ræðu hins heiðraða konungkjörna varaþingmanns, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að uppástungur nefndarinnar leiddu af sèr siðferðislega nauðung, þá er það ekki svo; eg sagði einungis að mèr virtist, að hinn háttvirti framsögumaður hefði í ræðu sinni mælt fram með siðferðislegri nauðung (moralsk Tvang. *Benidikt Sveinsson:* Annað sagði eg heldur ekki).

Framsögumaður: Eg skal nú að eins tala fátt eitt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að uppástunga nefndarinnar gæti leitt til misbrúkunar, en því hefir nú verið svarað af hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni. Menn geta ekki gjört ráð fyrir misbrúkun hjá rèttlátum stiptsyfirvöldum. Ef stiptsyfirvöldin eru órèttvís, þá getur úrskurðurinn einnig leitt til misbrúkunar. Eg vil taka til dæmis um skikkun í Grímsey. Væri ekki hægt fyrir stiptsyfirvöldin að segja: Farðu góðurinn minn út í Grímsey og vertu þar eitt ár, þú mátt vera í landi á Akureyri í vetur, en farðu svo út aptur að vori, og þá skaltu fá gott brauð. Við þessu get eg búizt af ranglátum yfirvöldum, en á eg að búast við því af stiptsyfirvöldunum okkar, að þau breyti svona? Það sýnist lýsa einhverju ráðaleysi hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að hann skuli gjöra ráð fyrir slíkri rangsleitni hjá stiptsyfirvöldunum, sem alls ekki getur átt sèr stað. Það er eins og menn gleymi því, að bæði konungsúrskurðurinn og uppástunga nefndarinnar hvorttveggja fer fram á samning, en þar sem sagt var, að konungsúrskurðurinn væri verðlaunaheitingar, en hitt leiddi af sèr mútur, þá held eg það sè ástæðulaus sögn. Ef eg vissi, að konungsúrskurðurinn mundi bæta úr þeim vankvæðum, sem nú eru á því, að fá presta í brauðin, þá skyldi eg ekki hafa á móti því, að prestaskólanum væri lokað. En þessu er ekki þannig varið, því þó stiptsyfirvöldin vildu fara að beita konungsúrskurðinum á morgun, sem þau þó ekki mega, þá eru ekki nógu mörg presta-efni til í brauðin, og geta ekki orðið fyrr en eptir 2 eða 3 ár, og þá verða brauðin að

vera auð á meðan. Hvað orðið »vítalaust« snertir, þá vona eg að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem er svo meðmæltur nefndarálitinu, breyti því á þann hátt í meðmælum sínum til stjórnarinnar, að betra komi í staðinn. Það er finnst mèr undarleg skoðun hjá hinum háu stiptsyfirvöldum, þó þau ekki reyndar, sem þvílík, sèu hèr í salnum, að þau álíta þetta sem velferðarmál, en hafa þó enga reynslu fyrir sèr í því, að konungsúrskurðurinn verði að nokkru liði, en halda honum þó fastlega fram; eg hef ekki langa reynslu, en þó nokkra fyrir mèr í því, að hann fæli menn frá prestaskólanum. Eg get ekki ábyrgzt, að menn sæki að prestaskólanum meðan úrskurðurinn stendur; kannske konungsfulltrúi vilji ábyrgjast það. Eg skal lofa því, að eg skal standa eins í stöðu minni og áður, og eg er sannfærður um, að meðkennendur mínir gjöra það líka, en verði það niðurstaðan, að skikkunarvaldið haldist eins og það nú liggur fyrir, verð eg að afsala okkur allri ábyrgð á aðsókn að prestaskólanum eptirleiðis.

Benidikt Þórðarson: Það er svo margt og mikið búið að ræða um atkvæðaskrá þessa, að óþarft er að bæta þar nokkru við, enda ætla eg ekki að mæla margt, eg mun helzt hallast að uppástungum nefndarinnar, og tek eg það einkum fram, er hún ákveður, að þeir sem þjónað hafi rýrðarbrauðum í 3 ár skuli, að þeim liðnum, hafa forgöngurètt til brauða er sèu 200 rd. til 350 rd., að mèr þykir það hæfilega ákveðið, og að breytingaratkvæðið undir tölulið 5., er vill láta það vera til brauða 300 til 450 fari of langt, því auðsèð er, að þá gæti svo optlega farið, að gömlum og verðugum mönnum yrði synjað um brauð fyrir þeim, og þetta væri ranglátt; breytingaratkvæði þetta ætti því að falla af þeirri ástæðu, að það miðar til ójafnaðar og órèttvísi; það kemur líka í bága við orð uppástungunnar, er áskilur meðalbrauð, því það vill hafa betri en meðalbrauð.

Hvað viðvíkur vara-atkvæðunum undir tölul. 12 og 13, þá koma þau ekki til greina verði nefndaruppástungu-atriðin samþykkt, en falli þau, þá vil eg heldur gefa þessum atkvæðum samþykki en nokkru öðru á atkvæðaskránni, og eg veit jafnvel ekki nema það væri málinu hollast, að menn tækju einungis þessi atkvæðin, en höfnuðu öllu hinu, og eptir sem konungsfulltrúa fórust orð um þau, gætu menn vænt sèr góðra tillaga hans við stjórnina, auk þess sem þá yrði allur dagur til stefnu til þess að athuga málið, og fá hin hagfelldustu afdrif þess.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held þó, að það hafi ei verið tekið nógu sterklega fram, að það er sitt hvað að hafa á móti úrskurðinum eins og hann nú er lagaður, og að hafa á móti skikkunarvaldinu sjálfu. Eg tek það því enn fram, að eg fyrir mitt leyti er fús á að gefa atkvæði mitt fyrir því, að úrskurðurinn verði tekinn úr gildi, en eg sè að svo stöddu enga ástæðu til þess beinlínis að óska, að skikkunarvaldið verði af tekið, og eg skal í því tilliti taka eitt atriði fram enn, sem mèr finnst ei hafa verið nógur gaumur gefinn í umræðunum hèr á þingi nú. Þetta atriði, sem mèr þykir mjög svo mikilsvert, er það, að menn mega ei gleyma því af eintómri umönnun fyrir presta-efnunum, að stiptsyfirvöldunum er einkum veitt skikkunarvaldið safnaðanna vegna, svo þau geti sèð við því, að brauðin sèu ei prestlaus, og það sæmir mönnum lítt hèr að vera allt af að hugsa að eins um prestana og presta-efnin, en gleyma með öllu söfnuðunum, sem þeir eru settir til að þjóna, því það er þó sannleikurinn, en hitt ei, að söfnuðirnir sèu að eins til svo að prestarnir geti lifað af þeim. Eg bið menn vel að gæta þess, að það er skylda stiptsyfirvaldanna, að hugsa ei síður um, að prestaköllin verði ei með öllu forstöðulaus, heldur en um hitt, að prestunum eða presta-efnunum verði gjört allt svo hægt fyrir sem mögulegt er, og eg skil svo, þar sem stiptsyfirvöldin einmitt vilja halda skikkunarvaldinu, þá komi það einmitt af því, að þau finni betur til þessarar skyldu sinnar heldur en mönnum sýnist nú almennt að vera ljóst hèr í salnum. Á hinn bóginn skil eg það og vel, og mèr finnst það einnig mjög svo eðlilegt og rètt af hinum háttvirta framsögumanni, að hann lætur sèr vera annt um þá menntastofnun, sem honum er trúað fyrir, og eg vil því gjarnan, að því sem í mínu valdi er, styrkja hann til þess, að úrskurðurinn um skikkunarvaldið verði úr lögum numinn, og það einkum af þeirri ástæðu, að vald þetta víst, eptir því sem í honum er ákveðið, getur orðið eflingu prestaskólans til fyrirstöðu, þar sem skikkunin nú að eins vofir yfir þeim, sem útskrifast þaðan, en ei eins yfir þeim, sem læra guðfræði við háskólann. En við þessu er nú einmitt gjört, ef sú breyting að eins yrði gjörð um skikkunarvaldið, sem stungið er upp á hèr á atkvæðaskránni undir tölul. 1. og 12. af nokkrum þingmönnum og mèr líka í hópi þeirra, að því skuli beita jafnt við alla guðfræðinga, hvort sem þeir svo eru frá háskólanum eða prestaskóianum; og eg skil þá ekki hvaða ástæðu hinn háttvirti framsögumaður getur haft til þess að vera eins fyrir því á

móti skikkunarvaldinu sjálfu, og það því fremur sem mèr finnst það hið frjálsa samkomulag milli presta-efnanna og stiptsyfirvaldanna, sem hann vill setja í staðinn, eptir þeirri útlistun sem hann nú hefir gefið yfir það, hvernig hann álíti að eigi að beita því, í raun og veru ekki vera annað en hið gamla skikkunarvald í verri mynd. Eg get ei annað sèð en að öll sú trygging, sem nauðsynleg er, sè fengin, ef úrskurðurinn verður upphafinn, og lengra held eg ekki menn ættu að fara að svo stöddu, því eg efast um, að menn sèu nú búnir að hugsa þetta mál nægilega til þess að geta með fullri sannfæringu ráðið til að svipta stiptsyfirvöldin því eina valdi, sem þeim einkum er veitt til að geta bætt úr vandræðum safnaðanna. Eg fyrir mitt leyti treysti mèr ei til þessa, og þess vegna þykir mèr og nægja að biðja stjórnina nú um, eins og gjört er með breytingaratkvæðinu undir tölul. 12, að leggja frumvarp til tilskipunar um skikkunarvaldið fyrir næsta alþing; og get eg þess þá að eins enn, þar sem þessi uppástunga er kölluð vara-atkvæði á atkvæðaskránni, að það hefir alls ei verið meining mín, því minn tilgangur var, að hún skyldi beinlínis koma í stað 2. niðurlagsatriðis nefndarinnar, og eg hefði því helzt viljað, að það hefði getað komið til atkvæða strax á eptir 1. niðurlagsatriðinu. En það kann vel að vera eg hafi ekki tekið þetta nógu greinilega fram við hinn háttvirta forseta, og eg verð því líklega að reyna að gefa atkvæði mitt eptir atkvæðaskránni, eins og hún nú liggur fyrir.

Forseti: Eg held að vara-uppástungan hafi verið sett á rèttan stað á atkvæðaskránni, því hún er bundin við það, að 2. og 3. uppástunga nefndarinnar falli.

Framsögumaður: Eg hef ekkert á móti því, að vara-atkvæðið undir 12. tölulið sè borið upp á eptir 3. tölulið. Eg vil geta þess, að í gær í umræðunum um þetta mál var haft fullt tillit til safnaðanna, og enginn mælti móti, að það mundi söfnuðunum hagfelldara að fá presta, sem færu til þeirra viljugir, en að fá presta sem reknir væru til þeirra. Eg skil því ekki hvernig þingmaður Skagfirðinga fer að segja, að allt af sè haft tillit til prestanna. Það er allt af verið að tala um, hvernig hægast sè að fá presta í brauðin. Það er auðvitað að prestarnir eru til vegna safnaðanna, en ekki söfnuðirnir vegna prestanna.

Magnús Andrèsson: Eg mætti nú vera búinn að átta mig á, á hverju máli eg mundi eiga að vera, en eg hef enn ekki getað sannfærzt um annað en það sem áður var föst meining mín. Eg

geng nefnilega út frá því, að mönnum er eðlilegra að gangast fyrir góðu en illu, og það er nefndarinnar vilji að fá menn *með* góðu til brauðanna, og eg trúi ekki, að enginn yrði til þess, ef um nokkur presta-efni er að gjöra, en sèu þau ekki til, þá dugir ekki að heldur þó skikkunarvaldið standi. Það er eitt hið aumasta af öllu að vera rekinn nauðugur á eitthvert útkjálkabrauðið, og eg álít það óaðgengilegt fyrir stiptsyfirvöldin að beita þvilíku valdi; að almenn óánægja hafi risið út af skikkunarvaldinu er eg sannfærður um, að minnsta kosti hef eg opt orðið var við hana frá í fyrra að úrskurðurinn kom á kreik Eg gef því uppástungu nefndarinnar atkvæði mitt og breytingaratkvæði þingmanns Suður-Þingeyinga, því eg vil gjöra málið sem aðgengilegast.

H. Kr. Friðriksson: Eg lengdi ekki þingræðurnar í gær, og skal ekki lengja þær í dag heldur. Það er auðsèð, hvernig málið muni fara, því þingmenn hafa gjört grein fyrir atkvæði sínu, og eg ætla líka að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Það getur nú vel verið, að konungsúrskurðurinn sè nú eins mikil grýla, eins og honum hefir verið lýst, en eg er hræddur um, að grýluskapurinn sè kominn frá prestaskólanum, og prestaskólamönnum. Ef úrskurðurinn væri grýlu-efni í sjálfu sèr, hvers vegna var hann það þá ekki fyrir skólapilta á Bessastöðum, menn kostuðu upp á sig þar líka eins og hèr; eg get ekki heldur sèð, að neitt ófrelsi liggi til grundvallar fyrir úrskurðinum. Það er líka svo skrítið um þetta mál, að landsyfirèttardómurunum ber ekki saman. Annar segir, að hèr sè engin nauðung, en hinn segir, að úrskurðurinn geti með engu móti samrýmzt mannlegu og borgaralegu frelsi. Eg get ekki skilið, hvernig þetta verður samrýmt. Hinn 4. konungkjörni þingmaður mælti öldungis rètt, að hèr er engin nauðung. Þegar piltar á prestaskólanum sækja um ölmusu, þá á hann frjálst að þiggja hana, eða ekki, eptir því, hvort hann vill verða skikkaður eða ekki. Þetta er ekki meiri þvingun en fyrir þá, sem sigla til háskólans til að lesa læknisfræði. Þeir fá 200 rd. styrk, en mega ekki taka við honum, ef þeir ekki vilja skuldbinda sig til þess að fara til Íslands aptur þegar þeir eru búnir, og það er sama fyrir þá, sem komnir eru til Danmerkur, að fara aptur til Íslands, sem fyrir þá sem ætla sèr að vera prestar á Íslandi, að fara út á einhvern útkjálka (*Sveinn Skúlason:* Þetta er vitleysa). Eg get ekki sèð, að þetta samningsatriði nefndarinnar sè aðgengilegt, hvorki fyrir stjórnina nè stiptsyfirvöldin; hvernig eiga þeir að leita alla menn upp út um allt

land, til að vita, hvort nokkur vill taka brauðið að sèr. Hver eru þessi rýrðarbrauð þetta er allt óákveðið. Eg er hræddur um, að forstöðumaður prestaskólans geti jafnlítið ábyrgzt, að menn komi á prestaskólann, ef þetta skilyrði — skikkunarvaldið — er burt numið, eins og þótt því sè haldið. Eg held sú ábyrgð sè hverjum manni ofætlun. Annað mál er það, hvort úrskurðurinn sè svo úr garði gjörður sem vera ætti, eða hvort þörf væri að ákveða betur skikkunarvaldið, og því vil eg gefa atkvæði mitt fyrir tölulið 12 og 13. Eg kann betur við það, að lög komi út um þetta efni, og sèu lögð fyrir þingið, þó úrskurðurinn ef til vill sè ólöglega til orðinn, og ef ástæða er til að vefengja annan úrskurðinn, þá er eins ástæða til að vefengja þann frá 1850, og því gef eg tölulið 13 atkvæði mitt.

Framsögumaður: Eg veit nú ekki hvort eg á að svara þessari ræðu. Þingmaðurinn gat ekki skilið, að í sama hlut gæti átt sèr stað nauðung og ekki nauðung. En þetta er þó hægt að skilja. Það er nú engin nauðsyn fyrir mig, að svara ræðu hans, en þó gjöri eg það nauðugur. Hann spurði hvers vegna ekki hefði verið eins mikil óánægja með hið forna skikkunarvald eins og þetta, þar sem þó þá hefði þurft að leggja fram kostnað eins og nú. Það er aðgætandi, að þá var svo mikil aðsókn að brauðuuum, að ekki þurfti að skikka í þau, og hinu forn skikkunarvaldi var nálega aldrei heilt. Eg veit líka til, og veit að hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður kannast við það, að stiptsyfirvöldin tóku mann á tal og fengu hann til að fara til Grímseyjar (*H. G. Thordersen:* Hvern)? Fyrst eg á að tilgreina nafnið, þá mun það hafa verið sèra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað (*Konungsfulltrúi*: Hann var ekki hèr þegar hann var skikkaður). Sèra Jón á Barði i Fljótum var fenginn svo til Grímseyjar. Það er ekki rètt dæmið, sem þingmaður Reykvíkinga tók fram um þá, er lesa læknisfræði við háskólann, og um þá, sem lesa guðfræði hèr við prestaskólann. Það er allt annað. Þeir menn sem fara til Kaupmannahafnar eru optast myndugir menn, og geta gjört sèr grein fyrir að hverju þeir ganga, þar sem *ungir* menn, sem ganga á prestaskólann geta ef til vill, gengið að þeim kostum, sem þá iðrar eptir alla æfi, af því þeim annnaðhvort býðst betri lífsstaða, eða þeir ekki geta fengið fè til að borga aptur styrkinn. Þetta dæmi sannar því ekkert.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið. Hvað atkvæðagreiðsluna snertir, þá er eg ekkert á móti því, að töluliður 12 verði borinn upp til atkvæða eptir tölulið

3. einkum þar eð framsögumaður ekki hafði neitt á móti því; en eg skal biðja þingmenn að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvernig ganga skuli til atkvæða.

Var síðan gengið til atkvæða, og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7, að ganga til atkvæða eptir því sem uppástungurnar liggja fyrir.

1. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 3). Fellt með 16 atkv. gegn 4.
2. Breytingar- og viðauka-atkvæði Sv. Skúlasonar við sama. Samþ. með 12 atkv. gegn 6.
3. Nefndin, 1. niðurlagsatriði. Samþykkt samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. tölulið.
4. Breytingaratkvæði J. Hjaltalíns við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 9). Fellt með 14 atkv. gegn 3.
5. Breytingaratkvæði J. Sigurðssonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 9). Samþ. með 12 atkv. gegn 7.
6. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 9). Fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölulið 1.
7. Breytingaratkvæði Sv. Skúlasonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 9). Samþ. með 13 atkv. gegn 3.
8. Breytingaratkvæði Br. Jónssonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 9). Fellt með 10 atkv. gegn 3.
9. Nefndin, 2. niðurlagsatriði. Samþ. með 14 atkv. gegn 6.
10. Nefndin, 3. niðurlagsatriði. Samþ. með 15 atkv. gegn 3.
11. Viðauka-atkvæði Sv. Skúlasonar við tölulið 10. Fellt með 11 atkv. gegn 5.
12. Vara-atkvæði A. Ólafssonar, G. Brynjúlfssonar, B. Þórðarsonar og J. Guðmundssonar (ef 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar fellur). Fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni um tölulið 2.
13. Viðauka-atkvæði B. Þórðarsonar og J. Guðmundssonar við tölulið 12. Fallið sömuleiðis eptir atkvæðagreiðslunni um tölulið 2.
14. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? Samþ. með 14 atkv. gegn 5.

Forseti: Dagskrá er nú lokið, en það verður að skjóta á frest til næsta fundar að lesa upp álitsskjöl. Það er komin fram á lestrarsalinn bænarskrá frá 5 bændum í Seltjarnarneshrepp um niðurskurð. Ákveð eg svo fund til morguns kl. 12.

Eg vil leyfa mèr að ítreka við nefndarmenn að hraða nefndarálitum. Fundi slitið.

Sextándi fundur — 24. júli.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess að til mín er komið nefndarálit í búnaðarskólamálinu, og verður það lagt fram í dag.

Eptir dagskránni kemur fyrst til inngangsumræðu bænarskrá frá 16 kaupmönnum í Reykjavík um vörumatsmenn, og henni fylgir uppástunga þingmanns Suðurmúlasýslu um sama efni. Flutningsmaður er þingmaður Reykjavíkur.

Málið afhent flutningsmanni.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 164.

Þegar þessi bænarskrá kom fram, kom þegar á eptir uppástunga frá þingmanni Suður-Múlasýslu, og skal eg með mestu ánægju hafa hana til flutnings, því það er svo langt frá, að eg álíti að hún komi í mótsetningu við bænarskrána, að mèr einmitt virðist hún fara í sömu stefnu, því eg hefi skilið bænarskrána svo, að hún einmitt bæði um almenna vörumatsmenn, bæði á innlendri og útlendri vöru, og að uppástungu þingmanns Suður-Múlasýslu væri því að skoða sem niðurlagsatriði í henni; ef þingmenn óska, skal eg lesa uppástunguna upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 166.

Mèr þótti nú gott, að þessi uppástunga kom fram, því eg tek hana sem meðmæling með nefnd. Eg vona líka, að þingið sétji nefnd um málið, eg held það sè svo einfallt, að þó tíminn sè orðinn naumur, mundi það ekki tefja mikið fyrir; og ef nefndin kæmist ekki yfir það, yrði eg að gefa mig undir, að það væri látið mæta afgangi, mèr er einungis um að gjöra, að nefnd verði kosin til að íhuga það, ef tími verður til. Eg vona að þingmenn sèu samdóma í því, að það sem bænarskráin fer fram á, leiði til góðs; þetta sama var borið fram á alþingi 1847, og þingið gjörði þá góðan róm að því og sendi bænarskrá um það; en konungur svaraði í auglýsingunni til alþingis 1849, að hið eina sem væri til fyrirstöðu því, að veita það, væri að menn þyrftu fyrst að sjá, hverjar breytingar yrðu á verzlunarlögunum. Nú er þessi breyting á orðin, svo það er eigi lengur til tálmunar, og síðan hefur aldrei verið hreift neinu um þetta, svo að nú finnst mèr ekkert vera því

til fyrirstöðu, að biðja um, að skipaðir sèu eiðsvarnir menn, til að skoða allar vörur þegar krafizt er. Eg vona því, að 3 manna nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Því verður ekki neitað, að vöruverkun almennings víða er miklu miður en skyldi, og að það væri æskilegt fyrir landsmenn sjálfa, ef á þessu yrði ráðin bót, og eg get frá þessu sjónarmiði því ekki haft neitt á móti þessari appástungu, en ef hennar ættu að verða nokkur, eða þó heldur full not, þá verður hún að vera öðruvísi löguð, ef bæta á úr vöruverkuninni, því til þess útheimtist, að vörumatið sè almennt, eða rèttara sagt, það verður að vera skylda fyrir alla, sem hafa vörur á boðstólum að láta skoða vörurnar, áður en þeir leggja þær inn hjá kaupmönnunum, en þetta álít eg ekki tiltækilegt, eptir að »Vragning« eða vöruskoðun í Danmörku er orðin algjörlega frjáls með plac. frá 1828; en eigi vörumatið að vera sem eg kalla, »en frivillig Sag«, þá held eg, eins og eg hefi sagt, að menn verði litlu nær, einkum þegar hlutaðeigendur eiga sjálfir að borga kostnaðinn Eg þykist nefnilega geta gengið að því sem vísu, eptir því sem eg þekki til, að þessi kostnaður, þó hann alla daga ekki yrði nema 1 sk. fyrir ullarpundið, mundi fyrir þá, sem verzla við kaupmenn í Reykjavík, verða til þess, að fæla þá frá að sækja þangað til verzlunar, og það aptur leiða af sèr apturför í verzluninni fyrir bæinn af því aðsóknin yrði minni. Að öðru leyti var »Vragning« eptir hinni eldri dönsku löggjöf einungis fyrirskipuð um saltaðan fisk og kjöt, lýsi og tjöru, en ekki um aðrar vörur. Samkvæmt þessu get eg ekki, eptir því sem eg hefi nú tekið fram, álitið að stjórnin mundi finna ástæðu til þess, að fyrirskipa þvingað vörumat fyrir Reykjavíkurbæ, en af fríviljugu vörumati sè eg engan verulegan árangur fyrir vöruverkunina. Eg skal geta þess, að eg veit til þess, að einstakir kaupmenn hafa látið »sagkyndige Mænd« skoða fisk, sem þeir hafa sent til Spánar, og að því leyti gæti, ef til vill, átt vel við, að hið opinbera setti 2 menn eiðsvarna hèr í bænum, sem hefðu nauðsynlega vöruþekkingu til þess, að þeir, þegar þess væri óskað, gætu matið vörurnar, og sett venjulegt merki á þær; lengra held eg ekki verði farið; þvingað vörumat álít eg óhafandi.

H. Kr. Friðriksson: Það gleður mig, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er hèr um bil samdóma bænarskránni; eg get ekki álitið að þvingað vörumat geti átt hèr við, og því er ekki heldur farið á

flot í bænarskránni, og það er satt sem hann sagði, að það nú líka er aftekið í Danmörku. En eg get ekki verið honum samdóma í því, að fríviljugt vörumat gæti verið fráfælandi fyrir landsmenn, eða hefði eigi áhrif á vörugæðin. Eg er sannfærður um, að Íslendingar mundu koma eins eptir sem áður hingað til Reykjavíkur til verzlunar, þegar þeir ekki væru neyddir til að láta skoða vörurnar, en gætu einungis haft það í huga, að ef þeir kæmu með vonda vöru, þá gætu kaupmenn látið skoða vöru þeirra, og þá væri eðlilegt, þegar svo bæri undir, að kaupmenn þyrftu ekki sjálfir að skera úr, heldur væru til þess eiðsvarnir menn. Þegar nú bændur ættu von á þessu, get eg ekki skilið, að það yrði til annars en upphvatningar fyrir þá, til að vanda vöru sína, en þar þyrfti alls eigi að fráfælast að koma. Eg held því, að nauðsynlegt sè, að setja eiðsvarna menn til þess að skoða vörurnar þegar svo ber undir, svo kaupmenn þurfi ekki að vera gjörðarmenn sjálfir.

Björn Pèturssón: Eg er samdóma hinum heiðraða flutningsmanni í því, að vörumatið eigi ekki að vera þvingað, heldur að einungis eigi að vera allt af eiðsvarnir menn til staðar, sem verði kallaðir til, hvenær sem deilur rísa um vörurnar milli kaupanda og seljanda. Eg ímynda mèr ekki, að það fældi menn frá að verzla hèr, því líklega yrði það niðurstaðan, að ef vörumatsmenn yrði settir hèr, mundu þeir líka verða settir hèr um kring, svo sem í Hafnarfirði og á Eyrarbakka, því þess mun líklega þurfa þar með líka, þó eg þekki ekki eins þar til, en hitt veit eg, að eg hef hvergi sèð aðra eins vöru og þá sem hingað flytzt, og hræðist eg hana sannarlega.

Jón Sigurðsson: Eg fyrir mitt leyti get nú ekki stutt þessa uppástungu, því fyrst og fremst verðum við að líta til þess, hvað þingtíminn líður óðum, svo nú eru ekki eptir nema 6 eða 7 dagar virkir af hinum lögskipaða þingtíma. Mèr þykir það líka nokkuð skrítið, þegar menn hèr í Reykjavík eru að þeyta hverri bænarskránni á fætur annari hèr inn á þingið seinustu dagana; ef það eru áríðandi mál, sem þeir vilja koma fram, held eg þeir ættu að hugsa sig um þau í tíma, svo þau gæti komizt fyrr inn á þingið, og einnig betur undirbúin, en þetta mál er, því mèr sýnist það mjög illa úr garði gjört, og lýsa því, að uppástungumennirnir hafa ekki skilið sig sjálfir, eða vitað hvað þeir vildu, og þó flutningsmaður segi, að það sè mjög einfalt þetta mál, þá verð eg þvert á móti að álíta það mjög margbrotið. Þessi bænarskrá er auðsjáan-

lega klögun yfir landsmönnum fyrir trassaskap í vöruvöndun, því þar er að eins talað um íslenzka vöru, hvað hún sè illa vönduð, en ekki með einu orði minnzt á útlendu vöruna. En eg held nú, að megi með sanni segja, að það sè opt eins mikil sökin hjá kaupmönnunum í þessu efni; það er satt sem sagt er um íslenzku vöruna, að hún er opt ekki nærri vel vönduð, eða í því lagi sem hún ætti að vera, en þetta eru þó ekki þess háttar vörur, sem sèu banvænar eða spilli heilsu manna, í öllu falli ekki ullin og tólgurinn, því hvorugt það eta menn; en hversu opt hefir það ekki komið fyrir hjá kaupmönnunum, að vörur þær sem þeir flytja hingað og hafa á boðstólum, og það enda þær vörur, sem menn eiga að leggja sèr til munns, eru svo skemmdar að þær geta naumast heitið mannamatur. Og þar sem talað er svo mikið um, hvað vörurnar sè illa verkaðar hjá landsmönnum, þá held eg nú, að kaupmennirnir sèu sjálfir mest orsökin til þessa; fyrst með því, að flytja óvandaðar vörur hingað til landsins, og þannig sjálfir stuðla að því, að menn taki upp eptir þeim óvöndun í vöruverkun, því þá er landsmönnum auðveldari eptirleikurinn þegar svona er leikið fyrir; í annan stað er það, að engir ættu eins hægt með að kenna mönnum að vanda vörur sínar, eins og kaupmennirnir sjálfir, einmitt með því að gjöra mun á vörunum eptir gæðum í verðinu sem þeir gefa fyrir þær; en þessu er nú og hefir verið örðugt að troða inn í þeirra höfuð, þó þeim opt hafi verið bent á það. Margir Íslendingar hafa gjört sèr far um, að vanda vörur sínar, en þær hafa þó sem optast verið teknar með sama verði og þær ver vönduðu vörur, eða þó betur hafi verið gefið fyrir þær stöku sinnum, þá hefir öllu verið slengt saman illu og góðu, í sama pakkann, eða sama kassann, svo þegar vörurnar hafa komið til útlanda, hafa þær fengið það álit á sig, að vera allar jafnilla verkaðar, og sjá allir hvað þessi aðferð er fráfælandi fyrir þá sem hafa hug á að vanda vöru sína. Eg held nú að ekki þyrfti eiðsvarna menn til að bæta úr þessu, því eg held kaupmenn ættu að geta lagað það sjálfir, með því að sortera vöruna. Hinn háttvirti flutningsmaður vildi nú ekki að vörumatið væri þvingað, og það vil eg ekki heldur, en eg vil spyrja hann: hvernig hugsar hann sèr þá, að koma vörumatinu á, ef það á að vera fríviljugt? Og hvert gagn ætlar hann að slíkt vörumat mundi gjöra, ef eigendur vörunnar eru ekki bundnir við, að láta meta vörur sínar, — fremur en þeir sjálfir vilja — til hvers verður það þá, og hver verður þá niðurstaðan, nema sú, að enginn

lætur meta vörur sínar? Því ef ekki á að meta vöru, nema einungis í einstökum tilfellum, þegar hún er skemmd eða illa verkuð, þá held eg flestir vilji hafa sig undanþegna, þegar þeir ekki eru þá skyldir til þess að lögum; því fyrst er það, að fæstir menn vilja láta »publicera« skömm sína, ef vörurnar eru skemmdar eða illa verkaðar, og í annan stað munu menn gjarnan vilja losast við kostnaðinn sem af vörumatinu leiðir, þetta vona eg, að hinn háttvirti flutningsmaður skilji, að þegar menn eru ekki skyldugir að láta meta vörur sínar, muni þeir optast vilja komast hjá því. Annað mál er það, að menn kynnu að geta hugsað sèr annan líklegri veg, til að koma á vöruvöndun meðal landsmanna innbyrðis; eg veit til, að optar en einu sinni hefir komið til orða upp til sveita, að nauðsynlegt væri að hafa þar vörumatsmenn til að skoða þar íslenzku vöruna og gjöra mun á henni eptir gæðum, sem eigendur vörunnar sjálfir kveddu til þess, og hefðu að öðru leyti vit á þess konar, og það held eg yrði miklu affarabetra, að við hefðum svoleiðis tilorðna vörumatsmenn. Á annan hátt held eg líka það gæti verið mikið gott, ef kaupmenn sjálfir tæki sèr vörumatsmenn, sem skoðuðu þeirra eigin vörur þegar á þyrfti að halda, en hitt get eg ekki fallizt á, að leitað sè til stjórnarinnar í þessu máli.

H. Kr. Friðriksson: Eg held það hafi verið nokkur misskilningur í ræðu þingmanns Suðurþingeyinga. Að matið sè fríviljugt, er svo að skilja, að ef vörurnar eru vandaðar, kemur ekki til þess, að þær verði matnar; en ef vörurnar eru svo úr garði gjörðar, að, kaupmennirnir eru neyddir til, að láta aðra dæma um þær, þá kemur fyrst til vörumatsmannanna; þeirra yrði eptir því leitað að eins í einstökum tilfellum, þegar kaupendum og seljendum kæmi eigi saman. En vörumatið er ekki þvingað, nema það sèu vissar vörutegundir, sem *allir* eru skyldugir að sýna, eins og var í Danmörku, að allir voru skyldir að sýna vissar vörutegundir, það var það, sem var kallað »tvungent Vrageri». Það væri eins þvingað, ef kaupmenn mættu ei senda fisk til Spánar, nema láta skoða hann áður, og setja merki á hann, en hitt er ekki »tvungent Vrageri» þó þeir láti skoða hann fríviljugir. Mèr finnst því málið mjög einfalt, að menn biðji um, að eiðsvaruir menn verði settir af hálfu hins opinbera, til að skoða vörur, þegar á þarf að halda.

Benidikt Sveinsson: Eg er alveg samdóma hinum heiðraða þingmanni Suðurþingeyinga, að þetta mál sè ekki nærri ljóst, og það sem verra var, hinn háttvirti flutningsmaður flækti það enn meir,

svo mèr finnst jafnvel af orðum hans, að það sè alveg óskiljanlegt, að þessi bænarskrá skuli vera komin fyrir þingið. Hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram þá rèttu skoðun á málinu; af ræðu hans vona eg að allir hafi sannfærzt um, að annaðhvort innleiddi þessi uppástunga fyrirkomulag, sem væri skaðlegt fyrir landsmenn, eða þá væri í óhag fyrir þá, sem vilja hafa hag af því. Það er nú máske alveg að vonum, að kaupmenn vorir stingi upp á þessu og þvíumlíku, en þingið verður samt sem áður að skoða málið frá rèttu og almennu sjónarmiði og líta vel í kringum sig áður en það fellst á það; það má jafnvel ekki framfylgja málum svo, að það skemmi fyrir kaupmönnum; það er eg viss um, að hinn háttvirti flutningsmaður vill ekki heldur, hann er svo mikið fyrir, að vörumagnið safnist saman á einn stað, að hann vill víst ekki með þessari nppástungu kippa fótunum undan þessari uppáhaldsósk sinni, og um leið undan kaupmönnum. Líti maður nú á uppástungurnar er það auðsèð, að þegar á að fara að leggja toll á eigendur vörurnar, þá hljóta þeir að fælast burtu hèðan; því þó vörumatið ætti að vera frjálst, verður tollur eins ef til vill lagður á þá, sem ekki vilja láta meta vörur sínar, og það mjög óeðlilegur tollur. Eg skal nú færa eitt dæmi; eg set svo, að maður austan úr Skaptafellssýslu komi með vöru sína út á Eyrarbakka; nú semur honum ekki við kaupmanninn þar, svo hann fer hingað suður, af því hann heldur, að hann bæði fái betri borgun fyrir vörur sínar hèrna, og líka betra verð á vörum, sem hann þarf að fá í staðinn. Nú kemur hann hingað; hèr eru þá vörumatsmennirnir fyrir, og kaupmenn heimta að þeir skoði vöru hans og segi að hún sè ónýt, og það þó maðurinn kannske hafi vandað hana svo sem honum framast var auðið; því í Skaptafellssýslu eru víða sandjarðir, og þegar sandurinn kemst í ullina og hún svo vöknar, þá verður hann svo fastur í henni, að það verður ómögulegt að ná honum úr aptur. Vèr lækningamenn ættum nú að vera farnir að þekkja svo böðin, að vèr ættum að vita, hvernig ullin verður, þegar búið er að baða kindina einum 5 sinnum. Þegar nú þessi maður ekki getur komið vörum sínum út hèr, nema kannske með töluverðnm afslætti, neyðist hann þá ekki til að snúa aptur til Eyrarbakka, og eg vil þá spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvort ekki sè lagður á hann tollur, með því að hann hefir orðið að fara hingað suður til einskis, nema sèr til kostnaðar- og minnkunar-auka? Það yrði því að vera almennt vörumat, eins á Eyrarbakka og öðrum útkaupstöðum, eins og hèr,

því ef það er að eins fyrir Reykjavík, verður það að eins til að fæla menn hèðan; og eg held kaupmenn sè ekki svo góðir vinir, þegar öllu er á botninn hvolft, að þeir sem eru í kaupstöðunum hèrna í kring kunni kannske ekki að segja við sveitamenn, sem ella færu hingað til Reykjavíkur: Komdu til mín, góðurinn minn, með ullarhárið þitt, þèr er ekki betra að fara með hana til Reykjavíkur, til þess að láta hæða með þig þar, og komast í greiparnar á vörumatsmönnunum! Þèr er eins gott að láta mig fá hana, og eg skal ekki vera svo vöruvandur í þetta sinn! Niðurlagsatriðin í bænarskránni eru nú líka svo samanvafin, að það er ómögulegt að greiða þau í sundur, og þó svo sundurleit að þau verða ekki sameinuð. Eg vil spyrja, hvaða munur er á 2. og 3. niðurlagsatriðinu? Í 2. atriðinu stendur, að allar vörur skuli metast; þetta á þá að vera almennt þvingað vörumat, og til hvers er það þá? Í 3. gr. stendur aptur, að eigendur skuli greiða kostnaðinn af vörumatinu, þegar vörumatsmennina þurfi til að kveðja. Þessi greinin ráðgjörir því *ekki* almennt þvingað vörumat, og í þessu liggur einmitt tvöföld mótsögn. Þessu vil eg biðja flutningsmann að gjöra grein fyrir. Í öðrum flokknum eru vörur, sem *þarf* að meta, og eigendur vörunnar eiga að greiða kostnað af; en í hinum flokknum eru vörur, sem *ekki* þarf að meta, og sem eigendur þó *líka* eiga að greiða vörumatskostnað af; með öðrum orðum, eigendurnir eiga að borga vörumatskostnað, hvort sem þarf að meta vörurnar eða ekki. Þetta sýnist mèr nú vera vitleysa einber, því hverjum skyldi detta í hug, að láta meta vörur sínar með þessum kostum? Þetta hefi eg nú tekið fram til að sýna, hversu að hugsunin hefir verið alveg óljós fyrir beiðendum. Hefði svo verið, að ef vörurnar væru matnar að óþörfu, þá ættu kaupmennirnir að greiða kostnaðinn, en ef þær væru matnar að þörfu, þá ættu eigendurnir að greiða hann, — þá hefði eg fundið bæði skynsemi og sanngirni í þessari uppástungu. Ef nú þingið hugsaði sèr að setja nefnd í þetta mál, sem eg þó vona, að það gjöri ekki, þá ætti það þó fyrst að gjöra sèr ljóst, hvort það gjörir kaupmönnunum gagn eður eigi með því. Eg tek það enn fram að af því uppástungan er einungis bundin við Reykjavík, þá getur hún undir öllum kringumstæðum orðið henni einni til meins. Hvað uppástungu þingmanns Suður-Múlasýslu snertir, þá er hún í alla staði góð og rèttlát; það er nú líka hin uppástungan í raun og veru, en í »praxi« verður hún, eptir því sem hún hèr liggur fyrir, alveg óhafandi; vörumatið yrði eptir henni hvorki frjálst

nè þvingað, og þetta uppleysist því í *ekkert* sem allir sjá, úr því borga á vörumatið af eigendum vörunnar, hvort sem matsins á henni þarf, eða ekki. Eg held nú líka, að þó nefnd væri sett, þá sè svo langt orðið liðið á þingtímann, að hún yrði að litlu liði, því það er vandamál, og mjög íhugunarvert, ef menn vilja koma því vel fyrir, svo að bæði kaupmenn og landsmenn hafi hag af því jöfnum höndum. Eg verð nú fyrir mitt leyti að aðhyllast það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, að rèttast væri, að kaupmenn sæu sèr sjálfir fyrir sanngjörnum vörumatsmönnum, sem gætu skoðað vörurnar í einstökum tilfellum, þegar brýn nauðsyn bæri til; það gæti þó enginn firrzt við það, þó hann liði halla og minnkun, ef hann kæmi með sèrstaklega slæma vöru.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr, að taka það aptur fram, að fríviljugt vörumat bætir ekki úr vöruverkuninni, til þess þarf vörumatið að vera þvingað, en um það getur ekki verið spursmál, eins og nú stendur á tímum. Eins verð eg að álíta, að það sè ekki ástæðulaust, að hèr af kynni að leiða minnkandi aðsókn fyrir Reykjavík. Svo skal eg út af 3. niðurlagsatriðinu leyfa mèr, að taka það fram, að eg er hræddur um, að það yrði enda litið úr frjálsu vörumati, þar sem eg get hugsað mèr, að það færi svo, þegar þræta risi út af vörum milli seljanda og kaupanda, að seljandi mundi fara frá kaupmanninum með vörurnar, og eptir því sem hèr hagar til, hæglega geta komið þeim út matslaust hjá öðrum kaupmönnum, og munu þess fleiri dæmi hèr í bænum, að einn kaupmaður hefir orðalaust tekið þá vöru, sem annar hafði gjört ræka, nema ef til vill með afföllum.

Ásgeir Einarsson: Það er nú eins um þetta mál, og flest önnur nýmæli, sem koma nú á þingið, að menn ræða fyrr um málið sjálft, eins og nefndarálit væri framkomið í því, en um það, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi; en það var alveg ný skýring eða bending, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, og hefir ekki heyrzt fyrr; ef það gæti haft lagalega þýðingu, þá væri með því steini rutt úr götunni. En fyrst nú aðrir hafa rætt svo mikið um málið sjálft, ætla eg líka að tala fáein orð um það. Hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði um, hversu hið þvingaða vörumat væri óeðlilegt, og að það því væri afnumið í Danmörku. En hver er orsökin til, að það er afnumið þar? Líklega sú, að menn þar eru komnir upp á að vanda vörurnar, og þeir hafa sèð, hvílíkur ábati er að því að vanda þær. En okkur hèr skortir enn mikið í

þessu, það er rètt eins og ef við segðum, að við værum komnir svo langt í jarðyrkju, að við þyrftum ekki að hafa sáðskipti á ökrum árlega, til dæmis að sá allt af á hverju ári í sama garðinn kartöflum. Eg held því ekki eiga við, að bera okkur saman við Danmörku í þessu tilliti, svo að vörumatið gæti eins vel átt hèr við fyrir það, þó það sè afnumið í Danmörku, þegar gætt er að því, hvað við erum skammt á veg komnir. Það er sjálfsagt að það yrði þýðingarlaust, nema það væri þvingað vörumat; en tilgangnrinn með því er sá, að þegar varan kemur út til annara landa, þá þarf ekki að vera að skoða hana alla, með því að hún ætti þá að hafa merki á sèr, sem sýndi að hún væri góð og gild vara; við þetta held eg nú, að margfalt borgaðist kostnaðurinn, þó menn ættu að borga ½ eða 1 sk. fyrir skoðunina á ullarpundinu; þá gætu heldur ekki kaupmenn verið að blanda vandaðri vöru og óvandaðri saman, eins og þeir jafnan hafa gjört, svo vara hefir ekki gengið út einmitt af því svo slæmt hefir verið innan um; þess vegna held eg, að þegar er að ræða um hagnað eða skaða, þá held eg að vörumatið sè ekki til að fráfælast. En eg er samdóma hinum háttvirta konungkjörna þingmanni alveg um það, að vörumatið verði að ná yfir allt land, því ef einungis frá einum stað kæmu vandaðar vörur, yrði það öllum hinum verzlunarstöðunum til spillingar, eins og var með Bíldudals fiskinn, sem seldist allt af með hæsta verði sökum gæða sinna, þar sem annar fiskur þá gekk miklu ver út og seldist opt ekki. Eins færi nú, ef einungis frá einum stað kæmi vandaðar vörur, þá seldust vörur þaðan miklu betur, og landsmönnum væri þá eins náttúrlega gefið betur fyrir þær, og því held eg, að það sè ástæðulaus ótti, að halda að menn mundu fælast frá Reykjavík, þó vörumatið kæmist á. Mèr finnst því þessar ástæður ekki fráfælandi frá að kjósa nefnd. Það hefir verið sagt, að kaupmenn væru beztir vörumatsmenn sjálfir; það er satt en einungis með því móti að landsmenn sjálfir væru samtaka í að koma með góðu vöruna sèr í lagi, því kaupmenn geta þó ekki farið að aðskilja ullina í hverjum poka; þessa þyrfti því ekki, ef landsmenn aðskildu vöruna sjálfir; það þyrftu heldur engin lög, ef engir væru þjófarnir eða illgjörðamennirnir. En einmitt af því við erum ekki komnir á það stig, að vera fullkomnir hvorki í einu nè öðru, þá þurfum við lög, og það bindandi og þvingandi lög, og ef þeim er hlýtt, verða þau okkur til farsældar og heilla. Það hefir verið sagt, að tíminn væri orðinn svo naumur, að við þess vegna

ekki getum tekið bænarskrána til greina; en annaðhvort er, að málið er mikilsvert eða einskis vert, og ef það er mikilsvert, eigum við ekki að láta tímaleysið standa í vegi. Þó málið væri ekki búið, þá væri það þó í öllu falli komið í hreifingu. Það hafa líka margir viljað koma þessu vörumati á upp til sveita, en það hefir strandað á samtakaleysi; suðurlandið hefir nú líka allt af verið álitið lakast, þegar hefir verið að ræða um vöruvöndun. Þegar rætt var um vörumatsmálið um árið, á alþingi var einungis stungið upp á að hafa vörumat í Reykjavík, og var það þá álitið sem ömunarsemi við suðurland, og spurt hvort þetta »skálkamark« ætti að vera einungis sett á Faxaflóafiskinn, en þetta hefir ekki haft þau áhrif á fisk kaupmanns Siemsens, sem hefir verið sendur til Spánar eptir því sem konungsfulltrúi sagði. Ef nú þetta mál væri tekið fyrir hèr á þinginu, held eg að mundu vekjast upp margar raddir um þetta út um allt landið. Þá er nú talað um, að meta útlenzku vöruna; það held eg nú að væri ekki lítilsvert; því eptir því sem nú er, geta kaupmennirnir látið vöruna liggja, þó hún sè skemmd; þeir segja sem svo: Mèr liggur ekki á að selja hana strax; hún selst einhvern tíma. En ef sektir lægju við því, að flytja til landsins óhollar og jafnvel banvænar vörur, þá mundu kaupmenn hætta að leika sèr að, að flytja þess konar vörur. Hvað nú niðurlagsatriði bænarskrárinnnar snertir, þá er það nú satt, að þau eru ekki vel hugsuð, og það var mjög óheppilegt, að þau skyldu vera borin fram með slíku fljótræði; en eg held, að þær bendingar hafi komið fram hèr á þinginu um málið, sem sýni, að þingmenn eru því vaxnir, að hafa málið til meðferðar og hugsa málið svo, að löggjafinn hafi gagn af, og því finnst mèr full ástæða til, að taka það í nefnd; og þingið hefir sannarlega kosið nefnd í mörg mál, sem eru minna verð en þetta; og ekki sett fyrir sig niðurlagsatriði í bænarskránni, og þingið mundi geta unnið málinu mikið gagn ef það styddi það kröptuglega. Það er auðvitað, að þingið gæti núna að eins beðið stjórnina um að leggja frumvarp um þetta fyrir næsta þing, en einmitt við það mundi vekjast áhugi almennings á málinu svo hann færi að íhuga það betur. Eg vil því fastlega mæla með að nefnd verði sett í málið, og að sú nefnd biðji að eins um, að stjórnin leggi frumvarp um þetta fyrir næsta alþingi.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af orðum hins heiðraða þingmanns úr Strandasýslu, er hann sagði, að ástæðan fyrir því, að vörumatið væri í Danmörku orðið frjálst, væri sú, að vöruverk-

unin væri orðin þar svo góð, að taka það fram, að ástæðan eptir því sem segir í ástæðunum til lagaboðsins, er sú, að þetta fyrirkomulag, sem komið frá eldri tímum, ætti nú ekki við, eins og verzluninni nú væri komið, og því segist löggjafinn vilja leysa þetta ónáttúrlega band af verzluninni; þetta er ástæðan. Loks skal eg viðvíkjandi 1. niðurlagsatriðinu taka það fram, að eg álít, að það kynni að vera hagfellt, að hèr væri eiðsvarnir vörumatsmenn, einkum fyrir kaupmenn, er vildu senda fisk hèðan til útlanda, t. a. m. til Spánar og líka í öðrum einstökum tilfellum til þess að slíta þrætu milli hlutaðeigenda út af vörunum; en þessa vörumatsmenn álít eg að yfirvaldið geti skipað, án þess að það þurfi að bera það mál undir stjórnina.

Jón Hjaltalín: Hèr hafa nú komið fram skoðanir á ýmsa vegu um þetta mál, og eg skil það varla, þar sem þetta er svo einfalt mál, enda finnst mèr það hafa verið skoðað af sumum frá mjög ólíklegum hliðum. Fyrst er nú það, að menn hafa sagt, að þetta mundi verða til þess að eyðileggja Reykjavík; þetta þykir mèr nú vera að gjöra landsmönnum töluverðar gersakir, að þeir nefnil. ekki vilji vanda vörur sínar, ef að vörumatið komist á. Þetta er líka alveg á móti reynslunni, því það vita menn, að þar sem vörurnar eru mest vandaðar, þar ganga þær betur út, og af því leiðir, að þær verða þar í betra verði, og þess meiri er upphvatningin til að vanda þær, eins mundi nú verða hèr í Reykjavík, ef vörumatið kæmist á. Að vörumatið er afnumið í útlöndum, er engin sönnun fyrir því, að við ekki þurfum þess, því það er rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði, að þar þarf þess ekki, af því vörurnar eru orðnar þar svo góðar; það er eins með það, eins og að fullorðinn maður þarf ekki að læra að lesa, en þar á móti barnið, en eg held að við sèum sannarlega börn í vöruvönduninni enn þá. Eg veit ekki heldur betur, en að vörumatið hafi í mörgum löndum verið viðhaft fyrst framan af, þangað til vöruverkunin hefir verið komin í gott horf, og þar hefir það verið álitið mjög nytsamlegt. Mig furðar ekki á því, þó menn úr norðurlandinu finni síður til þessarar nauðsynar, því vörurnar hafa jafnan verið vandaðar þar miklu betur en hèr syðra, og þeir eru komnir að því takmarki, sem við hèr syðra eigum eptir og þurfum að komast að; og eg sè ekki, hví þingið ekki vill styðja að, að þetta megi verða. Bænarskráin ber líka með sèr, að kaupmennirnir sjálfir viðurkenna, að þetta yrði til að hækka vöruna í verði; þetta mundi

því verða til að koma miklu betra orði á Reykjavik; en nú er það svo, að margir eru reyndar, sem vanda vörur sínar, en þeim er þá fleygt hèr saman við óvandað vörarusl, svo að sá sem vandar líður við það. (*Jón Sigurðsson*: Hverjum er það að kenna?) því, að okkur vantar vörumatsmenn. Á hinn bóginn eru kaupmenn og með því núverandi fyrirkomulagi neyddir til að taka óvandaða vöru í skuldir, og það í skuldir, er menn hafa hjálpað mönnum um þarfavöru í lífsnauðsynjum þeirra. Þetta er nú líka í fyrsta sinni, sem kaupmenn hèr bera bænarskrá fram fyrir okkur, og eg sè ekki, hvernig þingið hefir minni tíma fyrir hana en hina bænarskrána, sem nú er á dagskránni frá bændum úr Seltjrnarneshrepp, og sem guð má vita hvernig er undir komin. Mèr sýnist það óverðugt fyrir þingið, ef það setur ekki nefnd í þetta mál, sem er svo einfalt; nefndirmenn gætu borið sig saman við kaupmenn og leitað álits þeirra, og lokið málinu af á einum degi. Eg mæli því fastlega fram með, að nefnd verði sett.

Pètur Pètursson: Eg vil láta það í ljósi, að mèr finnst vörumatið verði að vera þvingað, ef nokkurt gagn á að verða að því, og að það verði að ná út yfir allt landið, og sè ekki einungis á íslenzku vörunni, heldur einnig á hinni dönsku; því það leiðir af sjálfu sèr, að ef Íslendingar eru skyldir að vanda sína vöru, þá verða kaupmennirnir að sínu leyti að vera skyldir, að hafa vandaðar vörur til sölu, því það er órèttvíst, að láta góða vöru fyrir slæma. Einungis er eg óviss um, að í útkaupstöðunum geti fengist menn, sem hafi vit á að meta útlenzku vöruna, eg vil taka til dæmis mjöl; eg er hræddur um, að það mjöl, sem hingað flytzt sè ekki allt malað af rúgi, og það hafa líka sumir kaupmenn játað, að það væri minnst af því úr rúgi. Eg er því hræddur um, að þó menn í útkaupstöðunum vildu taka einhvern mann, til að meta þess konar vörur, mundu menn ekki eiga völ á honum. En þó að tíminn sè orðinn naumur, þá vil eg þó mæla með, að nefnd sè sett um málið, því það er mikilsvert, og gott að það komist í hreifingu.

Jón Pètursson: Eg er samdóma hinum háttvirta konungsfulltrúa og fleirum er í sömu átt hafa talað og hann, og er alveg á móti nefnd. Eg játa það og, að ef vörumat ætti að komast hèr á, þá yrði það að vera þvingað, annars gjörði það ekkert gagn. Samt kynni það vera æskilegt, eins og konungsfulltrúi benti á, að fá fasta menn, sem gætu vitnað um gæði varanna, þegar þeir væri kvaddir til þess, til að mynda, ef einhver kaupmaður vildi senda vöru til

útlanda, og láta merkja hana hèr af áreiðanlegum mönnum, svo hún gengi þar betur út, eða þá til að skera úr, hvort einhver vara væri gjaldgengur kaupmannseyrir; en til þess að fá þessa menn, er alveg óþarft að fara til stjórnarinnar, því yfirvöldin hèr geta sett þá. Vèr höfum þannig eiðsvarna úttektarmenn í hverjum hreppi — ekki er farið með það til konungs, hvort þá megi setja — eiðsvarna virðingarmenn í dánarbúum, o. s. frv. Annars þurfa þessir menn ekki að vera fastir, heldur má útnefna þá í hvert skipti, er á þarf að halda. Þannig getur til að mynda bæjarfógetinn hèr í Reykjavík útnefnt þessa menn, til þess að meta vörur í hverju einstöku tilfelli þegar hann er beðinn þess, og tekið þá svo í eið á eptir, ef þess er krafizt. Það er því alveg óþarft, að taka þetta mál í nefnd. Það er svo ljóst, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sýndi fram á, að ef vörumat ætti að komast hèr á, þá yrði það að vera þvingað, og ná yfir allt landið. Hinn virðulegi þingmaður Strandasýslu hèlt, að orsökin til þess, að vörumatið væri af numið í Danmörku, væri sú, að menn væru farnir þar að vanda svo vörur sínar, að þess þyrfti ekki þar lengur við, og þó áleit hann það í eðli sínu, að öll danska varan væri skoðuð af vörumatsmönnum hèr á landi, þegar hún kæmi hingað; þetta tvennt get eg nú ekki samrýmt, því ef vörugæðin eru þar svo mikil, að þar þarf ekki lengur vörumatsmenn, þá ætti að vera óþarft að skoða vöruna hèr, er hún hingað kæmi. Það væri annars skrítið af alþingi, að biðja fyrst um frjálsa verzlun, en nú síðan um þvingað vörumat; ef enn þá væri hèr einokunarverzlunin, þá gæti eg skilið það. En þetta þvingaða vörumat gæti annars verið gott í einu tilliti, sem sè til að koma upp spekúlöntum; þeir væru ekki undirkastaðir þessu vörumati, svo landsmenn gætu þá farið með vörur sínar til þeirra; þeir mundu treysta sèr til að meta þær sjálfir. Eg er því hræddur um, að þetta yrði í mörgu skaðlegt, eigi að eins fyrir sjálfa föstu kaupmennina í Reykjavík, heldur og fyrir alla fastakaupmenn hèr á landi, ef það yrði almennt, auk þess sem það í útfærslunni yrði svo kostnaðarsamt og ókljúfandi að koma því á. Það er annars svo með sumar hugmyndir, að þegar þær hafa verið iengi í útlöndum, og menn loksins hafa farið að sjá gallana á þeim þar og kastað þeim burt, þá fara þær að ryðja sèr til rúms hèr, og menn sækjast eptir því, sem þær lúta að í ólmandi gríð; eitt er nú þetta, að þvingað vörumat hefir þróazt víða lengi í útlöndum, en nú er svo komið, að það er víðast þar álitið óhafandi, síðan öll verzlun þar hefir

tekið svo frjálsa stefnu, en nú vilja menn fara að smeygja því hèr inn, þar sem það aldrei áður hefir verið, þó hèr sè nú líka komin á frjáls verzlun. Það væri sönn apturför, ef vèr tækjum upp þvingað vörumat. Mèr sýnist því, að þingið ekki eigi að vera að tefja sig með því, að taka slíkt mál sem þetta til meðferðar.

Ásgeir Einarsson: Eg held það sè nú ekki til góðs að gjöra með þetta mál; eg viðurkenni nú, að eg hef máske getið of góðs til Dana með vöruverkunina; mig rankar við því, þegar við fengum fyrra verzlunarfrelsið, sem kallað var, þá kom klögun til stjórnarinnar um vörusvik; en stjórnin svaraði, að það yrði ekki klagað yfir slíku, því allir hefðu rètt til að verzla með hvað sem væri, þegar verzlun er frjáls. En nú þegar við fengum seinna verzlunarfrelsið, sagði stjórnin, að við þyrftum ekki að vænta neinnar hjálpar framar þó vöruskortur væri, þegar frjálsa verzlunin væri komin á. Það var skrítin setning hjá hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, að við værum komnir svo langt á frelsisins vegi, að við mættum ekki biðja um þvingað vörumat. En eg vil spyrja: Er þetta ekki svo í fleiru? Höfum við ekki frelsi í lausamannalögunum, en þykjumst þó þurfa þvingandi hjúalög? Góð lög eru ekkert ófrelsi, heldur þvert á móti sannarlegt frelsi. Öðru máli er að gegna, ef það er máske skaðlegt, að varan sè vel verkuð, og til þess sèu samin bindandi lög, þá er bezt að fleygja þessu máli burt hið fljótasta; en ef það er nytsamlegt, að vörur sèu sem bezt vandaðar um allt landið, þá er það þingsins skylda, að gefa málinu gaum; og annaðhvort segja kaupmennirnir, landar vorir í Kaupmannahöfn, embættismennirnir hèr og menn í öðrum löndum, annaðhvort, segi eg, segja þeir allir ósatt um vöruverkunina hèr á landi, ellegar og þar af fljótandi skaðsemi, að taka verður eitthvert meðal til að bæta hana. Þá sprakk nú blaðran hjá hinum 4. konungkjörna þingmanni, þar sem hann sagði, að »spekúlantar« mundu aukast og margfaldast við þetta, þá sýndi hann nú fyrst hvað klukkan sló. Ætli það væri ekki vegur til að láta vörumatsmennina fara fram á skipin til þeirra, og skoða hjá þeim vörurnar? Eg veit líka, að þeir gjöra sèr margir ómak fyrir að fá góðar vörur, því þeir vita, að betur er gefið fyrir þær en hinar, og því mundu þeir fúslega vilja láta skoða vörurnar. Eg get tilfært eitt dæmi upp á þetta. Það, að »spekúlantar« sóttu svo mikið á Steingrímsfjörð, kom einmitt af því, að þar lögðust landsmenn á eitt með kaupmönnunum, og vönduðu vörur sínar sem mest þeir gátu. Eg

skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, þingið er sjálfrátt hvað það gjörir við það; en þjóðin sèr, hvort þingið hefir ekki stundum tekið óskynsamlegri mál til meðferðar, og ef þingið fellir málið, hefir það að forsvara það fyrir þjóðinni og samvizku sinni.

Björn Pètursson: Þessar 2 vesalings uppástungur hafa nú orðið fyrir býsna hörðum dómi hjá sumum, einkum hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni, sem sagði að uppástungurnar væru alls ekkert, en þá má segja um ræðu hans, að hún var á engu byggð. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn 4. konungkjörni þingmaður voru mikið að tala um, hversu óhafandi væri hið þvingaða vörumat; eg skil nú alls ekki, því þeir voru að þenja sig á því, því að í uppástungunum er alls ekki farið fram á, að fá þvingað vörumat, heldur er að eins beðið um, að settir verði vissir eiðsvarnir menn, til að skoða vörurnar í einstökum tilfellum. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að ef meiningin væri, að biðja um óþvingað vörumat, þá þyrfti ekki að setja nefnd í málið, því bæjarfógetinn gæti tilsett þessa menn; það getur nú vel verið, og ef svo er, þá þarf heldur ekki að rita konungi bænarskrá um málið. Það hefir mikið verið talað um, að þetta mundi verða til að fæla menn frá að verzla í Reykjavík; það get eg nú ekki skilið; í öllu falli mundi það ekki verða almennt; það er sjálfsagt, að það kynni kannske að fæla þá þaðan, sem allt af hafa vonda og óvandaða vöru á boðstólum, en eg held, að skaði Reykjavíkur væri bættur, þó þeir lètu sig ekki sjá þar framar, og þeirra vara ætti helzt hvergi fram að koma, því hún er ekki nema til að spilla fyrir öðrum, sem vanda vörur sínar. En það er upphvatning fyrir alla, sem hafa góða vöru á boðstólum, til að koma hèr, að vita af vörumatsmönnunum, því þeir vita þá, að þeir fá því meira fyrir sína vöru, því betur sem hun er vönduð. Eg get því ekki skilið, að það yrði til tjóns fyrir Reykjavík, þó vörumatsmennirnir kæmust á. Hitt skal eg ekkert segja um, hvort rèttara sè að setja nefnd um málið, eða eins og konungsfulltrúi benti á, að bæjarfógetinn útnefndi þessa menn.

Jón Hjaltalín: Mèr gleymdist einungis að geta þess, þar sem sagt var, að kaupmenn gæti fleygt öllum óhroða í almenning, þá get eg borið um það, að þetta er ranghermt. Eg hefi opt skoðað hèr vörur hjá kaupmönnum og bannað að selja þær til manneldis. Það var verið að tala um mjölið, að það væri vont; það getur nú vel verið. Eg skal jafnan vera fús á að skoða það, ef krafizt verður, það er ekki langrar stundar verk, það þarf naumast nema 1 tíma

til þess, og vilji hinn 3. konungkjörni þingmaður klaga yfir mjölinu hèr fyrir bæarfógetanum og segja, að mjölið hjá einhverjum kaupmanninum sè vont, eður nokkuð það sè í því, sem ekki á að vera, þá skal eg fara strax með honum og skoða það. (*Benidikt Sveinsson:* En getur hinn 5. konungkjörni líka skoðað mjölið á Akureyri?); þar er líka læknir og hver læknir getur vitað hvort mjölið er gott eður ekki; það þarf ekki mikinn lærdóm til þess. Mèr þykir það skrítið, þegar þingmenn eru að álíta sig betri en kaupmenn í þessum efnum. Það getur vel verið, að hinn 4. konugkjörni þingmaður og hinn konungkjörni varaþingmaður sè beztu lögvitringar, skrifi ágæta dóma, og haldi beztu fyrirlestra, það efast eg öldungis ekki um, en fyrir vit þeirra á vörum gef eg lítið. Mèr finnst það óþolandi, að þingið kasti frá sèr þessari bænarskrá, sem miðar til mestu almennings heilla, eins og þingmaður Strandasýslu tók fram með því frjálslyndi og góðgirni, sem honum er eiginlegt. Eg mæli því fastlega fram með því, að nefnd verði kosin í þessu máli og það bráðlega, en eg vildi heldur mælast til að lögfræðingarnir væri fyrir utan hana.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnast nú sumar þessar umræður nokkuð óþarfar, t. a. m., þar sem menn eru að tala um þetta þvingunar vörumat eður fríviljuga vörumat, hvort betra sè, þá liggur þetta hèr ekki fyrir, og það kemur fyrst til umræðu, þegar nefndin er búin að segja álit sitt, því þingið getur með engu móti bnndið hendur nefndarinnar í uppástungum sínum, hvernig hún eigi að taka í málið. Það getur vel verið, að vörumat þetta ætti að ná yfir allt land, eg hef nú ekkert á móti því, en það gæti þá orðið uppástunga nefndarinnar. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að bæarfógetinn gæti útnefnt vörumatsmennina, þá getur það nú vel verið, en hann getur það eins, þó nefnd tæki málið til íhugunar; mèr finnst það sannarlega ófrjálslegt af þinginu að vísa þessu máli frá nefnd. Eg get ekki skilið í sumum orðum konungsfulltrúa í þessu máli, þegar eg ber þau saman við orð hans 1847, þá var annað hljóð í honum; hann segir þá, að almennt gagn og nytsemi sè í vörumati. (*Arnljótur Ólafsson:* Það er svo langt síðan). Það eru sömu ástæðurnar og sannanirnar nú fyrir almennu gagni vörumatsins sem þá voru; og hann talaði þá einmitt um gagn þess yfir höfuð; en hvorki um þvingað vörumat nè óþvingað. Hafi þess vegna vörumat verið gagnlegt 1847, þá getur það ekki verið til einskis gagns 1863. Eg verð því að vera fastlega á því,

að setja eigi nefnd í málið, svo kostur verði á að íhuga það betur; mèr finnst það eigi fallega gjört af þinginu að neita þessari bæn. Þótt eg beri mikla virðingu fyrir hinum heiðraða konungkjörna þingmanni, þá þykja mèr það sannarlega hörð orð þar sem hann segir, að ekkert vit sè í bænarskránni frá þessum 16 kaupmönnum; það eru sannarlega hörð orð, segi eg, því margir af þessum kaupmönnum eru þó mikið skynsamir og greindir menn, og vil eg þó engan veginn skjalla þá. Viðvíkjandi því sem hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að 2. og 3. tölul. væri svo saman flæktir, að eigi væri unnt að greiða úr þeim, og þó svo sundurlausir, að eigi sè unnt að skilja þá, þá get eg eigi skilið slík orð. (*Benidikt Sveinsson:* Það get eg ekki að gjört, bara þegar þau eru sönn). Viðvíkjandi því, sem stungið er upp á í tölul. 2., að vörumatsmennirnir fái borgun eptir vöruverðinu, þá sè eg ekki hvernig það getur komið í bága við 3. tölul. Eg skal skýra orð mín gjörr; þegar kaupmaður t. a. m. heimtar mat á íslenzki vöru, og reynist hún eigi góð, þá borgar seljandi vörumatsmanninum, og eins ef íslenzkur maður heimtar mat á útlendri vöru, þá borgar kaupmaður, ef varan eigi reynist góð eður ef matsins þarf við. En ef einhver biður um matið af sjálfsdáðum, þá er auðvitað, að hann verður að borga það, og um það hljóðar 2. töluliðurinn, og að hann fái borgunina eptir því, hversu varan er mikil sem meta skal. Eg sè enga mótsögn í þessu. Viðvíkjandi dæminu, sem hinn konungkjörni varaþingmaður tók af Skaptfellingum, þá gjörir það nú ekki mikið til, því hver segir, að hann þurfi að leggja sig undir vörumat, þótt hann komi hingað? Ef vörurnar eru góðar þarf hann þess alls eigi. (*Jón Pètursson*: Þá er það ei þvingað vörumat). Eg tala hvorki um þvingað nè óþvingað vörumat, því það liggur hèr ekki fyrir; nefndin getur stungið upp á því, hvort það á að vera eður ekki.

Konungsfulltrúi: Þar sem uppástungumaður vitnaði í það, sem eg talaði í þessu máli 1847, þá skal eg þó leyfa mèr að segja honum, að þá var allt öðru máli að gegna, því þá var verið að tala um að setja vörumatsmenn á opinberan kostnað; þá stakk eg upp á því, að vörumatið væri frjálst, en að matsmennirnir fengju laun úr opinberum sjóði; en nú er hèr allt öðrn máli að gegna en þá, því nú á að leggja borgunina á vörueigendurna, og í þessu kemur fram annmarkinn á uppástungunni.

H. Kr. Friðriksson: Hèr er að eins verið að tala um, hvort

vörumatið væri gagnlegt eður eigi, og ræða hins hæstvirta konungsfulltrúa byrjaði einmitt á því 1847, að vörumatið væri gagnlegt.

Jón Sigurðsson: Mèr fannst nú hinn 5. konungkjörni þingmaður sækja mál þetta með nokkru kappi, eins og honum reyndar ekki er ótítt, þar sem hann vill setja 16 kaupmenn upp yfir *allt* þingið, og álítur, að þingið hafi ekki meir en hálft vit til að álykta um þetta mál á móts við þá; þetta þykir mèr nú nokkuð hart, því það er þó aðgætandi, að þessir kaupmenn eru ekki alveg óvilhallir í þessu máli; í uppástungunni lýsa þeir allri óvöndun vörunnar á hendur oss, og tala einungis um, hvað vörurnar sè illa vandaðar hjá oss, en þess er látið ógetið, að dæmi eru til, að þurft hefir að fleygja fyrir hund og hrafn óætri matvöru hjá kaupmönnum sjálfum, eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður hefir sjálfur kannazt við, og finnst mèr því ekki fremur ástæða til að álasa landsmönnum sjálfum í þessu efni, heldur en kaupmönnunum, sem mest klaga þó undan vöruverkuninni. Það hafa nú flestir sem talað hafa verið á því, að vörumatið hlyti að vera þvingað, ætti það annars að hafa nokkra þýðingu, nema uppástungumennirnir sjálfir, og held eg að það komi af því, að þeir hafa minnst íhugað málið vandlega, því eg skil eigi hvernig þeir geta hugsað sèr að vörumatið ætti að eiga sèr stað nema það væri þvingað. Eg verð því að aðhyllast meiningu konungsfulltrúa, að yfirvöldin hèr í bænum skipi vörumatsmenn einungis fyrir Reykjavík, ef kaupmönnum er eins annt um að fá þá eins og þeir láta, en mótmæli fastlega að þingið taki þetta mál til frekari meðferðar að sinni.

Pètur Pètursson: Eg verð einungis að skýra orð mín áðan, af því eg sè, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefir misskilið mig. Eg var eigi að klaga yfir neinu skemmdu mjöli, eg tók það einungis sem dæmi upp á það, hvað bágt væri í útkaupstöðum að geta fengið menn til að dæma um sumar vörur. Eg efast eigi um, að hinn 5. konungkjörni þingmaður gæti dæmt um vörur, ef senda mætti hann um allt land til þess; en það er víst ekki meining hans. Það var engan veginn meining mín, að mjölið væri óhollt, heldur að það væri lèlegra og ódýrara, heldur en þegar það er malað af eintómum rúgi, og það held eg bændur eigi bágt með að greina í sundur. Eg veit til að í Danmörku er mjöl til, sem kallað er »islandsk Meel«, og er það þá malað af einhverju öðru, en eintómum rúgi, og það því svo kallað til mótsetningar við hið góða mjölið. En það gengur mest yfir mig, að hinn 5. konung-

kjörni þingmaður skuli vera að beinast að mèr, þar sem eg mælti þó með nefnd í málinu.

Benidikt Sveinsson: Eg vil nú eigi sem lagamaður taka það ómak af hinum 5. konungkjörna þingmanni að hlaupa um allt land til að skoða vörur manna, og eg vona, að enginn lögfræðingur kæri sig um það. En þetta mál er þess eðlis, að hvorki er komið undir *sèrstaklegri* þekkingu kaupmanna nè undir hinni fjölbreyttu *læknis-þekkingu* hins 5. konungkjörna þingmanns að fella rèttan dóm á það. Mèr virðist það óþolandi, þegar menn eru svona að bregða hver öðrum, eins og börn eður unglingar, á þingi með öðru eins og þessu: Eg veit þetta, það veizt þú ekki, þú hefir ekki lært það. Það sem er vitleysa er og verður vitleysa, hver svo sem það segir, og þótt hún kæmi frá 16 kaupmönnum, og þeim öllum merkilegri en þessir blessaðir íslenzku kaupmenn eru velflestir. Svo framarlega, sem eg ekki tala rangt, held eg, að eg hafi fullan rètt til að sýna fram á, að þessi bænarskrá sè á röngum grundvelli byggð. Flutningsmaður bænarskráarinnar fór út í málfræðislegar gönur til að verja hana, en komst líka í þau málfræðislegu vandræði sjálfur, að orðin »af« og »eptir« þýddu eitt og hið sama; þó eg sè ekki mikill málfræðingur nè hafi lært íslenzku í Reykjavíkurskóla að mun, þá skil eg þó svo mikið í henni, að þetta getur ekki átt sèr stað; og skal eg taka eitt dæmi, þar sem eg held eg geti sýnt af sambandinu, að »af« og »eptir« þýðir ekki hið sama; t. a. m. eg skal gefa þèr 10 rd. af því sem þèr áskotnast, og eg skal gefa þèr 10 rd. eptir því sem þèr áskotnast. Það er þá og sitt hvað að gjalda tiltekna upphæð af vörunum eða borga eitthvað eptir því sem vörurnar reynast; flutningsmaður blandar hèr saman *hluta* og *hlutfalli,* en í því getur eigi annað legið en mótsögn. Eg held því, að eg hafi fyllsta rètt til að skora á hann að leggja rètta þýðingu í orðið »af« og færa mèr svo sönnur á, að tölul. 2. og 3. eigi upphefji hvor annan. Flutningsmaður vildi helzt, að nefndin færi í *enga* stefnu, og að hvorki væri þvingunarmat nè frí-viljugt mat, en þó einmitt bæði frjálst og þvingað mat; það kemur þá fram, sem eg áðan sagði, að *ekkert* verður leitt út af uppástungunni sem vit sè í, en að öðru leyti er eg samdóma þingmanni Strandasýslu um það, eins og eg sagði áðan, að vörumatið ætti að ná yfir allt land, ef það annars kæmist á; og eg sè því ei, til hvers þingið á nú að fara að rjúka upp til handa og fóta, þótt bænarskrá komi frá 16 kaupmönnum, og þótt það sè nú aldrei

nema frá kaupmönnunum hèrna í Reykjavík; mèr sýnist það vera rangt af þinginu að sinna þessu máli, úr því það eigi verður sèð, að það geti orðið til nokkurs gagns, heldur þvert á móti til óliðs. Flutningsmaður kvaðst eigi vilja hafa þvingað vörumat, en hefir hann nokkra heimild fyrir, að þetta sè vilji þeirra, sem höfundar eru bænarskráarinnar, eður að þeir vilji hafa óþvingað mat. Eg verð að biðja þingmenn vel að gæta að því, að hèr eru einungis 16 kaupmenn, sem setja þingið á rás til að gjöra sjálfum oss og þeim skaða. Hèr kemur bænin ekki nema frá einni stètt, kaupmannastèttinni, og það þó ei nema frá fáum kaupmönnum, en vèr þyrftum ef vel væri, að leita fyrir oss út um allt land til að vita, hvort þetta væri almenn ósk bæði kaupmanna og landsmanna; því hvað gagnar það, þótt vörumat verði innleitt á dálitlum bletti svo sem hèr í Reykjavík; en vèr eigum á hinn bóginn ekki með að taka slíkt upp á oss, fyrr en komnar eru fram um það almennar óskir frá hálfu landsmanna. Uppástunga þingmanns Suður-Múlasýslu er nú mikið skynsamleg og í alla staði sanngjörn, en það verður eigi sagt, að hún sè almenn ósk landsmanna. Það þarf meira að gjöra, en að segja að þetta sè nauðsynlegt; það er ekki búið að leysa öll vandræði með því; það er eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður tók fram eigi ætíð svo hægt að fá vörumatsmenn út um landið. Þó að þessi blettur sè tekinn hèr í Reykjavík, þá er fyrir því engin vissa gefin, að góðar vörur komi annarstaðar frá til útlanda, og þá er ekkert unnið með þessu vörumati fyrir álit íslenzku vörunnar yfirhöfuð á erlendum mörkuðum, heldur er það miklu fremur til skaða. Eg vil því framhalda þessu, að þar sem eigi eru komnar fleiri raddir frá landsmönnum eða jafnvel kaupmönnum, en komnar eru, þá held eg að ekki eigi að taka þetta mál til neinna greina.

Indriði Gíslason: Þótt eg játi, að það sè nauðsynlegt að vanda vöru sína sem bezt, þá get eg ekki sèð, að það geti komið nokkru góðu til leiðar að farið verði að setja hèr nefnd í þessu vörumatsmáli, því mál þetta er mjög margbrotið, ef að á að taka það fyrir í heild sinni, en til þess mundi þurfa mjög langan tíma; en uppástunga þessi fer einungis fram á, að vörumatsmenn verði settir hèr í Reykjavík, en ekki út um allt land, og finnst mèr það næsta óeðlilegt. Væri lögkveðnir vörumatsmenn settir, sem landsmenn væru skyldugir að láta skoða vörur sínar, þá vildi eg að þeir væri út um allt land í hverjum hreppi, þá gengi það almennt yfir að

gáð yrði að því, að varan væri góð, og eg held að það væri langtum hollara fyrir oss bændurna, að vörurnar væri skoðaðar heima hjá oss, áður en vèr förum af stað með þær, heldur en að þær væri fyrst skoðaðar þegar komið væri í kaupstaðinn, og ímynda eg mèr, að það hefði góð áhrif á vöruvöndunina. Það hefir verið talað um þvingað vörumat, en eg skil ekki, hvernig það getur átt sèr stað, þar sem verzlun er frjáls. Vèr höfum nú fengið bók um vöruvöndun eptir þann mann, sem hefir einna bezt vit á því máli, og eg held, að hún hafi komið miklu góðu til leiðar, og hefir honum þó ekki dottið í hug að stinga upp á þessum vörumatsmönnum. Mèr finnst og næsta óeðlilegt, ef lögkveðnir vörumatsmenn sèu settir í Reykjavík, að þá verða menn að fara þangað suður til að láta skoða vörur; aptur á móti væri vörumatsmenn í hreppunum, þá gæti þeir sagt við menn heima; þetta er ekki góð vara, þèr er ekki til neins að fara með hana, nema þú verkir hana betur; þetta held eg að væri miklu hollara og eðlilegra, heldur en að varan væri ei skoðuð fyrr en í kaupstaðnum, og þá yrði menn annaðhvort að selja vöruna með afföllum eða fara með hana heim aptur og yrði það ærinn kostnaður. Mèr finnst að menn verði að hafa tillit til þess, að bæði er nú farin að kvikna hjá mönnum áhyggja með að vanda vöru sína, og svo hafa menn og fengið vöruverkunarbók, er þeir mikið geta stuðzt við í þessu efni. Eg verð því að vera mótfallinn nefnd.

Forseti: Það eru komin til mín tilmæli frá 7 þingmönnum um að umræðunum skuli hætta, og vil eg biðja þingið að skera úr því, hvort umræðunum skuli hætta eður ekki.

Var þá gengið til atkvæða um það, hvort umræðunum skyldi hætta, og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6.

Síðan var gengið til atkvæða um, hvort kjósa skyldi nefnd í málið og var það fellt með 13 atkvæðum gegn 9.

Forseti: Þá kemur eptir dagskránni bænarskrá frá 5 bændum í Seltjarnarneshrepp um niðurskurð.

Var bænarskráin afhent þingmanninum fyrir Gullbringusýslu og las hann hana upp svo hljóðandi.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 166.

Helgi Hálfdánarson: Eg álít sjálfsagt, að bænarskrá þessari verði vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og að umræður um hana þurfi því ekki að tefja fyrir þinginu að þessu sinni.

Forseti: Fyrst enginn tekur til orða vil eg bera það undir at-

kvæði þingsins, hvort vísa skuli bænarskránni til nefndar þeirrar, sem þegar er sett í fjárkláðamálinu.

Var það samþykkt í einu hljóði, og bænarskráin síðan afhent þingmanni Árnesinga, formanni fjárkláðamálsnefndarinnar.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit um jarðamatskostnað af kirkjujörðum. Framsögumaður er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður.

Síðan var málið afhent framsögumanni og las hann upp nefndarálitið svo látandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 167.

Framsögumaður (Pétur Pétursson): Þetta mál er einfalt mjög, og vona eg að það verði ekki langar umræður um það; eg skal ekki heldur lengja þær að sinni, og bíða þess að heyra tillögur þingsins.

Brynjólfur Jónsson: Það er nú að vísu engin þörf á því, að taka til máls í þessu máli, því nefndarálitið er svo ljóst og ástæðurnar fyrir niðurlagsatriðum nefndarinnar teknar svo vel fram í því. Það er nú svo sem auðvitað, að prestar geta ekki kallast frjálsir eigendur lèns- eða kirkjujarðanna, heldur að eins usufructuarii, eða svo sem þeir, er njóta ágóðans af þeim, og því geta þeir ekki verið skyldir að gjalda af þeim eins og þeir ættu þær sjálfir. Svo er það heldur ekki nema viss tími, sem þeir njóta ágóðans, og þegar þeir falla frá, njóta ekki erfingjar þeirra neins ágóða af jörðum þessum. En eg vil leyfa mèr að setja fram ýms dæmi hèr að lútandi, sem ekki eru fram tekin í nefndarálitinu, t. a. m. ef eitthvert brauð er laust, á þeim tíma sem jarðamatskostnaðurinn á að greiðast, og annar prestur er fenginn til að þjóna hinu lausa eða óveitta brauði, þá nýtur hann inntektanna af því að eins meðan hann er settur til að þjóna brauðinu, og getur því ekki að minni hyggju borið að gjalda jarðamatskostnað af jörðum þess brauðs, sem hann einungis hefir um stund, sem settur prestur. Eg vil enn fremur taka til dæmis, að prests-ekkja sè í einhverju brauði, sem eptir dauða manns síns nýtur náðarárs, þá get eg ekki sèð, hvílík sanngirni væri í því, að hún skyldi borga jarðamatskostnað af jörð þeirri eða jörðum sem hún býr á, eða brúkar sem prests-ekkja. Eins er það að sínu leyti, ef emeritprestur er í brauði, og hefir einhverja af jörðum prestakallsins sem hann fór frá í eptirlaunaskyni, þá ætti eptir útlegging stjórnarinnar annaðhvort hann eða presturinn sem hefir fengið brauðið að borga jarðamatskostnaðinn

af henni. En hvað er þó óeðlilegra og ósanngjarnara en að emeritpresturinn skuli borga af eptirlaunum sínum, og þó enn óeðlilegra að presturinn skuli borga skatt af þeirri jörð, sem hann ekki hefir nein not af. Eins er það að sínu leyti með prests-ekkju þá, sem eins og lög gjöra ráð fyrir, hefir fengið einhverja af jörðum prestakallsins til ábúðar, og sem hún þó má gjalda landskuld af til prestsins, að hún borgi jarðamatskostnað þeirrar jarðar. En eins óeðlilegt virðist mèr það, að hinn þjónandi prestur borgi af þeirri jörð, sem hann ekki sjálfur notar öðruvísi en til afgjalds. Svo er enn eitt tilfellið með presta, sem sitja á þeim brauðum, sem eru uppbótarbrauð; það er næsta ósanngjarnt, að þeir borgi jarðamatskostnað af sínum prestaköllum, sem ef til vill getur orðið eins mikill og uppbótarpeningarnir eru háir, það er sama sem að þeim sè veitt uppbótin, en hún tekin frá þeim aptur í sömu andránni. Eg álít því sjálfsagt, að það eigi að endurgjalda þenna jarðamatskostnað þeim prestum, sem hafa goldið hann, en ekki heimta hann af hinum, sem ekki eru búnir að gjalda.

Konungsfulltrúi: Þó eg ekki beinlínis vilji mæla á móti því, að þingið taki nefndarálit það sem hèr liggur fyrir til ítarlegri meðferðar, verð eg þó að lýsa því yfir, að eg get ekki annað en mjög svo efazt um, að stjórnin finni ástæðu til að taka bænarskrá alþingis, sem færi í sömu stefnu og nefndarálitið, til greina, og þarf eg ekki að taka fram ástæður fyrir því, því þær eru komnar fram áður, og þinginu kunnar. Eg verð einnig aptur að taka það fram, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að eg álít það verulegt atriði í málinu, að afgreiðslan einkum kemur helzt niður á þeim betri brauðum og fer þannig eptir efnum hlutaðeigenda, enda er afgreiðslan í sjálfu sèr ekki heldur þungbær og að eins um stundarsakir. En að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið, meðferð þess ér á þingsins valdi.

Magnús Andrèsson: Eg verð að leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann, út úr niðurlagsatriðinu, því mèr er það ekki vel ljóst. Eg sè að ætlazt er til að prestum sem borgað hafa jarðamatskostnað af beneficium eða stöðum, því svo kallast þær jarðir, sem kirkjur standa á, sè þetta endurgoldið úr ríkissjóði, en hèr stendur ekkert um það, hvort sama á að vera með mensaljarðir, eða öðru nafni kirkjujarðir; og svo get eg ekki fellt mig við það, að prestum eigi að endurgjaldast það sem borgað er af þeim hundruðum í bænda-kirkjujörðum, sem prestsmata hvílir á, því þetta

gjald greiðir ábúandi, og sè hann leiguliði þá fær hann það endurgoldið hjá landsdrottni en kemur ekki prestinum við, sem fær sína mötu óskerta, svona gekk það til á næstliðnu vori þar sem eg til vissi, eg held að þetta niðurlagsatriði þurfi einhverja breytingu, því það eru fleiri menn en prestar einir, sem borgað hafa þetta gjald af þeim jörðum eða jarðapörtum sem kirkjum tilheyra, og því skil eg ekki hvers vegna allt á að endurgjaldast prestunum en ei öðrum.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að það hefur misskrifazt kirkjur fyrir kirkjujarðir. Það er að vísu satt, sem konungsfulltrúinn sagði, að gjaldið komi harðast niður á þeim prestum, sem hefðu betri brauðin, en það er tvennt aðgætandi, bæði það, að prestarnir á stærri brauðunum hafa fleiri jarðir að borga af, en þeir hafa líka meira að taka af, en prestarnir á litlu brauðunum, þó gjaldið sè minna, svo það verður þeim eins tilfinnanlegt, og svo er það aðgætandi líka, hvort krafan sè rèttlát, eða grundvöllur sá, sem hún er byggð á, þvi eg er sannfærður um, að stjórnin ekki vilji leggja ranglátar álögur á neina stètt, hvort sem þær eru miklar eða litlar, og þó, stèttin geti borið þær.

Jón Guðmundsson: Það má heimfæra hèr málsháttinn »varðar mest til allra efna, að undirstaðan rètt sè fundin«. Mig furðar nú ekki þótt hinn háttvirti konungsfulltrúi sè á sömu skoðun í þessu máli, og hann var 1861, fyrst að stjórnin hefir nú gefið þeirri skoðun hans meðhald. Það er eigandi sem á að borga jarðamatsgjald af jörðum sínum, samkvæmt þessu svonefnda lagaboði 1. apr. 1861, en er þá sama eigandi og umboðsmaður? Það er óþekktur skilningur á lögum, og einnig óþekktur skilningur manna á meðal í daglegum viðskiptum og daglegu tali, að blanda svona saman eign og umboði, Hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyja sýndi fram á það, hver niðurstaðan yrði af þessum öfuga skilningi stjórnarinnar, að blanda svona saman eign og umboði, og sýndi hann ljóslega, hversu að hún leiðir ekki að eins til ósanngirni heldur einnig til ranglætis, t. d. að prestsekkja skuli borga af því litla sem hún fær í eptirlaunaskyni, og eg saknaði þess í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, að hann svaraði ekki og reyndi ekki að hrekja þau verulegu rök sem þingmaður Vestmannaeyja tók fram á móti skilningi stjórnarinnar. Að öðru leyti segir í lagaboðinu, að eigandi skuli borga kostnaðinn, en leiguliði að greiða hann af hendi, og eiga síðan aðgang að eiganda, en það er »usufructuarius« ekki, þó að hann verði stundum eins og nokkurs konar umboðs-

maður eiganda, að endurgjalda leiguliðanum í hans stað. Að þessari niðurstöðu komst líka nefndin í málinu um jarðamatskostnaðinn af kirkjujörðum, því hún viðurkennir í raun rèttri, að kirkjurnar sè eigendur þeirra jarða, þó að þær sè margar svo fèvana, að gjaldið verði þess vegna að lenda á umboðsmönnum kirknanna, en af því nefndin álítur þetta rangláta niðurstöðu, þá hefir hún farið fram á, að stjórnin endurgjaldi umboðsmönnunum (usufructuariis) þetta vegna kirknanna, úr ríkissjóði. Sumar jarðir eru aptur beinlínis opinber eign, og verða alls ekki kallaðar eign kirknanna, t. d. lènskirkjujarðir á þingabrauðum, og aðrar þessleiðis jarðir, sem eru gefnar með berum orðum annaðhvort af stjórninni eða einstökum mönnum, til þess að þeim sè varið í einhverju vissu augnamiði, t. d. til prestseturs; þær eru eins og »legat«, og af þessum jörðum getur þó aldrei umboðsmanninum eða »usufructuarius«, og því síður emeritpresti nè prestsekkju borið að greiða jarðamatskostnað. Þó að þessi skoðun komi nú í bága við álit konungsfulltrúans 1861, og þar á byggðan skilning stjórnarinnar, þá vonum vèr að þegar sannfærandi ástæður koma fram móti þessu, er sýna og sanna, að það ekki geti átt sèr stað, þá muni stjórnin líta fremur á þær nú og taka til greina og sjái, að hinn rètti eigandi þessara jarða er hið opinbera, og eigi því að borga þann kostnað af þeim, sem löggjöfin leggur eigendum á herðar.

Arnljótur Ólafsson: Mèr fellur nefndarálitið vel í geð, en mèr finnst það of takmarkað. Mèr sýnist auðsèð, að endurgjaldið sè eptir uppástungunni bundið við prestana, en eg veit ekki betur en að kirkjubændur borgi jarðamatskostnaðinn af kirkjuhlutanum, og hafi þeir borgað, þá sýnist mèr sjálfsagt að endurgjalda ætti þeim eins og prestunum. Því vil eg orða niðurlagsatriðið svo, að það endurborgist prestum og öðrum hlutaðeigendum, í staðinn fyrir: »hlutaðeigandi prestum«. Svo eru einnig til bændajarðir, sem prestsmata er goldin af, en kirkjan er lögð niður, eg vil nefna til Meðalfell í Kjós, á þeirri jörð liggur prestsmata, af því þar var kirkja til forna, en er nú lögð niður. Það er sjálfsagt, að endurgjalda hverjum sem borgað hefir, af prestsmötuhundruðum, ef bóndi hefir borgað, þá á að endurgjalda honum, en ef presturinn hefir borgað, þá honum. En ef stranglega er fylgt uppástungum nefndarinnar, verður prestunum einum endurgoldið en eigi hinum.

Indriði Gíslason: Eg ímynda mèr að það hafi sprottið af því hjá nefndinni að ástæðurnar fyrir konungsúrskurðinum af 5. nóv-

ember 1862, virðast skipa svo fyrir, að presturinn endurgjaldi kirkjubóndanum, eður þá að kirkjubóndinn haldi eptir af *mötunni*; þetta má því heldur vera minnisstætt, sem að stjórnin segir, að annars, ef þeir ekki komi sèr saman, þá heyri þetta undir dómstólana, svo að í staðinn fyrir skýlaus lög, er eins og verið að siga saman presti og bónda; eg ætla mèr þó ekki samt að áskilja mèr breytingaratkvæði, þó mèr þyki þetta óljóslega orðað, þangað til að eg heyri hver meining nefndarinnar hefir verið.

Framsögumaður: Það var meining nefndarinnar, að kirkjubændur mundu hafa haldið eptir af prestsmötunni, því sem svaraði jarðamatskostnaði af prestsmötuhundruðunum. En það er sjálfsagt að ef kirkjueigendur eða kirkjubændur ekki hafa haldið eptir af prestsmötunni, þá á presturinn að skila honum jafnmiklu, nema ef það er gjöf frá kirkjueiganda til prests, því þá er öðru máli að gegna. Eg sè ekki neitt á móti því, að nefndin beri sig saman við þingmann Borgfirðinga um breytingaratkvæði hans.

Benidikt Þórðarson: Mèr sýnist nefndin hafa farið hinn bezta og beinasta veg í máli þessu yfir höfuð að tala, en þó eitthvað væri ekki full greinilega orðað í niðurlagsatriði hennar, þá mun hún bezt laga það sjálf. Eg vil leyfa mèr að taka það upp, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í ræðu sinni, að hann efaðist um, að stjórnin sæi sèr fært að endurborga þenna kostnað; en eg efast engu síður um, að stjórnin sjái sèr fært, að láta krefja gjald þetta af prestunum, því hún mun þó vilja vera rèttlát og góð stjórn, og ekki leggja tekjuskatt á prestana, og það svona án dóms og laga; af öðru en embættistekjum sínum, geta prestar ekki goldið þetta, og þó margir hafi af litlu að lúka, þá verður gjaldið talsvert um land allt, og verður tilfinnanlegt þeim, er lítið hafa, og ranglátt er gjald þetta, hvort það er svo meira eður minna, að því leyti að ekki er það ráðgjört í veitingarbrèfum prestanna, og þeim hvergi gjört að skyldu að gjalda það, enda eru fæstir svo úr garði gjörðir af stjórninni, sem ber þó þá skyldu á baki, að sjá þeim fyrir sæmilegu uppheldi, að þetta væri fært.

Forseti: Fyrst enginn tekur framar til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni einnig til undirbuningsumræðu nefndarálit í málinu um vexti af Thorchilliisjóðnum; framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga.

Var málið síðan afhent framsögumanni, og las hann upp nefndarálitið svo látandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 169.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg skal nú ekki tala margt að sinni. Eg vona að þetta mál fái eins góðan byr hèr á þingi, og hin önnur sem eg hef haft þann heiður að vera framsögumaður í, og eg vona, að nefndarálitið sè svo úr garði gjört, að þingið geti fallizt á það, eins og það liggur fyrir.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að lýsa því yfir, að eg felli mig yfirhöfuð vel við nefndarálitið, og niðurlagsatriðin í því, úr því svo er komið, að sú skoðun er orðin ofan á, að nú eigi að fara að brúka sjóðinn, enda fer nefndarálitið í sömu stefnu og stjórnin hefir á seinustu árum aðhyllzt. En þegar stungið er upp á að brúka allar leigurnar, þá get eg ekki verið því samdóma. Mèr þykir það óráð, að verja nú þegar öllum leigunum, mèr þykir nægja að verja 500 til 600 rd. árlega, en hitt vil eg leggja upp til viðbótar við höfuðstólinn, þar sem eg líka er á þeirri skoðun, að það liggi næst gjafarans tilgangi, að skóli sè stofnaður fyrir gjöfina, og þessa sömu skoðun álít eg líka að nefndin hafi, en að hún hafi stungið upp á þeirri meðferð á sjóðnum sem hún hefir gjört, einungis til bráðabyrgða, af því hún hafði skólastofnunina í hugunum, en þörfin hins vegar mikil. Það er sjálfsagt að það verða færri börn, sem njóta góðs af gjöfinni, ef allar leigurnar eru ekki brúkaðar, en þó ekki yrði varið nema 500 til 600 rd. á ári, bætir það þó vissulega talsvert úr þörfum þess hèraðs, sem gjöfin er ætluð.

Framsögumaður: Það var ljóst fyrir nefndinni, að hèr væri ekki nóg fè fyrir höndum til að stofna skóla, en á hinn bóginn vildi ekki nefndin skilja of mikið af vöxtunum eptir, því að þá væri styrkurinn svo lítill, en þó svo mikið, að sjóðurinn gæti aukizt nokkuð, svo skólanum yrði þó komið upp síðar, ef það þætti betur fara. Nefndin var á einu máli í því, að kristileg uppfræðing fengist eins vel með þessu fyrirkomulagi, sem nefndin fer fram á, eins og þó stofnaður væri skóli. Það getur verið, að nefndin hafi tekið til of mikið af vöxtunum. Það var nú talað mikið um þetta, og varð nefndin nærri samhuga á því, að þessi upphæð 1000 rd. væri hæfilegt; en ef ekki væri varið meiru af vöxtunum á ári en 500—600 dölum, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi fór fram á, þá yrði börnin of fá, og árangurinn ekki eins mikill. Það er auðvitað,

að skólastofnun gæti alls eigi komið Reykjavík að neinu haldi, eða að minnsta kosti ekki eins miklu og það fyrirkomulag, sem nefndin hefir stungið upp á.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að byrja á voninni, eins og hinn háttvirti framsögumaðnr. Það er sannast að segja, að hann hefir ekki enn haft mikið fyrir framsögunum í þeim málum á þessu þingi, þar sem hann hefir verið framsögumaður, og eins vonar hann að verði í þessu máli. En eg vona aptur á móti, að þingmenn láti hann ekki komast ljett út af því, að fá þessum niðurlagsatriðum framgengt. Eg vona að fleiri þingmenn reyni til þess, að láta von hans bregðast og tala betur móti niðurlagsatriðunum, en eg get, þó eg hafi vilja til þess. Mèr finnast niðurlagsatriði þessi vonarlaus, og að minnsta kosti er ekki í þessu nein von nema kannske fyrir eptirkomandi aldir. Þar er farið fram á að taka nokkuð af vöxtunum, en konungsfulltrúi dró nú nokkuð úr þeirri von, því hann vildi ekki láta taka nema helming vaxtanna. Mèr finnst líka nefndin hèr alveg víkja frá tilgangi gjafarans. Eg vil að ekki sè verið að bíða eptir, að sjóðurinn stækki, það situr sannarlega ekki á okkur, eins og nú árar í landi, að vera að leggja upp, og ætla að feita eptirkomendur okkar; okkur er nær að sjá fyrir börnin okkar, og láta þau ekki velta út af. Þessi grundvallarregla, að spara, er nú orðin gömul hjá Íslendingum, og er ljót, því hún er nirfilsregla, og allar aðrar þjóðir fara öðruvísi að, allar þjóðir, sem vilja láta sèr fara fram. Þær eru ekki að spara svona, þangað til nóg fè sè fyrir höndum, heldur taka lán til að koma á fót menntastofnunum, því þær vita að framfarirnar gefa betri rentu en peningarnir. Hèr er að vísu vikið frá nirfilsreglunni, því nefndin stingur upp á, að 1000 rd. sèu notaðir, og gefnir 160 rd. með hverju barni frá 10—14 ára í 4. ár, en mèr þykir nú þetta nokkuð dýr meðgjöf, menn komast opt hægar út af því að gefa með barni. Þetta á nú að felast nefnd, sem lítið þekkir til í sveitunum, og þessi meðgjöf held eg verði ofmikil og þó ekki heppileg, því hún miðar eingöngu til þess að lètta á sveitarsjóðunum og fátækraskyldu hreppanna. Hèr er gengið fram hjá aðalskildaganum í gjafabrèfinu sem er að skóli sè settur. Eptir nefndarinnnar uppástungum á ekki að setja skóla, heldur á að tvístra börnunum, svo ekkert skólasamlífi getur átt sèr stað meðal þeirra; það á að útvega þeim góða samastaði; það má nú að vísu álíta það allheppilegt, ef það tækist, en hæpið er það að fáist svo mörg góð heimili, og í öllu falli gætu fleiri börn

notið góðs af þessu, ef skóli væri. Hèr er að vísu haldið einu einasta atriði, sem tekið er fram í gjafabrèfinu, sem sè því að börnin læri vinnu. En þegar nú þessi tími, sem börnin eiga að vera í þessum samastöðum er ekki lengri en til fermingaraldurs, þá held eg þau læri litla vinnu, nema ef þau læra að sækja hest, reka kýr, og ef til vill róa út fyrir landsteinana. Svo á að skipta peningunum milli hreppstjóranna, og það á nefnd að gjöra, sem ekki veit hvernig tilhagar, og hún verður því að vera bundin við, hvað hreppstjórarnir segja. Það er farið fram á, að prestar og hreppstjórar skuli tilnefna börnin; væri nú þetta bundið við prestinn, þá væri það sök sèr, en þegar hreppstjórarnir ráða, þá ætla eg að fènu verði beinlínis varið til að lètta á sveitarsjóðunum. Hvað snertir 2. og 3. tölul., þá eru þeir með öllu óhafandi, að tvístra þannig börnunum í staðinn fyrir að stofna skóla er ófært, og að láta þessa nefnd, sem farið er fram á í 3. tölulið, hafa umsjón með öllu þessu er ófært líka, því hún þekkir ekki til nema rètt í kringum sig. Eg vil því leyfa mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði, sem lýtur að því að stofna skóla á hentugum stað, t. d. þar sem hann áður var, og þegar Reykjavík er dregin frá, þá sýnist vera nóg fè til þess. Reykjavík má líka vera ánægð, hún hefir brúkað nokkuð af sjóðnum, og af því svo er ímynda eg mèr, að hún sleppi tilkalli til að nota hann t. d. 16 ára tíma, meðan hinn hluti Kjalarnesþings væri að vinna upp að tiltölu það, sem hún hefir brúkað nokkurn veginn eingöngu. Líka áskil eg mèr breytingaratkvæði við tölul. 3. um fyrirkomulagið á þessu. Eg skal leyfa mèr að orða breytingaratkvæðin síðar.

Jón Hjaltalín: Eg var einn af þeim, sem við inngangsumræðu þessa máls mælti með nefnd; því bæði sá eg þörfina, og svo er þetta gjafabrèf orðið 100 ára gamalt. Eg sá líka að hèr var nokkuð fè um að gjöra, ef því væri varið vel, til þess að uppala og uppfræða börn. Eg bjóst nú við að sjá verulegar og gagnlegar uppástungur frá nefndinni, en sè nú allt annað. Hèr kemur nú fram nokkuð, sem miðar að því, að auka *öreigagiptingar (Nokkrir þingmenn*: Það er ekki satt). Eg skal sanna það. Eg hef spurt ýmsa hreppstjóra og aðra skynsama menn að: Hvers vegna getið þið ekki fyrirbyggt öreigagiptingar? En þeir hafa svarað: Það er af því, að þið þarna á alþinginu viljið ekkert gjöra til þess. Þegar við spyrjum þá að, þessa kalla: Af hverju ætlið þið að lifa og börnin ykkar! þá svara þeir: Eg held eg vorkenni ekki sveitinni að fæða króagreyin okkar«.

Þetta verður nú, trúið mèr til, vatn á þeirra mylnu, þeir nota sèr það, og nefndin styður þannig að því sem er skaðlegt, í staðinn fyrir að hún átti að gjöra eitthvað gagn. Eg er ekki fyrir að safna í sjóði en þetta er vissulega til að ala ósið, og þannig vil eg ekki verja neinu fè, ekki einskilding, og því síður 1000 rd. Heldur en ganga að uppástungum nefndarinnar vil eg geyma sjóðinn í 100 ár enn þá. Ef það eru nú fyrir hendi engin meðöl til að auka menningu og menntun, þá vil eg þó ekki láta vanbrúka þau lítlu sem eru fyrir hendi, en þetta verður þó niðurstaðan, ef að hreppstjórarnir fá þetta fè undir hendur, því þá verður þessi sjóður fátækrasjóður, en það er ekki tilgangur gjafabrèfsins. Það á nú, segir nefndin, að skipta börnunum niður. Drengina á máske að brúka til að moka flór, en stúlkurnar til einhvers, kannske verra. Þessi tilhögun verður þá ekki til annars en að hlífa sveitarsjóðnum og hlaða niður börnum, og þetta verður þá öll menntunin? Mönnum kann að þykja þetta nokkuð hart, en þetta verður þó árangurinn. Sjóðurinn verður fátækrastyrkur til að hjálpa sveitarsjóðunum, en hvort börnin læra nokkuð er óvíst. Það er ógjörningur að fara svona með vilja dáinna manna. Eg býst ekki við að geta sannfært nefndina, hún mun vera föst á sinni skoðun eins og menn eru vanir að vera, þegar þeir eru búnir að komast á einhverja ranga stefnu. Eg ætla ekki að ómaka mig til að standa upp til að greiða atkvæði, nema ef það skyldi vera til að fella nefndarálitið.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki neita því, að mèr fannst nokkuð hæft í því, sem þingmaður Norður-þingeyinga sagði, að styrkurinn sem hrepparnir fengju, yrði í sumum tilfellum, sveitarstyrkur eða til lèttis sveitinni. En eg get þó ekki lagt neina áherzlu á þetta atriði. Skólinn yrði það líka. Hinn 5. konungkjörni þingmaður þótti mèr fara of hörðum orðum um nefndarálitið og uppástungur nefndarinnar, því eg álít þær sèu þær tiltækilegustu eptir kringumstæðunum og ekki heldur neitt fjarstæðar gjafarans tilgangi með gjöfina, þó eg eins og eg hefi tekið fram, álíti stofnun skóla að liggja næst orðum gjafarans.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki lengja þingræðurnar í þetta skipti, en einungis geta þess, að eptir minni skoðun liggur það nær gjafarans tilgangi, að barnaskóli sè stofnaður, og eg held einnig þetta hafi verið sannfæring nefndarinnar, þar sem hún brúkar orðin »fyrst um sinn», og því álitið betra að nokkru af fènu strax væri varið í þá átt, er hún fer fram á. Eg verð og að segja, að

það sè íslenzkulegt og það í góðum skilningi, að koma börnum fyrir á góða bæi til að fræðast þar, og þenna gamla sið ættu menn ekki að yfirgefa. En að öðru leyti getur mèr ekki sýnzt annað en að nefndin komist í mótsögn við sjálfa sig, með því fyrst um sinn að vilja láta brúka leigurnar til bráðabyrgða, því þá getur sjóðurinn á meðan ekki aukizt, svo seinna verði hægt að stofna barnaskólann. Nú er sjóðurinn 26000 rd. og hin árlega leiga þar af 160 rd., mèr fyndist nú nóg að verja $^2/_3$ af þessari leigu til þess augnamiðs sem nefndin fer fram á, eða svo sem 700 rd. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði við tölulið 1. í þessa átt, og sömuleiðis við tölulið 3. að þegar prófasturinn sè sjálfkosinn í nefndina, þá að stiptsyfirvöldin hafi óbundnar hendur til að kjósa hina tvo, og þess vegna orðin: eptir uppástungu prófastsins«, falli burt.

Brynjólfur Jónsson: Ætti mitt kjördæmi slíkan sjóð og hèr ræðir um, þá mundi mèr þykja það góð eign, og það þó hann væri ekki svo stór, þá mundi það samt gott þykja, að hafa slíkt fè til að grípa til, til að bæta úr þeim miklu vandkvæðum sem víða munu eiga sèr stað með að veita bágstöddum börnum sómasamlegt og kristilegt uppeldi. Eg verð því að hlynna að nefndarálitinu. Mèr fannst hinn 5. konungkjörni þingmaður leggja heldur en ekki harðan dóm á nefndarálitið, þar sem hann sagði, að það yrði ekki til annars en styðja að öreigagiptingum og aumingjaskap, og eins og hvöt fyrir menn að kasta börnum sínum út á sveitina. Þetta get eg nú ekki skilið. Eg veit ekki betur en að í öllum hreppum sèu til sveitarstjórar og víst ekki allir svo vitlausir, að þeir láti óráðsmenn fara fram eptir eigin geðþótta í því að kasta af sèr allri byrði, og fleygja henni upp á sveitastjórnina. Eg álít því, að þó að þetta fái framgang, sem að nefndin stingur upp á, þá sè ekki Thorchillii sjóðnum með því nein hætta búin eða honum varið til ills; og skyldi ekki nú vera tími til kominn að gjöra eitthvað gott með honum, nær er þá tími til þess? Kannske að menn eigi að bíða til þess að vextirnir eru orðnir 2000 rd., en hvað mörg af þeim börnum sem bæði gátu og áttu að njóta góðs af honum, geta ekki á þeim tíma farið mis við það góða, sem þeim nú gefst kostur á að njóta, ef nú þegar er farið að verja vöxtum hans samkvæmt tilgangi gjafarans. Eg álít því engan veginn neitt unnið með að fresta þessu. Að öðru leyti vil eg geta þess, að eg felli mig allvel við breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns. Það voru nokkrir þingmanna, sem álitu það heillaríkast, að stofnaður væri

barnaskóli, en þetta get eg ekki sèð, því hvað dugar einn skóli þar sem svo margir hreppar eru, sem þó eiga að hafa gagn af honum að rèttri tiltölu. Stofnun eins skóla yrði einungis *til* þess, að sumir hreppanna hefðu allt gagnið, en aðrir ekkert. Eg álít því að nefndin hafi farið þann rèttasta og bezta veg. Eg þori að fullyrða það, að þó að menn sendi börnin á góða sveitabæi, þá fá þau þar eins góða uppfræðingu í kristilegum trúarbrögðum, og í barnaskóla. Eg þekki konu sem eg er fullviss um, að uppfræðir börn eins vel í kristilegum fræðum, eins og hver barnaskólakennari mundi gjöra; eg segi þetta reyndar ekki í því skyni, að eg í nokkurn máta vilji gjöra lítið úr barnaskólanum. Viðvíkjandi tölulið 2. vildi eg heldur stinga upp á því, að fènu yrði skipt eptir tiltölu hinna ófermdu barna, og ætla eg mèr að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt.

Helgi Hálfdánarson: Hèr hafa komið í ljós ýmsar ólíkar skoðanir um þetta nefndarálit. Hvað nú fyrst og fremst snertir álit hins háttvirta konungsfulltrúa, þá getur það ekki annað en glatt mig, að honum falla uppástungur nefndarinnar svo vel í geð. Honum þótti að eins það að, að öllum vöxtunum ætti að verja til þessa fyrirtækis; en þetta er heldur ekki alveg svo, því eptir uppástungu nefndarinnar verður þó nokkuð eptir af vöxtunum, og það getur bætzt við sjóðinn og hann þannig aukizt nokkuð eptir sem áður, eins og líka allir vextirnir geta bætzt við höfuðstólinn þangað til byrjað verður á því, sem nefndin fer fram á. En hèr er það líka aðgætandi, að stjórnin hefir í brèfi til stiptsyfirvaldanna 1851 ætlazt til, að sjóðurinn væri látinn vaxa einungis þangað til hann væri orðinn 20,000 rd. og þess vegna álitið, að hann þyrfti ekki að vaxa meir; en nú er hann orðinn yfir 26,000 rd. og því síður virðist þörf á, eða líklegt, að stjórnin muni ætlast til, að sjóðurinn sjálfur aukist mikið úr þessu. Nefndin áleit þó eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi, að það væri æskilegt, að sjóðurinn yxi enn þá nokkuð, ef stofna ætti síðar skóla, og stakk þess vegna upp á, að verja til þessa árlega 1000 rd. en ekki öllum vöxtunum.

Þingmaður Norðurþingeyinga hèlt fyrst langa ræðu um vonina, en eg ætla mèr ekki að svara henni neinu, því eg álít að hún eigi alls ekkert skylt við þetta mál. Hann hèlt, að ef fènu yrði varið á þann hátt, sem nefndin hefir stungið upp á, þá mundi það ekki koma að neinum verulegum notum, og að gjafabrèfinu væri þá ekki heldur fylgt; en eg get ekki betur sèð, en að nefndin hafi farið

alveg eptir anda gjafabrèfsins, því þar er öll áherzlan lögð á, að börnin fái kristilegt uppeldi, og þetta er einmitt það, sem getur áunnizt ef menn fylgja nefndarálitinu. Eg held og að hægast yrði að fá þessu framgengt á þann hátt, sem nefndin stingur upp á, því ef staðirnir væru vel valdir, þar sem menn kæmu hinum bágstöddu og vanræktu börnum fyrir, þá getur ekki hjá því farið að góðu og reglusömu heimili veitti hægar að laga 1 barn, en einum skólakennara að laga 25 börn, eins og eg líka veit með rökum, að hægra er að veita börnum gott uppeldi í sveit en hèrna í sjóplássunum, þar sem skólinn ætti þó líklega helzt að vera. Þingmaður Norður-Þingeyinga og hinn 5. konungkjörni þingmaður hèldu að þetta fyrirkomulag nefndarinnar yrði einungis til að lètta á hreppunum; það getur nú verið að þetta yrði hreppunum til nokkurs lèttis, en eg held að það sè ekki neitt illt eða hræðilegt í því, ef tilgangi gjafarans verður fullkomlega náð undir eins, eg álít það einmitt kost, ef þetta hvorttveggja getur sameinazt, en hvað það snertir, að menn eru hræddir um að sveitastjórarnir mundu ekki velja börnin rèttilega heldur hafa ofmikið tillit til hagsmuna hreppanna, þá held eg að þeir gætu farið eins að, ef þeir væru svo lyntir, þegar þeir ættu að velja börnin í skólann, og að sú mótbára sanni ekki neitt. Þá sagði þingmaður Norður-Þingeyinga einnig, að börn fyrir innan fermingu geti ekki lært neina vinnu; en það er ekki rètt; það vita allir, að venjulega er farið að kenna drengjum að slá, þegar þeir eru hèr um bil 12 ára, og að stúlkubörnum er almennt kennd ýmisleg handavinna, t. a. m. að prjóna og sauma, löngu fyrir fermingu. Það er vissulega óhætt að segja, að þau börn, sem enga vinnu hafa lært fyrir innan fermingu, muni mörg hver læra hana seint, og varla nokkurn tíma verða dugandis menn. Eg get því ekki sèð, að neinar gildar ástæður sèu færðar fyrir því, að uppástungur nefndarinnar sèu óhafandi. Það sem einkum kom nefndinni til að stinga upp á því, að koma börnunum fyrir, var það, að hún hèlt að það mundi veita erfitt að útvega menn, er væri því vel vaxnir að standa fyrir slíkum skóla; það yrðu að líkindum helzt ungir prestaskólakandídatar, sem fengizt gæti til þess, en sem undir eins og þeir gætu náð í eitthvert brauðið, yfirgæfu skólann, svo að nýja þyrfti að fá í þeirra stað, en þessi mörgu skipti á kennurunum álít eg að ekki gætu orðið affarasæl fyrir skólann. Þar sem hinn 5. konungkjörni þingmaður hèlt að uppástunga nefndarinnar mundi leiða til öreigagiptinga og yfirhöfuð ala ósiðu í land-

inu, þá er þetta sagt svo út í bláinn, að það bíður ekki svörum. (*Forseti*: Eg skyldi hinn 5. konungkjörna þingmann svoleiðis, að öreigagiptingarnar mundu fara í vöxt við það, að menn hugsuðu, að menn þá ætíð gætu komið börnum sínum fyrir á kostnað Thorchilliisjóðsins); þingmaðurinn brúkaði orðin: »ala ósiði í landinu«, eg skrifaði það hjá mèr. Eg held það nái nú engri átt, þegar gætt er að því, að nefndin vill koma börnunum fyrir *í þá beztu staði, sem fengizt geta;* en hvað öreigagiptingarnar snertir, þá gæti skólinn engu síður stutt þær. Það sem nefndin hefir stungið upp á, er vissulega ekki eins dæmi; því eg veit til þess, að það er siður í Danmörku, að menn koma börnum þeim, sem hafa fengið illt uppeldi, fyrir á góðum heimilum, og að í þessu skyni eru stofnuð félög. Hvað breytingaratkvæði hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns snertir, sem stingur upp á, að einungis yrði varið til þessa 700 rd. árlega af vöxtunum, þá er það að vísu betra en ekkert, en meira áynnist með því, að fara eptir nefndarálitinu. Þar sem hinn sami þingmaður áleit að stiptsyfirvöldin hefðu ekki óbundnar hendur til að velja hina tvo nefndarmennina, ef prófasturinn stingi fyrst upp á þeim, þá var það einungis áform nefndarinnar, að gjöra stiptsyfirvöldunum hægra fyrir með þessu, en hún ætlaðist engan veginn til að þau þyrftu fremur en þeim litist, að fara eptir uppástungu prófastsins.

Jón Guðmundsson: Eg verð að vera einn af þeim, sem aðbyllast þetta nefndarálit yfir höfuð, og stóð eg upp til þess að skýra frá því, hvers vegna þessi stefna nefndarinnar er eptir minni hugsun betri en sú, sem þingmaður Norðurþingeyinga fór fram á. Hann vildi brúka peningana strax og stofna með þessu skóla, en það hlýtur hver heilvita maður að sjá, að sjóðurinn er enn ekki nógu stór til þess, að stofnaður verði fyrir hann skóli, og jafnframt gefið með börnunum nægilegt meðlag til fata og fæðis. Eg held sama yrði ofan á nú eins og áður, þegar skólinn var á Hausastöðum, að hann engan veginn svaraði til síns augnamiðs. Eg hef átt tal við greindan mann, sem var forstöðumaður skólans þar, og þótti honum ekki skólinn hafa gjört það gagn sem vera skyldi. Eg hef líka þekkt 2 menn, sem voru í þessum skóla, og það varð ekki sèð á þeim, að þeir í nokkru tækju fram mönnum sem voru með öllu ómenntaðir, og aldrei höfðu í skólanum verið, og þó voru þessir menn engir heimskingjar öðrum fremur. Eg held við verðum að bíða lengi, líklega 100 ár til, ef sjóðurinn á að verða svo stór, að

fyrir hann verði komið á fót skólastofnun með því fyrirkomulagi sem Jón Thorchillius hefir hugsað sèr, svo að nokkurt gagn sè í. Við vitum líka, að þó víða sè mjög ábótavant með uppeldi og uppfræðingu barna,einkum í sjóplássunum, þá eru þó ekki svo fá heimili til sveitanna þar sem kennsla og uppfræðsla ungdómsins fer í góðu lagi, og eg hef heyrt marga útlenda ferðamenn segja, að það færi í betra lagi heldur en víða erlendis í almúgaskólum. Nú er líka orðin mikil breyting á frá því sem var á dögum Jóns sál. Þorkelssonar, nú er bæði betri uppfræðing og öll sveitarstjórn og fyrirkomulag í fátækra málum í miklu fastara og betra horfi, því eg tel ekki að nein sveitarstjórn hafi verið hèr sízt í nokkru lagi fyrr en eptir 1834. Þetta allt gjörir það ljóst, að ef menn ekki vilja að eins fljúga í loptinu og byggja loptkastala, og svo framarlega sem menn ekki vilja fresta þessu lengur, þá er vegur sá, sem nefndin hefir stungið upp á, sá tiltækilegasti, og liggur líka mjög nærri tilgangi gjafarans. Þessi vegur er ekki heldur neitt nýmæli eður ný uppástunga. Í þessa stefnu voru uppástungur stiptamtsins 1821 og 1822, og bæði Sjálands byskup og kanselíið fèllust á þær, og samþykktu að þær væri samkvæmar gjafabrèfi Jóns Þorkelssonar; eg hefi sèð umburðarbrèf frá prófastinum í Kjalarnesspingi til prestanna, þar sem þeir voru kvaddir til að útsjá og benda á þau börn, sem helzt þyrftu uppfósturs og uppfræðingar, og einnig benda á þau heimili þar sem bezt væri að koma þeim fyrir. Eg held að grundvallarregla nefndarinnar sè sú aðgengilegasta, og sú einasta aðgengilega eptir því sem nú stendur á í hèraðinu og efnahag sjóðsins, og geti komið að góðu haldi. Eg efast ekki um, að yfirumráðendur sjóðsins muni sjá því farborða, að peningunum, sem hrepparnir fengi eptir uppástnngum nefndarinnar, verði varið vel, og að um það verði sèð, að yfirumráðamenn sjóðsins fái árlegar skýrslur, um hvernig fènu hefir verið varið og hvað ágengt hefir orðið, svo þeir geti haft bæði nægt eptirlit og nægilegt aðhald. Hvað viðvíkur þessari 1000 ríkisdala upphæð, sem nefndin hefir stungið upp á, þá hefir nú sumum, einkum hinum háttvirta konungsfulltrúa, þótt hún of ríf, og hèlt hann að 5—600 rd. á ári mundu nægja, en eg get ekki verið á því, því minna fè nemur litlu, og eg sè ekki til hvers ætti að vera að safna, nema ef það væri að safna varasjóð, því ef á að fara að hugsa um að safna svo skóli verði stofnaður, þá er bezt að geyma allt fèð, en eg held þess verði lángt að bíða og helzt til oflangt, að sjóðurinn verði

nægur til skólastofnunar. En eg vil gjöra annað, eg vil reyna að fara því á flot við stjórnina, að hún sjái úrræði til, að rètting fáist á því fè, sem af vangæzlu hefir tapazt, þegar peningabreytingin varð, en það mun hafa verið 8,000 til 9,000 rikisdalir sem sjóðurinn þá missti, eptir því sem Moltke stiptamtmaður segir í brèfi einu til kanselíisins 1822 og lesa má í lagasafninu. Og svo einnig það sem brúkað hefir verið móti tilgangi gjafarans og án samþykkis byskupsins, sem hefir sjóðinn undir gæzlu, eg meina styrk þann sem veittur var af Thorchilliisjóðnum Guðmundi Ólafssyni jarðyrkjumanni, og máske fleirum jarðyrkjumönnum, sem voru um það leyti í Danmörku, því ekki getur ráðherrann í Danmörku verið executor testamenti, eða komið í þeirra stað, sem eru aðalumráðendur sjóðsins eptir testamentinu. þetta vildi eg væri tekið inn í bænarskrána til konungs með hógværum en alvarleguum orðum, ef bænarskrá verður send hèðan. Eg vil því leyfa mèr að áskilja mèr viðauka-atkvæði um þetta tvennt eða í þá stefnu.

Eg felli mig vel við 3. niðurlagsuppástunguna nefndarinnar og gildir einu hvort er um breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna við þessa grein; en þar að auki held eg að ekki ætti illa við, að alþingismaðurinn í Kjalarnesþingi væri einn í þessari nefnd, sèr í lagi ef hann væri innanhèraðs, því hann er maður, sem hefir almenna tiltrú. Það getur verið eg taki viðauka-atkvæði í þá átt.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr þá athugasemd út af orðum hins heiðraða varaforseta, er hann sagði, að Guðmundur jarðyrkjumaður Ólafsson hafi fengið utanlands styrk úr Thorcilliisjóðnum, þá hefi eg ekki getað fengið neina upplýsingu um að svo hafi verið, og verð eg því að svo komnu máli að efast um, að þessi styrkur hafi átt sèr stað.

Framsögumaður: Það er búið að svara flestu af því, sem eg ætlaði að svara, af hinum háttvirta varaforseta og þingmanni Gullbringusýslu. Mèr finnst aðalatriðið í þessu máli vera, hvernig menn geti náð tilgangi gjafabrèfsins, og því ekki eins mikils vert hvort skóli geti fengizt, heldur hvernig bezt verði sèð fyrir börnunum, og er eg því þeim þingmönnum samdóma,sem álíta skólann ekki haganlegan að því leyti; þessa skoðun hefir og stjórnin aðhyllzt í brèfi 13. febrúar 1862. Þar sem menn voru hræddir um, að nefndin í Reykjavík yrði um of bundin við hreppstjórana, og að þeir þannig gætu misbrúkað vald sitt, þá getur þetta sama komið fram, þó skólinn verði stofnaður, því þá verða menn að velja

börnin í skólann eptir skýrslum sveitastjórnanna. Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að uppástunga nefndarinnar yrði til þess, að efla öreigagiptingarnar, þá get eg ekki betur sèð, en að hið sama kæmi fram, þótt skóli væri stofnaður, því eins eiga menn fyrir það tilkall til Thorchilliisjóðsins. Að öðru leyti held eg að þingmaðurinn hafi misskilið gjafabrèfið, ef hann vill heimta meiri menntun, en almúgamenn yfirhöfuð fá, en það er auðsèð á gjafabrèfinu, að það hafi ekki verið tilætlun Jóns Þorkelssonar, þegar hann ritaði gjafabrèfið; það getur verið, að hinn háttvirti konungkjörni þingmaður vildi stinga upp á því, að katólsku prestunum væri fenginn sjóðurinn í hendur til að stofna skóla fyrir og kenna börnum í, svo krökkunum gefist kostur á að kynnast eða velja um trúarbrögðin. Þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður sagði, að það mundi hafa vakað fyrir nefndinni, að skóli yrði stofnaður síðar, þá er það að vísu satt; nefndin vildi ekki binda svo hendur á mönnum, að skólinn ei síðan yrði stofnsettur, en hún vildi hafa þetta frjálst; en þar á móti var það álit hennar, að sú aðferð, er hún ræður til, væri heillaríkari, en að stofna skólann. Þar sem þingmaður Vestmanna-eyinga rèði til, að menn skyldu fara eptir tölu barnanna, þá get eg ekki fallizt á þetta, því mig uggir að við það mundu sumir hreppar verða út undan með að njóta góðs af sjóðnum. Eg er að öllu leyti samdóma varaforseta, að það væri æskilegt, að fá fè það aptur, sem glatazt hefir, en nefndin sá sèr ekki fært að fara fram á það. Um að fè hafi ranglega verið notað eptir gjafabrèfinu, gat nefndin ekki fengið neina áreiðanlega vissu, þó hún með leyfi hins háttvirta konungsfulltrúa skoðaði alla þá reikninga er þar að lutu; og á meðan sá hún sèr ekki fært að gjöra nokkra uppástungu um það.

Benidikt Sveinsson: Það hefir verið svo margt og mikið talað um þetta mál og margar fallegar og almennar athugasemdir um það gjörðar, að skemmtun hefir verið á að hlýða; því er eg nú samdóma, að jafnan sè slæmt að láta það fè liggja ávaxtarlaust, og ónotað, sem ætlað er til almennings heilla, það er eins og ef menn vildu stífla vant rennanda, svo enginn mætti gagn af því hafa. Það er í alla staði nauðsynlegt að vekja sem mestan athuga á þessu máli hvað þetta atriði snertir. Það er langt síðan þessi fagra gjöf var gefin, og hún er eitt af því, sem á hörmulega sögu, ef allt kemur til sagna. Eg fellst því á nefndarálitið að því leyti sem það vill koma málinu í hreifingu; en það er ekki nóg að koma því i

einhverja hreifingu, heldur verður hún að vera *samkvæm tilgangi gjafarans,* og vil eg biðja þingmenn að gæta vel að þessu; hèr er að ræða um vilja dauðs manns, sem staðfestur er með konunglegu valdi, eg ef þessi vilji þannig staðfestur hefir eigi verið rèttlaus til þessa, þá er þessi vilji enn í dag óhagganlegur að lögum, já, eg tek það upp enn og aptur, að svo framarlega sem þingið álítur, að gjöf testators hafi verið helg og heilög hingað til, þá er hún það eins enn. Mèr hefir verið brugðið um það einu sinni áður af einum af mínum háttvirtu vinum hinumegin í salnum, að eg væri »Stokjúristi«, og býst eg þá við, að eg fái sneið af þessum osti nú, úr því 2 júristar eru búnir að tala í aðra átt en eg ætla mèr. En eg vil þó minna þingið á, að það er ekki einungis júridisk eður lagaleg helgi, sem hvílir yfir vilja dauðra manna, heldur einnig æðri andleg helgi, sem hreifir sèr í brjósti hvers ærlegs manns; og einkum lifir þessi tilfinning yfir moldum þeirra manna, sem láta í tè við dauðadægur sitt einhvern sèrstaklegan velgjörning fyrir eptirkomendurna, sem miðar til að hrinda þeim áfram á framfaranna og menntunarinnar vegi. Mèr finnst að vèr Íslendingar ættum einkum að líta á þessa gjöf með innilegri virðingu og næmri tilfinningu fyrir helgi hennar, þar sem landi vor í útlöndum gefur jafnmikla gjöf sem þessa til að efla guðrækni og góða siðu meðal almúgans á Íslandi. Eg vildi gjöra þinginu grein fyrir því, hvers vegna eg ekki gæti verið efablandinn í því, að eg eigi get verið einu sinni þekktur fyrir að gefa uppástungum nefndarinnar meðmæli mitt. Eg vil eigi að vísu neita, að hún hefir máske valið liðlegan og góðan veg, til að mennta flest börn í sjálfu sèr, en hèr er spursmálið einmitt um það, hvort hann sè samkvæmur og samrýmanlegur við vilja gjafarans; það er tekið bert fram í gjafabrèfinu aptur og aptur, að fènu skuli varið til *skóla* eður *stofnunar;* þetta orð »stofnun« táknar persónu eður einstakling, sem í lagalegum og eðlilegum skilningi hefir sèrstakleg rèttindi; en fyrirkomulag það sem nefndin hèr stingur upp á, er alveg gagnstætt þessu, því eptir fyrirkomulagi nefndarinnar, þá er fènu einmitt ekki varið til stofnunar, heldur tekið frá henni, svo hún hlýtur að hverfa og verða að engu, og það sjá þó allir heilvita menn, að er þvert á móti orðum gjafabrèfsins. Það er satt, að það er og tilgangur gjafabrèfsins, að börnin fái kristilega uppfræðingu, en þó *þeim* tilgangi yrði nú náð eptir uppástungum nefndarinnar, þá er það aðgætandi, að með því er tilgangi gjafarans ekki fullnægt, því hann

er sá, að *fátæk börn* verði uppalin í *stofnun*, og þetta verða menn því hvorttveggja að hafa jafnt fyrir augum, ef menn vilja fullnægja tilgangi gjafabrèfsins. Það kann nú að vera satt, sem varaforseti sagði, að húsfræðsla og húsagi sè betri nú en á þeim dögum, sem gjafabrèfið er til orðið; en það er heldur eigi sagt, að »stofnun«, sem gjörð væri til að kenna börnum, yrði nú eigi fullkomnari, en hún hefði orðið þá, og því síður er með því sagt, að hún yrði slæm. Hann sagðist hafa þekkt 2 menn úr Hausastaðaskóla, sem eigi hafi neitt skarað fram úr öðrum að uppfræðingu eður menntun; það getur vel verið, en það sannar eigi, að stofnunin hafi verið slæm, þó 2 menn væri ekki góðir frá henni, eins og það sannaði ekki, að stofnunin væri góð, þótt 2 kæmi góðir frá henni. Þetta dæmi sannar þá ekki annað, en það, að allir eða rèttara sagt 2 hafi ekki borið þann ávöxt af uppfræðingunni er þeir nutu í skólanum sem vera skyldi. Það er verið að tala um, að vanta muni menn til að kenna í skólanum; það er eðlilegt þótt enginn sè farinn að bjóða sig til að kenna í honum meðan hann er ekki kominn á; en eg held að margur stúdent mundi verða til að taka að sèr að kenna í honum, enda ætti varaforseti að minnsta kosti að játa, að ef að skikka má prestsefni í brauð, þá megi ekki síður skikka stúdenta til þessa skóla, og það því fremur sem skólakennsla er þó óneitanlega verzlegri starfi en prestskapur. Eg benti á það atriði, að nefndin hefði eigi gjört grein fyrri því, hvers vegna nú eigi væri fært að stofna barnaskóla. Það er satt að örðugt kann að vera að stofna skóla af vaxtafè þessu, einkum ef að bera á hann saman við latínuskólann eða barnaskólann í Reykjavík; en geta menn eigi ímyndað sèr sveitaskóla, þar sem unglingar geti fengið góða uppfræðingu, án þess allt sè miðað við dýrleikann og viðhöfnina í Reykjavík. Þá er eitt enn: Það er eigi nóg þótt sum börnin kæmist í góða staði og fái góða uppfræðingu, heldur eiga þau öll að fá það; en nefndin hefir enga tryggingu gefið fyrir því, að öll börnin fái góða staði. En þó menn geti sagt, að öll börnin yrði eigi vel uppfrædd, þótt skóli væri stofnaður, þá er eptir að sanna, að það sè stofnuninni að kenna, þótt sum börnin verði út undan, ef hún annars er góð, og heldur eigi henni að þakka þó sum börnin verði góð, ef hún annars er slæm. En eg held mèr einkum til þess, að engin sönnun, já, ekki einu sinni tilraun er fram komin frá nefndinni eður þinginu til að sýna það, að skólinn sè ómögulegur; og að vèr hvorki megum nè getum vikið frá tilgangi gjafabrèfsins, því þá fyrst, þegar útsèð er um það, að eigi

sè unnt að fullnægja honum, þá er rètt og leyfilegt að taka þann veginn, sem næst honum liggur. En mèr virðist nú, eins og varaforseti tók fram, að hèr sè meira blóð í kúnni; það vantar vafalaust peninga í sjóðinn. Því þótt eg sè ekki mikill reikningsmaður, þá sè eg þó undir eins, að ómögulegt er, að sjóðurinn sè eigi stærri eptir svo langan tíma; sjóðurinn hlýtur að hafa tapað einhverju; en hvar er það? Eigum vèr þá að leggja árar í bát fyrir því, þó oss sè eigi full-ljóst nú, hvar fèð sè og hvar þess sè að leita? Nei, leitum heldur fjárins fyrst með löglegu móti í drottins nafni. Eg vil nú sameina mig við varaforseta um það viðaukaatkvæði, að þingið biðji stjórnina þegnsamlega um, að hún skjóti nokkru fè til stofnunar barnaskóla til viðauka því fè, sem nú er í sjóðnum fyrirliggjandi, og þá svo miklu fè, að það ásamt vöxtum þess árlega nægi til að koma barnaskólanum á fót; þetta finnst mèr hið eina rètta sem þingið getur gjört í þessu máli nú sem stendur. Hinn vegurinn, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, að taka eigi nema nokkuð af vöxtunum, er að vísu bæði sanngjarn og viturlegur í sjálfu sèr; viturlegan kalla eg hann einkum sökum þess, að menn geta þá allt af ímyndað sèr, að skólinn geti komizt á, þó seint yrði, því innstæðan yxi þó ætíð nokkuð smámsaman. Samt sem áður fellst eg ekki á hann, því hann dregur það um óákveðinn tíma, sem átti að vera gjört fyrir langa löngu. Eg álít þá, að meðan vèr eigi höfum leitað stjórnarinnar í þessu máli, þá geti þingið naumast látið það eptir sig liggja, að reyna til að róta svona um gjafabrèfi dáins manns. Ef eg setti mig í spor stjórnarinnar, mundi eg gjalda þinginu litlar þakkir fyrir það, að það gjörði mèr þær gersakir, að eg væri fúsari á að láta breyta þessu gjafabrèfi móti vilja gjafarans, en stuðla til þess, að skóli gæti komizt á, og bæta úr því óhappi að nokkru leyti, sem hefir gjört að fè sjóðsins er tapað. Af þessum ástæðum, sem eg nú hefi talið, get eg ekki fallizt á álit nefndarinnar, en held því fram, að ekki eigi að verja neinu af fènu að svo stöddu til annars en þess, að auka sjóðinn.

Konungsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði konungkjörni varaþingmaður tók fram, að sjóðurinn væri furðanlega lítill eptir svo langan tíma, þá skal eg geta þess, að gjöfin upprunalega var fólgin mestmegnis í jörðum, en þessar jarðir eru fyrst seldar á seinni árum, og verð þeirra er nú sjóðurinn; það var því eðlilegt, að sjóðurinn væri lítill framan af, því afgjaldið af jörðunum var lítið.

Um fè það, sem skólinn skyldi hafa misst við peningabreytinguna, finn eg ekki ástæðu til að tala að þessu sinni, en hafi svo verið, að sjóðurinn hafi misst við peningabreytinguna, þá verður stjórninni eigi gefin sök á því. Um þenna fyrirborna styrk til Guðmundar Ólafssonar er áður talað.

Jón Hjaltalín: Eg stend nú eigi upp til þess að fara í hnútukast, þó eg hafi heyrt að mèr hafi verið sendar hnútur meðan eg var úti; það er satt, að eg er skorinorður stundum og segi í almennum orðatiltækjum það sem meining mín er í þann eða þann svipinn; en þó hefi eg eigi svo mikið traust til sjálfs mín nè ímynda mèr, að eg sè svo fram úr skarandi, að eg haldi að eg hafi allt af rèttast, því að eg læt allt af sannfærast af ástæðum, en af hnútum sannfærist eg ekki. Það þótti djúpt tekið í árinni áðan, þegar eg sagði, að sjóðurinn yrði brúkaður sem fátækra fè, ef því er varið í þá stefnu, sem nefndin stingur upp á, en það þykir nú sumum gott uppeldi, og varaforseti segir, að það sè aðdáanlegt. Það getur nú verið að honum sýnist svo, en eg er nú hræddur um, að öllum sýnist eigi eins, og að það sannist hèr á oss, að flest þyki »sætt á sjálfs búi». Eg skal ganga með varaforseta undir eins núna, þegar við göngum af þingi og sýna honum börnin hèrna í kotunum, ef hann vill, þau eru mörg hver óhrein, kláðug og lúsug; það gengur yfir mig, ef hann sem er í bæjarstjórninni hefir aldrei sèð, hvernig þessir aumingjar kúldast upp í óþrifnaði, vesöld og volæði, og þetta kallar hann aðdáanlegt uppeldi! Það er reyndar eigi alstaðar hèr svona, en víðar er það þó enn skyldi. Sè skóli stofnaður, þá á hann eigi einungis að uppfræða börnin í kristilegum fræðum, heldur á hann einnig að venja börnin á þrifnað, reglusemi og iðjusemi, og í fám orðum að gjöra þau að dugandis mönnum, sem síðar geti haft ofan af fyrir sèr. En hvaða borgun hefir þingið fyrir því, að þetta uppeldi, sem nefndin stingur upp á, verði betra, en almennt viðgengst hèr meðal fátæklinga, eða öðru vísi heldur en það er vant að vera? Eg sè enga ástæðu til þess, einkum þar eð menn álíta þetta það »petum optimum» eður bezta tóbak, sem unnt sè að fá, og eigi sè annað uppeldi til betra en þetta. Þarna er þá stofnunin, sem fè var gefið til fyrir 100 árum síðan!! Það er eigi til að kenna unglingum menntir, iðni og góða siði, því það er engin vissa fyrir því að svo verði, eptir nefndarinnar fyrirkomulagi, heldur til þess að sama aðferðin verði höfð við barna-uppeldið og nú er. Það var tekíð fram af einum manni hèr,

sem eg held menn megi trúa, þegar um rètt er að tala, eg meina hinum konungkjörna varaþingmanni, að það væri samkvæmt vilja gjafarans, að stofnaður væri *skóli* fyrir gjöfina, en gjöfin ætti ekki að vera fátækrastyrkur til að gefa sveitarómögum að eta, og kúldast svo upp sem bezt þau geta, ef til vill, í eymd og óþrifnaði. Eg skil ekki í því, að forsvaranlegt sè að verja þannig gjöfinni, ef menn vilja annars að nokkru hafa vilja dáinna manna, þegar þeir vilja efla það sem gott er, sízt þegar á að nota það til að viðhalda þessu sama súrdeigi. Það er eigi með neinu hnútukasti, að eg segi þetta, heldur í hreinni og beinni alvöru, því að barna-uppeldið, eins og það er núna, gefur mèr fulla ástæðu til þess; það þarf sannarlega að taka miklum stakkaskiptum til hins betra, bæði með hreinlæti og annað, ef vel á að fara. En mèr mun verða svarað því: Núna ertu að byggja loptkastala; það er vanalega viðbáran, þegar eitthvað nýtt á að koma, þó það sè nytsamt. En eg segi þá, ef eitt af tvennu verður að vera, annaðhvort að liggja í skítnum eða vera í loptinu, þá vil eg fyrir mitt leyti miklu heldur vera í loptinu. Þeir halda sèr líka við jörðina kastalarnir sem þeir byggja hèrna; og það liggur við að blessuð börnin, einkum þau, sem næst eru bæjarstjórninni hèrna, kafni af óhreinu lopti og óþrifum í þessum holum. Eg skil ekki í því, hvernig skynsamir menn mæla fram með því, að verja skuli fè til að halda þessu áfram. Varaforseti þekkti 2 menn frá Hausastaðaskóla, sem eigi voru neinir merkismenn, segir hann. Það getur nú verið; eg þekki þá ekki, en eg hefi þó þekkt marga þaðan, sem hafa verið mestu myndarmenn. Og eg þekkti líka aðra stofnun nefnilega barnaskólann hèrna meðan Hjaltesteð sálugi og organisti Guðjohnsen voru fyrir honum, og hefir prófasturinn sjálfur sagt mèr, að þeir menn væri auðþekktir úr hèr, sem í þann skóla hefði gengið, bæði að siðprýði, hreinlæti og menntun. Þetta held eg að hafi vakað fyrir Jóni Þorkelssyni sál. að bæta ástandið úr því sem það var, en eigi að láta það sitja í sama soðinu, og það er meining mín, að þannig ætti að verja fènu nú. Við skulum vara okkur á því að tala ekki nè skrifa — því littera scripta manet — það, sem vèr verðum að athlægi fyrir hjá eptirkomendunum. Eg hefi nú þá von, að barnaskólinn, sem er hèr í Reykjavík, bæti mikið úr uppeldinu hèrna. Og mèr þætti því æskilegt, ef líkur skóli gæti komizt á á Álptanesi, og mig furðar á, að presturinn sem þar er, jafngóðgjarn og vitur maður sem hann er, skuli láta leiða sig til þess að

mæla fram með því að halda þessum sið áfram að láta börnin alast upp svona skólalaust. Það er sagt, að fèð sè oflítið til að stofna skóla; aðrir segja, að vèr vitum ekki hvað mikið það sè; hvernig á þá að fara að taka þetta fè núna? Eg held að menn verði fyrst að vita, hvað mikið það er. Eg ætla þá ekki að tala fleira í þessu máli, en eg held eg ómaki mig ekki til að standa upp fyrir þessu nefndaráliti; mèr finnst ekki svo mikið gott í því, því það raskar vilja dáins manns til ills eins, og bægir eptirkomendunum frá að geta fært sèr gjöfina til nota.

Forseti: Það hafa 7 þingmenn óskað þess, að umræðunum skyldi lokið, en með því 3 þingmenn eru búnir að biðja um orðið, þá vil eg ekki hafa á móti því, að þeir, í fæstum orðum, færi ástæður fyrir þeim breytingaratkvæðum, sem þeir kunna vilja upp bera, og ekki heldur hindra aðra þingmenn frá að bera upp breytingaratkvæði.

Björn Pètursson: Eg ætlaði að tala fá orð til að bera hönd fyrir höfuð hinum 5. konungkjörna þingmanni, af því hann var eigi inni, þegar þingmaður Gullbringusýslu talaði, en nú hefir hann svarað því í ræðu sinni, auk þess, sem hinn háttvirti forseti var að nokkru leyti búinn að því áður. Mèr hafði dottið í hug eitt breytingaratkvæði, ef þingmenn kynni heldur að fallast á það, því mèr heyrist vera svo fjarskamikill meiningamunur í þinginu, og það er, að í staðinn fyrir 1000 rd. í niðurlagsatriði nefndarinnar verði sett 500 rd. og skal eg gjöra frekari grein fyrir því síðar til þess að lengja ekki umræðurnar í þetta sinn.

H. G. Thordersen: Af því eg var einn í nefndinni finn eg mig knúðan til að tala fáein orð, þótt eg annars vegar haldi það sè næstum syndsamlegt að lengja meira þingræðurnar en komið er, þar sem svo margir eru búnir að tala bæði langt og snjallt. Eg ætla þá einungis að segja frá minni skoðun. Eg var meðnefndarmönnum mínum samdóma í öllum aðalatriðum, og þar til hvöttu mig einkum orð stjórnarráðsins til stiptsyfirvaldanna í fyrra, hvar það sjálft lætur í ljósi, að hið sama sem nefndin nú fer fram á, sem er að koma börnunum fyrir í góða staði hjá duglegustu bændum, sè í mál takandi og komi máske allvel heim við tilgang gjafarans. Eg hugsaði nú reyndar með sjálfum mèr, að tilgangur gjafarans mundi hafa verið, þegar sem næst er farið orðum gjafabrèfsins, að stofnsetja skóla; en með því eg er enginn lagamaður, þá hugsaði eg að ekki sæti á mèr að fara að útleggja gjafabrèfið, einkum þegar eg sá, að stjórnin hafði gefið tilefni til að útlista það svona, enda

er orðið »stofnun» svo tvírætt orð, að eg treysti mèr eigi til að fullyrða, að það þýði sama sem skóli, en ekkert annað. Eg gekk þess vegna alveg inn á það, sem nefndin stingur upp á til þess að byrja á einhverju. Eg verð líka að vera á því, að þessi aðferð að koma börnunum í hina beztu staði sè hin tiltækilegasta og heillarikasta, til þess að gjöra úr þeim dugandismenn, sem síðar geti annast sig sjálfir; þetta hefi eg allt af sagt áður, og það stendur í sambandi við það, sem eg opt hefi látið á mèr heyra, að engin uppfræðing sè betri en sú, sem maðurinn fær heima á góðu, vönduðu, kristilegu heimili; og þó hún verði ekki nema sumstaðar fengin heima í hinni æðri menntun, þá er hèr eigi verið að tala nema um fátækustu bændabörn, sem auk menntunar í kristinndómi eiga að læra þarflega vinnu, iðjusemi, þrifnað og fasta reglusemi eins og venja er til á góðum bændaheimilum. Með þessu móti verður undirstaðan, og á þetta sèr einkum stað um almúgabörn, og þó fleiri, því sú hefir verið að fornn venja embættismanna hèr í landi að venja börn sín á almenna vinnu með fólki sínu. Hvað það snertir, að þau hèr umtöluðu börn eigi ekki að fara að læra fyrr en um fermingaraldur, þá gjöri eg nú lítið úr því, ef fyrst á að fara að venja barnið á að læra að lesa, þegar það er 14 ára, og eigi það eigi að gjöra neitt fyrri. Barnið verður þó fyrst að byrja á stafrófinu, sama er að segja um alla vinnu, á henni verður að byrja sem fyrst, að svo miklu leyti sem ætlandi er barnsins kröptum, því enginn getur ætlazt til mikils af ungum, allt verður að byrja neðan á, lífsins vegur er svo lagaður. Eg er svo kunnugur upp til sveita, að eg ímynda mèr, að eigi sè margir kunnugri sveitalífinu en eg, því eg hefi verið prestur víða, og haft tækifæri til að kynna mèr uppfræðingu barna; en það verð eg að segja, að þau bezt uppfræddu börn í kristinndómsþekkingu hefi eg fengið frá bændum upp til sveita, og þau jafnvel betri en hèrna frá barnaskólanum í Reykjavík, og voru þó mörg þeirra vel uppfrædd, þó báru þau einkum af sveitabörnum í annari menntun. Eg tek það upp aptur, að til sveita hefi eg fengið svo vel uppfrædd börn, að mig hefir furðað á. Eg segi nú ekki, að þessi uppfræðing geti ekki orðið betra, en hvenær komumst við svo langt, og hvenær komast eptirkomendur vorir svo langt, að eigi megi lengra komast. En að þetta verði einungis kúgað inn í menn með skólum, það álít eg, að einkum hèr í landi eigi sèr engan stað. Þar sem iðjusemi, reglusemi og góður heimilisbragur finnst á einhverju heimili, þar lærir unglingurinn þetta, að svo miklu leyti

sem unnt er af sjálfu sèr, af því hann sèr ekki annað fyrir sèr. Eg skil nú ekki, að þetta geti verið fjárlægt tilgangi gjafarans, en hitt er annað mál, að orðin í gjafabrèfinu kunna að lúta næst að því, að stofna ætti skóla, og eg hef nú allt af verið þeirrar meiningar, og að eigi ætti að sundra sjóðnum nè rýra hann. Menn munu nú segja, að það sè hart fyrir hina lifandi, að njóta eigi þess, sem þeim sè gefið; það kann að vera nokkuð í þessu; en til hvers erum við sem lifum, nema til þess að búa í haginn fyrir þá, sem eptir oss koma. En þegar við sjáum að þetta fátæka land er farið að safna sjóðum til muna, þá vildi eg, að þeir mættu verða svo miklir, að þeir gætu orðið til verulegs gagns fyrir eptirkomendurna; en þegar svona smátt og smátt er verið að pilla af þeim eður tæta þá í sundur, þá komast þeir aldrei upp, og geta aldrei orðið að neinu verulegu liði. Hvað nú þenna sjóð snertir, þá er hann ekki hár, því að hvað eru 20—30,000 rd. til að byggja af skóla, svo að liði komi fyrir heila sýslu; þessu líkt lèt eg nú í ljósi í nefndinni, og einkum, að mèr þótti tvísýnt, hvort að ætti að slá upp á, að *allri* rentunni væri varið eins og nefndin stakk upp á, því eg sagði þá, að eg hefði allt af verið því mótfallinn að rýra sjóði landsins, þenna eður aðra, og hèlt eg að minna mundi duga að sinni. Eg verð því að vera samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni í því, að 700 rd. muni nægja; en þetta er eigi neitt principspursmál fyrir mèr; en til þess að vera sjálfum mèr samdóma, held eg að minna nægi, en nefndin hefir til tekið, því eg get ekki sleppt þeirri hugsjón, að Jón sál. Þorkelsson hafi meint að stofnsetja skyldi skóla fyrir hèraðið. En eg læt mèr þó þessa aðferð lynda meðan eg fæ eigi aðra betri.

Framsögumaður: Að því er snertir orð hins 5. konungkjörna þingmanns, að það yrði hinir allra-aumustu og sveitarómagarnir, sem nytu góðs af þessum styrk, þá kemur það undir því, hvernig brèfið er skilið; eg legg nú þann skilning í brèfið, að það eigi við þau börn, sem sveitin á ekki að sjá fyrir. Það hefir verið talað um, hvers vegna að nefndin hafi eigi gjört áætlun fyrir þessum skóla, þá finnst mèr ástæðan fyrir því vera svo ljós, að eigi þurfi að taka það framar fram, þó að fèð sè eigi nóg. Hinn 5. konungkjörni þingmaður fór skakkt í því, er hann sagði, að nefndin hefði eigi talað um uppeldisstaði barnanna, því það er tekið fram með berum orðum: í hina beztu staði, sem fengizt geta; það er að segja, nefndin gjörði sèr allt ómak fyrir að tryggja það, að

börnunum yrði komið fyrir í þá staði, þar sem þeim mundi vera óhætt. Að því er peningana snertir, er af sjóðnum hafa teknir verið, þá er eg fúsastur manna til að heimta þá aptur, ef ástæða er til þess. Ef þingið sèr sèr til nokkurs að krefjast þeirra peninga sem misstust við peningabreytinguna, þá hefi eg ekkert á móti því; eg er hræddur um að það verði árangurslaust. Ef Guðmundi Ólafssyni hefir verið veittur styrkur úr þessum sjóði, þá á að skila honum aptur. Nefndin fann ekki ástæðu til að taka það nú með, af því hún hafði ekkert í höndunum því til sönnunar, að svo væri. Ef hèr væri nokkuð gjörandi, þá væri það, ef til vill, helzt að biðja stjórnina um hreina reikninga, og þyki þinginu það rètt, þá hefi eg ekkert á móti því.

Forseti: Eg held að óþarfi sè að greiða atkvæði um hvort umræðunum skuli hætta. En svo eg viti, hvort undirbúningsumræðu er lokið í þessu, þá vil eg biðja þingmenn að gefa til kynna, ef þeir ætla sèr að taka fleiri breytingaratkvæði.

Sveinn Skúlason: Eg vil líka taka mèr breytingaratkvæði við 1. töluliö.

Forseti: Eg álít þá þessari undirbúningsumræðu lokið, og vil eg biðja þá þingmenn, sem hafa tekið sèr breytingaratkvæði, að koma þeim til mín, þótt ekki verði fyrri en kl. 9 í kvöld. Með því að ekki nema eitt mál yrði tekið til meðferðar á morgun, álít eg ráðlegast að fresta fundi þangað til á mánudaginn kl. 12 á hádegi.

Fundi slitið.

Seytjándi fundur — 26. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eins og þingmönnum er kunnugt hef eg á 2 síðastliðnum fundum ætlað að láta lesa upp álitsskjöl til konungs, en það hefir ekki orðið, sökum þess að fundir hafa verið svo langir, og ætla eg nú að láta lesa þau upp, svo það ekki dragist lengur. Það eru: álitsskjöl, um hreppskilaþing, um að taka hús í Reykjavík inn í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, og um þingstað að Bæ í Lóni. Svo vil eg og geta þess, að til mín eru komin mótmæli gegn niðurskurði frá 11 Mosfellingum, sömuleiðis nefndarálit um laun handa hreppstjórum, og nefndarálit um lagaboðin.

Síðan vorú álitsskjölin lesin upp.

Sbr. fyrri part alþingistíðindana, bls. 172—179 og 213—215.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúnings-

umræðu nefndarálit um konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla. Framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga.

Var síðan málið afhent framsögumanni og las hann upp nefndarálitið svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 179.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg er nú orðinn svo rámur af að lesa upp þetta langa nefndarálit, og ætla eg því að biða með að forsvara það að svo stöddu, þangað til eg heyri mótmæli þingmanna gegn því, en eg vona að það sè svo úr garði gjört, og svo greinilega orðað, að það þurfi ekki að verða langar umræður um það.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um þetta nefndarálit, sem hèr liggur fyrir, og skal eg þá fyrst leyfa mèr að athuga, að nefndin við 1. grein frumvarpsins hefir tekið það fram, að orðin í byrjun greinarinnar: »Jafnskjótt og því verður við komið«, sèu allt of óákveðin, þar sem stofnun búnaðarskólans megi eptir þeim skjóta á frest um óákveðinn tíma. Til að bæta úr þessu, vill nefndin nú orða þetta nokkuð skýrara, þannig, að upphaf greinarinnar hljóði þannig? »Sem allrafyrst skal stofna búnaðarskóla«, en eg skil ekki betur en orðin í stjórnarfrumvarpinu sèu fullskýr og fast ákveðin, og að þau einskorði stofnun skólanna eins glöggt og nefndin, þar sem þó ekki verður fast ákveðið nær skólinn skuli vera stofnsettur og t. a. m. ekki tiltekið árið, og finn eg því ekki að þessi breyting sè nauðsynleg.

Þegar nefndin því næst vill fella úr aðra grein og fela amtmönnunum með tilkvöddum mönnum að gjöra þær ákvarðanir sem þurfa þykir um allt fyrirkomulag búnaðarskólanna, þá virðist mèr að ástæða nefndarinnar fyrir þessari breytingu, að hlutaðeigandi stjórnarráð þekki ekki svo vel hèr til allra landshátta og kringumstæða, að hún sè fær um að gjöra þær ákvarðanir, sem hèr ræðir um, ekki frá þingsins hlið frambærileg, einkum þegar aðgætist, að það er tekið fram í greininni, að stjórnin þá fyrst ætli að ákveða fyrirkomulag skólanna, þegar hún sè búin að fá álit hlutaðeigandi amtmanns.

Eg get því ekki fallizt á þessa breytingu nefndarinnar, sem útilokar stjórnina frá öllum afskiptum af fyrirkomulagi skólans, sem mèr virðist með engu móti geta átt sèr stað.

Við 3. grein, áætlun nefndarinnar viðvíkjandi þeim árlega kostn-

aði til skólans, skal eg einungis leyfa mèr að athuga, að eg þykist geta fullyrt, að nefndin reikni kostnaðinn minni en hann verður þegar að fram kemur, og mèr getur ekki skilizt, eins og nú er allt orðið hèr á landi, að laun skólahaldarans, sem þar að auki á að launa úr sínum sjóði manni, er kenni allt það bókfræðislega við skólann, sè nóg, og eg get ekki ætlað að neinn dugandi maður muni fást til að taka að sèr skólann fyrir þessi litlu laun. Eg get ekki ætlað honum minna en 500 rd., og sú mun líka raunin verða, að þetta mun ekki ofhátt reiknað, einkum þegar 2 menn eiga að vera um kennsluna, annar í því praktiska, hinn í því bókfræðislega, auk þess sem mèr virðist þetta fyrirkomulag ekki hagfellt, og eg held að það muni verða til fyrirstöðu; en það játa eg, að enn, eins og nú stendur, er ekki fært að finna þann mann, sem kynni bæði það bókfræðislega og praktiska, en æskilegast virðist það, ef þess væri nokkur kostur, að sami maðurinn væri fær um hvorttveggja.

Viðvíkjandi viðbótinni inn í 4. grein þá felli eg mig vel við hana, af ástæðum þeim sem nefndin hefir til fært, enda verð eg að ætla, að þetta líka hafi verið meining stjórnarinnar.

Eg get ekki fellt mig við neinar undanþágur, þegar um almennt málefni er að gjöra, því þá á það að mínu áliti að vera reglan, að allir borgi sinn skerf; og því get eg ekki fellt mig við þær undanþágur frá afgreiðslunni til viðhalds búnaðarskólanna, sem minni hlutinn fer fram á, og það því síður, sem afgreiðslan er svo lítil í sjálfu sèr. Einungis finn eg ástæðu til að undanþiggja kirkju-eignina úr bændakirkjujörðum, sem prestsmata gelzt af.

Hvað skólajarðirnar snertir, skal eg geta þess, að amtmaðurinn í Norðuramtinu hefir seinna stungið upp á jörðunni Kornsá í Húnavatnssýslu í stað Breiðumýrar, og verð eg að álíta, þó eg ekki þekki þessa jörð nema að útliti, að hún sè einkar vel valin. Breiðumýri álít eg ekki og því síður Friðriksgáfu, sem ekkert sauðland hefir og enga sauðfjárhaga, en stór tún og gott engi, hentuga skólajörð, Munkaþverá þar á móti er mikil jörð og, ef til vill, að mínu áliti sú bezt kjörna fyrir skólann, og liggur vel og hentuglega í sveit.

Um orðabreytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á skal eg ekki fjölyrða, þær eru ekki verulegar, og miða einungis til, að gjöra frumvarpið skýrara.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal ekki fara langt út í málið að svo stöddu. Eg vil leyfa mèr að tala fáein orð til að svara hin-

um hæstvirta konungsfulltrúa upp á það, sem hann sagði móti 2. og 4. grein eptir breytingum nefndarinnar. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa þótti og nefndin eigi hafa lagt nógu mikið í kostnaðinn, einkum þótti honum forstöðumannskaupið of lítið tiltekið. Nefndin hefir þó verið hèr um bil helmingi ríflegri en amtmennirnir. Um kaup forstöðumannsins hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki gáð rètt að; hann vildi að forstöðumaðurinn fengi 500 rd. kaup, og þetta er nú hèr um bil það sama, sem nefndin fer fram á; hann á að fá 254 rd. árlega í peningum, og afgjaldslausa bújörð, og það má telja 100 rd., og svo leigu af 4000 rd. búi, sem er 160 rd., og þetta til samans verða 514 rd., og er þetta álit nefndarinnar á góðum rökum byggt, og hefir hèr um bil hitt skoðun hins hæstvirta konungsfulltrúa. Hvað 4. grein snertir, þá var hinn hæstvirti konungsfulltrúi á máli meira hlutans, og sagði að meiri hlutinn hefði hitt skoðun stjórnarinnar, því hún væri sú að ábúandi ætti aðgang að eiganda. En eg leyfi mèr að vefengja, að þetta hafi verið skoðun stjórnarinnar; því í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur, að stjórnin sè á sama máli og amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu, það er að segja »*að yfirgnæfandi ástæður* sèu fyrir að láta gjald það sem hèr er um rætt, *koma niður á ábúendur jarðanna*«. Ef svo er, þá á ábúandi engan aðgang aptur að eiganda. Þar sem eg hef álitið mèr skylt að greina á við 4. grein meira hlutans, þá vona eg að það sè á rökum byggt, þótt hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki fallist á það. Konungsfulltrúi ber fyrir sig ástæðurnar í brèfi lögstjórnarinnar 17. nóvember 1862 um jarðamatskostnaðinn. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa er vorkunn, þó hann haldi verndarhendi yfir þessu verki stjórnarinnar, þó þetta verk hafi aldrei náð hylli, hvorki landsmanna yfirhöfuð, nè heldur þingmanna hèr í salnum.

En það vakir fyrir mèr, að eg vil ekki, að við leiðum þá setningu inn í lögin, sem er gagnstæð löggjöf vorri, frá því lög voru sett hèr á landi, og fram að 1861, þá setningu sem vèr fyrir tveim dögum síðan höfum fundið að, þegar hún kom frá stjórninni, og það er víst eigi heldur þingsins vilji að breyta svo ofan í sjálft sig, því ef stjórnin, eins og hún hefir látið í ljósi, lætur presta vera eigendur lènskirkjujarðanna, þá leggst þessi skattur á laun þeirra, en ef kirkjan er eigandinn, þá á presturinn aðgang að kirkjunni. En sá aðgangur er opt til lítils, því eptir hinum síðustu skýrslum um hag kirkna, er allur þriðjungur kirkna í skuld. Hvernig fer

þá með endurgjaldið til prestsins? Þó hann nú segi við kirkjuna: »Gjaltu mèr það, sem þú ert mèr skyldug«, þá dugar það lítið þegar kirkjan er í skuld og getur ekki goldið einu sinni það sem prestur á hjá henni áður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi veit þó, að það eru lög, að ef prestur flytnr burt á annað brauð, þá fær hann ekkert hjá kirkjunni, þó hún sè honum skuldug, og eins ef hann deyr, en á hjá kirkjunni, þá fá erfingjar hans ekkert af kirkjunni. Ef nú á að leggja skatt á kirkjurnar, þá er það sannarlega engin upphvatning fyrir presta til að hleypa sèr í skuldir til að byggja upp kirkjur, og er því mjög óheppilegt fyrirkomulag, að draga úr þeim góðvilja presta, að hressa upp á kirkju sína, sem hún of opt þarfnast. Eg hef tekið það fram, að það sè móti allri löggjöfinni, að leggja skatt á kirkjur, og eg vil nú spyrja hvort það sè ekki móti mannlegri tilfinningu, að lögreglustjórunum væri heimilað vald til að brjótast inn í kirkjuna og taka lögtaki eigur hennar?

Eg hef ekkert á móti 4. grein frumvarpsins, og eg álít, að ef þessi skattur á að vera ábúðarskattur, þá skuli prestur, sem ábúandi staðarins, greiða hann eins og aðrir ábúendur. En það er sitt hvað að leggja skatt á prest sem ábúanda, eða leggja skatt á embættistekjur hans. Ábúðarskattur er og ein grein af eignarskatti og hitt er líka auðvitað, að ábúandi hefir ekki síður en eigandi gagn af því, að jörðin, sem hann situr á, sè bætt.

Konungsfulltrúi: Eg tók vissulega eptir því, að skólastjórinn átti, auk þeirra almennu launa, að hafa leigulausa jörð, en eg álít samt sem áður, að laun hans sèu of lág, þegar um dugandis mann er að gjöra, og um aðra getur ekki verið spursmál, ef skólinn á að geta uppfyllt sitt augnamið. Eg get vel skilið að nefndinni gengur gott til, hún vill fara sem sparsamlegast í allt, en það tjáir ekki að fara í of mikinn sparnað, og hèr er allt komið undir að skólinn fái duglega forstöðumenn.

Framsögumaður: Það gleður mig, að hinn háttvirti konungsfulltrúi tekur heldur liðlega í þetta mál, því allt, sem hann sagði, laut að því að styðja heldur meiningu nefndarinnar en hrekja hana. Þeim fáu mótbárum, sem hann hreifði á móti nefndarálitinu, hefir nú verið svarað af þingmanni Borgfirðinga, og hefi eg því fáu við að bæta: Konungsfulltrúi fann að því hjá nefndinni, að hún hefði heldur viljað taka amtmennina með tilkvöddum innlendum mönnum, en dómsmálastjórnina, til að semja reglur um stjórn og fyrir-

komulag búnaðarskólanna; þetta held eg sè sprottið af eintómri kurteisi við dómsmálastjórnina, þar eg er viss um, að konungsfulltrúi er þó sannfærður um það með sjálfum sèr, að innlendir menn og sem vel þekkja til landshátta hèr, eru mikið hæfari en dómsmálastjórnin, til að semja reglugjörð fyrir stofnanir þær, sem hèr ræðir um; því menn verða að gæta þess, að hèr er ekki gjört ráð fyrir neinum stóreflis vísindalegum stofnunum; væri það, getur vel verið það hefði verið hyggilegra, að dómsmálastjórnin rèði mestu um fyrirkomulag skólanna. Og þegar nú nefndin ætlast til að amtmennirnir hafi mest atkvæði um fyrirkomulag skólanna, þá má ætla að máli þessu sè vel borgið, því konungsfulltrúi verður þó að játa það, sem stjórnin sjálf yfirlýsir í ástæðum hins konunglega frumvarps, að amtmennirnir (einkum amtmaðurinn fyrir norðan) hafi gott vit á þessu máli. Konungsfulltrúi fann að því við nefndina, að hún ætlaði forstöðumönnum búnaðarskólanna of lítil laun; þetta kann nú vel að vera, en því meiri líkur eru til, að mál þetta fái góða áheyrn hjá stjórninni, enda er auðvelt að bæta úr þessu með tímanum og auka laun forstöðumannanna, ef landsmenn vilja taka þann kostnað upp á sig. Þingmaður Borgfirðinga sýndi nú fram á það, að skólaforstöðumennirnir hefðu mikið meira í aðra hönd, en konungsfulltrúi sagði; hann taldi til þeir hefðu rífa 500 rd. í allt, en eg held þeir hafi mikið meira í aðra hönd, þegar fram líða stundir, og ef búnaðarskólarnir ná þeim viðgangi sem menn vona; þeir hafa nefnilega allan hagnaðinn af jarðyrkju sinni og jarðabótum þeim, sem þeir gjöra á skólajörðunum, og mundi óhætt að meta þetta, ef til vill, fleiri hundruð dala virði, eptir að hin fyrstu ár væru liðin, og skólajarðirnar væru komnar í bærilegt horf.

Eg veit ekki hvort eg á nú strax að fara að ræða um ágreining þann, sem varð í nefndinni, því minni hlutinn hefir ekki enn látið alveg í ljósi álit sitt um hann. Hann sagði reyndar, að *kirkjur* væri að lögum undanþegnar öllum sköttum og skyldum; eg veit það mikið vel, að kirkjueignir eru tíundarfríar, og mèr dettur ekki í hug að vilja svipta þær þeim rètti; en þar með er ekki sagt, að *aldrei* megi leggja *nokkurn skatt* á kirkjur eða kirkju-eignir; að minnsta kosti þekki eg ekki þær laga-ákvarðanir sem sè því til fyrirstöðu, að kirkjur ekki megi bera að sínum hluta jafn-sanngjarnan skatt sem hèr ræðir um, og það þann skatt, sem allir verða að játa, að eðlilegast sè að allar jarðir beri undantekningarlaust. Orðið *umboðsmaður* held eg varla þurfi að valda misskilningi, því það er

eins og menn vita algeng venja hèr t. a. m. um alþingistollinn, að þegar *eigandi* ekki er nálægur, þá gengur *ábúandi* jafnan að umboðsmanni með endurgjald fyrir alþingistollinn.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr út af því, sem konungsfulltrúi sagði um jarðirnar, sem nefndin hafði tilnefnt, að það var rètt er hann sagði, eins og við var að búast af honum, sem er svo vel kunnugur í Eyjafjarðarsýslu. Það er aðalgallinn á Möðruvöllum, að þar er hagalaust að heita má til beitar, og jörðin ekki fær um að bera eins stórt bú, eins og líklega á að verða á þessum jörðum, sem skólarnir ættu að standa á. Munkaþverá er að eg ætla í alla staði vel til fallin til að þar sè búnaðarskóli, því hún hefir flesta þá kosti til að bera, sem slík jörð þarf að hafa. Hinar jarðirnar eru mèr ekki kunnar, svo eg get ekkert um þær sagt; eg skal ekki heldur fara neitt út í nefndarálitið.

Arnljótur Ólafsson: Hinn heiðraði framsögumaður, vinur minn, sagði að eg hefði ekki gjört grein fyrir ágreiningsatkvæði mínu, en eg verð þó að segja, að eg gjörði það eins vel og hann, og þarf því reyndar ekki að tala. Ágreiningsatkvæði mitt er komið fram af því, að eg vil vera samkvæmur lögunum og þinginu. Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki gjört grein fyrir því, hvers vegna hann vilji innleiða þá reglu, sem er móti lögunum og atkvæðum þingsins. Framsögumaður sagði, að það væri ekki nema sanngjarnt, að með því allir hefðu gagn af jarðabótum, þá ættu allir að borga. En hverjir hafa gagn af því að landbúnaðinum fari fram? Allt fèlagið, því komist jarðir upp, aflast meira fè með minna tilkostnaði, og þeir sem kaupa landvöruna fá hana því með betra verði og hafa því bag eins og þeir sem selja. Það er óslítandi samband milli gagnsaflanda (Producentens) og eyðanda (Consumentens). Ef nú það er meining nefndarinnar, að allir menn skuli gjalda af efnum sínum til skólans, af því að allir hafa hag af því að jarðir komist upp, þá skal eg leyfa mèr að spyrja, hvert gagn hefir kirkjan af jarðabótunum? Nýtur hún nokkurs góðs af því, að jarðir hennar batni? Nei, það eru prestar og kirkjubændurnir sem hafa gagn af því, en ekki kirkjan, sem ekki fær einn einasta skilding af kirkjujörðunum, og þá er ekki sanngjarnt að hún borgi, fyrst hún hefir ekkert gagn af jarðabótunum.

Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi enn sagði, að stjórnin ætlaðist til að ábúendum væri goldið aptur gjaldið af eiganda, þá

vil eg biðja menn að lesa ástæðurnar fyrir 4. grein frumvarpsins, og sjá hvort hann eður eg hafi rètt að mæla.

Ef farið er eptir uppástungum nefndarinnar, þá á ríkissjóðurinn að borga af öllum konungsjörðum, því ekki getur allt það fè þó líklega átt að takast úr vasa umboðsmannsins. Nú eru konungsjarðir $^1/_{10}$ partur af öllum jörðum á landinu, og það er þá sama að fallast á nefndarinnar uppástungur, sem að skuldbinda ríkissjóðinn til að gjalda $^1/_{10}$ part af öllum útgjöldum til búnaðarskólastofnunarinnar. Eg sný mèr þá að þessum orðum »eða umboðsmanni«. Eg skil nú ekki, hvers vegna þetta er sett svona án þess að tiltaka rèttarsambandið (Retsforholdet) milli eiganda og umboðsmanns. Orðið »eða« getur þýtt svo margt; það getur bæði táknað mótsetningu og líka þýtt sama sem »sama« eður »líkt og«; ef t. d. sagt er: »forseti eða exforseti á að gjöra þetta«, þá liggur í því mótsetning, en ef sagt er: »forseti eða varaforseti«, þá er það nokkuð önnur þýðing; en »*sama*« þýðir orðið »eða«, þegar sagt er: »af þessu fè á að gjalda $^1/_5$ í leigur, *eða* 20%. Meðan nefndin ekki tiltekur rèttarsambandið milli eiganda og umboðsmanns, þá er þetta »*eða*« óhafandi. Nú er t. d. umboðsmaður fyrir konungsjörðum, spítalajörðum o. s. frv., á hann að borga skattinn úr sínum sjóði eða spitalasjóðurinn? Ef nú umboðsmaður á eigi að borga úr sínum sjóði, já, ef umboðsmaður á aldrei að borga, til hvers er þá að setja þetta orð á pappírinn? En ef umboðsmaður á að borga í einstöku tilfellum, svo sem prestur fyrir kirkjuna, því er það þá eigi sagt með berum orðum til þess að taka af allan efa?

Jón Hjaltalín: Eg hef áður talað um þetta mál, og hef eins í því eins og í öllum málum verið fastlega á því, að skólar komist á í Íslandi. En eptir að eg las frumvarp stjórnarinnar og nefndarálitið, hefir mèr snúizt hugur. Það var ekki tekið fram 1859 hvernig skólanum ætti að vera varið, en eg ímyndaði mèr, að fram mundu koma núna hjá nefndinni einhver skynsamleg rök fyrir tilhögun slíks skóla sèr í lagi með tilliti til þess, hvað það kostar, að stofna verulegan búnaðarskóla, svo það gæti orðið að nokkru liði fyrir fósturjörð vora, eptir því sem er erlendis. Eg hèlt nú að amtmennirnir mundu hafa lagt góða hyrningarsteina undir þessar byggingar, og hefðu til þess að vera vissir í sinni sök tekið sèr til ráðaneytis 2 jarðyrkjufróða menn, eins og gjört var ráð fyrir á seinasta þingi. En það var ekki. En þó þeir sèu nú gáfaðir og miklir, þá er það líka býsna margt, sem þeir eiga um að fjatla;

þeir eru póstmeistarar, vegabótameistarar, lögreglumeistarar og fl., svo eiga þeir sjálfsagt að vera hershöfðingjar líka, ef að til kæmi, og þess vegna munu þeir eiga að brúka »Epauletter«. Eg las nú að gamni mínu þetta amtmanna frumvarp, en eg er viss um að ef jarðyrkjufróður maður hefði verið í verki með þeim, þá mundi varla hafa verið valinn í norðurlandi einhver nyrðsti útkjálkajarðarskikillinn. Mátti þá ekki eins taka jörð í Suður-Múlasýslu, það hefði verið betra; því það er eins mikill munur á meðalhita í Múlasýslunni syðri og nyrðst á landinu, eins og á meðalhita í Danmörku og hér. Því var skólinn ekki settur í Grímsey fyrst menn þó fóru að velja honum stað sem norðarlegast? Mér fer nú ekki að lítast á blikuna. Skólinn þarf góða jörð. Nefndin hefir nú, efast eg ekki um, gjört sitt bezta til og tekið til aðra betri jörð, en þessi höfuðgarpur Norðlendinga, amtmaðurinn fyrir norðan, situr á henni. Eru mennirnir, sem í nefnd þessari hafa setið, með öllum mjalla? Vita þeir ekki hvað það kostar að byggja og stofnsetja jarðyrkjuskóla. Mér þykir ætíð vænt um, þegar menn gjöra einhverjar ráðstafanir, sem geta verið til þess, að landar vorir læri eitthvað gagnlegt, en eg harmast yfir því, þegar eg sè að verið er að byggja stóra loptkastala. Það á að fá mann á jörð og fá honum 4000 rd. Það er stórt kapital?! Hann kemst víst langt með þetta fè til að útvega allt sem þarf til skólans. Það er ekki nóg með þetta. Hann á að taka 6 unglinga og kenna þeim (*Arnljótur Ólafsson:* Ekki ókeypis). Ætli margir komi annars? Svo er hann svo bundinn að hann ekki má skera upp búfu eða gjöra lokræsi, nema hann spyrji amtmanninn að (*Nokkrir þingmenn:* Hvar stendur það?). Hann á nú ekki einungis að sýna mönnum verkin, heldur einnig kenna, og þá þarf bækur, og þær kosta nokkuð. Sá sem ekki kann sjálfur, getur ekki kennt öðrum, við þurfum þá að fá menn sem kunna. Er það hægt? Eg held það sè alveg ómögulegt. Hvað á nú að gjöra með þetta mikla kapital? Slètta, girða, grafa sýki, o. s. frv. Já já, það fer einhvern veginn að tarna!? Ef menn lètu sèr nægja með að taka beztu bændur, og fá þá til að kenna ungum efnilegum mönnum, þá sè eg að vel gæti farið, en það yrði ekki búnaðarskóli, heldur svo sem sýnishorn af skárstu búum hèr. Eg held nefndin hafi ekki gjört sèr reglulega grein fyrir, hvað skólinn kosti; og eg hefði búist við betri afrakstri af henni. Eg er ekki sá föðurlands-fjandmaður, að eg ekki vilji að menn leggi neitt í sölurnar fyrir föðurlandið, ef slíkt má að gagni koma, en

eg vil ekki leggja þann skatt á menn, sem ekki er til neins gagns. Mèr sýnist frumvarpið og nefndarálitið, eg vil ekki segja barnalegt, en nokkuð sèrstaklegt. Er ekki nóg að liggja undir þeim álögum, sem nú hvíla á fasteigninni, þó menn sèu eigi að leggja á skatta til ónýtis? Það er skrítið nokkuð. Ef stjórnin sendir hingað jarðyrkjufróðan mann, þá mundi hann segja, að engum óvitlausum manni mundi ætlandi að hann vildi ganga að þessum kostum. Það þarf að leggja í ærnan kostnað, ef menn vilja gjöra nokkuð stórt og gagnlegt í þessu máli. Eg hef talað við mann, sem kunni að búa, það var Sveinbjörnsen sál., og sagði hann mèr, að hann hefði orðið að leggja til búsins árlega nærfellt 600 rd. Hefði nefndin farið fram á að verja þessu fè til trjáplöntunar, þá hefði það verið skynsamlegt, hún getur komizt á hèr, og kostar ekki svo mikið. En að byggja 3 skóla, og kalla þá búnaðarskóla, út af því getur ekkert komið. Eg er viss um að ef hèr í salnum væri úrval af góðum bændum mundu þeir segja að þetta væri til ónýtis. Forstöðumennirnir mega, eins og áður sagði eg ekkert gjöra, nema amtmennirnir sèu í hælunum á þeim; þeir eru nú miklir menn, en þó engin viðundur, og ef amtmönnunum ekki líkar við þá, þá resíkera þeir að missa fèð eða að verða hindraðir í störfum sínum. Látum amtmennina passa það, sem þeir eiga að gjöra, það er nóg. Eg hef nú kannske þótt of berorður en það er ekki; eg hef samvizkusamlega sagt sannfæringu mína. Hèr vantar peninga, þeir eru ekki til, og geta ekki verið til.

Eg ætla ekki að tala um hvort eg muni sitja eða standa upp við atkvæðagreiðsluna, eg vildi helzt eg gæti staðið upp fyrir því öllu. En eg sè ekki að eg með því geti gjört föðurlandi mínu neitt gagn, því eins og tíminn mun sýna, verða þessir skólar til einskis gagns, en geta á hinn bóginn einungis þènað til þess að fæla menn frá að gjöra skynsamar tilraunir í þessa stefnu.

Ásgeir Einarsson: Eg álít reyndar að eg þurfi ekki að svara ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns. Eg held hann hafi reitt öxina svo hátt, að hann aldrei hefði sèð, þó hún hlægi móti honum; hann hefir ætlað til hún væri steinöxi eða einhvers konar baugabrjótur, hann hefir reynt að brjóta niður nefndarálitið, án þess að leggja einn stein í skarðið. Eg veit hann hefir ekki haldið þessa ræðu af illvilja, heldur af ókunnugleik á málinu, og eg fyrir mitt leyti mundi ekki vera svo fífldjarfur að voga að halda aðra eins ræðu í læknamálinn móti honum, sem því er kunnugri

en eg eins og hann nú hèlt í þessu máli. Hann talaði svo mikið um kostnaðinn. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði nú áðan álit sitt um hann, og ef oflítið er í hann lagt, þá má bæta við nokkrum hundruð ríkisdölum, eins og við embættismannalaun. Þegar vísirinn væri kominn, og menn sæu að skólinn mundi verða gagnlegur þá mætti bæta laun forstöðumannanna. En skyldi þetta verða gagnslaust, eins og þingmaðurinn óttast svo mjög þá virðist mèr lagt í nógan kostnaðinn í byrjuninni Eg held að hinn hæstvirti 5. konungkjörni þingmaður hafi brugðið sèr hælkrók með þessari ræðu, því þegar hann bar upp læknamálið fyrst hèr á þingi, vildi hann hafa stóran læknaskóla en seinna var hann ánægður með að verða sjálfur bæði skóli og kennari, og hefir tekizt vel að því leyti útlit er fyrir. Nefndin hafði nú tillit til þessa, og hugsaði á þá leið, að þó smátt væri byrjað, mætti þá síðar ráðast í meira. Hinn háttvirti sami þingmaður er nú mikið móti amtmönnunum, eins og hann var í læknaskipunar uppástungu sinni um daginn, þegar hann vildi að þeir enginn afskipti mættu hafa af neinu sem læknamálefninu kæmi við, en landlæknirinn skyldi einn öllu ráða, og hefir hann þannig ætlað að hagræða fyrir sèr núna strax í þessu máli. Frumvarpið vill að ráðherrann skuli skipa fyrir um skólann, en nefndin hefir þó gengið feti skemmra og því stungið upp á, að amtmennirnir ásamt öðrum mönnum gjörðu það. Hún hefir ekki stungið upp á, að amtmennirnir væri einvaldir í þessu öllu og það er munur að ráða nokkru eða að ráða öllu.

Þar sem hinn sama heiðraði þingmaður talaði um loptslagið og að Breiðamýri væri óhæf sökum kuldans, til þess að þar væri búnaðarskóli, þá hefir nefndin stungið upp á annari jörð, og svo hefir nú amtmaðurinn líka stungið upp á annari jörð síðar nfl. Kornsá í Vatnsdal, og er það í þeim stað, þar sem einna hlýast loptslag mun vera í norðurlandi vestan til, svo ekki getur það hrundið amtmanninum frá að hafa hlutdeild í umsjóninni með skólanum. Hann datt þá loksins ofan á, að bezt væri að fá duglega bændur, til að standa fyrir skólunum; á þetta hafði nefndin líka bent í áliti sínu, svo helzt lítur út fyrir að þingmaðurinn hvorki hafi heyrt nè sèð nefndarálitið. Eg ætla nú ekki að tala mikið við minni hluta nefndarinnar, um skatta-álöguna til skóla þessara, hvort sanngjarnara sè að ábúendur gjaldi hann úr sínum sjóð eða þeir sem hafa afnot eptirgjaldsins. Við allir sem í meiri hlutanum erum, eigum þó sína jarðarþúfuna hver, nema hann, og eg held flestir

vildu vinna til þess að gjalda skilding af hundraði í viðbót, ef góður árangurinn sæist af skólanum, og ef ekki yrði nóg til útgjaldanna síðar, mætti leggja á lausafè líka. En það er fyrst þá hvöt fyrir menn að gjöra það, þegar skólinn er kominn á stofn.

Eg vil bæta því við, út af því sem hinn 5. konungkjörni þingmaður var að tala um loptslagið, þá hafa Norðmenn nýlega stofnað búnaðarskóla rètt upp undir snjófjalli og yrkja þar korn, og eins mætti verða hèr. Það var merkilegt, er hann sagði að forstöðumenn skólanna mættu ekki gjöra lokræsi, nema amtmennirnir væru í hælunum á þeim. Þetta nær engri átt, eða hvar er það í nefndarálitinu, og hefir engum dottið í hug nema honum. Hann sagði, að hefði stjórnin átt tal um málið við einhvern jarðarfræðing hèr á landi, þá mundi hún ekki hafa boðið mönnum slíkt frumvarp sem þetta, en ætli margir, nema læknarnir, sèu betri jarðarfræðingar hèr á landi en Guðmundur Ólafsson jarðyrkjumaður (*Jón Hjaltalín:* Hefir hann gefið kost á sèr). Það er sízt fjærri. Við höfðum hann til ráðaneytis í nefndinni, og hann fèllst á álit vort, nema honum þótti 200 rd. of lítið lagt til að kaupa ýms áhöld í fyrstu, og var þetta að nokkru lagað. Þessi ástæða þingmannsins er því jafngild og aðrar sem hann hefir tilfært núna, en honum er vorkunn því hann hefir talað meir af vilja en þekkingu.

Framsögumaður: Eg hefi fáu að bæta við það sem þingmaður Strandasýslu svaraði hinum 5. konungkjörna þingmanni, enda var einhver sá hringlandi í ræðu hans, að eg átti bágt með að skilja í, hvað hann eiginlega meinti. Í öðru orðinu var hann að tala um hvað óttalegan skatt nefndin ætlaði að leggja á landsmenn handa búnaðarskólunum, en aptur í hinu orðinu þótti honum þetta fjárframlag sem nefndin ætlaði ekki vera til neins, og að ekkert yrði gjört með því; hvernig getur nú þetta samrýmzt? Hann vill fleygja öllu því sem nefndin hefir gjört en byggja í staðinn einhverjar óskaplegar byggingar, sem hann þó víst ekki hefir gjört sèr grein fyrir hvernig ættu að vera lagaðar, en peningana til alls þessa ætlar hann að sækja í vasa stjórnarinnar; þetta held eg sè nú ein af hans alþekktu loptbyggingum sem engan stað hafa og held eg rèttara væri að fella málið alveg hèr á þingi en að gefa slíku gaum, því hver sem athugar ástæðurnar fyrir hinu konunglega frumvarpi mun sannfærast um, að þess er ekki að vænta, að stjórnin útvegi stórfè til stofnana þessara. Hinum 5. konungkjörna þótti sem enginn hèr á landi mundi hafa vit á eða vera því vaxinn að kenna hèr

jarðyrkju; hann var þó á öðru máli 1859; þá sagði hann hèr á þingi: »eg þekki 2 menn, sem bera góða þekkingu á jarðarrækt og eru duglegir menn, sem hèr eru nú, og má segja um þá að þeir sèu á áralausum bát» (sjá alþt. 1859 bls. 989) Skyldu þessir menn ekki lifa enn þá? Eða skyldi þeim hafa farið svo mjög aptur síðan 1859, að þeir sè nú orðnir óhæfir til að kenna jarðarrækt. Þá var hann að tala um það, að amtmaðurinn fyrir norðan mundi hafa valið jörðina Breiðumýri ekki sem heppilegast, og færði það til, að hún lægi undir svo mildu himinbelti; þó eg ekki hafi rannsakað þetta vísindalega þá held eg samt, að eg geti dæmt eins rètt um þetta eins og hann, og bágt mun hann eiga með að sanna að 3 gráðum sè kaldara á Austfjörðum en í Þingeyjarsýslu, því þar held eg sè að tiltölu kaldast á Íslandi. Konungsfulltrúi gaf þinginu þá upplýsingu, að amtmaðurinn hefði seinna breytt áliti sínu um jarðirnar, og stungið upp á Kornsá í Húnavatnssýslu; eg þekki að vísu ekki þessa jörð, en held þó hún muni ekki vera öllu betur fallin til búnaðarskólastofnunar en Breiðamýri.

Eg verð þó að víkja nokkrum orðum til vinar míns, þingmanns Borgfirðinga; hann snýst einlægt í kringum þessi orð hjá meiri hluta nefndarinnar »eiganda eða umboðsmanni» og vill gjöra úr þeim einhvern óskapnað; mèr þyki það nú reyndar slæmt, að eg verð að lýsa hann föður að króga þessum, af því eg gjöri ráð fyrir honum komi það illa að kannast við hann, eptir því sem honum hafa farizt orð, en hann veit það þó með sjálfum sèr, að hann hefir sjálfur búið til þessi orð, og liggur sönnun fyrir því hèr á borðinu. Eg skil annars ekki, að þessi orð þurfi að valda þeim misskilningi, sem þingmaðurinn gjörði ráð fyrir, því allir vita að full og föst venja er komin á í þessu efni, hvað alþingistollinn snertir; með endurgjald alþingistollsins á konungs- og klaustrajörðum á ábúandi jafnan aðganginn að umboðsmanninum, en þótt konungurinn verði að álítast þar sem hinn rètti eigandi. Og hvað snertir hinar svo kölluðu prestajarðir eða kirkjujarðir, þá held eg það sè ekkert ódæði, þó presturinn sè álitinn að vera umboðsmaður þeirra, og liggur það þá í hlutarins eðli, að ábúandinn á hèr aðganginn að prestinum en ekki kirkjunni. Hinn sami þingmaður sagði enn fremur sínu máli styrkingar, að farið væri að tíðkast, að leiguliðar greiddu alþingistollinn án endurgjalds frá eigendum jarðanna; þessu verð eg að mótmæla sem ósönnu, því eg veit ekkert dæmi til slíks þar sem eg þekki til; og eg vona að hinn heiðraði þingmaður

vilji ekki gefa tilefni til, að slík rangsleitni og lögvilla innleiðist í landinu.

Stefán Eiríksson: Það var einungis sem eg ætlaði að minnast á þar sem talað er um jörð hèr í suðuramtinu til búnaðarskóla, þá held eg að það sè nú ekki alls konar heppileg uppástunga, því með því að taka til þessa jörð hèr í Gullbringusýslu, álít eg að sumir amtsbúar sèu útilokaðir frá að ná í búnaðarskólann. Það eru ekki svo auðveld ferðalögin hèrna á Íslandi; eg hefði álitið það miklu heppilegra hefði verið tekin einhver jörð í Rangárvallasýslu, því þá var það nær miðju amti, og hèr um bil jafnlangt að austan og vestan, og það eru víst margar jarðir í Rangár-þingi sem eru eins góðar, eins og þessi jörð sem nefnd er í nefndarálitinu.

Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti þingmaður Suðurþingeyinga tók það fram, sem eg ætlaði að tala um, nefnilega um orðið umboðsmann, og verð eg að samróma og staðhæfa það með honum sem einn nefndarmaðurinn, að þingmaður Borgfirðinga á einmitt sjálfur þetta orð, sem hann er að rífa niður, því hann samdi fyrstur allra breytingarnar við frumvarpið. En eg gjöri nú minna úr þessu, en met meir það samband, sem þessi 2 orð: »eigandi eða umboðsmaður» standa í. Það er auðvitað, að ábúandinn, þegar hann ekki er eigandi, á að halda sèr til eigandans, og þegar til hans verður ekki náð, af því hann er fjærverandi, þá til umboðsmanns hans, þetta er gömul og góð regla. Að öðru leyti ætla eg ekki að ganga lengra að sinni inn á ágreiningsatkvæði þingmanns Borgfirðinga, því það ber það sjálft með sèr, að það getur ekki staðizt.

Arnljótur Ólafsson: Eg fræddist ekkert við ræðu hins háttvirta varaforseta og þingmanns Suðurþingeyinga; eg spurði ekki um það, til hvers ábúandinn ætti að halda sèr, heldur um rèttarsambandið milli eigandans og umboðsmannsins, eða um hvaða rètt umboðsmaðurinn hefði gegn eigandanum; hvort hann sumstaðar hefði engan aðgang að eigandanum, eða sumstaðar nokkurn, um þetta vantar mig upplýsingu. Af því kirkjan er eigandi kirkjujarðanna, þá hefði presturinn aðgang að henni, ef orðin: »eður umboðsmaður« eigi væri, því sem umboðsmaður kirkjunnar hefir presturinn aðgang að eins að sínum eigin vasa. Ef menn aptur á móti taka 4. grein konungsfrumvarpsins óbreytta, þá geldur presturinn sem ábúandi staðarins af heimajörðinni eins og hver leiguliði af ábúðarjörð sinni, og er þetta jafnrètti; en hitt væri ójöfnuður, ef prestur ætti að gjalda af kirkjujörðunum, sem hann *eigi á,*

eins og bóndi af þeim jörðum sem hann á, með þessum hætti væri og lagður á prestana embættisskattur, því tekjurnar af kirkjujörðunum eru embættistekjur þeirra, án þess að nokkur skattur væri lagður á aðra embættismenn í landinu, og er það líka fullkomin ójöfnuður.

Með tilliti til þess, að mèr var kennt um orðið »umboðsmaður«, þá skal eg geta þess, að eg var skrifari í nefndinni og skrifaði orðið upp eptir framsögumanni sjálfum, sem las mèr það fyrir. En vilji nú þingmaðurinn sverja það upp á mig, eins og hann komst að orði, þá skal mèr eigi falla það ver en honum mundi falla í sínum sporum, ef hann yrði fyrir einhverju því um líku, Það sem eg því einungis óska, er að þingmaður Suðurþingeyinga gefi mèr upplýsingar um rèttarsambandið milli einstakra manna og eigandans.

Jón Pálmason: Eg skal með tilliti til þess, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, að amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefði seinna stungið upp á jörðunni Kornsá í Húnavatnssýslu, taka það fram, að sú jörð væri að sönnu vel fallin til búnaðarskóla, því þar er bæði gott tún, engjar og hagar, þó þeir sèu nokkuð langt burtu. Nefndin átti nú tal við mig um þessa jörð, og eg gat ekki álitið, að hún væri vel sett fyrir búnaðarskóla, því mitt álit er, að jörðin ætti að vera sem næst miðbiki amtsins svo menn ættu hægra með að sækja skólann, og í því tilliti álít eg Möðruvelli miklu betur tilfallna, en eg ætla mèr ekki að fara lengra inn í málið sjálft, því framsögumaður hefir svo ljóslega mælt fram með niðurlagsatriðum nefndarinnar, að eg hefi þar litlu við að bæta.

Framsögumaður: Eg held, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga ætti fyrst að fara til sjálfs sín til að fræðast um þetta rèttarsamband (Retsforhold), sem hann er að tala um að eigi sèr stað á millum umboðsmanns og eiganda; eptir hans setningu verður það svo, að taka verður til greina rèttarsambandið á milli ábúanda, umboðsmanns og eiganda. Hèr í ágreiningsatkvæði hans eru nú ekki undanþegnar gjaldinu til búnaðarskólanna, nema lènskirknajarðir, og sá hluti bændakirknajarða, er prestmata, bænhústollur eða aðrar ískyldur eru afgreiddar. En eg vil nú spyrja: Hvernig hugsar hann sèr hið rètta samband milli annara umboðsmanna og eiganda, því þó við nú sleppum umboðsmönnum konungsjarða, þá eru eptir fátækrajarðir, spítalajarðir og fl., sem eptir ágreiningsatkvæði hans þessi tollur á að hvíla á. Nú vil eg spyrja hinn háttvirta

þingmann: Hvert er þar rèttarsambandið milli umboðsmanns og eiganda? Svari hann mèr þessu fyrst, fyrr álít eg mig ekki skyldan að svara þessum spurningum, sem hann er að þráklifast á. Nefndin fann alls enga ástæðu til að fara inn í rèttarsambandið milli umboðsmanna og eiganda; og eg fyrir mitt leyti verð að segja það, að eg þekki ekki til hvernig sambandinu milli þeirra á stundum kann að vera háttað; eg ímyuda mèr, að það sè optast byggt á »prívat«-samkomulagi milli hlutaðeigenda; eg er nú reyndar ekki lögfróður maður, en eg hef engar laga-ákvarðanir sèð fyrir því, hvernig eigandi á að semja við umboðsmann sinn eður ábúanda. Nefndin gat því enga orsök fundið til að fara inn á þetta mál í breytingaruppástungum sínum, það liggur líka í augum uppi, hvað öfugt og ómögulegt það getur orðið í ýmsum tilfellum, að ábúandinn skuli jafnan eiga aðganginn að sjálfum eigandanum, eins og þingmaður Borgfirðinga vill; eg set svo, að eigandinn eigi heima suður í Róm eða Brasilíu; er það þá rètt að vísa ábúandanum, sem verður að gjöra ráð fyrir að búsettur sè hèr, þangað? Eða mun hitt ekki eðlilegra að hann eigi aðganginn að þeim umboðsmanni, sem hlutaðeigandi lætur gæta eigna sinna hèr. Það er enn eitt atriði í þessu máli, sem ekki hefir verið tekið fram, og eg vildi taka fram, og það er það, að með uppástungu þingmanns Borgfirðinga verður einmitt kippt einum fæti undan þeirri byggingu, sem við í sameiningu við hann höfum verið að reyna til að byggja upp. Því eg ætla að fullyrða megi það, að þessar jarðir, sem hann vill undan skilja, eru til samans hèr um bil einn fimmtungur af þeim jörðum sem nefndin vill leggja þenna toll á; því bendir hann ekki á neitt annað í staðinn fyrir þetta gjald, sem hann vill kippa af stofnunum þessum, eða ætlar hann að byggja búnaðarskólana í loptinu með hinum 5. konungkjörna þingmanni. Þingmaðurinn var þó ásáttur með að jafna mest 1½ sk. á hvert hundrað, en hvaðan ætlar hann þá að taka það sem ávantar, þegar ⅕ hluti er tekinn frá? Kannske hann ætli að jafna svo miklu meiru á hænda-eignir, sem því nemur? Hann hefir nú reyndar bent á eitt úrræði, nefnilega það, að leggja þenna toll á ábúendur, en það er með öðrum orðum, að leggja hann á lausafèð. En hvernig tekur þessi mælikvarði sig út sem gjaldið verður miðað við eptir konungsfrumvarpinu. Eg held að hann taki sig heldur illa út, og það sè einhver bin öfugusta skatta-álögu-aðferð, að leggja tollinn á ábúendur, og hafa ábúðarhundruðin fyrir mælikvarða; því allir vita, að velmegun manna

fer ekki eptir því, hvað jörðin er hundraðahá, heldur eptir því, hvernig á henni er búið, og því væri lausafjártíundin miklu eðlilegri mælikvarði í þessu efni.

Jón Hjaltalín: Eg ætla mèr nú ekki að fara að munnhöggvast við þingmenn; mèr þótti verst, að hinum heiðraða þingmanni Strandasýslu var allt of mikið niðri fyrir, og eg held, að hinn háttvirti framsögumaður hafi verið reiður, því hann brúkaði orð, sem nærri því eru óviðurkvæmileg á þingi, þar sem hann kallaði orð mín rugl; en mèr datt þá í hug enski málsháttúrinn, sem segir, að sá sem er reiður, hefir jafnan órètt, og það styrkti mig því enn fremur í skoðun minni. Hann sagði, að eg væri að byggja í loptinu, en það var ekki rètt skoðað, því það eru einmitt nefndarinnar loptbyggingar, sem eg vil rífa niður. Eg veit að nefndin hefir gjört þetta í beztu meiningu, en eg segi líka í beztu meiningu og eptir beztu sannfæringu mína skoðun á málinu; og mèr þykir þessi aðferð, sem nefndin stingur upp á, afkáraleg; amtmennirnir eiga að hafa allt að segja í þessu; eg held þeir hafi nóg sem er, og leysi það ekki svo vel af hendi, að það sè vert að vera að leggja þeim meira á herðar. Eg vil biðja hinn háttvirta framsögumann, að ríða upp á vegina, sem eru hèrna rètt í kringum okkur, og skoða hvernig þeir eru; gæti hann að póstgöngunum o. fl. og sjái í hvaða horfi þetta er, og gái svo að, hvort amtmennirnir hafi ekki nóg sem er. Hvað ágreiningsatkvæði þingmanns Borgfirðinga snertir, þá get eg nú vel skilið, að honum þyki prestseklan nóg, þó við sèum ekki að reyna til að bæta á hana; við fáum nú bráðum að heyra hvað gengur með það, þegar prestseklumálið kemur fyrir. Eg er því honum samdóma í þessu, því þó hèr sè ekki um mikið að gjöra, þá getur það þó máske stundum verið álitið meira, en það er, af þeim, sem um brauðin sækja; eg held líka að þetta komi fyrir eitt, því þó tollur væri tekinn af öllum jörðum, gjörir það lítið til, það yrði of lítið samt. Eg held því, að við hefðum gjört rèttast í að láta þetta mál bíða, þangað til við fáum okkar eigin fjárforráð, og um fleiri skatta verður að ræða, þá gæti máske verið um þetta að ræða; en hefði eg nú verið í nefndarinnar stað mundi eg heldur hafa viljað byrja með 1 skóla, og verja öllu þessu fè, sem hèr er ráðgjört, til hans eins, en reyna svo heldur að koma hinum upp seinna. Eg sá í gær jörð, sem verið hafði gjört við af jarðfróðum manni, og hún var þó sannarlega ekki í góðu ásigkomulagi (*Jón Sigurðsson:* Var það annar af þessum

22) Nei; því það játa eg að Guðmundur Ólafsson er mesti dugnaðarmaður og honum tryði eg manna bezt fyrir að vera nytsamur við slíka stofnun. Eg ætla mèr nú ekki að vekja neitt stríð um málið; eg vildi einungis, að þessir menn hefðu sem frjálsastar hendur, og væru ekki þrælbundnir við amtmennina í hverju smá-atviki; og þetta fannst mèr ekki vera svo, að orsök væri til að reiðast af því.

Páll Melsteð: Eg stend nú upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að búnaðarskólamálið er komið hèr aptur fram á þingi; úr því að frumvarp er nú lagt fram um þetta mál frá stjórninni, þá hefi eg góða von um, að eitthvað fari að ganga til batnaðar um jarðyrkju og landbúnað allan hèr á landi. Eg felli mig vel yfirhöfuð að tala við nefndarálitið; en eg er fjarlægur því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður fer fram á, því ef það fengi framgang, sem hann vill, þá væri það hið sama sem að ónýta allt málið. Hvað nú þessar jarðir áhrærir, sem upp á hefir verið stungið í nefndarálitinu, þá get eg nú gefið nokkrar upplýsingar um þær, að svo miklu leyti sem Vesturamtið snertir. Þar sem nú nefndin hefir minnzt á Bjarnarhöfn, þá mega menn ekki ímynda sèr, að sú jörð sè erfið eða umfangsmikil, þó hún sè stór eða há að hundraðatölu, því eg má fullyrða, að hún er einhver hin hægasta jörð, enda hefir marga af þeim kostum sem æskjandi eru fyrir þá jörð sem vera ætti aðsetur búnaðarskóla. En þó held eg, að fullt eins vel eigi við að sú jörð verði til skólaseturs kosin, sem nefndin stingur upp á, nefnil. Rauðimelur-Ytri. Eg tel það Bjarnarhöfn til ógildis í þessu tilliti, að þar er fremur veðrasamt, eins og víða þar vestur frá á Snæfellsnesi. Eg held að veðursæld sè að öllum jafnaði meiri í Hnappadalnum þar sem Rauðimelur er; og þó er mèr næst að halda að enn betur ætti við, að jörð væri til þessa valin inn í Miðdölum. En eg þekki þar nú ekki svo gjörla til jarða, en hitt veit eg, að þingmaður Dalamanna er því kunnugastur, og gæti gefið upplýsingar um það. Hvað Lágafell áhrærir, sem aðsetur fyrir búnaðarskóla í Suðuramtinu, þá hef eg nú ekki neitt sèrlega gott álit á þeirri jörð, og mundi víst völ á miklu hentugri jörðum bæði í Borgarfjarðar- Árnes- og Rangárvallasýslu; Lágafell er fremur mögur jörð að jarðvegnum til og norðan í móti, og víst ekki vel fallin til að gjöra ýmsar tilraunir á, t. d. með vatnaveitingar o. fl., annars ímynda eg mèr að rèttast sè að kunnugir jarðyrkjumenn bendi á þessar jarðir. Eg skal geta þess, að eg er alveg samdóma nefndinni í því, að breyta 2. gr. stjórnar-

frumvarpsins; eg held það leiði af sjálfu sèr, að það sè betra, að innlend stjórn fyrirskipi í þessu; því af hvað góðum vilja sem stjórnin væri gjörð, þá hlyti þó allt af ókunnugleiki hennar að verða slíku til talsverðrar fyrirstöðu; en í þessu efni sem er svo alveg innlent riður á, að innlendir eða nákunnugir menn fyrirskipi hvað eina. Þar á móti fellst eg alveg á 4. gr. frumvarpsins óbreytta; mèr getur ekki fundizt það neitt ósanngjarnt, þó ábúendur greiði þenna toll; hann er heldur ekki mikill, enda hvílir margt á jarðeigendum á þessum tímum og getur orðið fleira, og svo taka þeir líka þátt í þessum kostnaði, sem hèr er um að ræða, því mjög margir jarðeigendur búa á sjálfs sín jörðum og komast þannig í kostnað þenna sem ábúendur.

Indriði Gíslason: Eg ætlaði nú ekki að standa upp í þessu máli, af því engin kröptug mótmæli hafa komið fram gegn nefndarálitinu; en þingmaður Snæfellinga vakti mig eins og af draumi, og eg verð að vera honum samdóma í því, að það er hvergi hlýviðrasamara þar vestra en í Miðdölunum; en eg vildi ekki halda því fram í nefndinni, því það gat þá litið svo út, sem eg væri að berjast fyrir því, að hafa jörðina í þeirri sýslu, sem eg á heima í.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari undirbúningsumræðu lokið. Þá kemur næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um vexti Thorchilliisjóðsins. Framsögumaður er þingmaður Reykvíkinga. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 187.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það var nú svo mikið rætt um þetta mál við undirbúningsumræðuna, að eg vona, að öllum sè orðið nokkurn veginn málið ljóst, en því er ver, að allir hafa ekki orðið á eitt sáttir; það sýnir atkvæðaskráin bezt; en af henni sannfærist eg líka enn betur um það, að það er eitt af tvennu fyrir þingið að gjöra, annaðhvort að fallast á uppástungur nefndarinnar, eða þá alveg fleygja málinu. Eg vil nú ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli; en það vil eg biðja menn að athuga, að þar sem orð gjafabrèfsins voru borin fyrir sig, þá mega þeir ekki gleyma því, að það er annað tilgangurinn en annað meðalið til að ná tilganginum með; en menn mega ekki gleyma tilganginum vegna meðalsins; og aðalatriðið er hèr sannarlega tilgangurinn, og því sýnist mèr, að það sè þingsins skylda að framfylgja þeim uppá-

stungum, sem miða til að koma honum fljótast og haganlegast fram.

Að því er snertir breytingaratkvæði hins konungkjörna varaþingmanns undir 1. tölulið, þá er það nú sjálfsagt, að það væri mikið gott, að fá þessa 400 rd, en eg vil ekki að þingið sè að biðja um það, sem engin von er um að verði framgengt, því það er að eins til að spilla gjörsamlega fyrir málinu; eg gjöri mèr enga von um, að þessir 400 rd. fáist, því þetta er ekki þess konar stofnun, að það sè beinlínis skylda stjórnarinnar að stofna hana úr ríkissjóði, og sízt, þegar sjóður er ætlaður til stofnunarinnar. En þó eg nú gæti gjört mèr von um þetta, þá held eg menn væru jafnnær fyrir það, því það er ekki til neins að stofna skóla, þar sem enginn er til að læra í; en þetta er alveg ónógt fè, til þess að kosta börn fyrir, þegar húsið og kennari væri frá, og það er ekki svo mikið að það sè nóg til að kosta skólahúsið sjálft. Breytingaratkvæðin undir tölulið 2. og 5. eru svo skyld, að þau verða að falla og standa hvort með öðru; hugsunin í þeim er hin sama sem í 1. breytingaratkvæðum, það er, að stofna skóla; eg get nú ekki sèð, hvernig sú hugsun getur komizt að, að taka renturnar af sjóðnum 1. árið til húsagjörðar, og láta svo húsið standa autt án nokkurs barns. Menn þurfa ekki lengi að hugsa sig um til þess að sjá, að ekki getur orðið svo mikill afgangur af þessum 1000 rd. að 15—20 börn verði haldin í skóla á því. Hugsunin í 3. og 6. breytingaratkvæðinu er nú hin sama og hjá nefndinni, einungis er nokkuð dregið úr henni, og því verð eg að halda mèr við nefndarinnar tillögur. 7. töluliður held eg sè nú bara gjörður að gamni sínu, eg sè ekki, að það fari neitt betur við hann. 10. tölul. stendur mèr á litlu hvort fellur eða stendur; því þótt þessi uppástunga nefndarinnar falli, þá mundu stiptsyfirvöldin samt leita álits prófastsins, og þó hún standi, þá eru þau ekki bundin við það. Um 12. tölul. B, þá hef eg ei móti, að það sè samþykkt, ef það þykir lögulegra, eða ef menn treysta því, að málið við það fái fljótari framgang; en eg fyrir mitt leyti kann betur við, að þingið snúi sèr með það beinlínis til stjórnarinnar. Á hinn bóginn sè eg ekkert gagn að að biðja um það sem farið er fram á í 12. tölul. B, eg er hræddur um, að ekkert komi út af því, eins og því sem beðið er um í 1. tölul. Það sem beðið er um undir stafl. B, b, álít eg sjálfsagt að stjórnin mundi gjöra, ef eitthvað hefði verið greitt úr sjóðnum til annars augnamiðs. En eg vil þó vekja athygli að því, hvort ekki væri viðkunnanlegra, að

fá fyrst fulla vissu um þetta, áður en menn fara með það fram fyrir stjórnina, því það er betra að ganga í beinni vissu um það, en í óvissu.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki tafið þingið á umræðum í þessu máli og ætla heldur ekki að gjöra það enn. Einungis finn eg mèr skylt að láta þinginu í ljósi, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli; það var nú mikið rætt um það við undirbúningsumræðuna um daginn, sem talaði með því, að börn hèr í Kjalarnesþingi fengi það sem nefndin hefir stungið upp á, og eptir ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns um daginn, þá held eg að þessi aumingja börn hefði, þó fyrr hefði verið, þörf fyrir að fá þessa sína gjöf sèr til lífs uppeldis. Það getur nú verið að tilætlun gjafarans hafi verið sú að stofna skóla. En nefndin hefir líka tekið það fram í niðurlagsatriðum sínum, að þessi umsjónarnefnd sem hún talar um, fari í ákvörðunum sínum eptir tilætlun gjafarans, og eg treysti því, að umráðamenn þessir sjái svo um, að tilgangi gjafarans verði náð að því leyti, að börnin nemi sín kristileg fræði, og yfirhöfuð það í andlegum og líkamlegum framförum sem samsvari tilgangi gjafarans. Þó nú stofnaður væri skóli, og börnin lærðu þar, þá ættu þau að fara úr skólanum 14 ára og þá ættu þau líklega að hverfa heim til föðurhúsanna; þá held eg nú að þessi skólamenntun yrði þeim að litlu liði, því ef föðurhúsin voru þeim ónóg áður í tilliti til sómasamlegs lífsuppeldis, þá álít eg að tilgangi gjafarans verði engan veginn frekari náð með skóla þessum, heldur en ef börnunum væri komið fyrir hjá þrifnaðar- og dugnaðarmönnum, því þegar þau væru búin að vera hjá manni, sem hefði sómasamlega alið þau upp frá því þau komu til hans og þar til þau eru 14 ára, þá mundu þau biðja hinn sama mann að lofa sèr að vera, og fengju þau það, sem eg tel víst, þá álít eg að gjöfin verði þeim að góðum notum, og betri en nokkurn tíma í skóla. Svo er það nú líka athugandi, að ef þessari nefnd, sem á að sjá um samastaði handa börnunum, ekki líkar fyrir barnið, eptir að það hefir verið árlangt í einhverjum samastað, þá hefir nefndin frjálsar hendur að taka barnið og koma því niður annarstaðar því eg ímynda mèr að þeir sem eiga að sjá um börnin, og að tilgangi gjafarans verði náð, semji þó ekki nema fyrir eitt ár í senn. Eg vona þingið hafi þá heyrt, að eg fellst að öllu leyti á uppástungur nefndarinnar, og ætla því ekki að tala um þessi breytingaratkvæði, nema það

eina að eg gef atkvæði mitt fyrir tölul. 12, og stafliðum þeim sem eru fólgnir í þeim tölulið.

Brynjólfur Jónsson: Hèr er nú búið að gjöra býsna mikið úr litlu, þar sem svo löng atkvæðaskrá er orðin úr einum 3 niðurlagsatriðum, enda ætla eg nú ekki miklu við að bæta. Mèr er nú að vísu nokkurn veginn jafnkært, hvort flest af þessum breytingaratkvæðum standa eða falla, þó vildi eg halda svörum uppi fyrir breytingaratkvæði mínu. Mèr fannst það eiga miklu betur við, að miða styrkinn við barnafjöldann í hverjum hrepp, en við fólksfjöldann yfirhöfuð; því eptir nefndarinnar uppástungu gæti svo undirborið, að í velefnuðum hrepp væri ekki svo mörg börn bágstödd, nè illa uppfrædd, sem samsvaraði tölu hreppsbúa, en í öðrum fátækari væru kannske eins mörg börn bágstödd og lítt uppfrædd, eins og í öllum hinum hreppunum til samans, og því finnst mèr eðlilegt, að þessi eini hreppur fái mestan styrk, því styrktarsjóðsins þarf ekki þar við, þar sem börnin eru ekki þurfandi. Því það er þó að eins börn en ekki fullorðið fólk, sem eiga að njóta uppeldis og uppfræðingar af Thorchilliisjóði. Eg vil taka til dæmis, að það getur verið hreppur með 300 innbúum, sem hafi kannske 10 börn, sem þurfa þessa styrks með, en aptur sè annar með 600 innbúum, sem ekki þurfi styrks nema kannske fyrir 1 eða 2 börn. Er nú ekki sjálfsagt, að þar sem fleiri eru börnin, sem styrksins þurfa við, þar skuli líka fleiri njóta hans. Mèr sýnist það liggja í augum uppi, að þetta sè miklu sanngjarnara, en það sem nefndin hefir stungið upp á, og að þetta geti ekki öðruvísi verið.

Konungsfulltrúi: Eg verð að láta það sama í ljósi nú, og við undirbúningsumræðuna, að eg álít það næst gjafarans orðum, að skóli væri stofnaður. En af því að fèð er ekki nægilegt til þessa augnamiðs enn þá, þá verð eg þó að fallast á nefndarinnar uppástungu, að börnunum sè komið fyrir til uppfræðingar hjá skikkanlegum húsfeðrum, og til þess sè varið nokkrum hluta af vöxtunum, þetta álít eg það eina, sem menn geti komið á nú sem stendur. Eg verð því að aðhyllast 4. og 8. tölul. einungis með þeirri breytingu, að ekki verði varið til þessa meir en 500—600 rd. árlega af leigunni; eg held, að töluvert gagn mætti verða af því; hinn hlutinn ætti að leggjast við höfuðstólinn, svo menn ekki missi sjónar á skólastofnuninni, sem þó virðist að vera eptir orðum gjafabrèfsins. Eg vil því ráða þinginu til að aðhyllast nefndarinnar uppástungur, mèr sýnast þær vel hugsaðar, eptir kringum-

stæðunum. Mèr sýnist líka breytingaratkvæðið undir 7. tölul. hafa töluvert til síns máls; því ef styrkurinn á að veitast eptir fólksfjöldanum í hreppnum, þá held eg, að opt geti svo farið, að styrkurinn veitist ekki eptir þörfum, en það er þó einmitt það, sem hèr er undir komið, og þess vegna sýnist mèr, að þingið ætti að fallast á þenna tölulið. Hvað tölul. 12, B, a, snertir, þá er eg alveg samdóma hinum heiðraða framsögumanni um það, að það sè til lítils, að fara fram á það, ef þessi missir hefir orsakazt við peningabreytinguna. En hvað staflið b snertir, þá verð eg nú að álíta að sönnun vanti fyrir því, að svo hafi verið; en hafi það verið, þá er það augljóst, að það hefir verið móti augnamiði sjóðsins. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið; eg get ekki fallizt á breytingaratkvæðin, en fellst á nefndarinnar uppástungur að öðru leyti en því, að eg vil ekki brúka árlega, nema 5—600 rd. af vöxtunum.

Stefán Jónsson: Eg talaði ekki eitt orð í þessu máli seinast, bæði af því eg þóttist of ókunnugur, þar sem þetta er einstakt hèrað, sem þetta mál viðvíkur, og svo vildi eg heyra meiningar manna; en eptir því sem mèr hefir skilizt, er aðalágreiningurinn ekki um það, að brúka fèð, því það vilja allir, heldur um hitt, hvernig eigi að brúka það, hvort nefnil. eigi að stofna skóla fyrir það, eða koma börnunum fyrir á góða staði. Það er nú auðvitað, að það kannske liggur nær gjafabrèfinu að stofna skóla; en menn vita líka bæði af gjafabrèfinu, og af því hver ágætismaður Jón Þorkelsson var, að hann hefir gefið gjöfina, svo að hún yrði til sem mestra nota, og því eiga menn einkum að líta á það, að hún verði að sem mestum notum og komi sem flestum aumingjum að gagni og góðum notum. Nú virðist mèr, að ef þessari aðferð væri fylgt, sem nefndin stingur upp á, þá muni miklu fleiri börn geta orðið aðnjótandi þessa styrks, heldur en ef skóli væri stofnaður, því fyrst er það, að svo mikið fè eyðist til að stofna skólann sjálfan; og ef mistækist með skólann, þá missist svo mikið fè í einu; þar á móti þyrfti menn ekki að óttast fyrir því, ef hinn vegurinn væri tekinn, því þó það kynni að mistakast með fáein börn, þá má ganga að því vísu, að það yrði ekki með mörg, og sízt með öll; því það er svo fyrir þakkandi að hèr á landi eru mjög víða bæir, þar sem börn fá gott og kristilegt uppeldi; og með flesta bændur er það svo, að þeir hafa ekki gengið í skóla, og eru þó margir þeirra nýtir menn og duglegir. Ef nú skólinn mistækist, væri því mikið misst, og af því engin vissa er fyrir, að það ekki verði, nè heldur fyrir því, að

mögulegt verði að fá menn hentuga til að standa fyrir skólanum, þar sem nú, eins og allir vita, er mesta ekla á þess konar mönnum, þá verð eg heldur að fallast á uppástungur nefndarinnar. Ef svo er, sem mèr hefir heyrzt á þeim sem hèr þekkja til, að nauðsyn sè á, að hjálpa þessum börnum, þá er líka nauðsyn á, að gjöra það sem allra fyrst, og á þann hátt, sem nefndin stingur upp á, næðist augnamiðið auðsjáanlega miklu fyrr. Mèr heyrðist líka á ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns í málinu, sem rætt var næst á undan, að mjög miklir annmarkar væri á búnaðarskóla byggingu, og ætla nú ekki yrði líkir annmarkar við barnaskólabyggingu? Mèr heyrðist líka á ræðu hans í þessu máli seinast, eins og hann halda, að það ætti, að gefa foreldrunum með börnum heim til sín, en það er aldeilis ekki meiningin, heldur hitt, að koma börnunum fyrir á góða bæi; og þó hèr sè slæmt við sjóinn að fá góða staði, þá er það ekki sönnun fyrir því, að ekki mætti fá góða staði handa börnunum upp til sveita. Gjafabrèfið meinar heldur ekki einungis til þess, að börnin fái menntun, heldur einnig gott uppeldi í öðru tilliti, svo þau á síðan verði góðir og uppbyggilegir menn í borgaralegu fèlagi. Eg verð samkvæmt þessu, að gefa atkvæði með uppástungum nefndarinnar.

Jón Hjaltalín: Eg skal geta þess, að eg vil helzt standa upp fyrir breytingaratkvæðunum undir 2. 5. og 9. tölul. því þau þykja mèr helzt lúta að marki og miði gjafarans, nefnil. að stofnaður verði skóli. Eg gat nú seinast um þá galla, sem mèr þótti vera á nefndarálitinu, og ef menn ekki vilja trúa mèr, þá mun reynslan sýna það seinna, hvort eg hafi ekki rètt að mæla; ef á að verja þessum peningum til að koma börnunum fyrir hèr og hvar, þá held eg sè lítil vissa fyrir, að góðir staðir fáist, og þá er heldur engin vissa fyrir, að tilgangi hins dauða verði fullnægt. Eg tók það fram um daginn, að prófasturinn hèrna hefði sagt mèr, að þeir sem hefðu verið í skólanum hjá þeim manni, sem síðar var prestur í Saurbæ, væri auðþekktir úr öðrum; eins er víst um þau börn, sem voru í skólanum hjá organistanum okkar, og vona eg að verði með þau börn, sem nú eru á barnaskólanum. Alstaðar þar sem skóli er, koma ávextirnir fljótt í ljós, ef duglegir og stjórnsamir kennarar eru við hann; en að fara að gjöra hvern kotunginn að skólakennara, og senda börnin hingað og þangað út um buskann, það held eg geti aldrei orðið affarasælt, því það er engin vissa fyrir því, að menn geti fengið góða staði handa börnunum, en þar

á móti vissa fyrir því, að tilætlun gjafarans er raskað. Eg skal svo ekki tala meira um þetta mál; það er eins um þetta mál og önnur, að menn koma sèr saman um, hvað þeir eigi að gjöra, og það gjöra þeir, hversu sannfærandi mótbárur sem koma á móti, og stundum verða menn reiðir, og berja með því öll mótmæli niður. Fyrir viðauka-atkvæði varaforseta ætla eg einnig að standa upp.

Framsögumaður: Það kom mèr óvart, að hinn heiðraði vinur minn skyldi segja, að enginn ærlegur maður væri í landinu, sem komandi væri fyrir barni hjá; orð hans lágu nærri þessu þar sem hann sagði, að það væri til einskis að nota þenna veg. Hann gáir ekki að því, að þótt þessir menn, sem hann nefndi, hafi verið framúrskarandi, og góð börn kæmu frá þeim, þá á hann ekki víst, að geta fengið slíka menn fyrir lítil laun; þetta er mjög hæpin von, og langtum hæpnari en sú, sem nefndin hefir, að útvegaðir verði hentugir staðir fyrir 20 börn. Tilætlun gjafarans er heldur alls ekki raskað, því að í gjafabrèfinu er ekki nefndur »skóli«, heldur »stofnun«, og aðaltilgaugur þsss er einmitt sá, að börnin fái gott uppeldi og nauðsynlega uppfræðingu, svo þau geti orðið nýtir og góðir drengir. Eg vil nú spyrja þingið: Þykir því ekki nógu lengi hafa dregizt nú í 104 ár að fullnægja þessum tilgangi, þótt það dragist ekki lengur? Það er ekki nóg að segja: Það á að stofna skóla, eitthvað verða menn að hafa í höndunum til þess, og þótt eg sè ekki mikill reikningsmaður, þá get eg þó reiknað það út, að þegar búið er að reisa hús handa skólanum, kaupa jörð handa honum og launa kennaranum, allt þetta af 1000 rd., þá verður lítið eptir til að kosta börnin með, og þá er skólinn til lítils, ef ekkert er barnið. Í breytingaratkvæðinu undir 5. tölul., er beinlínis gjört ráð fyrir því, að ekkert barn verði í skólanum, því eptir því á að verja öllum rentunum 1. árið til húsagjörðar. Um það, sem hinum háttvirta konungsfulltrúa þykir, að tillagið sè of mikið, þá ber okkur nú á milli; mèr finnst, að eptir nefndarinnar uppástungu geti þó sjóðurinn aukizt töluvert, því þegar á fyrsta ári yrðu þó lagðir upp rúmir 100 rd. En ef ekki væri varið nema 5—600 rd. til þessa, þá gæti svo sem 1 eða 2 börn úr hverjum hrepp að meðaltali notið styrks, og með því yrðu þá margir hreppar út undan. Að því er það snertir, að prestar og hreppstjórar eigi að ákveða um þetta, þá er eg hræddur um, að þar verði töluvert ólikar skoðanir í hinum ýmsu hreppum, og því held eg að það geti ekki átt við.

H. G. Thordersen: Eg stend nú upp í þetta sinn í rauninni einungis til að ítreka það, sem eg sagði seinast um þetta mál. Eg get nú í raun og veru ekki neitað því, að mèr finnst gjafarinn hafi haft í hyggju, að stofnaður yrði barnaskóli, og því vil eg ekki sleppa því sjónarmiði alveg, að stofnaður verði skóli. En eg er alveg samdóma nefndinni í því, að við eigum fyrst um sinn að fara þessa leið, sem hún hefir bent á, og eg er sannfærður um, að eptir því sem nú á stendur, þá er það ekki á móti tilgangi gjafarans, og mèr þykir það vandsèð, hvort nokkur skóli er hetri fyrir börn hèr, heldur en sá sem er hjá heiðvirðum guðhræddum bændum; og að segja að við höfum fáa af þeim, það sýnist mèr vera synd á móti sannleikanum. Eg þekki svo vel til þessa, að það væri minnkun fyrir mig, sem hefi þekkt svo marga heiðursverða dyggðuga og duglega bændur, og meðal þeirra átt flesta vini, að eg geti verið slíku meðmæltur. Það liggur líka beint við, að á heimilum, þar sem er góð hússtjórn, þar læra börnin bæði vinnusemi, reglusemi og kristinndóminn sinn; og hvað snertir barnaskólamenntunina hèr, þá þykir mèr kátlegt, ef nokkur skyldi því kunnugri en eg. Eg hef bæði haft börn til staðfestingar frá Hjaltesteð sál., sem í alla staði var ágætur í sinni stöðu, og eins frá þeim manni, sem hèr er að nokkru leyti innanþings, og sem má nefna eins og jafnduglegan mann hinum. En lofið þið mèr að vita það, að eg hef opt fengið börn hèr úr kotunum eins vel uppfrædd í kristinndóminum, eins og börn úr skólanum; það er dagsanna, það hef eg opt reynt, að þeir sem búa í kofunum, geta í þessu tilliti boðið okkur byrginn, sem búum í háum sölum. Og það væri merkilegt, ef þetta væri ekki góður og blessunarríkur vegur, að koma börnum frá þeim heimilum, þar sem þau ekkert eða litið gott læra, á þvílík heimili; eg vil nú ekki tala um, hvernig þetta er á sveitaheimilum sumum, því þar hef eg þó reynt það á enn hærra stigi en hèr; og það væri sannarlega merkilegt, ef menn vildu hafa á móti þessu, því eg tek það nærri því fram yfir skóla. En eg er samt hræddur um, að gjafabrèfið máske meini skóla, og þess vegna þykir mèr vissara, að taka ekki allar renturnar, til þess að koma börnunum fyrir í góða staði, því það meinar enginn að koma börnunum fyrir, nema í góða staði. Þess vegna mun eg gefa atkvæði með breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns, að $^2/_3$ pörtum, eða hèr um bil 600—700 rd. verði varið til þessa af vöxtunum árlega; því eg vil ekki sleppa því, að stofninn aukist, því það geta komið

þeir á eptir okkur, sem sýnist öðru vísi, og hafi aðra skoðun á málinu, en við, og kannske vilji stofna skóla, og þá vil eg ekki, að við fyrirbyggjum, að þeim standi opinn vegur til þess.

Ásgeir Einarsson: Eg vona nú að takist af mèr ómak að gefa atkvæði mitt með þessum uppástungum, sem eg líka kveið fyrir. En hèr er nú svo mikill meiningamunur, að eg treysti mèr ekki til að gefa atkvæði fyrir uppástungum þessum, fyrr en eg fæ betri upplýsingar, og þær vil eg biðja hina heiðruðu þingmenn, sem eru þessu máli kunnugri en eg, að gefa mèr, svo eg geti greitt atkvæði, því það er skylda mín að greiða atkvæði mitt eptir beztu sannfæringu. En eg vil að eins fara fáum orðum um þann meiningamun, sem hèr er í málinu, til þess að skýra frá þessu skilningsleysi mínu. Nefndin hefir nú tekið þá stefnu að fara að verja þessu fè samkvæmt tilgangi gjafarinnar, en eigi með alveg sömu meðölum, og virðast hafa vakað fyrir höfundi gjafabrèfsins; þótti framsögumanni það eigi á miklu standa. Þegar eg nú skoða þá undirstöðupúnkta gjafabrèfsins, sem mèr virðist allt eigi að byggja á, þá sè eg að þar er tiltekinn með berum orðum barnaskóli, en þó finnst mèr aðaláherzlan liggja á því, að hinum allra nauðstöddustu börnum í Kjalarnesþingi, sè styrkur veittur og að þau fái kristilegt uppfóstur o. s. frv. Nú stingur nefndin upp á að skipta fènu meðal hreppanna, eins og þegar ómögum og sveitarsjóði er skipt milli hrepps og kaupstaðar, þegar aðskilnaður hefir verið gjörður milli þeirra; nefndin hefir nú stungið upp á, að þessi skipti skyldi framfara eptir fólksfjölda, en breytingaratkvæðið undir tölul. 7 stingur upp á, að það sè gjört eptir barnafjölda. Eg get nú eigi leitt út af orðum gjafabrèfsins, að nokkurt víst pláss sè tiltekið, heldur stendur beinlínis í gjafabrèfinu, og ein stofnun til kristilegs uppfósturs *þeirra allranauðstöddustu og fátækustu* (de allermest trængende) *barna* í Kjalarnesþingi. Mèr virðist nú auðsèð, að þessu augnamiði sè gjörsamlega raskað eptir uppástungum nefndarinnar, þegar það er rètt skoðað, því sè þessi skipting gjörð hefir hver hreppur tiltölu eptir fólksfjölda, (eins og sveitarómagar), en ekki þau *allra nauðstöddustu börn í allri sýslunni,* eins og auðsèð er að er skýlaus meining gjafabrèfsins; get eg því með engu móti gefið atkvæði fyrir þessari uppástungu, því það sèr hver heilvita maður, að það eru þau áminnztu nauðstöddustu börn, en ekki hreppsjóðirnir, sem gjöfin er gefin, og hefir enginn maður rètt til að raska þessari síðustu ráðstöfun hins veglynda gjafara. Þá kem-

ur nú til skoðunar, hvernig eigi að ná þessu augnamiði, sem gjafabrèfið hefir. Annar vegurinn er þá, sem nefndin hefir stungið upp á að koma börnum fyrir hjá einstökum mönnum, og vil eg biðja þingmenn vel að athuga, hvort það er rètt eptir meiningu gjafabrèfsins, þegar litið er til núverandi tíma og ásigkomulags; ellegar þá hvort menn vilja heldur aðhyllast þá stefnu að koma á barnaskóla hið fyrsta að orðið getur; þeir sem kunnugri eru þessu máli geta nú betur dæmt um það, en eg, hvort hentugra sè; og mèr finnst það heldur eigi eins vafalaust og hitt atriðið. Eg held nú strangt tekið að á þessum tímum, sem svo mjög eru breyttir orðnir frá þeim tímum, er gjafabrèfið var samið, að spursmál geti verið um, hvort halda eigi fast við orðin í þessari grein gjafabrèfsins. En þó er eg fast á því, að þessari ákvörðun eigi ekki að sleppa að óreyndu, einungis af þeirri ástæðu, að hún misheppnaðist einu sinni á öðrum tímum, og ætti menn þá að hallast að breytingaratkvæði hins konungkjörna varaþingmanns, og viðauka-atkvæðum varaforseta og reyna að fá fèð; vèr eigum að standa á rèttinum, þó við verðum að lúta náðinni; það getur ei verið nein óvirðing að heimta það, sem vèr höfum fullan rètt á, og það sem gefið hefir verið aumingjum, sem stjórnin eigi getur verið þekkt fyrir að hafa af; ef stjórnin hefir eytt fènu, þá er hún skyldug til að borga það aptur; en ef það hefir farizt fyrir vangá hennar, þá þykist eg viss um, að hún muni kannast við, að sèr hafi orðið á og mun hún þá vilja koma því til leiðrèttingar. Hvað þessa 7—8000 rd. snertir, sem fórust við peningabreytinguna, þá getur nú verið spursmál um, hvernig kröfu ætti að gjöra um það. Um það fè, sem talað er undir tölul. B b og varið var til annars augnamiðs, virðist enginn efi geta verið. Eg segi nú þetta til þess að sýna minn skilning á málinu, en eg vil heldur ekki greiða atkvæði, heldur en að geta eigi greitt það eptir sannfæringu minni. Eg vildi óska, að þeir sem kunnugastir væri þessu máli skýrði svo frá því sem unnt væri, og gefi þær upplýsingar sem í þeirra valdi stendur, en fái eg eigi þær upplýsingar, þá verð eg að skorast undan að gefa atkvæði. En eg vona, að þeir liggi ekki á liði sínu er bezt hafa vit á þessu máli.

Sveinn Skúlason: Eg er nú öldungis hissa á því, sem eg heyri koma fram í þessu máli, því að mèr þykir undrum sæta, hvernig þessu máli er tekið af sumum hèr á þingi, þegar einmitt þeir, sem að lögum eru executores testamenti vekja máls á því, að

bent sè málinu í þá stefnu, sem gagnstæð er orðum og tilgangi gjafabrèfsins; því þótt þessir menn sè ekki sem embættismenn hèr á þinginu, þá eru þeir hèr þó sem þingmenn, og geta því látið meiningu sína í ljósi. Þeir fallast á uppástungur þeirrar nefndar, er tekur af þeim það vald, er þeir að lögum hafa, til að vera hèr executores testamenti, og get eg eigi betur sèð, en að þeir með þessu lýsi vantrausti á sjálfum sèr, er þeir eigi vilja hafa þann rètt, er þeir bæði eptir guðs og manna lögum eiga að hafa; og getur þetta litið svo út, sem þeir vilji kasta af sèr þeim skyldum, er þeim eru á herðar lagðar eptir stöðu þeirra; og eg er ekki óhræddur um, að það skaði álit stiptsyfirvaldanna, að afsala sèr að vera hèr executores testamenti, þegar hèr er farið fram á að setja nefnd einmitt til að gjöra það, sem stiptsyfirvöldin eru skyld til að gjöra að lögum. Og þetta virðist einkum koma af því, að þeim þykir fèð til skólastofnunar of litið, en vilja þó hjálpa þinginu til að láta einhvern rekspöl komast á málið, svo að farið verði að verja fènu. Þetta er nú reyndar allrar æru vert, en menn mega ekki gleyma því, að það er ekki nóg að einhver rekspölur komist á, að farið verði að verja fènu, heldur verður þessi rekspölur að vera rèttur og löglegur. Og þrátt fyrir ræður manna hèr og hið ágæta uppeldi á sveitabæjum sumum, sem eg ekki vil bera brigður á, þá er þó þar með gengið fram hjá einu verulegu atriði í þessu máli, og það er umsjón executorum testamenti yfir því, hvernig tilgangi gjafabrèfsins er náð. Það kunna nú að vera ágæt ráð að koma börnunum fyrir norður í Húnavatnssýslu eða Eyjafjarðarsýslu eða austur í Skapafellssýslu og víðs vegar út um land t. a. m. hjá hinum heiðruðu þingmönnum eður öðrum slíkum mönnum; en hvaða umsjón geta stiptsyfirvöldin sem yfirstjórnendur legatsins haft yfir þessu barna-uppeldi, og yfir því, hvort tilgangi gjafabrèfsins er fullnægt. Það er reyndar satt, að byskup getur litið eptir þessu á visitaziu ferðum sínum, og amtmaður á yfirreiðum sínum í Suðurumdæminu, en það er nú svo sjaldan, að þeir ferðast, að mèr finnst það nálega sama og ekki neitt. Eg get nú ekki skilið, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður geti haldið með uppástungum nefndarinnar, þegar þeir gæta að þessum 3 mönnum, sem nefndin stingur upp á, að settir verði til að hafa umsjá legatsins á hendi, og mèr finnst berlega lýsa vantrausti til stiptsyfirvaldanna. Það var nú vorkunn, þótt framsögumaður væri að reyna að berja í brestina fyrir nefndarálitinu, því

það var skylda hans. En mèr þótti hann þó ganga furðu lètt fram hjá aðaltilgangi gjafabrèfsins að stofna skóla; en það getur þó ekki verið jafnsamkvæmt augnamiði gjafarinnar að senda börnin þangað, sem aldrei getur barnaskóli heitið, af því í gjafabrèfinu er með berum orðum sagt, að þvílík stofnun skuli komast á fót. Hann fór nu að fetta fingur út í breytingaratkvæði mitt undir tölul. 5, hann hèlt, að ef fènu væri 1 ár varið til að byggja skólahús, þá mundi þar af leiða, að skólinn yrði að standa ósköp lengi auður. Mèr sýnist nú engin ástæða til að halda, að þessi dráttur verði lengri en það eina ár, sem verið er að byggja húsið, því hann veit þó sjálfur, að hægt er að byggja hús fyrir 1000 rd. á einu ári. En hitt, að engin börn komi í skólann, finnst mèr nú ekki geta náð neinum sanni, því ef engin börn eru svo þurfandi, að þau þurfi að leita hælis í skólanum, þá er og heldur engin þörf á því, sem nefndin stingur upp á (*Framsögumaður:* Það er ekkert til að gefa með þeim). Það er bara þetta 1 ár, sem verið er að byggja húsið; framsögumaður hèlt að hver heilvita maður sæi það, en eg held að þurfi ekki svo mikið til, eg held að hver hálfviti geti sèð það gagnstæða. Það getur nú satt verið, að fèð sè of lítið handa svo mörgum börnum, en eg vona, að þegar stjórnin sèr, að svona ríflega er til tekið, þá muni hún laga það, og eg vona og að stiptsyfirvöldin, sem eptir mínu áliti eiga að sjá um gjöfina og framkvæmd á tilgangi hennar, líti eptir því, að eigi sè tekin fleiri börn í skólann, en kringumstæðurnar leyfa. Mèr þótti það undarlegt af varaforseta að hann skyldi hálfvegis fara að færa að Þorvaldi heitnum Böðvarssyni fyrir það, að skólinn á Hausastöðum hefði undir hans umsjón og tilsögn eigi orðið að tilætluðum notum; allir vita þó af orðspori, sem hafa heyrt þessa ágætismanns getið, að varla gat verið færari maður en hann til að uppfræða og mennta unglinga; og hefir það þess vegna eigi verið af því, þótt skólinn yrði eigi að tilætluðum notum, að hann eigi væri þeim starfa vel vaxinn, heldur af því, að fèð hefir þá verið of lítið og of snemma hefir verið byrjað að stofna skólann; og varaforseta mun fullkunnugt, að það hefir verið sára-lítil borgun, sem skólakennarinn á Hausastöðum hafði í þá daga. Hann sagði að nú væri öllu komið í betra horf en þá var, bæði sveitastjórn, heimilisbrag, fátækra-uppeldi o. s. frv. Þetta getur nú vel verið; en þó er hèr ekki hægt að útvega börnunum gott uppeldi og kristilega uppfræðingu nema með því móti að senda þau víðsvegar upp um sveitir, og þá er eptirlitið ómögulegt með því, hvernig

börnin eru uppalin; og peningum er kastað út, án þess nokkur vissa sè fyrir hvernig tilgangi gjafarans er náð. Það kann nú að koma af því fyrir hinum háu herrum, sem hèr eiga hlut að máli — eg á við executores testamenti — að þeir fara að hnýta sèr aptan í skoðun nefndarinnar, að stjórnin virðist í brèfi sínu að hallast að sömu skoðun og nefndin nú stingur upp á. En þó í stjórnarbrèfinu 1862 sè verið að leitast við að breiða yfir rangar og óhagfelldar bollaleggingar og meðferð á sjóði þessum, þá sè eg ekki, að þörf sè á að hnýta sèr aptan í þessa skoðun til þess að fótum troða gjafabrèfið. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu talaði um, að vinnuhrögðin yrðu ei eins lærð í skólanum eins og í víst; það getur nú verið, ef staðirnir eru allir hinir beztu, að sveitafóstur yrði betra að þessu leyti; en þó get eg eigi skilið, að börn geti ei lært alla þá vinnu, sem börn annars eru fær um að læra fyrir innan fermingaraldur, í skólanum, einkum ef hann er á hentugri jörð. Eg skil eigi að það geti verið svo örðugt að koma lögum yfir 15 börn, það eru þó margir sem eiga 15 börn og fá ekki 1000 rd. með þeim. Hann vildi draga úr skólanum af því, að Jón Þorkelsson hefði eigi ætlazt til meira, en að börnin fengi »kristelig Opdragelse«; það er nú sjálfsagt, að orð gjafabrèfsins eru þessi. En eg held það gæti orðið gagnlegt jafnvel fyrir alla sýsluna, að börnunum væri meira kennt í skólanum, en einungis sín kristileg fræði, t. a. m. skrifa og reikna, og það er þó hægra fyrir börnin að læra það í skóla, því það eru víst ekki allir bændur, sem kenna börnum svo mikið. Eg verð að gefa atkvæði mitt fyrir tölulið 1. og vona eg, að þingið felli hann ekki, því þetta er principspursmál, sem þingið eigi getur verið þekkt fyrir að fella.

Helgi Hálfdánarson: Þar eð eg var upphafsmaður þessa máls, þá finnst mèr eiga betur við, að eg tali fáein orð áður en gengið er til atkvæða. Það liggja hèr nú 2 stefnur fyrir, önnur er sú, sem nefndin hefir stungið upp á, hin sú, að stofna reglulegan skóla einhverstaðar í Kjalarnesþingi. Þegar nefndin stakk upp á því, að koma börnunum fyrir í hina beztu staði, sem fengizt gætu, þá ætlaðist hún ekki til, að einungis skyldi koma þeim fyrir hèr við sjóinn, heldur líka og öllu fremur upp til sveita, svo sem austur í Árnessýslu og víðar. Þó væri engan veginn þörf á, að koma öllum börnunum burt úr þessu hèraði, því það eru líka margir góðir staðir hèr í Kjalarnesþingi, sem óhætt væri að trúa fyrir uppeldi og uppfræðingu barnanna, og gæti eg nefnt mörg slík

heimili. Það hefir verið kvartað yfir því, að nefndin hafi ekki fært ástæður fyrir þessum uppástungum sínum og skoðun sinni á þessu máli; það er þó að nokkru leyti gjört í nefndarálitinu, en, ef til vill, eigi svo skýrt sem vera mætti, og vil eg því reyna að skýra það nokkuð gjörr. Það var þá fyrst, að nefndin ímyndaði sèr, að kostnaðurinn yrði minni, ef svona væri að farið, heldur en ef skóli væri stofnaður. Því ef skóli væri stofnaður, þá yrði annaðhvort að kaupa jörð handa skólanum eður leigja, sem er nú hið sama, þar eð árlegt eptirgjald er sama sem vextir af vissum höfuðstól. Þar að auki þyrfti kennara, sem væri menntaður maður og líklega skólagenginn; en það væri eigi nóg, að hann væri lærður; hann þyrfti einnig að vera góður búmaður, til þess að geta tekið að sèr jörð og staðið fyrir skólabúinu. Kennsla þessa manns held eg nú að yrði töluvert dýrari en sú kennsla, sem fengizt gæti með hinni aðferðinni. En þá þyrfti líka skólahús, og mundi ærinn kostnað þurfa til að koma því upp, til að viðhalda því, til ofna, eldiviðar, ljósa og margs annars. Þá var það önnur ástæða nefndarinnar, að ef eigi væri tekinn skólavegurinn, þá gæti fleiri börn notið góðs af þessu; en það vita allir, sem nokkuð þekkja hèr til, að nóg börn eru til í Kjalarnesþingi, sem þurfa þessarar hjálpar við. Ef skólastefnan væri tekin, þá gæti eigi nema í hæsta lagi 12—15 börn í einu notið góðs af þessu; en með aðferð nefndarinnar gæti eflaust 25 eða fleiri börn í einu notið þeirrar hjálpar, sem hèr er um að ræða. Þá var þriðja ástæða nefndarinnar sú, að þótt skóli yrði stofnaður, þá væri eigi auðfenginn góður kennari handa honum. Eg skil það ekki, hvernig menn geta ímyndað sèr, að eigi verði nein vandkvæði á, að fá hæfilegan mann til þessa, þegar menn vantar í svo mörg embætti, og kennarinn ætti þó líklega að vera einn úr þeirra tölu, sem embætti geta fengið. En þó nú einhver fengist, þá er eptir að vita, hvort hann væri þessum starfa vaxinn. Það er þá fyrst, að hann þarf að vera bóklærður; en það er, eins og eg sagði áðan, ekki nóg; hann þarf líka að vera góður búmaður til að geta haldið jörð og búið með þessari miklu ómegð; þessi stofnun er því eigi fáandi öðrum í hendur en þeim, sem talsverða reynslu hefir fengið; og eg held að ekki veitti af, þótt þeir væri 2, annar »oeconomus«, og hinn kennari; en þá er eg nú hræddur um, að vextir sjóðsins næði harla skammt, svo mèr er til efs, að þá gæti fengið uppeldi í skólanum fleiri en svo sem 6 – 8 börn í einu. Og ef nú þessi skólastofnun misheppnast, þá finnst mèr æði mikið í húfi, og ekki sagt, nær þessi stofnun reisti

rönd við aptur. En þó einhver staðurinn misheppnaðist eður reyndist ekki góður, þar sem börnunum væri komið fyrir, þá væri ekki annað en taka barnið þaðan og koma því fyrir á annan betri stað, og get eg því eigi sèð, að hèr væri mikið á hættu. Þar á móti, ef mönnum líkaði ekki við kennarann, þá væri eigi sagt, að menn gæti strax losað sig við hann, og þó hann nú færi, þá er ei víst, að annar yrði þá svo auðfenginn í hans stað, svo skólinn mætti þá, ef til vill, til að standa auður, og vandræði yrðu úr öllu saman. Þessi aðferð, sem nefndin hefir stungið upp á, er heldur eigi eins dæmi, því í Danmörku eru fèlög til að hjálpa nauðstöddum börnum, og hafa annaðhvort skóla (Asylskóla) til að ná þessum tilgangi eða þau við hafa hina aðferðina að koma börnunum fyrir út um land fyrir hæfilega meðgjöf. Moltke stiptamtmaður stakk einnig upp á því við stjórnina, að bágstöddum börnum í Kjalarnesþingi væri keypt uppeldi upp til sveita fyrir vexti Thorchilliisjóðsins, og nú hefir stjórnin fallizt á þessa skoðun. Þeir sem hafa verið mótmæltir uppástungum nefndarinnar, hafa einkum borið fyrir sig 3 ástæður. Fyrsta ástæðan er orð gjafabrèfsins sjálfs, þar sem það nefnir *skóla;* þetta var það eina sem vakti nokkurn efa hjá mèr um það, hvort nefndin færi í rètta stefnu, og eg álít það hina einu mótbáru móti nefndarálitinu, er sè nokkurs nýt. En þó eg viðurkenni, að síðasti vilji manna hafi mikla helgi, eins og hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók svo ágætlega fram á síðasta fundi, þá held eg þó, að það eigi hèr fyllilega heima, eins og í fleiru tilliti, að »bókstafurinn deyðir«. Ef það er sjálfsagt, að fylgja bókstafnum svona stranglega í þessu, þá er líka sjálfsagt að fylgja honum stranglega í öðru, en þar af leiðir þá, að byskupinn á Íslandi má ekki hafa umráð gjafarinnar, heldur Sjálands byskup, því hann er einmitt til tekinn í gjafabrèfinu, en eg ímynda mèr, að hèr sè þó enginn sá, sem vilji heldur að sjóðurinn sè undir umráðum Sjálands byskups. Eg hefi heyrt menn segja, að það mælti með skólanum, að önnur börn gæti líka notið þar kennslu fyrir borgun; en eg veit ekki, hvort þetta væri þá heldur leyfilegt eptir orðum gjafabrèfsins, því hvergi er minnzt á það í því. Þá er sú önnur aðalástæða þeirra, er móti nefndinni mæla, að uppfræðingin í skólanum yrði meiri og betri; það getur nú verið; en eg held, að gjafarinn hafi ei ætlazt til meiri uppfræðingar, en börn geta fengið hjá góðum og upplýstum bændum; og þó nú einstöku bændur ekki geti sjálfir kennt þeim að

skrifa og reikna, þá gætu þeir án efa, optast fengið sóknarprest sinn eða einhvern annan til að kenna þeim það. Eg get því eigi verið á þeirra máli í því, að uppeldi og uppfræðing í skólanum yrði mikið betri, einkum þegar eg gæti að því, hvaða börn það eru, sem í skólann ættu að komast; það eru einmitt einkum þau börn, sem hafa verið vanrækt, börn, sem eru ekki einungis fákunnandi, heldur vantar allan aga og uppeldi; og þegar um það er að ræða að siða slík börn, þá vil eg spyrja, hvort það er hægra fyrir einn kennara að siða 20, en fyrir duglegan húsföður á góðu heimili að siða eitt. Ef skóli væri stofnaður, þá yrði hann sjálfsagt hèr í Kjalarnesþingi, og þá líklega þar sem fjölmennast er, en það er einmitt þessi sollur yið sjóinn, er eg held að yrði því töluvert til hindrunar, að skólinn gæti siðað börnin svo vel sem skyldi. Hvað það snertir, sem þingmaður Norðurþingeyinga sagði, um vinnu barnanna, þá skil eg ekki, hvað skólakennarinn gæti látið svo mörg börn vinna, því það er eigi svo mikil vinna til á þessum sjávarjörðum hèrna um nesin, að 15—20 börn gæti fengið nóg að gjöra. Eg get nú ei annað en verið þeim mönnum samdóma, sem halda að nóga góða staði megi fá handa börnunum, því það er svo guði fyrir þakkandi, að til eru margir bændur sem eru sannarleg fyrirmynd bænda, og nokkrir slíkir bændur eru vissulega hèr í salnum, og held eg að það væri alls engin áhætta að koma börnum fyrir hjá slíkum mönnum; en þar að auki mætti líka koma þeim til embættismanna. Þá er hin þriðja ástæða þeirra, er mæla á móti fyrirkomulagi því, er nefndin stingur upp á, að það verði einungis til að lètta á hreppunum. Eg sè nú eigi annað, en að eins færi, þótt skóli væri stofnaður, ef sveitarstjórnirnar vildu helzt ota fram þeim börnum, sem væri hreppnum til mestra þyngsla. En eg verð líka að álíta, að ómögulegt sè, hvernig sem að er farið, annað en að lètta á hreppunum, ef fátækustu og bágstöddustu börnin eru tekin, eins og gjafabrèfið ætlast til; og eg get ekki sèð neitt í gjafabrèfinu sem mæli á móti því. Þótt börnin væri tekin af fátækum húsfeðrum sem þiggja af sveit, þá sè eg ekki neitt rangt í því, og mèr getur ekki betur skilizt, en að það sè alveg samkvæmt tilgangi gjafarans. Hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði, að fyrirkomulag nefndarinnar mundi auka öreigagiptingar, þar eð fátækir menn mundu fara að gipta sig í þeirri von, að Thorchilliisjóðurinn tæki við börnunum. Eg get nú eigi betur sèð en að þeir mundu allt eins gjöra það, þó skóli væri stofnaður;

því eg ímynda, mèr að þeir geti eins hugsað sèr, að skólinn tæki við börnunum, og því sè öllu óhætt. Hann drap líka á, að sig furðaði á því, að presturinn á Álptanesi væri mótfallinn skólastofnuninni, og hefði ekki stungið upp á, að skóli yrði stofnaður á Álptanesi, þar sem hans væri svo mikil þörf; en eg verð að svara honum því, að presturinn á Álptanesi er ekki hèr á þingi, eða rèttara sagt hann er hèr að eins sem þingmaður Kjósar og Gullbringusýslu, og álítur sèr skylt að styðja jafnt alla hreppa kjördæmis síns til að geta notið góðs af þessu, og hitt ætti vissulega ekki við, ef hann vildi fremur draga taum Álptanes hrepps en hinna hreppanna í því máli, sem snertir þá alla jafnt. Breytingaratkvæðið undir tölulið 12 fer fram á að heimta aptur þessa 7—8000 rd. sem glatazt hafa úr sjóðnum. Þó eg sè sannfærður um, að upp á þessu er stungið í bezta tilgangi þá er eg hræddur um, að það yrði óvinsælt hjá stjórninni og spilli, ef til vill, fyrir málinu, eins og mèr líka virðist það efasamt, hvort svo stendur hèr á, að stjórnin sè skyld til að standa skil á þessu. Ef sjóðurinn hefir ekki verið undir hennar umsjón, heldur Sjálands byskups, þá ætti að krefjast þess af erfingjum hans, en það mundi verða til lítils og væri ekki heldur rèttlátt, því það er ósannað, að það háfi verið nokkru hirðuleysi byskupsins að kenna, að fèð glataðist. Aptur á móti er eg því samdóma, sem talað hefir verið um þann styrk, er jarðyrkjumennirnir hafi fengið, því það var gagnstætt tilgangi gjafarans og gjört með samþykki og vitund stjórnarinnar. Hvað breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns snertir, þá þykir mèr það að því, að gagnið verður þá minna, heldur en ef mestum hluta af vöxtunum væri varið á þann hátt, sem nefndin hefir stungið upp á. Eg sè heldur eigi, að stjórnin hafi kært sig um, að sjóðurinn ykist svo mikið úr þessu, því hún hefir sagt, að hann skyldi vaxa að eins þangað til hann væri orðinn 20,000 rd., en nú er hann 26,000 rd., og í fyrra minnist stjórnin ekkert á að spara skyldi af vöxtunum. Eg vil nú biðja þingmenn vel að athuga, hvort þetta sè eigi hollasti vegurinn, sem nefndin hefir stungið upp á, og hvort eigi sè meira í húfi, ef hinn vegurinn er valinn; því að mèr sýnist það aðalatriðið, að tilgangi gjafarinnar sè látið verða framgengt; en minna í það varið, hverja aðferð menn hafa til þess.

Björn Pètursson: Eg er nú eins og fleiri þingmenn í nokkrum vafa um, hvernig eg eigi að greiða atkvæði í þessu máli, því hèr er fram kominn svo mikill meiningamunur, þar sem nefndin

alls ekki vill hafa skóla, en aðrir þingmenn mæla fastlega fram með honum. Eg segi fyrir mig að eg á bágt með að koma þessu saman, því mèr finnast báðir flokkarnir hafa mikið til síns máls. Eg ráðgjörði við undirbúningsumræðuna, að taka mèr breytingaratkvæði, en af því það var svo líkt breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns, þá fèll eg frá því aptur; mèr finnst nú þetta breytingaratkvæði vel til fallið; það reynir til að miðla málum milli flokkanna; eptir því mætti nú þegar hafa töluverð not fjárins án þess þó að missa sjónar á því augnamiði gjafarans að stofna skóla síðar meir, þegar nægilegt fè væri fyrir hendi, og verð eg því að fallast á það. Hin breytingaratkvæðin eru nú flest frá þeim, sem vilja stofna skóla, og halda fast við orð gjáfabrèfsins. En það er aðgætandi, að tilgangur gjafabrèfsins næst fljótar með því móti, sem nefndin stingur upp á, og fleiri börn geta orðið gjafarinnar aðnjótandi á þann hátt, því eptir uppástungum nefndarinnar sparast allur kostnaður til skólabyggingar og skólahalds, og yrði það eigi alllítið fè, og fyrir það gæti allt að helmingi fleiri börn fengið sómasamlegt uppeldi. Þótt ísjárvert kunni að vera að vikja í nokkru frá orðum gjafabrèfsins, þá finnst mèr þó meira í það varið, að tilgangur gjafarans náist fljótt og vel, heldur en í það, hvor aðferðin er viðhöfð til að ná honum, og með því það er í augum uppi, að fèð er nú sem stendur oflítið til að stofna skóla, þá verð eg heldur að hallast að uppástungum nefndarinnar og breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna. Eg get því eigi gefið atkvæði mitt fyrir fleirum af þessum breytingaratkvæðum, nema tölulið 7, því að mèr finnst það samkvæmara tilgangi gjafabrèfsins að miðað sè við tölu þurfandi barna, en við fólksfjöldann, því það er engan veginn víst, að þetta standi í neinu innbyrðis sambandi eða rèttu hlutfalli. Mèr fannst það misskilningur hjá framsögumanni, að hann sagði, að prestur og hreppstjóri ættu að skera úr, hver börn ættu að njóta styrksins, en það er ei meiningin, heldur að þeir skýri þessari 3 manna nefnd frá, hver börn sè mest þurfandi hver í sínum hrepp, og svo á nefndin að skera úr, hver börn skuli verða aðnjótandi styrksins, án tillits til hvar þau eru. Eg hefi nú ekki neitt á móti tölul. 12 A og B, en eg er hræddur um að lítið komi út af því, því eg býst við, að stjórnin taki eigi nærri sèr að neita um þá peninga sem týndust á árunum 1800—1812 við peningabreytinguna úr sjóðnum. Annað mál er um það fè sem nefnt er undir Litr *b*, því mèr finnst stjórnin skyldug að standa skil á því.

Jón Guðmundsson: Eg held að eigi sè gustuk að tala meira í þessu máli, því umræðurnar eru orðnar ærið langar. Eg stend heldur eigi upp til þess að mæla með breytingaratkvæðum mínum, því að mèr stendur hèr um bil á sama, hvort þau standa eður falla. Eg ætlaði að eins að tala fáein orð til þess að reyna að skýra málið fyrir þeim þingmönnum, sem eptir því sem þeir sögðu ekki eru enn þá farnir að skilja svo í því, að þeir treysti sèr til að greiða atkvæði eptir sannfæringu sinni. Það er nú mestur ágreiningurinn um það, hvort nefndin fari í gagnstæða átt við gjafabrèfið. Eg get nú eigi sèð annað úrræði, en að annnaðhvort sè að hafa skóla án barna eður sleppa skólastofnuninni um sinn, og láta sèr lynda að fá barna-uppeldi samkvæmt gjafabrèfinu og uppástungum nefndarinnar. Eg vil nú spyrja þingmenn, hvort þeir vilji enn þá bæta við þessa löngu halarói af árum, sem eru orðin 104 ár, og láta sjóðinn enn þá ónotaðan ef til vill um 140 ár? Eða hvort þeim sýnist ekki tiltækilegra að taka nu annan kafla gjafabrèfsins og fara að fullkomna aðaltilgang þess, sem Jón heitinn Þorkelsson einkum hafði fyrir augum, þegar hann gaf gjöfina; það hlýtur að vera hverjum ljóst, sem gjafabrèfið les vandlega, að aðaltilgangur gjafarinnar er sá, að sjá börnunum fyrir kristilegu uppeldi, og þó Jón heitinn Þorkelson væri risinn upp af gröf sinni, og væri spurður að, hvort þessi vegur sem nefndin hefir stungið upp á væri ei samkvæmur tilætlun hans með gjöfina, og hvort það væri eigi aðalatilgangur hans, að börnin fengi kristilegt uppeldi, þá mundi hann svara »jú«. Því að mèr finnst það formelt spursmál, hvort stofna eigi skóla eður eigi, til þess að hafa fram barna-uppeldið; kristilegt uppeldi og kristileg uppfræðing fátækustu barna, er aðal- og einka tilgangur gjafabrèfsins, hitt, stofnun skóla, er að eins það meðal, sem gefandi hefir hugsað sèr líklegast til þess að fá þessum aðaltilgangi framgang og eg get því ekki skilið í að barna-uppeldið eigi að standa eða falla með því, hvort skóli sè stofnaður eður eigi. Mèr finnst því nefndin hafa farið nauðsynlegan veg til að fá enda á þessari trènun og þessum fjarskalega drætti, því ekkert getur þó verið gagnstæðara gjafarinnar tilgangi nè ólöglegra en að láta sjóðinn standa svona ónotaðan árum saman. Þá er nú að skoða þessa 2 vegi þann sem nefndin stingur upp á, og hinn sem þingmaður Norður-Þingeyinga fór fram á að stofna skóla strax; eg neita því nú ekki, að það kann að liggja nær að stofna skóla, ef það er eigi hugarburður einn eins og fram-

sögumaður sýndi; því eg held að ómögulegt sè að koma á fót skóla í þá stefnu, sem þingmaður Norður-Þingeyinga fór fram á, með ekki meira fè heldur en nú er í sjóðnum. Þessi þingmaður hefir heldur eigi með einu orði gjört grein fyrir, hvernig þessir 1000 rd. yrði nógir til að byggja fyrir skólahús, og síðan hin næstu árin til þess að halda jörð og til kennslu og uppeldis 20 börnum. Það er hægt að segja að þetta sè nóg, en það er síður en ekki nóg handa 6 börnum, hvað þá handa 20 börnum. Eg held nú að aðaltilgangi gjafarinnar yrði fyllilega náð á þann hátt, sem nefndin hefir stungið upp á, en hins held eg yrði langt að bíða, að skóli geti komizt á; og þó nú væri safnað og safnað, þar til fèð þætti nægilegt, þá gæti þó þær snurður komið á, að skólinn fèlli um koll aptur, og væri menn þá eigi miklu verr farnir og hefði fjarlægzt að koma fram aðaltilgangi sínum í stað þess að styðja hann. Einmitt þess vegna, af því svo margir hankar eru á því að koma upp skólastofnun þessari, þá sè eg nú ekki hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 3 er betra, en uppástunga nefndarinnar; það ætti því að eins við, að líkur væri fyrir, að skólinn yrði bráðum stofnaður og gjafabrèfinu fullnægt með þessu móti í öllu tilliti á þann hátt. Verði ei búnaðarskóla komið upp fyrir 4000 rd. árlega auk leigulausrar bújarðar, þá er eg hræddur um, að þessum skóla verði eigi komið upp fyrir 1000 rd. En því meira fè, sem fengizt getur, því fleiri geta orðið styrksins aðnjótandi á þann hátt sem nefndin hefir stungið upp á; og eg get eigi betur sèð, en að rèttur innbúanna í Kjalarnesþingi sè fyrir löngu kominn til að njóta þessa styrks, og mèr virðist það eigi rètt, heldur þvert á móti alveg heimildarlaust að draga það lengur heldur en orðið er nú um heila öld, að geta orðið aðnjótandi þess verulega styrks, sem gjafabrèfið hefir opnað þeim til kristilegs uppeldis og uppfræðingar, og ekki álít eg heldur rètt að takmarka þenna uppeldisstyrk, þegar hann nú um síðir fengist, sízt svo mjög, eins og breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns; því með hverju verður það forsvarað, eptir þenna langa drátt, að einungis svo sem $^1/_{10}$—$^1/_{20}$ hlutinn geti notið þessa styrks, af þeim sem geta átt heimtu á því eptir gjafabrèfinu. Ef nú er spurt: Hví eiga ekki fleiri að fá að njóta þessa styrks? þá svara þeir, sem móti nefndinni mæla, »við ætlum að stofna skóla«, og hinir svara aptur: Getið þið eigi verið búnir að stofna skóla í undanfarin 104 ár? Á þessi hugarburðar-skólastofnun enn að standa okkur í ljósi um aðra öldina til?. Hverju geta nú þessir skóla-

stofnendur og mótstöðumenn nefndarinnar svarað; með hverju geta þeir rèttlætt sig? Af því eg álít þetta, að veita fátækustu börnum uppeldi og uppfræðingu, sè aðaltilgangur gjafabrèfsins, þá finnst mèr tölul. 12 vera fullkomlega á rökum byggður, nefnilega að ekki þurfi nè eigi að fara til stjórnarinnar um þetta mál. Eg vil að þingið þar með yfirlýsi þeirri skoðun sinni, að hið eina rètta sè að fara með þetta mál til executores testamenti, sem nú eru stiptsyfirvöldin að lögum (*H. G. Thordersen*: Eptir hvaða lögum er það?) Já, stiptsyfirvöldin eru nú yfirráðendur eður executores og forstöðumenn sjóðsins, og líklega eru þeir það ekki með ólögum. En ef þessir núverandi executores testamenti álíta, að þeir hafi eigi heimild til að skipa fyrir eða afráða neitt um það, hvernig gjöfinni megi verja samkvæmt tilganginum og gjafabrèfinu, þá geta þeir leitað um það samþykkis konungs, en eg ætla, að þess þurfi ekki, því konungleg staðfesting er á gjafabrèfinu, svo gjafabrèfið sker sjálft úr þessu eins og önnur lög. Það er og tvívegis samþykkt, að þessi skilningur sè eðlilegur, bæði af kanseliinu 1822, og svo í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar því í fyrra. Það eru nú margir mótfallnir viðauka-atkvæðinu B,a, af því stjórnin muni eigi gjöra það, sem þar er farið fram á; eg efa nú líka, að stjórnin muni taka því sèrlega vel. En hitt veit eg, að sjóðurinn ætti að vera meiri, en hann er, því eptir skýrslu Balles byskups var sjóðurinn 8,850 rd. um árslokin 1793, og hefði hann þá átt að vera orðinn miklu meiri en 9000 rd., um það leyti peningabreytingin varð í Danmörku 1808—1813, er olli þessari fjarska rýrnun sjóðsins eptir því sem Moltke stiptamtmanni segist frá í brèfi hans til kanseliisins 1822. En eg verð að segja það, að mèr finnst það engin læging fyrir þingið að brýna fyrir stjórninni, að þetta fè hafi tapazt undir umsjá hennar og fyrir hennar vangæzlu sakir. Því kanseliið átti að heimta skýrslur um, hvernig fènu væri borgið, þar sem og danskur stiptamtmaður brýnir það með berum orðum fyrir stjórninni, að fèð hafi farizt svona, eg vil eigi segja fyrir handvömm, heldur fyrir vangæzlu hennar. Þingmenn hafa nú sagt, að eigi væri vissa fyrir því fè, sem um er talað undir litr. B b, en ef það er eigi víst, þá veit eg ekki hvað er víst; en það er þó því til sönnunar, að konferenzráð Sveinbjörnsson sál. bar stjórninni það á brýn við konungsfulltrúa á alþingi 1853, að fè þessu hefði þannig verið varið, og konungsfulltrúi sem þá var, mótmælti því ekki, svo eg verð að álíta það viðurkennt af stjórnarinnar hálfu; eg veit og til

þess, að að minnsta kosti einn jarðyrkjumaðurinn fèkk styrk úr þessum sjóði 5—600 rd.

Benidikt Sveinsson: Eg er hræddur um, að mig skorti bæði vit og gæfu til þess, að bægja frá þinginu óhamingju þeirri, er nú lítur út fyrir að standi fyrir dyrum og vofi yfir því. Eg vildi þó ráða þinginu til þess, að hugsa sig að minnsta kosti tvisvar eða þrisvar sinnum um áður en það breytir gjafabrèfi því, er hèr ræðir um, eður rèttara sagt, gefur tillögur sínar til þess, að því verði breytt. Eg held að þingið sè á góðum vegi til að breyta því sem á að vera heilagt, sem ekki má hreifa við hvorki með lögum, dómum nè umboðslegu valdi. Hèr liggja ekki fyrir þinginu almenn lög, sem getur verið spurning um að breyta, heldur er það frjáls vilji og ákvörðun einstaks manns hvernig farið skuli með eigur sínar að sèr látnum. Eg held nú að öllum ræðum og ástæðum framsögumanns sè full svarað og þær fullhraktar, ef hann lætur sèr þetta hugfast, að vèr höfum hèr fyrir oss gjöf dauðs manns, sem hann hefir sagt fyrir, hvernig verja skuli, og að þessi gjöf þar að auki er staðfest af hans hátign konunginum, og sem hefir því lagalega helgi í fyllsta mæli og strangasta skilningi, sem enginn má skerða og enginn breyta nema eptir almennum grundvallarreglum í slíkum efnum. Eg vildi óska, að eg hefði mælsku til þess að sannfæra hið heiðraða þing um það, að það er eins konar óhæfa að hagga og róta við testamentum dauðra manna, og fara með fè þeirra eins og það væri þingsins eigin eign; látum hina *heiðruðu menn,* sem ráða til að breyta testamentinu, eins og nefndin fer fram á, taka sínar eigin eignir, og verja þeim í þá átt, er þeir ráða til; eg vil minna *þingið* á setninguna »litera scripta manet»; vèr eigum ekki og megum ekki gefa eptirkomendum vorum slæmt eptirdæmi með því að reyna að breyta þessum helgidómi svona hreint út í bláinn; þetta mál er að vísu lítið um sig að sumra áliti, en það grípur inn í heilög rèttindi einstakra manna yfirhöfuð í öllum rètthugsuðum afleiðingum sínum. Þessi hugsun leiðir mig nú til þess að vara þingið við að breyta þessu gjafabrèfi af annari ástæðu, en þeim ástæðum sem eg hefi nefnt. Má eg leyfa mèr að minna þingið á það, að þingið hefir að undanförnu byggt miklar fjárkröfur, eg held milliónum skipti, til Danastjórnar einmitt á því, að hún hafi farið líkt að og nefndin nú ræður þinginu til. Sèr hið heiðraða þing ekki fram á þessa gífurlega mótsögn og voðalegu ósamkvæmni? Ef þingið hefir rètt og vald til að ráða konungi til að

breyta þessu gjafabrèfi að ófyrirsynju, hvernig getur það þá með samkvæmni við sjálft sig gjört kröfur til stjórnarinnar um kollektufèð, og margt annað fleira; eg segi hvernig getur það *með samkvæmni við sjálft sig* gjört slíkar kröfur á slíkum grundvelli, sem þessum. Getur þingið gjört slíkt, nema það flæki sig inn í þá hraparlegu mótsögn, að gjöra sig sjálft sekt í því sama broti á almennt viðurkenndum lagagrundvallarreglum, sem það svo ber stjórninni á brýn, til að byggja á því afarháar fjárkröfur? Eg hræðist ekki stjórn konungsins, eg virði hana miklu fremur og elska, og einmitt þess vegna vil eg ráða þinginn í öllu falli að álíta sèr það eigi fært sem henni er ófært. Eg veit að vísu, að augnamið nefndarinnar er »frómt« eða byggt á guðhræðslu og góðum siðum, en þingið verður að gæta að því samt sem áður, að það er alls ekki hið sama og augnamið gjafarans, og því síður það sama sem viljaákvörðun hans. Nefndin ræður nefnilega til þess að gjöra eins konar ofbeldi á dauðs manns eign. Það er víst að ógæfa og tjón hefir áður lagzt yfir fè gjafarans, svo það er tapað að nokkrum hluta, en hvernig er það tapað? Eg get ekki að svo stöddu og án frekari upplýsinga, en hèr eru komnar fram, annað en verið hinum háttvirta varaforseta samdóma í því, að það sè að minnsta kosti óvíst, hvort það sè í laganna skilningi tapað? Þetta þarf þó auðsjáanlega sönnunar við. En hvað um það, varaforseti má samt ekki gleyma hinum svo kallaða »jus fortioris», hann verður, þó eg sè að nokkru leyti á hans máli, að minnast þess, að menn geta ekki gengið að stjórninni með strangar lagakröfur, nema menn hafi að minnsta kosti á strangasta laga-grundvelli að standa. Þó eg sè ekki nema konungkjörinn varaþingmaður, þá veit eg það, að stjórnin fer ekki eptir öðru en ströngum lögum og rètti, þegar honum er beitt; fyrir oss dugar því ekki að fara að dyrum hennar með eiginlega strangar kröfur, nema vèr stöndum á góðum og föstum laga-grundvelli. Eptir mínu áliti getur stjórnin hvorki neitað oss um rèttar kröfur vorar, nè heldur látið undan oss, þegar vèr *heimtum* af henni það, sem vèr getum eigi heimtað með ströngum rètti. Fè er nú að vísu tapað úr þessum sjóði, en þannig, að eg er hræddur um að vèr höfum enga *stranga* lagakröfu til þeirra peninga, að minnsta kosti ekki allra; eg vil nú einungis minna þingið á setninguna: »casum sentit dominus«, og biðja menn það vel að íhuga hvað í henni liggur; eg vil ekki neita því, að sá »casus« sem hèr ræðir um, sè casus mixtus, en þar af leiðir ei frekar en svo, að stjórnin ekki sè að

öllu leyti ábyrgðarlaus, en engan veginn að hún eigi í ströngum skilningi að bera ábyrgðina ein; vèr eigum því að eg held að leita stjórnarinnar í þessu máli með bæn, eins og þess sem yfir oss er sett, en eigi með frekjufullum kröfum eða ofbeldi (*Jón Guðmundsson:* Hefi eg gefið tilefni til þessarar löngu og ströngu ræðu? *Forseti:* Eg ætlaði líka einmitt að geta þess, að eg get ekki sèð, að varaforseti hafi gefið tilefni til hennar. Hann hefir hvergi lýst því, að hann vildi *vaða með ofbeldi* að stjórninni, heldur að send væri bænarskrá). Nei! það hef eg heldur aldrei sagt, heldur hefi eg bent á, að bæn þingsins geti lýst eins konar frekju og ofbeldi á þeirri rèttu og skynsamlegu aðferð við stjórnina í þessu máli, en hitt getur vel verið, að eg hafi orðið helzt til fjölorður og berorður um mína almennu hugsun, án þess eg á nokkurn hátt benti ræðu minni á móti hinum háttvirta varaforseta, frekar en öðrum þingmönnum, nema að því leyti sem atkvæði hans á atkvæðaskránni hefir komið mèr til að nefna hann fremur en aðra; en það sem eg vildi taka fram, og tek enn fram var, að benda þinginu á, að ef það biður um það, sem nefndin fer á flot, þá gjörir það sig sekt í þeirri herfilegustu mótsögn, það biður þá stjórnina um það núna, sem það áður hefir fundið að, að hún hafi gjört móti lögum og rètti vor Íslendinga; og þegar maður skoðar þessa þingsins aðferð frá pólitisku sjónarmiði, þá grefur það sèr sjálfu gröf. Eg get því ómögulega fallizt á, að það sè ráðlegt eður gjörlegt eður jafnvel löglegt að ganga þenna veg. Eg álít miklu fremur að stiptsyfirvöldin hingað til hafi farið öldungis rètt að, nefnilega að leggja renturnar upp og safna sjóðnum til þess tilgangi gjafarans þó einhvern tíma með honum yrði náð að byggja skólann. Mèr dettur nú og í hug vegur sem stiptsyfirvöldin nú gætu gengið, en það er ekki nema eitt ár síðan hann varð þeim fær; vegurinn er þessi, að taka fátækustu börnin í Kjalarnesþingi og kenna þeim í barnaskólanum í Reykjavík: en þessu álít eg að þingið að eins geti hreift sem bendingu til stiptsyfirvaldanna og engra annara. Eg hef nú tekið fram þessar almennu athugasemdir sem eg vil að sjáist í þingtíðindunum, til þess að eg sè úr ábyrgð, en þingið ræður hvað það gjörir. Ef þingið þar á móti vildi biðja vorn allramildasta konung um styrk til þess að auka sjóðinn til skólabyggingarinnar, svo augnamiði gjafarans yrði framgengt nú þegar, þá vildi eg mæla fram með þeirri aðferð, og þetta sýnir líka atkvæðaskráin, þó þetta sè ekki aðalatriðið í málinu, heldur

hitt, sem eg margsinnis hefi bent á, skoðað frá sjónarmiði bins veglynda gjafara, þingsins og stjórnarinnar, sem eg vildi óska að öllum skeði fullur rèttur. Eg vil enn þá einungis gjöra þá athugasemd, að ef breytingaratkvæði mitt fellur, þá neyðist eg þó til að gefa atkvæði mitt fyrir viðauka-atkvæði hins háttvirta varaforseta undir 12. tölulið b, sem eg þó vildi láta skilja samkvæmt því sem eg hefi bent á í ræðu minni en þar á móti greiði eg atkvæði móti 12. tölulið a; því eins og eg gat um áðan, þá gætu stiptsyfirvöldin styrkt fátæk börn úr Kjalarnesþingi og komið þeim í barnaskólann hèr í Reykjavík. Eg er ekki vanur að gjöra grein fyrir atkvæðagreiðslu minni, eins og eg hefi nú gjört, en eg bið hið heiðraða þing að gæta vel að ástæðum mínum fyrir þessu sem eg nú ei þarf framar að taka fram. Viðvíkjandi því sem varaforseti sagði að hann hefði þekkt 2 börn úr hinum forna Hausastaðaskóla sem hefðu misheppnast, þá vil eg bæta því við það, sem eg við undirbúningsumræðuna tók fram móti þessari viðbáru; mèr er þó nær að halda að fyrir 1000 rd. árlega megi gjöra meira, og samkvæmara tilgangi gjafabrèfsins, en nefndin hefir bent á, því í gjafabrèfinu er engin viss tala tiltekin; menn verða vel að gá að þessu, ef menn vilja skilja rèttilega og framfylgja rèttilega augnamiði gjafarans, og að menn gjöri sèr far um það er ekki of mikil laun fyrir hans »fromme Öjemed«, því í því innibindast ekki einungis andleg heldur og líkamleg gæði fyrir föðurland vort, og líka hvöt fyrir aðra til að ganga í hans fótspor, en það er með því einu móti að það ásannist, að það standi heilagt og óhaggað fyrir öllum tillögum vorum og aðgjörðum stjórnar konungs vors.

Jón Pèturssón: Eg býst ekki við, að geta haldið neina sannfærandi ræðu fyrir þingi nú í þessu máli en eg álít mèr skylt að láta þá meiningu mína í ljósi, að eg held að með þetta mál ættu menn ekki að fara til stjórnarinnar, og eg álít það alveg rangt, að senda konungi bænarskrá er færi í þá átt, sem nefndin stingur upp á. Testamentið fer fram á, að stofnaður sè skóli í Kjalarnesþingi, en menn mega víst ekki fara samt svo strangt í þetta, að menn álíti, að endilega verði, að stofna barnaskóla af gjafafènu og að ekki megi nota neinn annan barnaskóla í Kjalarnesþingi, til að koma þeim börnum á er af gjafafènu eiga að njóta uppeldis og uppfræðslu, en einmitt þann, er stofnaður sè af því fè, eg er sannfærður um, að gjafarinn ekki hefði haft neitt á móti ef á hans dögum hefði verið til barnaskóli í Kjalarnesþingi, að börn þau, er hann vildi

hjálpa, væri komið á hann; nú vill svo vel til að skólinn hèr í Reykjavík er í Kjalarnesþingi, og því álít eg öldungis rètt og samkvæmt anda gjafabrèfsins að nota hann, og þurfa menn því enga bænarskrá að senda í þessu máli, eins og eg þegar sagði, því eg álít, að stiptsyfirvöldin hafi rètt til og sèu beinlínis skyldug, sem executores testamenti að verja vöxtunum af gjafafènu börnum þeim til uppeldis og uppfræðslu á barnaskólanum í Reykjavík, sem gjafabrèfið nær yfir. Eg álít mjög svo mikið í það varið, að reyna að fá aptur endurgoldið það fè, sem sjóðurinn hefir misst, og því hefði eg fallizt á atkvæði undir tölul. 12 B., ef það hefði verið breytingaratkvæði við nefndarálitið, en af það er viðauka-atkvæði við álitið verð eg að halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölul. 1.; það er og linfeldugri máti að biðja um fèð, en í ástæðunum vildi eg láta geta þess, hvernig sjóðinum hefði tapazt fè, og frá því er sagt í viðauka-atkvæðinu 12. B. Að hinn virðuglegi konungkjörni varafulltrúi ræður þinginu, að stofnaður sè sèrskildur barnaskóli af gjafafènu, er, þó mèr eigi sýnist það nauðsynlegt, samt langtum rèttara, en það sem nefndin fer fram á, því það er mín meining, að þingið hafi engan rètt til að breyta dauðs manns gjöf, svo lengi sem menn ekki sjá, að það er öldungis ómögulegt, að vilji gjafarans geti náð framgangi; en þetta vill einmitt nefndin gjöra, og því er eg með öllu á móti uppástungu hennar, eins og eg opt hefi sagt; hún vill ekki hafa að börnin sèu sett í barnaskóla og gengur því þvert ofan í það, sem eg er sannfærður um, að Jón Þorkelsson meinti, þegar hann samdi gjafabrèfið. Þessi aðferð nefndarinnar gæti þar að auki mjög skaðað þingið í öðru tilliti, ef það aðhylltist hana, eins og hinn virðuglegi konungkjörni varaþingmaður rèttilega áðan gat um. Það er líkt ástatt með kollektufèð; stjórnin hefir brúkað nokkuð af því í landsins þarfir, til að mæla strendur landsins með, og eg er viss um, að hún hefir gjört það í bezta tilgangi, en þinginu hefir einlægt þótt þessi aðferð stjórnarinnar miður rètt, af því fèð hafi verið brúkað til annars augnamiðs en það var gefið í, en þá verður líka það öldungis rangt af þinginu nú að fara þess á flot við stjórnina, að hún verji Thorchilliisjóðsfènu öðruvísi, enn hann hefir tilætlað. En nefndin þykist nú vilja verja fènu með öllu samkvæmt vilja gjafarans, þegar hún stingi upp á, að börnunum sè komið fyrir hjá ráðvöndum og vænum mönnum, því þau geti notið þar allt eins góðrar uppfræðingar og í barnaskóla, og þá sè tilgangi gjafarans náð. En það er þó auðsætt, að

hefði Jón Þorkelsson lifað nú, hefði hann ekki verið ánægður með þessa ráðstöfun á fè sínu; hann hefði þá getið hennar sjálfur, því eg er sannfærður um, að á hans dögum hafi verið hèr í Kjalarnesþingi margir allt eins ráðvandir menn og nú eru hèr. En hann hefir ekki álitið, að sú uppfræðing, er börn gætu fengið á þann veg, væri eins góð og trygg og þau geta fengið í barnaskólum góðum; og það undrar mig mikillega, að sumir af nefndarmönnum skuli nú álíta, að börn í bæjum eður í kotum skuli geta fengið eins góða tilsögn þar, sem í barnaskólum, þar sem þeir þó álitu það ómögulegt, þegar var verið að tala um það, hvort stofna skyldi barnaskóla hèrna í Reykjavík, og hvort ekki mætti í þess stað koma börnum þeim, sem ekki gætu fengið kennslu heima, fyrir á góðum bæjum hèr í bænum til að fá þar tilsögn þá, er þau þyrftu. Nefndin segir, að það vanti fè til að stofnsetja barnaskóla fyrir í Kjalarnesþingi; en er þá ekki barnaskóli hèr í Kjalarnesþingi? Jú, hann er hèrna í Reykjavík; hún segir og, að það vanti kennendurnar á barnaskólann; en eru þá ekki kennendur hèrna á barnaskólanum? Jú vissulega, og þeir mundu vera eins færir um að kenna börnum annarstaðar úr Kjalarnesþingi, eins og þeir eru færir um að kenna börnunum hèrna í bænum. Úr því nú barnaskóli er hèr til í Reykjavík, sem er einmitt í Kjalarnesþingi, þá sýnist mèr það beint eptir gjafabrèfinu, að fátækum börnum úr Kjalarnesþingi og sem eiga að njóta góðs af gjafafènu, verði komið á hann. Samkvæmt þessu ætla eg mèr helzt að gefa atkvæði fyrir breytingaratkvæðinu undir tölulið 1. og vil eg, að í ástæðunum til þess sè getið um fè það er sjóðnum hefir tapazt og getið er í viðauka-atkvæðinu undir tölulið 12 »B«; sömuleiðis gef eg atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæðinu undir tölulið 5., ef breytingaratkvæðið undir tölulið 1. fellur.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að þessu sinni að fara langt inn í málið, það er nóg búið að ræða um það aptur á bak og áfram. Eg vil einungis geta þess, að þegar hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður bregður þinginu um, að það muni fara ólöglega að, ef það aðhylltist nefndarálitið, þá hef eg eins mikinn rètt til að vara það við því, ekki að ónýta málið. Hèr er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að fallast á nefndar uppástungurnar ellegar að bíða; eg get heldur ekki sèð, að tilgangi gjafabrèfsins sè breytt, þótt menn fallist á uppástungu nefndarinnar undir tölulið 4. Eg hef og ekkert á móti því að fallast á það,

sem hinn 4. konungkjörni þingmaður gat um, að börnum úr Kjalarnesþingi yrði komið í barnaskólann í Reykjavík til kennslu; það er heldur ekkert á móti því í nefndarálitinu. En það þykir mjög óheppilegt, ef hann vill láta taka það fram, í niðurlagsatriðunum, að hann þá skyldi eigi bera upp um það breytingaratkvæði. Og þegar hann bregður mèr og hinum heiðraða varaforseta um, að vèr sèum nú komnir á gagnstæða skoðun þeirri, sem vèr hefðum verið á áður, þègar við vorum báðir fulltrúar, og áttum um stofnun barnaskólans hèr í Reykjavík að ræða, og hefðum einmitt verið mótfallnir uppástungu hans, að koma börnunum fyrir, þá segir hann eigi rètt frá, því að hann stakk eigi upp á því, heldur upp á 7 umgönguskólum (*Jón Pètursson*: Þeir voru að eins 2); það er sitt hvað, að fá mann til að ganga á milli og kenna börnunum, og að koma börnunum fyrir á áreiðanlegan stað; en ef þingmaðurinn álítur að nokkuð sè þessu til fyrirstöðu, þá þurfti hann ekki annað, en taka sèr breytingaratkvæði á seinasta fundi í þá átt; eg get heldur ekki sèð, að nefndin með uppástungum sínum haggi eða skaði vorar politisku og juridisku kröfur til Danastjórnar, því að biðja um að vöxtunum af sjóðnum verði varið á þann hátt sem þingið álítur rèttast, getur aldrei skaðað vorar juridisku kröfum. Í gjafabrèfinu er ekki neitt tiltekið um fjölda barnanna, það er satt, en til hvers er vera að stofna skóla, ef fèð er ekki nema til að kenna 2 eða 3 börnum fyrir, það yrði allt of dýr uppfræðing; það er og stór munur að framkvæma tilgang gjafarans á þann hátt sem nefndin fer fram á, og að nota fèð eins og stjórnin forðum gjörði kollektusjóðinn, til strandamælinga; nefndin fer hèr eptir tilgangi gjafarans, en stjórnin hefir ekki í hinu farið samkvæmt tilgangi þeim, sem lá til grundvallar fyrir stofnun kollektusjóðsins. Eg ætla ekki að tefja lengur þingmenn í þetta sinn, því eg álít að nóg sè búið að ræða um þetta mál, en eg vil einungis enda með því, að eg er sannfærður um, að nefndin hefir gjört allt sitt til þess að fyrir málinu yrði sem fyrst greitt á löglegan hátt.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr, eins og aðrir góðir þingmenn, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Eg hlýt að vera á móti nefndinni, af því að eg sè ekki að tilgangur gjafarans náist betur þó farið sè að koma börnunum fyrir, en þó skóli sè stofnaður. Eptir uppástungu nefndarinnar á að skipta 1000 rd. svo niður, að 40 rd. sèu gefnir með hverju barni eður með 25 börnum; svo á nú að koma þessum 25 börnum fyrir á 25 staði. En ætli

nú kennsla á 25 stöðum verði ódýrari en á einum stað? Ef svo er, þá væri bezt að hætta við latínuskólann hèrna, og dreifa piltum víðs vegar út um allt land. Eg held það sè óhætt að fullyrða, að hèr rætist málsháttúrinn, að hin »góða meining« nefndarinnar »gjöri enga stoð«, því hún miðar til að sundra kröptunum og því að veikja þá. Eg verð einnig að vera á sama máli og hinn konungkjörni varaþingmaður, að það sè ólöglegt og ófært, að vèr tökum oss þann myndugleika að breyta dauðra manna testamenti, því ef vèr gjörum það, þá getum vèr eigi fundið að því, að stjórnin gjöri það líka; þá getur hún sagt t. a. m, að hún hafi varið rètt fènu úr kollektusjóðnum, því sè það landinu til gagns, að menn rati að ströndum þess, þá eru strandmælingarnar landinu í hag. Eg hefi opt haft tækifæri til að tala um ósamkvæmni hjá þinginu, bæði áður og síðast í dag, og hefi sagt, að álíti þingið, að það hafi rètt til að gjöra það, sem það segir, að stjórnin ekki hafi rètt til, þá gjörir það sig að athlægi og tillögur sínar að engu. Það vald sem vèr höfum er siðferðislegt vald, og því er allt undir því komið, að vèr neytum þess með skynsemi, en það er engin skynsemi sem er önnur í dag en önnur á morgun. En ef vèr fylgjum fram skynsamlegri skoðun með samkvæmni og festu og með vandvirkni og stillingu, þá er eg sannfærður um, að stjórnin taki uppástungur vorar til greina, þó þingið sè eigi nema ráðgjafarþing. Eg fellst á uppástunguna undir tölul. 1. og ef hún fellur, þá á breytingaratkvæði þingmanns Norðurþingeyinga. Á breytingaratkvæði varaforseta get eg ekki fallizt. Eg hef reyndar ekki mikið á móti 12. b. en þó get eg eigi fallizt á það, því þessi sjóður er þó eigi nema ein grein af fjárhagsmálinu, og vèr ættum eigi að fara að káka við það, og svo þykir mèr það eiga illa við, að alþingi, sem er ráðgjafarþing, fari að taka svona fram í fjárhagsmálið, þótt eigi sè nema í einni grein, sem verður síðan borin upp fyrir þing hèr á landi, er þó fær miklu meiri rètt til að leiða það mál til lykta en vèr getum nú haft.

Framsögumaður: Ef nokkur breyting er á gjafabrèfinu, breytir þingið alls engu, heldur biður stjórnina að breyta.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari umræðu lokið og vil eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði B. Sveinssonar við niðurlagsatriði nefndarinnar (á. 8. og 11. tölul.). Samþykkt með 12 atkv. gegn 10.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru töluliðirnir 2—12 A. incl. sjálffallnir.

Var þá gengið til atkvæða um 12 B og

a, samþykkt með 12 atkv. gegn 8. og

b, samþykkt með 14 atkv. gegn 3.

13. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu: Fellt með 11 atkvæðum gegn 8.

Forseti: Til mín er komið nefndarálit í málinu um fjárforráð ómyndugra. Einnig vil eg geta þess að eg á næsta fundi mun skora á konungsfulltrúa um að lengja þingtímann. Eg get þess, svo formenn í nefndunum sèu viðbúnir að gefa upplýsingar um, hvað málunum líður. Ákveð eg þá fund til á morgun á hádegi.

Fundi slitið.

Átjándi fundur — 29. júlí.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagsskráarinnar, skal eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit í Kelsalls málinu; bænarskrá frá 20 Íslendingum í Kaupmannahöfn *um rètt útlendra manna til embætta hèr á landi,* bænarskrá frá 40 mönnum í Kjósarsýslu *um niðurskurð,* og uppástunga þingmanns Barðstrendinga *um uppbót á rýrustu prestaköllum.*

Enn fremur kemst eg ekki hjá, þar sem nú einungis eru 3 dagar eptir af hinum lögskipaða þingtíma, að skýra hinum háttvirta konungsfulltrúa og þinginu frá því, sem mèr er kunnugt um meðferð og afgreiðslu þeirra mála, sem tekin hafa verið til nefnda. Þau eru 30 alls, af þeim eru 8 fullrædd, 2 hálfrædd, en 20 órædd að öllu leyti, og af þeim eru nefndarálit að eins komin í fjórum. Þar sem nú 20 mál eru órædd og nefndarálit ókomin í 16 málum, og þar af eru 3. af hinum konunglegn frumvörpum nl. hjúamálið, fjárkláðamálið og sáttatilraunamálið, og eru í öllu falli 2 af þeim ein af hinum margbrotnustu og vandasömustu málum, sem þingið hefir til meðferðar, þá leiðir af því, að brýna, já óumflýanlega nauðsyn ber til, að þingtíminn mætti verða nokkuð lengdur, því auk hinna konunglegu mála, sem sjálfsagt verða að komast af, og

eiga að ganga á undan, þá eru nokkur hinna þegnlegu mála mjög umfangsmikil og merkileg mál. Hve mikla lenging mundi þurfa, er ómögulegt að ákveða nákvæmlega, því það er komið undir eðli málanna, meðferð þeirra á þinginu, eða hve fáorðir og gagnorðir menn eru um þau, en mest undir því, hvenær nefndarálitin koma. Þegar nú er að ræða um viðauka við þingtímann, þá verður að skoða hann frá 3. hliðum, frá hlið stjórnarinnar, sem leyfið á að fást frá, frá hlið þingmanna, einkum þeirra sem langt eiga til heimila sinna og meiri og minni ástæður munu hafa til að óska að komast sem fyrst af stað, og frá hlið landsmanna, sem kostnaðinn eiga að borga. Hvað hið fyrsta snertir, þá verð eg að byggja traust mitt og von á hinum hæstvirta konungsfulltrúa, bæði á nærgætni hans, þar sem hann veit hversu stutt málin eru á leið komin, að ekki verði mörg og merkileg mál órædd og óútkljáð, og á myndugleika þeim, sem hann kynni að hafa fengið frá stjórninni hèr að lútandi; hvað hina aðra hliðina snertir, þá vona eg að þingmenn þeir, sem langt eru að komnir, meti meir hið almenna gagn en sitt eigið, og sitji svo lengi á þinginu sem nauðsynlegt er og konungsfulltúi leyfir, og hvað 3. hliðina snertir, þá efast eg ekki um, að þó alþingiskostnaðurinn sè mikill og tilfinnanlegur, að landsmenn vilji þó af tvennu illu kjósa hið minna, nefnilega nokkurn viðauka við kostnaðinn, heldur en að mörg merkileg mál verði óútkljáð og leiði ef til vill seinna af sèr kostnað.

Sökum þessa vil eg leyfa mèr í auðmýkt að skora á hinn háttvirta konungsfulltrúa, að hann, máske með hliðsjón til þeirra upplýsinga, er formenn nefndanna kynnu að gefa, einkum í hinum konunglegu málum, vilji skýra þinginu frá, hvort hann eigi hefir myndugleika til, að lengja þingtímann eptir því, sem nauðsyn er á, og einnig að tiltaka hve mikið hann treystist til að lengja hann.

Konungsfulltrúi: Eg skal lýsa því yfir, að eg hefi ekki fengið frá stjórninni neinn myndugleika til þess að lengja þingtímann í þetta skipti fram yfir þann lögskipaða tíma, enda mun stjórnin hafa álitið, að þinginu hefði verið unnt, að ljúka þeim málum af, sem hún lagði í þetta skipti fyrir á þeim lögákveðna tíma, sem og hefði verið unnt, ef þingið hefði ekki tekið svo mörg önnur mál til meðferðar, sem hafa tekið upp tímann fyrir því, frá stjórnarmálunum, svo ekki er búið nú undir þinglok að ljúka við nema *eitt* af þeim, en það er nú komið sem komið er, og auðsætt, að þau mál sem eptir eru, ekki geta orðið búin á þeim reglulega þingtíma;

nauðsyn brýtur hèr því lög, eg neyðist því til að láta að ósk þingsins, að lengja það nokkuð, svo einhver úrslit geti komizt á málin, og vil eg þá þegar einskorða tímann til þess 10. næstkomandi mánaðar inclusive, enda geta að mínu áiiti stjórnarmálin, ef tímanum er vel varið til þeirra, og það verð eg fastlega að áskilja verði gjört, í öllu falli orðið búin á þessum tíma, og það verður að vera á þingsins ábyrgð að svo verði. Eg vona að hið heiðraða þing sjái og viðurkenni, að eg hafi farið hèr svo langt, sem mèr eptir kringumstæðunum er fært. Mèr er hèr vandfarið yfir fyrir stjórninni, frá hverri eg enga heimild hefi til að lengja þingið eins og beðið er um, og gagnvart þjóðinni, sem á að borga kostnaðinn af þinghaldinu, og hverrar ósk og vilji það er og hlýtur að vera, að þessi kostnaður ekki sè aukinn nema af brýnustu ástæðum.

Jón Guðmundsson: Mèr þykir nú að vísu þessar undirtektir hins háttvirta konungsfulltrúa góðar, og því þarf eg ekki að fara mörgum orðum um málið; en þar sem hann sagði, að hann engan myndugleika hefði fengið frá stjórninni til þinglengingar, þá sýnist mèr þessi myndugleiki einmitt liggja í því, að frá stjórnarinnar hendi ekki er komin fram nein bending um það, að þinghaldið skuli vera styttra en nauðsynlegt er eða vant hefir verið á seinni tímum. Hún hefir þvert á móti bent á, að hún hefir búizt við, að þetta þing varði ekki skemur, með því að hún hefir ætlað jafnmikið fè frá sinni hendi til þessa þings, eins og þegar það hefir varað lengst. Eg vil reyndar ekki stuðla til þess, að þingið sè lengra en þörf er á, en eg vil taka það fram, að þó einungis sè tekið tillit til hinna konunglegu frumvarpa, þá yrði þeim þó naumast komið af fyrir hinn 10. ágúst, nema með því, bæði að láta hin þegnlegu mál verða alveg útundan, og með því, að ofbjóða kröptum einstakra þingmanna, því það verður mjög mikill vandi og þarf langan tíma til að semja álitsskjölin í þessum konunglegu málum. En auk þess verður hinn háttvirti konungsfulltrúi og þingíð vel að gæta að því, að þó það máske væri kljúfandi að koma öllum málunum af fyrir hinn 10. ágúst, ef enginn ágreiningur yrði í nefndunum, þá verður það alls ekki ef nokkur ágreiningur kæmi fram; en það getur þingið alls ekki sagt fyrir, að ekki verði. En ágreiningur í nefndunum gjörir ei að eins lenging á þingræðunum, heldur þarf einnig miklu lengri tíma til að semja þar að lútandi skjöl, svo sem atkvæðaskrár og álitsskjölin til stjórnarinnar. Eg vil nú reyndar engu spá um þessi tvö konunglegu mál, sem eg er

einn nefndarmaður í og ekki eru búin í nefndunum; en það getur enginn fullvissað um, að enginn ágreiningur verði um þau. Hvað mèr sjálfum sèrstaklega viðvíkur, þá vil eg að vísu ekki liggja á liði mínu, en eg vona, að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi þá nærgætni, að hann ekki, þar sem að eins er að gjöra um 2 eða 3 daga, heimti að eg ofbjóði kröptum mínum, og þar sem forseti hefir ráðgjört þegar við þinglausnir, að víkja hèðan, þá lendir á mèr umfangsmikill og erfiður starfi, að afgreiða öll málin til stjórnarinnar, og þá þætti mèr illt, ef eg hefði gengið svo fram af mèr, að eg gæti það eigi svo í lagi færi. Eg álít því þetta heldur stuttan tíma, en ef þingið væri lengt til hins 13. til 15. ágúst, ímynda eg mèr, að öllum málunum yrði vel af komið, og þá yrði þó þingið 5—7 dögum styttra en undanfarin þing.

Konungsfulltrúi: Ef þingið eindregið álítur, að brýna nauðsyn beri til þess, þá vil eg eigi skorast undan að lengja þingið til hins 14. ágúst næstkomandi, þannig að öllum málunum verði þá lokið og þinginu svo sagt upp þann dag eða í seinasta lagi þann 15. ágúst, þetta er sú mesta lenging sem eg dirfist að ráðast í og hún hlýtur líka að vera nægileg ef vel er með tímann farið; frekari lengingar verður því ekki að vænta,

Forseti: Eg álít óþarfar frekari umræður um þetta mál, þar sem undirtektir hins háttvirta konungsfulltrúa voru svo góðar, sem þingið framast gat óskað. Eg vil einungis snúa mèr til hinna háttvirtu formanna i nefndunum, einkum í hinum konunglegu málum, þar sem ábyrgðin nú liggur mest á þeim, að þeir hraði afgreiðslu þeirra sem mest svo að nefndarálitin komist sem fyrst og bezt frá þeirra hendi.

Þá kemur næst eptir dagsskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu *um laun hreppstjóra.* Framsögumaður er þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg vil leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 191.

Eg skal ekki lengja þingræðurnar að svo stöddu fyrr en eg heyri ræður annara þingmanna, tíminn er ekki oflangur fyrir það.

Konungsfulltrúi: Eg leyfði mèr við inngangsumræðuna í þessu máli, að taka það fram, að þó allir yrðu að viðurkenna, að verkamaðurinn er verður launanna, þar sem hreppstjórarnir ættu

hlut að máli, sæi eg þó ekki, eins og nú stendur, neinn útveg til að þeim yrði útveguð laun úr opinberum sjóði, enda væri nú líka ef til vildi von á breytingu í sveitarstjórninni, og kynni við það að verða veruleg breyting á stöðu hreppstjóranna. Þetta sem eg þá sagði, verður mèr nú enn þá ljósara við nefndarálitið, því þar í er upp kveðið, hvað þurfa muni til þess, að bæta úr kjörum hreppstjóranna, en þessi upphæð er svo mikil að það er að mínu áliti ekki að hugsa til þess, að stjórnin muni geta fengið ríkisþingið til þess, að veita Íslandi þetta fè. Eg verð því enn þá að halda þeirri skoðun fram, að þau einustu úrræði í þessu máli sèu þau, að sveitirnar hver um sig leggi hreppstjórum þeirra árlega nokkurn fèstyrk eða laun t. a. m. 30 rd. um árið, og eg veit líka til þess, að þetta er sumstaðar gjört, og til þess þarf engrar íhlutunar frá hálfu hins opinbera, og eg segi líka, að þegar sú viðurkenning þó er almenn, að hreppstjórar eigi skilið að fá laun fyrir starfa sinn, og þeir ekki geta fengið þau úr opinberum sjóði, þá ættu menn líka að sýna viðurkenning sína í verkinu, og það geta menn með þessu móti. Það hjálpar ekki fyrir oss í hvert skipti, sem eitthvað þarf að framkvæma, að fara til stjórnarinnar og biðja um að hún leggi til fè, sèr í lagi, nú þegar verið er að biðja um aðskilnað á fjármáli Íslands frá Danmörku, og þessi aðgreining stendur nú fyrir dyrum. Eg held eg megi fullyrða, að ríkisþingið muni svara stjórninni því, að þessu máli verði að fresta, þangað til Ísland hafi fengið sín eigin fjárforráð, og mèr þykir líka slíkt svar eðlilegt.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr út af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, að taka það fram, sem ekki heldur dylst fyrir neinum, að nefndin gjörði mun á þessu tvennu sem hreppstjórarnir gjöra, að þeir starfa bæði sem lögregluþjónar og sem fátækrastjórar, og sú skipting held eg sè öldungis rètt og eðlileg. Þegar eg nú vík til þessarar skiptingar, þá eru hèr tveir hlutaðeigendur sem á að vera annt um að kjör hreppstjóranna batni, það er sveitin, að því leyti sem þeir eru fátækrastjórar, og hið opinbera, að því leyti sem þeir eru lögregluþjónar; eptir þessum skiptum hlýtur það að fara hvaðan launin eiga að koma, og það er því auðvitað, að, að því leyti sem sveitinni er annt um kjör hreppstjórans, þá verður það skylda hennar að borga þeim, eins hlýtur það og að vera skylda hins opinbera að borga þeim, að því leyti sem það hefir gagn eður hag af þeim, sem lögregluþjónum; en nefndin komst nú að þeirri niðurstöðu, að fátækrastjórnin sè borgara-

leg skylda, með því að hreppsbændum liggja á herðum eigi að eins matgjafir til hinna fátæku heldur og einnig allt annað, sem til fátækrastjórnar heyrir, svo sem að koma fátæklingum fyrir eður setja þá niður og sjá þeim fyrir kosti, aðhjúkrun og uppfræðingu o. s. frv. eptir þörfum og atvikum. Eg vil enn fremur bæta því við, að eg veit ekki til, að stjórn fátækra mála sè örðugri nú en hún hefir verið frá alda öðli nema miður sè. En þar á móti hefir smátt og smátt meiru og meiru verið dyngt á hreppstjóra af öllu því, sem skylt á við lögreglustjórn, og það án þess þeir hafi fengið einn skilding fyrir það af hinu opinbera. Spursmálið er því um, hvort hið opinbera sè eigi svo »interesserað» í að hafa duglega hreppstjóra, að það sè brýn skylda þess, að launa þeim sem lögregluþjónum. Þegar líka er gætt að því, að þeir geta sagt af sèr eptir 3 ár og líka geta látið setja sig af með því að gjöra einhver glappaskot í hreppstjórninni, og eins að hinu, að ef hreppstjórinn er óhlýðinn við sýslumanninn, þá getur engin góð lögreglustjórn átt sèr stað. Spurningin verður því þessu næst um, hvert hið opinbera vill gefa nokkra skildinga til þess að hafa góða lögreglustjórn í landinu. Ef hinn háttvirti konungsfulltrúi tekur þetta fram við stjórnina, get eg ekki skilið í því, að stjórnin veitti því ekki áheyrn; annars verð eg að álíta, að stjórninni sè ekki annt um, að lögreglustjórnin sè öflug eður jafnvel sè hèr til.

Jón Hjaltalín: Eg held líka að þing Dana, er í öllum málum hefir sýnt landi þessu svo mikla velvild, muni líta á nauðsyn vora í þessu efni, og eg veit ekki hvaða ráð þingið á að hafa, til að koma neinu nytsamlegu fram, nema það hafi það, sem menn kalla »nervus rerum», því ef menn allt af eru í vandræðum með peninga, þá verður ekkert gjört, og það veit eg að er á móti vilja ríkisdagsins. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri náttúrlegast að sveitirnar borguðu hreppstjórunum, þetta er nú að vísu satt, en eg held að það sè búið að dyngja svo miklu á sveitirnar nú um stundir, að þær sèu ekki færar um að bera meira, og meðan við höfum ekki vald til að leggja á »indirecte skatta« þá höfum við ei önnur ráð, en að biðja þá, sem fjárráðin hafa, að leggja til það fè, sem þarf. Eg held líka, að það sè synd að segja, að ríkisdagurinn sè sýtingssamur með skildinginn, og ef það væri brýnt fyrir honum, hvernig hèr á stendur, þá mundi hann sjá, að hèr þarf eitthvað að gjöra; það vita allir hvílík vandræði hèr eru með hreppstjórnirnar; þessir aumingja menn mega þræla fyrir ekkert, svo að

ómögulegt er að fá menn til þess, og það er þó gamall málsháttur: »að viljugan er hvern bezt að kaupa« og að »verður er verkamaðurinn launanna«. Það er heldur ekki mikið, þó hver ætti að fá frá 20 til 60 rd.; en það álít eg betra, að hafa duglegan hreppstjóra, heldur en að vera að gutla með þessar sveitanefndir, því það höfum við séð, að öll nefndarstjórn yrði hér í ólagi, og ef sú grautargjörð kæmist hér á, mundi lítið verða gjört; hér er því brýn nauðsyn, og eg veit að þingið vill reyna að gjöra það, sem það getur, og það er hart að verða að bíða svona ár eptir ár og ekkert geta gjört af því engir eru peningarnir til, og eg er hræddur um að þessi mótbára, að ríkisdagurinn ekki vilji leggja peninga til muni heyrast hér optast í öllu falli þegar gufubátamálið kemur fyrir, en eg vona samt, að það vaxi ekki ríkisdeginum svo mjög í augum sem menn halda, þegar nauðsynin liggur bein fyrir honum. Það er þá aldrei annað en að við fáum nei. Þingið hefir í öllu falli sýnt, að það vill gjöra sitt til að bæta úr kjörum hreppstjóranna, ef það vill gjöra góðan róm að málinu.

Pètur Pètursson: Eg var nú einn af þeim, sem vildu láta setja nefnd í þetta mál, því mèr fannst full þörf á, að hreppstjórum sè launað, því þeir hafa hingað til þrælkað fyrir alls ekki neitt. Nefndin hefir nú sýnt ljóslega fram á, að það er bæði nauðsyn og skylda að launa hreppstjórunum, enda hefir hún citerað bæði Grágás og fleiri eldri lög þessu máli til styrkingar, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá fer að dofna yfir nefndinni, því hún annaðhvort getur ekki eða vill ekki sjá nein úrræði til að launa þeim. Hún segir: Farið í ríkissjóðinn og vermið yður þar og mettið, en það er það sama sem að segja, þið eigið laun skilið, en getið ekki fengið þau, og fáið ekki. Eg er hræddur um, að ríkissjóðurinn finni sèr ekki skylt að launa hreppstjórum, og það því síður, sem að þau litlu laun, sem þeir nú hafa, eru af tekjum ríkissjóðsins. Þar á móti fá þeir ekkert fyrir stjórn sveitarmála og fátækramála, nè heldur fyrir það, sem þeir þjóna bæði presti og kirkju; þess vegna er eg hræddur um, að stjórnin telji tormerki á að launa hreppstjórum eingöngu úr ríkissjóði fremur en hingað til hefir átt sèr stað, og að hreppstjórar því ekki muni fá meira en áður, og vil eg því gjöra þá vara-uppástungu, að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum, ef hún ekki sæi sèr fært að launa þeim úr ríkissjóði.

Indriði Gíslason: Eg get ekki litið á þetta mál öðruvísi nú

en við inngangsumræðuna; það lítur eins út og menn hafi tekið þetta mál fyrir til þess, að hafa eitthvað að gjöra, eins og líka nefndarálitið sýnir, því það er auðsèð, að með þessu fást engin laun. Það hefir verið sagt svo, að hreppstjórnin yrði opt viðvaningsleg, af því svo opt yrði hreppstjóra skipti; það held eg nú ekki sè, því að bæði er það, að optast eru valdir til hreppstjóra menn sem fremur eru vel að sèr, og svo er líka presturinn allt af með í sveitarstjórninni. Þar sem sagt hefir verið, að framkvæmdarleysi hjá hreppstjórunum leiddi af launaleysi þeirra, þá held eg að sè engin ástæða fyrir því, því við vitum þó, að sumum af embættismönnum vorum er allvel launað, og þó hefir ekki verið frítt fyrir að kvartað hefir verið yfir framkvæmdarleysi hjá þeim; en að sveitirnar sjálfar launi hreppstjórunum, það álít eg ekki eiga við að tala um nú, það er bezt að láta það bíða, þangað til við fáum okkar eigin fjárforráð; við þurfum heldur ekki að sækja það til danska ráðherrans að launa mönnum úr okkar eiginn vasa; þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hèlt, að sveitanefndirnar mundu verða þýðingarlausar, þá getur mèr ekki sýnzt það, og mèr þykir undarlegt, hvað fljótt honum hefir gleymzt, hvílíkt gagn þær gjörðu í kláðamálinu (*Forseti:* Það liggur ekki fyrir) hann talaði um það, og því álít eg mèr leyfilegt að tala um það.

Eg álít því, að þetta mál hafi ekkert að gjöra frá þinginu, því það verður til einskis, og hafi þurft að fella Thorchilliisjóðsmálið, af því það væri fjárspursmál, þá held eg það eigi ekki síður heima um þetta mál; eg álít því rèttast, að láta það fara sömu leiðina.

Magnús Andrèsson: Það var tvennt í ræðu hins háttvirta þingmanns Dalverja, sem eg tók eptir, og sem mèr fannst óviðfelldið. Fyrst var það, að hann jafnaði þessu máli við Thorchilliisjóðsmálið, en það er allt annað mál, því þar var umtalsefnið, hvernig á sjóðinum stæði, og hvernig honum skyldi varið; annað var það, sem mèr þótti óvænt af honum, að hann skyldi hafa svo mikið vantraust á stjórninni í þessu efni; það sýnist mèr, að þingmenn ættu sem sjaldnast að láta sjá, að þeir hefðu, því það er það sama sem að segja, þó við hiðjum um þetta, þá er það ekki til neins, því það fæst ekki. Hitt var náttúrlegra þó hinn hávelborni konungsfulltrúi vildi blífa ríkissjóðnum frá að greiða þessi laun, því það er afsakanlegt samkvæmt stöðu hans. En þar sem hann færði þá ástæðu fyrir þessu, að svo skammt væri til stjórn-

arbreytingarinnar, þá get eg nú ekki skilið, að menn geti ekki farið fram á þetta fyrir því, því þó menn væru búnir að fá laun handa hreppstjórum þá held eg að þetta gæti ekki verið neinn þrepskjöldur, þó breyting væri gjörð á hreppstjórninni. Mèr finnst yfirhöfuð, að þetta sè það sama sem nú hefir verið beðið um að undanförnu, nefnilega um launaviðbót handa embættismönnum. Eg held því, að vegur nefndarinnar sè rèttur, að fara bónarveg að hinni háu stjórn; henni getur máske þóknast að neita, en það er það sama, þingið hefir þó í öllu falli að sínu leyti viljað sýna lit á að sinna málinu hlutaðeigendnm í þann hag, er eptir öllum kringumstæðum hagkvæmastur og happadrýgstur mætti virðast að vera.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú ekki upp til að tala með máli þessu af þeirri ástæðu þó eg sè hreppstjóri, heldur af því, að eg er sannfærður um það af reynslunni, að eigi hreppstjórnin að vera í nokkru lagi hèr á landi, hlýtur hrepstjórinn að vera launaður, og því var eg með máli þessu strax sem það kom inn á þing, og mèr þykir það skrítin skoðun af þinginu, ef það væri á móti launum hreppstjóranna á sama augnabliki og það er að biðja um launaviðbót handa öllum öðrum embættismönnum, því embættismenn eru þeir að því leyti sem þeir eru lögregluþjónar, og eg skil ekki í, hvernig nokkur sýslumaður á að geta gegnt köllun sinni svo vel sè nema því að eins, að hann hafi þá hreppstjóra sem geti framkvæmt þær fyrirskipanir sem sýslumaður leggur fyrir. Sýslumaður er í fjarska frá hreppstjóra, og hann verður að senda fyrirskipanir sínar skriflegar svo hreppstjórinn verður þó að minnsta kosti að vera skrifandi, og svo skilningsgóður, að hann skilji hvað eina, sem hann á að gera, og að hann geti gefið sýslumanninum viðunanlegt svar skriflega, enn á meðan allt er í sama horfi og verið hefir með laun hreppstjóranna, á meðan segi eg getur sýslumaður ekki átt von fyrir að fá þann hreppstjóra, sem í nokkurn handa máta getur leyst af hendi þau störf, sem þó sýslumönnum er ef til vill óumflýjanlegt að láta hreppstjóra gjöra, því nú skorast svo að segja allir undan hreppstjórn, og enginn fæst til að hafa þau störf á hendi 3 árum lengur. Hinn háttvirti konungsfulltrúi var á móti því að launa hreppstjórum úr ríkissjóði, en að öðru leyti viðurkenndi hann þó, að hreppstjórar væru verðugir fyrir að fá laun; eg saknaði þess i ræðu hans að hann skyldi þá ekki benda á einhvern annan gjaldstofn, úr því hann vill ekki láta þá fá laun úr ríkissjóði; hann sagði að vísu að það

væri sumstaðar hèr á landi farið að launa hreppstjórunum af sveitarsjóði, en það á sèr hvergi stað þar sem eg þekki til, og eg bygg að það sè óvíða; þingmaður Dalamanna var að fetta fingur út í það í nefndarálitinu, þar sem talað er um, að hreppastörfin verði óvanaleg, af því að hreppstjórinn segði af sèr eptir hver 3 ár, og færði það til sem ástæður, að presturinn ekki færi þó frá. Eg veit nú ekki, hversu vel að prestum líkaði að gera hvað eina í hreppstjórn, eg fyrir mitt leyti hefi ekki þurft þeirrar hjálpar, en skyldi presturinn þurfa að gera allt, sem hreppstjórar nú á dögum eiga að leysa af hendi, þá vil eg spyrja þingmanninn hvaðan hann vill taka laun handa prestinum fyrir starfa sinn eða á hreppstjórinn að borga það úr sínum vasa? Eg veit ekki til, að hreppstjórar megi reikna fyrir skrifföng og annan starfa nema 1 rd. — 9 mark. og sumir máske í mesta lagi 3 rd. (*Jón Guðmundsson:* rètt); nú vil eg spyrja: Ætli nokkur prestur vilji taka að sèr hreppaskriptir fyrir þetta? Þingmaður Suður-Múlasýslu var nú á sama máli og konungsfulltrúi, að ekki væri til neins að biðja um styrk úr ríkissjóði í þessu efni, en því kom hann þá ekki með neitt úrræði betra en það, sem nefndin hefir stungið upp á; hann var að vísu að tala um að biðja stjórnina um frumvarp til næsta þings, en eg held að stjórnin finni sig ekki knúða til að koma með þetta frumvarp, ef þingmaðurinn kemur ekki með betri ástæður fyrir frumvarpinu, en fram komu áðan í ræðu hans.

Stefán Jónsson: Mèr tókst svo eptir, að það eina sem hinn háttvirti konungsfulltrúi benti á, væri að launa hreppstjórunum af sveitarsjóði, og hann sagði að það væri gjört sumstaðar; eg veit líka til, að sumstaðar hefir svo verið farið að, þó það sè neyðarúrræði, en nefndin hefir nú ljóslega sýnt fram á, að hreppstjórum ber engi borgun fyrir fátækrastjórn út af fyrir sig; það getur þess vegna aldrei verið stjórnarinnar vilji og ekki heldur meining konungsfulltrúans, að hreppstjórum sèu borguð lögreglustörf af sveitarsjóði, og það hefir heldur ekki verið meiningin, þegar þeim hefir verið borgað úr sveitarsjóði, heldur hefir það verið til þess, að missa þá ekki frá fátækrastjórninni; en þó nú svo færi, að breyting yrði á sveitarstjórninni, þá er mjög líklegt, að hreppstjórnarembættið haldist eptir sem áður, og því þyrfti ekkert að raskast það fyrirkomulag, sem væri ákomið um laun hreppstjóra, og við sveitarstjórnarbreytinguna er mjög líklegt, að hreppstjórar hafi meira að segja í lögreglustjórninni en í fátækrastjórninni; þess

vegna álít eg gjörlegt að biðja stjórnina um þetta; það er þá aldrei annað en að hún neitar, og því erum við þá stundum vanir, þó við líka sèum vanir því að stjórnin gjöri góðan róm að tillögum vorum, t. d. í launaviðbóta málinu frá seinasta þingi. Hitt álít eg ekki til neins, að biðja stjórnina um að leggja frumvarp um þetta fyrir þingið, nema henni þvi jáfnframt yrði gjörð bendingaratriði um málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari undirhúningsumræðu lokið. Eg vona að sá eiui þingmaður, sem hefir ráðgjört viðauka-atkvæði, komi með það til mín í kveld.

Samkvæmt dagskránni kemur nú til álýktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um jarðamastskostnað af prestakallajörðum.* Framsögumaður er hinn 3. konungkjörni þingmaður; eg vona að þingmenn hafi atkvæðaskrána fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistiðindanna bls. 194.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Það hefir ekki fram komið í þessu máli nema eitt breytingaratkvæði frá þingmanni Borgfirðinga, og það fer í mjög líka stefnu og nefndin hefir farið; að eins er sá munurinn, að þar sem nefndin skoðaði prestana, sem þá einu er greiddu þetta gjald, þá hefir þingmaður Borgfirðinga hugsað sèr eigendur privat kirkna sem greiðendur, í stað þess að nefndin ímyndaði sèr, að presturinn aptur gyldi þeim þetta gjald; en nefndin hefir ekkert á móti því, að ef þingið álítur þetta ljósara, að það gangi inn á þetta breytingaratkvæði, því í aðalatriðinu er það hið sama sem nefndin fer fram á; eg vona að öðru leyti að þetta mál sè svo einfalt, að ekki þurfi lengri umræður um það.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari álýktarumræðu lokið, og vil eg því biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði A. Ólafssonar við niðurlagsatriði nefndarinnar, samþ. með 20 atkv.
2. Niðurlagsatriði nefndarinnar (lagað af nefndinni sjálfri) með áorðinni breytingu, samþ. með 21 atkv.
3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþ. með 21 atkv.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagsskránni til álýktarumræðu *búnaðarskólamálið.* Framsögumaður er þingmaður Suður-

þingeyinga; eg vona að þingmenn hafi prentaðar atkvæðaskrár fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna 195. bls.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson*): Eg þarf nú ekki að fara mörgum orðum um þessa atkvæðaskrá, sem hèr liggur fyrir til umræðu, þar sem ekkert breytingaratkvæði er fram komið um málið. Það var líka svo ítarlega rætt við undirbúningsumræðuna, að eg vona það sè óþarfi að fjölyrða um það nú; eg vil einungis fara nokkrum orðum um þessa einu aðalbreytingu, sem nefndin hefir gjört á annari grein frumvarpsins. Nefndinni fannst tilhlýðilegt, að innlendum mönnum væri falið að semja reglugjörðina um fyrirkomulag búnaðarskólanna fremur en dómsmálastjórninni. Hinn háttvirti konungsfulltrúi fann reyndar að þessu við nefndina, en án þess að færa neinar sannfærandi ástæður fyrir því, að frumvarpsgreinin sè betri en breytingar nefndarinnar. Eg vona því, að þingið álíti nefndarinnar breytingu á betri rökum byggða, því auk þess, sem eg áðan benti á, vil eg taka það fram, að þar sem búnaðarskólatollurinn verður lagður á landsmenn, þá eiga þeir fulla heimting á, að hafa atkvæði í því, hvernig þeim verði hagað. Um ágreininginn milli meiri og minni hlutans skal eg ei tala að svo stöddu, það er nóg búið að tala um hann, og eg ímynda mèr að þinginu sè ljóst í hverju hann sè fólginn.

Arnljótur Ólafsson: Eg hugsa nú ekki til að geta sannfært þingið, sem ef til vill er búið að taka í sig að ákveða svo og svo um þetta mál; því ef þingið hefir tekið það í sig, þvert ofan í öll landslög, og þvert ofan í tvö mál, sem hafa komið hèr fram á þinginu, þá sè eg mèr eigi fært, að snúa því á rètta leið. Eg skal ekki tala um málið sjálft, en geymi mèr einungis þann rètt, er eg hef sem minni hluti í konunglegu máli, að bera fram ágreiningsatkvæði mitt fyrir konunginn; síðan vil eg lýsa því yfir, að eg mun gefa atkvæði fyrir 4. gr. frumvarpsins. (*Jón Guðmundsson:* Þetta er Falliterklæring); eg held að það geti þó eigi heitið »Falliterklæring», þó maður gefi atkvæði með einhverju því, sem kemur frá konungi. Ef hinn háttvirti varaforseti telur það að erklæra sig fallit að vera í einhverju máli samdóma konungi, þá verðum við að skilja í því efni. Að taka 4. gr. frumvarpsins óbreytta er hið eina meðal til að veikja ekki fótinn undir búnaðarskólanum, því þar sem $^{17}/_{100}$ af jörðunum er staða eign, þá munar miklu ef það gengur frá. Ef maður svo reiknar frá konungseignina, sem er $^{1}/_{10}$ jarð-

anna, og svo annað smávegis, þá verður eptir $^{71}/_{100}$ sem er bændaeign. Eg hef reyndar ekki annað fyrir mèr í þessu, en jarðamatið frá Reykjavíkur nefndinni, en það er áþekkt jarðabókinni nýju um hundraðatöluna. Eg vil því gefa mig undir þingið; það ræður hvað það gjörir, og ábyrgist hvort álit þess er á rèttum rökum byggt, en hitt segi eg, að eg skammast mín eigi fyrir mitt ágreiningsatkvæði.

Jón Pètursson: Eg álít það skyldu mína að skýra þinginu frá, að eg mun fallast á frumvarpsins 4. gr., en ef hún fellur, þá á minni hlutann, því ef meiri hlutinn er tekinn, þá kemur mikill partur af því sem gjalda á á konungssjóðinn, en allir hafa jafnan verið á því, að þetta gjald ætti að borgast af jörðunum. Eg skil ekki þessi orð hjá meiri hlutanum: »frá eiganda eða umboðsmanni». Það er skrítið ef ætíð ætti í hverju lagaboði að nefna umboðsmann í hvert skipti sem eigandi er nefndur, og það er óvenjulegt í almennu lagaboði að geta ekki minnzt svo á eiganda, að menn ekki um leið nefni umboðsmann. Eg held því að það hafi verið gjört hèr af einhverjum sèrstökum ástæðum, að menn hafa nefnt hèr eiganda og umboðsmann í sameiningu, og að það eigi að lúta að því, að umboðsmaður ekki eigi að eiga aðgaug að eiganda á eptir.

Benidikt Sveinsson: Eg skal ekki tala margt, því mèr virðist það sè búið að tala ærið um málið, og margt hefir verið ljóst og liðlega tekið fram. Það atriði sem mest hefir verið rætt um, er frumvarpsins 4. gr. og svo meiri og minni hlutinn. Hvað mig sjálfan snertir þá hef eg fullar ástæður fyrir því, hvernig eg muni greiða atkvæði, en eg álít óþarft að taka þær fram, og skýrskota einungis til ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga og af því sèzt að eg muni gefa atkvæði mitt með minni hlutanum. Frumvarpið lýsir því, að stjórnin hefir riðið þar á garðinn sem hann var lægstur. Mèr sýnist þar á móti eðlilegra að þetta gjald sè lagt á eigendur, og þó þeir búi sjálfir á eignum sínum, þá verður samt gjaldið ekki lagt á þá sem ábúendur heldur sem eigendur.

Framsögumaður: Eg vil svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fáeinum orðum; hann var svo beiskur við þingið, ef því skyldi verða þau ósköp á að fallast á uppástungu meiri hlutans. Eg get nú ekki sèð, að þingið komist í neina mótsögn við sjálft sig, þó það gjöri það, því eg sè ekki mikinn skyldugleika milli jarðamatskostnaðarins og þess máls sem hèr ræðir um. Jarðamatskostnaðinn álít eg í öllu falli ranglega álagðan, og að full ástæða

sè til, að hrinda honum af sèr fyrir alla sem geta, en þetta er nýr sèrstaklegur skattur, sem ætlaður er til sèrstaklegs augnamiðs, nefnilega að bæta búnaðinn og jarðræktina hèr á landi, og því er eðlilegt, að hann liggi beinlínis á jörðunum, og að engin undantekning undan honum megi eiga sèr stað. Hvað prestakallajarðir snertir, þá finnst mèr ekki ástæða til að undanskilja þær, fremur en aðrar opinberar eignir, og þegar þetta er nú það eina gjald sem á þeim hvílir, þá er það ærið smásmuglegt fyrir prestana, að færast undan svo lèttri byrði; því er ekki neitað fyrir það, að kirkjujarðir sèu tíundarfríar og engum þingmanni mun detta í hug að svipta þær þeim rètti. Loksins rèðst nú hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga í að hallast heldur að 4. gr. frumvarpsins af því hann er líklegast hræddur um, að viðauka-atkvæði hans falli. Það lítur svo út, eins og hinn háttvirti varaforseti sagði, að þetta sè Fallit-erklæring af þingmanninum, og hann kemst líka í bera mótsögn við það sem hann hefir áður sagt í nefndinni, að eigendur, en ekki ábúendur, ættu að bera þetta gjald. Eg hef tekið það fram áður, og flestir þingmenn hafa aðhyllzt þá meiningu, að þetta er skattur, sem á að hvíla beinlínis á jörðunum sjálfum. Komist nú þingið að þeirri niðurstöðu, að hann eigi að greiðast af *ábúandanum* en ekki *eigandanum*, þá verður sú niðurstaðan, að hann ber að álíta sama eðlis og tíundina. Nú held eg að maður hafi fulla ástæðu til, að skoða tíundina og alla þá skatta, sem eru sama eðlis og hún, eins og einn hluta af landskuldinni. Eg vil tilfæra dæmi þessu til sönnunar: eg set að það sè jörð, sem 20 rd. landskuld er af, nú hvílir 1 ríkisdals kvöð á jörðunni, og er þá öll landskuldin 21 rd.; þar af ganga þá 20 rd. til eigandans, en 1 rd. í kvöð þá sem liggur á jörðunni. Nú sè eg ekki betur en ef að kvöðin ekki lægi á jörðunni, þá hefði eigandi fullan rètt til, að taka 21 rd. í landskuld eptir jörðina; hèr af er þá auðsætt, að þegar um fasteignaskatt er að ræða, þá stendur á sama hvort heldur eigandi eður ábúandi greiðir hann; greiði eigandinn hann, getur hann tekið þeim mun meiri landskuld af jörðunni; greiði ábúandi, geldur hann eiganda þeim mun minna eptir hana; hvíli því þessi búnaðarskólaskattur á eigandanum, sè eg ekki betur en að honum sè heimilt að hækka landskuldina að því skapi, en ef hann hvílir á ábúandanum, þá verður eigandinn að taka þeim mun minni landskuld af jörðinni. Þetta vona eg að þingmaður Borgfirðinga sjái að verður að koma í sama stað niður. Hinum háttvirta 4. konungkjörna

þingmanni þótti svo óskiljanleg þessi orð, sem mest hefir verið þráklifazt á »eiganda eður umboðsmanni» og vildi hann kljúfa greinina í sundur við atkvæðagreiðsluna; eg sè nú ekkert á móti því, en eg skil ekki í þessum misskilningi, því það var svo ljóslega sýnt fram á rèttan skilning þessara orða við undirbúningsumræðuna, og mèr sýnast þau heldur ekki vera svo tvíræð, að þau þurfi að valda miskilningi, þó þau komi út í lagaboði; en ef þinginu þykir ljósara að kljúfa greinina, þá má það fyrir mèr.

Forseti: Eg skal ekki lengja þingræðurnar nú, fremur en vant er; eg vil lýsa því yfir, að eg aðhyllist helst 4. gr. frumvarpsins. Hinn háttvirti framsögumaður hefir sagt, að þetta gjald væri skattur, sem einungis ætti að leggjast á fasteignir, og það sama hefir nefndin tekið fram; en má ekki eins segja, að þetta sè skattur sem eigi að leggjasi á alla búendur; því hverjir eiga að hafa gagn af búnaðarskólanum? Það eiga að hafa allir búendur, hvort sem þeir eru eigendur jarðanna eður einungis ábúendur. Ef um annaðhvort væri að gjöra að aðhyllast meiri eða minni hluta nefndarinnar, þá vildi eg heldur aðhyllast minni hlutann, því hann hefir fullar og ljósar ástæður fyrir sínu máli. Mèr finnst það sanngjarnast, að þeir, sem hafa not af búnaðarskólanum gjaldi allir sameiginlega til hans, og þá eins prestarnir, því þeir eru líka bændur og hafa eins not af honum og aðrir búendur.

Jón Hjaltalín: Eg talaði svo mikið seinast í þessu máli, að eg skal ekki nú segja mikið á móti þessum góða skóla; en það verð eg að segja, að eg fæ mig ekki til að standa upp fyrir neinu af þessu, það er ekki þess vert; helzt væri það töluliður 10, því það liggur í augum uppi, að þegar þingið vill fría prestana frá jarðamatskostnaðinum, þá eigi það líka að fría þá við þenna skatt, sem getur orðið ævarandi og er því langtum verri en jarðamatskostnaðurinn er menn þó vilja fría þá við. Prestseklan mundi ekki batna við það, þó menn sèu að dyngja á þá skatt á skatt ofan. Niðurstaðan verður líka líklega sú, að það verða prestarnir, sem verða að borga jarðamatskostnaðinn af kirkjujörðunum, og það dregur sig saman, ef fleiri þvílíkum sköttum er bætt á þá; eg læt það þó vera, ef fyrirkomulagið á þessum skólum væri svo, að það væri eigi til *athláturs,* en þegar það er nú svo, að það er einungis loptkastali, sem dettur af sjálfum sèr, þá sýnist mèr það ekki þess vert, að menn með því eigi að fæla menn frá prestaköllum. Eg vona því, að þingið taki mèr það ekki illa upp, þó eg sitji þangað

til 10. töluliðurinn kemur, en fyrir honum ætla eg að standa upp (*Gísli Brynjúlfsson:* Til hvers?) til að hlífa prestunum. Eg ætla svo ekki að tala meir í þessu máli, en setjast niður og hvíla mig í náðum.

H. Kr. Friðriksson: Eg talaði ekkert síðast í þessu máli, af því að eg þóttist sjá fram á það, að eigi mundi til neins vera að koma með nokkra aðra uppástungu í þessu máli, en nefndin eður frumvarpið hefir stungið upp á. Eg hef avalt haft aðra skoðun á þessum fyrirmyndarbúum, en hèr kemur fram; en úr því sú hugmynd eigi kemst að, er eg hræddur um, að þessir búnaðarskólar, sem hèr er stungið upp á, verði næsta lítilfjörlegir; eg held, að gjaldið sè næsta ónógt, t. a. m. í laun forstöðumannsins. Það er auðsèð, að hver sá sem vildi taka að sèr þessa stofnun og koma henni í það horf, sem landinu væri að nokkru liði, hann mundi fljótt reka sig á það, að hann kæmi engu til leiðar. Það má sjá það í hendi sèr, að þetta fè yrði ofllítið til að útvega mönnum bæði verklega og bókfræðislega kennslu, því að vèr skulum eigi hræsna svo fyrir oss, að segja, að menn hèr á landi sèu færir um að taka að sèr að kenna mönnum jarðyrkju af sjálfum sèr, því þeir þurfa að fá styrk annara til þess. Eg hef nú reyndar eigi á móti því, að duglegur maður mundi geta komið nokkru til leiðar við þenna búnaðarskóla, en eg held, að því duglegri sem hann væri, því meira mundi hann finna til vanmáttar síns, til að koma því til leiðar sem hann vildi, af eigin rammleik, og til þess mundi honum finnast 250 rd. helzt til lítið. Hefði eg ímyndað mèr, að það yrði til nokkurs, þá hefði eg komið með þá uppástungu að hækka gjaldið, en sú mun reyndin á þykja að það muni þykja fullhátt um það lýkur nösum. Menn geta nú reynt, að láta jafna niður 1½ skilding á hvert jarðarhundrað, og sjá þá hvað mikið verður úr þessum búnaðarskóla. Það getur satt verið, að það megi byrja með smáu og ef til vill auka það síðan, en eg er hræddur um að þessi byrjun verði svo smá, að hún hrynji um koll, en þess ímynda eg mèr þó, að þingmenn eigi óski. Mèr er næst skapi, að fylgja því, sem hinn heiðraði vinur minn, hinn 5. konungkjörni þingmaður, sagði að fallast á ekkert nema 10. töluliið, því þá er þessu öllu saman steypt. Þá er með öllu eigi auðið að nokkur byrjun fáist, og eg er næstum á því, að rèttast sè, að fresta nokkuð þessu máli að svo stöddu, því að það virðist svo, sem Íslendingar hafi eigi hugsað þetta mál til fullnustu. En af

því eg vil eigi láta bregða mèr um það, að eg vilji hindra það, sem miðar landinu til framfara, þá ætla eg heldur að fallast á 4. grein stjórnarfrumvarpsins óbreytta, en að fella allt málið.

Brynjólfur Jónsson: Eg hefi nú ekki talað neitt í þessu máli, og eg ætla ekki heldur að vera fjölorður þó eg standi upp, að eins vildi eg láta í ljósi þá skoðun mína, að mèr virðist það mjög efasamt, hvort það getur komið að miklu haldi að stofna nú þegar 3 búnaðarskóla. Því eg held það leiði til þess, að eigi verði þannig gjört neitt verulegt; er það álit mitt, að betra hefði verið að byrja með 1 skóla fyrst um sinn, og sjá hvernig það gengi. Eg held menn geti sèð það af lærða skólanum, sem hèr er, að lítið yrði úr, ef stofna ætti 3 lærða skóla í stað eins, með sama sniði og þessi eini skóli er, og er eg hræddur um, að þá mundi vanta ærið fè. En því meira fè, sem einn skóli hefði til stofnunar, því gagnlegri gæti hann orðið að öllum líkindum, og er það því álit mitt, að betra sè að verja öllu fènu til eins skóla, en að skipta því á meðal þriggja. En úr því þessi stefna er nú einu sinni tekin, þá vil eg ekki vera einn af þeim, sem mótmæla því, að reynt sè að gjöra einhverja byrjun, og allra sízt vildi eg mæla með því, að prestar yrðu undanþegnir, að styðja að sínum hluta þetta gagnlega fyrirtæki, þó menn kynni að hugsa, að eg sem prestur, vildi hafa mig og embættisbræður mína undanþegna þessu gjaldi. Hvað borgunarmátann snertir, þá er eg samþykkur 4. gr stjórnarfrumvarpsins, sem fer því fram, að kostnaðurinn til þessara búnaðarskóla sè greiddur af ábúendum hverrar jarðar, og er eg því á því máli, að hverjir helzt ábúendur, hvort þeir eru prestar eða ekki, eigi að taka þátt í þessum hèr umrædda kostnaði.

Jón Guðmundsson: Eg skal nú eigi fara mörgum orðum um ágreining þann, sem orðið hefir út af því, hvort þessi búnaðarskóli sem stungið er upp á muni verða í svo æskilegu formi, sem óskandi væri. Nefndin þóttist hafa fulla ástæðu til að fara eigi fram yfir uppástungur amtmannanua og stjórnarinnar í þessu máli. Það er nu álit mitt, að betra sè að byrja á litlu, og smáfeta sig svo á fram, því að við hèrna megum, held eg, kannast við það, að ekki verður allt af svo mikið úr því högginu sem hátt er reitt, þegar menn frá upphafi reisa sèr hurðarás um öxl við þess leiðis stofnanir. Ef menn geta fengið fyrirmyndarbú í þessu formi, þá hefi eg þá von, að það mundi smátt og smátt geta eflzt og aukizt og komið að tilætluðum notum. En ef menn reistu sèr hurðarás

um öxl, svo að öllu hnignaði frá fyrstu byrjun, þá er hættara við að erfiðara mundi verða að rètta við eða byrja aptur frá stofni. Í öðru lagi hefir menn greint á um það, hvaðan gjald þetta skyldi tekið. Það er nú tekið fram í 3. og 4. grein stjórnarfrumvarpsins; og í 3. grein er skýrt tekið fram, að jafna eigi gjaldi þessu niður á allar jarðir. Eg get nú ekki sèð, að nokkur þingmaður hafi mælt á móti þessu. Eg vil því fasthalda því, að ef gjaldinu er jafnað niður á jarðirnar þá á jarðeigandi að bera það, en annars, ef lagaboðið gjörði ábúandanum að skyldu að greiða gjaldið skilyrðalaust, og án þess að heimila honum endurgjaldsaðgang að jarðeiganda, þá yrði þetta sama, sem að jafna því niður á lausafè ábúandans, en þar með yrði þá undirstöðureglan í 3. grein um, »að gjaldinu skuli jafna niður á allar jarðir», þýðingarlaus. Þetta hefði átt að taka til greina þegar í byrjun málsins og við undirbúningsumræðuna, einkum við 3. grein frumvarpsins, hvort fasteignin eða lausafèð ætti að bera gjaldið. Mèr finnst því að hinum háttvirta minni hluta hafi yfirsèzt í því, að taka eigi strax til greina frá rótum málsins regluna í 3. grein stjórnarfrumvarpsins, og stinga hreinskilið upp á breytingum við hana í þessa átt er hann nú fer. Vèr höfum nú reyndar skatt, sem liggur í orði kveðnu á fasteignunum, nefnilega fasteignartíundina, og greiðir leiguliði hana eptir gamalli og almennri landsvenju. En hver verður niðurstaðan á henni? Lendir hún eigi vanalega á ábúanda án endurgjalds? Og er hún því í rauninni sama, sem skattur á lausafè, en að eins upphæð hans er miðuð við hundraðatölu ábúðarjarðar ábúandans eða eignaskattur af honum. Það má nú að vísu segja, að jarðeigandi kunni að byggja jörðina með þeim mun vægari leigumála, sem svarar jarðartíundinni, en ef vel er skoðað ofan í kjölinn, þá held eg að því sè sjaldnast að fagna, og víðast mun það vera, að ábúandi greiði tíund af jörð þeirri sem hann býr á, ef tíund á af henni að greiða, en að öðru leyti held eg líka, að það sè yfirhöfuð að tala ábúandinn, sem nýtur tíundarfrelsis, ef jörðin er tíundarfrí. Mèr finnst nú, að minni hlutinn sè nú í dag orðinn meiri hlutanum samferða í því, að gjaldið eigi ekki að eins að leggjast á jarðirnar eptir 3. gr. heldur líka á eigendur jarðanna (*Arnljótur Ólafsson:* það er Modification). Jú, en hver er þessi Modification hins heiðraða minni hluta, þar sem hann vill, að gjaldið hvíli beinlínis eða að því sè jafnað niður á jarðirnar eptir 3. gr., en fer nú því fram, að jarðeigandinn greiði aldrei

þetta gjald eða endurgjaldi það ábúanda, heldur vill einungis láta það lenda á ábúanda; hefir minni hlutinn, þingmaður Borgfirðinga, nú gripið til þessa óyndisúrræðis og hlaupið út undan sjálfum sèr út úr vandræðum, með því að hann sá fram á, að þessi ákveðni flokkur af jörðum, sem hann vildi í ágreiningsatkvæði sínu hafa undanþegnar gjaldinu, nefnil. kirkjujarðirnar, mundi aldrei ná samþykki hvorki þingsins nè stjórnarinnar. En þrátt fyrir þenna fyrri ágreining minni hlutans, sem hann er nú búinn að falla frá, þá gat eg eigi skilið, og það eptir útlistun og ástæðum minni hlutans sjálfs, að þær jarðir, sem hann vildi undan taka, yrði ekki að bera þetta gjald eins eptir sem áður, því að öðrum kosti yrði allur áætlunarreikningur nefndarinnar vitlaus um það, hvað mikið fè fengist með þessari niðurjöfnun, sem stungið er upp á samkvæmt 3. gr.; því ef allar þær jarðir hèr á landi sem lagðar eru til guðsþakka, yrði undanþegnar gjaldinu, þá yrði tillagið til búnaðarskólanna, eptir þeirri niðurjöfnun, sem öll nefndin hefir byggt á áætlun sína frá upphafi, og byggt á þá uppástungu um 1 ½ sk. af hverju hndr. (ekki nærri nóg?) Það lítur því svo út, sem minni hlutinn hafi með þessu viljað villa sjónir fyrir þinginu, eða kasta því *Blaar i Öinene,* sem danskurinn kallar. Það er tekið skýrt fram í viðauka-atkvæði nefndarinnar við 4. gr. frumvarpsins, að skattheimtumaður eigi aðganginn að ábúanda, en að ábúandi eigi aptur aðganginn að eiganda til endurgjalds, og mèr finnst nauðsynlegt að taka þetta fram, því annars mundi hitt verða ofan á, að leiguliði greiddi gjaldið, án endurgjalds frá nokkrum. Það eru til 2 lagaboð, tilskip. 1835 og opið brèf 1848 um gjald af fasteignum, og getur hið eldra lagaboðið eigi neitt um það, hvort leiguliðanum skuli endurgoldið af eiganda eður eigi, og mun það optast hafa orðið, að leiguliði hafi borgað án endurgjalds; aptur á móti tekur hið yngra lagaboðið frá 1848 skýrt fram, að ábúanda skuli endurgoldið af jarðeiganda, og hefir því sú orðið niðurstaðan, að jarðeigandi hafi endurgoldið leiguliðanum alþingistollinn yfirhöfuð að tala; og það sannar að mínu áliti ekki neitt í móti þessari laga-ákvörðun; þó að dæmi finnist til að einstöku jarðeigandi hafi hèr leyft sèr að gjöra lagabrot á leiguliðanum. Ef nú lagaboð kæmi út, án þess að þar væri tekin fram hin sama ákvörðun og í opnu brèfi 1848, þá mundu eigendur skjóta sèr undan að endurgjalda leiguliðum og segja við þá: Þú færð ekkert, það er ekki nefnt í lagaboðinu. Mèr sýnist mjög ísjárvert, úr því engin breytingaratkvæði eru borin upp við 3. grein stjórnarfrumvarpsins, um

að jafna gjaldinu niður á annan gjaldstofn, heldur en þar er ákveðið ef þingið fèllist á 4. gr. frumv. óbreytta, en felldi meiri hluta nefndarinnar. Þar sem menn hafa verið að þrátta um þessi orð »eða umboðsmann«, finnst mèr nú sama sem að þrátta um skegg keisarans, því eg held að nefndin hafi leitt rètt rök að því, að þetta færi betur.

Helgi Hálfdánarson: Eg er nú einn af þeim, sem vilja aðhyllast 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, og færi eg það þá fyrst til ástæðu fyrir því, að eg held að eigi verði móti því borið, að töluverða skatta sè búið að leggja á jarðeigendur (*Jón Guðmundsson:* Hvaða skatta?) Það er, t. a. m. alþingistollur, jarðamatskostnaður, offur til presta optast nær og sumstaðar samlagningarskattur. En mèr finnst nú eigi þetta gjald til búnaðarskólanna svo eingöngu snerta jarðirnar, að fyrir því sè ástæða til að leggja það einungis á jarðeigendur; því nefndin hefir tekið fram, að þessir búnaðarskólar eigi ekki einungis að vera fyrirmynd í jarðarrækt, heldur og í kvikfjárrækt og alls konar öðrum búnaði; það gæti og komið fyrir, að leggja þyrfti á aðra skatta síðar, sem beinna lægi við að leggja á jarðirnar. Það er líka aðgætandi, eins og hinn háttvirti forseti tók fram, að mig minnir, að það eru eigi eigendurnir einir, sem hafa not af jörðunum, heldur einnig ábúendurnir, því þó ábúendur gjaldi opt mikið eptir jarðir þær, sem þeir búa á, þá er það þó ei æfinlega heldur hafa margir landssetar líka góðan leigumála, og mèr er nær að halda, að enginn landseti gjaldi svo mikið eptir ábýlisjörð sína, að ágóðinn, sem hann getur haft af jörðinni, ef hann hefir lag og efni til að nota hana rètt, sè þó ekki miklu meiri en afgjaldið. Þegar nú haft er tillit til þess, að búnaðarskólarnir eiga að bæta alls konar búnað, þá finnst mèr það tilhlýðilegast, að allir búandi menn greiði gjald þetta, hvort sem þeir eru bændur, prestar eða aðrir embættismenn, sem hafa jarðnæði. Eg er öldungis samdóma minni hlutanum í því, að það sè óeðlilegt og alveg ósamkvæmt öllum anda löggjafar vorrar að leggja beinlínis skatta á þær jarðir, sem til guðsþakka eru lagðar, en mèr sýnist, að ábúendur á þeim eigi ekki að vera undanþegnir því að greiða gjald til búnaðarskólanna; því ef þeir væri undanþegnir, þá yrðu hinir, sem á öðrum jörðum búa, að gjalda þeim mun meira, ef fèð ætti að verða nóg, og væri það ekki sanngjarnt. Þar að auki eiga þeir að hafa gagn af búnaðarskólanum eins og aðrir. Mèr virðist það nauðsynlegt, eins og stjórnin ætlast til, að haft sè tillit til hundraðatalsins

á öllum jörðum í landinu og eg get eigi sèð, að hundraðatal þeirra jarða, sem menn búa á sè neinn óeðlilegur mælikvarði fyrir því, hvað mikið hver á að gjalda. Þetta yrði ekki skattur af lausafè, heldur skattur, sem lagður væri á búendur með tilliti til þess, hvað mikið jarðnæði hver hefir. Eg er nú á því, að allir þeir sem bú hafa, eigi að greiða gjald þetta, án þess að fá endurgjald frá eigendunum. Að því er snertir viðauka-atkvæði tölul. 9. a. þá eiga orðin: »*eður umboðsmanni*» að girða fyrir allan slíkan rugling og vafa, sem þann, er orðið »*eigandi*» í tilskipuninni um jarðamatskostnaðinn hefir valdið. En eg er hræddur um, að hèr mundi þó reka að hinu sama eins fyrir þetta, og að orðin: »eður umboðsmanni» gætu jafnvel valdið nýjum vafa og miskliðum; því þótt aðgangurinn væri að umboðsmanni, þá gæti aptur orðið spurning um, hvort hann ætti að greiða þetta af sínu án endurgjalds, eða fá það endurgoldið af eiganda. Og ef það yrði ofan á, að hann ætti að fá endurgjald hjá eiganda, þá gæti það orðið ný vafaspurning, hvar væri hinn rètti eigandi. Mèr finnst því undarlegt, ef þingið vill gefa tilefni til þess, að slíkur ruglingur komist á, sem hlyti að verða tiiefni til þess, að bænarskrár kæmu til næsta þings um það að greiða úr þessum vafa. Hvað þetta nefndarálit snertir að öðru leyti, þá felli eg mig vel við breytingaratkvæði nefndarinnar við 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, þar sem nefndin tiltekur nákvæmar bæði tilgang þessara skóla, og hvað þar eigi að kenna. Að því er snertir breytingu nefndarinnar við 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá finnst mèr það eðlilegt, að þeir menn, sem kunnugir eru öllum landsháttum hèr á landi skipi fyrir um fyrirkomulag skóla þessara. En eg álít sjálfsagt, að stjórnin allt fyrir það legði til þau ráð, er henni þætti tiltækilegust, og efast engan veginn um, að það gæti orðið að góðu gagni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg hefi ekki tafið fyrir þinginu með löngum tölum í þessu máli, og eg skal ei heldur gjöra það enn. Eg segi það hreint út, að eg hefi aldrei verið og er ei enn sannfærður um að árangurinn af búnaðarskólum eða kjörbúum, er standi undir yfirumsjón stjórnarinnar, muni nokkurn tíma verða sá sem margir kunna að ímynda sèr, því eg held að öll bót á búskap hèr í landi muni þá helzt verða affaradrjúg, ef hún kemur einstaklega frá landsmönnum sjálfum í sem flestum sveitum. En hvað um það er, þá skal eg nú alls ei mæla móti málinu eins og því nú er komið, því eg ímynda mèr þó, að það fyrirkomulag, sem stungið er upp á,

muni að minnsta kosti ekki gjöra skaða, og eg læt mèr því nægja að óska að eins að það megi verða til meirí heilla fyrir land og lýð en eg þykist geta sèð eða haft von um. Það atriði, sem eg ætla því að eins að tala um er ákvörðunin um kostnaðinn, sem menn hefir greint nokkuð á um, og get eg þá ei verið hinum háttvirta varaforseta samþykkur í því, að nauðsyn hefði verið að gjöra breytingaratkvæði um að kostnaðinn skyldi einnig leggja á lausafè, ef menn ætluðu sèr að fallast á 4. grein stjórnarfrumvarpsins; því þó eg vilji ei neita því, að svo sýnist sem í því frumvarpi sè nokkur ósamkvæmni milli 3. og 4. greinarinnar, þá held eg þó, að þessi ósamkvæmni hverfi að mestu þegar betur er skoðað. Hinn háttvirti forseti tók það nú svo vel fram, að eg þarf engu þar við að bæta, hversu eðlilegt það væri að ekki að eins jarðeigendurnir einir, heldur og líka sjálfir ábúendurnir tækju þátt í öllum þeim kostnaði, sem leiða mun af stofnun búnaðarskóla, þar sem slík stofnun miðar ei að eins til þess að bæta jörðina í hag eiganda, heldur og einnig til þess að bæta búið allt, kvikfjárrækt o. s. frv. í hag ábúanda. Eg tek það því að eins fram, að þó nú svona sè, þó ábúandi einnig hafi hag af allri búnaðarbótinni og eigi því að sínu leyti að taka þátt í kostnaðinum eins og stjórnin stingur upp á í 4. grein, þá er það þó engin mótsögn fyrir því, að miða kostnaðinn við jarðarhundruðin eins og hún hefir gjört í 3. grein, því búið allt á einnig, ef rètt er skoðað, einmitt að upphæð að svara til jarðarhundraðanna, og eptir því hefir dýrleiki og upprunalega verið settur á jarðir hèr í landi í fornöld, því 20 hndr. jörð átti t. a. m. einmitt að framfæra 20 hndr. í alls konar kvikfè, og því að eins var hún og kölluð 20 hndr. jörð. Og þó þetta standi nú ei alstaðar heima, þá kemur það annaðhvort af því, að jörðin hefir einhverra kringumstæða vegna gengið af sèr, eða stundum kannske batnað, en úr því ætti þá hið nýja jarðamat að hafa bætt, eða það er að eins ábúanda að kenna, og er þá maklegt að hann annaðhvort gjaldi eða njóti ábúðar sinnar. En hvernig sem skoðað er, þá ætti þetta að vera undantekningarnar, og því er enn rètt að meta búið allt einnig eptir jarðarhundruðunum, og telja því gjald ábúanda einnig eptir sömu hundraðatölu, því þeir eiga að geta haldið þann fjárstofn á jörðinni sem til þeirra svarar; en hitt væri alveg ei rètt sem varaforseti gat um, að miða gjaldið til búnaðarskólans við lausafè yfirhöfuð samhliða við jarðareignina, því lausafè er miklu yfirgripsmeira, en að það snerti að eins það, sem til

jarðaráhafnar heyrir, og tilgangurinn er nú þó ei að leggja gjald þetta einnig á sjávarútveginn. Hið réttasta og sanngjarnasta væri því æfinlega að láta bæði jarðeigendur og ábúendur að eins gjalda til búnaðarskólans; og þar sem það að vísu er satt, að að eins ábúendur eru nefndir í stjórnarfrumvarpinu, þá hefði það vel getað átt við að breyta þessu þannig að t. a. m. eigandi skyldi gjalda helminginn og ábúandi hinn helminginn; en þar sem þetta er nú þó orðið seint, þá hika eg þó ei við að gefa atkvæði mitt fyrir uppástungu stjórnarinnar, heldur en fyrir breytingu nefndarinnar, því eg held það sè að svo stöddu minni órèttur að láta ábúendur borga allan þann kostnað, sem af búnaðarskólunum leiðir, heldur en að láta hann að eins lenda á jarðeigendunum, og það því heldur sem eg get ei annað sèð, en að afgjald af jörðum hèr á landi sè yfirhöfuð hraparlega lítið og að tiltölu miklu minna en alstaðar annarstaðar. Eg held að það sè almenn regla í flestum öðrum löndum, að hèr um bil helmingurinn af öllum ágóðanum af jörðinni gangi í landskuld og leigur, og það er líka alveg samkvæmt því hinu forna jarðamati, sem eg áðan gat um, þar sem búið, sem jörðin ber, er talið jafnmikils virði og jörðin sjálf; það er því sanngjarnt, að búandi hafi svo mikið af ágóðanum af búinu öllu, sem samsvari verði þeirrar áhafnar, sem jörðin getur borið og hann á, en gjaldi aptur eiganda eins mikið fyrir jarðarlánið, þar sem hvorttveggja er metin jafndýr. En þessu fer nú fjarri hèr á landi, og þar sem það sem optast mun vera illri ábúð að kenna, að búskapur allur er nú miklu verri hèr á landi en í fornöld, og jarðirnar því miklu minna verðar, þá sè eg ei neitt háskalegt í því, þó ábúendur yrðu nú einkum fyrst um sinn að standast þann litla kostnað, sem leiðir af stofnun búnaðarskólanna, sem einmitt er ætlaður til að bæta og efla búskapinn. Samkvæmt þessu mun eg því gefa atkvæði mitt fyrir breytingum nefndarinnar við 1. og 2. grein stjórnarfrumvarpsins, því þær eru að eins orðabreytingar til batnaðar, en fyrir 3. og 4. grein frumvarpsins óbreyttum; og skyldi eg þó ei hafa neitt á móti, þó stjórnin tæki það tillit til þess, sem hèr hefir komið fram, að hún lèti eigendur einnig gjalda nokkurn hlut af búnaðarskólagjaldinu, eins og einnig hálfpartinn sýnist að hafa verið tilgangur hennar, þar sem hún hefir orðað báðar greinirnar svo óljóslega, að annan skilning má leggja í 3. greinina, heldur en í þá 4., þó eg þykist nú hafa sýnt að þess þurfi ei.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði ekki að tala mikið eða margt

í þessu máli, en fyrst eg stóð upp á annað borð, þá get eg ekki lofað að vera stuttorður. Það sem helzt er umtalsefni, er ágreiningur meiri og minni hlutans í þessu máli. En það er búið að tala svo margt um það, að það kynni að virðast óþarfi, að bæta við það. Það var aðalhyrningarsteinn minni hlutans, að þingið gengi á móti sjálfu sèr, en hann ætlaði að flækja sig á höfði og sporði, þegar hann áleit að prestar ættu líka að greiða gjald það, sem stjórnarfrumvarpið stingur upp á, en vildi þó áður frelsa þá og kirkjugóssin frá þessari álögu. En mèr heyrist nú aðrir vera farnir að flækjast líka í möskvann með honum þar sem prestar sjálfir mæla með því, til að sýna, að þeir eigi færist undan að greiða þetta gjald. Mèr finnst nú, að það væri það sama, eins og að við jarðeigendur segðum, vèr viljum með ánægju greiða gjaldið af ábúðarjörðum vorum, en eigi fyrir landsseta vora, og yrði það þá líkt fyrir prestunum og Spartverjinn sagði: »Þèr vitið hvað rètt er að gjöra, en vèr gjörum það». Mèr finnst það eigi óþolandi, þó prestar á meðalbrauðum borguðu svo sem 4 mörk, eða af hinum beztu brauðum í hæsta lagi 9 mörk, svo mèr sýnist hèr ekki mikið um að gjöra. En aptur á móti er eg hræddur um, að það verði mjög óvinsælt meðal landseta, þegar þeir heyra að vèr hèr viljum demba á þá eina öllum fjárútlátum. Mèr þótti það undarlegt, að hinn konungkjörni varaþingmaður mælti ekki móti áliti meira hlutans, því hann er aldrei kunnur að því, að vilja láta þingið komast í mótsögn við sjálft sig, nè kasta þeim rètti, sem það á fulla heimtingu á, og skil eg ekki annað, en honum sè eitthvað brugðið, að hann skyldi ekki sjá þetta, ef hèr væri hætta á ferðum. Mèr finnst merkilegt, að lögfræðingarnir skuli hafa þetta álit, og ekki sjá ósamkvæmni þingsins eins vel og minni hlutinn, ef hún væri voðaleg. Eg hafði reyndar ekki hugsað mèr að tala fyrr en eg heyrði álit lögfræðinganna, en þeir hafa ekki fellt þungan dóm á álit meiri hlutans í þessu atriði. Eg hef nú aldrei skilið minni hlutann þar sem hann var að tala um, að óráðlegt væri að leggja svo miklar byrðir á ríkissjóðinn, og furðar mig á því, honum var þó ekki svo sárt um hann í hreppstjóramálinu. Gjaldið lendir heldur ekki á ríkissjóðnum heldur á umboðsmönnum sjóðsins. *(Arnljótur Ólafsson:* Hver er munirinn á því?*)* Það er sami munurinn og er á umboðsmanni og eiganda. Minni hlutinn kvaðst ætla að gefa sig undir atkvæði þingsins. Hann efnir það nú fallega!? þegar hann ætlar að senda ágreiningsálit sitt til stjórnar-

innar, ef álit hans fellur; hinn 4. konungkjörni þingmaður ætlaði nú að greiða úr allri flækju, með því að fallast á 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, svo að eigi kæmist eins mikill kostnaður á ríkissjóðinn. Mèr heyrðist hann ekki vera svona hlífinn við hann á síðasta þingi, þegar verið var að tala um að fá launaviðbótina úr ríkissjóðnum, en það er gott, þegar menn verða svona brjóstgóðir á tveim árum. Hann þóttist nú greiða alveg úr flækjunni með því, að kljúfa í sundur »umboðsmaður og eigandi«, og gekk yfir mig, að framsögumaður skyldi ei sjá þar, að hann vildi villa þingið í sömu flækjuna og stjórnin komst með »eigandanafnið« um árið, og þá kæmist þingið sannarlega í mótsögn við sjálft sig, ef það dytti nú niður úr fótsporum stjórnarinnar, af því brautin var ekki trygg. Eg vil nú eigi svara hinum 5. konungkjörna þingmanni, þar sem hann var að tala um að þetta væri loptkastalar, sem hèr væri farið fram á, en eg hef optast heyrt, að það væru kallaðir loptkastalar, þegar ráðizt væri í eitthvað mikið, en eigi þegar að litlar stofnanir ætti að gjöra. Mèr þykir nú ekki vert að öðru leyti að eyða orðum um ræðu hans, en eg hló, þegar eg heyrði, að hann ætlaði að gefa atkvæði sitt fyrir 10. tölulið en engu öðru. Þingmaður Reykvíkinga vildi reyndar styðja málið, en honum þótti fèð of lítið, sem til ætti að leggja, en það var talað um að mögulegt væri að anka það síðar, og þá að ganga harðar að landssetunum eða lausafènu, ef það fríaðist núna. Og þó að ekki fengist nú eins mikið og þegar beðið var um fè til að stofna fyrirmyndarbú hèrna um árið, þá verða menn að reyna að byrja með minna. Honum þótti fyrirkomulagið ekki vel hugsað, en hann kom eigi með breytingaratkvæði við undirbúningsumræðuna, og það hefði hann þó átt að gjöra, því mèr þykir vísast að nefndin hefði fallizt á það. Mèr hefir lengi þótt æskilegt, að búnaðarfèlög væru fyrst komin á stofn áður en búnaðarskóli myndaðist. Eg vildi ekki að þessir litlu búnaðarsjóðir, sem Norður- og Vesturamtið eiga, væri snertir, til að koma upp skólunum, því ef skólinn fèlli, þá væri ekkert fè til, ef menn vildu gjöra eitthvað seinna. En við þurfum ekki að fara til stjórnarinnar til að fá stofnuð búnaðarfèlög, og enn er eigi farið að byggja búnaðarskólann, og menn geta gjört margar uppástungur áður en búið er að koma búnaðarskólanum á fót. Mèr sýnist auðsætt á orðum þingmanns Skagfirðinga, að hann hefir eigi verið lengi landseti hèr, þar sem honum þykir oftítið afgjaldið af jörðunum, og eg get ekki svarað honum öðru en því, að eg

vildi óska, að hann væri leiguliði með 5 eða 6 börnum og tíundaði 5 til 8 hundruð, og vita svo hve sæll hann þættist eða hvort honum fyndist hægra fyrir hann, að greiða gjöld þau, er á hann væri lögð, en fyrir prest eða jarðeiganda, sem að gjaldast 30 fjórðunga smjörs eða meir, og þar eptir af landskuldum. Er það nú ekki eins hagur fyrir jarðeigendurna, ef jarðirnar batna? En ef þeir velja aumingja á jarðirnar, eru hirðulausir um þær og láta þær níðast niður, er það þá sanngjarnt að hækka afgjaldið að því skapi ef þeir fá mann, sem duglegur er, á þær? Það getur nú verið, að stjórnin ekki lesi þessar umræður, nè samþykki tillögur þingsins, en eg vil þó að eptirkomendurnir sjái, hverjir hafi gengið aptastir eða fremstir í þessu máli. Eg vil eigi að mönnum sè gefinn misgrunur um það, að þeir sem nokkuð eigi til, hafi eigi viljað gjöra neitt, eða láta neitt af hendi rakna, framförum landsins til eflingar; það voru margir jarðeigendur hèr á þingi áður og sumir af þeim, sem hefðu getað fengið þann heiðurstitil, að geta heitið hundraðshöfðingjar, eins og sagt var um daginn, og sýndu þeir þá, þegar talað var um alþingiskostnaðinn, að þeir vildu eigi demba honum yfir á landsetana, og þó einstakir menn ef til vill, gjöri það móti lögum, þá er það á þeirra samvizku. Eg mun nú gefa atkvæði eptir því sem mèr lízt; en það getur vel verið að eg biðji forseta um nafnakall, þegar gengið verður til atkvæða um 4. gr.

Indriði Gíslason: Það hefir nú mjög farið móti von minni um þetta mál, að því mundi byrja vel á þinginu. Það hefir jafnan verið skoðað og ætti að vera skoðað sem undirstaða fyrir öllum framförum lands þessa, að búnaður blómgaðist, því við það blómgast allar stèttir. Það hafa svo mörg mál komið hèr til þings, sem hafa farið í þá stefnu, að efla framfarir og menntun í landi þessu, t. a. m. læknaskólamálið og lagaskólamálið, og öll hafa fengið hinn bezta byr hèr á þingi, og taldi eg því víst, að þessu máli mundi reiða vel af líka, en það er ekki að marka, það tilheyrir bændunum. Það er nú mestur ágreiningurinn sprottinn út af minni og meiri hlutanum. Eg fellst nú á meiri hlutann, eins og sjálfsagt er, því eg er einn af honum, og þó menn nú vildi miðla málum, og ganga inn á 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá get eg ómögulega gengið inn á hana alla eins og hún er, og ímynda mèr að enginn gæti fengið sig til þess, því það vilja þó allir heldur, að umráð þessara stofnana sè í höndum amtmanna en í höndum stjórnarinnar, en ef 4. gr. er tekin, þá sè eg ekki annað, en að nefnd-

arálitinu sè kollsteypt. Eg er nú sannfærður um, að framfarir í landbúnaði miða öllum ábúendum til hagsældar beinlínis, og þar að auk búsettum embættismönnum bæði beinlínis og óbeinlínis, og eigi einungis þeim, sem hafa jörð til ábúðar, heldur verður það öllum stèttum til blómgnnar, því við það, að jarðirnar batna, fjölgar kvikfènaðurinn, og við það sem fènaðurinn fjölgar, þá vaxa tíundirnar, og við það að tíundir hækka, aukast tekjur embættismanna. Eg held nú að hver maður hljóti að sjá, að þetta er rèttur grundvöllur, sem nefndin hefir byggt á. En ef menn nú vilja fella málið, þá finnst mèr þinginu of mislagðar hendur, og öðruvísi var máli þessu tekið hèr á þingi 1855, þegar einn geistlegur maður bauð að gefa dagpeninga sína til að styrkja þetta mál, og sýnist mèr það lýsa meira veglyndi, en nú hefir lýst sèr í ræðum manna. Eg þarf ei að nefna manninn, hann er ekki langt frá, og menn munu ranka við hver hann var. Í fullri von um, að þetta verði álitið nauðsynjamál og byggt á rèttum grundvelli, mun eg gefa meiri hlutanum atkvæði mitt.

Framsögumaður: Eg vildi svara þingmanni Reykvíkinga og hinum 5. konungkjörna þingmanni fáeinum orðum, og tek eg þá undir eitt, því þeir voru báðir á sama máli; þeim þótti málið vanhugsað og illa undirbúið, og álitu því, að affarabest væri að fella það. Eg get nú ekki fallizt á þessa meiningu þeirra, því að eg held, að fá mál hafi verið eins vel undirbúin á þinginu eins og þetta mál. Þingið hefir nú haft það fjörum sinnum til meðferðar áður; og auk þess hefir stjórnin fengið álit amtmanna og stiptamtmanns um málið; og enn fremur hefir stjórnarnefnd húss- og bústjórnarfèlagsins hèr í suðuramtinu sagt sitt álit um málið. Allar þessar skýringar hafði nefndin fyrir sèr við meðferð málsins, og ef þingmenn hafa eigi haft tækifæri til að kynna sèr þær, þá skal eg geta þess, að nefndin fór einmitt i líka stefnu og stjórnarnefnd húss- og bústjórnarfèlagsins. Af þessum ástæðum held eg það megi vera ljóst, að ekki var kostur á að undirbúa málið betur en gjört hefir verið. Þessir 2 þingmenn hafa líka verið hèr fyrr á þingi, þegar þetta mál var til umræðu, og voru þeir þá mjög meðmæltir þeirri stefnu, sem nefndin hefir tekið í þessu máli. En ef þeir hafa fengið meiri speki síðan, því hafa þeir þá ekki látið vizku sína í ljósi fyrr en nú; mèr sýnist, að þeir hefði átt að láta til sín heyra fyrri, og koma með einhverjar þær upplýsingar eða breytingaruppástungur við málið, svo það yrði betur úr garði gjört;

það er sannarlega nokkuð undarlegt, að vera að koma fyrst[]með þetta nú, þegar fara á að greiða atkvæði í málinu. Það hafa nú margir látið í ljósi þá meiningu, að þeir mundi samþykkja 4. gr. frumvarpsins, og fannst mèr það enda skína út úr ræðum sumra þingmanna, að þeim þætti ekkert á móti því, að gjald þetta lenti á lausafènu; en hvers vegna komu þeir þá eigi með það fyrri? Því komu þeir ekki í tíma með breytingaratkvæði, sem miðuðu til að gjöra mælikvarðann, sem gjaldið á að miðast við, brúkandi; mèr sýnist hann nú hið mesta axarskapt, sem hugsazt getur. Þess eru líka mörg dæmi, að maður, sem býr á 40 *ce* jörð tíundar ekki nema 10 *ce*, en maður, sem býr á 10 *ce* jörð, tíundar 20 *ce*; og getur því vel farið svo, að efnaður maður, borgi fjórum sinnum minna en blátækur maður, ef hann býr á stórri jörð, þegar sá mælikvarði er hafður, að þeir borgi eptir hundraðatali þeirra jarða, sem þeir búa á. Eg vil nú einnig benda á, hvernig þessi mælikvarði tekur sig út með tilliti til prestanna sjálfra; það eru til beneficia hèr á landi, sem eru yfir 100 hndr að dýrleika eptir hinni nýju jarðabók; og það eru sem optast mestu gæði prestakallsins fólgin i ábúðarjörðinni. Í þessu tilfelli er þá lagður skattur á mestar embættistekjur prestsins. Nú er annar prestur sem býr ef til vill á 10 hundraða jörð, en hefir margar kirkjujarðir, sem hann hefir tekjur af, en þarf ekki að greiða búnaðarskólatoll, nema að eins af ábýli sínu. Eg get nú ekki sannfærzt um, að *rèttur* eða *sanngirni* heimili, að gjöra þann fjarska ójöfnuð á meðal prestanna sjálfra, sem á engu er byggður nema röngum hugarburði, og sem mun vekja megna óánægju hjá öllum þeim prestum, sem verða svo ósanngjarnlega misjafnt leiknir, þegar gjaldi þessu er jafnað niður eptir þessum mælikvarða.

Magnús Andrèsson: Það er að eins fátt eitt og einfalt, sem eg vildi segja, en eg vil einungís geta þess, að eg er málinu meðmæltur, og er eg því eins meðmæltur fyrir því, þó eigi sè byrjað í stærra formi. Það getur verið, að eg hefði einmitt ekki verið því eins meðmæltur ef formið hefði verið stærra, sökum þess, að því stærra sem byrjað er því meira verður fallið ef illa fer. Mèr sýnist þetta enginn loptkastali. Eg hef allt af verið á því, að betra væri að byrja á litlu, því það getur aukizt, en kostnaðurinn er þá minni og minna í húfi ef illa fer. Eg get nú ekki trúað því, að þessi vísir geti ei orðið þýðingarmikil stofnun fyrir landið. Þegar eg nú skoða ágreininginn, sem verður fyrir mèr, þá get eg ekki

fallizt á minni hlutann, þó að eg kunni nú að fá sama viðurnefnið og Eiríkur konungur, en eg get ekki verið að vorkenna prestum þetta gjald, því mèr finnst það ekki þungt, líka verður það minnst á minnstu brauðunum. En af betri meðalbrauðunum yrði það í hæsta lagi á 3. rd. og það er þó ekki svo mikið, en vèr vitum að allar undanþágur eru mjög óvinsælar meðal alþýðu. Mèr hefir heyrzt því vera haldið fram að koma hèr á landskatti eða nefskatti eða hvað eg á að nefna það. Eg man eptir því, að eg heyrði talað um að nefnd sú, er sett var hèr í Reykjavík um árið, til að íhuga skattamálið, hefði stungið upp á landskatti, og var það mjög óvinsælt, en aptur á móti heyrði eg engan mæla á móti eignarskatti. Það er opt og tíðum að fátækur maður býr á hundraðahárri jörð en vellríkur maður býr á dálitlu koti. Hvað atkvæðagreiðsluna snertir mun eg gefa atkvæði mitt fyrir uppástungum nefndarinnar.

Stefán Jónsson: Eg þarf ekki að mæla móti því að málið falli niður, þó sumum hafi farizt svo orð, því eg hef það traust og von til þingsins, að það ekki felli málið, sökum þess ágreinings, sem hèr hefir orðið um þetta gjald, sem hèr hefir valdið mestum ágreiningi, en er þó eitthvert hið vægasta gjald, sem nokkurn tíma hefir verið lagt á landsmenn. Eg er nú ef til vill einn af þeim fáu sem hèr eru á þingi, sem hefi reynt hvortveggja bæði að vera landsdrottinn og leiguliði, og kann eg þó betur við að gjald þetta bitni á jarðeiganda. Það getur verið að vægt sè eptirgjald eptir sumar jarðir, en jarðeigendur munu þó optast vera færari menn yfirhöfuð að tala, þó að undantekningar geti átt sèr stað. Mèr virðist það hin mesta rangsleitni, að miða gjaldið við hundraðatölu jarðanna, ef leiguliði á að borga það, því það sjá þó allir, að þeir eru eigi jafnir bændur sem búa á jafnri hundraðatölu; það er vorkunn, þó að þeir sem ekki hafa búið eins og þingmaður Skagfirðinga ekki viti hvað það er að hafa mikinn barnafjölda og ómegð fram að færa og greiða öll útgjöld sem leiguliði (*H. Kr. Friðriksson*: Geta eigi jarðeigendur átt börn). Jú, en þeir eru optast nær betur staddir. Það er að vísu satt, að miklu gjaldi er nú búið að demba á jarðeigendurna, því auk annars þá er og í mörgum sveitum mikið fátækra-útsvar lagt á fasteign; en mèr finnst það þó eðlilegra, að gjaldið lendi á fasteigninni, því það yrði mikil ósanngirni úr því, ef það lenti að eins á leiguliðum. Þar að auki gæti það haft margar illar afleiðingar. Það hefir verið talað um að tölu-

verð tíundarsvik eigi sèr stað, og þetta held eg yrði freisting fyrir menn að draga ekki úr þeim, því gjald þetta lendir þá í rauninni á lausafènu. Eg mun því gefa atkvæði mitt fyrir að þetta gjald komi niður á jarðeigendum.

Björn Pètursson: Eg skal ekki tefja lengi tímann og þarf þess heldur ekki, því það er búið að svara flestum mótbárum, er fram hafa komið móti nefndarálitinu; það er þó ein ástæða, sem minni hlutinn til færði til stuðnings sínu máli, sem enn er ósvarað. Minni hlutinn, þingmaður Borgfirðinga sagði við undirbúningsumræðuna, að ógjörningur væri, að breyta frá þeirri lagasetningu, sem staðið hefði frá því að landið byggðist til 1861. En mèr sýnist þessi ástæða miklu heldur móti honum en með. Mèr finnst nú þvert á móti vera kominn tími til, að hætta við að slengja öllum skyldum og sköttum á þessa veslings bændur, sem nú þegar margir hverjir, ekki geta lengur risið undir þeim skuldaþunga, sem á þeim hvilir, eða hvenær finnst minni hlutanum tími til þess? Kannske 1961, eða kannske aldrei? Það hefir nú verið talað mikið um, hversu mikið gjald væri komið á fasteignina; en það er eins og einn vatnsdropi í öllu hafinu á móti því, sem komið er á lausafèð eins og allir vita. Mèr sýnist það lítil framfaravon fyrir landið, að kúga bændur svo, að þeir verði alveg kjarklausir og dáðlausir. Gjaldið er reyndar lítið, það er satt, og bændur munar ekki mikið um það, en eg held þá og, að prestana mundi ei heldur muna mikið um, að gjalda þetta lítilræði, og eg er viss um að landsmönnum yfirhöfuð verður geðfelldara að gjaldið komi jafnt niður á alla, því allar undanþágur frá gjöldum til almennings þarfa eru mjög óvinsælar og óeðlilegar. Jeg get því ekki gefið minni hlutanum atkvæði mitt, heldur verð eg í öllu að fallast á álit meiri hluta nefndarinnar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var því næst gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins, samþ. með 20 atkv.
2. Frumvarpsins 1. gr. fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölulið 1.
3. Breytingaratkvæði nefndarinnar við 3. gr. frumvarpsins samþ. með 21 atkv.

4. Frumvarpsins 2. gr., fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 3. tölulið.
5. Breytingar- og viðauka-atkvæði nefndarinnar við 3. gr. frumvarpsins.
   a, samþ. með 21 atkv.
   b, — — 19 —
   c, — — 21 —
   d, — — 20 —
6. Frumvarpsins 3. gr. með áorðnum breytingum, samþ. með 22 atkv.
7. Frumvarpsins 4. gr., samþ. með 20 atkv.
8. minni hluti nefndarinnar (*Arnljótur Ólafsson*) breytingaratkvæði við tölulið 9. *a,* fellt með 11 atkv. gegn 7.
9. Meiri hluti nefndarinnar viðauka-atkvæði við 4. gr. frumvarpsins 7. tölulið.
   a, fellt með 12 atkv. gegn 10.
   b, samþ. — 16 —
10. Minni hluti nefndarinnar viðauka-atkvæði við tölulið 9. *b,* fellt frá atkvæðagreiðslu með 13 atkv. gegn 6.
11. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþ. með 16 atkv. gegn 2.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá mótmælaskrá frá 11 Mosfellssveitingum gegn niðurskurði. Hún var afhent mér af þingmanni Reykvíkinga, af því þingmaður kjördæmisins var ekki við, og verður hún því afhent þingmanni Reykvíkinga.

Síðan var bænarskráin lesin upp svo hljóðaudi.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 196.

Benidikt Sveinsson: Eg spyr að því, hvort þingmaður Reykvikinga gjöri þessa bænarskrá að sinni uppástungu, því annars hefði hún átt að koma frá fulltrúa Gullbringusýslu, vildi eg vita þetta áður en henni er vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

H. Kr, Friðriksson: Eg get gjarnan gjört hana að minni uppástungu. Eg ætla eigi að fara fram á annað, en að henni verði vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Jón Hjaltalín: Eg vil stinga upp á því, að sèrstök nefnd sè sett í þetta mál. Eg er nú að blaða í bænarskrá með 40 nöfnum um niðurskurð, og væri held eg bezt að setja sína nefndina í hvora, þessa og hana, heldur fjölmenna, svo að þetta niðurskurðar stagl verði þó einhvern tíma fullgjört.

Benidikt Sveinsson: Eg er á því að sèrstaka nefnd eigi að kjósa, því þessi uppástunga fer í gagnstæða átt við aðrar bænarskrár, sem vísað hefir verið til fjárkláðanefndarinnar, og hún á ekki vel hægt með að skera úr milli þessa blessaða »já« og »nei« um niðurskurð og lækningar. Eg sting því upp á þriggja manna nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Þessi bænarskrá fer ekki í eins gagnstæða átt við frumvarp stjórnarinnar og hinar um niðurskurðinn, og mèr finnst skrítið, að þingmenn skuli sjá þessar mótsagnir fyrst nú.

Magnús Andrèsson: Nefndarálitið er nú komið svo langt á leið, að nefndin getur ekki tekið þessa bænarskrá til greina.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja að því, hvort ætti að kjósa svoleiðis nefnd, að ein nefnd væri í niðurskurðar bænarskránum og ein í lækninga bænarskránum eða niðurskurðar protestunum, þó þau sèu úr sömu sveitinni.

Páll Melsteð: Mèr finnst menn verði að hafa fyrir augum, hve lítill tími er, sem þingið hefir yfir að ráða og því eigi það illa við að tefja sig á því, að setja sèrstaka nefnd til að íhuga þessa einstöku bænarskrá. Eg skal einnig geta þess, að nú er á ferðinni bænarskrá frá 40 mönnum í Kjósarhrepp um niðurskurð, og ef til vill geta fleiri bænarskrár komið um kláðamálið, og þá hygg eg að tafsamt verði að setja nefndir um þær allar.

Benidikt Sveinsson: Það er nokkuð annað að vísa bænarskránum um niðurskurð til sömu nefndar sem sett er í því máli, eða mótmælaskrá móti niðurskurði, því það er ómögulegt fyrir þá nefnd að sameina þær tvær stefnur, og stend eg því fast á því, að sèrstök nefnd sè kosin, með því líka nefndarálitið í fjárkláðamálinu er komið svo langt á leið.

Jón Hjaltalín: Það er öðru máli að gegna um þessa 40, því þeir vilja ekki hafa niðurskurð nema allir skeri; þeir vilja blessaðir mennirnir »more brutorum« láta allar kýr í fjósi vera jafnskitnar. Þeim nægir eigi sjálfum að vilja drepa sínar eigin skepnur heldur vilja þeir og fá aðra til þess og virðast eigi að hugsa um hvílíkt órèttlæti og stjórnleysi af þessu getur leitt og verður að leiða.

P. Pètursson: Eg vildi leyfa mèr þá athugasemd, að mèr sýnist nefndin í kláðamálinu ekki vera bundin við bænarskrár þær, sem til hennar koma, en hún getur sagt álit sitt um þær, og það getur verið undir kringumstæðunum komið, að hve miklu

leyti hún tekur bænarskrána til greina. Annað mál er það, ef nefndin er komin svo langt áleiðis, að það hindri aðgjörðir hennar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er umræðu þessari lokið. Það hefir verið talað um að kjósa sèrstaka nefnd, og einuig að vísa þessari mótmælaskrá til nefndarinnar í fjárkláðamálinu; og vil eg biðja þingið að skera úr því með atkvæðagreiðslu.

Síðan var gengið til atkvæða, og með 15 atkvæðum gegn 5 samþykkt að vísa bænarskránni til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. Eg skal geta þess, að til mín er komið nefndarálit um lagaskólann og um presta-ekluna, og verður þetta hvorttveggja lagt á lestrarsalinn í kvöld. Ákveð eg þá fund til á morgun kl. 12 (hádegi).

Fundi slitið.

Nítjándi fundur — 30. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Konungsfulltrúi: Út af því sem eg talaði í gær viðvíkjandi hinni umbeðnu ítarlegri þinglengingu, þá skal eg leyfa mèr, til þess að fyrirbyggja misskilning að geta þess, að eg ætlaðist til að þingið yrði úti hinn 14. næsta mánaðar en ekki þannig, að því yrði sagt upp hinn 15. heldur þann 14. ágúst næstkomandi, en eg sè af þingbókinni að eg hefi tekið til þann 15., en það eru mismæli hjá mèr, sem eg hèr með leyfi mèr að leiðrètta.

Eg get þessa einungis til þess að fyrirbyggja misskilning, því það getur verið að eg í gær ekki hafi skýrt eða rètt tekið fram um daginn.

Forseti: Eg man það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram á síðasta fundi, að öll þingstörf skyldu vera úti 14. dag næsta mánaðar, og ef enginn þingmanna festir sig á þessu, að konungsfulltrúinn hafi á síðasta fundi talað um að þingið yrði lengt til þess 15. þá álít eg að þingið með því lýsi yfir því, að það viti að það ekki megi búast við lengri lengingu en til þess 14. í næsta mánuði.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi vita hvort eg hefði ekki skilið ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa rètt. Eg skyldi hana svo, að hún væri að eins útskýring á því, er hann mælti um þinglenginguna á síðasta fundi (*Konungsfulltrúi:* Það er svo) en ekki sem nein ný ákvörðun.

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur þá til umræðu bænarskár frá 20 Íslendingum í Kaupmannahöfn um rètt útlendra til embætta hèr á landi. Flutningsmaður er hinn heiðraði varaforseti.

Var síðan bænarskráin afhent varaforseta og las hann hana upp svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 197.

Jón Guðmundsson: Eg ímynda mèr, að þessi bænarskrá sè svo greinileg og röksamleg, að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um hana, og eg vona að þingið finni, að aðalstefna hennar er á góðum og gildum rökum byggð, og eg vona því að þingið finni sèr skylt að veita henni hinn fyllsta gaum, því það er kunnugt að hèr á landi hafði embætti, ekki kann ske nú, en áður, maður, sem hafði konunglegt veitingabrèf fyrir því, en sem ekki hafði sannað, að hann kynni nokkurt orð í íslenzku áður en hann fekk embættið, heldur þvert á móti lýsti því yfir í embætti sínu, að hann ekki kynni neitt í málinu. Þessi maður sannaði aldrei neina kunnáttu sína í embætti, sat samt í embættinu með konungs veitingu svo lengi sem hann listi, en fèkk aldrei veitingarbrèfið, er var geymt hjá stiptamtmanni, og sannaði hann það eina af því sem hann átti að sanna til þess að fá veitingarbrèfið, að hann kynni ekkert í íslenzku, og stiptamtið væri ríkara af miskunn, heldur en af embættisárvekni með því að hèr að lútandi lögum yrði fullnægt. Svo er það og næsta aðgæzluvert, sem tekið er fram í bænarskránni, að embætti hafa verið látin standa óveitt í 2 ár, þó íslenzkir menn órækir að hæfilegleikum og öðru hafi sótt um þau, þegar er þau voru laus orðin, en danskur maður var settur í annað, án þess að hann hefði tekið prófið í íslenzku, en hitt látið bíða á annað ár eptir dönskum manni á meðan hann var að lesa íslenzku, og veitt honum nú í sumar strax sem hann hafði komið nafninu á að standast prófið í íslenzku. Að geyma svona embætti og það árum saman, þó að Íslendingar, sem annars ekki geta verið rækir, sæki strax, það má að mínu áliti kalla að sè að brjóta lög á Íslendingum, og þetta ætti þingið að taka vel til greina, og reyna að skerast í málið. Hinu öðru atriðinu í bænarskránni vil eg ekki fylgja eins fastlega fram; mèr finnst það ekki eins mikils varðandi; það er nokkuð, sem nefndin ef henni lízt, getur tekið til yfirvegunar og svo þingið þegar málið kemur frá nefndinni getur sagt álit sitt um. Hvað 3. atriðið snertir; þá er það nú ekki nema bending í bænar-

skránni, og nefndin er því síður bundin við að taka það til greina, sem niðurlagsatriði, svo þingið þarf ekki að fælast af því frá að taka málið til meðferðar. Eg vil því einungis leyfa mèr að vekja þingsins athygli á því, að það er sèr í lagi 1. atriðið, sem grípur inn í rèttindi vor, og að málið er þess vert, að þingið ekki hrindi því frá sèr. Hvað það snertir, að setja nefnd í málið, þá er það sjálfsagt, að nóg er að gjöra, og þegar búið að ofhlaða þingstörfum á suma, en eg held þó að þetta mál ekki muni tefja mjög mikið fyrir þinginu. Hèr er einungis um það að ræða, hvort málið sè þess vert, að nefnd sè í því sett, en ekki um hin sèrstöku atriði hvort út af fyrir sig, um þau er engi ástæða til að tala á þessu stigi málsins heldur því að eins að nefndin gefi tilefni til þess með uppástungum sínum. Eg skal svo ekki fara lengra út í málið, en einungis leyfa mèr að biðja um að nefnd verði kosin, og leyfi eg mèr að stinga upp á þriggja manna nefnd, eg held það nægi.

Benidikt Sveinsson: Eg er að mestu leyti samdóma hinum háttvirta varaforseta, og skal því ekki fara langt út í málið að svo stöddu. Hèr er um það mál að gjöra, sem öllum má vera annt um, og eg ímynda mèr að bending sú, sem varaforseti gaf þinginu, geti komið málinu að góðu liði með nokkuð öðrum vegi. Eg vil að vísu að málið sè tekið til greina, en eg vil láta vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1. Eg er hræddur um, að þegar nú nefndin, sem sett yrði, væri búin að taka frá, það sem henni þætti miður eiga við, þá yrði lítið sem ekkert verulegt eptir af kjarna bænarskráarinnar; eg held það færi bezt á því, að þetta sem eptir yrði væri tengt við atriðin í stjórnarbótarmálinu nr. 1, svo stjórnin þannig gæti fengið bendingu, sem hún fyrir löngu hefði átt að hafa fengið. Eg verð því að stinga upp á, að málinu sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1, en að ekki sè kosin sèrstök nefnd, því það held eg bæti ekki, heldur skemmi fyrir málinu

Jón Guðmundsson: Eg hefði nú getað skilið í því, ef einhver fyrir utan stjórnarbótarnefndina nr. 1 hefði orðið til þess að vísa málinu til þeirrar nefndar, og sem hefði viljað fella málið. En eg skil ekki, hvernig hinn konungkjörni varaþingmaður getur gjört það, þar sem hann er einn í nefndinni og veit, að í þeirri nefnd eru komnar fram uppástungur um tvenn niðurlagsatriði hvort öðru gagnstætt, og sem þó að vísu hvorug leyfa að þessi bænarskrá

verði tekin til greina, nema að því leyti, að það gæti komið inn í ástæðurnar sem frèttir, að bænarskrá þessi hefði komið til þingsins, og kæmi þannig eins og eitthvað »úr sauðarleggnum», en ekki sem fast ákveðið niðurlagsatriði, en þar með væri þinginu afskorið allt tækifæri til þess að láta í ljósi það álit sitt um, að hèr muni nokkurt gjörræði hafa átt sèr stað. Það atriði er þýðingarmikið, og ef við viljum vera einlægir við kolann og hjálpa málinu, þá eigum við að fela það sèrstakri nefnd, en ef við viljum ónýta málið, þá er hreinlegra að fella það eða vísa því algjörlega frá þingi en að stinga því svona inn í annað mál málefninu sjálfu til ógagns og spillingar.

Benidikt Sveinsson: Eg held að hinn hæstvirti varaforseti hafi misskilið mig. Eg vil ekki fella málið, en eg vil ekki ræða hin einstöku atriði þess. En hvað það snertir, að eg sè ragari að segja meiningu mína en aðrir þingmenn þá liggur mèr slík mótbára í lèttu rúmi, að minnsta kosti þangað til færðar verða fyrir því ástæður. Eg vil ekki orðlengja málið, en biðja hinn háttvirta forseta að láta ganga til atkvæða um, hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd eða vísa málinu til hinnar nefndarinnar sem eg nefndi.

Gísli Brynjúlfsson: Ef strax hefði verið gengið til atkvæða um það, hvað við bænarskrá þessa skyldi gjöra, og ef hún hefði alls ei verið lesin upp hèr á þinginu, þá skyldi eg ei heldur hafa farið neinum orðum um hana sjálfa, en að eins hafa haldið mèr til niðurlagsatriðanna. En þar sem þetta nú ei hefir farið svo, heldur hefir skjal þetta verið lesið hèr upp í heilu lagi, þá neyðist eg til að segja nokkur orð um efni bænarskráarinnar og um þá röksemdaleiðslu, sem niðurlagsatriðin eru byggð á. Eg verð þá strax að segja það, að bænarskrá þessi er undarlegur blendingur af sannindum og ósannindum. Hún gengur út frá því, að gjörræði hafi verið sýnt með tilliti til veitinga á embættum hèr í landi, og hún dróttar því ei að eins að stjórninni heldur og einnig að einstökum mönnum, sem á annan hátt eiga nokkurn þátt í málinu, að dönskum mönnum, sem sóttu um embætti hèr í landi, hafi verið vilnað of mikið í. En það er bezt að segja svo hverja sögu sem hún gengur, og skoðum þá, hvort þessir beiðendur í Kaupmannahöfn hafa verið svo sannorðir eða samvizkusamir í allri frásögn sinni; vilji menn vera frjálsir, þá eiga menn og að kunna að vera rèttlátir, og eg segi að hèr hafi ei verið sýnt meira gjörræði við íslenzka menn heldur en við danska með jöfnum rètti til em-

bætta eptir þeim lögum, sem enn gilda, hvort sem þau svo eru röng eða rètt. Svo stóð á, að í fyrra vor eða vetur sóttu tveir danskir kandídatar með bezta vitnisburði um báðar Múlasýslurnar, og veit eg ei hvort nokkur Íslendingur var þá búinn að sækja; eptir sem lög standa til beiddust þessir menn þá strax að mega láta prófa sig í íslensku, og hafði ráðgjafinn alls engan rètt til þess að neita þeim um þetta. En íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn, einkum þeir sem lesa lög, voru mjög óánægðir með að embættin skyldu svona vera tekin út úr höndunum á þeim, og þó voru þeir sjálfir ei búnir til að sækja, þar sem þeir áttu enn eptir að ljúka sèr af við háskólann; þeir hèldu því fund með sèr, og fengu mann til að rita grein í danskt blað um yfirgang danskra embættismanna á Íslandi, og síðan var sótt um, að prófið í íslensku yrði gjört harðara á þann hátt, að það skyldi ei að eins vera munnlegt heldur líka skriflegt og halda í heyranda hljóði, svo að tveir íslenzkir prófdómendur skyldu dæma um hæfilegleika þeirra, er prófast skyldi, ásamt prófanda. Þetta var nú allt saman ofboð gott, en það sèr hver heilvita maður, að það gat ekki verið nein skylda fyrir hina dönsku menn, sem sótt höfðu áður og boðizt til að ganga undir próf eptir hinum eldri ákvörðunum, að bíða nú hins nýja prófs, og þó leyfði ráðgjafinn sèr að draga þá á þessu þangað til í vor, þegar hann loks var búinn að semja ákvarðanirnar um hið nýja próf. Það er nú að vísu satt, að hann dróg einnig að veita embættin meðan á þessu stóð, og eg skal alls eigi láta mèr koma til hugar að verja þá aðferð, þó segja mætti að hann gat ei vel veitt þau áður en hann var búinn að leyfa þeim mönnum, sem fyrir löngu höfðu boðizt til þess að láta reyna sig í íslensku, þar sem þeir annars eptir nú gildandi lögum höfðu fullan rètt til að sækja um þau; en hitt uppástend eg, að hafi hèr verið sýnt gjörræði, þá var það alls eigi fremur sýnt við íslenzka en við danska menn, og þess hefðu þeir átt að gæta, sem rituðu hænarskrána, áður en þeir sendu hana hingað til lands með ósönnum blæ. Eg segi eigi að þau lög, sem nú eru um veitingar á embættum hèr í landi sèu góð, eða að mèr líki þau einmitt, en lög eru lög meðan þau standa, og menn eiga að beita þeim með rèttlæti við hvern sem svo á í hlut. Meðan á því stóð, að prófinu var eigi breytt, hafði amtmaðurinn fyrir norðan sett annan hinna dönsku manna, er sóttu um Múlasýslurnar, yfir Norðurmúlasýslu, og þar er hann enn, sagður vel liðinn og duglegur, þó hann hafi

eigi verið prófaður í íslenzku, en það atriði skal eg eigi tala um, því það verður sá embættismaður, sem setti hann, að ábyrgjast. En eg held mèr að eins við hitt, að nú fekkst loks breytingin á prófinu í vor, og var þá hinn, sem svo lengi hafði beðið, reyndur í íslenzku í heyranda hljóði af prófessor K. Gíslasyni og að tveim prófdómendum viðhöfðum, og fannst þeim öllum hann fullnægja þeim kröfum, sem lögin setja um næga kunnáttu á máli voru til þess að geta orðið sýslumaður hèr á landi. En þá sannaðist nú hið fornkveðna, að mikið vill meira, því eptir þessi málalok urðu nú sumir íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn sem óvægastir yfir því, að hinn danski maður skyldi hafa staðið sig, og höfðu þeir þá eigi annað meðal, en að drótta því að prófanda og prófdómendum, að þeir hefðu verið of vægir við hann, og þetta kemur einnig nógu ljóslega fram í skjali því, sem nú hefir verið lesið hèr upp. Það er nú æfinlega hægt að kenna öðrum um og reyna að gjöra þá tortryggilega í augum þeirra, sem ekki vita hvernig á stendur; en þar sem eg nú einmitt var annar prófdómendanna, þá verð eg með öllu að mótmæla því og segja það fullkomin ósannindi, sem gefið er í skyn í bænarskránni, að prófandi og prófdómendur hafi eigi fulllkomlega gjört skyldu sína og dæmt eptir bezta viti og meðvitund um kunnáttu hins prófaða í íslenzku, og eg treysti hinum heiðruðu þingmönnum svo vel, að þeir um þetta efni muni eins vel trúa orðum mínum eins og kærum nokkurra óánægðra Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hitt er annað, og í því get eg vel verið samdóma öðru niðurlagsatriðinu í bænarskránni, að það væri víst óskandi, að reglurnar fyrir því, hvað mikið á að heimta af dönskum mönnum í íslenzku til þess að þeir geti orðið embættismenn hèr á landi, mættu verða ákveðnari en þær nú eru eptir úrskurðunum, því því skal eg aldrei neita, að þær eru alls eigi nógu ljósar, og eg bið menn að eins að setja sig um stund í stað prófanda eður prófdómenda, og munu þeir þá fljótt finna, að það er eigi svo hægt að rata hèr hið rètta meðalhóf, meðan allt er eins óákveðið um kröfurnar eins og það nú er. En þessa hefðu hinir heiðruðu landar vorir vel getað óskað án þess að hafa meiðandi orð um aðra, eða vera að drótta að þeim ósannindum, og á þessu veit eg vel hið háttvirta þing muni kunna að gjöra rèttan mun. Eg efast um, að þeir sèu margir, sem meti meir íslenzka tungu en eg, og eg met hana svo mikils, engan veginn að eins af því, að hún er íslenzk, heldur miklu fremur af því eg þykist finna hve göfug og ágæt hún

er í sjálfri sèr; en hversu mikils sem eg met mál vort, þá met eg það þó aldrei svo mikils, að eg álíti allt þjóðerni eða allan rètt þjóðar vorrar vera fólginn í því einu. Það er satt, að mál er æfinlega eitt af aðaleinkunnum þjóðernisins, en það er heldur ekki meira, og eg uppástend, að þegar vèr höfum fengið það, sem nú í raun og veru er viðurkennt, að íslenzka eigi að rètti að vera hið einasta þjóðmál hèr í landi, sem viðhaft sè í öllum allsherjar- eða embættis-málum, þegar þetta er viðurkennt sem aðalregla, þá segi eg, að vèr höfum í raun og veru fengið allt það, sem vèr þurfum með í þeirri grein, því hitt er þá að eins á voru eigin valdi, að framfylgja þessu sem bezt. En það held eg og að vèr eigum eptir öllu ástandi voru, að minnsta kosti fyrst um sinn, að vera mjög svo varkárir með að beita þessum rètti með nokkrum barnalegum ofsa eða frekju, og eg held því ekki heldur, að nokkur rèttsýnn Íslendingur muni verða á því að skilja svo hina konunglegu úrskurði eða vilja Kristjáns konungs hinn 8. sem það hafi nokkurn tíma verið meiningin, að danskir menn, til þess að fá embætti hèr í landi þyrftu að vera jafnsnjallir innfæddum Íslendingum i málinu, eins og farið er fram á í þessu skjali, því það hefði verið sama sem að segja, að þeir mættu alls ei nokkurn tíma komast hèr að, og það hefir þó víst aldrei verið tilgangur uokkurs Dana konungs. En eg segi meir, það væri oss ei heldur nytsamlegt, að hafa slíka einstrengingslega skoðun eins og Kínverjar, og það því síður sem vèr þó nú, eins og stendur á fyrir oss, eigum að heita í fèlagsskap við aðra þjóð. Eg tek það upp, sem eg sagði áðan, að málið er engan veginn allt þjóðernið eða þjóðarrètturinn, menn verða og að hugsa um fleira, sem nytsamt er; og þar sem það nú er viðurkennt, að íslenzka eigi að vera rèttar- og embættis-mál hèr í landi, þá sè eg ekki þjóðerni voru neinn háska búinn af því, þó einhver embættismaður, sem að öðru leyti væri nýtur og góður landinu, væri eigi sem allra beztur í máli voru, því það væri þá að eins á hans ábyrgð að fá einhvern til að hjálpa sèr í því atriði svo að allt kæmi þó frá honum á rèttan hátt. Ef einhver maður, sem fær er um það að öðru leyti, vill sannarlega vinna þessu landi gagn, þá skal hann vera mèr velkominn, hvaðan sem hann svo kemur; eg verð að hafa um þetta orð Hannibals forðum, þegar hann var að eins að hugsa um að vinna bug á Rómverjum fyrir *land sitt*, »hver sem hann er, og hvaðan sem hann svo er, hann skal vera fyrir mèr Carthagomaður, ef hann vill að eins berjast við Róm-

verja», og sama segi eg nú; eg mundi álíta hvern þann góðan Íslending, sem vildi vinna þessu landi gagn með starfa sínum innanlands á löglegan hátt, þó hann svo talaði bjagað mál, og eg skyldi miklu fremur telja þeim Íslendingum það til lítils ágætis, sem þá væru að eins allt af að staglast á þeim smámunum, að maðurinn kynni ei að bera stafina rètt fram.

Eg hefi tekið þetta fram, af því mèr finnst svo einstrengingslegur andi í bænarskrá þeirri, sem nú ræðir um, að eg vildi alls eigi menn skyldu halda að eins regingsleg skoðun á málefnum vorum eða öllum hag væri ríkust hèr á þingi; og þó eg fúslega viðurkenni, að minnsta kosti fæstir þeir, sem undir bænarskrána hafi skrifað, muni hafa gjört það af því þeir ímynduðu sèr að þeir gætu gjört málinu nokkurt verulegt gagn með slíkri aðferð, þá vona eg þó menn muni betur sjá hèr á þingi, hvað oss er til sannra nota, eptir því sem allt ástand okkar er nú. Það er og svo að sjá sem beiðendur sjálfir hafi fundið til þess, að það mundi ei svo hægt að framfylgja nú skoðun þeirra út í allar æsar, á meðan Íslendingar hafa þann rètt til embætta í Danmörk, sem þeir enn hafa, og þá hafa þeir nú fundið upp á 3. niðurlagsatriðinu. En þetta atriði er þess eðlis, að eg vil helzt ekkert um það tala, þar sem eg efast um, að þingið muni alls ei gefa því nokkurn gaum, og eg furða mig miklu fremur á, að skynsömum mönnum skuli hafa getað komið til hugar að fara fram á slíkt, eptir því sem nú stendur á fyrir oss í öllu tilliti, og það við þetta þing, sem alls ekki hefir nokkur ráð yfir alríkismálum. Að við vildum nú fara að taka okkur út úr á slíkan hátt, það er svo fráleitt, að það bíður engra svara, og eg er sannfærður um, að öll viðleitni í slíka stefnu mundi að eins spilla mikillega fyrir okkur í öllum þeim málum, sem oss ríður mest á. Eg tók það áðan fram, að íslenzkri tungu væri í rauninni borgið, þegar sú aðalregla væri viðurkennd, að hún ein sè rèttar- og embættismál hèr í landi, og eg bæti því nú við, að hið næsta fótmál til þess að fá sem mesta tryggingu í þessu efni, er stofnun lagaskóla, því þegar hann væri fyrst kominn á hèr í landi, þá mundi allt smátt og smátt lagast, svo að útlendir menn gætu ei framar orðið embættismenn hèr án þess að vera fullnuma bæði í íslenzku máli og lögum. Þá kæmi allt það, sem vèr nú erum að kvarta yfir að vanti, af sjálfu sèr á eðlilegan hátt, og allt sem að því miðar skal eg því æfinlega vera fús að styrkja af alefli; en þessari smásmuglegu umönnun fyrir málinu einu og í orð-

um tómum, sem aldrei kemst lengra en að yfirborðinu og hirðir minna um að nema burt undirrótina undir því, sem lakara kann að vera, heldur en að fara í æsingar út af öllum smávegis afleiðingum, sem ei verður komizt hjá, meðan allt ástandið er eins og það enn er — úr þess konar og því um líku get eg alls ei gjört mikið. Eg held þvert á móti, að við ættum einmitt nú að sýna okkur sem frjálslyndasta og óeinstrengingslegasta í öllum slíkum smámunum, en leggjast því fremur með öllu afli á eitt til að hafa fram hin nauðsynlegustu aðalmál vor; og þar sem það nú er kunnugt, að við höfum loks fengið loforð frá konungi fyrir stofnun lagaskóla, og höfum nú líka það mál enn til meðferðar hèr á þingi, þá verð eg að segja að eg ímynda mèr að allur reginsskapur frá vorri hlið út úr öðru eins og því, sem hèr um ræðir, mundi að eins spilla fyrir að lagakennsla hèr í landi gæti byrjað svo fljótt sem vèr óskum, því mótstöðumenn þessa, sem enn eru of margir, mundu víst ei spara að nota slíkt á móti okkur. Eg vil því spyrja skynsama menn, hvort þeim þykir það tilvinnandi að spilla nú góðu máli, og sem sýnist að vera vel komið á veg, með því að fara nú að skipta sèr nokkuð af öðru eins og því, sem skjalið frá Kaupmannahöfn fer fram á, og eg efast ei um að flestir þingmenn munu segja nei.

Meira skal eg nú ei tala um þetta mál, og eg hefi í raun og veru talað það nauðugur og að eins af því eg mátti til að svara einhverju upp á það, sem í bænarskránni er dróttað að mönnum, sem að eins hafa gjört skyldu sína eptir beztu samvizku. En að öðru leyti tek eg það enn upp, að mèr skyldi þykja mjög svo vænt um, ef það yrði ákveðið ljósar en nú, hvað mikið á að heimta af dönskum manni við próf í íslenzku til þess að hann geti orðið embættismaður hèr í landi, og því læt eg þingið alveg ráða hvað það vill gjöra út af 1. og 2. niðurlagsatriði bænarskráarinnar.

Jón Hjaltalín: Ef þessi uppástunga væri komin frá Japan þá hefði eg getað skilið hana, en að hún skuli koma frá frjáslyndum, stjórnhollum og drenglyndum mönnum, það get eg naumast skilið. Í þessu skjali er farið gífurlegum og óviðkvæmilegum orðum um stjórnina og meiðandi sakagiptir eru frambornar um landa vora. Eg þykist vera eins velviljaður landi voru eins og hver annar, en það væri eg vissulega ekki, ef eg kæmi með aðra eins bænarskrá og þessa, í sama anda og eins skrifaða. Eg vil að við höfum sem frjálsastar hendur, en að við líkjumst Sínverjum eða Japans mönn-

um, þetta vil eg forðast. Það eru nógir agnúar um okkur hjá útlendingum, þó við ekki bætum á þá, við megum ekki mikils, og okkur er bezt að brúka væg orð. Við þykjumst vera frjálslyndir, en þá eigum við ekki einungis að vera frjálslyndir við sjálfa oss, heldur einnig við útlenda. Það skulu þeir sanna, sem undir þessa bænarskrá hafa skrifað, að ef hún verður heyrum kunnug, þá mælist ekki vel fyrir henni Það þykir mèr eðlilegt, þó stjórnin veiti embættin Íslendingum, ef þeir eru til, og það er það vanalega, þó út af kunni að hafa brugðið á síðustu tímum, og ef einhver missmíði hafa verið á, þá átti að fara um það hógværum orðum, því oss ber eigi að gleyma því að danskir embættismenn geta verið fullt eins góðir og íslenzkir. Það er í bænarskránni farið fram á, að þeir útlendingar sem fái embætti hèr á landi, skuli vera jafnsnjallir Íslendingum í málinu. Þetta er nú sama sem að gjöra öllum útlendum ómögulegt að fá embætti hèr á landi, því nær verða útlendir menn jafnsnjallir innlendum í málinu? Það verða þeir naumast hvorki hèr eða nokkurstaðar erlendis, því það meðfædda mál verður allajafna mönnum tamast í hverju landi sem er, og engan útlending hefi eg enn þá þekkt, er tali jafnsnjalla dönsku sem menntaðir danskir menn gjöra. Eg skil ekki, hvernig landar vorir í Kaupmannahöfn skuli hafa skrifað slíka bænarskrá, sem í raun og veru ekki er mikið annað en ósönnuð klögun yfir stjórninni og löndum vorum. Eg skil ekki, að þingið gjöri rètt í að fylla þeirra flokk. Það eru hörð orð að segja, að ráðherrann hafi brotið lög á sèr. Við stöndum ekki undir ráðherranum, heldur undir konunginum, og hann fær því þessi orð. Vèr höfum margt um að biðja og stjórnin hefir sýnt sig oss velviljaða, í því að vilja styrkja landa mína í öllu sem getur orðið til góðs, en eg vildi óska, að þessi bænarskrá hefði aldrei komið hèr inn á þingið, því hún gjörir ekkert gott og lýsir engum fögrum anda, hvorki á móti stjórninni eða þeim Íslendingum sem hafa fjatlað um kennsluna í íslenzku í Kaupmannahöfn en sem þó allir vita að eru góðir drengir. Eg ræð fastlega frá því að nefnd verði sett í þetta mál, og eins frá því, að málinu verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1. eg held sú nefnd hafi nóg á hyllunum hjá sèr.

Benidikt Sveinsson: Það fór sem mig varði, að langar umræður mundu spilla þessu máli, og ef tala ætti um það frá öllum hliðum og rekja það út í yztu æsar, mundi vera nóg að gjöra til kvelds. Hinn háttvirti varaforseti tók fram aðalgrundvöllinn og hann

á að taka til greina, en aðrar hliðar málsins ekki að svo komnu. Eða eigum vèr nú að fara að rífast um alla kosti og lesti bænarskráarinnar. Það var óþarfi fyrir hinn 5. konungkjörna þingmann að fara lengra, en þingmaður Skagfirðinga fór. Undir þessa bænarská eru ritaðir þeir menn, að eg held að enginn þingmaður ætti að voga sèr að segja: Eg ann meira föðurlandi mínu en þeir. Bænarskráin er á góðum aðalrökum byggð og því er skylt að vèr tökum hana til greina, en sleppum hinu, sem oss virðist miður fara. Þegar öllu er á botninn hvolft þá játa eg það, að það liggur á botninum eins konar Isolationsprincip, aðskilnaðarhugsun, sem ekki á við þessa tíma, en það er ekki aðalmergurinn að mínu áliti og á ekki að takast til greina, aðalmergurinn er hið 1. atriði, það að rangindum hafi verið beitt móti oss Íslendingum. Eg veit ekki til að nokkur danskur maður sè látinn sitja á hakanum fyrir Íslendingum til embætta í Danmörku, þegar þau eru veitt, og þó þvílíkt kæmi fyrir í Danmörku, þá varðar okkur ekki um það. Eg vil nú að sem fyrst sè gengið til atkvæða, og vona að þingmenn ekki lengi þingræður hèðan af, það er búið að tala nóg, og helzt til ofmikið í málinu.

Gísli Brynjúlfsson: Til þess að komast hjá öllum málalengingum, og svo það sjáist, að eg vil alls ei vera á móti bænarskrá þessari að því leyti sem nokkuð er nýtt í henni, þá skal eg leyfa mèr að stinga upp á því, að henni verði helzt vísað til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu, því þar finnst mèr hún þó eiga betur við en inn í stjórnarbótarnefndina nr. 1.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf ekki að svara ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns. En af því þingmaður Skagfirðinga talaði um að vísa málinu til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu, þá verð eg að lýsa því yfir að það atriðið bænarskráarinnar, sem eptir mínum skilningi getur helzt tekizt til greina, ekki er aðalatriðið, og því verð eg að vera því, mótfallinn. En ef ekki verður kosin nefnd sèrstaklega, þá verð eg að vera á því að því þó sè vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1. En eptir þeim löngu umræðum sem orðið hafa, þá veit eg nú ekki nema þurfi að rannsaka málið betur. En þó sèrstök nefnd verði sett held eg hún gæti komizt hjá að tala ósæmileg orð um fjærverandi menn, og álít eg það heppni ef stjórnin læsi ekki þær ósæmilegu ræður sem hafa fram farið í þessu máli.

Jón Guðmundsson: Eg skal ekki lengja þingræðurnar þær eru

orðnar of langar. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hèlt nú þá hrókaræðu, rètt eins og nú lægi þegar fyrir til umræðu uppástungur frá þingnefnd, sem honum og þinginu lægi lífið á að væri felldar, en hèr liggja ekki fyrir nein þess leiðis niðurlagsatriði. Eg veit ekki hvað slíkar ræður eiga að gjöra, nema ef þær eiga að sýna mikla málsnilld hins 5. konungkjörna. Mèr sýnist það ódrengilegt að vera að þrátta um, hvort vísa eigi málinu til þessarar eða hinnar nefndarinnar; ef menn ekki vilja gefa málinu neinn gaum þá er bezt að fella það. Að vísa því til nefndarinnar í málinu um rètt íslenzkrar tungu nær að mínu áliti engri átt, og því til sönnunar skírskota eg til ræðu þingmanns Strandasýslu. Væri því vísað til hinnar nefndarinnar, þá væri það sama sem, að hún tæki við því, og ætlaði sèr að geyma það í pokahorninu. En þegar gengið verður til atkvæða um hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd eða ekki óska eg nafnakalls.

Konungsfulltrúi: Því var hreift í byrjun umræðnanna af þeim heiðraða konungkjörna varaþingmanni, að rèttust meðferð á þessari bænarskrá væri sú, að vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1. Eg verð að vera þessu samdóma, því eins og uppástungan liggur fyrir og eins og hún er orðuð, og með þeim blæ sem á henni er, verð eg að álíta að málið ef það kæmi í nefnd, ekki mundi græða á því, en gefa þar á móti tilefni til umræðna, sem betur hefði verið ótalaðar. Eg verð einnig að vera þingmanninum úr Skagafjarðarsýslu algjörlega samdóma í því, að það liggi á botninum í bænarskránni umkvörtun eða klögun yfir stjórninni og einnig yfir því prófi í íslenzku, sem danskir kandidatar, sem vilja sækja um embætti á Íslandi eiga að ganga undir. Þessi umkvörtun vildi eg ekki hefði komið fram, og það því síður sem eg verð að álíta, að umkvörtanir þessar sèu ekki á gildum rökum byggðar; það er sveigt að því, að prófið í íslenzku sè allt of lint, og enda gjört linara en ætlazt er til af stjórninni; eg þekki nú að vísu ekki til þessa prófs en verð þó að álíta að í þessu sè eitthvað ofhermt, en að öðru leyti er eg á þeirri skoðun, að það sè öldungis rètt að prófið sè heldur lèttara en þyngra. Eg vil nefnilega ekki gjöra dönskum kandídötum það að frágangssök að sækja um embætti hèr á landi með því að heimta af þeim, að þeir, eins og að orði er kveðið í bænarskránni sèu *jafnsnjallir* innfæddum Íslendingum í málinu. Þeir dönsku embættismenn sem hèr hafa verið, t. a. m. sýslumenn og læknar, hafa verið flest allir dugandis

menn, og staðið heiðarlega í stöðu sinni, að eg nú ekki nefni dönsku stiptamtmennina, sem hèr hafa verið hver fram af öðrum. Þetta verður ekki borið til baka, því það er satt. Það er hollt fyrir okkur að fá þessa, sem eg kalla »friske Kræfter« inn í landið, og í embættin hjá okkur, við þurfum þess með. Þar sem í bænarskránni en fremur er tekið fram, að í sýslumannsembættið í Norðurmúlasýslu hafi verið settur danskur maður af stjórninni, skal eg leyfa mèr að taka það fram, að eg ætla hann væri settur af hlutaðeigandi amtmanni, svo sjálfri stjórninni verður ekki kennt um það, en að öðru leyti má geta þess, að þá stóð svo á, að enginn Íslendíngur var til í embættið. Yfir höfuð er bænarskrá þessi að mínu áliti með þeim blæ, sem eg með engu móti get aðhyllzt. Eg verð því að vera hinum heiðraða konungkjörna varaþingmanni samdóma í því, að það sè í öllu tiliti tiltækilegast ekki að setja sèrstaka nefnd í málið heldur að vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1. því þó eg ekki þekki til hlítar, hvað þar muni verða farið fram á, verð eg þó að álíta, að það eigi svo mikið skylt við þetta mál, að þetta mál geti komizt að sem einstakt atriði.

Gísli Brynjúlfsson: Þar sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður heldur því svo fastlega fram, að vísa bænarskránni til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1, þá skal eg alls eigi vera harður á minni uppástungu, og það því síður sem eg álít það ei mikinn skaða þó meira verði eigi úr þessu máli, en líklegt er í þeirri nefnd. En eg get þó ei annað sagt, en að eg álít einmitt sökum 1. niðurlagsatriðisins, að bænarskráin eigi þó miklu betur inn í nefndina um rètt íslenzkrar tungu, því þar er einmitt kvartað yfir því, að rèttur hennar sè skertur, ef maður sè settur í embætti hèr á landi,án þess fyrst að hafa verið prófaður í íslenzku. En þingið ræður hvað það gjörir.

Forseti: Viðvíkjandi hinum danska manni, sem settur hefir verið í Norður-Múlasýslu, þá skal eg geta þess, að mèr er kunnugt um, hvernig það atvikaðist að hann var settur í sýsluna, því hann hefir sagt mèr það sjálfur. Þegar amtmaðurinn kom til Hafnar, bar hann sig upp um það við stjórnina, að það vantaði sýslumann í Norður-Múlasýslu. Síðan kom hann til þessa manns og spurði hann hvort hann vildi taka á móti konstitution í Norður-Múlasýslu, og það fór svo að hann gjörði það; en af því skipið, sem hann hlaut að fara með, fór 2 dögum eptir, þá var ekki tími

fyrir hann að ganga undir prófið í íslenzku. Eg hèlt því, að stjórnin hefði sett hann, þó amtmaðurinn væri milligöngumaður.

H. Kr. Friðriksson: Það sæti ekki á mèr, að mæla móti rètti íslenzkrar tungu, og eg þykist aldrei hafa viljað skerða helgi hennar. Þetta mál er þess vert, að það sè skoðað frá öllum hliðum, þó eg nú reyndar ekki sè bænarskránni samdóma, og því vil eg að það yrði fengið einhverri nefnd til meðferðar. En hver nefnd á að fjatla um málið? Að setja sèrstaka nefnd er sama sem að fella málið, því eg sè ekki, hvernig hún getur komizt út af því eða hver niðurlagsatriði hún getur sèrstaklega fengið úr bænarskránni í bænarskrá til konungs. En mèr finnst þetta mál, ef það á að komast að, beinlínis eiga undir stjórnarbótarmálið nr. 1., og það einmitt eptir því, sem eg skildi ræðu hins hæstvirta varaforseta um það mál, því að þetta mál virðist mèr, er eg legg það góðfúslega út, umkvörtun yfir því, hvernig gildandi lögum sè framfylgt, og þá heyrir þessi umkvörtun beinlinis undir stjórnarbótarnefndina nr. 1, sem er um sama efni. Þegar talað er um úrskurðinn, að menn vilji hafa hann ákveðnari, þá er það ekki rètt, úrskurðurinn gefur þeim sem reynir, fullt vald að laga prófið sem bezt; þeim er lagt það upp í hendurnar, að hafa prófið svo strangt, sem þeim þykir þörf; og má eigi ætla neinum, að hann sè eigi samvizkusamur í prófinu, og meðan eg ekki fæ sannanir fyrir því, að þeir vanbrúki þetta vald sitt, þá finnst mèr ekki tilefni til að kvarta yfir neinni vanbrúkun. Ef menn færu að biðja um ákveðnari konungsúrskurð um þetta efni, þá yrði það til þess, að binda hendur á þeim, sem prófið ættu að halda. En það verða allir að játa, bæði þeir sem hafa reynt og látið reyna sig, að hversu nákvæmar reglur sem fyrirskipaðar eru, þá verður það aldrei svo, að sá sem reynir, ekki geti farið kringum þær. Eg verð þó að segja, að eg þekki nokkuð til prófa, þar sem eg á að heita kennari hèr við skólann, og prófa optar en einu sinni á ári. Getur annað atriðið ekki komizt að? En um þriðja atriðið vil eg ekkert tala. Eg verð því að vera á því, að vísa eigi þessari bænarskrá til nefndarinnar í stjórnarbótamálinu nr. 1., því þar á hún heima.

Benidikt Sveinsson: Eg vona að þingmenn hafi tekið eptir ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, því að það liggur mikil þýðing í því, sem hann sagði, að málinu skyldi vísa til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, hvort sem litið er á málsins formlegu hlið eður aðalinnihald þess.

Páll Sigurðsson: Sè ekki kosin sèrstök nefnd, sem eg álít að gjöra ætti í þessu efni, þá sýnist mèr rèttast að vísa málinu til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu, því þar er beðið um, að íslenzk tunga sè brúkuð í embættismanna brèfum, en hèr er beðið um, að ekki aðrir Danir, en þeir sem kunna málið, verði embættismenn hèr. Þetta getur vel sameinazt; ef því verður ekki sett sèrstök nefnd, þá virðist mèr sjálfsagt, að vísa málinu til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu en ekki til stjórnarbótanefndarinnar nr. 1.

Jón Guðmundsson: Eg vil engan veginn gjöra lítið úr ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, en eg vil geta þess, að hann benti á, að ef að sèrstök nefnd væri kosin, þá yrðu atriðin í bænarskránni að umræðuefni og það yrði ekki bænarskránni til góðs. En getur ekki hið sama átt sèr stað, þó að málinu sè vísað til annarar nefndar, eða hefir ekki hver þingmaður rètt til þess að gjöra uppástungur bænarskrárinnar að sinni uppástungu, þegar inn á þing kæmi, þó að nefndin leiddi þau hjá sèr. Þessi ástæða virðist mèr því næsta lèttvæg móti sèrstakri nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða varaforseta leyfa mèr að taka það fram, að þegar eg mælti með því, að bænarskránni væri vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1, þá var það af því, að eg áleit, að þá mundi ekki eins koma fram þeir að minni hyggju ýmsu vankantar á bænarskránni, því nefndin mundi laga þá í hendi sèr í meðferðinni. En þessu álít eg, að miklu síður gæti orðið komið við, ef málið kæmi í sèrstaka nefnd; þetta var mín hugsun og eg held hún hafi góðar ástæður við að styðjast.

Ásgeir Einarsson: Eg skal ekki tala langt; það er sagt að ef sèrstök nefnd verði kosin þá verði langar umræður, hvernig geta þær verið lengri en þær eru orðnar? Hèr er um að tala, hvort eigi að skipta sèr af bænarskránni, eða fleygja henni aptur framan í þá sem sendu hana. Það er sagt að sumt sè rètt en sumt rangt í bænarskránni, en hvernig verður betur greitt úr því en í sèrstakri nefnd.

Benidikt Sveinsson: Það er vafalaust og ugglaust rangt að vísa þessu máli til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu; því hèr er alls eigi spursmál um að kenna íslenzku, heldur um þekkingu hennar sem eitt skilyrði meðal annars fyrir embættaveitingum. Eg vil skýra þetta með dæmi, ef t. a. m. 20 ára gömlum dönskum

manni ómyndugum væri veitt embætti fyrir 25 ára gömlum Íslending, væri þá ekki brotið lögákveðið skilyrði, svo Íslendingurinn yrði fyrir rangindum, án þess að það ætti við að tala um lögin um fullveðja aldur. Eptir orðum þingmanns Skagfirðinga er málið ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvort Íslendingar hafi ekki orðið út undan, hvað málsatriðið snertir. Hvað ræðu þingmanns Strandasýslu snertir, þá tók hann ekkert fram, sem sýndi að stjórnarbótarnefndin nr. 1 ekki geti tekið málið til greina.

Stefán Eiríksson: Það lítur nú svo út, sem þingmenn séu búnir að gleyma hvað liðið er á þingtímann, nú höfum við heyrt hvað þingið verður lengt í mesta lagi, og því álít eg að þessar löngu ræður séu alveg óhafandi, þegar spursmálið er að eins um að setja nefnd; það hefir nú verið stungið upp á að vísa bænarskránni til nefndarinnar nr. 1 í stjórnarbótarmálinu, aptur hafa aðrir stungið upp á að vísa bænarskránni til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu, og í þriðja lagi hefir verið stungið upp á sèrstakri nefnd; það hafa nú ekki aðrir talað í þessu máli en hinir menntuðu menn, og eg vona nú að þingmenn sjái af uppástungum hinna menntuðu manna með að vísa bænarskránni til ýmsra nefnda, að þeir háttvirtu herrar ekki skilja þó innihald bænarskráarinnar (*Jón Guðmundsson:* mikið rètt), og þar eg sè nú ekki annað af ræðum hinna menntuðu þingmanna, en að tilgangur þeirra sè að leiða okkur ómenntuðu mennina í ógöngur með atkvæði okkar (*Björn Pètursson:* Bravó), þá ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir sèrstakri nefnd, því misskilningur hinna menntuðu manna sem talað hafa um það, hvar bænarskráin heyri undir, sýnir einmitt að það á að setja sèrstaka nefnd í málið.

Gísli Brynjúlfsson: Út af því sem hinn konungkjörni varaþingmaður sagði seinast, verð eg þó að geta þess, að málið er einmitt aðalatriðið í þessari bænarskrá. Það er það sem höfundar hennar fyrst og síðast eru að tala um, hvað sem svo öðru líður, og mèr finnst hún einmitt bera það með sèr, að um hana hafi helzt fjatlað menn, sem hætti of mikið við að hugsa meir um fötin en um manninn. En hvað um það er, þingið má gjarnan fella bænarskrána fyrir mèr með því að vísa henni til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari umræðu lokið. Það hefir verið stungið upp á að kjósa sèrstaka nefnd, og

líka að vísa málinu til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1, og enn að vísa því til nefndarinnar um rètt íslenzkrar tungu.

Var óskað að atkvæða væri leitað með nafnakalli, og var svo gjört.

Fyrst var leitað atkvæða um, hvort kjósa skyldi sèrstaka nefnd, og fèllu þau þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Ásg. Einarsson.	Br. Jónsson.
H. Hálfdánarson.	B. Þórðarson.
I. Gíslason.	Á. Ólafsson.
J. Guðmundsson.	B. Sveinsson.
J. Sigurðsson.	B. Pètursson.
P. Sigurðsson.	G. Brynjúlfsson.
St. Eiríksson.	H. Kr. Friðriksson.
St. Jónsson.	H. G. Thordersen.
	J. Hjaltalín.
	J. Pálmason.
	J. Pètursson.
	M. Andrèsson.
	P. Melsteð.
	P. Pètursson.
	Sv. Skúlason.

Málið var þannig fellt frá sèrstakri nefnd með 15 móti 8 atkvæðum.

Síðan var gengið til atkvæða um hvort vísa skyldi málinu til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1. og fèllu atkvæði þannig:

»já» sögðu:	»nei» sögðu:
B. Þórðarson.	Br. Jónsson.
Ásg. Einarsson.	A. Ólafsson.
B. Sveinsson.	B. Pètursson.
H. Kr. Friðriksson.	G. Brynjúlfsson.
H. Hálfdánarson,	I. Gíslason.
H. G. Thordersen.	J. Guðmundsson.
J. Pálmason.	J. Hjaltalín.
J. Pètursson.	P. Sigurðsson.
J. Sigurðsson.	
M. Andrèsson.	
P. Melsteð.	
P. Pètursson.	

»já» sögðu:
St. Eiríksson.
St. Jónsson.
Sv. Skúlason.

Var þannig samþykkt með 15 atkv. gegn 8 að vísa skyldi málinu til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Forseti: Þessu næst kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Barðstrendinga *um uppbót á fátækum prestaköllum*. Var málið afhent uppástungumanni.

Benidikt Þórðarson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 201.

Eg efast ekki um, að þingmönnum þyki málefni þetta mikilsvarðandi, og þeir því gefi málinu góðan róm, og vil eg þess vegna, enda þótt stutt sè eptir af þingtímanum, mælast til, að nefnd verði sett í málið, því við það gæti það skýrzt og komizt í þá stefnu sem það ætti að fara; málið er að vísu fljótt yfir farið í uppástungunni, en þó svo, að nefndin gæti vel stuðzt við það og komið því fram er bezt ætti við, og í sannleika þarf nefndarálitið ekki að verða langt, því málið er í sjálfu sèr öldungis óflókið og einfalt, svo eg ætla að umræður um það þyrftu ekki að tefja lengi fyrir þinginu. Eg óska einungis að það sè tekið í nefnd og að hinn háttvirti forseti láti þegar umræðulaust ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa, og leyfi eg mèr að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki annað, en ráðið þinginu frá, að taka þetta mál að sèr, og setja nefnd í það, ekki af því, að mèr þyki ekki málið þess umkomið, heldur hins vegna, að eg get ekki álitið líkindi til þess, að stjórnin geti fengið hjá ríkisþinginu þann fjárstyrk sem hèr er beðið um, meir en 8000 rd., þegar jafnframt athugazt, að það er búið að biðja um 6000 rd. í öðru máli eða til samans hèr um bil um 15000 rd., og enda þó þetta væri ekki tilfellið, þá er þó að taka til greina, hvernig nú er ástatt, að Ísland er að biðja um sín eigin fjárforráð, og er þá annað líklegra, en að stjórnin álíti, að það sè bezt, að þetta mál bíði þess tíma, er Ísland fær sín eigin fjárforráð? Stjórnin hefir áður lýst því yfir, að hún ekki sæi veg til þess, að bæta hèr kjör prestanna með beinlínis fjárstyrk úr ríkissjóðnum, og þá stóð þó öðru vísi á, þá var nýja stjórnarskipunin ekki komin á í Danmörku, og stjórnin hafði í fjármálum miklu óbundnari hendur en nú. Eg ítreka það

því aptur, að eg get ekki annað en ráðið þinginu frá, að taka þetta mál að sèr, því eg get ekki álitið, að það geti haft, eins og nú á stendur, nokkurn árangur.

Jón Hjaltalín: Nú er lagið á; í öðru orðinu eru menn að setja skæting í stjórnina, en svo eru menn í hinu að biðja hana um stórsummur. Bænarskráin, sem áðan var til umræðu, setti margar slettur í stjórnina, en nú biðja menn hana í allt um hèr um bil milli 20 og 30 þúsundir dala. Eg álít, að það sè ekki til neins að fara nú að grauta í þessu, því það er ekki til neins; það er hverjum heilvita manni auðsèð að ekkert kemur út af því; eg veigra mèr engan veginn við að láta þetta álit mitt í ljósi fyrir þinginu, og er eg því þess vegna öldungis mótfallinn að nefnd verði sett í málið.

Stefán Jónsson: Það er orðið að venju meðal kristinna manna, að vísa málum til annara nefnda, til að sýna þar með, að menn vilji ekki deyða þau með öllu, þó menn ekki treystist til að veita þeim fulla forstöðu, og vildi eg því stinga upp á því, að uppástungunni yrði vísað til nefndarinnar í prestseklumálinu (Nokkrir: Nefndarálitið er búið). Það er þó ekki lagt fram. Mèr er það ekki skiljanlegt, að það þurfi að bæta Saurbæjarbrauðið í Eyjafirði, sem uppástungumaður þó nefndi, og eg er viss um, að presturinn þar hefir ekki farið því á flot, því þó menn ef til vill hugsi það kynni að verða sameinað við næsta brauð, og tekjurnar svo rýrðar til uppbótar öðrum brauðum, þá liggur það ekki fyrir enn sem komið er, enda eru mörg brauð ótalin sem fremur þurfa uppbótar við heldur en þau sem talin eru í þessari uppástungu..

Arnljótur Ólafsson: Eg er einn af þeim, sem mæla fastlega á móti þessu máli, og eg mæli eigi að eins móti sèrstakri nefnd, heldur líka, að vísa því til annarar nefndar, eða í einu orði, að menn skipti sèr nokkuð af því. Eg vil, að prestarnir hafi öll rèttindi sín óskert, en eg vil ekki, að þeir sèu að betla á stjórninni. Eg álít það líka óviðurkvæmilegt, að prestum sè launað af ríkissjóði; og ef nokkurn tíma yrði rætt um, að prestarnir skyldu fá þær tekjur, sem þeir nú fá frá söfnuðunum, úr ríkissjóði, þá mundi eg verða því alveg mótfallinn. Prestarnir eru guðs og safnaðarins þjónar, en ekki stjóruarinnar, þeir eru siðameistarar, en ekki lögreglumeistarar, og eg vil ekki stuðla til, að annar eins grautur komist á verkahring prestanna, eins og er á hreppstjóranna stöðu, en það yrði þó með þessu, nema hvað það yrði enn verra. Eg

álít, ef klerkastèttin getur ekki staðið á sínum eigin fótum, þá muni hún enn síður geta staðið á ríkissjóðsins fótum.

Benidikt Þórðarson: Eg held það sè nú auðsèð, að ekki ætlar að blása byrlega fyrir þessari uppástungu, einkum gustaði hinn 5. konungkjörni þingmaður köldum anda að henni, og svo stríðum á móti henni, að við sjálft lá, að hann mundi blása henni niður undir gólfið. En á meðan vindurinn blès gætti hann þess ekki, að það hefir þó á 2 þingum áður hverju eptir annað verið farið fram á samkynja máli við stjórnina, þegar beðið var um launaviðbót handa embættismönnum hèrna, og fann hann ekkert að því; hann mætti reka minni til þess, að stjórnin neitaði bæn fyrra þingsins en heyrði bæn hins síðara, eins gæti orðið, þó þessu máli reiddi ekki sem bezt af í byrjuninni, að það ynnist með tímanum, eg vil ekki geta nema góðs til stjórnarinnar þótt hann vantreysti henni. Það þykir nú óhæfa að telja prestana sem konunglega embættismenn; en þetta getur mèr ekki skilizt, það vita þó allir, að konungur veitir sum brauð sjálfur, en gefur stiptsyfirvöldunum umboð sitt til að veita hin öll, og til margra þeirra sem stiptsyfirvöldin veita, þurfa prestar að fá konunglega staðfestingu fyrir veitingunni, annars gyldir hún ekki. Eg held því, að prestar sèu með fullnm rètti embættismenn konungs og stjórnarinnar og engin vandræði sè á ferðum, þó málinu sè hreift, og beðið að bæta kjör prestanna; þó nefnd sè sett í málið, þarf hún ekki að binda sig við mínar uppástungur, og getur fremur ef hún vill sjálf fundið marga aðra vegi, sem þingið gæti farið með til stjórnarinnar. Menn mega líka muna eptir því, að stjórnin ótilkvödd gaf hèr um árið (1838) 1000 rd. úr ríkissjóði til uppbótar hinum rýrustu brauðum þrjú ár samfleytt. Eg ætla því eigi, að stjórnin mundi þykkjast við þingið, þó það biðji um þetta með hógværlegum orðum. Hitt er annað, sem eg vel get skilið, að hún uppfylli ekki allar þarfi vorar í þessu efni, en lítið er betra en ekkert. Þar sem þingmaður Eyfirðinga tók það fram um Saurbæ í Eyjafirði, að það væri gott brauð, og þyrfti ekki uppbótar við, þá þekki eg það, að það er satt, að það er vel viðunandi brauð, en það er allt fyrir það í nýja brauðamatinu matið undir 300 rd., og því get eg þess að eg ekki taldi því neitt til bóta, eg vil nú enn þá heyra, hvort þingmenn vilja veita uppástungunni nokkurt liðsyrði eða ekki.

Pètur Pètursson: Það hefir nú verið lagður þýsna þungur dómur á uppástunguna, svo það er ekki sýnilegt, að hún fái góðan byr á þinginu, sízt að sèrstök nefnd verði sett um hana. En eg get

þó ekki verið mönnum alveg samdóma um það, að þingið eigi ekki að taka hana að neinu til greina; þó eg hafi litla eða enga von um, að prestsstèttin mundi græða á því í bráð, þó bænarskrá væri send um þetta, í því skyni að stjórnin mundi veita þessa peningaupphæð, sem um er beðið, þá held eg, að bænarskráin mundi gjöra óbeinlínis gagn bæði prestastèttinni og öllu landinu, því með henni væri stjórninni sýnt, að hèr í landinu er einn flokkur embættismanna, sem hefir við óviðunanleg kjör að búa; en þar sem nú fjárhagsaðskilnaðurinn er á leiðinni, gæti þetta orðið góð bending fyrir stjórnina um, að hèr er ekki allt svo fullkomið, sem óskandi væri, eða hún hugsar, svo að hún máske fyndi orsök til, að skjóta því meiru fè til við fjárhagsaðskilnaðinn, svo allt gæti þá komizt í gott lag, og aumari brauðin þá einnig gætu fengið uppbót. Ef þessi uppástunga nú gæti orðið til þeirrar bendingar fyrir stjórnina, að hún legði meira fè til, þá yrði það hagur fyrir preststèttina síðarmeir. Eg vil ekki mæla með sèrstakri nefnd; en þar sem bænarskráin sýnir fram á og hljóðar um einn verulegan galla á stjórnarfyrirkomulagi voru, sem sè, að 1 flokkur embættismanna er of illa launaður, þá vil eg stinga upp á, að vísa henni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu nr. 1; til nefndarinnar í prestseklumálinu verður henni ekki vísað, því að sú nefnd er þegar búin hèr um bil að afljúka starfa sínum.

Helgi Hálfdánarson: Eg hugsaði, þegar hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður byrjaði ræðu sína, að hann mundi ætla að verða uppástungunni meðmæltur; en í enda ræðu sinnar varð hann henni ekki mjög meðmæltur, heldur, að mèr virtist, öllu fremur einn í mótmælenda flokki. Mèr sýnist nú ekki, að þessi uppástunga eigi það skilið, að þingið gefi henni engan gaum. Það hefir þó verið viðurkennt, að til mikilla vandræða horfi með að fá presta til brauðanna hèr á landi, og þess vegna er komið inn á þingið hið svo kallaða presta-eklumál. Mèr þykir lakast, að þessi uppástunga er komin of seint til þingsins, því hefði hún komið áður en nefnd var kosin í presta-eklumálið, þá hefði hún getað orðið þeirri nefnd til góðrar bendingar, og þar átti hún einmitt heima. Hitt get eg ekki skilið, að eigi við, að vísa henni til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1, þeirrar nefndar, sem öllu, sem menn virða lítils, er kastað í, og kallast má ruslakista þingsins. Hvað nú þann veg áhrærir, sem uppástungumaður bendir á, þá held eg ekki, að hann sè rangur. Eg held það gæti vel farið svo

að þetta fengist, í öllu falli að nokkru leyti. Og eg veit það fyrir víst, að stjórnin álítur það skyldu sína, að annast um prestana, eins og aðra embættismenn sína; því það er ekki rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að prestarnir sèu einungis þjónar safnaðanna; þeir eru líka með fram þjónar þjóðfèlagsins (Statens) eins og aðrir embættismenn, og hafa auk hinna kirkjulegu starfa margt á hendi, sem snertir þjóðfèlagið. Prestar eru þess vegna, að minnsta kosti víðast hvar, skoðaðir, sem konunglegir embættismenn; og eg hefi fulla ástæðu til að halda, að hin danska stjórn skoði einnig prestana hèr á landi svo, því nýlega hefir einn prestur hèr, eins og vèr vitum, fengið launaviðbót úr ríkissjóði, og einn uppgjafaprestur hefir líka fengið eptirlaun úr ríkissjóði. Með þessu sýnist mèr stjórnin hafa viðurkennt, að hún skoði prestana sem sína embættismenn. Það er satt að vísu, að þetta er mikið fè, sem hèr er stungið upp á; en menn þurfa ekki að láta það fæla sig frá að kjósa nefnd í málið; hún gæti hæglega komizt til þeirrar niðurstöðu, að lækka mikið þá upphæð sem hèr er stungið upp á, eða ef til vill, fundið einhverja aðra vegi. Það er að vísu móti þessu, að mjög er orðið áliðið þingtímann, en það er þó nokkuð eptir af honum enn, og alls ekki víst, að nefndarálit í sumum hinna málanna, sem fyrr hafa verið tekin fyrir, komi mikið fyrri en nefndarálit í þessu máli, ef það væri tekið í nefnd. Það er alveg satt sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að þetta gæti orðið góð bending til stjórnarinnar viðvíkjandi fjárhagsmálinu; en því betri bending mundi það verða, ef það kæmi frá sèrstakri nefnd, þess vegna mæli eg fastlega með sèrstakri nefnd, og sting upp á 3 manna nefnd, þó eg kannske verði sá eini sem styð þessa uppástungu.

Ásgeir Einarsson: Eg skal nú ekki tala fjarska langt í þetta skiptið. Eg sleppi nú að tala um það, hvað af því leiði, að vera að búa til svona nýjar og nýjar uppástungur, þegar svo langt er orðið liðið á þingtímann, svo menn verða að neyða konungsfulltrúa til að lengja þingið, án þess að hann hafi myndugleika til þess. En eg vildi svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fáum orðum, þar sem hann stakk upp á, að vísa þessari uppástnngu til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1, til þess að stjórnin sjái, hversu lítið að prestarnir hafi á sumum brauðunum, og stjórnin geti samkvæmt því skotið þeim mun meiru fè til við fjárhagsaðskilnaðinn. Mèr virðist nú hinn háttvirti þingmaður opt hafa verið skarpskyggnari

en í þessari uppástungu, því mèr sýnist þetta mál einmitt eiga heima hjá stjórnarbótarnefndinni nr. 2, því þar er einmitt talað um fjárhaginn. Ef því að þingið vill vera að tefja sig með því að veita þessari uppástungu nokkurn gaum, úr því að verið er að demba þessum nýju og nýju uppástungum inn á okkur fram í þinglok, þá getur hún að mínu áliti hvergi átt heima nema þar.

H. G. Thordersen: Eg býst við, að eg verði eitthvað að segja, þar sem þetta mál er mèr svo nákomið. Eg er nú ekki sá eini, það er allir með mèr, sem viðurkenna, að kjör margra presta eru svo aum, að þau eru alls ekki lífvænleg, og það stendur aptur í sambandi við hina þá miklu prestseklu, sem komið hefir hèr til umtals á þinginu, því hún kemur einmitt af því, að brauðin eru svo vesöl, að engir vilja verða til að sækja um þau. Eg get því ómögulega verið á móti því, að þessi uppástunga verði tekin til greina, það gæti ekki setið á mèr. Eg ætla reyndar, að það muni ekki mikið koma út af þessari bæn, og að hún sè ekki borin upp á hagfelldum tíma, en mèr þykir þó vel, að stjórnin fái að heyra hvernig í öllu þessu máli liggur (*Ásgeir Einarsson:* Hún hefir heyrt það áður); það skaðar ekki, þó hún fái að heyra það optar. Eg er ekki á því, að vísa því til nr. 1 eða 2, þessara ruslakistna þingsins; annaðhvort er að vísa málinu alveg frá eða setja í það nefnd. Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu, að þó þetta mál komi seint til þingsins og því er ver þá sè enn tími til að taka það, og að svo kynni að fara, að það yrði afgreitt eins fljótt og sum önnur mál, sem enn þá liggja fyrir; og hvað þingtímann snertir, þá held eg við þurfum ekki að berja okkur um hann þar sem þingið er nú lengt þangað til í miðjum næsta mánuði. Eg skal um leið geta þess, að eg er ekki samdóma því sem tekið er til í bænarskránni, að bæta upp öll brauð fyrir neðan 300 rd.; ef þessu verður farið fram, þá vil eg að það sè einungis beðið um uppbót á þessum rýrustu útkjálkabrauðum, en að við að svo stöddu skiptum okkur ekkert af hinum, þó rýr sèu að tekjum, sem liggja kannske mitt í góðum sveitum, mætti þá og láta sèr nægja talsvert minna tillag en um er beðið. Þó það hafi verið sagt, að stjórnin ekki muni ganga inn á þetta, þá er það þó gefið, að hún hefir gefið talsvert fè til uppbótar hinum fátækustu brauðum; en þá er nú eitt atriði, sem eg jafnan hefi verið í vafa um, en það er um skiptinguna á þessum uppbótarpeningum; hún hefir hingað til átt sèr stað í gamalli venju, sem eg hefi ekki treysts til að af-

taka; en nú mætti einmitt við þetta tækifæri athuga það, hvort ekki mætti skipta þessum peningum öðruvísi, þannig að þeir nái meir til útkjálkabrauðanna. Stjórnin hefir nú sýnt áður, að hún er ekki alveg fjarlæg þessu, og því er ekki ómöglegt að hugsa sèr að hún mundi gegna þessu, þegar í bænarskránni væri sýnt ljóslega fram á ásigkomulag prestanna hèr. Eg er því samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu í því, að annaðhvort sè, að setja sèrstaka nefnd í málið, eða gjöra ekkert við það að svo komnu.

Jón Guðmundsson: Mèr virðist þessi uppástunga undarleg, eg skil ekki hvað hún vill, eða hvert hún stefnir. Þar sem nú er fyrir þinginu annað mál, sem einmitt fer í sömu stefnu og hún, það er prestseklumálið, þá er annaðhvort, að þessi uppástunga fer fram á það sama, sem þar er gjört, nefnil. að bæta úr prestaeklunni í bráð, eða þá að fyrirbyggja hana í lengd. Ef uppástungan nú miðar að hinu fyrra, þá er eins og að uppástungan fari með mann upp á ofurhátt fjall, og lofaði að gjöra þessa óhræranlegu steina að brauðum. En hitt er víst aðalmeiningin, að fyrirbyggja presta-ekluna til lengdar, og þá er nú tilgangurinn vissulega góður, en það er þá ekki þörf á sèrstakri nefnd um málið. Hvort stjórnin muni gefa þessu máli meiri eða minni gaum, það skal eg ekki spá neinu um, enda finnst mèr það ekki eiga við, hvorki í þessu nè öðrum málum. En mèr sýnist, að uppástungumanni sè innanhandar, að bera þessa uppástungu upp sem viðauka-atkvæði í prestseklumálinu; þá fyrst er tími til að tala um, hvort við eigum að biðja um 8,000, 16,000 eða eg veit ekki hvað mörg þúsund ríkisdali til uppbótar hinum aumari brauðum, svo þau á eptir verði sannkölluð gyllinibrauð.

Jón Hjaltalín: Já! Já! Nú er lagið á; í öðru orðinu skamma menn stjórnina og í hinu biðja menn hana að veita stórar summur. Eg vildi óska, að bráðum væri farið að ganga til atkvæða um þetta mál, það er rètt eins og við hèr á þinginu sèum að velta einhverjum Sisyphus steini. Eg lái nú ekki hinum háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanni, þó hann sè með málinu, því það er samboðið hans góða hjarta, og hans áhuga á öllum kirkjulegum málefnum; en eg bið menn að íhuga, að við höfum ekki tíma til, að vera að halda langar ræður um þetta mál, því það er þess ekki vert, í þeim skilningi, sem við verðum að taka það hèr, nl, að því verður ekki framgengt, þó menn biðji um þetta; við vitum vel, að

stjórnin hefir opt orðið að neita um peningastyrk þó að meira hafi riðið á, en þessu. Eg held, að þingið eigi ekki að hugsa um, að setja einstaka nefnd um þetta mál, og eg óska, að sem fyrst verði gengið til atkvæða.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga sagði, að prestastèttin ætti að standa á sínum eigin fótum, þá vil eg spyrja, hvort fætur hennar muni ekki vera farnar að veiklast, og af hverjum eru þær veiklaðar? Af stjórninni sjálfri á fyrri tímum, sem verður að játa, að hún verður að sjá þessum embættismönnum eins og öðrum fyrir hæfilegum launum. Eg hef líka lesið, að á ríkisdeginum kom til umræðu í vetur, um embætti hèr á landi, sem væri embættismannalaus, og enginn sækti um, og þá sagði einn, mig minnir ekki betur, en að það væri lögstjórnarráðgjafinn sjálfur: »Eg held það sè eina ráðið, að bæta embættin. Eg er því þess vegna meðmæltur, að málinu sè gaumur gefinn og að það sè þess vert, að sèrstök nefnd sè sett í það. Það hefði að vísu verið óskandi, að þessi uppástunga hefði komið fyrr, því það er prests-eklumálinu svo skylt og stendur í nánu sambandi við það; en það er nú ekki komið til undirbúningsumræðu enn, svo uppástungumaður á ráð á, að koma þá fram með uppástungu sína í einhverri mynd, sem breytingar- eða viðauka-atkvæði.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi svara hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu og hinum háttvirta forseta nokkrum orðum. Þingmaður Gullbringusýslu tók það fram, að 1 prestur hefði laun úr ríkissjóði, en það er ekki alveg rètt hermt, því það eru ekki laun, heldur húsaleigustyrkur, sem dómkirkjupresturinn hefir haft; hinn háttvirti þingmaður getur lesið um fjárhag Íslands, ef hann trúir mèr ekki. Í öðru lagi er og allt öðru máli að gegna um konungskirkjur, svo sem dómkirkjuna hèr, en um aðrar kirkjur og þessi húsaleigustyrkur, sem presturinn hèr hefir, kemur í staðinn fyrir bújörðina, sem aðrir prestar hafa. Þar sem hinum háttvirta forseta þótti það athugavert, sem eg sagði áðan, að prestastèttin ætti helzt að standa á sínum eigin fótum, þá get eg þó ekki vikið frá minni skoðun; eg get sagt að allir þeir, sem bezt hafa skrifað um kirkjurjett og kirkjuskipun, hafa líka jafnan haldið þeirri skoðun fram, að sem mest ætti að að greina ríki og kirkju (»Stat og Kirke«), og eg skammast mín eigi fyrir að halda skoðun þeirra manna.

Benidikt Þórðarson: Hinn háttvirti varaforseti hefir misskilið uppástungu mína, ef hann ætlar að hún fari í aðra stefnu, en

prestseklumálið, því hún fer einmitt í sömu stefnu, en fer nokkuð lengra; eptir þeim ræðum sem fallið hafa hèr og eptir bendingu hins háttvirta forseta, vil eg að svo stöddu ekki halda máli þessu til streitu, heldur taka uppástunguna aptur, og bera hana að nokkru eða mestu fram sem viðauka-atkvæði, þegar prestseklumálið kemur fram fyrir þingið; hver veit nema hún fái þá betri byr?

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu bænarskrá frá Kjósarhrepp um niðurskurð o. fl. Flutningsmaður er þingmaður Gullbringusýslu.

Bænarskráin afhent flutningsmanni.

Helgi Hálfdánarson: Ef þingmenn óska þess, skal eg lesa bænarskrána upp:

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 203.

Eptir því sem eg skil þetta skjal, er það ekki beinlínis bænarskrá um niðurskurð, heldur fremur yfirlýsing þess, að ef niðurskurður verði almennt, þá muni Kjósarmenn einnig verða fáanlegir til að skera niður hjà sèr; en svo gefa þeir líka bendingar um, hvað frekar þurfi að gjöra, ef niðurskurður fari fram. Eg verð að álíta að rèttast sè, að fara eins með þessa og aðrar bænarskrár, sem komið hafa um líkt efni, að vísa henni til nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og fyrir mitt leyti óska eg ekki annars.

Forseti: Fyrst enginn tekur til máls, skal eg láta greiða atkvæði um, hvort vísa skuli þessari bænarskrá til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Var það síðan samþykkt með 20 atkvæðum, að vísa henni þangað.

Forseti: Kemur þá samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu: konunglegt frumvarp um breytingu á tilskipun 1847, um fjárforráð ómyndugra. Framsögumaður er hinn konungkjörni varaþingmaður.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna, bls. 204.

Eg vil nú hvorki hrósa mèr nè meðnefndarmönnum mínum fyrir þetta nefndarálit, en eg held, að það þó hafi þann kost til að bera, að það sè svo ljóst, að ekki þurfi um það langar umræður, því það sèst ljóslega bæði á hvaða grundvelli nefndin hefir byggt, og hvernig hún hefir byggt á honum. Eg þarf því ekki að fjöl-

yrða um það að sinni, en skal bíða, þangað til eg heyri umræður manna.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki fallizt á þá niðurstöðu, sem nefndin í þessu máli hefir komizt að; hún er í öllu verulegu hin sama, sem á næstliðnu þingi 1861, og hana gat stjórnin ekki aðhyllzt, og því er málið aptur komið til þingsins. Nefndin heldur því enn þá fram, að það sè með engu móti tiltækilegt, að kaupa konungleg skuldabrèf handa ómyndugum; en eg get ekki skilið, að vandkvæðin, sem nefndin fyrir því hefir tekið fram, hafi verulega þýðingu. Það einasta, sem að mínu áliti yrði haft á móti þessu fyrirkomulagi, er það, að það fè, sem varið er í konungleg skuldabrèf, kemur út úr »Circulation«, einkum allar smærri summur; en þar sem skuldabrèf ekki þarf að kaupa, nè munu verða keypt, nema í viðlögum, þegar ómyndugra fè ekki verður komið öðru vísi út, missir þessi mótbára mikið af sinni þýðingu. Að lána fè ómyndugra mót veði í lausafè, get eg ekki álitið tiltækilegt, og að vísu kemur það í stríð við þá gildandi tilskipun um fjárforráð ómyndugra frá 18. febr. 1847; þetta veð er líka yfir höfuð mjög hæpið, og það er eins og nefndin hafi fundið það, þar sem hún stingur upp á, að taka svo háar rentur af slíkum lánum, sem unnt sè að fá; en einnig í þessu seinasta atriði verð eg að vera nefndinni ósamþykkur, því mèr þykir það mjög ísjárvert, að gefa fjárhaldsmönnum þenna rètt, að okra, að eg svo að orði kveði, þannig með ómyndugra fè. Yfirhöfuð get eg ekki betur sèð, en að stjórnarfrumvarpið sè í alla staði hagfellt, og því ræð eg þinginu til að aðhyllast það, eins og það liggur fyrir.

Framsögumaður: Það fór nú ei svo, sem eg ætlaði, því eg hugsaði að konungsfulltrúi mundi taka öðruvísi í þetta mál en hann gjörði, og kemur það af því, að honum þótti það óljóst, sem mèr finnst alveg ljóst, og með því nú nefndin hefir tekið þetta einmitt fram með berum orðum, held eg, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi ekki tekið sem bezt eptir. Mèr finnast nú ástæður nefndarinnar svo skýrt og glöggt teknar fram, að þær verði eigi reknar einungis með því að segja: Eg get ekki sèð það og það. En ef á að hrekja þær, verður að gjöra það með gildum og góðum rökum, að minnsta kosti eins góðum eins og rök nefndarinnar eru. Það er nú tekið fram í nefndarálitinu viðvíkjandi ríkisskuldabrèfunum, að fullgildar lagalegar ástæður sè fyrir því, að þau sè eigi gjaldgengur kaupeyrir hèr á landi, þetta er verulegt atriði sem kon-

ungsfulltrúi eigi hrakti í minnsta máta. Viðvíkjandi þeirri athugasemd hins hæstvirta konungsfulltrúa, að eigi mætti breyta tilskipuninni, þá vil eg leyfa mèr að eins að benda honum á fyrirsögnina á hinu konunglega frumvarpi, og þá vona eg að hann sjái að hèr er einmitt einnig frá stjórnarinnar hálfu verið að tala um að breyta tilskipuninni; en það ætlast víst enginn og allrasízt nefndin til, að tilskipuninni verði breytt áður en þetta lagaboð er komið á; og get eg því eigi sèð að þessi ástæða hafi það minnsta að þýða. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hèlt, að uppástunga nefndarinnar mundi leiða til okurs, en eg get nú ekki verið honum samdóma í því. Það er nú vel á minnzt, að út eru komin í Danmörku frjáls lög um vexti af peningum, af því þar þótti ekki tjá að binda hendur manna í frjálsum samningum sín á milli. Það var og tekið fram af flestum merkismönnum á ríkisdeginum við umræður þessa máls, að öll takmörkun, sem áður var eptir hinni eldri dönsku löggjöf, væri óhentug og óhafandi eptir þörfum og rèttarskoðun hinna nýrri tíma. Það er að vísu satt, að víða í öðrum löndum hafa menn komizt til þeirrar niðurstöðu að nauðsynlegt væri, að binda hendur manna í þessu efni með lögum, svo aumingjum og peningaþurfum yrði ekki ofþjakað. En það sjá þó allir að þetta er formyndaraháttur af löggjafans hálfu, er hann beinlínis hindrar menn í að hafa frjáls umráð eigna sinna, t. d. eins og þegar löggjöfin leggur hegningu við lukkuspili, Hazard, enda er nú víðast slikt bann aftekið. Þessar athugasemdir hafa nú því meira við að styðjast hèr á landi, er allur andi löggjafar vorrar heimilar í mesta máta gildi frjálsra samninga manna í millum, sem einkum kemur bert fram í búnaðarlögum vorum. En hvað nú þessu líður, þá bið eg þingið vel að athuga, að spursmálið er hèr alls eigi um umráð hvers einstaks manns á sínu eigin fè eptir vild sinni, eður mannlegum breiskleika, að vilja auka það fremur en óskandi væri af eigingirni, heldur er hèr að eins ræðan um, hvernig menn, já embættismenn, sem þar til eru settir af stjórninni, skuli ávaxta og gæta fjár ómyndugra. Eg fæ nú ómögulega skilið, hvernig okurviðbára sú, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom með móti nefndarálitinu, á hèr við á nokkurn hátt, því eg get ekki ímyndað mèr, að nokkur eigingirni geti átt sèr stað, þar sem það getur varla hugsazt, að fjárhaldsmenn sè svo ákafir í því að auka ómyndugra fè, að þeir tæki hærri vexti en sanngirni og almenn rèttlætistilfinning manna leyfir, nè heldur að þeir vilji hafa ómynduga fyrir fèþúfu, enda

mundi þessi síðartalda vanbrúkun möguleg þrátt fyrir alla löggjöf. Hèr getur því sú viðbára alls ekki komið til minnstu greina, að fjárhaldsmenn muni leiðast til ásælni af eigingirni, og ef menn vildu ímynda sèr, að fjárhaldsmenn muni vilja hafa leiguna af ómyndugra fè sem hæsta til þess að stinga nokkru af henni í sinn eigin vasa, þá finnst mèr það í rauninni næsta ósæmileg getgáta til manna, sem hafa opinberan starfa á hendi og hinna konunglegu embættismanna, sem hafa eiga nákvæma umsjón með þeim, að þeir ræki löglega skyldu sína. Eg verð þannig að vera á því, að það hvorki eigi við, að hafa okurlöggjöf hèr á landi eður ota þeim þótt þau kynni að vera góð í öðrum löndum; nè heldur að vèr þurfum að gjöra þær gersakir embættismönnum vorum eður þeim sem hafa opinber störf á hendi, að eigi sè óhætt að beita góðum og haganlegum lögum hèr á landi, fyrir þá sök, að þeir muni misbrúka þau, en ef það er gild ástæða, að eigi megi treysta lögunum fyrir þá sök, þá veit eg ekki til hvers er að trúa þeim fyrir nokkrum afskiptum af ómyndugra fè. Og eg vildi óska, að sem fæstir þingmenn lèti í ljósi slíka óvirðingu fyrir embættismönnum vorum (*Forseti:* Eg skyldi svo orð hins hæstvirta konungsfulltrua, að það væri eigi embættismennirnir sem mundu misbrúka það). Eg bið hinn háttvirta forseta að gæta að því, sem eg og hefi bent á og liggur berlega í hinum nú gildandi lögum, að einmitt embættismennirnir, nefnilega sýslumennirnir eru yfirfjárráðendur ómyndugra eins og líka amtmennirnir eiga mikinn hlut í þessu máli, svo afleiðingin af því, sem konungsfulltrúi sagði, verður sú, sem eg segi, jafnvel þó eg þættist reyndar sjá, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi læsi í óskrifaða bók eður hefði tillit til hinna komandi embættismanna en eigi þeirra sem nú eru, en eg má það þá líka ef eg get.

En þá er nú hitt aðalatriðið í ræðu konungsfulltrúa, tryggingin fyrir fè ómyndugra, og það er nú aðalmergurinn máls þessa, og þá vil eg nú spyrja, hvort meiri trygging er fyrir fè ómyndugra í ríkiskuldabrèfunum heldur en eptir upppástungum nefndarinnar. Menn verða nú að gæta vel að því, hverjir hèr eiga hlut að máli, það eru ungir menn sem eigi eru fjárs síns ráðandi. Það er nú samkvæmt öllum lagalegum grundvelli, að fèð sè sem tryggast og óhultast meðan hinn ómyndugi eigandi er eigi ráðandi þess, en það er líka jafn samkvæmt öllum lagalegum grundvelli, að þegar hinn ómyndugi fær fè sitt til umráða, þá sè hann sem frjálsastur,

og óbundnastur að öllu leyti í því, hvernig hann svo vill verja því, og verður því fèð að liggja sem óbundnast fyrir hendi, þegar hann á að taka við því til umráða. Þetta atriði hefir nefndin tekið skýrt fram. Úr því nú ríkisskuldabrèf eigi er gildur lögeyrir hèr á landi, þá verð eg sannarlega að draga það í efa, hvort það sè samkvæmt lagalegum myndugleika yfir fè ómyndugra manna að verja því í ríkisskuldabrèf, enda er eg á því að ef engin lög væri til um þetta efni sem sèrstaklega heimtuðu það, eg verð segi eg að efast um að það yrði álitin gild meðferð eptir almennum lögum að verja fènu þannig, svo að sá fjárhaldsmaður, sem þannig skilaði af sèr fènu í hendur ómyndugra, slyppi fyrir allri ábyrgð fyrir dómstólunum ef til kæmi, og hinn myndugi maður ekki vildi gjöra sig ánægðan með ríkisskuldabrèf. Eg tek til dæmis, að ómyndugur maður ætti 10,000 rd. og þeim væri varið í ríkisskuldabrèf, þá er eg ekki viss um, að dómstólarnir álitu, að rètt hefði verið farið með fèð, ef því hefði verið varið í ríkisskuldabrèf, eins og nú er ástatt. Það er og auðsèð, að úr því ríkisskuldabrèf eru eigi gildur lögeyrir hèr á landi, þá getur hinn ómyndugi opt og tíðum liðið fjarskalegan skaða við þau, og má færa ótal dæmi fyrir því. Eg set t. a. m., að fjárhaldsmaður hafi 10,000 rd., sem ómyndugur maður á, nú kaupir hann fasteign fyrir helming fjárins, en kemur hinu í ríkisskuldabrèf; nú hvílir skuld á fasteign þessari og fellur þessi skuld til greiðslu einmitt þegar maðurinn fær fè sitt til umráða; krefst þá skuldheimtumaður, að skuldin sè greidd, sem á fasteigninni hvíldi; hefir hann þá ekki til greiðslu annað en ríkisskuldabrèf, og þau vill skuldheimtumaður eigi hafa; og er þá annað tveggja, að hann verður að vera af fasteigninni sèr máske til óbætanlegs tjóns eður þá að selja rikisskuldabrèfin með ærnum afföllum til þess að geta fengið peninga til að lúka skuldina, því fyrir 3. úrræðinu, að hann taki peningalán þykir mèr eigi þurfa að gjöra ráð fyrir, enda mundi honum það einnig umsvif og skaði. Við þetta vil eg nú bæta, að eg er nú hræddur um að ríkisskuldabrèfin gangi jafnvel eigi *al pari* í *Danmörku sjálfri,* og að minnsta kosti hefi eg orð kunnugra manna fyrir því, að þau geti fengizt þar fyrir töluvert minna, en þau hljóða upp á, síðan rentufóturinn var gefinn þar frí. Eg hefi spurt líka merkasta kaupmann hèr í Reykjavík að því, hvort hann vildi taka skuldabrèf t. a. m. í Englandi eða hvar sem væri, fyrir það verð, sem þau hljóða upp á, og gaf hann mèr það fljótt í skyn, að hann vildi fyrst vita, hvort hann áliti sig skaðlaus-

an af slíkum viðskiptum. Auk alls þessa hefir nú nefndin tekið það skýrt fram, að eigi sè svo hægt sem stjórnin heldur að sjá ráð til þess, hvernig ná eigi í skuldabrèfin, án þess að steypa fè ómyndugra í hættu og gjóra þeim skaða. Eg tek til dæmis: það er einn maður í haust, sem hefir 10,000 rd. af ómyndugra fè til umráða og vill koma þeim á vöxtu, hvernig á hann nú að ná í ríkisskuldabrèf? Á hann að trúa kaupmanni fyrir því; eður ætli kaupmaðurinn vilji setja veð fyrir því? Hvaða vissa er nú fyrir því, að kaupmaðurinn verði eigi, ef til vill, gjaldþrota áður en hann kemur með ríkisskuldabrèfin, og að fèð glatist þannig alveg eður að nokkru leyti jafnvel fyrir óhöpp er eigi var hægt fyrir að sjá. Hinn vegurinn, að kaupmenn keyptu ríkisskuldabrèfin fyrir sína peninga er þeir leggðu út fyrir fram, leiðir beinlínis til þess, að þeir reiknuðu sèr svo og svo mikið fyrir slíkt lán. Þetta allt held eg nú sanni, að frumvarp stjórnarinnar er mjög ísjárvert, hvað ríkisskuldabrèfin snertir. Viðvíkjandi því sem konungsfulltrúi játaði, að þetta fyrirkomulag mundi teppa að eins circulationina eður not manna á milli á smásummum, þá er það eigi nóg til tekið, því það teppir notkun allra peninga stærri sem smærri hèr á landi. Eg set til dæmis, að maður færi til lausakaupmanns frá einhverju öðru landi en Danmörku, og vildi kaupa að honum, en hefði eigi annað fyrir að bjóða en dönsk ríkisskuldabrèf; mundi þá lausakaupmaðurinn ekki máske segja: Eg tek eigi seðla þessa, góðurinn minn, sem gilda vöru, því að eg hef engin viðskipti við Danmörku, og kem eigi þangað; eg sigli beint heim til mín. Kom þú með ull og tólk eður aðra íslenzka vöru, og við munum þá geta átt kaup saman, með því sú vara er gildur kaupeyrir hjá oss, en eigi brèf þessi. Eg vil nú eigi tala um allan þann kostnað, sem leiða kynni af því, ef menn þyrfti að fá ógildingardóm á skuldabrèfum þessum, það yrði hèr um bil 12 dalir af 100 rd. Eg vildi nú heldur vinna ómyndugum í hag 12 rd. með frjálsum og leyfilegum samningi, en láta hann borga þá fyrir umsvif þau, sem ógildingardómurinn mundi hafa í för með sèr. Eg hefði miklu betur getað skilið það, ef því væri haldið fram að búa til járnkistu, sem hvorki gæti vatn nè eldur grandað, og þar skyldi geyma ómyndugra fè. Eg hryggist nú sannarlega yfir því, að slíkur maður, sem konungsfulltrúi er, skuli halda ríkisskuldabrèfum svo fast fram, því það er sannarlega á veikum grundvelli byggt, og eg get eigi skilið, að hann sjái það ekki sjálfur; það getur verið, að stjórnin viti ekki nógsamlega, hvernig

til hagar hèr á landi, en ef hún veit það ekki, þá verður að láta hana vita það. Eg held nú að ekki þyki mikið koma til þessara seðla upp til sveita; eg er viss um, að margur ungur maður mundi verða hræddur við þá; eg held að þeir kannist betur við spesíurnar okkar gömlu, þeir eru þeim mun vanari.

Hvað nú tryggingu þá snertir, sem nefndin hefir haldið fram, verð eg að segja, að mèr fyrir mitt leyti þykir Íslandi heldur en ekki illa komið undir Danastjórn, ef lausafè eins og nefndin stingur upp á er ekki næg trygging fyrir 100 rd. hjá ærlegum mönnum. Og það væri sannarlega lítt lifandi hèr á landi, ef það væri á rökum byggt, að landsmenn sè bæði svo fátækir og óærlegir, að þeim sè ekki trúandi fyrir 100 rd., þó þeir setji allt bú sitt að veði. Það vill nú líka svo vel til, að það er naumast svo aum kerling, sem búhokur hefir, að hún hafi eigi verið svo lagin á að nurla fè saman, að eigi sè eptir hana 100 rd., og eg held, að það sè eigi hugsanlegt að nokkur sá maður, sem bú heldur, eigi ekki rúmlega fyrir 100 rd. En nú er ekki hèr gjört ráð fyrir fátæklingum nè óáreiðanlegum mönnum, heldur valinkunnum efnamönnum. Hèr á landi er nú reyndar ekki um auðæfi að tala, en ef landið er fátækt, þá held eg að því fremur sè ástæða til að láta það njóta brúkunarinnar á fè ómyndugra, eða hverjum getur fundizt það óeðlilegt, að fè ómyndugra sè varið til þess, að það væri lèð t. a. m. einhverjum búandi manni til að kaupa fyrir bjargræðisgrip til að halda við sèr og hyski sínu móti nægu veði og tryggingu. Sè nú þetta hættulegt fyrir landið, þá held eg, að það eigi ekki langt eptir ólifað.

Eg þykist nú ekki þurfa, framar en eg hefi gjört, að sýna fram á, að þetta fyrirkomulag með ríkisskuldabrèfin mundu auk alls annars leggja rík bönd á fjárhags- og verzlunar-ástand landsins, og að landið sè með því gjört auðvirðilegt í sínu og annara augum; og það er víst þar að auki efasamt, hvort það fyrirkomulag yfirhöfuð er svo hentugt að vera að reira og reira landið fastara og fastara við fjárviðskipti við Danmörku eina, þar sem vèr þó höfum fengið frjálsa verzlun við allar þjóðir og ættum því að líkindum að gjöra oss far um að geta notað það svo óbundið og óhindrað sem unnt er. Eg vona nú, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hugsi sig tvisvar um og sjái að ástæður nefndarinnar eru eigi gripnar úr lausu lopti, og það veit eg hann muni brýna fyrir stjórninni, svo

framarlega sem hann vill stuðla að virkilegu, áreiðanlegu og lagalegu frelsi landsins.

Konungsfulltrúi: Eg má játa, að hin merkilega og langa ræða hins heiðraða framsögumanns ekki hefir sannfært mig um, að hann hafi rètt fyrir sèr í því, að það sè algjörlega óhafandi að koma fè ómyndugra í konungleg skuldabrèf; það vita þó allir, að konungleg skuldabrèf eru orðin alkunn hèr á landi, og að margir eru farnir að kaupa þau og eiga þau, og eg held honum sè einnig kunnugt, að jörð var seld í vetur er leið fyrir tóm ríkisskuldabrèf, og held eg megi fullyrða, að sá sem hèr átti hlut að máli hefði ekki tekið þau ef hann ekki hefði álitið að þau væru gjaldgeng. Framsögumaður talaði um þá miklu hættu, sem því væri samfara að biðja kaupmenn að útvega skuldabrèfin, en þessi hætta getur ekki átt sèr stað, ef hönd selur hendi, sem er það eðlilegasta í þeim efnum og sama er að segja um þau önnur vandkvæði, sem hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið fram, að þau eru, þegar rètt er athugað, mjög þýðingarlítil. Þá talaði framsögumaður um, að eg hefði dróttað að fjárhaldsmönnum ómyndugra, sem væri konunglegir embættismenn, að þeir mundu okra með fè ómyndugra. Þetta er hreinn misskilningur hjá honum; hann veit þó, að yfirfjárráðamennirnir, sýslumennirnir, ekki hafa fè ómyndugra venjulega í sínum vörzlum, heldur fjárhaldsmennirnir, sem venjulega eru bændur, sem eru settir af sýslumanni eða eru sjálfvaldir fjárhaldsmenn. Eg kallaði það að okra með fè ómyndugra að lána það út fyrir svo háar rentur sem fengizt geta, en í þessum orðum lá ekkert meiðandi. Okur er heldur ekki lengur til í lagalegum skilningi, úr því enginn »fast Rentefod» á sèr stað, en hvort betra sè, að leiguburður af peningum sè fast ákveðinn eða frjáls, um það skal eg ekki þrátta, en hitt segi eg, að eg verð að álíta, að Íslendingar verði að engu bættari þó það kæmist hèr á sem nú viðgengst í Danmörku, eptir því sem sjá má af dagblöðunum, að það er opt boðið fè til leigu móti 8—10%. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um þetta mál. Eg fæ ekki betur skilið, en að stjórnarfrumvarpið sè í alla staði hagfellt, og verð eg að ráða þinginu til að fallast á það óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Jón Pálmason: Hinn heiðraði framsögumaður er nú búinn að taka það flest fram, sem eg vildi sagt hafa. Eg get nú ekki annað, en fallizt á uppástungur nefndarinnar, því þær eru svo líkar tillögum þingsins 1861, og held eg að flestum landsmönnum hafi

geðjast vel að þeim. Mèr virðist það nú betur tilfallið að lána þetta fè út í landinu sjálfu, þar sem svo almenn kvörtun er um peningaskortinn, eins og flestum mun kunnugt vera. það er svo fyrir þakkandi, að hèr eru margir menn í landinu svo trúverðugir, að eg held að óhætt sè að trúa þeim fyrir svona litlu fè ómyndugra, þó ekki sè heimtað frekara veð en í lausafè. Eg verð því að mæla fram með niðurlagsatriðum nefndarinnar, því eg held betra sè að landsmenn sjálfir fái peningana til brúkunar, heldur en kaupa fyrir þá ríkisskuldabrèf, því þau mundu þykja nokkuð óþæg í snúningunum, þegar á að fara brúka þau til skuldalúkningar.

Konungsfulltrúi: Þegar svo margir sækja eptir lánum, þá kemur eigi til, að þurfi að brúka skuldabrèfin, því að til þeirra á ekki að taka nema í viðlögum, þegar fènu verður ekki komið öðruvísi á vöxtu.

Jón Guðmundsson: Það var hvorttveggja að eg gat ekki talað mikið, þegar þetta mál kom til umræðu á alþingi 1861, enda var mèr það aldrei neitt kappsmál. En mèr dettur nú í hug dæmisagan af Talleyrand. Fyrst þegar eldra lýðstjórnarríkið í Frakklandi komst á, þá varð einhver smáfursti, mig minnir af Reuss, sem flestar stjórnir höfðu svo lítið af að segja, að þær vissu ekki að hann var til, fyrstur til að rita samþykkisbrèf til lýðstjórnarinnar á Frakklandi. Lèt þá Talleyrand skrifara sinn svara furstanum þessum orðum: Það gleður lýðstjórnina á Frakklandi, að fá að þekkja þenna fursta af Reuss. Mèr finnst það nú viðlíka gleði-efni fyrir þingið, að stjórnin lætur það og Íslendinga fá að vita af því, að þessi tilskipun frá 1847 er enn þá til, því að hvergi hefir þess orðið vart að hún væri lifandi, hvorki hjá stjórnardeildinni íslenzku, amtmönnunum nè sýslumönnunum, þangað til að stjórnin sendir nú frumvarp til að breyta tilskipun þessari; af því fá menn þó svo mikið að vita, að hún er til. Menn skyldu annars ætla af frumvarpi þessu, að henni hafi verið fylgt í öllum greinum, og að embættismennirnir hafi vakað yfir og fram fylgt öllu, sem hún leggur þeim á herðar, og að ekkert væri að neinni ákvörðun hennar nema í þessu, að einn galli sè á henni, sem nú þarf að breyta. En þegar til kemur, þá vita menn eigi til, að henni hafi verið fylgt í nokkru; en því eina nýta, sem í henni var, því vill nú stjórnin raska, svo eigi geti heldur orðið umtalsmál framar um þessa ákvörðun. Það er einhver hin nýtasta og bezta grundvallarregla, sem löggjafinn út talar þar, sem til er í

tekið í löggjöf vorri, að hann vilji eigi, að fèð sè bundið til leiguburðar í sjóðum, fyrr en útsèð sè um, að það geti verið í veltu í landinu sjálfu. Þetta virðist nú að vera einhver þyrnir í augum stjórnarinnar. Fjárforráðatilskipunin leyfði frá upphafi að koma ómyndugra fènu á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, ef það væri fyrst boðið til leigu á manntalsþingum og enginn vildi taka það til láns, og á meðan svo stóð, að fèð mátti vera á vöxtum hèr í jarðabókarsjóði, þá var það í raun rèttri sama og það væri í veltu í landinu, því þeim skuldabrèfum mátti upp segja með missiris og jafnvel 3 mánaða fyrirvara og fengust þau þá greidd með fullri upphæð afdráttarlaust. En nú kemur danskur ráðherra og segir: Þið megið ekki setja fèð á vöxtu í jarðabókarsjóðinn; þetta voru einstakir menn að rèttlæta hèr um árið á alþingi, þótt það væri móti lögum, nema ef það eru lög, að ráðherra megi raska svona gildandi lögum. En það er nú eigi þar með búið, að mega ekki koma neinu ómyndugra fè í jarðabókarsjóð, eins og löggjöfin sjálf heimilaði, heldur vill nú stjórnin teppa það, að fèð kæmizt á vöxtu í landinu sjálfu, en halda í þess stað upp á okkur pappírspeningum eður óuppsegjanlegum ríkisskuldabrèfum, sem bæði verður í handaskolum að útvega fyrir almúgamenn og engan veginn umstangsnè áhættulaust með þeirri vegalengd og margbrotnum snúningum sem hèr eru á að afla þeirra. En — að þessu slepptu — eru þau þá eins góður og gildur gjaldeyrir hèr hjá oss eins og peningar? Eg held ekki; því þó að einstöku ráðdeildar- og auðmenn geti haft góðan arð af þessum skuldabrèfum og verði aldrei vandræði úr því, að koma þeim út affallalítið — af því þess leiðis menn geta æfinlega sætt lagi og beztu tækifærum til þess — þá verða þau aldrei útgengileg meðal almennings, sem opt þarf fljótt að grípa til og koma þeim í fè, og þegar svo er, þá verður þeim ekki komið í peninga opt og tíðum nema með töluverðum afföllum. Það má sjá það af reikningum landfógetans, að það var eigi alllítið ómyndugra fè, sem var stöðugt í veltu meðan jarðabókarsjóðurinn tók við því; það voru að eg ætla allt að 70,000 rd. eður meira, og nálega annað eins hefir verið annarstaðar í smásummum, sumpart rentulaust en sumpart á leigu mót veði í fasteignum. Eg get því ekki betur sèð, en að þetta sè beint á móti tilgangi löggjafans, að vilja gjöra mönnum ómögulegt að koma ómyndugra fè á vöxtu, það er að segja, að aftaka að við því sè tekið til leiguburðar í jarðabókarsjóði, en með því, að setja ekki annað í stað-

inn en að kaupa ríkisskuldabrèf. Það er rètt í alla staði sem framsögumaður tók fram, að eigi mundi það svo hægt að fá kaupmenn til að útvega skuldabrèfin; en svo er þar að auki, að með öllum þeim strangleika, sem fjárforráðalögin heimta, þá held eg, að engan fjárhaldsmann langaði til að ábyrgjast að peningarnir eigi færist hjá kaupmanninum, eða með öðrum orðum, að kaupmaðurinn yrði ekki að framselja bú sitt gjaldþrota einhvern tíma á því 3—4 mánaða tímabili frá því hann tæki við peningunum, og þangað til hann væri búinn að afhenda skuldabrèfin. Viðvíkjandi því sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það mætti fá kaupmenn til að kaupa skuldabrèfin og gæti þá hönd selt hendi, þá vil eg sjá þann kaupmann, sem vill leggja út peninga fyrirfram til þessa án töluverðra afarkosta. Það getur nú verið, að einstakir menn sè svo vel að sèr, að þeir geti haft hag af skuldabrèfunum, eður komið þeim í peninga, þegar þeir vilja, en eg er þó hræddur um, að almenningi verði aldrei þessi ríkisskuldabrèf góður gjaldeyrir. Þó að flestir sè þeir nú dánir, er muna eptir ríkisbankabrèfpeningunum, þá lifir þó lengi lofsverð minning þeirra, og margir muna eptir því, hversu margar þúsundir dala þá fóru forgörðum hèr í landi fyrir minna en ekki neitt. Eg vil nú eigi segja, að ekki sè meiri vissa fyrir ríkisskuldabrèfunum, en þá er ekki víst, á hvað föstum fótum þau standa. En hitt er víst, að jarðeigendur vilja ekki sjá að veðdraga jörð sína fyrir eina 25—50 rd., nè útvega virðingargjörð á henni og þinglýsingu og eiga í öllu því vastri, sem því fylgir fyrir svo litla upphæð, því jarðeigandi maður getur æfinlega fengið ekki meira peningalán með miklu hægra móti. En það eru einmitt þeir fátækari og sem enga eiga fasteignina sem vilja taka þessar smásummur að láni, og helzt þurfa þeirra við; þessleiðis mönnum getur einatt staðið það á afarmiklu að fá gripsverð til láns, t. d. 35—75 rd. til þess að kaupa sèr bjargargrip undir sumar til heimilisforða, vel reiddan bát að heilu eða hálfu undir vertíð o. s. frv., en af því hann á enga fasteign til þess að veðsetja fyrir meira lánsfè, gengur honum eigi liðugar að fá hið minna lánsfè. Þá er það 2. atriði, sem konungsfulltrúi var mótmæltur, þetta, að leigan gæti orðið of há; eg er nú reyndar eigi afar-harður í þessu atriði; en þar sem konungsfulltrúi sagði, að það mundi verða til spillingar hugsunarhætti manna og koma þeim til að heimta afarleigu, þá held eg að þetta þurfi eigi að óttast; þess ber vel að gæta, sem allir vita, að hèr á landi á sèr stað og

hefir átt um margar aldir, bæði eptir lögum og landsvenju mjög hár leiguburður af alls konar leigufè og miklu hærri en svarar 5—6% af verðinu, t. d. af leigu-kúgildum; eptir hvert kúgildi eru goldnir 2 frð. smjörs árlega, eður 5—6 rd., og þó er verð málnytukúgildisins að eins 40—50 rd. í mesta lagi; þannig er ársrentan af þessu hèr um bil 10—12 sk. árlega. Eg set svo, að fjárhaldsmaður sè í sveit og hafi ómyndugra fè til umráða; nú er fátækur maður í sveitinni; hann veit, að fjárhaldsmaðurinn hefir peningaráð, fer því til hans og biður hann að hjálpa sèr um peninga til að kaupa fyrir kú eður 6 ær, þá segir fjárhaldsmaður: Eg skal leigja þèr kú; það er algengt í sveitum; kaupir hann þá kú fyrir 35—45 rd. af ómyndugra fènu, sem hann hefir undir hendi, og leigir svo búanda kúna, tekur af leigunni 1—2 rd. og lætur í sjóð hins ómynduga, afganginum af verði kúgildisleigunnar sem er 5—6 rd. árlega stingur hann hjá sèr, þetta að taka vanalega kúgildaleigu getur þó enginn kallað okurleigu og eins getur hann varið ómyndugra fènu svona, eptir nú gildandi lögum, hann kemst af með að svara þeim ómynduga 3—4 prócent árlega. En sè honum gjört að skyldu að fá sem hæsta leigu af ómyndugra fènu, ef hann lánar það gegn veði í lausafè, þá verður lánið að gjörast með öllu lagalegu formi, þá er reglulegt skuldabrèf útgefið og vextir þar ákveðnir; þess vegna yrði með svo felldu móti miklu meiri trygging fyrir, að fjárhaldsmaður eigi dragi sèr af vöxtunum, heldur en ef hann einungis á að skila vanalegum rentum eins og nú er; því nú getur hann farið í kringum lögin, þó að þau vilji verja því, að tekin verði hærri renta en 3—4 pC., keypt kúgildi, og tekið með því móti 10—12 pC. rentu, eins og hèr er algengt, og aldrei hefir verið talið til spillingar. Eg ímynda mèr nú, að ef þetta væri ljóslega tekið fram fyrir stjórninni, þá hljóti hún að ganga að því, að hinar smærri summur af ómyndugra fènu sèu lánaðar móti lausafè, ef hún vill eigi kollvarpa sjálfri hinni góðu grundvallarreglu og hyggilega tilgangi laganna, að sem mest af ómyndugra fènu geti verið í veltu í landinu manna i milli. Eg held að allur dagur sè til stefnu með að innleiða með lögum kaupin á óuppsegjanlegum skuldabrèfum, og æfinlega má þá hafa það sem síðasta úrræði, ef svo reyndist, að eigi verður unnt að koma fènu á vöxtu og í eðlilega veltu á annan hátt. En eg held að tilraunirnar með hitt ætti að sitja í fyrirrúmi, að peningarnir væri í veltu

í landinu sjálfu, til að koma upp búnaði, jarðrækt og öðru nytsamlegu, sem til verulegra framfara má horfa.

Jón Hjaltalín: Eg sè nú fram á, að þetta mál mun ekki ætla að fá góðan byr, enda er nú eins og fyr, með mig, að eg felli mig miklu betur við frumvarpið, en nefndarálitið. Nefndin heldur nú, að hún auki bæði tryggingu með lánið, og eins »circulation« á peningum í landinu, með því að breyta frumvarpinu; hún vill leigja peninga út gegn veði í lausafè, og leigja það út með sem hæstri leigu, að fengizt getur; eitthvað bogið held eg sè í þessu, þó allt færi nú með feldi. Eg set, að hin háttvirta nefnd hefði 200 rd. til umráða fyrir ómynduga; svo kemur maður sem á 100 fjár og þarfnast peninga; nefndin lánar honum peningana gegn veði í sauðfè hans, svo kemur harður vetur, og fèð fellur allt, hvað trygging er þá í þessu? Eg set annað dæmi: Maður nokkur á húskofa, sem hann býr í, hann tekur til láns 100 rd. af ómyndugra fè, gegn veði í kofanum, en kofinn brennur nóttina eptir og hvernig er þá hinn ómyndugi farinn? Er eigi aleiga hans farin? Er þetta nú forsvaranlegt fyrir hönd hinna ómyndugu? Það hefir nú mikið verið talað um skuldabrèfin dönsku, en eg held nú, að það sè eins góð trygging í þeim eins og í hverri eign hèr, og hvað jarðeignirnar snertir, sem allir lofa hástöfum, þá held eg þær verði hæpnar líka stundum; það hefir opt borið við, að heilar sveitir hafa eyðzt, og lítil trygging verður í jörðunum þegar farið er að selja þær fyrir eina sauðarsíðu, eins og eg hef heyrt að gjört hafi verið með eina. Jarðirnar geta breytzt, og orðið langtum verri trygging í þeim, en í dönsku skuldabrèfunum. Þetta ættu menn allt að athuga, áður en menn kasta frumvarpinu. Eins er með þessa háu leigu, sem nefndin fer fram á, eg veit að nefndin hefir gjört það í bezta skyni, en með þessari aðferð getur allt orðið í veði; ef hin háttvirta nefnd les sögu Íslands, og sèr, hvernig hèr hefir gengið til í þessu tilliti, þá skil eg ekki, að hún vilji velja þenna fallvalta veg. Það er heldur engan veginn eptir frumvarpinu loku skotið fyrir það, að ekki megi eins eptir sem áður leigja fè ómyndugra út gegn lögboðnu veði, hitt er einungis bending, um skuldabrèfin, og þó menn tali um að þau sèu ónýt, þá held eg að þau þó sè talsvert betri, en einhver kýrskrokkurinn, ellegar einhver jarðarskikinn, sem getur eyðzt á einni svipstundu. Það var sagt í vor, að sumstaðar væri menn farnir að ganga frá jörðum sínum, og láta þær í eyði; þá fer nú að verða lítið verð í þeim

Við höfum ekki reynt bágindi sjálfir, við höfum að eins lesið um þau, þetta verðum við að athuga. Eg er heldur engan veginn sannfærður um það, að þetta sem nefndin stingur upp á, muni auka peningaverzlunina, því það mundi verða niðurstaðan, að hver sem væri búinn að líða skaða á láninu, þá mundi allir hætta. Þar sem hinn háttvirti varaforseti kom með dæmið um kúna, þá held eg nú að hún geti drepizt af kálfsburði, lakasótt eða því um líkt. Þetta kemur ekki af neinni óvild við nefndina, þvert á móti, eg veit að hún hefir gjört þetta í bezta skyni, en eg sè enga næga trygging í þessu, og eg er hræddur um, að það lokki menn til að leigja fè ómyndugra út, móti því veði, sem í sjálfu sèr er ekkert veð. Hvað kaupmenn snertir, þá skil eg ekki, að það væri eigi jafnan óhætt að trúa þeim fyrir að kaupa skuldabrèfin. Eg held líka þeim þætti það fullgóð borgun, ef þeir fengi skuldabrèf uppá það sem þeir eiga hjá okkur, þeim þykja þau fulltrygg. Eg verð því að halla mèr að frumvarpinu, og eg held, að þingið ætti að vera varkárt með, að breyta slíku frumvarpi sem þetta er.

Ásgeir Einarsson: Það lítur út fyrir, að það sè dagur hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns að halda með stjórninni; viðvikjandi því, að hann sagði, að jarðirnar hjá okkur hefðu orðið og gætu orðið svo lítils virði, að það mætti fá heilar jarðir eða jafnvel sveitir, fyrir eitt kjötstykki, þá vil eg spyrja hann, hvernig hafi farið um sjóðina okkar í Danmörku; skemmst er nú að minnast á Tkorkilliisjóðinn, því nýlega var minnzt á hann, þá má og tilfæra kollektusjóðinn og mjölbótapeningana með öðru fleira, voru þeir ekki fólgnir í skuldabrèfum og peningum í Danmörku? Allir vita nú, hvernig fyrir þessum sjóðum er komið, og nú vil eg spyrja hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, eru ekki jarðaskrokkarnir okkar við lýði enn þá? Eg skil ekki í því, hvernig hann fer að bera þetta og annað eins á borð fyrir þingið, konungsfulltrúa og stjórnina, þessar og aðrar eins setningar eru þannig, að enginn bóndi er svo einfaldur, að hann ekki sjái, að þær ná engri átt. Þegar framsögumaður sagði að fá bú mundu vera svo litil, að þau ekki nymi 100 rd., þá verð eg að viðurkenna að þetta er satt, eg hefi átt hlut að máli með nokkur bú í Strandasýslu og man eg ekki að nokkurt þeirra hlypi minna en 200 rd. Að fylgja meiningu hins 5. konungkjörna þingmanns, yrði til þess, að draga alla ómyndugra peninga út úr landina, svo við ekki þyrftum að hugsa um þá, en eg álít það mjög óheppilega stjórn á ómyndugra fè, ef menn

þannig fleygðu öllu þessu fè niður til Danmerkur, af því menn ekki nenna að láta það koma sèr og öðrum til gagns og góða. Eg vil og styðja það, sem hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga fór fram á. Eg veit dæmi til þess að í Húnavatnssýslu hafa menn byrjað búskap með litlu fè, og orðið góðir búmenn, og hafa fengið fè að láni til að byrja búskap með; við það kemst fèð í »Circulation«, og þó nú svo fari, að það yrði í skuld, þá er það þó ætíð unnið að fèð er í landinu sjálfu, en hefur ekki dregizt út úr því. Eg veit að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vill ekki láta þetta vera meiningu sína, en ræða hans er sprottin af því, að hann er ekki málinu vel kunnugur. Eg vona að hinn háttvirti konungsfulltrúi hugsi sig um, áður en hann mælir á móti því við stjórnina, sem tvö þing hafa farið fram á, en eg get skilið það, að honum er vorkunn þó hann framfylgi skoðun stjórnarinnar. Að öðru leyti vil eg biðja menn að gá vel að því, að þetta mál hefur mikla þýðingu eptirleiðis.

Sveinn Skúlason: Eg vil geta þess, að eg yfir höfuð að tala er samþykkur nefndinni, en mèr finnst þó dálítið vera athugavert við nefndarálitið. Eg sè reyndar að með því að fallast á nefndarálitið, getur fèð ávaxtazt, en þetta er ómögulegt ef menn fallast á konungsfrumvarpið, og er hægt að leiða rök að því; það er nefnilega ómögulegt að fá konungleg skuldabrèf fyrir minna en 100 rd.; en opt eru til 25 rd., 30 rd., 50 rd. o. s. frv., sem menn kunna að vilja ávaxta, og er það mjög svo mikill óhagnaður, að festa jarðir sínar fyrir svo lítið. Eptir stjórnarfrumvarpinu verður fèð ávaxtarlaust, og eptir fyrri grein nefndarálitsins er eg hræddur um að hinu sama bregði fyrir, því eg get ekki annað en álitið það skaða, að koma fè á leigu fyrir 3%; eg held nefnilega það verði ofan á, að menn ekki vilji festa jörð sína fyrir minnu en 100 rd.; að þessu leyti finnst mèr að 1. greinin verði þýðingarlítil. En hvað seinni greininni viðvíkur, þá er eg hræddur um, að það verði of mikil umsvif, þegar menn eiga að koma fènu á vöxtu gegn veði í lausafè, ekki einungis að þurfa að fara til sýslumanns heldur og til amtmanns; um þetta atriði þyrfti eg upplýsingar af hinum háttvirta framsögumanni. Ef sýslumaðurinn ekki hefði fullt vald í þessu tilliti, þá vildi eg taka mèr breytingaratkvæði í þessa átt; en hafi hann valdið, þá er eg ánægður með greinina; en 1. grein álít eg dauðan bókstaf.

Framsögumaður: Með tilliti til þess sem hinn háttvirti þing-

maður Norðurþingeyinga sagði, þá álít eg, að greinin ekki geti valdið misskilningi; það er nl. engin þörf í þessu efni að snúa sèr til amtmannsins. Að öðru leyti er búið að svara því, sem eg ætlaði mèr að svara. Hvað hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni viðvíkur, þá vil eg geta þess, að ef sauðarsiðurnar hans eru ástæður til áfellis nefndarálitinu þá ímynda eg mèr að það sè hægt að finna mörg betri dæmi, sem talin verði því til viðreisnar.

Ásgeir Einarsson: Ef eg hef tekið rètt eptir þingmanni Norðurþingeyinga, að menn naumast mundu festa jarðir sínar fyrir minna en 100 rd., þá er eg þó ekki viss um að svo sè; eg ímynda mèr ekkert á móti því, að menn gæfu veð í 2. eða 4. jarðarhundruðum fyrir svo sem 30 til 40 rd., eg veit líka dæmi til, að einn af þeim sem þingið hefði getað komið í hundraðshöfðingja töluna hefir gefið veð í hálfri jörð fyrir 200 rd. Með tilliti til okurrentunnar, þá sè eg ekkert á móti því, að menn í þessu tilliti sèu sem frjálslyndastir. Mèr þykir það merkilegt, að lögfræðingarnir og einkum hinn hæstvirti konungsfulltrúi, skuli ráða frá því að brúka það frelsi, sem er heimilað í lögum; það væri þá nær alveg að afbiðja það.

Jón Guðmundson: Eg vil leyfa mèr að biðja hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann að lesa alþingistíðindin frá 1861 bls. 302 og 307; þar talar hann þvert á móti því, sem hann hefir gjört í dag; þá reif hann konungsfulltrúa niður með ástæðum og dæmum sem hann sótti bæði til Ameriku og upp á Akranes.

Forseti: Þar enginn framar tekur til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur því þessu næst eptir dagsskránni til undirbúningsumræðu *lagaboðamálið.* Var málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 211.

Nefndin hefir nú þannig komizt til sömu niðurstöðu og hinn háttvirti konungsfulltrúi lýsti yfir að væri álit sitt, sem sè að ekkert af þeim fjórum lagaboðum, er hann lagði fyrir þingið væri þess eðlis eður þess vert, að hèr ætti að löggilda það, og um önnur dönsk lagaboð, er út hafa komið fyrir Danmörku á seinustu árum, getur hèr ekki orðið nein spurning.

Konungsfulltrúi: Eg þarf ekki að fjölyrða út af þessu

nefndaráliti, eins og það liggur fyrir. Nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ekkert af lagaboðum þeim, sem eg eptir ósk þingsins hafði tekið til og látið eins og þingið beiddist leggja út á íslenzku, ætti við að lögleiða hèr á landi, og heldur ekki nein af hinum, sem stjórnin hafði sent, og eg get reyndar ekki frá mínu sjónarmiði haft neitt á móti þessari niðurstöðu, því síður sem eg verð að álíta, að hlutaðeigandi stjórnarherra hafi að líkindum haft sömu skoðun á málinu. Eg skal einungis leyfa mèr að athuga, að þar sem nefndin talar um leiðarbrèf fyrir skip, þá liggur það fyrir utan lagaboðið sem einungis talar um ferðapassa. Loks skal eg leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, út af orðum nefndarálitsins, að það er beinlínis eptir þingsins ákvörðun, að málið er komið fyrir þingið í því formi, sem það nú er, því eg lagði lagaboðin fram á þinginu og óskaði þess álits hvort og þá hver væru þess eðlis að þau gætu orðið lögleidd hèr á landi, með eða án breytingar, en þingið fól mèr á hendur að velja úr þeim, þau, sem mèr í því tilliti þættu líklegust, og því er málið komið fram í þessu formi, og virðist mèr reyndar ekki verða að því fundið af þinginu.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, þá álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur þessu næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um laun hreppstjóra.*

Sbr. fyrri part alþingistíðindanna bls. 213.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það er nú ekki nema eitt viðauka-atkvæði við nefndarálitið, það er að segja þingmanns Suðurmúlasýslu. Eg get nú eigi fallizt á þetta breytingaratkvæði af því eg get ekki skilið í hverjum tilgangi það er sett. Meiningin er þó líklega sú, að ef gjalðið ekki fáist úr ríkissjóðnum, þá eigi næsta alþing að sjá ráð til þess, að það fáist; en veit þingmaðurinn hvernig þá verður ástatt? Ef vèr nú höfum þá fengið fjárforráð, þá er meining í breytingaratkvæðinu, en ef við nú höfum þá eigi fengið fjárforráðin, ætli þingið þá sjái betur ráð til þess en nú? Ætli það hafi þá aðra sjóði að vísa á heldur en nú? Upp á þessar spurningar bíð eg eptir svari frá þingmanni Suðurmúlasýslu.

Björn Pètursson: Fyrst hinn heiðraði framsögumaður skoraði á mig skal eg ekki lengi draga hann á svarinu. Mig furðar mjög á ræðu hans í þetta skipti, því við inngangsumræðuna hafði hann ráð undir hverju rifi til að launa hreppstjórum og benti á hvern gjaldstofninn á fætur öðrum, og þar á meðal einn spánýan,

tíundarsvikin, sem hann þá hèlt, að eingöngu mundu nægja til þess þó ekkert væri annað. Nú er hann þar á móti hræddur um, að hvorki stjórnin, nè heldur næsta þing muni geta fundið nokkur úrræði. Annars er auðheyrt að hann hefir alveg misskilið viðauka-atkvæði mitt. Það liggur í augum uppi að það stendur ekki í neinu sambandi við hina nýju stjórnarbót, og að það er ekki næsta alþingi sem fyrst á að finna ráð til að launa hreppstjórunum okkar, heldur stjórnin, ef hún ekki vill hafa ráð þessa þings að launa þeim úr ríkissjóði. Fleiru þarf eg ekki að svara spurningum framsögumanns, sem hvergi áttu við. Eg hèlt annars að það hefði verið alvara hins háttvirta framsögumanns og nefndarinnar að leita einhverra ráða til að útvega hreppstjórunum sanngjörn laun. Ef þessi ætlun mín er rètt, þá hlýtur bæði nefndinni og þinginu, sem setti þessa nefnd í málinu að vera kærkomið viðauka- og vara-atkvæði mitt; því það er ofboð lítið og hógvært, og biður um að konungurinn allramildilegast láti leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum. Það er ekki rètt hermt, sem sagt var í gær, að eg ekki geti bent á nein ráð til að launa hreppstjórum, því eg hefi þegar bent á eitt, nefnilega tíundarsvikin! sem framsögumaður talaði svo mikið um við inngangsumræðuna, og eg gæti bent á langtum fleiri, ef eg vildi. En eg álít þess enga þörf, því eg hefi það traust til stjórnarinnar, að hún muni hafa ótal ráð í hendi sèr í þessu tilliti og vorkenni henni heldur ekki að finna þau, ef hún ekki vill aðhyllast ráð nefndarinnar að launa hreppstjórunum úr ríkissjóði, sem eg tel víst, að þingið mæli með, og mèr þætti mjög æskilegt, ef eg hefði nokkra von um að það fengist. En það er allt öðru máli að gegna, hafi það aldrei verið alvara nefndarinnar og þingsins að vilja reyna til að útvega hreppstjórunum nokkur laun; því þá get eg vel skilið, að hvorki nefndin nè þingið vilji fallast á viðauka-atkvæði mitt. Mèr er og var það bláföst alvara, og því kom eg með þetta viðauka-atkvæði til vara, ef stjórnin ekki vildi fallast á uppástungur nefndarinnar, sem eg er hræddur um, að raun verði á. Þingið verður að ráða, hvort það vill láta viðauka-atkvæði mitt lifa eða deyja, en þó það falli, þá skal eg bera mig karlmannlega.

Magnús Andrèsson: Áður en gengið er til atkvæða, vildi eg þó tala fáein orð, og lýsa því yfir, að þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi væri mótmæltur málinu í gær, þá hefi eg þó það traust til hans, að hann muni sem amtmaður yfir suðuramtinu mæla því líkn-

arorð hjá stjórninni, svo að kjör hreppstjóranna batni, því þetta er mjög svo nauðsynlegt, þar sem þeir eru undirstaðan undir allri valdstjórn hèr á landi, eins og líka þeim er trúað fyrir mörgu, þar á meðal tíundarframtalinu, sem viðkemur hinu opinbera og margt er byggt á.

Stefán Jónsson: Ef eg ímyndaði mèr að stjórnin mundi fallast á viðauka-atkvæði þingmannsins frá Suður-Múlasýslu, þá gæti það ekki orðið annað, en þessi orð: »frumvarp til að launa hreppstjórum á Íslandi«, og er ekkert unnið við það annað enn pappírsblaðið.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú helzt upp til að óska þess að farið verði að ganga til atkvæða í þessu máli, með því líka að þingsetan er orðin svo löng í dag, að það væri óskandi að umræðurnar yrðu ekki langar; eg er nú samdóma þingmanni Árnesinga í því, að eg hefi hinar beztu vonir um meðmæli hins háttvirta konungsfulltrúa með máli þessu því hann viðurkenndi í gær, að hreppstjórar væru verðir fyrir að fá laun. Eg veit nú að hinum heiðraða þingmanni Suður-Múlasýslu hefir gengið gott til að koma fram með þetta viðauka-atkvæði sitt, því hann vill þó í sjálfu sèr, að hreppstjórar sèu launaðir, en eg held það megi með fyllsta rètti segja um þetta viðauka-atkvæði, eins og margt annað, að góð meining enga gjörir stoð, því eg álít enga meining í þessu viðauka-atkvæði, og eg skil ekki, að þingið geti gefið því atkvæði sitt; hann var að tala um að framsögumaður hefði um daginn viljað byggja laun hreppstjóranna á tíundar þjófnaði, en það liggur nú alls ekki fyrir að tala um það, því nefndin hefir fært næg rök fyr því í nefndarálitinu, að ekki sè tiltækilegt að bæta kjör hreppstjóranna, með því sem bænarskráin fór fram á um tíund af því lausafè sem væri undir 5 hndr. Eg ætla þá ekki að tefja þingiðlengur með tölu minni, nema einungis geta þess að vilji þingið fá nokkurja festu og verulegt áframhald í hreppstjórn á ekki að fella málið, heldur biðja eins og nefndin fer fram að hreppstjórar verði launaðir

Framsögumaður: »De mortuis nil nisi bene. Þetta vil eg heimfæra upp á þingmanninn frá Suður-Múlasýslu. Eg ætla ekki að mæla meir á móti þingmanninnm, því epttr skýringum þeim, sem hann gaf, álít eg það vera óþarfa, eg er og viss um, að þingið muni kunna að meta það rèttilega.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir þó einmitt svo mikið varið í viðauka-atkvæði hins háttvirta þingmanns úr Suður-Múlasýslu, að eg vildi helzt gefa því einu atkvæði mitt. Eg hefi öngva von um að

stjórnin muni nú fallast á uppástungu nefndarinnar, að veita hreppstjórum laun úr ríkissjóði; en hitt hefi eg miklu fremur von um að það mætti takast að bæta kjör hreppstjóranna, sem maklegt er, ef stjórnin fengist til að leggja frumvarp fyrir alþingi um laun handa þeim. Það er satt hinn háttvirti þingmaður hefir ei bent á nokkurn þann veg, er stjórnin gæti farið til þessa, en eg ímynda mèr hann hafi hugsað sem sagt er einn í hinu frjálsasta landi í allri Norðurálfunni, að konungur sè uppspretta allrar vizku, og eg get þá að eins sagt, að eg vildi óska það mætti sem fyrst rætast á þessu máli.

Jón Hjaltalín: Þetta álít eg að vera það sama, og að gefa hreppstjórunum steina fyrir brauð. Eg fyrir mitt leyti álít, að stjórnin hafi eins mikla rèttlætistilfinningu, og við hinir. Það er öllum kunnugt hvernig þessir menn þrælka, og get eg því ekki skilið í því, að konungsfulltrúi muni ekki mæla með því við stjórnina, að þeim verði launað. Úr viðaukaatkvæðinu gjöri eg mjög svo lítið, framsögumaður er og búinn að sýna fram á það, að það er ekkert í það varið; það sem nefndin fer fram á, er þó bón, en viðaukaatkvæðið er ekki annað en vífilengjur; og hvað ætli verði lagt fyrir næsta þing? Því verður gefið ráð, en til hvers? Hvað ætli við með þessu móti ekki þurfum að bíða? Eg er viss um að það verða mörg ár, og svo verður ekkert gjört við málið. Þessir 6000 rd. eru heldur ekki svo stór summa, að afsamiklu nemi og eg er heldur ekki vonarlaus um að stjórnin muni fallast á það.

Framsögumður: Eg ætla að bæta því við, það sem hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði, að ef viðauka-atkvæðið kemst að, þá getur stjórnin valið um, hvort hún heldur vill gefa peninga eða brèfsnepil, og get eg þá vel skilið, að hún heldur muni vilji gefa brèfsnepilinn. Aðalatriðið er hèr, að spyrja stjórnina um, hvort hún meti lögreglustjórnina hèr á landi svo mikils, að hún vilji hjálpa hreppstjórunum. Ef stjórnin ekki vill taka launin úr ríkissjóðnum, en vill þó launa þeim, þá getur hún lagt frumvarp fyrir þingið, en það er munur á því, hvort hún gjörir það af sjálfsdáðum eða hún gjörir það eptir beiðni þingsins, því taki hún brèfsnepilinn úr sínum vasa, þá er hún bundin við að benda á, hvernig þeim skuli launað, ef hún vill nokkuð sinna málinu, en ef vèr biðjum hana um snepilinn, þá getur hún sagt, jú, það er guðvelkomið, þarna er hann, hirtu nú afglapa þinn; en vèr verðum jafnfærir þá og nú að launa þeim, meðan vèr höfum engin fjárhagsráð.

Indriði Gíslason: Eg skal ekki lengja umræðurnar, en ein-

ungis geta þess, að eg gef ekki atkvæði mitt fyrir nefndarálitinu, eg er á sama máli og áður. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Árnesinga sagði um framtalið, og að hreppstjórarnir litu eptir með tíundarsvikum, þá vil eg samt segja honum dæmi frá því í haust, að eg þekkti þá bændur, sem tóku sig saman og buðu hreppstjóra sínum tvo kosti, annaðtveggja að hann færði upp tíundina, eða þeir klöguðu hann, enn hann tók það ráðið sem betur gengdi og færði upp tíund sína um 3 hndr, af þessu má nú sjá, hvort ekki eru til bændur, sem geta tíundað hreint, án þess að gjöra það af hræðslu við hreppstjórann, enda eiga sveitanefndirnar sem farnar eru að myndast, mestan þátt í því.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg biðja þingmenn að greiða atkvæði samkvæmt atkvæðaskránni.

Fèllu atkvæði á þessa leið:

1. Nefndin, samþ. með 16 atkv. gegn 5.
2. Viðauka-atkvæði B. Pèturssonar við 1. tölulið, fellt með 14 atkv. gegn 6.
3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþ. með 14 atkv. gegn 5.

Forseti: Dagskráin er úti. Eg skal geta þess, að til mín er komið nefndarálit í gufubátamálinu, og verður það lagt fram á lestrarsalinn í kveld. Ákveð eg svo fund til þess á morgun á hádegi.

Fundi slitið.

Tuttugasti fundur — 31. júli.

Allir á fundi nema hinn 2. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forfall.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagsskránni kemur fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu viðvíkjandi gjafabrèfi Kelsalls. Framsögumaður er hinn háttvirti varaforseti.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson: Eg vil leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 215.

Eins og nefndarálitið sýnir, hefir hinn 5. konungkjörni þing-

maður, sem nefndin aldrei náði í til að bera málið undir, og varla til að skrifa undir, gjört ýmsar peðrur á milli sviga, en þær breyta ei að neinu meiningu nefndarinnar, og það fer máske betur á þeim en tilsvarandi orðum nefndarinnar, og ef þinginu lízt, þá er ekkert á móti, að þær seinna verði teknar til greina í álitsskjalinu. Eg skal svo ekki að sinni fara fleirum orðum um málið, en bíða átekta.

Konungsfulltrúi (Jón Pèturssón): Eg skal geta þess, að mèr sýnast breytingar hins 5. konungkjörna þingmanns miklu mildari en orð nefndarinnar, og það er aðgæzluvert, að stjórnin í Danmörku hefir í þessu máli mikið farið eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.

Jón Hjalialín: Eg er nú aldeilis ekki á móti málinu í höfuðskoðuninni á því, en mèr fannst, að það væri kastað af þinginu steini á stjórnina, því drátturinn á þessu máli, er án efa meira stiptsyfirvöldunum hèr að kenna en henni; þess vegna gjörði eg þessar orðabreytingar, en þær koma ekki í neinn bága við niðurlagsatriði nefndarinnar nè gjöra neina breytingu á þeim.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem aðstoðarmaður konungsfulltrúa gat um, að stjórnin allt af hingað til hefði farið eptir tillögum stiptsyfirvaldanna, svo að drátturinn væri ei svo mikið henni að kenna, sem þeim, þá vil eg taka það fram, að eptir því sem er að ráða af stjórnarbrèfinu 9. júlí 1861, þá eru ástæður þess brèfs ekki byggðar á tillögum stiptsyfirvaldanna; eg vefengi nú reyndar ekki konungsfulltrúastólinn á því, sem þaðan kom um þessar upplýsingar, en eg vildi einungis vekja athuga að því, að það brèf gefur ekki tilefni til að halda, að það sè runnið frá stiptsyfirvöldunum; en aptur á mót sèst það af brèfunum frá 1859, hverjar tillögur stiptsyfirvöldin hafi þá haft við stjórnina, þar sem þau hafa þó stutt það sem stjórnin vildi, að málinu yrði hraðað sem mest. Mèr dettur, sem sagt, ekki í hug, að vefengja þær upplýsingar sem komu frá konungsfulltrúa stólnum, en þakka þvert á móti mikillega fyrir þær.

Páll Melsteð: Eg vil fyrst geta þess, að mèr þykir það vel farið, að þetta mál er komið fyrir hèr á þingi, því að það er nauðsynlegt, að eitthvað sè farið að hugsa um, að þeim bókasöfnum, sem hèr eru í Reykjavík verði betur borgið en nú er. Eg skal nú ekki tala um bókasafn prestaskólans; það er að vísu í góðum höndum þar sem það er, en þó getur það hús hæglega brunnið ef ó-

heppilega til tekizt. En hvað hin bókasöfnin snertir, þá þekki eg svo mikið til stiptsbókasafnsins, því að eg kem þar opt, að eg verð að segja, að það fer ótilhlýðilega um það bókasafn, því þar er töluverður leki, svo að á bókunum verður að hafa sterkar gætur, að þær skemmist ekki þegar regn kemur úr lopti. Skólabókasafnið kann nú að vísu að vera vel geymt, en þó hef eg grun á, að það sè ekki svo vel sem skyldi; við munum eptir, að þegar rigningin var á dögunum, þá kom töluverður leki niður á lestrarsalinn ef til vill báðum megin við kvistinn þar sem bækurnar eru geymdar, en það getur líka verið, að lekinn hafi verið inni á sjálfum kvistinum þar sem bækurnar eru geymdar, svo að eg er ei hreins hugar um, að bækur verði þar fyrir skemmdum. Þar að auki álít eg bækurnar hèr í voðastað, þar sem í þessu húsi er meiri ljósaburður og eldgangur en í nokkru öðru húsi hèr í bænum. Annað mál er það, hvort það eigi við og sè rètt eptir gjafabrèfinu, að prestaskólabókasafninu og stiptsbókasafninu verði komið fyrir og fenginn geymslustaður í þessu húsi, sem einungis er ætlað fyrir skólabókasafnið, en eg held, að því mætti vel koma fyrir, ef þess væri getið og það væri skýrt tekið fram í álitsskjalinu, að þetta ætti einungis að vera fyrst um sinn. Eg get heldur ekki skilið, að fyrir þessa gjöf, sem mun vera allt að 8000 rd. mætti eigi byggja svo stórt hús, að bókasafn skólans hafi þar nægilegt rúm langt fram í aldir, þó öðrum bókum væri lofað að vera þar í tómum herbergjum, sem skólinn ekki brúkaði fyrir sínar bækur. Eg hefi nýlega sèð bókasafn hins lærða skóla og þykir það mjög svo lítið, fyrir svo mikla peninga, sem árlega hafa verið til þess lagðir.

Helgi Hálfdánarson: Það var um daginn kastað ærið þungum steini á nefndina í Thorchilliisjóðs-málinu fyrir það, að hún hefði ekki haldið sèr fast við orð gjafarans; en eg sè nú ekki betur en að þessi nefnd hafi gjört sig seka í hinu sama, eða enda meira, því þar var að eins það form, sem nefndin stakk upp á, sem að var fundið, en það var játað, að tilgangurinnn væri hinn sami sem gjafarans, en hèr verður tilgangurinn ekki að öllu leyti hinn sami sem gjafarans tilgangur, þó hann reyndar sè það meðfram. Hann er hinn sami sem gjafarans í 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, þar sem talað er um að stofna hús handa skólabókasafninu; en hann er líka með fram annar, þar sem í 2. niðurlagsatriði er stungið upp á, að stiptsbókasafnið og prestaskólabókasafnið fái einnig varanlegan geymslustað í þessu sama bókhlöðuhúsi. Það er að

vísu satt, að það væri æskilegt, að þessi bókasöfn gætu fengið þar geymslustað, en það er eins hèr og í hinu málinu, að það er ekki samkvæmt orðum gjafarans, því hann tiltekur einungis að byggja skuli fyrir þetta fè hús handa bókasafni hins lærða skóla. Eg vil því áskilja mèr það breytingaratkvæði, að 2. töluliður falli burt. Eg tel nú að vísu sjálfsagt, að þetta hús, sem byggt yrði, mundi verða stærra en svo, að þess þyrfti alls handa skólabókasafninu, og þá efast eg ekki um, að þeir, sem yfir húsinu ættu að ráða, mundu gjöra svo vel, að ljá hinum bókasöfnunum þar húsrúm fyrst um sinn; en eg vil ekki að þetta sè tekið hèr fram sem tilgangur, eða beðið um, að þetta bókhlöðuhús verði varanlegur geymslustaður fyrir hin bókasöfnin. Því ef það er satt, sem stendur í nefndarálitinu, að erfingjar Kelsalls uni illa við fèmissirinn, þá held eg að þeir mundu hengja hatt sinn á þetta, ef fènu væri varið með fram í öðrum tilgangi en gjafarinn hafði ætlazt til. Þetta er alveg það sama, eins og ef stungið hefði verið upp á, að verja nokkru af Thorkilliisjóðnum til stofnunar búnaðarskóla.

Pètur Pètursson: Eg er nú að nokkru leyti samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu, en af nokkuð annari ástæðu en hann bar fram; mèr finnst nefnilega, að það sè nokkur mótsögn í niðurlagsatriði nefndarinnar. Í 1. tölul. er nefnilega beðið um, að fènu verði varið »beint eptir orðum gjafabrèfsins« til bókhlöðuhúss handa skólabókasafninu, en í öðrum tölul. er gjört ráð fyrir, að peningarnir verði nógir til, að hafa húsið svo stórt, að þar verði rúm fyrir stiptsbókasafnið og prestaskólabókasafnið, svo að það er þá gjört ráð fyrir, að fèð sè líka fyrir aðrar stofnanir, ef það vinnst til þess, en annars skuli stjórnin leggja fè til. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði um, að sleppt sè þessum orðum: »beint eptir orðum gjafabrèfsins«, því þá fellur mótsögnin burtu. Eg get nú annars ekki skilið, að fyrst að nefndin fer því fram, sem stungið er uppá í öðru niðurlagsatriðinu, að hún skuli vera svo mótfallin þeirri uppástungu, að í þessu húsi væri fyrirlestrarstofur handa prestaskólanum, ef stjórnin legði nóg fè til þess, því það er þó auðsèð, að í þessu húsi hlýtur bæði eldur og ljós að vera, og þó að lesið væri í tveimur stofum um hádaginn, þyrfti ekki að vera mikil hætta að því. Hitt er annað mál, ef menn ættu að vera þar á nóttinni, því væri eg gjörsamlega mótfallinn. En það er auðvitað, að bókavörður getur ekki verið í þessu húsi á vetrum í kulda, án þess, að ofnar verði kynntir, svo að ljós hlyti opt að vera í

byggingunni. Það væri líka hægt að »assúrera« það, einkum ef það væri sem menn kalla »ildfast«. Eg ætla samt ekki að gjöra neitt viðauka-atkvæði um fyrirlestrarstofur prestaskólans, eg veit ekki, hvað langlífur hann verður, honum leggst þá eitthvað til með húsrúm, ef hann þarf þess með.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki sèð, hvernig hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, getur fundið, að þetta sè ekki eptir gjafahrèfinu; 1. atriðið sýnir það beinlínis, og þó að í öðru atriðinu sè skorað á stjórnina, að leggja fè til svo húsið verði þeim mun stærra, þá fæ eg ekki sèð, hvernig þetta getur verið á móti tilgangi gjafarans; því það vita þó allir, sem nokkuð þekkja til húsabyggginga, að með litlum tillögum mætti gjöra þetta hús nógu stórt fyrir öll bókasöfnin. Þetta getur heldur alls ekki komið í bága við tilgang gjafarans. Eg veit líka að það mætti vera þægilegt fyrir stjórnina að sjá hinum bókasöfnunum borgið, svo að eldsvoði og rigningar ekki grandi þeim.

Helgi Hálfdánarson: Eg get þó ekki skilið þetta. Mèr finnst það liggja í augum uppi, að hèr sè mótsögn í þessum niðurlagsatriðum. Í 1. niðurlagsatriðinu er tekið fram, að gjöfinni skuli verða varið beint eptir orðum gjafabrèfsins, en í 2. niðurlagsatriðinu er farið fram á, að húsið frá upphafi sè haft svo stórt, að stiptsbókasafnið og prestaskólabókasafnið líka geti fengið þar varanlegan geymslustað. Það er einungis beðið um það til vara, ef þetta fè verði ekki nóg, að stjórnin þá skjóti fè til. Eg segi þetta ekki af því, að eg sè á móti því, að hin bókasöfnin geti fengið þar geymslustað, meðan bókasafn hins lærða skóla þarf ekki alls hússins við, heldur af því, að mèr finnst þetta ekki vera samkvæmt því, sem áður hefir verið talað og álitið hèr á þinginu um líkt mál, og að það ekki heldur sè samkvæmt fyrirmælum gjafarans. Eg held að ekki þurfi, og ekki eigi við að biðja um annað en það, sem stendur í 1. niðurlagsatriðinu, en það finnst mèr náttúrlegt, að hinum bókasöfnunnm væri lèð þar húsrúm fyrst um sinn.

Jón Hjaltalín: Eg skil ekki, að Kelsall hafi verið svo undarlega þenkjandi, að hann hafi ætlazt til, að engin bók mætti koma inn fyrir dyrnar á þessu húsi, nema skólabókasafnsins, og því síður að ekki mætti leggja fè til svo húsið yrði stærra. Ef svo væri, þá skyldi eg ekki vera á móti því, að 2. niðurlagsatriðið fèlli, en eg held að það sè ljóst að þetta megi vera það sama, og að vilji gjafarans verði ekki meiddur, þó stjórnin leggi fè til, svo húsið verði

stærra, og hún fái þannig meira rúm fyrir minna fè. Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann Gullbringusýslu að benda mèr á eitt einasta orð í gjafabrèfinu sem lúti að því að banna þetta.

H. Kr. Friðriksson: Eg held að það sè töluverður misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu; þó að í gjafabrèfinu standi, að húsið skuli vera handa bókasafni lærða skólans, þá get eg ekkert sèð því til fyrirstöðu, að hin bókasöfnin fái þar rúm; þetta hús getur orðið svo stórt, að rúmið nægi handa þeim, og svo lengi, sem það nægir; og þá sè eg heldur ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnin skjóti fè til, til þess að húsið verði stærra, og hin bókasöfnin geti því lengur verið þar. Hann játaði líka sjálfur, að það væri eðlilegt, að þeim væri lèð þar húsrúm fyrst um sinn, ef rúmið væri nóg, en þá er það líka eins eðlilegt um lengri tíma, svo lengi sem skólabókasafnið ekki verður svo stórt, að það útrými hinum bókasöfnunum; og eg held, að hús sem reist er fyrir 8000 rd. hafi töluverðan afgang af rúmi frá skólabókasafninu, og eg sè ekkert á móti að viðbætirinn sè hafður svo stór, að hin söfnin líka geti fengið þar rúm. Það skyldi þá vera, að þessi orð hneyxluðu menn, »ef Kelsallsgjöfin nær ekki til þess», en eg sè ekki betur, en að þegar farið væri að reisa húsið, og það sæist hvað mikið yrði rúmið, og menn kæmu svo til þeirrar niðurstöðu, að það yrði ekki nóg handa öllum söfnunum nema eitt eða tvö ár, þá mætti biðja konung um að leggja fè til; en ef þessi orð hneyxla menn svo mikið, þá mætti sleppa þeim og setja önnur orð í staðinn svo sem: og að konungur leggi til þess fè úr ríkissjóðnum.

Stefán Jónsson: Mèr fannst hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hafa mikið til síns máls, því ef menn eiga að binda sig við bókstafinn í einu máli, þá eiga menn líka að gjöra það í öðru máli sem er samkynja; þau orð, sem þingmaður Reykvíkinga hèlt að mundu hneyxla menn, hneyxluðu mig nú líka, og ef hann gjörir breytingaratkvæði um þau, þá er nokkru nær. Mèr getur ekki annað fundizt en að það, sem stungið er upp á í 2. niðurlagsatriðinu, víki frá tilgangi gjafarans, allt eins mikið eins og það sem nefndin í Thorchillisjóðsmálinu um daginn fór fram á; það dugar ekki að segja, að gjafarinn mundi ekki banna það, ef hann stæði hèr, það er alveg eins og ef í Kjalarnesþingi kæmist upp skóli fyrir Thorchilliisjóðinn, og svo kæmi maður utan Kjalarnesþings, svo sem austan úr Árnessýslu, og vildi koma barni fyrir í skólanum, og segði, eg veit, að hefði Jón Þorkelsson lifað, þá hefði hann ekki meinað

barninu að komast í skólann. Ætli þetta væri ekki álitið af þessari nefnd að vera á móti tilgangi gjafarans. Sama máli er að gegna hèr, og ef menn vilja hanga í bókstafnum í einu, þá verða menn að gjöra það í öðru, þegar um samkynja mál er að tala.

Björn Pètursson: Eg er alveg samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu í því, að annað niðurlagsatriði nefndarinnar sè ótækt, eins og það nú er orðað, og eg hafði hugsað mèr, að bera fram breytingaratkvæði í líka stefnu og þingmaður Reykvíkinga benti á. Það er beinlínis gjört ráð fyrir í öðru niðurlagsatriðinu, að brúka megi fèð í öðrum tilgangi en gjafarinn hefir ætlazt til, þar sem beðið er um, að líka megi brúka gjöf Kelsalls til þess að byggja bókhlöðuhús handa stiptsbókasafninu og bókasafni prestaskólans, svo framarlega sem gjafafèð nægi til þess, og konungur þá að eins er beðinn um, að leggja fè til, ef sú yrði raunin á, að fèð hrykki ekki til alls þessa, og það hefir rèttilega verið tekið fram af þingmönnunum í Gullbringu og Eyjafjarðarsýslum, að það sè óviðurkvæmilegt og rangt, að víkja frá orðum gjafabrèfsins, og það því heldur þegar þingið fyrir skemmstu felldi nefndarálitið í Thorchilliisjóðsmálinu, einmitt af þeirri ástæðu, að nefndin hafði ekki beinlínis farið eptir orðum gjafabrèfsins. Eg vil því taka mèr breytingaratkvæði um að orðin: »ef Kelsallsgjöfin nægir ekki til þess« sèu felld úr, en að beðið sè um, »að konungur veiti allt það fè úr ríkissjóði« sem til þess þarf, að stækka bókhlöðuhús lærða skólans (sem byggja á) þannig, að »stiptsbókasafnið og bókasafn prestaskólans geti einnig haft þar varanlegan geymslustað«.

Brynjólfur Jónsson: Það virðist svo sem þetta 2. niðurlagsatriði ætli að verða að ágreiningsefni milli manna, enda sýnist mèr það ekki vera alveg ástæðulaust; sumir halda því fast fram, að orðum gjafabrèfsins sè beinlínis fylgt, eins og fram er tekið í fyrri greininni, og mèr finnst líka, að hafi menn hèr á þingi áður verið strangir í að halda fram rètti dauðra manna, þá eigi menn heldur ekki nú í nokkurn máta að skerða rètt þess gjafabrèfs sem hèr um ræðir, og get eg því ekki verið samdóma, að sleppt sè úr þessum orðum: »beint eptir orðum gjafabrèfsins« því mèr finnst sú uppástunga sem er í hinni síðari grein, nefnilega, að stiptsbókasafnið og prestaskólabókasafnið fái þar húsrúm, fara út fyrir tilgang gjafabrèfsins. Þar sem menn nú hafa farið því fram, að þessi bókasöfn fái jafnframt húsrúm í þessari Kelsallsbókhlöðu, þá get eg ekki betur sèð, en að gjöf

hans sè að nokkru leyti varið til annars, en hún upphaflega var ætluð til, en eg held þó að þessu hvorutveggju mætti vel koma saman, og þannig burtrýma ágreiningsefninu, það er að segja, ef í staðinn fyrir orðin: »að þetta bókhlöðuhús — rúmgott« o. s. frv. væri sett: »í sambandi við þetta hús skal byggt annað hús svo stórt, að það rúmi stiptsbókasafnið og safn prestaskólans«, og leggi stjórnin fè til þess, án tillits til þess, hvort til hins hússins væri of mikið fè eða ekki. Það skaðar þá ekki, þó einhver afgangur yrði af gjöf Kelsalls, því þeim peningum mætti verja til brunabótarkostnaðar, til launa handa bókaverði og annars kostnaðar við bókahlöðuna (*Benidikt Sveinsson:* Hvernig er þetta samband-?). Sambandið er þannig, að eg ímynda mèr 2 hús byggð hvort við endann á öðru, svo þau bæði á endanum verði eins og eitt hús, þó þau sèu sitt í hvoru augnamiði.

Ásgeir Einarsson: Þar sem hefir verið tekin samlíking af Thorchilliisjóðs-málinu um þetta mál, þá þykir mèr nú ekki vera af sömu náttúru stefna nefndarinnar í því máli, og þessarar nefndar, því hèr er tekið fram í fyrra niðurlagsatriðinu, að verja skuli fènu beint eptir orðum gjafabrèfsins, en í hinu málinu var gjafabrèfið ekki nefnt með einu orði í niðurlagsatriðunum, heldur var þar farið fram á, að skipta fènu milli hreppanna, sem einmitt virðist að vera móti gjafabrèfinu sjálfu. Eg skal nú ekki fara neitt út í það, hver meining Kelsalls hafi verið, en mjög mikil líkindi þykja mèr fyrir því, að hann hafi ekki vitað af, að stiptsbókasafnið væri til, og þess vegna hafi hann ekki nefnt það í gjafabrèfinu, en eg skal nú ekki gjöra neinar getgátur um það, því eg veit ekkert um það. Þeir sem eru skólann viðriðnir, vita hvort nokkurt samband er milli skólans og stiptsbókasafnsins; en hvað nú þenna ágreining snertir, sem er um það, hvort hafa eigi samlagsbú eður eigi, þá held eg nú, að það geti ekki raskað augnamiði Kelsalls þegar nóg er rúmið fyrir öll bókasöfnin og skólabókasafnið er haft í fyrirrúmi, en eg viðurkenni að þetta má orða með ljósari orðum en er í niðurlagsatriðinu. En eg mótmæli að 1. gr. gefi nokkurt tilefni til þess, að menn geti líkt þessu nefndaráliti við nefndarálitið í Thorchilliisjóðsmálinu, og eg held alls eigi, að nefndin verði ásökuð fyrir, að hún hafi raskað tilgangi gjafarans. Hvað annari gr. viðvíkur, þá ímynda eg mèr, að þeir, sem borið hafa upp breytingaratkvæðið við hana, geti komið sèr saman við nefndina, eða þá að þetta niðurlugsatriði að öðrum kosti verði fellt, svo það er víst

ekki þörf á löngum umræðum um það. Það er yfir höfuð aðgætandi, hve mikið samband er milli lærða skóla bókasafnsins og prestaskólabókasafnsins; stjórnin hefir viðnrkennt, að það sè eins skylda sín, að sjá fyrir prestaskólanum eins og fyrir latínuskólanum, síðan stólsgózin voru tekin frá skólunum, svo hún mundi víst ei skorast undan að leggja fè til þess, að bækur þessar yrðu vel geymdar. Um uppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns skal eg ekkert tala.

Sveinn Skúlason: Eins og mèr líkaði þessi uppástunga mæta vel, þegar hún kom inn á þingið, eins líkar mèr mæta vel 1. atriðið í nefndarálitinu; en þar sýnist mèr, að nefndin vel hefði getað hætt, því það er margt athugavert í 2. niðurlagsatriðinu. Það fyrsta, sem menn verða að hugsa um, er það, að hús sè byggt fyrir alla gjöfina beinlínis fyrir skólabókasafnið, en ef menn vilja auka við húsið, þá verður beinlínis að biðja stjórnina um, að leggja til fè fyrir allt það, sem meira er en það sem byggt verður fyrir gjöfina. Það er ekki nóg að segja: »Ef gjöfin nægir ekki til þess», því hún getur verið nóg til að byggja fyrir hús handa öllum bókasöfnum á Íslandi eins og þau nú eru, en hún er ekki gefin til þess. En ef nú stjórnin legði peninga til þessa, þá furðar mig á hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að þar sem hann biður um 200 rd. árlega til að kaupa fyrir bækur handa læknaskólanum, að hann skuli þá ekki áskilja sèr líka rúm fyrir þessar bækur í þessu húsi. Sama er að segja, ef lagaskóli kæmist hèr á. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði um það, að ef nokkuð verður af annari greininni, og stjórnin lætur byggja viðauka upp á sinn kostnað, þá yrði bætt inn í, »að þar verði ei að eins húsrúm fyrir stiptsbókasafnið, heldur og fyrir bókasöfn allra opinberra stofnana hèr í Reykjavík, og hef eg þá einkum í huga lækna og lagaskóla. Eg vil líka áskilja mèr eitthvert breytingaratkvæði um það, að fyrir fram verði ætlað rúm handa skólabókasafninu fyrir alla gjöfina, og annað um það, að stjórnin leggi allt fèð til fyrir viðbótina. Orðið: »varanlegan» álít eg alveg óhafandi, því varanlegan geymslustað geta menn ekki hugsað sèr, að þau hafi þar, nema menn frá upphafi ætli hús handa skólabókasafninu fyrir allt fèð, en stjórnin leggi til fè fyrir viðbótina.

Stefán Eiríksson: Mig furðar nú á því, hvernig sumir þingmenn geta tekið í þetta mál, því mèr finnst hèr allt öðru máli að gegna nm þetta mál heldur en um Thorkilliisjóðinn, nefndin sem sett var í því máli, vèk töluvert meira frá tilætlun gjafarans, en

þessi nefnd finnst mèr aldeilis fara beint eptir orðum gjafarans í fyrra niðurlagsatriði sínu, og þó hún nú fari fram á í öðru niðurlagsatriði sínu, að húsið sè haft svo rúmgott, að það rúmi bókasafn prestaskólans og stiptsbókasafnið, þá held eg, að það atriði hjá nefndinni sè vel hugsað, því eg imynda mèr þó Kelsall sálugi hefði nú verið á lífi, að hann hefði ekki meinað mönnum að sameina sig við þetta bókhlöðuhús, þegar það er einungis byggt úr því efni sem Kelsall hefir áskilið, og því að eins vill nefndin að þetta hús sè byggt í sameining við gjöf þá sem hèr ræðir um, að stjórnin leggi til fè að því leyti sem þyrfti fyrir stiptsbókasafnið, og bókasafn prestaskólans.

Páll Melsteð: Eg skal geta þess í sambandi við það sem eg sagði áðan, að mèr finnst allt af eitthvað veilt í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, en eg held að mætti hjálpa því við á 2 vegu, annaðhvort með því, að biðja um, að stjórnin beinlínis leggi til svo mikið fè, til viðauka byggingunni, að hin bókasöfnin geti fengið þar húsnæði, eða þá til vara, að þau fái *fyrst um sinn* geymsluhús í þessu Kelsalls húsi; eg skal um þessi breytingaratkvæði tala mig saman við aðra þingmenn, sem ráðgjört hafa breytingar í líka stefnu.

Pètur Pètursson: Af því sumir þingmenn hafa tekið sèr breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriðið um þessi orð: »ef Kelsalls gjöfin nægir ekki til þess«, og mèr líkar vel við þau, þá vil eg eigi framfylgja því breytingaratkvæði sem eg áðan stakk upp á, að sleppt yrði orðunum: »beint eptir orðum og skilyrðum gjafabrèfsins«, því eg held, að það sè ekki verulega móti gjafabrèfinu, þó að minnsta kosti stiptsbókasafnið kæmist að. Kelsall hefir aldrei verið hèr á landi, hann hefir sjálfsagt heyrt, að bókasafn væri hèr til, og hefir hugsað að það tilheyrði einhverri lærðri stofnun; nú hefir hann ekki heyrt talað um aðra lærða stofnun en lærða skólann, og þar af kemur það, að hann hefir gefið eigur sínar til bókhlöðuhúss handa honum, Prestaskólabókasafninu er eptir minni skoðun verra að komast hèr að, því stjórnarherrann hefir ákveðið, að hann sè stofnun út af fyrir sig, samhliða skólanum, og því gæti hann ei haft neina kröfu til þessa húss, nema að stjórnin legði það fè til er því nymi.

Benidikt Þórðarson: Eg felli mig að öllu leyti vel við hið fyrra niðurlagsatriði nefndarinnar, og efa ekki að það komi að því gagni sem ætlazt er til; eg vil ætla, að fèð sè svo mikið, að hús

þetta gæti orðið svo rúmgott, að öll þrjú bókasöfnin geti rúmazt í því. Það er sjálfsagt, að lærða skóla bókasafnið situr í fyrirrúminu, en eg álít prestaskólann svo nátengdan þeim skóla, og sem framhald hans, að prestaskóla bókasafnið eigi rètt á að komast þar að líka, en þegar húsið væri nú einu sinni byggt, og menn sæu að í því væri enn meira rúm, þá mundu koma dagar og þá mundu koma ráð til þess, að fá þar geymslustað handa stiptsbókasafninu, þegar hann á annað borð væri þar til. Hvað annað niðurlagsatriðið snertir, þá líkar mèr það á engan hátt, en verið getur að breytingaratkvæðin lagi það svo að það spilli ekki málinu, þó efa eg það, og vil helzt að það falli.

Benidikt Sveinsson: Eg er nú á þeirra máli, sem játa, að það er þakkarvert, að þessu máli hefir verið hreift, og líka að nefnd hefir verið sett í það, og eg vona, að það verði eins þakkarvert, sem þingið gjörir við málið. Það hefir nú verið mikið talað um 1. og 2. niðurlagsatriðið. Eg er á þeirra máli, sem hrósa fyrsta niðurlagsatriðinu, því þar er beinlínis farið fram á, að tafurlaust verði fullnægt orðum gjafabrèfsins, enda er það ótilhlýðilegt, að láta þess konar gjafir ónotaðar um lengri tíma, þessi grein er líka vel hugsuð, einungis er eg í vafa um eitt viðvikjandi þessari grein, nl. hvað meint sè með orðinu: »grunnmúrað« og kemur það líklega til af vankunnáttu minni í íslenzku á þessu útlagða orði. Eg veit ekki hvort með því er meint það hús, sem múr er undir, eða það sem allt er byggt úr múr, en þetta er líka í öðru tilliti vafasamt, því grunnmúrað hús getur annaðhvort verið úr brenndum tígulsteini eða íslenzkum grásteini, eða höggnum steini, og þó eg fái skýringu um, hvað nefndin meinar með þessu orði, þá ætla eg samt að taka mèr breytingaratkvæði um það, að það sè allt byggt úr höggnum steini, og að það sè, að svo miklú leyti sem unnt er óhult fyrir eldsvoða, og það vita menn líka að bókhlöðuhús eru vanalega höfð svo, og Danir hafa líka nýlega byggt mikið bókblöðuhús sem átti að minnsta kosti að vera svo nefnt »ildfast Huus«. Vjer vitum líka, að Englendingar eru svo »klassiskir« menn, að þeir vilja ekki að gjafir sínar verði til ónýtis, og ef Kelsall hefði lifað, hefði hann víst óskað, að það væri svo rammlega gjört sem unnt er. Viðvíkjandi 2. atriðinu, þá verð eg að segja, að það verður að skiljast svo, í sambandi við 1. atriðið, að eg get ei fallizt á það. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu og fleiri þingmenn, hafa tekið það fram, sem er aðgætandi í þessu efni, svo eg skal ekki tala

margt um það. þetta 1. atriði er fallega hugsað út af fyrir sig af nefndinni, en í sambandi við 2. atriðið get eg ekki fallizt á það; því af því þessi orð: »*beint eptir orðum og tilgangi gjafabréfsins*« miða sig við orðið *tafarlaust,* og af því 2. niðurlagsatriðið ráðgjörir aptur beinlínis, að þessu gjafafè sè varið til *annars* en bókhlöðuhúss handa lærða skólanum, þá kemur það út af þessu hvorttveggju, að fèð verður *tafarlaust* brúkað *á móti tilgangi gjafarans.* Eg þykist nú vita, að nefndin hafi gjört þetta óviljandi, og eg vona, að þeir sem hafa borið upp breytingaratkvæði til að sameina 2. atriðið við 1. atriðið, vilji kippa þessum galla burtu, og vona eg það, að eg geti komið mèr saman við þá, með því að bera upp breytingaratkvæði sem getur samrýmzt bæði við hin breytingararkvæðin og nefndina, nefnil. þess innihalds, að það verði tekið fram sem bendingaratriði til stjórnarinnar, að þetta bókhlöðuhús verði frá upphafi haft sem stærst og rúmbezt, en að stjórnin leggi svo mikið fè til, að stiptsbókasafnið og prestaskólabókasafnið geti fengið þar húsrúm, að fjártillag hennar standi í sama hlutfalli við gjafafèð sem hèr ræðir um, eins og það aukna rúm hússins stendur í við bókarúm lærða skólans, án þess þó að bókhlaða skólans verði miður ramlega gjörð en hún ella yrði.

Forseti: Eg skal nú ekki lengja þingræðurnar, en eg vildi þó láta í ljósi það álit mitt, að eg er alveg samþykkur 1. niðurlagsatriðinu hjá nefndinni. En þó eg geti eigi fallizt á 2. niðurlagsatriðið, þá vil eg þó eigi beinlínis sleppa því, eptir því sambandi sem það stendur í við 1. atriðið. En eg felli mig vel við breytingaratkvæði hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, að þetta atriði sè sem bendingar-atriði til að minna stjórnina á, að hafa húsið sem rúmbezt frá upphafi, en eigi beinlínis sem uppástungu-atriði. Það hefir nú verið talað um, að hve miklu leyti stiptsbókasafnið og prestaskóla-bókasafnið gæti átt tilkall til að fá rúm í húsi þessu. Eg verð nú að vera á annari meiningu, en hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður í þessu efni, hvað prestaskólann snertir. Mèr finnst hann í öllu falli standa nærri því að geta átt tilkall til þess, að bókasafn hans sè geymt í þessu húsi, því presta-efni fengu fyrrum menntun sína einungis í lærða skólanum, og fyrir presta-efnin er prestaskólinn framhald af lærða skólanum. Um þetta atriði finnst mèr annars ekkert þurfa að standa í bænarskránni, en það vera nóg, ef þar kemur einhver bending um, að húsið verði byggt nógu stórt.

Jón Hjaltalín: Eg held nú, að nefndin hafi eigi hugsað sèr annað, en að húsið gæti orðið sem rúmbezt. En mèr þykir nú efasamt, hvernig húsinu verði komið upp eptir því sniði sem hinn háttvirti varaþingmaður fór fram á; hann vildi hafa húsið alveg eldfritt. Eg veit nú ekki, hvaða eldi hann býst við, hvort það er kanónueldur, þegar Reykjavík yrði bombarderuð; en kanónur geta núna komizt gegnum 15 álna þykka veggi, eða eru það þrumur og eldingar, er hann býst við. Mèr fannst hann eigi annars bæta sig mikið á þessu breytingaratkvæði. Það sem hann sagði virðist mèr byggt nokkuð í lausu lopti, og held eg, að eptir því yrði húsið einhver gímaldi er ei gæti borið sig sjálft. Nefndin hefir nú treyst stjórninni til að haga þessu öllu vel, því það er bágt fyrir okkur hèrna að setja okkur inn í húsabyggingar, en flestir held eg sèu svo vel að sèr í þeim, að þeir viti, að grunnmúrað hús, þó það kunni nú að vera slæm íslenzka, er það hús, sem allt er gjört af steini. Já! eg held það verði ljóta fyrirstaðan, ef að þetta atriði er haft, eins og hinn konungkjörni varaþingmaður fór fram á, því þá þyrfti stjórnin, ef til vill, að leggja til 7—8000 rd., og það er eigi sagt, að ríkisdagurinn verði svo fljótur á að veita henni svo mikið fè til þessa, en aptur á móti get eg ekki ímyndað mèr annað, en að stjórnin ætti hægt með að leggja til þess hèr um bil 1000 rd. Eg get nú eigi skilið, hvernig menn fara að skoða það, að stiptsbókasafnið sè svo fráskilið bókasafni skólans, því það eru þó bæði menn frá skólanum og aðrir menntamenn hèr í bænum, sem fá bækur af því, og eg skil eigi að það væri móti tilgangi Kelsalls sál., að það fái geymslu í þessu sama húsi. En menn hafa nú einu sinni tekið það í sig, og það er ekki svo gott þegar menn taka eitthvað í sig, að annað niðurlagsatriðið væri óhafandi, en eg hef enn ekki heyrt neinar ástæður fyrir því. Í niðurlagsatriðinu er stjórninni gefið á sjálfs vald, hvernig hún vilji haga þessu, því hún getur fengið teikningar um það, hvernig húsið eigi að vera. Eg er annars fast á því, að fela stjórninni allt þetta, því annars mun það fara allt í grundroða.

Benidikt Sveinsson: Mèr þótti það nú illt, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður skyldi ráðast á mig svona hreint saklausan. Hann sagði nú í gær, að óhafandi og ótryggt væri veð í fasteign, af því eldsumbrot mundu eyða jörðunum. Hvaða eldur er það, sem hann meinar? Hann sagði líka, að landið gæti sokkið í sjó, en hann gleymdi því, að það er líka

til eldnr og sjór í Danmörku, og að hún í þeim skilningi er ekki hærri í loptinu en Ísland, þó aumt sè. Eg held það sè nú mjög auðvelt að ímynda sèr, hvern eld eg hafi meint, með eldsvoða, sem húsum geti grandað. En eg vil nú ekki vera að fara í orðahnyppingar við hann út úr þessu, en þó er eg hræddur um, að hann hafi eigi gjört sèr skýra grein fyrir, hvað meint er með danska orðinu »ildfast«, og það er algengt orð í öllum brunabótalögum. Það vita allir, að ef um eldsvoða er að ræða, þá er pappír og bækur þeir hlutir, sem er hin mesta hætta í búin, því þeir eru sannarlega eldfimir. Eg hafði nú hugsað mèr, að húsið gæti orðið svo tryggt fyrir eldsvoða sem unnt væri, og því tók eg einmitt fram danska orðið »ildfast«, að menn sæu að eg færi fram á það, sem öllum er kunnugt, að rètt er, og það er í þessu tilliti mikill munur á því, hvort húsið er byggt úr tígulsteini eða íslenzkum grásteini; eg veit að hinn 5. konungkjörni þingmaður er svo kunnugur á Englandi, að hann veit að Englendingar vilja eigi byggja hús úr tígulsteini og allrasízt bókhlöðuhús, jafnvel þó einstakramanna hús sèu það. Að öðru leyti ímynda eg mèr, eins og eg tók áður fram, að það væri rètt og skynsamlegt, að gefa stjórninni í álitsskjalinu til konungs bending um það, að haganlegt væri, að hún slægi sèr saman við þessa húsabyggingu, svo að hús yrði leigt handa stiptsbókasafninu og prestaskólasafninu um leið. Vilji stjórnin eigi aðhyllast þá bendingu, þá kemur þó fram 1. niðurlagsatriðið, sem stjórnin hlýtur að taka til greina.

Björn Pèturssson: Út af orðum nokkurra þingmanna, sem hèr hafa fallið í salnum á þá leið að það væri samkvæmt tilgangi Kelsalls með gjöfina, að byggja líka hús fyrir bókasafn prestaskólans, og jafnvel stiptsbókasafnið, og hafa tilfært sem ástæðu fyrir þessu, að ef Kelsall heitinn væri kominn hèr, þá mundi hann ekki vera þessu mótfallinn. Eg vil nú skjóta því til lögfræðinganna hèr í salnum, hvort þingið hafi rètt til að skilja gjafabrèfið eptir eiginn geðþótta og eigin vild, (*Benidikt Sveinsson:* »Heyr»!?) og hvert erfingjar Kelsalls á Englandi mundu þá eigi líka mega skilja gjafbrèfið á sinn hátt?

Arnljótur Ólafsson: Það hefir verið talað um, að 2. töluliður væri, ef eigi í beinni mótsögn við 1. tölulið, þá þó hèr um bil svo; en þar sem hefir verið stungið upp á að hann væri sem bendingaratriði, þá finnst mèr það eigi rètt að koma með hann einu sinni þannig, því það verður þó eigi annað en að þingið

bendi stjórninni á að verja fènu í öðrum tilgangi en gjafarinn hefir tilætlazt. En það er bæði rangt og gagnslaust. Gáum að hvernig fer, ef byggt verður bókhlöðuhús fyrir þetta fè. Annaðhvort er að húsið verður stærra en svo að bókasafn skólans þurfi allt það rúm sem er í því og þá þarf eigi að fara til stjórnarinnar, til að fá stiptsbókasafninu og bókasafni prestaskólans lèð þar húsrúm um stundarsakir. En ef fèð eigi endist til að byggja stærra hús, en svo, að bókasafn skólans eitt gæti rúmast þar, þá þyrfti að biðja stjórnina að skjóta fè til handa hinum bókasöfnunum, og finnst mèr því nóg að benda á það í bænarskránni til konungs, hvort stjórninni sýndist það eigi gott ráð og eigi ósamrímanlegt við tilgang gjafarinar, ef stjórnin sèr af teikningunni að gjafafèð eigi muni endast til stærri bókhlöðu en skólinn þarf, að sameina sig við þessa bókhlöðu, þannig að byggja húsið stærra og hafa það einnig handa hinum bókasöfnunum; því miklu kostnaðarminna er að byggja eitt hús, en tvö hús, sem til samans rúma jafnmikið og hitt eina. Ef nefndin fellst á þetta vildi eg helzt, að annað niðurlagsatriðið væri fellt, þó þannig, að í bænarskránni væri drepið á efnið í öðru niðurlagsatriðinu.

Framsögumaður: Eins og eg frá upphafi ei stakk upp á nema 1. niðurlagsatriði, þá er eg fyrir mitt leyti ekki fastur á 2. niðurlagsatriðinu, en eg vil þó eigi falla frá því, nema eg beri mig fyrst saman við meðnefndarmenn mína. Eg er nú samdóma þingmanni Borgfirðinga, að nóg sè að það sè sem bendingaratkvæði, og það má eins vel geta þess í álitsskjalinu, eins og hafa það í niðurlagsatriði.

Benidikt Sveinsson: Eg gjörði mitt breytingaratkvæði einasta til þess, að 2. tölul. eigi alveg felli. En eg vildi bera mig saman við nefndina um það. Af þessu sèst, að mèr er ekkert kappsmál að halda því sem *breytingaratkvæði.*

Framsögumaður: Vegna formsins þá vil eg vara þingmenn við, að ef nefndin kæmi sèr saman um að falla frá 2. niðurlagsatriði sínu, þá ætti þeir að áskilja sèr að halda breytingaratkvæði við þessa uppástungu, svo að þau gæti orðið samþykkt þó að tölul. 2. fèlli, ef þeir annars vilja halda þeim fram.

Jón Hjaltalín: Eg vil heldur að tölul. 2. falli, en að honum sè öllum umsnúið með breytingaratkvæðum. Eg vildi heldur óska að innihaldið í 2. gr. kæmi fram í álitsskjalinu og að henni þá væri sleppt sem niðurlagsatriði.

H. Kr. Friðriksson: Niðurlagsatriðið verður ekki tekið upp í álitsskjalið, heldur að eins efnið úr því. Eg vil nú ekki halda öðru niðurlagsatriðinu fast fram, því síður, sem mèr sýnast breytingaratkvæðin verða flest svo, að þau verði enn verri og spilli málinu að eins.

Björn Pèturssson: Eg verð feginn, ef nefndin tekur aptur þetta 2. niðurlagsatriði sitt; eg bar breytingaratkvæði mitt upp einungis til að bjarga því svo, að ekki þyrfti alveg að kasta því, en það vildi eg þó helzt af öllu.

Sveinn Skúlason: Það er auðvitað, að breytingaratkvæði mín falla, ef nefndin tekur aptur þetta niðurlagsatriði og það væri mèr kærast.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg vildi óska, að nefndin lèti mig vita í kveld, hvort hún tæki aptur 2. niðurlagsatriðið, því annars verð eg að óska að fá hin ráðgjörðu breytingaratkvæði við það.

Þá kemur til ályktarumræðu málið um *fjárforráð ómyndugra.* Með því engin breytingaratkvæði hafa komið fram við nefndarálitið, þá hef eg ekki látið prenta atkvæðaskrá, en eg vona að allir þingmenn hafi niðurlagsatriði nefndarálitsins fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 219.

Málið var síðan afhent framsögumanni hinum konungkjörna varaþingmanni.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það var nú svo margt talað í þessu máli í gær, að eg held að sè óþarfi þar við að bæta, og eg held það sè ljóst fyrir öllum að fyrirkomulag nefndarinnar sè haganlegt og fulltryggjandi fyrir ómynduga, sæmilegt fyrir embættismenn landsins í alla staði, nauðsynlegt fyrir landið allt, og þá sjálfsagt aðgengilegt fyrir þingið að fallast á það. Eg vil því nú eigi með mörgum orðum fara að sýna fram á, hverjar afleiðingar af því yrði, ef farið væri að innleiða hèr ríkisskuldabrèf, eða ef sú yrði niðurstaðan, að ekkert fè, hvað lítið sem það væri, verði ávaxtað hèr á landi nema móti veði í fasteign. Eg vil þó áður en eg skilst við þetta mál, benda á eitt atriði, sem er skylt þessu máli. Það eru til sjóðir sem landið á, eins og allir vita, t. d. spítalasjóðirnir; hèr í suðuramtinu eru eitthvað 14,000 rd. í prívatlánum af þessu fè, en eitthvað 17,000 í skuldabrèfum; í norður- og Vesturamtinu eru hèr um bil 200 rd. af spítalasjóðnum í einstakra manna höndum, hitt er allt saman hjá stjórninni. Er nú þetta fyrirkomu-

lag annað, en að vèr lánum Dönum af fátækt vorri fè vort, móti litlum vöxtum, svo að landið eptir á, opt og einatt neyðist til að biðja stjórnina að lána oss það aptur, sem vjer í raun og veru höfum lánað henni. Eg veit til þess með rökum, að manni var neitað um lán af spítalasjóðnum í vesturamtinu móti fullgildu fasteignarveði og 4%, en blessaður amtmaðurinn keypti í þess stað konungleg skuldabrèf móti 3½%. En nú streymir inn á þingið úr Vesturamtinu sultarkvein og bænarskrár um það, að stjórnin sè beðin um, þó ekki væri nema *eitt sáð af korni* út á ask vesturamtsbúa, svo þeir ekki deyi úr sulti og seyru. Er það nú nokkur hæfa, að þingið haldi í þessa stefnu lengra en komið er, þó því sè boðið það af stjórninni. Eg játa fúslega, og neita engan veginn, að hún vilji oss vel með þessu, en eg hlýt að áfella hana fyrir það, að hún skuli eigi vita betur en þetta, hvað til gagns Íslands heyrir. Eg vona að nefndin hafi farið svo með málið, að þingið fallist á aðgjörðir hennar, og eg vona líka, að stjórnin oti eigi á 3. þingi að Íslendingum sömu ástæðum, og hún hefir gjört á 2 þingum áður nú að undanförnu í þessu máli,

Stefán Jónsson: Eg veit að það er óþarfi að mæla með þessu máli, því það munu flestir samþykkir nefndarálitinu, því niðurlagsatriðin eru góð og greinileg og eins og þau voru á síðasta þingi. Eg held nú að allir viti, að þó bæði jarðir og lausafè geti farizt af eldi og vatni þá eru brèfsneplarnir eigi óhultari en annað fyrir þeim ofsóknum höfuðskepnauna.

Björn Pèturssón: Það er kunnugt, að það er konungsfulltrúi sem hefir fastast mælt móti þessu máli bæði nú og eins 1861, og er það því líklega tillögum hans að kenna, að stjórnin hefir eigi tekið betur undir þetta mál en nú er raun á orðin; stjórninni er nú meiri vorkunn, því henni er ókunnugt hvernig tilhagar hèr á landi. Stjórnin hefir tekið það fram í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu, að það tíðkaðist hèr æ meir og meir að menn kaupi óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf. En það er aðgætandi að þetta gjöra helzt ríkismenn, sem eigi þurfa að brúka nema vöxtuna af höfuðstólnum. Það er allt annað mál um ómyndugra fè því það er sjaldnar svo mikið, að þeir ekki þurfi að brúka allan höfuðstólinn þegar minnst vonum varir, t. a. m. þegar þeir reisa bú og við margvísleg tækifæri, og sú mun raunin á verða, að þessum skuldabrèfum ekki verður komið út, nema með afföllum nema fyrir happ og hendingu. Það er svo langt frá að mèr finnist nefndin hafa farið oflangt, að

mèr miklu fremur þykir hún hafa farið of skammt, þar sem eptir uppástungum hennar er bannað, að leigja einum manni meira en 100 rd. móti nægu og tryggu veði í lausafè.

Framsögumaður: Eg vil svara þingmanni Suður-Múlasýslu því, að eptir því, sem málið lá fyrir á síðasta þingi, þá var ei ástæða til fyrir nefndina að fara lengra nema til að kveikja mótbárur frá hálfu mótstöðumannanna á móti sèr, og þegar hinn heiðraði þingmaður skoðar þetta, vona eg, að hann sjái að nefndin hefir farið eins langt og hún gat.

Pètur Pètursson: Eg ætlaði að segja það einungis, að mèr hefir eigi heyrzt konungsfulltrúi taka svo illa í mál þetta hèr á þingi, þótt hann hafi hreift nokkurum efasemdum um það, hve gagnlegt það fyrirkomulag væri, er nefndin hefir stungið upp á, en mèr hefir eigi heyrzt hann mæla algjörlega móti málinu, og hann svaraði ekki öllum þeim mótbárum sem komið var fram með.

Ásgeir Einarsson; Til framhalds af því, sem hinn heiðraði framsögumaður svaraði þingmanni Suður-Múlasýslu, þá skal eg geta þess, að á þinginu í hitt eð fyrra var miðað við 100 rd., sem efsta stig, af þeirri ástæðu, að eigi varð komið minna fè en 100 rd. í jarðabókarsjóðinn. Eg hef nú það traust til konungsfulltrúa, að hann mæli kröptuglega með þessu máli, þegar þingið eindregið mælir með því í sömu stefnu á 2 þingum.

Magnús Andrèsson: Það er gamall málsháttur, að greindur nærri getur, en reyndur veit þó betur. Eg hef nú verið fjárhaldsmaður nokkurra ómyndugra; en af þeirri reynslu sýnist mèr, að nefndin hafi farið svo nærri því, sem haganlegast er, að eg verð eindreginn að vera með henni. Eg hef nú reynt margt, og það líka, að sitja inni með fè ómyndugra, af því eg gat eigi komið því á vöxtu mót nægilegu veði, síðan að eigi mátti koma minna en 100 dölum í jarðabókarsjóðinn. Móti lausafè þorði eg ekki að lána það, því það var móti lögum. Hins vegar hef eg líka verið ráðamaður nokkurra ekkna, og hef eg ráðizt í að lána fèð þeirra móti veði í lausafè, og hefir það vel heppnazt. Eg get nú eigi fellt mig við skuldabrèfin, og eg er viss um það, að í mínu kjördæmi, þá eru þau varla þekkt, og eg er hræddur um, að alþýða viti eigi hvernig eigi að hagnýta sèr þau practiskt. Held eg því, að lítið gagn yrði að verja fè ómyndugra í þann gjaldeyri. Eg verð því að gefa atkvæði mitt fyrir nefndinni.

Brynjólfur Jónsson: Eg get nú ekki annað, en verið samþykkur

nefndinni; en ef nú að það sem stendur í 2. grein eigi getur fengizt, nefnilega að fèð verði ávaxtað fyrir lausafjárveð, hvaða veg á þá að fara. Á þá fèð að standa án vaxta. Um þetta vildi eg leita upplýsingar hjá hinni heiðruðu nefnd.

Jón Hjaltalín: Það var vikið svo að mèr í gær, að eg er skyldugur að gjöra betri grein fyrir orðum mínum. Það var sagt að eg hefði talað öðruvísi í þessu máli hèr á þingi 1861. Það getur nú vel verið, en eg hef nú aldrei verið sá skeiðhestur á neinum mínum meiningum, að eg aldrei gæti slitnað upp af þeim, Eg finn eigi, að það sè nein ástæða til að binda sig svo fast við eina meiningu, að maður aldrei geti látið af henni, hvað góðar mótbárur sem kæmu móti henni. Það var allt öðruvísi ástatt þá heldur en nú. En eg sè og hvergi í þeim ræðum mínum, að eg hafi lýst neinni ótrú á skuldabrèfunum. Eg sè það allt af, að það eru einhverjar skræður, sem þingmenn hafa fyrir framan sig á borðunum og grúska í; það eru þá alþingistíðindin! En nú skil eg málið. Þau eru þó engin biflía eða »Koran«, sem innihaldi einhvern fullkominn sannleika; en menn verða að gæta að því, að þó að eitthvað sè álitið fyrir sannleika fyrir nokkrum árum, þá get eg eigi skilið að ærlegum manni, sem vill allt af leita að sannleikanum, geti verið skylt að binda sig við þetta um aldur og æfi. Eg get skilið, að þeir sem eigi kæra sig um sannleikann hafi þetta álit, og þeir stagist allt af á því sama, eins og kerlingin sem sagði: »*klippt var það, skorið var það*«, en enginn sannarlega frjálslyndur maður getur gjört þetta, og á eg því eigi skilið hnútur fyrir þetta. Hvað frumvarpið snertir, þá held eg, að hver maður geti sèð, að nú stendur allt öðruvísi á en 1861. Þá var talað um, að lána eigi meira en 100 rd. móti lausafè, en nú er það óákveðið. Hèr er því stigið feti lengra, og það er því ekki sama máli að gegna, og get eg því ei verið á sama máli nú og eg var þá. Mèr gat heldur ekki dottið í hug 1861, að Ameríkumenn væru orðnir vitlausir eptir 2 ár. Mèr sýnist að í stjórnarfrumvarpinu sè leitað eptir fullri tryggingu fyrir ómyndugra fè, og landsmönnum um leið þó gefinn kostur á að fá fèð til leigu. Verð eg því að álíta að frumvarpið sè gott. Hitt álít eg ísjárvert að spenna mjög upp leiguna og eggja menn á að koma henni sem hæst, því þá gætu þeir lokkazt til, að lána það út gegn ísjárverðu veði. Það getur verið, að þetta mætti vera, ef eigi væri nema um 100 rd. að tala, en hèr getur verið um miklu meira fè, jafnvel 1,000 aða 5,000 að

tala, og eg segi fyrir mig, að eg þori að lofa manni frá austri og vestri 50 rd., ef eg ætti þá til, en 1,000 eða 10,000 rd. þyrði eg ekki að lána þeim hinum sama. Það er hèr eins og latínski orðskviðurinn segir að »distinguendum est«. Eg er nú ei á móti þeirri skoðun, að peningarnir þurfi að komast á »Circulation«, en þar sem um fè ómyndugra er að ræða, verða menn að fara varlega. Og þar þurfa menn að hafa fullkominn bókstaf fyrir, að því sè eigi fleygt burtu. Annað mál er með opinbert fè, þar hefir stjórnin fríari hendur. Eg held að enginn geti láð þinginu, þó það fallist á frumvarpið. Síðari tímar munu sanna það, að hèr hefir engin vanþörf verið á að fara varlega; það liggur ekki svo mikið gjald fyrir hjá oss, að vèr þolum að tapa miklu; við erum eigi komnir svo langt enn; og áætlunirnar eru þá heldur ekki altènd svo óbilugar að mikið verði byggt á þeim. Mèr finnst nú ekkert það í frumvarpinu, sem eg eigi geti fellt mig við; og mèr finnst stjórnin eigi hafa farið fram á neitt það, er geti skotið mönnum skelk í bringu, nema þeir sè of »nerveuse« eða mænuveikir. Eg þykist nú hafa fært fullar ástæður fyrir því, hvers vegna eg sýnist sumum mönnum að vera á annari meiningu nú, en eg var 1861.

Framsögumaður: Mig furðar nú eigi eins mikið á því, að hinn 5. konungkjörni þingmaður skuli hafa breytt meiningu sinni síðan 1861, eins og að hann skuli hafa breytt henni síðan í gær. Mèr heyrðist einn þingmanna spyrja að því áðan, hvernig ætti að fara að, þegar sá vegur þryti, sem nefndin hefir stungið upp á. Mèr þykir nú þessi spurning næsta kynleg, því hèr er spurningin um, hvernig eigi að að fara, svo menn lendi ekki í vandræðum, og mèr finnst mega ganga út frá því, að nefndin hafi fundið greiðari veg en stjórnin til þessa eptir því, sem fram er komið í málinu. Finnst mèr því, að eg með öllum rètti gæti spurt hinn virðulega þingmann að annari spurningu: Hvernig hugsar hann sèr að fara að eptir frumvarpi stjórnarinnar, ef skuldabrèfin eigi fást eða verða ónotuð af einhverri ástæðu, úr því það eigi er gjört beinlínis að skyldu í lögunum að kaupa þau. Menn lenda sum sè í eins miklum og meiri vandræðum með frumvarpið. Eg vona, að þingmenn sjái, að hèr er að eins spurningin um, hvort vegur nefndarinnar sè betri en stjórnarfrumvarpsins eður eigi.

Stefán Eiríksson: Eg hefði nú ekki staðið upp til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, hefði ekki hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður haldið þessa hrókaræðu, og eptir sem mèr skildist sveigt

því að þingmönnum, að þeir ekki skildu þetta mál til hlýtar, en eg verð að segja hinum háttvirta þingmanni það, að eptir ræðu hans þá skilur hann ekkert í tilskipun 18. febrúar 1847, hann sagði að við yrðum að gá að því, að þetta væri ómyndugra fè, og þegar það væri komið inn í ríkissjóðinn, þá væri þó stjórnin umsjónarmaður þessa fjár. En hann gáir ekki að því, að þessar ákvarðanir nefndarinnar eru breyting á lagaboði, og að því leyti heyrir fjárgæzlan undir svaramann hins ómynduga og yfirfjárráðanda, og að hinn ómyndugi eptir tilskipun 18. febrúar 1847 getur heimtað fè sitt af yfir- og undirfjárráðamanni, en alls ekki af stjórninni, þó það væri borgað í ríkissjóðinn, það á fjárhaldsmaður að gjöra, og ef fèð ferst af vangá fjárhaldsmanns, þá mun hinn ómyndugi eiga rètta heimting með fèð af fjárhaldsmanni.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari álykt-arumræðn lokið, og skal eg þá biðja menn að ganga til atkvæða.

Síðan var gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

1. Nefndin 1. grein samþykkt með 20 atkvæðum.
2. Nefndin 2. grein samþykkt með 20 atkvæðum.
3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um að gjöra frumvarpið þannig orðað að lögum, samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Þá kemur til álýktarumræðu málið um dönsk lagaboð, en með því engin niðurlagsatriði eru í þessu máli, þá er það einungis formsins vegna að það var upp borið. En ef nokkur þingmanna hefir nokkuð að athuga, vil eg biðja hann gjöra það.

Jón Guðmundsson: Eg vildi vekja athuga framsögumanns að því, sem konungsfulltrúi benti á í gær, áhrærandi kaupskipa leiðarbrèfin; eg er á sama máli, eins og konungsfulltrúi sagði, að þetta atriði er málinu óviðkomandi, og ætti því ekki að koma inn í álitsskjalið til konungs.

Stefán Jónsson: Eg vildi að menn forðuðust, að gjöra dönsk lagaboð hèr gildandi fremur en nauðsyn krefur, því það er betra en að þurfa að vara við að brúka þau, strax á eptir eins og um lagaboðið um leiguburð.

Benidikt Sveinsson: Mèr sýnist ei ástæða til umræðu um þetta mál, en viðvíkjandi því, sem varaforseti sagði, þá er það sjálfsagt, að það verður tekið til greina í álitsskjalinu.

Jón Hjaltalín: Eg vil ekki setja mig til að dæma á milli háyfirdómarans og meðdómendanna í landsyfirrèttinum, og af því

þeim kemur ekki saman, þá ætla eg að sitja við þessa atkvæðagreiðslu.

Benidikt Sveinsson: Eg vil eigi svara hinum 5. konungkjörna þingmanni með öðru en því að spyrja hann um, hvort aldrei hafi verið meiri sundurþykkja milli læknanna, þó ekki væri nema í kláðamálinu, en hèr á sèr stað milli dómaranna í landsyfirrèttinum.

Forseti: Eg álít þá þessari umræðu lokið, og bið þingmenn greiða atkvæði.

Var síðan gengið til atkvæða um hvort eptir uppástungu nefndarinnar skyldi hafnað lagaboðunum og það samþykkt með 21 atkvæði.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hef fengið tilkynningu um, að í nefndinni um bænarskrá kennara J. Þorkelssonar, er kosinn formaður hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður og skrifari hinn konungkjörni varaþingmaður.

Síðan var lesin upp bænarskrá til konungs um auglýsingu konunglegra frumvarpa fyrirfram.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 220.

Því næst ákvað forseti fund til næsta dags kl. 12 (um hádegi).

Fundi slitið.

Tuttugasti og fyrsti fundur — 1. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagsskráarinnar skal eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit um að löggilda kaupstað við Lambhússund.

Samkvæmt dagsskránni kemur þá til undirbúningsumræðu nefndarálit í lagaskólamálinu.

Var nefndarálitið afhent framsögumanni, þingmanni Skagfirðinga, og las hann nefndarálitið upp svo látandi:

Samanber fyrri part alþinistíðindanna bls. 223.

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg ætla nú að vona, að nefndarálit þetta fái góðan róm hèr í salnum, eins og uppástungan um lagaskólann fèkk, þegar hún var fyrst framborin. Eg álít það því að svo stöddu óþarft að fara nokkrum fleiri orðum um málið, þar sem það er svo ljóst og greinilegt í sjálfu sèr, og eg skal því að eins taka það fram, að aðaltilgangur nefndarinnar hefir einkum verið og gat eigi heldur verið annar en sá, að brýna það

fyrir þinginu og landsmönnum, að nú sè skylt að koma á móti stjórninni af sjálfsdáðum í þessu máli og styrkja hana svo af fremsta megni í þeirri góðu stefnu, sem hún nú hefir tekið um lagakennsluna hèr í landi. Þetta vona eg og að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni meta á rèttan hátt, þar sem vèr viljum að eins halda fram því verki, sem stjórnin sjálf hefir byrjað svo vel á, og eg get því ekki ímyndað mèr að nokkrar verulegar mótbárur muni koma á móti uppástungum nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Án þess að fara lengra inn í nefndarálit það sem hèr liggur fyrir, skal eg leyfa mèr að lýsa því yfir, að mèr virðist ekki betur en að það sè, ef ekki ónærgætni, þá að vísu ofmikið bráðlæti hjá þinginu að biðja um, að lagaskóli komist hèr á nú þegar í haust, og eg get fyrir mitt leyti ekki skilið, hvernig þetta getur orðið framkvæmt. Það er sem sè í augum uppi, að önnur eins kennslustofnun og sú, sem er umtalsefni, þarf talsverðan undirbúning. Það þarf að búa til reglugjörð um kennsluna og allt fyrirkomulagið við stofnunina. Það þarf að öllum líkindum að setja fastan kennara, sem um leið sè forstöðumaður skólans, ákveða rèttindi þeirra sem útskrifast úr skólanum, fyrirkomulag prófsins, sem þeir eiga að ganga undir, og margt fleira, sem eg ekki þarf að tilgreina, en til að koma þessu öllu fyrir útheimtist augsýnilega lengri tími, og á þetta virðist mèr þingið eigi og verði að líta í allri nærgætni.

Mèr virðist ekki betur en að þingið eigi að láta sèr nægja það sem stendur í hinni konunglegu auglýsingu til þingsins, að það sè ósk vors allramildasta konungs, að skóli handa íslenzkum lögfræðinga-efnum komist hèr á, og að málið sè undir yfirvegun hlutaðeigandi stjórnarráðs, en að þessari yfirvegun málsins enn þá ekki sè lokið. Eg verð að álíta minna komið undir því, hvað fljótt skólastofnun þessi kæmist á, en undir hinu, að hún komist vel á, og sem haganlegast og aðgengilegast; á þessu ríður mest, en skilyrðið fyrir því er og svo það, að málið frá upphafi geti orðið yfirvegað eins og bezt má verða. Hvað loks kostnaðinn af skólastofnun þessari snertir, þá lýsir nefndin því yfir, að landsmenn muni sjálfsagt verða fúsir á að leggja hann til, og skal eg ekki lýsa neinum efa í því tilliti, því síður sem þingið ávalt hefir sýnt svo mikinn áhuga í þessu máli, og vill því að öllum líkindum leggja til það fè af landinu, sem þörf er til. Eg skal einungis leyfa mèr að taka það fram, hvað líklegast sè, að kostnaður þessi muni verða, og skal eg

þá geta þess, að mèr virðist eðlilegast að miða hann við þann kostnað, sem nú gengur til prestaskólans okkar og sá kostnaður er hèr um bil 5000 rd. um árið, sè rètt skoðað þetta mun líka reynslan sanna, því það liggur, að eg ætla, beint við, að gjöra megi ráð fyrir því, að samkynja stofnanir muni heimta sömu rèttindi, og þar á meðal jöfn laun. Að öðru leyti skal eg að svo stöddu ekki fjölyrða um þetta mál, en einasta lýsa því yfir, að eg ekki finn ástæðu til, eins og málið nú liggur fyrir, að senda í því bænarskrá til konungs; og eg get ekki heldur skilið, að það geti á nokkurn hátt flýtt fyrir málinu

Jón Hjaltalín: Mèr skildist margt í mótbárum hins hæstvirta konungsfulltrúa, og mèr fundust þær á góðum rökum byggðar, en á hinn bóginn væri það mjög bágt, ef við ættum að vera svo þolinmóðir, að við gæfum stjórninni svo mikla biðlund, að við aldrei fengjum að sjá fyrir endann á þessu máli. Það er mikið í því sem framsögumaður tók fram. Sá kennslumálaráðherra sem nú er í Danmörku er meðmæltur málinu, en hann er dauðlegur eins og aðrir góðir menn, og það er ekki víst, hvort eptirmenn hans verða eins, eg hef enga vissu fyrir því. Það er danskur málsháttur til, sem hljóðar svo: »Den som gjemmer til Natten, gjemmer til Katten«. Það er ekki ætíð svo hollt að geyma til morguns það sem maður getur gjört í dag. Eg held nú, að það sè ekki til neins, að fara fram á það, sem nefndin hefir stungið upp á, því eg held það sè ómögulegt fyrir stjórnina að gjöra það. Eg verð því að ráða þinginu til að fara hèr að eins og það fór að í hitt eð fyrra í læknamálinu, það er, að það fari í sömu stefnu. Það er þó góð byrjun, að geta smeygt inn höfðinu fyrst og áframhaldið verður þá hægra. Þó stjórnin sè oss velviljuð með lagaskólann, þá er nú ekki víst nema dráttur kunni að verða á, og það er ekki sèð, hverjar afleiðingar sá dráttur hefir í för með sèr. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að kostnaðurinn mundi verða við þenna lagaskóla viðlíka og hann er við prestaskólann hèrna eða um 5000 rd.; en eg held það verði ekki svo mikið, en hvað um það þá er ómögulegt, að þetta mál geti orðið komið í kring í haust, en hitt er hægt, að lagakennsla geti komizt á í haust, og þá er byrjunin komin. Það er álitið örðugast að byrja, og máltæki hljóðar svo: »Hálfnað er verk þá hafið er«. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði í 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, svo að stjórnarráðherrann fái tíma til að koma skólanum í kring. Eg held

að ef svo væri tekið í málið nú á þingi þá væri fengin góð byrjun. Hèr er líka völ á duglegum lögfræðingum, og eg get ekki vorkennt t. a. m. dómurunum í landsyfirrèttinum, að kenna í 2, 3 ár lögfræði, sjálfsagt móti borgun. Þessi vegur held eg sè hinn ráðlegasti. Það er aðalatriðið, að kennslan komist á, og það strax í haust. En stjórnin fengi þá tíma til að ákveða nákvæmar um fyrirkomulag skólans, um hverjir þar skyldu vera kennarar og hver laun þeir skyldu hafa og hver rèttindi til embætta þeir skyldu hafa, sem lærðu í honum; og þeir sem þá væru búnir að læra áður í 1 eða 2 ár ættu þá hægra og gætu fyrr lokið sèr af og fengið embætti. Eg held hvað kostnaðinn snertir þá yrði þetta fyrirkomulag svo, að hann ekki þyrfti að standa fyrir, þó til dæmis að taka að kennararnir fengju 600 rd. hver, þá væri það 1200 rd., og það held eg fengist; eg held að stjórnin vildi síður leggja til 5,000 rd. Eg vil biðja þingið og nefndina að yfirvega hvort ekki muni ráðlegast að fara í þessa stefnu. Það er líka nauðsynlegt, að lögfræðingarnir gæfu skýrslu um það, hvað þessir íslenzku júristar lærðu. Þetta er nú meining mín og eg bið þingið gá að, hvort hún muni vera svo fjærri rèttu lagi.

H. Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði 5. konungkjörni þingmaður vildi ráða þinginu til að fara eins að í þessu máli og farið var að í læknamálinu í hitt eð fyrra. Hann sagði að bezt væri að reyna að smeygja inn höfðinu fyrst. En ef þá stendur á herðunum? Mèr finnst nú svo vera með læknaskólann enn, og eg ætla, að hvorki hinum 5. konungkjörna þingmanni nè öðrum þingmönnum þyki hann vera kominn í það horf, sem þeir æsktu; það sýna einmitt uppástungur þær, sem hann kom með inn á þingið, nema ef það kann að vera í huga hins 5. konungkjörna þingmanns og þingsins, og þeim þyki þá allt fengið, þegar uppástungurnar eru komnar, en eg skal nú ekki tala neitt um það. Mèr finnst hinn hæstvirti konungsfulltrúi færa nægar og ljósar sannanir fyrir því, að eigi sè auðið fyrir stjórnina að koma lagaskóla hèr á fót í haust. Ef stjórnin ætti að gefa úrskurð um fyrirkomulag skólans í haust, þá yrði hún að senda hann upp með síðasta skipi; en það sjá allir, að hún þarf meir en vikutíma til að semja reglugjörð um kennsluna, útvega fè og fá úrskurð og samþykki konungs. Þetta sem hinn 5. konungkjörni þingmaður stingur upp á, er að sleppa lagaskólanum, en fá menn til að kenna lög, án þess skóli sè stofnaður; hann ætlar þó víst ekki til, að sú kennsla geti heitið laga-

skóli. Til þess skóli sè, þarf þó einhverja reglugjörð fyrir hann. Og þó nú ráðherrann vildi veita leyfi til þess, að 2 menn væru fengnir til að kenna lög í haust, getur hann þá tekið peninga til þess, án þess að spyrja nokkurn um. Hann gæti ekki annað en gefið leyfið, móti von um laun, og lofað að gjöra sitt til þess, að hann skyldi bera það upp fyrir ríkisdeginum og síðar skyldi koma út ákvörðun um, hvað kenna skyldi og hver rèttindi þeir, sem lærðu, skyldu hafa.

Eg get nú ekki annað sèð, en að það sè bráðlæti að fara þessu fram, þegar konungur hefir gefið loforð um, að verða við ósk þingsins. Stjórnin verður að hafa nokkurn umhugsunartíma; og eg get enn eigi betur sèð, en að það væri ónærgætni, að heimta skólann þegar í haust, heldur ætti að sjá, hverju fram yndi, til næsta þings. Áður, þegar beðið hefir verið um lagaskóla, hefir verið beðið um, að hann kæmist á svo fljótt, sem auðið væri, og eg verð að álíta það ónærgætnislegt að fast ákveða svona tímann. Það er sama sem að segja við stjórnina: »Þú skalt koma lagaskólanum á í haust, hvort sem þú getur eða ekki«. Að því er snertir hið síðara atriðið hjá nefndinni, þá get eg ekki fellt mig við það að sleppa nú bæn þeirri sem áður hefir verið haldið fast við. 1859 bað þingið um það, að kostnaðurinn sem leiddi af stofnun skólans legðist á landið, svo framarlega sem hann ekki fengist greiddur úr ríkissjóði. 1861 var beinlínis beðið um, að hann yrði greiddur úr ríkissjóði. Eptir þessum bænum hefir nú stjórnin hugsað um, hvernig því yrði fyrirkomið, að kostnaðurinn fengist svo, að hann ekki legðist á landið. Þetta vill nú nefndin afbiðja (*Benidikt Sveinsson:* Er það svo voðalegt). Já, því þótt ríkisþingið annars vildi leyfa, að fèð yrði greitt úr ríkissjóðnum, þá segir það nú, þegar þessi bænarskrá kemur: Eg vil ekki greiða það úr ríkissjóði, því að Íslendingar vilja það ekki; þeir vilja eigi þiggja það. Eg get því ekki sèð ástæðu til þess, að fara fram á það, sem nefndin stingur upp á, eg held rèttast væri að sjá, hvað stjórnin gjörir og bíða til næsta þings. Ef nokkuð ætti að gjöra, þá skyldi það vera það, að senda konungi ávarp, og biðja hann að flýta málinu sem mest yrði.

Jón Sigurðsson: Eg verð nú að vera á sama máli og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður í því, að við eigum að byrja neðan frá, hvað helzt sem við byggjum, að reyna til að smeygja fyrst inn höfðinu hjá stjórninni, þegar við viljum fá eitthvað nyt-

samlegt fram. Ræða hans lýsti því, að hann ber gott skynbragð á stofnun læknaskóla og lagaskóla. En þegar ræða er um stofnun búnaðarskóla, þá kveður við annað hljóð, og sýnir það ljóslega, að hann er ekki heima í því máli. Eg sakna þess hjá nefndinni, og bið hana að skýra það fyrir mèr, hvernig hún heldur að það sè mögulegt að lagaskólinn geti verið kominn á í haust. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sýndi ljóslega fram á, að það væri ómögulegt, og eg er sannfærður um að svo er, því hvernig geta menn hugsað sèr, að það verði allt komið í kring á þessu hausti, að byggja skólahús, ráða kennara, semja skólareglugjörð, o. s. frv., og fyrri geta menn þó ekki kallað þessa stofnun skóla. En það er annað mál, að ef beðið væri um leyfi til, að assessorarnir í yfirrèttinum mætti kenna lög í vetur, þá gæti eg skilið, að slíkt fyrirkomulag gæti komizt á, og orðið að nokkru liði í bráð, ef þá nokkrir yrði til að nota kennslu þeirra. Eg er óánægður með 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, að fèð skuli tekið úr hinum svo kallaða styrktarsjóði Íslands. Menn hafa nú verið að seilast í hann hvað eptir annað á undanfarandi þingum, og eg veit ekki hvort menn geta með vissu sagt, hvað mikið kann að vera eptir í honum óeytt; en hvað sem það svo er, eða þó að sjóðurinn gæti í bráð staðið af því fè sem hèr ræðir um, þá held eg að ekki sè ráðlegt að verja því til lagaskólastofnunar, sem er svo fjarlægt tilgangi sjóðsins; enda mun verða nóg með styrktarsjóðinn að gjöra seinna meir, þegar við eigum að fara að sjá um okkur sjálfir; því margs þarf búið við hjá frumbýlingnum. Mèr finnst eðlilegast að kostnaðurinn til lagaskólans verði greiddur úr ríkissjóði, eins og þingið fór fram á bæði 1859 og 61, því stjórnin hefir heldur ekki mælt neitt móti því að svo væri, og í auglýsingu konungs til þingsins í ár er ekki neitt bent á að fèð skuli takast af landinu, miklu heldur ætla eg það sè auðráðið af orðum og anda auglýsingarinnar, að konungur vor hefir *ekki* ætlazt til að vèr bærum þenna kostnað. Eg held því það yrði til að spilla fyrir málinu, ef þingið nú ofan í sjálft sig fer að benda á annan útveg til að fá fè handa lagaskólanum, en þann sem það hefir áður á bent, og sem allir verða að játa að er hinn eðlilegasti og rèttasti. Eg skal svo ekki tala meira að sinni, en leyfi mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði, orðað eins og niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli 1861.

Jón Hjaltalín: Eg skal nú ekki tala mikið; eg verð þó að svara hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga fáeinum orðum. Eg

verð að biðja þingmenn að vera vorkunnsamir við mig, þó eg kunni að verða tannhvass nokkuð, en það þykir mèr illt, því hann er vinur minn. Honum þykir nú skömm til læknakennslunnar koma, af því að ekki er skóli. En, má eg spyrja, finnur hann hvergi talað um skóla, þó ei sè nema 1 kennari. Var það ekki skóli, sem Æskines hafði á Rhodus, þó ekki væri aðrir að kenna en hann. Það kann að vera, að á seinni tímum geti ekki annað heitið skóli en það, þar sem kennararnir ekki eru færri en lærisveinarnir. Eg þakka hinum heiðraða þingmanni ekkert fyrir það, þó hann gjöri lítið úr þeim litla vísir, sem fenginn er til læknaskóla, þegar eg gjöri mína skyldu (*H. Kr. Friðriksson:* Eg gjöri alls ekki lítið úr honum). Það er þó búið að ákveða hvað læra skuli, og búið að skipa fyrir um prófið, svo eg held það sè fullkomlega tryggt. En ef hann vill hanga í orðinu skóli, þá vil eg spyrja hann um, hvað gagnar okkur orðið »skóli«, er nokkuð gagn að nafninu eintómu? Hefði verið beðið um læknaskóla, þá hefðum við líklega mátt bíða um aldir alda. Það er ekki vert að lasta menn fyrir það, þó þeir fari hægt á stað, ef þeir fara í rètta stefnu, og miða að almenningsheillum. Ræða þingmannsins eyðileggur málið, þó hann ekki hafi talað beint á móti því. Það er opt vandi, þegar menn vilja eyðileggja eitthvað, að menn ekki ráðast beint að, heldur fara eins og Fabíus cunctator fór með Hannibal; hann fór í króka og stundum aptur á bak, þá getur verið gott þetta pólitiska, juridiska og heimspekilega orðastagl. Það brúka pólitici, og þeir sem vilja snúa út úr lögunum. En eg vona, að þingið ekki láti narra sig af ræðum einstakra manna. Hann vill biðja um fè úr ríkissjóði. Það er nú búið að neita því, þó það ekki sè með berum orðum, þá má lesa það milli línanna í auglýsingunni. Hann vill láta draga málið í 4 ár, því ekki getur það orðið skemur; eg er hræddur um að við fáum ekki þing a hverju ári; og eg veit ekki hvort stjórn sú, sem þá verður, verður eins vilhöll, eins og sú sem nú er, máli þessu. Eg held það sè óhætt að segja, að mál þetta hafi haft óvini, og það þá, sem menn sízt skyldi ætla; því fer sem fer. Eg verð að ráða þinginu frá að sleppa því vissa, vísirnum má eigi kasta, þó menn ætli sèr að grípa það óvissa. Þó skólann vanti þá fyrst um sinn, gjörir það ekki svo mikið til, bara kennslan fáist, það er það sem þarf. Hann segir að konungsloforð sè fyrir skólanum, er það loforð fyrir nafninu? Það er ekki nóg; þegar nú kennslan væri byrjuð, þá mætti ákveða hvað læra skyldi, o. s.

frv. Það eiga lögfræðingarnir að gjöra, en hvorki eg eða minn góði vinur erum færir til þess. Þetta getur orðið fljótt, og þó peningarnir væru teknir úr styrktarsjóðnum, þá væri það ekki fjarska fárlegt, þegar þeir verða borgaðir aptur. Eg held sjóðurinn þurfi ekki að verða bankarot fyrir það. Eg þarf betri ástæður en þessfyrir því, hvers vegna hann hangir í orðinu *skóli,* Eg verð að óska að þingið sleppi ekki töglunum, heldur reyni til að smeygja höfðinu inn; þá mun hitt koma á eptir.

H. Kr, Friðriksson: Eg þarf nú ekki að svara með mörgum orðum ræðu hins heiðraða vinar míns, hins 5. konungkjörna þingmanns. Eg hef aldrei lastað læknakennsluna hans, og aldrei dottið í hug að lasta hana, hann má kalla það hvaða nafni sem hann vill, hvort heldur skóla eða einhverju öðru nafni, svo það var óþarfi fyrir hann að bregða mèr um það. En hann hefir sjálfur játað með uppástungu til þessa þings, að honum finnst hún ekki nægileg. Eg þarf ekki að biðja hann að kenna mèr að gjöra mèr hugmynd um hvað skóli er. En er hann viss um, að læknaskólinn sè kominn á svo fastan fót, að hann ekki geti orðið að engu enn þá? Það er ekki stöðugur skóli, sem bundinn er við aldur og líf eins manns. Það þarf ekki að stofna skóia, til þess að þurfi að fyrirskipa um kennsluna, það þarf eins þótt kennslan sè eptir hans hugsun að eins falin einstökum mönnum, og ef þessi kennsla ætti að komast á í haust, þá yrði þingið að senda álit sitt um það atriði með bænarskránni; því að stjórninni er eigi auðið að ná áliti nokkurs manns hèr á landi um það í haust með öðru móti. Það er óþarfi að bregða mèr um að eg sè að draga mig aptur úr. Eg þykist hafa fylgt þessu máli eins vel fram og hann læknamálinu sínu, og hef eg þrisvar verið flutningsmaður þess. Það er ekki satt, að nú hafi konungur neitað oss um þenna skóla, hann hefir þvert á móti lýst því yfir, að það væri ósk sín að hann kæmist á, ef fè fengist, en það stendur hvergi, að fènu til hans sè neitað úr ríkissjóði, og þá er næst að hugsa, að það eigi að veita það úr ríkissjóðinum. Það er óþarft að bregða mèr um, að eg ekki vilji að innlend menntun komist hèr á fót, og eg vil af alhuga styrkja að því, en eg vil afla stjórninni ráðrúms til að hugsa sig um; og þó bænarskrá verði nú send, þá er ekki víst, að málinu gangi greiðara fyrir það.

Framsögumaður: Eptir þær umræður, sem eg nú hefi heyrt, get eg ei annað sagt en að málinu ætli að byrja vel eins og eg

líka vonaði, því verulegar mótbárur á móti uppástungum nefndarinnar hef eg enn ei heyrt koma fram. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði reyndar, og það var hið einasta sem hann hefði á móti nefndinni, að það kynui að líta svo út sem það væri nokkurt bráðlæti að fara nú enn af nýju að biðja stjórnina um lagaskóla, þar sem hún nú er búin að heita oss honum; en sè nú svo, þá vona eg og, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi viðurkenni manna helzt að þetta sè bráðlæti, sem vèr alls ei þurfum að skammast okkar fyrir, því hann verður þó að sjá, að sèum vèr nú bráðlátir, þá erum vèr að eins bráðlátir með að vilja sýna stjórninni, að á oss skuli alls ei standa með að gjöra vort til, svo að vilja konungs vors megi sem fyrst verða framgengt. Að öðru leyti hefi eg ei enn heyrt neinar sannanir fyrir því, að ómögulegt sè að byrja kennsluna þegar í haust eða að minnsta kosti í vetur, allra sízt þegar að eins er gjört ráð fyrir, að meðdómendurnir við landsyfirrèttinn skuli fyrst um sinn vera einustu kennararnir, eins og nefndin hefir farið fram á, og sagt er og að kirkju- og kennslu- stjórnarráðgjafinn hafi helzt ætlazt til. Þetta er einmitt í sömu stefnuna, sem varauppástunga þingsins fór í hitt eð fyrra, og eg skil því ei, hvers vegna hinn háttvirti 5. konungkjörni er svo óánægður með uppástungur nefndarinnar, þar sem þær í raun og veru eru svo alveg sama eðlis og það sem hann óskar, að breytingar hans mundu að eins verða þýðingarlitlar orðabreytingar. Það er nú engin ástæða til að fælast skólanafnið eitt lengur, úr því stjórnin sjálf er ei hrædd við að hafa það, og að öðru leyti er eg svo alveg samdóma honum um það, nú eins og í hitt eð fyrra, að það sè rètt að byrja smátt, þar sem menn geta ei annað, og reyna svo heldur til að auka kennsluna smátt og smátt, svo á móti því skal eg ekkert tala, allra sízt þar eð það er einmitt hið sama og vara-uppástunga þingsins fór fram á í hitt eð fyrra. En þá kemur nú hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, og segir hann það órètt, þó hann hafi nú á móti uppástungum nefndarinnar, að efast um eindreginn vilja sinn að koma lagaskólanum sem fyrst á fót hèr á landi, því hann hafi nógsamlega sýnt þenna vilja með því að bera þetta mál þrisvar sinnum áður upp hèr á þingi. Eg skal nú ei heldur á nokkurn hátt efast um einlægni hans við þetta mál, eður t. a. m. ímynda mèr, að hann hafi firrzt yfir því, að sú uppástunga, sem hèr um ræðir, kom ei fyrst frá honum, heldur skal eg að eins minna hann á orðtækið, að fullreynt er í fjórða sinni, og biðja hann nú því enn að synja

lagaskólanum ei heldur í þetta skipti um aðstoð sína. Hann kallar það ónærgætni af oss við stjórnina, að vera nú að biðja hana um það, sem hún er einu sinni búin að lofa. En er það þá ónærgætni að bjóðast til að gjöra sitt til, að hún geti sem fyrst efnt þetta loforð sitt? Og því mega menn ei gleyma, að þetta hið nýja atriði, að þingið af sjálfsdáðum býðst til að standast kostnaðinn af lagaskólanum eða vísa á fè til bráðabyrgða, það er einmitt aðalatriðið í þessu máli, sem beinir því í þá stefnu, að tillögur vorar í þetta sinn verða nú ei að eins upptekning af bænarskránni í hitt eð fyrra, sem stjórnin kynni að hafa ástæðu til að taka illa upp, heldur geta þær miklu fremur orðið stjórninni til gagns og aðstoðar. En til þessa er það því og nauðsynlegt, að þingið vísi á eitthvert fè, og þá helzt það fè, sem ráðgjafinn gæti gripið til, án þess að spyrja ríkisþingið, því það mundi flýta mesta fyrir málinu; og hvað því viðvíkur, að fjárhagsrèttur vor yrði skertur nokkuð fyrir fram á þenna hátt, þá get eg ei annað sèð, en að slíkt sè eintómur misskilningur, því þó menn nú að eins vildu vísa á ríkissjóðinn, þá ber þess að gæta, að þessi útgjöld mundu þó á endanum eptir fjárskilnaðinn lenda á Íslandi einu, svo allt kemur í raun og veru niður í sama stað, nema hvað það nú má flýta fyrir málinu að sýna ei heldur neitt hik á sèr um þetta atriði. Eg get þess því og enn, að nefndin vildi einmitt ekki láta vísa á styrktarsjóðinn á tilteknara hátt en gjört hefir verið, af því vèr vildum ei að þingið á nokkurn hátt skyldi binda hendur ráðgjafans, sem vèr megum hafa fullt traust á í þessu máli, og vèr vildum því láta það alveg á hans valdi, hverja aðferð hann helzt vildi kjósa með lánið eða fè til bráðabyrgða, að eins að það væri augljóst, að þingið væri fúst á að styrkja að því á hvern hátt, sem á þess valdi er, að hinni góðu fyrirætlun konungs vors mætti verða framgengt sem fyrst. Og eg er sannfærður um, að enginn sanngjarn maður og stjórnin allrasízt mun geta skoðað þetta sem ónærgætni við sig af þinginu.

Arnljótur Ólafsson: Eg held það sè tvísýnt, hvernig málinu muni reiða af hèr á þingi því að dæma eptir sumum þeim ræðum, sem haldnar hafa verið, lítur ekki út fyrir annað, en að málið falli, en eg er á þeirra máli, sem vilja bjarga málinu við, og sem álít rètt, að bænarskrá í því sè send til konungs; en allt um þetta finnast mèr þó uppástungur nefndarinnar ekki heppilegar. Það er þá fyrst um aðra grein að segja, að eg skil ekki þá uppá-

stungu öðruvísi en svo, að hún hljóði um bráðabyrgðarlán; en fáist það ekki úr ríkissjóðnum, þá eigi að fá það úr styrktarsjóðnum. Þetta er óheppilegt, því það er ekki samkvæmt því, sem áður hefir verið beðið um, og heldur ekki samkvæmt fjárhagssambandi voru við Dani. Því ef menn biðja um lán eingöngu, þá afsala menn sèr rètti sínum til ríkissjóðsins, sem á að kosta þær stofnanir hèr á landi, sem hann kostar í Danmörku, og þegar ríkisdagsmennirnir sjá að vèr biðjum að eins um skyndilán, þá hugsa þeir sem svo, ef ráðgjafinn biður þá um fè til skólans: það er óþarfi, að láta Íslendinga fá fèð, þeir vilja sjálfir borga fyrir sig; því vèr getum ekki ætlazt til að nokkur vilji neyða fè upp á okkur. Auðsætt er, að það er allur munur á að fá skólann kostaðann af ríkissjóði eður að eins að fá lán til hans. Eg get fært dæmi því til sönnunar, t. a. m. bæðl alþingiskostnaðinn og jarðamatskostnaðinn, sem vèr endurgjöldum að fullu. En sem dæmi upp á kostnað úr ríkissjóði skal eg leyfa mèr að nefna lögin 19. janúar 1863 um launabót handa ýmsum embættismönnum. Þessa launabót þurfum vèr aldrei að endurgjalda ríkissjóðnum. Þingmaður Suður-Þingeyinga vildi aðhyllast hið 3. niðurlagsatriði, sem þingið komst að í þessu máli 1861, en þetta get eg ekki fallizt á. Eg vil fara meðalveginn, það er að segja, að afsala oss eigi vorum góða rètti til ríkissjóðsins, en gefa þó jafnframt stjórninni færi á að koma skólanum hèr á fót með voru fè, ef hún getur eigi fengið fèð úr ríkissjóði, og því sting eg upp á, að 2. atriðið verði þannig orðað: að fyrst sè beðið um fèð um ríkissjóði, en ef það eigi fæst, að fèð verði þá til bráðabyrgðar lánað landinu; þetta álít eg drengilega boðið. Um 1. niðurlagsatriðið, þá get eg ekki sèð að það sè nauðsynlegt; og mèr finnst að nefndin hafi ekki gjört sèr ljósan mismuninn á þessum tveim atriðum, að úrskurðurinn fáist, og hinu að lagaskólinn sjálfur sè stofnaður eður komist í gang. Prestaskólinn t. a. m. var fyrirhugaður með úrskurði 7. júní 1841 en stofnsettur fyrst með úrskurði 21. mai 1847. Eg tek það aptur fram, að tillaga mín er sú, að þó fèð eigi fáist borgað úr ríkissjóðnum til skólans, þá megi menn samt eigi hætta við hann eða hrinda honum frá sèr heldur leggja fèð þá til; eg vona að vèr höfum svo mikið til í styrktarsjóðnum, að það sè nægilegt til þess að byrja skólann með, þar til vèr getum umþóttað oss til að fá kostnaðinn annarstaðar frá. Eg held og að það hafi vakað fyrir nefndinni, að vèr fengjum sem fyrst fyrirheitið fyrir skólanum eður úrskurð um skólann, en að

hún hafi ekki hugsað sèr, að ætlazt yrði til að skólinn stofnsettist í haust, því það álít eg ómögulegt, allt hið skipulega (organiske) fyrirkomulag þarf miklu lengri tíma en svo; annað mál er, að úrskurðurinn fáist í haust, og millistig milli þess, og að skólinn komist á fót, er að lagakennsla geti byrjað sem fyrst. Eg ætla því að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt, að lagakennslan byrji þegar í haust, og að því verði sleppt að biðja um, að skólinn sjálfur komist á fót í haust.

Benidikt Sveinsson: Mèr finnst margt það vera komið fram í umræðum þessum, sem eg átti sízt von á. Það er búið að tala margt og mikið móti nefndarálitinu en það sem verst er, er það, að tillögur þingmanna eru komnar í svo mikla bendu, og það lítur nærri því svo út, sem að þetta mál sè nú ekki lengur áhugamál þingsins. Eg ætla einungis að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa nokkrum orðum. Það er auðvitað, að það þarf tíma til að semja reglugjörð fyrir skólann, ákveða kennsluna, prófið og rèttindi þeirra, er þetta próf taka, sömuleiðis til þess, að fá hentugan fastan kennara, o. s. frv.; þessu hefir engum dottið í hug að neita; en eru nú þetta verulegar og á rökum byggðar mótbárur móti nefndarálitinu? Ef nefndarálitið er rètt skilið, og það vona eg að hinn hæstvirti konungsfulltrúi gjöri, þá er það hverjum manni auðsætt, að 1. atriðið ekki fer fram á að biðja um annað en konunglega »Resolution« eður úrskurð konungs um, að lagaskólinn skuli verða stofnaður á Íslandi; en við það er skólinn skapaður í lagalegum skilningi; og þegar hann er kominn svo langt, þá er munur að bíða nokkur ár, því þá erum vèr þó allt af vissir um að hann muni komast reglulega á fót fyrr eða síðar. Mèr finnst því að það sè heilög skylda fyrir þingið að róa að þessu öllum árum, og það má eigi gleyma því, að ráðherrastjórnin danska hefir það til að láta þetta mál dragast úr hömlu, *ef vèr sjálfir liggjum á liði voru,* þó það aldrei nema sè mildileg ósk konungs, að það komist nú þegar í kring; enda getur þetta verið mikil vorkunn, þar sem um þetta mál er að ræða, sem flestir standa og hafa staðið á móti og hinn ágæti ráðherra kirkju- og kennslumálefnanna nú einn heldur fram, því engin má við margnum. Þetta finnst mèr nú íhugunarvert fyrir þingið, svo framarlega sem það lætur sèr annt um að eitt af aðalóskum þess að undanförnu, lagakennsla á Íslandi, komist á, og það sem fyrst. Eg fellst því að þessu leyti á það, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður og þingmaður Borgfirðinga

sögðu. Eg vona og að þingmaður Reykvíkinga þurfi að hugsa sig dálítið betur um en hann er búinn, áður en hann með rökum getur rifið niður niðurlagsatriði nefndarinnar. Því 1. atriði nefndarinnar innibindur það tvennt jöfnum höndum: *lagagrundvöllinn fyrir skólanum* og *að lagakennslan geti byrjað nú þegar í vetur komandi*, en orð eða meining nefndarinnar er auðsjáanlega alls eigi sú, að skólinn byrji nú strax í svo stórum og fullkomnum mæli sem prestaskólinn nú er; enda var og kennslan einmitt í prestaskólanum byrjuð áður en reglugjörðin fyrir hann var komin í kring, sem bezt sèst af því, að forstöðumanni prestaskólans árið sem kennslan byrjaði var falið á hendur að semja frumvarp til reglugjörðarinnar, og hún síðan samþykkt ári síðar af stjórninni. Má eg nú spyrja þingmann Reykvíkinga og aðra sem tala á borð við hann um þetta mál, var nú prestaskólinn ekki til áður en reglugjörðin var samþykkt? Það getur nú verið, að niðurlagsatriði nefndarinnar sèu ekki svo greinilega orðuð, sem vera skyldi, til þess að hinn heiðraði sessunautur minn þingmaður Reykvíkinga, og hans jafnokar að skarpskyggni ekki geti misskilið þau, og hefi eg þess vegna ekkert á móti því, að þau sèu greinilegar eða skýrar orðuð. Þá er hitt atriðið, sem viðvíkur kostnaðinum. Eg held að það því miður ætli að nokkru leyti að rætast á oss Íslendingum, sem oss var borið á brýn um árið, að vèr sèum örlátari á fè úr annara vasa en vor eigin, og að vèr nú verðum helzt til of bráðlátir með að hlaupa í með þenna lagaskóla kostnað ríkisdagsins; en eg held, að þó maður eigi fè hjá öðrum, sem maður getur eigi fengið, þá sè til lítils gagns að vísa til þess á meðan maður eigi getur fengið það til þess að stofnsetja lagaskóla eða hvað annað strax, og sökum þessa hefir nefndin farið í þá stefnu sem hún hefir gjört. Eg er og hræddur um að 2. niðurlagsatriðið sè ekki svo voðalegt sem menn halda, og að það alls ekki geti gefið Dönum minnstu ástæðu eður átyllu til að neita styrks úr ríkissjóðnum, ef hann á annað borð fengist, því þó nefndin hafi ætlazt til, að þessi lagaskólakostnaður væri öðrum reikningum vorum við Dani óviðkomandi, þá verður hvergi af nefndarálitinu sèð eður dregið að vèr afstöndum nokkrum rètti eður kröfum til ríkisdagsins; en hitt liggur að hinu leytinu í augum uppi, að vèr bindum oss eingöngu við ríkisdaginn, og fáist fèð ei þaðan, sem nefndin var hrædd um að yrði ofan á, þá kemst skólinn ekki á, og annað kæmi þá ekki út af þessari bæn til ríkisdagsins, en dráttur á málinu. En eg vil nú þar að auki spyrja, hver geti sýnt

mèr fram á, að rèttur vor í nokkru tilliti sè rýrður, gagnvart sjálfum ríkisdeginum með þeirri aðferð, sem nefndin bendir á? Það vona eg enginn gjöri nè geti; geti nokkur sýnt mèr það og sannað, þá skal eg falla frá 2. niðurlagsatriðinu; en það er og verður ómögulegt. Eg vil líka biðja þingmenn vel að gæta að stjórnarlögum Danmerkur, og að fjárviðskiptum vorum »finantielle Mellemværende» við Dani; hèr er einungis farið fram á að vèr fyrst um sinn leggjum oss fè til, og við það skerðast þó auðsjáanlega ekki kröfur vorar til Dana. En til að slaka til, þá vil eg fallast á að orðunum: »ef ekki á annan hátt» sè breytt, og vil eg að því leyti fallast á breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga. Áður en eg sezt niður, vil eg geta þess, að mèr þykir það býsna undarlegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, jafnvitur maður og hann er, skuli halda, að kostnaðurinn við þenna skóla þurfi að vera eins mikill og við prestaskólann eða hèr um bil 5000 rd.; eg ímynda mèr nú að hèr um bil $^1/_4$ af þessu fè sè nógur til þess að koma lagakennslu á fyrst um sinn, því eg þykist þess fullviss, að enginn Íslendingur sem er þess megnugur, að vinna að henni, mundi reynast svo ódrengilega, að hann vildi sakir hagsmuna liggja á liði sínu og ekki gjöra það, sem honum er framast unnt, til þess að þetta mál fengi sem fyrst heillaríkastan og happasælastan enda; og þar sem konungsfulltrúinn hèlt, að það yrði málinu *til fyrirstöðu,* að vèr sjálfir bjóðum það fè, er við þarf til að koma lagakennslunni á, þá er þetta beinlínis mótsögn, þar sem hin konunglega auglýsing einmitt sýnir, að fjárskorturinn einn er stofnun skólans til fyrirstöðu. Eg ætla ekki að svara þingmanni Reykvíkinga neinn í þetta skipti; en vil að eins biðja hann að gá að því, að þó hann 3 sinnum hafi verið flutningsmaður þessa máls hèr á þingi, þá er þó málið enn þá ekki komið í kring, og svona gæti enn farið í 4. sinn, ef menn fylgdu hans ráðum. Eg vil líka segja honum svo mikið, og fræða hann á því, að það er harla ónóg lagakennsla fyrir þá, sem læra eiga lög út á Íslandi, þó að kennslumálastjórnarherrann og dómsmálastjórnarherrann sè að skrifast á um þetta mál, eða mundi hann eigi játa, að samkynja brèfaskriptir í Danmörku um lærða skólann hèr í Reykjavík, mundu ekki gjöra hann ónauðsynlegan?

Jón Hjaltalín: Eg vil út af ýmsum orðum, sem fallið hafa hèr í salnum geta þess, að það lítur út fyrir, að orðið »skóli« hljómi ýmislega í eyrum manna; en mèr finnst, að menn eigi hèr ekki að vera að stríða um orð; út af þessu vil eg henda mönnum á

hina konunglegu auglýsingu, þar stendur ekki »lagaskóli« heldur kennslustofnun, og er það skrítið, að í dönskunni er brúkað: Dannelsesanstalt« eins og var og er brúkað um prestaskólann. Eg vil nú spyrja, hvort það sæmir þinginu, að vera að staglast á þessum orðum, því út af því kemur ekkert, og gjörir ekki annað en spillir fyrir og getur orðið til þess, að málið dragist í mörg ár enn þá. Eg veit það, að þingmanni Reykvíkinga þykir vænt um orðið »skóli«, en hvað dugar það? Við lifum ekki af tómu orðinu skóli; það er ekki nóg að segja, hèrna er skóli, þegar hann er að engu gagni. Það, sem við þurfum, eru duglegir og flinkir embættismenn, og ef við fáum þá, þá er eg harðánægður hvaðan sem þeir koma, þó þeir komi úr tunglinu; einungis að þeir eru eins menntaðir og vera ber. Þetta orð skóli, eða lífatkeri þessara manna, það ætti ekki að standa í vegi fyrir byrjun kennslunnar; ef við fáum hana, þá kalla eg vel farið; það er ekki nafnið tómt sem það kemur upp á. Eg held og, að þingmaður Reykvíkinga hafi farið villur vegar, þegar hann talaði um læknaskólann, því hann hefir ekki meiri vissu fyrir því, að kennslan þar gangi aptur á bak, en eg fyrir því, að hún gangi áfram. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er meiningin engan veginn að skerða styrktarsjóðinn, heldur einungis biðja um lán af honum. Eg get því ei annað en haldið því fastlega fram, að við fáum lagakennsluna sem fyrst; við þurfum ei að spyrja ríkisdaginn, þegar við sjálfir leggjum fèð til, Hvað kennslunnar fyrirkomulag áhrærir, þá er hægt að komast út af því, með því að skrifast á við lögfræðingana um það.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Árnesinga hefir tilkynnt mèr, að hann yrði að fara af fundi.

Jón Guðmundsson: Eg verð nú að taka undir með þeim þingmönnum, sem ekki hafa fundizt niðurlagsatriðin ljós, nè í alla staði fullnægjandi, og eg sannfærðist enn betur um það við ræðu hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns; hún sýndi það einmitt bæði fyrr og síðar, að þau ekki heldur fullnægðu honum; eg skyldi reyndar, hvað hann vildi fara, en það var ekki það sama, sem er í niðurlagsatriðunum. Eg get nú ekki skilið 1. niðurlagsatriðið öðru vísi en svo, að farið sè fram á, að lagaskóli verði stofnaður hèr með föstu skipulagi þegar í haust, og að í honum verði byrjuð kennsla þegar í haust. En mèr heyrðist hinn konungkjörni varaþingmaður vera nú að gefa í skyn, að hèr væri að eins beðið um konunglega »Resolution« (svona fórust honum orð) fyrir skólanum,

og svo, að kannske yrði byrjað þegar í haust; mèr finnst nú ómögulegt, að þetta geti orðið í haust, og eg álít heldur ekki, að þingið eigi að biðja um konunglega »Resolution«; því það var rètt, sem hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að vèr hefðum eða værum búnir að fá konunglegt heityrði fyrir skólanum, nefnilega í þ. árs auglýsingu til alþingis, og sem menn ættu að byggja á. Þetta álít eg rètta skoðun, og álít þessa yfirlýsingu konungsins hið sama sem konunglega »Resolution«, og að hún megi vera öllum fullnægjandi. En ef þingið vildi vefengja þetta heityrði konungsins, þá vil eg spyrja þingmenn, hvort það eigi við fyrir þingið að segja, að þessi yfirlýsing konungsins um þá allramildustu ósk hans: að hèr verði stofnaður lögfræðingaskóli, sè eintómt hálfviröi, eða að engu hafandi; en þetta yrði þó niðnrstaðan, ef þingið færi nú að biðja um nýjan úrskurð eða »Resolution« í málinu; þar með metti þingið eða hefði að engu þessa yfirlýstu ósk konungsins. Eg álít rèttara, eins og hinn konungkjörni varaþingmaður tók fram í síðari hluta ræðu sinnar, að við eigum að byggja á þessu loforði konungs vors, og ef á að biðja um nokkuð, þá eigi eins og þingmaður Reykvíkinga tók fram, einungis að biðja um, að skólinn, verði stofnaður svo fljótt sem því verður við komið. Eptir því sem orðin liggja í auglýsingunni, þá verð eg að álíta þetta það eina, sem þingið geti gjört og eigi að gjöra nú sem stendur. Þetta var nú það sem eg vildi taka fram viðvíkjandi orðinu »skóli». Þá kem eg nú til að tala um orðið »lagakennsla«. Að kennsla sè byrjuð í haust í þeim skóla, sem þá ómögulega getur verið kominn á stofn, get eg nú ekki vel skilið að sè unnt; þess vegna vil eg, líkt og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, að beðið sè um lagakennsluna í nýju niðurlagsatriði, þannig, að í fyrra atriðinu sè beðið um, að lagaskóli sè stofnaður svo fljótt sem stjórnin kemur því við; en í 2. atriðinu verði beðið um, að dómendunum við landsyfirrèttinn verði veittur myndugleiki og fè eða hæfileg þóknun til að byrja kennslu í lögfræði sem fyrst, og, ef mögulegt er, í vetur. Þetta getur vel samrýmzt, án þess að menn með því lýsi neinni vefengingu á loforði konungsins í hinni konunglegu auglýsingu. Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu, og bera mig saman við hinn 5. konungkjörna þingmann, og þingmann Reykvíkinga. Um 2. niðurlagsatriði nefndarinnar er eg alveg samdóma þingmanni Suður-Þingeyinga og þingmanni Borgfirðinga, að með því væri gripið allt of mikið fram fyrir sig, og það er beint

á móti niðurlagsatriðinu í þessu máli 1861; en síðan er ekkert það atvik fram komið í fjárhagsmálinu, sem gjörir það, að ástæða eða tilefni sè til, að þingið taki nú það niðurlagsatriði sitt aptur, eða gjöri neinn graut í því; eg held þvert á mót, að það væri óráð. Eg held því, að ef þingið annars nefnir nokkuð um fèð — eða fjárstyrk til bráðabyrgðarkennslu, — en eg álít nú að vísu að rèttast væri, að það væri látið ógjört í þetta sinn —, þá eigi þingið einmitt að einbinda sig við niðurlagsatriði sín 1861, um allan kostnaðinn til lögfræðingaskólans. Eg áskil mèr að mega tala mig saman við þessa þingmenn, er eg nefndi og við nefndina um þetta, ef hún kynni að vilja þýðast það.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf ekki að tala um sjálft málið, því hinn háttvirti varaforseti tók það fram, sem eg átti bágt með að skilja í niðurlagsatriðunum. En um 2. niðurlagsatriðið vildi eg taka nokkur orð fram. Það hefir verið talað um, hvað beðið hefir verið um á alþingi 1861; en það var líka beðið um það sama 1859; þar stendur í uppástungu nefndarinnar: »en fáist það ekki, að hann þó fyrst um sinn mætti verða greiddur úr ríkissjóði, en á sínum tíma verði lagt fyrir alþingi frumvarp um það, hvernig landið sjálft gæti greitt kostnaðinn». En svo stendur í viðauka-atkvæði undir tölulið 8: En þó ekki fyrr en þingið hefir fengið löggjafar- og skattfrelsisvald o. s. frv. Þetta fèllst þingið þá á, og konungsfulltrúi mælti þá með því, og þingið 1861 ítrekaði þetta sama. Og mèr er ekki kunnugt, að nein neitun sè komin um þetta frá stjórninni, en eg held þó, að hún sè engin komin, og á meðan er ekki nein ástæða til að hverfa frá þessu. En nú er talað um, að fá lán úr þessum svo kallaða skyrktarsjóði, eins og nú er farið að kalla kollektusjóðinn; og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður áleit það vel til fallið að biðja um lán úr honum, af því hann eiginleglega væri ætlaður til að bæta úr líkamlegu hungri, og þess vegna ætti nú vel við, að leggja til fè úr honum, til að bæta úr þessu andlega lagahungri. Það hefir nú á þessu þingi verið svo strangur gangur þingsins með, að raska ekki testamentagjöfum dauðra manna; ætli það gæti nú ekki orðið spursmál um það hèr, ef fyrst ætti að fara að brúka fè úr sjóðnum til þessa augnamiðs. Það þótti líka um daginn nógu hart gengið að sjóðnum, þegar að ræða var um, að fá úr honum fè til að kaupa fyrir korn, til að seðja með líkamlegt hungur bágstaddra sveita, og þó vilja menn nú fara að biðja um lán úr honum til þessa fremur en úr ríkissjóði, upp á væntanlega

borgun seinna. Eg skil nú ekki, hvernig stjórnin hefir leyfi til að veita lánið úr þessum sjóði, eða hvernig henni getur þótt það betra, en að veita það úr ríkissjóði, þegar það þó á að borgast seinna, Eg vil nú setja, að peninga úr þessum sjóði þryti á nokkrum árum til ýmsra þarfa landsmanna, sem má ske ekki væri samkvæmt augnamiði sjóðsins; nú skyldi koma hallæri upp á, hvar stæði stjórnin þá? Sjóðurinn væri tómur, og hún gæti þá ekki forsvarað annað, en að leggja fè úr ríkissjóði til þarfa landsins; og ætli henni væri þá ekki eins gott að láta strax úr ríkissjóðnum fè til þessa augnamiðs? Eg vil því að menn nú fari í þá stefnu, sem 2 næstu þing á undan hafa farið, og sem konungsfulltrúi þá mælti með. Um aðaluppástunguna skal eg ekki tala; eg vildi einungis af öllum kröptum styrkja þetta mál, og að því yrði sem fyrst framgengt. Það hafa nú komið mörg breytingaratkvæði fram, en eg vona, að þingið og nefndin komi sèr saman, svo að ekki verði ruglingur úr þeim við atkvæðagreiðsluna. Það hefir heldur enginn þingmanna gjört sèr að skyldu að rífa nefndarálitið niður, og eg kann nefndinni þakkir fyrir, að hún hefir viljað beina málinu í þá beztu stefnu, sem hún hefir getað, og flýta framkvæmdum þess sem mest, og vona einnig, að hún verði ekki svo bráðlát, að það skemmi fyrir afdrifum málsins.

Konungsfulltrúi: Út af orðum hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, skal eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum. Hann talaði fyrst um, að þingið ætti að biðja um »Resolution» konungs um stofnun lagaskóla, því með henni væri skólinn í »júridiskum» skilningi kominn á. Eg skil ekki, hvernig hann hefir hugsað sèr þetta, því í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis í þetta sinni segir, að það sè vors mildiríka konungs ósk, að þessi skóli komist hèr á, svo framarlega, sem nauðsynlegt fè geti fengizt, og að kirkju- og dómsmálastjórnin sèu að bera sig saman um málið. Við fáum því, þegar stjórnarráð þessi eru búin að bera sig saman um málið, konunglega »Resolution« í því til eða frá, og til hvers er þá nú að biðja um hana? Hún fæst þó ekki fyrr en álit stjórnarráðanna er fengið. Hann lagði þar næst miklu þrengri skilning í 1. niðurlagsatriðið í nefndarálitinu, en í orðunum liggur, því þar er beðið um að stofna lagaskóla, og að lagakennsla megi byrja í honum nú í haust, en nú vill hann einungis koma á tilsögn í lögum án skóla. Þetta yrði þá eins konar bráðabrygðarkennsla, þangað til skólinn kæmist á, en þetta er allt annað, en segir í nefndarálitinu.

Mèr sýnist nú þetta fyrirkomulag miður ákjósanlegt, og eg held líka fáir mundu verða til þess að nota þessa kennslu meðan ekkert er búið að ákveða um það, hvernig henni skuli haga, eða hver rèttindi þeir, sem menntast á þenna hátt, skuli fá á eptir, og í öllu falli er þetta ekki lagaskóli í orðsins venjulega skilningi. Eg felli mig vel við skoðun hins heiðraða þingmanns viðvíkjandi kostnaðinum til skólans, því hann tók það skýrt og beint fram, á hverjum hann mundi og í rauninni ætti að lenda. Hann vefengði það sem eg hafði sagt, að kostnaðurinn til skólans mundi verða líkur þeim, er nú gengi til prestaskólans, og taldi kostnaðinn að eins 1000 rd. Þetta get eg nú ekki skilið, ef um skóla er að ræða; en að vísu skil eg það, með því fyrirkomulagi, sem hann nú hugsar sèr, og þegar einungis er spursmál um »Honorar« til kennaranna. En komist skóli á, mun það sannast, að kostnaður af lagaskólanum muni verða líkur þeim af prestaskólanum, og eg finn þetta líka eðlilegt um samkynja stofnanir. Hinn sami heiðraði þingmaður sagði líka, að eg hefði sagt, að það yrði málinu til tálma eða fyrirstöðu, ef þingið færi nú að senda um það bænarskrá. Þetta er misskilningur; eg sagði, að það væri bráðlæti, ef ekki ónærgætni af þinginu, ef það gjörði það, og flýtti ekkert fyrir málinu, sem nú væri svo vel á veg komið. Fleirum atriðum í ræðu hins heiðraða þingmanns þarf eg ekki að svara.

Jón Pálmason: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er málinu meðmæltur, því eg álít mikið í það varið, og miklu hollara, að lagakennsla geti komizt á í landinu sjálfu, eins og öll önnur menntun. Það hefir nú vakað fyrir nefndinni, að biðja um lánið af styrktarsjóðnum, en ekki rikissjóðnum, til þess að flýta því meir fyrir málinu, en sjóður þessi mun þó ekki hafa verið ætlaður til lagakennslu, heldur sem styrktarsjóður að grípa til í hallærum, og það vona eg að þingið gæti vel að, en í þessa átt hafa nú verið borin upp breytingaratkvæði, sem mèr geðjast vel að, og skal eg því ekki fara fleirum orðum um málið.

Benidikt Sveinsson: Mèr þótti nú vænt, að það þó var eitt atriði í þessu máli, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi var samdóma mèr um; það er nýtt sem skjaldan skeður, en það þótti mèr þó áskorta fögnuðinn, að það var einmitt það atriðið, sem eg ef til vill sízt hefði kosið, að hann hefði verið mèr sammála um. Bæði eg og meðnefndarmenn mínir höfum nú fengið margar hnútur fyrir 2. niðurlagsatriðið, og oss verið borið það á brýn, að vèr

höfum farið þann veginn, sem sè móti allri venju alþingis; þetta er að nokkru satt, en hitt er eptir að sanna, hvort þessi óvenjulegi vegur þó eigi sè hinn eini rètti, og það er mergurinn málsins. En eg vil nú leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hann ekki sè mèr alveg samdóma um það, að þó þingið fèllist á annað niðurlagsatriði nefndarinnar, þá hefði Ísland eptir sem áður allar sínar fjárkröfur til Dana með öllu jafnóskertar. Kveði hinn hæstvirti konungsfulltrúi já við þessu, þá hefir þingið fengið fulla tryggingu fyrir því, að nefndin eigi hafi spillt rètt Íslendinga. Eg hef nú ekkert svar fengið enn upp á það, í hverju að nefndin hafi gjört rangt nema það, að þingið 1859 og 1861 hafi farið í aðra stefnu en nefndin, og það hefir verið tilfært til sönnunar því, að nefndin hafi gjört rangt í þessu, að vèr höfum ekki fengið nei hjá stjórninni, því viðvíkjandi sem þessi þing báðu um, en fyrst er nú það, að vèr höfum ekki getað fengið nei, því það hefir allt af hingað til verið annar þröskuldur í veginum, nefnilega sá, að það hefir ekki verið einu sinni viðurkennt af stjórninni, að það væri á rökum byggt, að vèr fengjum lagaskóla hèr á landi; nú fyrst er sá þröskuldur numinn burtu, þar sem hans hátign konungurinn hefir lýst því yfir, að það væri ósk sín, að lagaskóli komist hèr á. En nú fyrst kemur hinn þröskuldurinn, sem þetta þing á að stíga yfir, sá, að ráðið sè úr því vandkvæði, hvaðan fè til skólans eigi að taka. Stjórnin hefir nú eins og allir sjá snúið við, síðan á síðasta þingi, og því eigum vèr líka að snúa við, en vèr eigum að snúa svo við, að tilslökun stjórnarinnar komi Íslendingum að sönnum notum án þess að vèr skerðum, eða missum þann rètt til fjárkrafa sem vèr áður höfum haft til Dana. Spursmálið verður eptir þessu, hvort það sè mögulegt, að kostnaðurinn til lagaskólans verði veittur af ríkissjóðnum öðruvísi en svo, að hann við fjárhagsaðskilnaðinn verði settur sem liður í reikningunum milli Danmerkur og Íslands, því ef hann verður færður þar til reiknings, þá erum vèr hèr að þrátta um orðin ein, þingi þessu til lítils sóma og þjóð vorri máske til óbætanlegs tjóns í bráð og lengd. Í þessu tilliti vil eg taka það skýrt fram, að fjárhagsmálið milli vor og Dana stendur á öðrum fæti nú, en 1859 og 1861, því síðan hefir nefnd verið sett af vorum allramildasta konungi, til að rannsaka málið, og gjöra um það beina uppástungu til stjórnarinnar. Þetta stig málsins í sambandi við hina konunglegu auglýsingu til þingsins gjörir það að verkum, að vèr verðum að velja þenna veg, sem nefndin hefir bent á. En

eg hef ekkert á móti, að koma mèr saman við þá, sem hafa borið upp breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriðið, svo að meining nefndarinnar verði sem ljósust og skiljanlegust. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að nefndin væri of bráðlát að einu leytinu, en að öðru leytinu ekki. Eg vil nú leyfa mèr að spyrja hann, hvort hann álítur, að þó konungur samkvæmt stjórnarlögum Danmerkur væri hindraður frá að setja lagaskólann strax á stofn sökum kostnaðarins, hvort hann þá sè það eptir stjórnarlögum vorum, ef vèr vísum á fè til skólans, sem ríkisdeginum kemur eigi við; það vita allir, að hin lögbundna stjórn í Danmörku hefir það í för með sèr, að vor mildi konungur getur eigi veitt *fè* til lagaskólans, nema með ríkisdagsins samþykki, og stjórnarherrarnir hafa í þessu og öðru tilliti mikil áhrif, en eptir stjórnarlögum Íslands er hann einvaldur, og ráðgjafarnir og ríkisdagurinn eiga þar ekkert hindrandi atkvæði, svo að hann eptir þeim getur sett skólann strax á stofn, einungis ef konungurinn ekki þarf að láta ríkisdaginn veita fèð. Eg get því ekki skilið hina konunglegu auglýsingu svo, að dómsmála- og kirkju- og kennslustjórnarráðgjafinn hafi þurft að ráðgast um neitt annað atriði viðvíkjandi því, hvort skólinn skyldi komast á stofn eður ei, en það hvaðan fè ætti að fá til skólans. Eg verð því að álíta, að skilningur konungsfulltrúa á hinni konunglegu auglýsingu sè ekki rèttur, því hann hefir lagt *of lítið* í hana, að svo miklu leyti sem hann álítur, að vor mildasti konungur hafi meint einnig *önnur* atriði en kostnaðinn, sem gjöri það að verkum, að fullnaðarúrskurður eigi sè fallinn í máli þessu. En aptur á mót hefir hinn háttvirti varaforseti lagt *of mikið* í hana, er hann álítur að *allt* sè nú fengið, þar sem þó stendur í auglýsingunni með berum orðum bending til að fèð vanti til skólans. Eg held nú að eg verði að fara að gjörast eins konar sáttasemjari, og er mèr nýtt um þann varning, og reyna að jafna meiningar þeirra. Eg skil hina konunglegu auglýsinguna svo, að hans hátign konungurinn *óskar,* að skólinn komist á, en af því að afl þeirra hluta sem gjöra skal (nervus rerum gerendarum), fèð vanti, þá hafi hann enn ekki getað gefið fullnaðarúrskurð, »Resolution«, um stofnun skólans. Eg meinti nú ekki, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að vèr ættum að biðja um konunglegan úrskurð fyrir skólanum, heldur hitt, að í úrskurði konungs, sem hann mildilegast mundi gefa, ef alþingi benti á fèð, lægi eptir hlutarins eðli stofnun skólans, og um hana þarf þó þingið víst ekki að kynoka sèr að biðja um leið og það nemur þá hindrun burtu,

sem sjálfur konungurinn lýsir yfir, að sè henni til fyrirstöðu, þegar nefnilega fèð er fengið, þá er málið eptir auglýsingunni orðið svo vel undirbúið, að konungur getur þegar lagt úrskurð á málið. Þetta bið eg þingið vel að athuga, og að minnsta kosti vil eg láta það sjást í þingtíðindunum, hvernig eg hef skilið hina konunglegu auglýsingu þessu máli viðvíkjandi. Viðvíkjandi hinu atriðinu um »lagakennslu«, þá held eg, að enginn geti haft móti því, að það sè satt, að það geti byrjað kennsla í skólanum, þó hanu sè ei fullkomlega skipaður eða »organiseraður«. Eg benti konungsfulltrúa á eitt dæmi um þetta, sem mèr sýnist að hann hefði átt að hrekja, nefnilega að prestaskólinu hefði byrjað svona, að þar hefði verið byrjað að kenna, áður en reglugjörðin um hann kom út; ef menn bera þessa 2 skóla saman til hins illa, eður til þess að sýna tormerki á lagaskólanum, þá ættu menn líka að gjöra það í tilliti til hins góða, eður þeirra atriða sem eru meðmælandi, því ella sèst það, að á botninum liggur gamli ýmugusturinn móti lagaskóla á Íslandi, sem heldur en ekki á illa við, og er orðinn á eptir tímanum, úr því hans hátign konungurinn hefir yfirlýst ósk sinni um stofnun hans. Eg skil heldur ekki, að það gæti ekki verið skóli í eiginlegum skilningi, þó reglugjörðin væri ei komin út fyrir honum, þegar þó stofnunin væri ákveðin með konunglegum fullnaðarúrskurði. Og þó yfirdómendurnir við landsyfirrèttinn sem nú eru, þættu fáir, og máske ei sem fullkomnastir kennarar, ef enginn fastur kennari væri við skólann auk þeirra, þá held eg þó, að það kveði ekki svo mikið að þessu atriði, að kennslan gæti framfarið i eins eiginlegum skilningi, eins og þó skóli væri stofnaður með tómum föstum kennurum, sem eigi hefðu annað að stunda en kenna, því það verð eg þó að álíta, að það hljóti að vera sú eðlilegasta kennsla, þegar lagakennsla og lagareynsla, eður heimfærsla laganna upp á lífið eru sameinaðar og haldast hönd í hönd. Að minnsta kosti get eg ekki sèð, að skólinn fyrir þá sök, að svo væri, sè ekki eiginlegur skóli. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið; eg vona, að þingmenn lagi það svo í hendi sèr, að það fái góð afdrif; og að þeir annaðhvort felli það með alvöru, eður þá styðji það með fullum áhuga.

Jón Hjaltalín: Eg vil gjöra þingmenn vara við, að það er nokkuð tvísýn útlegging á § 5 í hinni konunglegu auglýsingu (*Jón Guðmundsson:* Það er ekki útlegging, heldur íslenzki textinn). Það er mikið gott; en þar fylgir þó útlegging með. Það er ekkert

talað um, hvernig fyrirkomulagið skuli vera á skólanum, konungur veit það ekki sjálfur, fyrr en hann er búinn að koma sèr saman við ráðgjafana, svo þetta er þá allt komið undir þeirra áliti, og konungur getur ei lagt úrskurð á málið, fyrr en þeir hafa gefið álit sitt. Mèr sýnist ekki, að menn eigi að stóla upp á nafnið tómt, að menn með því hindri hina verulegu stefnu málsins, sem er það, að kennslan komist sem fyrst á. En eg sè nú ekki annað, en að það þó verði, ef að þessi stefna kemst fram, sem mèr sýnist nú vera hjá þinginu, ef menn nefnilega vilja fleygja þessu eina akkeri, sem mèr sýnist nú sem stendur að lagaskólinn hafi að styðjast við; því eg get ekki sèð neina hættu við það, þó menn fengi nokkuð fè til láns úr styrktarsjóðnum. Eg segi þetta einkum með tilliti til þingmanns Strandasýslu og þingmanns Húnvetninga, sem annars eru málinu velviljaðir, en þeir höfðu svoddan ótta fyrir því, ef nokkuð væri lánað af þessum sjóð til lagaskólans, að það mundi verða til hinnar mestu óhamingju. Eg get nú ekki sèð það, og eg held, að betra sè að biðja um það, heldur en að ekkert verði úr kennslunni. En ef menn biðja um lán úr ríkissjóðnum, er loku fyrir það skotið, að lagakennslan komist á í haust, en það er ekki, ef beðið er um lánið úr styrktarsjóðnum.

H. Kr. Friðriksson: Mèr þætti gaman að vita hjá hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, hvaða menntastofnun það er, sem ekki má kalla skóla; það er þó hafður sá talsháttur, að læra í »heimaskóla«, það hefir víst hinn háttvirti þingmaður heyrt.

Konungsfulltrúi: Eg verð að leyfa mèr eina athugasemd út af ræðu hins konungkjörna varaþingmanns. Eg fèkk þó engar þakkir hjá honum fyrir það, að eg var honum samdóma í skoðun hans viðvíkjandi kostnaðinum af lagaskólanum, og verð eg að láta mèr það lynda; hann vèk þar næst að mèr því spursmáli, hvort Ísland með því að taka að sèr kostnaðinn af lagaskólanum þar með hefði fyrirgjört rètti sínum til þess fjár, er það að öðru leyti þættist eiga heimting á hjá dönsku stjórninni? Eg get nú ekki fundið að þetta spnrsmál komi málinu við, og get eg því leitt það hjá mèr, en að öðru leyti virðist mèr þessu spursmáli auðsvarað. Hann sagði, að eg hefði misskilið þá konunglegu auglýsingu viðvíkjandi lagaskólanum, því það væri einungis um kostnaðinn, sem stjórnarráðin ættu og væri að bera sig saman um, en eg verð að álíta, að eg hafi rètt í því, að það sè um allt fyrirkomulag skólans bæði hvað kennslu í honum og kostnað af honum snertir, sem

stjórnarráðin hafi til yfirvegunar, því ef það væri ekki svo, þá hefði málið ekki verið borið undir dómsmála- og kirkju og kennslumála-stjórnina, heldur einungis undir fjárhagsstjórnina. Hann sagði eun fremur, að eg út af því, að eg í tilliti til kostnaðarins hafði vitnað til prestaskólans, að þar eð eg hefði vitnað til hans lagagskólanum til ills, þá ætti eg líka að vitna til prestaskólans lagaskólanum til góðs; eg felli mig nú ekki við þessi orð, því eg vitnaði ekki til prestaskólans í neinu illu skyni, og finn tilvitnunina í eðli sínu, og liggja beint við, þegar spursmál er um stofnun, sem er samkynja prestaskólanum. Að prestaskólinn hafi myndazt smátt og smátt, eins og hinn heiðraði þingmaður segir, getur, ef til vill verið satt, eg þekki það ekki til hlítar, og vil eg því ekki þrátta um það við hann.

Pètur Pètursson: Eg er nú á því, að konungur vor hafi tekið svo vel í þetta, að þingið hafi ekki nauðsynlega þurft að senda um það bænarskrá í þetta sinn, eg er heldur ekki sá einasti, sem hefi þessa skoðun, því að mèr heyrðist einn maður hèr í salnum, sem þó er víst álitinn þjóðhollur, taka hið sama fram. En málið er nú komið svo langt hèr á þinginu, að eg vil ei framfylgja þeirri skoðun minni, með því að eg heldur ekki get sèð, að það geti verið málinu til skaða, þó það komi líka frá þinginu núna, ef það er í góðu og kurteisu formi. Það hefir bæði margt og mikið verið talað um nefndarálitið, en eg ætla nú ekki að lengja þingræðurnar með því að taka það upp aptur. Eg vildi einungis vekja athygli þingsins að þessum niðurlagsatriðum, sem hèr liggja fyrir. Eg man nú eigi, hvort orðið »lagaskóli« hefir verið haft á fyrri þingum, eg kynni nú betur við að væri haft skóli fyrir lögfræðinga-efni, því að lagaskóli getur bæði verið sá skóli, þar sem lögfræði er kennd, og líka sá skóli, sem þeir menn eru í, sem hafa fullkominn rètt til allra lögfræðinga-embætta á eptir; þess vegna vil eg heldur, að það sè orðað svo, að það sè skóli handa lögfræðinga-efnum. Það er áríðandi, að það komist inn í meðvitund manna, eigi að eins það, að lög sè kennd í þessum skóla, heldur að þeir, sem læra þar, fái rètt til embætta á eptir. Það hefir nú verið mikið talað um það, að ómögulegt væri að koma þessu svo fljótt í kring, að kennslan gæti byrjað í haust. Eg held nú að hugsanlegt sè, að þetta sè ekki ómögulegt; en mèr þykir hitt tvísýnna, hvort nokkur fengist til að nota þessa kennslu, meðan ekkert er talað um, hvaða rèttindi þeir hafi á eptir. Í þessu tilliti þykir mèr

tíminn of stuttur. Eg vildi því taka mèr það breytingaratkvæði, að skóli handa lögfræðinga-efnum yrði stofnaður svo fljótt sem mögulegt væri að koma því við, en lögfræðisleg kennsla byrjaði haustið 1864, og eg vildi bæta því inn í, að þessi kennsla yrði helzt af dómendunum í landsyfirrèttinum eigi að eins 2 heldur öllum. Mèr virðist það mjög áríðandi í fjárhagslegu tilliti að hafa fyrirkomulag skólans þannig. Það hefir nú verið talað mikið um 2. niðurlagsatriðið, og ætla eg ekki að taka það upp aptur; en það hefir haft þau áhrif á mig, að eg verð að áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að fáist eigi fèð úr ríkissjóði, þá að landinu verði lánað það til bráðabyrgða. Þessi skóli hefir verið borinn saman við prestaskólann. Það getur verið að bera megi þá saman að því leyti, að þessi lagaskóli fullkomnist smátt og smátt eins og prestaskólinn. En að því er kostnaðinn snertir, þá held eg, að þessir skólar verði eigi bornir saman. Þegar prestaskólinn var stofnaður, þá voru menn teknir frá embættum og ný embætti varð að stofna handa þeim; en þessa þyrfti ekki að minni ætlun með lagaskólann, heldur þyrfti einungis að auka laun dómendanna í landsyfirrèttinum. Eg hefi gjört nákvæma áætlun yfir það, hvað skólinn mundi kosta árlega, og verður það eptir henni eigi meira en 2000 rd.; áætlun mín er þannig:

Yfirdómarinn í landsyfirrèttinum . .	600 rd.
hvor hinna dómendanna	800 —
húsnæði handa skólanum	200 —
til bókakaupa	200 —
til eldiviðar	100 —
óviss útgjöld	100 —
	= 2000 —

Eg er nú samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í skilning hans á hinni konunglegu auglýsingu, þar sem sagt er, að stjórnin sè að bera sig saman við kennslustjórnarráðherrann og löggæzluráðherrann um málið, þá sè það að skilja um allt fyrirkomulag skólans, en eigi um það, hvort stofna skuli skólann eða hvar eigi að taka fè til hans.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætlaði að taka mèr breytingaratkvæði í sömu stefnu og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, að lagaskólinn kæmist sem fyrst á, að auðið væri, en að lagakennsla byrjaði nú að hausti komanda af 2 kennurum til bráðabyrgða. Eg vil með fám orðum svara ræðu hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns um kostnaðinn. Hanu sagðist eigi geta sèð, að þó 2.

niðurlagsatriðið væri tekið, þá væri þar með hallað rètti þeim, er vèr hefðum til fjárkröfu á hendur Dönum. Eg skal þá fyrst geta þess, að meðan fjárhagsaðskilnaðurinn er eigi kominn á, þá er það sitt hvað, hvort vèr fáum fè úr ríkissjóðnum eða vèr fáum það að eins lánað úr honum eður öðrum sjóði. Ef vèr fáum fèð úr ríkissjóði, þá er eigi ætlazt til, að vèr lúkum það aptur, því að eptir uppástungum þeim, sem fjárhagsnefndin hefir komið fram með og oss eru kunnar, þá er eigi talað um að gjöra upp alla reikninga milli Íslands og Danmerkur eins og búðarreikninga þannig, að talið sè eptir því sem vèr höfum fengið og lagt inn það og það árið, svo árið eptir verði dregin frá skuld sú eður bætt við því, er vèr áttum inni árið á undan, heldur hefir fjárhagsnefndin farið fram á, að vèr fengjum árlegt tillag hèr um 20,000 rd. eður jafnmikið og vantar á að tekjur vorar standist útgjöldin, og svo enn nokkuð upp í eldri reikninga. Nú ef farið er eptir mínu breytingaratkvæði og fèð er tekið úr ríkissjóði, þá verður það eigi heimtað aptur. Þegar árið er liðið, þá fellur það niður. En ef menn nú hugsa sèr reikningsmál vor við Dani gjörð upp eins og búðarreikninga, sem þó ekki liggur fyrir eptir uppástungum fjárhagsnefndarinnar, og eg held sè óhugsandi, þá er það þó jafnvel sitt hvað að heimta alla reikninga vora útborgaða í beinhörðum spesíum, eða að láta það sem við höfum fengið aptur hjá Dönum koma upp í það, sem þeir eiga að greiða oss; á þann hátt mundum við betur settir og Danastjórn mundi fúsari á að láta þetta mætast svona, en greiða fèð af hendi í peningum.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð nú að segja hið sama sem allir hafa sagt og munu segja, að eg get eigi annað en glaðzt yfir því, að nú skuli bráðlega verða stofnaður lagaskóli hèr á landi, því sú von og ósk hefir lengi lifað í brjóstum manna, að lagaskóli kæmist hèr á. Þegar eg leit á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, þá hèlt eg að væri prentvilla í því, þar sem þar stendur »í haust komandi«, og datt mèr í hug að það ætti sjálfsagt, að vera »að hausti« það er að segja 1864; því að eg get ekki sèð neinn veg til þess, að skóli þessi geti orðið stofnaður svona fljótt sem nefndin fer fram á, því slík hugsun finnst mèr engu líkari en því, ef menn ætluðu að fara að byggja hús, áður en búið væri að hugsa um, hvaðan kostnaðurinn til þess skyldi tekinn, eða hvernig fyrirkomulag þess skyldi vera. Eg get ekki betur sèð en að enn þá vanti mörg þau skilyrði, sem nauðsynleg sèu til þessarar skólastofnunar; og nú sè svo ástatt,

að hann að minnsta kosti geti ekki komizt á í haust. En sjálfsagt er að hafa það hugfast, að skólinn geti komizt á svo fljótt sem unnt er, og því vil eg vera, samdóma breytingaratkvæði, hins 3. konungkjörna þingmanns, sem fer fram á, að kennslan byrji að hausti ef þess er nokkur kostur. En ef það gæti ekki orðið, þá held eg að þingið ætti að biðja stjórnina um að leggja fyrir næsta þing frumvarp til reglngjörðar fyrir þenna væntanlega lagaskóla, og vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu. Það hefir nú ýmislegt verið talað um, hve mikið þessi byrjun lagaskólans eður höfuðið sem sumir hafa kallað það, mundi kosta. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gjörði ráð fyrir, að 2000 rd. mundu nægja til kennslu, húsaleigu og bókakaupa; það getur nú verið, að þetta dygði fyrst um sinn. En í þessari áætlun er ekkert gjört ráð fyrir, að þeir sem á skólann gengju mundu þurfa styrks með, en þá held eg að torvelt mundi verða fyrir þá, er á þennan skóla gengju að kosta sig þar sjálfir, þeir eru ekki ríkari en þeir áður hafa verið, og hefir þeim þó ekki veitt af styrk þeim, er þeim hefir veitzt til lagamenntunar. Eg er því hræddur um, að fáir mundu verða til að ganga á þenna lagaskóla, nema þeir fengi þar styrk á borð við þann, sem þeir fá á háskólanum í Kaupmannahöfn. Eg get því ekki verið á því, að skólinn byrji fyrr en allar reglur fyrir honum og rèttindi þeirra er á hann ganga eru orðin lögákveðin. Viðvíkjandi því, hvaðan taka skyldi kostnað þann, sem af skólastofnuninni leiðir, þá hafa nú þeir menn talað um það, sem eru fjárhagsfróðari en eg, og ætla eg því þar um ekkert að tala.

Forseti: Það eru komin til mín tilmæli frá 10 þingmönnum, um að umræðunum skuli hætta, en með því 2 þingmenn hafa beðið um, orðið, þá skal eg biðja þá að láta í ljósi meiningu sína í fám orðum.

Benidikt Sveinsson: Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta mál stæði í engu sambandi við fjárhagsmálið, þá verð eg að svara honum nokkrum orðum. Eg held nú, að eg hafi fært svo skýr rök fyrir því áður, hversu lítill munur á því væri, að fèð fengist úr ríkissjóði, og það væri lánað úr ríkissjóði t. d. styrktarsjóðnum til bráðabyrgða. Viðvíkjandi því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að eg hefði sagt, að hann hefði borið þenna skóla saman við prestaskólann máli þessu til ills, þá var það engan veginn meining mín, að hann vildi skaða málið, en eg stend samt við það, að þeir, sem gjöra svo mikið úr því, hvað

skólinn muni kosta, að það eru ýkjur einar, sèu málinu þó fremur mótfallnir, en hinir sem draga úr kostnaðinum, og eg tek það upp aptur, að eg vona þó að enginn hèr á þingi vilji mæla það, er spillt geti fyrir málinu. Viðvíkjandi ræðu hins 3. konungkjörna þingmanns, þá get eg eigi fallizt á hina nákvæmu reikninga hans, og eg verð jafnvel að vera á því, að eigi þurfi einu sinni svo mikið fè sem hann ráðgjörir til bráðabyrgðarkennslunnar. Eg verð nú að lýsa því yfir, að eg get ekki fundið sönnun í því, sem þingmaður Borgfirðinga mælti; hann sagði, að sá væri munurinn á því, ef kostnaðurinn fengist úr ríkissjóði, eður, ef lánað væri úr öðrum sjóði, að landið þyrfti ekki að endurborga þann kostnað, væri hann tekinn af ríkissjóði. Látum oss bera þetta saman við alþingiskostnaðinn. Væri hann nú greiddur hèr eptir úr ríkissjóði, þá kæmi hann vafalaust til reiknings síðar meir við fjárhagsaðskilnaðinn, eptir því sem honum er nú komið, að ákveðnar upppstungur eru komnar fram um það hvað Danir skjóti af fè til vor. Hver er nú munurinn á þessu og því sem nú er. Í báðum tilfellunum borgar Ísland kostnaðinn, en munurinn liggur að eins í því að nú er alþingiskostnaðurinn borgaður strax smám saman með tolli á landinu, en í hinu tilfellinu væri hann borgaður strax með því, sem vèr eigum hjá Dönum, og seinna kæmi til reiknings. Eins óverulegur og eiginlega ímyndaður munur er nú á því, hvort kostnaðurinn til lagaskólans er tekinn úr ríkissjóði, og kemur fyrst síðar til reiknings eða hann er tekinn úr öðrum sjóði og á að borgast sem fyrst með tolli á landið. Mèr finnst að annar eins hagfræðingur og þingmaður Borgfirðinga er ætti að sjá, að þetta er svo líkt, að enginn munur er á gjörandi, því hvort eg borga af mínu fè, sem eg hefi *sjálfur* í höndum, eður af því sem *aðrir* hafa í höndum, er þó eitt og hið sama. Viðvíkjandi því, að þingmaðurinn líkti reikningum Dana og Íslendinga við búðarreikninga; þá hefði eg heldur óskað að hann hefði líkt þeim við reikninga stórkaupmanna, því það átti betur við, enda held eg að hver og einn stórkaupmaður mundi sjá að eg segi satt í þessu máli. Hann var að tala um að láta það er við fengjum til lagaskólans koma upp í skuld þá, er vèr eigum hjá Dönum; jú það er nú einmitt það, sem eg sagði að hlyti að verði ofan á, og það sem gjörir það þýðingarlaust, hvort vèr fáum fèð hjá Dönum til skólans eða ekki. En eg vil að hann sanni mèr, að krafa vor til Dana verði í sjálfu sèr minni fyrir því, þótt fèð sè tekið úr kollektusjóðnum til bráða-

byrgða. Og mèr þætti þessari stundu vel varið, ef hann gæti upplýst það atriði fyrir þinginu. Eg vil nú bæta því við það, sem eg nú hefi sagt, að bæði mundu Danir eins kænir reikningsmenn og vèr, og eins mundu þeir og Danastjórn eigi síður á sínum tíma vilja slaka til, hvað hinar gömlu kröfur vorar um kollektusjóðinn snertir, þó þær væri uppfylltar með því, að stofna fyrir hið vantandi fè í sjóðinn lagaskóla, eins og þó það væri heimtað hins vegar sem skuld; og skal eg óhræddur skjóta því til hins hæstvirta konungafulltrúa, hvort þessi skoðun mín sè svo fráleit, svo þingheimur sjái, að mótbárurnar móti 2. niðurlagsatriði nefudarinnar eru á engum rökum byggðar, hvað fjárviðskipti við Dani yfirhöfuð snertir nè heldur áhrærandi kollektusjóðinn sèr í lagi.

Konungsfulltrúi: Eg skal lýsa því út af orðum hins heiðraða konungkjörna þingmanns, að mèr virðist ekki betur en að skoðun hans í þessu atriði sè sennileg.

Ásgeir Einarsson: Ef töluliður 2 verður samþykktur, þá vil eg gjöra það viðauka-atkvæði, að sett sè, úr hinum svo kallaða styrktarsjóði.

Gísli Brynjúlfsson: Eg tek það að eins fram áður en umræðum þessum er lokið, að eg held ei að nein af þeim breytingaratkvæðum, sem nú hafa verið ráðgjörð hèr, sèu þess eðlis, að nefudin þurfi að vera svo mjög óánægð með þau, og eg áskil mèr því sem framsögumaður ásamt meðnefndarmönnum mínum rètt til að reyna að koma okkur saman við hina háttvirtu þingmenn, er breytingaratkvæðin hafa ráðgjört, áður en þeir afhenda þau hinum háttvirta forseta til að semja eptir atkvæðaskrár.

Var þá gengið til atkvæða hvort umræðunum skyldi lokið, og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gjafabrèf Kelsalls. Eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr atkvæðaskrá prentaða.

Málið afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistiðindanna, bls. 225.

Framsögumaður (*Jón Guðmundsson*)*:* Eg hef nú ekki mikið að segja um þetta 1. breytingaratkvæði; mèr finnst það vera til skýringar 1. niðurlagsatriðinu, og vil eg því fallast á það að mínu leyti. Eins og þingmönnum er kunnugt, urðu við undirbúningsumræðuna mestu umræðurnar út af 2. niðurlagsatriðinu. En það samdist svo með nefndinni í gær og þeim, sem höfðu tekið sèr

breytingaratkvæði við töluliið 2, að ef nefndin tæki hann aptur, þá tæki þeir og breytingaratkvæði sín aptur. Mèr þótti þó rèttara að þetta 2. niðurlagsatriði væri prentað á atkvæðaskránni með þeirri athugasemd, að það væri tekið aptur af nefndinni; en innihaldið úr því verður tekið upp í álitsskjalið til konungs.

Benidikt Sveinsson: Ef innihaldið úr töluliið 2. eins og það er verður tekið upp í bænarskrána til konungs, þá verð eg að halda fast við mitt breytingaratkvæði, en eg er ánægður með að *það* sè haft sem bending til stjórnarinnar í ástæðum álitsskjalsins, og með því skilyrði fell eg frá því sem niðurlagsatriði.

Framsögumaður: Eg tók það fram, að töluliður 2. kæmi ekki fram sem niðurlagsatriði, heldur væri að eins tekið efnið úr honum upp í álitsskjalið, og stjórninni væri með því móti bent til hins sama sem stungið var upp á í brèfi stiptsyfirvaldanna 1859.

Brynjólfur Jónsson: Eg skildi þetta svo, að innihaldið úr breytingaratkvæðunum yrði tekið til greina í álitsskjalinu til konungs.

Arnljótur Ólafsson: Eg tek það upp aptur, sem eg stakk upp á við undirbúningsumræðuna, að stjórninni væri að eins bent á það í álitsskjalinu, hvort henni sýndist það eigi tiltækilegt og æskilegt, að þessar byggingar yrði í sameiningu, en að það kæmi eigi fram sem uppástunga frá þinginu.

Konungsfulltrúi: Eg fellst á það, sem hinn heiðraði varaforseti nú sagði; því það fyrirkomulag, sem 2. niðurlagsatriðið hjá nefndinni fer fram á, álít eg hagfellt, og það kemur líka heim við þá skoðun sem stjórnin og hlutaðeigandi yfirvöld áður hafa haft um málið og aðhyllzt.

Helgi Hálfdánarson: Eg vakti máls á því í gær, að 2. niðurlagsatriðið, sem nefndin hefir nú tekið aptur, væri í mótsögn bæði við 1. niðurlagsatriðið og við gjafabrèfið. Eg er á sama máli enn, og eg vil helzt, að alls ekkert verði minnzt á það í bænarskránni til konungs, allra sízt á þann hátt, að beðið sè um þetta; því mèr finnst ekki eiga við að koma með nokkra þá bæn í ástæðunum sem eigi kemur fram í niðurlagsatriðunum. Mèr sýnist, að bezt sè að fara beint eptir orðum gjafabrèfsins. Eg get aptur á móti ekki skilið, að nokkur muni mæla móti því, að stiptsbókasafninu verði lèð húsrúm í þessari byggingu um stundarsakir, meðan bókasafn lærða skólans þarf ekki alls hússins við.

Konungsfulltrúi: Eg get að vísu ekki haft neitt á móti því

að þingið haldi fast við orð gjafabrèfsins, en þó vil eg leyfa mèr að mæla með því, að það verði tekið inn í bænarskrána, að sèð verði um, að stiptsbókasafnið fái húsnæði í sama húsi, sjálfsagt með nauðsynlegri fjártillögu, að því leyti húsið þyrfti að vera þeim mun stærra, og eg get ekki betur sèð, en að þetta geti vel samrýmzt með tilgangi gjafarans.

H. Kr. Friðriksson: Eg álít óþarfa að vera að ræða um þetta, því nefndin býr ekki til álitsskjalið; þingið fær að heyra það, og getur það þá lagað það. Það hefir enginn mælt á móti því, að 2. niðurlagsatriðið væri tekið fram sem bending í álitsskjalinu til konungs, og eg held að það sè gott. Þingið getur ráðið sjálft, hvernig þessi bending er orðuð, þegar það heyrir álitsskjalið lesið upp.

Var þá gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, og fèllu atkvæði þannig:

1. Breytingar- og viðauka-atkvæði B. Sveinssonar við 1. uppástungu-atriði nefndarinnar, samþykkt í einu hljóði.
2. Nefndin, 1. niðurlagsatriði, samþykkt í einu hljóði.
3. Nefndin 2. niðurlagsatriði (tekið aptur af nefndinni).

Síðan voru greidd atkvæði um það, hvort rita skyldi konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Áður en eg slít fundi skal eg láta lesa upp álitsskjal til konungs um skikkun til prestakalla.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 226.

Næsta fund ákveð eg á mánudaginn kl. 12 á hádegi.

Fundi slitið.

Tuttugasti og annar fundur — 3. ágúst.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Fyrst var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um að veita Skutulsfjarðareyri kaupstaðarrètt.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 231.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til álýktarumræðu og atkvæðagreiðslu *lagaskólamálið.* Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga. Eg vona, að þingmenn hafi prentaða atkvæðaskrá fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 235.

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson: Það hefir nú farið sem

eg vonaði, að breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin, eru flest þess eðlis, að nefndin getur ekki verið þeim mótfallin, þar sem þau að mestu að eins fara í sömu stefnu sem uppástungur nefndarinnar. Einkum á þetta þó við um breytingaratkvæðin undir tölul. 1. og 6. frá hinum háttvirta 3. konungkjörna og þingmanni Borgfirðinga, því þau hefir nefndin því fremur orðið að fallast á, þar sem þau að eins taka það greinilegar fram í sjálfum niðurlagsatriðunum, sem hún einmitt hafði hugsað sèr, þó vèr álitum nægja að taka það skírlega fram í ástæðunum. Hvað hinum öðrum breytingaratkvæðum viðvíkur, þá fara þau að miklu leyti og í sömu stefnu sem nefndin, nema uppástungan undir tölulið 5., því hana getur nefndin alls ei fallizt á; en eg vona því og, að hinir háttvirtu þingmenn, sem hafa gjört þessi breytingaratkvæði muni einnig geta fallizt á tölul. 1. og 6., sem nefndin helzt verður að aðhyllast, og eg skal með tilliti til þessa að eins leyfa mèr að minna þá á, að ef það verulega er vilji þeirra, sem eg alls ei efast um, að lagakennsla komist á i landi hèr sem allra fyrst, þá ættu þeir einnig að gera sitt til, að sem flest atkvæði gætu safnazt um þær uppástungur, sem þó að eins að orðunum til mismuna dálítið frá því, sem þeir hafa sjálfir stungið upp á; því þeir vita vissulega eins vel og eg, hversu mikils það er vert, ef þingið með sem flestum atkvæðum geti komizt að góðri niðurstöðu í þessu máli. Hvað loksins viðauka-atkvæðinu undir 9. tölul. viðvíkur, þá er meining þess að vísu góð, og eg skal því hvorki mæla móti því nè með, nema hvað það er auðsætt, að það yrði þó að seinka fyrir málinu, ef þá aðferð ætti strax að hafa við sem þar er stungið upp á. Eg held og, að hin önnur tvö atriði nægi að svo stöddu, og eg óska að eins að þingið megi fallast á þau sem fyrst og með sem stytztum formála eða umræðum.

Páll Melsteð: Það getur nú ekki annað en glatt mig sem uppástungumann þessa máls, að það hefir mætt svo góðum viðtökum hèr á þinginu, eins og eg nú reyndar gat búizt við, þar sem allir verða að játa, að þetta er eitt hið mesta nauðsynjamál; og enginn neitar því, að landinu sè mjög svo áríðandi, að öll menntun verði hèr innlend, því þá fyrst verður hún þjóðleg, og að sönnu gagni fyrir landið. Það sem vakti fyrir mèr, þegar eg gjörði uppástunguna, var bæði sú þörf og nauðsyn, sem er til þessa máls, og líka það, að þegar menn eru orðnir áskynja um, hve vel að stjórnin tekur í þetta mál, þá fannst mèr það vera tilhlýðilegt, að þingið tæki ekki þegjandi við auglýsingu konungsins,

heldur í orði og verki að það hefði enn þann sama áhuga á málinu, sem það hefir áður haft. Að mönnum kunni að finnast það bráðlæti — eins og sumir hafa sagt — að feti er stigið framar í nefndarálitinu, en var í uppástungum mínum, það verður að vera undir hvers eins dómi komið; en eg verð að álíta, að það lýsi engu bráðlæti, nè að farið sè fram yfir hæfileg takmörk, þótt um það verði beðið, sem nefndin hefir farið fram á. Eg vil minnast á það, að eg er alveg samþykkur hinum 2 breytingaratkvæðum hins 3. konungkjörna þingmanns og þingmanns Borgfirðinga undir 1. og 6. tölulið; þau eru nákvæmari útskýring þess, er nefndin vildi, og í þeim liggur einmitt aðalkjarni eða aðalmergur málsins; hin breytingaratkvæðin álít eg minna í varið, þó þau að vísu öll lýsi meiri og minni áhuga á málinu. Eg vildi óska, að menn yrðu samdóma um málið, svo það kæmi eindregið og með fjöri og lífi frá þinginu, og sýndi stjórninni, að þingið hefði vakandi huga á þessu máli, en beiddi ekki um framkvæmd þess og fyrirkomulag með hangandi hendi.

Pètur Pètursson: Eg lèt það í ljósi við undirbúningsumræðuna, að eg áliti ei alveg nauðsynlegt, að þessu máli hefði verið hreift að þessu sinni, þar sem menn sæi af hinni konunglegu auglýsingu, hversu mikinn áhuga, að stjórnin hefir á málinu. En af því mèr hefir heyrzt, að menn álitu, að það lýsti deyfð og áhugaleysi á málinu, að mæla ekki með því nú á þinginu, og senda ekki konungi bænarskrá um það, þá vil eg ekki styrkja eða framhalda þeirri skoðun minni, því eg er eins og aðrir sannfærður um nytsemi þessa skóla, og af því málið var líka komið svo langt á leið á þinginu, þá áleit eg mèr skylt, að leggja einnig stein í lagið, og stuðla til að laga það, eptir því sem eg álít rèttast. Eg skal ekki tala um breytingaratkvæði okkar, hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga og mín; en einungis minnast á það viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir 6. tölulið, að eptir því sem eg ætlaðist til, og mig minnir að eg skrifaði á uppkastinu, þá stóðu þar eigi þessi orð: »ef eigi úr öðrúm sjóði, þá úr hinum svo kallaða styrktarsjóði Íslands». Mig minnir, að á uppkastinu stæði: »ef ei beinlínis veitt úr ríkissjóði, þá sem lán úr ríkissjóði. Eg vildi því biðja hinn háttvirta forseta, að bera þessa grein upp í tvennu lagi, þannig að þessi orð: ef ei úr öðrum sjóði, þá úr hinum svo kallaða »styrktarsjóði« Íslands verði borin upp sèr í lagi; eg held greinin verði eins skiljanleg, þó þau sè felld úr.

Forseti: Það er alveg rètt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður tók fram, að breytingaratkvæðið kom til mín orðað eins og hann sagði; en seinna hafði þingmaður Borgfirðinga bætt þessum orðum inn í, og mun hann hafa gjört það í von um samþykki meðuppástungumanns síns, og svo líka til þess að breytingaratkvæði þingmanns Strandasýslu, sem að nokkru leyti fór í sömu átt, yrði óþarft.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki talað neitt í þessu máli fyrri, og eg heldur stóð aldrei upp fyrir nefnd þegar uppástungan var rædd hèr til inngangs, því mèr fannst alveg óþarft að taka málið fyrir, úr því að úrskurður var fenginn fyrir því, að málið væri nú til undirbúnings hjá stjórninni og það í þá stefnu, sem þingið hafði áður um beðið, og því síður fannst mèr að stefna nefndarinnar nú vera sú, að eg gæti fallizt á hana. Það sýna líka þessi 7 breytingaratkvæði, að uppástungur nefndarinnar hafa ekki verið á þeirri stefnu sem þingið gæti fallizt á. Nefndin hefir nú ekki getað fallizt á neitt af þessum breytingaratkvæðum nema tölulið 1. og 6., en mèr finnst nú að þessi breytingaratkvæði fara að nokkru leyti í sömu stefnu og nefndar uppástungurnar, og því í aðra stefnu en við höfum farið áður í máli þessu, og því ætla eg heldur að halla mèr að tölulið 2, og eins breytingaratkvæðinu við tölulið 3, því mèr finnst, að við því heldur ættum að fallast á þennan tölulið sem við höfum dæmið fyrir augum frá síðasta þingi, um læknakennslu hèr á landi og að lækna-efni eru byrjuð með lærdóm undir umsjón landlæknisins, og því finnst mèr vel til fallið að biðja um lagakennslu undir umsjón yfirdómendanna eins og tekið er fram i 3. tölulið. (*Pètur Pèturssson:* Það er tekið fram í 1. tölulið), já, að vísu í seinni lið 1. breytingaratkvæðisins, en sá liður stendur í sambandi við hinn fyrra undir sama tölulið, og á hann get eg ekki fallizt; nú kem eg til 5. töluliðs, eg felli mig nú mikið vel við hann, og því heldur sem eg verð að álíta, að stjórnin hafi gengið inn á það atriði um kostnaðinn frá fyrri þingum eins og hitt annað viðvíkjandi lagaskólanum yfir höfuð, en falli þessi töluliður, gef eg atkvæði mitt fyrir tölulið 7, eg ætla nú ekki að tala meira um mál þetta, en óska einungis, að þingið verði sjálfu sèr samkvæmt í málinu.

Benidikt Sveinsson: Eg skal nú ekki tala margt um þau breytingaratkvæði sem á þessari atkvæðaskrá standa, þau bera það með sèr, að þau fara öll í sömu stefnu og nefndin, og eg sè ei annað, en að það sjáist berlega, að þau eru að eins útskýring við

nefndarálitið; í þeim er skýrara tekið fram um kostnaðinn, það atriði sem og nefndin ætlaðist til að tekið væri fram í ástæðum bænarskrárinnar til konungs vors, að þingið áliti það að vísu rètt og eðlilegt, að hann væri helzt greiddur úr ríkissjóðnum. En það er auðvitað, að það er ekkert á móti því, að taka það fram líka í niðurlagsatriðunum, ef þinginu lízt svo. Breytingaratkvæðin undir 1. og 6. tölulið, álít eg ganga næst nefndaruppástungunum, því það er alveg sama efni í þeim, en einungis skýrar tekið fram í breytingaratkvæðunum. Breytingaratkvæðið undir 3. tölulið er nú likt, og eg álít hvort um sig gott. Einungis kann eg ekki við endann í tölulið 3, þessi orð: svo framt nokkur gæfi sig fram til að læra hjá þeim; hinn háttvirti uppástungumaður hefir líklegu meint, að ef enginn gæfi sig fram til að læra, þá yrði enginn fjárstyrkur veittur; en það er óþarft, að taka þetta fram, því það segir sig sjáift að það þarf engan fjárstyrk að veita, ef enginn er sem vill læra. Við 5. og 7. tölulið kann eg ekki vel, af því þar er skýrskotað til alþingis 1861, það er of þröngt, að binda sig við það einungis, og eg tók það líka skýrt fram við undirbúningsumræðuna, hvers vegna landinu kæmi það upp á sama, þó við rýmkuðum uppástunguna, og bentum stjórninni á lán úr öðrum sjóði en ríkissjóðnum til bráðabyrgða. Það liggur líka í augum uppi, að það er ógjörlegt og óskiljanlegt að veita fè úr ríkissjóðnum í haust, til þess að lagakennsla geti byrjað hèr í haust. Því þetta stendur í mótsögn hvað við annað, hvað tíma takmarkið snertir. Eg skal svo ekki tala meira um málið, en legg það á þingsins vald; það ábyrgist tillögur sínar um málið, en helzt vildi eg vita að 1. og 6. töluliður yrði samþykktur í staðinn fyrir niðurlagsuppástungu nefndarinnar.

Jón Pètursson: Eg vil leyfa mèr að gjöra eina athugasemd út af ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns áhrærandi 6. tölulið, að ef felld verða úr honum þessi orð: »ef eigi úr öðrum sjóði, þá úr hinum svo kallaða »styrktarsjóði« Íslands«, þá verðnr greinin borin svo upp? »þá verði fè þetta lánað landinu«, og sem eptir því, sem hann sagðist hafa meint, ætti þá að vera úr ríkissjóði. Nú vita allir, að ríkisdagurinn kemur ei saman fyrr en í hanst og undir hann yrði þá að bera, hvort fèð skuli veitast, annaðhvort sem gjöf, eða sem lán. Það er því sama sem að gjöra það ómögulegt, að lagakennsla geti byrjað í haust, ef þessum orðum er sleppt úr greininni. 6. töluliður niðurbrýtur því, ef þessum orðum er sleppt úr, fyrsta töluliðinn, sem er eptir sömu mennina og hinn 6.

Ef eg því fellst á 1. tölul., get eg ekki fallizt á 6. tölul., ef þessum orðum er sleppt úr honum, eg greiði þá heldur atkvæði fyrir 3. tölulið.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi óska skýringar yfir það sem hinn háttvirti 4. konungkjörni tók fram um 6. tölul., að ef þessi orð: »ef ei úr öðrum sjóði, þá úr hinum svo kallaða »styrktarsjóði« Íslands, væru felld úr, þá fèlli 6. tölul. og hinn 1. með honum. Það er nú sjálfsagt, að það yrði ei borið undir ríkisdaginn, ef lánið ætti að veitast í haust; en eg vil þá spyrja, hvort ráðgjafinn hafi ei vald til, án þess að fara til ríkisdagsins, að taka þetta fè af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. Eg veit, að hèr eru margir í salnum, sem geta skýrt þetta fyrir mèr, og einkum hinn háttvirti konungsfulltrúi. Eg legg að vísu ekki mikla þýðingu í þetta atriði; en eg vil ekki, að það verði málinu til fyrirstöðu, ef eg skildi eigi hinn 4. konungkjörna rètt. Það hafa fáir eða enginn talað um, að fallast á breytingaratkvæðið undir 7. tölulið; en eg sè nú ekki, hvað háskalegt er í því, og eg vildi biðja menn að sýna fram á það, áður en gengið er til atkvæða. Eg talaði um það við undirbúningsumræðuna, að eg áliti rèttast, að þingið hèldi nú þeirri sömu stefnu í málinu, sem það hefir haft fyrr.

Jón Hjaltalín: Eg verð að játa, að eg felli mig bezt við 1. og 6. tölul., nefnilega breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns og þingmanns Borgfirðinga, því mèr sýnast þau fara mest í þá átt, sem þingið hefir talað áður um þetta mál. Eg held að það sè engin hætta, þó menn biðji um lánið úr »styrktarsjóðnum«, því það verður þó allt af reiknað Íslandi til útgjalda, hvaðan sem það svo kemur; en þingið gjörir ráðgjafanum hægra fyrir, með því að rígbinda hann ekki við ríkissjóðinn, og viðvíkjandi því, sem þingmaður Strandasýslu tók fram, þá held eg, að það sè ekki víst, að þessir 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda, hrökkvi til þess með öðru, sem af þeim borgast. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg stend upp fyrir 1. og 6. tölulið.

H. Kr. Friðriksson: Eg sagði við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg hefði þrisvar verið flutningsmaður þess, og það var því haft sem bríxlyrði gegn mèr; en eg sagði það alls ekki til að hæla mèr eða framgöngu minni, heldur af því eg vona, að þingmenn þekki mig ekki að því, að þeir hafi ástæðu til að ímynda sèr, að eg sè mótfallinn málinu, eða að eg vilji ekki að lagaskóli komist hèr á; það hef eg allt af viljað, og það vil eg enn; en eg

efast um, að nokkur not yrði af því, eptir því sem nú er komið, þótt þingið fari nú að ítreka bæn sína. Það liggur hverjum einum í augum uppi, að stjórninni er ekki auðið, að koma á lagaskóla í haust; þar sem hún hefir svo stuttan umhugsunartíma, að eins 8 daga, því póstskipið stendur ekki lengur við; á þeim tíma sè eg ei, að stjórnin geti gjört neitt við málið; það er þá það, eins og felst í 3. tölul., að úrslit málsins gæti komið síðari part vetrar með marzskipinu, ef þingið sæi líkur til, að það gæti orðið; en mèr sýnist, að þingið ætti að gæta sóma síns og forðast að biðja stjórnina um það, sem henni er ekki auðið að gjöra. Þingið hefir nú áður beðið um lagaskóla, og stjórnin hefir gengið inn á málið í þeim skilningi. Mèr er nú sama hvað það er kallað; eg á einungis við fasta stofnun, sem ekki er bundin við líf neins einstaks manns. Hitt er annað, að það er auðvitað, að yfirdómurunum verður falin kennslan við stofnunina á hendur, hverjir sem þeir eru. En eg vil ekki gefa stjórninni neitt undir fótinn, til að draga úr þeirri ósk, sem konungur hefir lýst yfir, það er að lagaskóli komist hèr á, en það gjörum við með því að láta það sjást, að við sèum nú komnir á aðra skoðun, en á fyrri þingum. Eg vil því halda fram 2. tölulið, ef nokkru á að halda fram, því þar er bent á það, sem beðið var um á alþingi 1861, og ekkert annað.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð að vera á sama máli nú og við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg get ekki sèð, að neitt muni koma út af því, að biðja um þetta í haust, en hitt er sjálfsagt, að biðja um, að lagaskólinn komist á svo fljótt sem unnt er, og þess vegna vil eg einkum aðhyllast 3. tölul. En eg held, að engin regluleg kennsla eða skóli geti komizt á, fyrr en búið er að semja reglugjörðina fyrir skólann; þess vegna gjörði eg þetta viðauka-atkvæði undir 9. tölul.; og þessu verð eg fastlega að framhalda svo sem nauðsynlegu skilyrði fyrir því, að fastur og tryggur lagaskóli geti hèr á komizt; því á meðan ekki er fengin nein reglugjörð um fyrirkomulag þessa skóla, verð eg að álíta hann svo gott sem reistan á sandi.

Jón Guðmundsson: Eg býst við, að eg þyki eiga of margar uppástungur á þessari atkvæðaskrá til þess, að eg tali ekki fáein orð fyrir þeim, en ekki er fyrir það, að mig gildir einu hvað um þær verður. Skoðun mín er nú hin sama, sem áður, að þingið eigi ekki að mæta yfirlýsingu hans hátignar konungsins í þessu máli hvorki með bráðræði, brekum nè heimtufrekju, og að þess

vegna eigi málið að koma frá þinginn í sem almennustum orðatiltækjum, en þingið á ekki að ákveða neitt annað um tímann, og sízt um fèð, heldur en það bað um 1861. Yfirlýsing konungs vors um lögfræðingaskólann á annað skilið, en að við mætum henni með harðari kröfum, en við áður höfum gjört. Það er sjálfsagt, að 1., 2. og 3. breytingaratkvæðið sýnast líks innihalds; en það er þó sitt hvað, hvort beðið er um, að lagakennsla komist hèr á í haust, eða með öðrum orðum að biðja um það, sem ómögulegt er, en hitt að biðja um, að hún komizt á á næstkomandi vetri, ef mögulegt væri, því það var alveg rètt sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að það er alls eigi unnt, að kennslan geti komizt á í haust, þegar litið er til þess, hvað stuttan tíma póstskipið stendur við í Kaupmannahöfn. Hvað 3. tölul. snertir, þá hef eg ekkert á móti, að greidd sè atkvæði sèrskilið um þessi orð: »svo framt nokkur gæfi sig fram, til að læra hjá þeim«, þó eg geti ekki sèð neitt voðalegt á móti þeim, þá er eg samt ekki harður á að þeim sè haldið. En einkum er það viðvíkjandi kostnaðinum, að mèr finnst það allrasízt eiga við, að þingið fari nú í aðra átt en 1861; og ef þingið skyldi fallast á, að bera málið fyrir stjórnina í almennum orðum, líkt og bent er til í breytingaratkvæðinu undir 2. tölul., þá vil eg ekki hafa nein niðurlagsatriði um kostnaðinn, heldur að eins í ástæðunum fyrir bænarskránni benda á þau úrræði, sem þinginu hefði dottið í hug, ef stjórnin skyldi vilja veita fè til bráðabyrgðarkennslunnar. Bænarskráin ætti því að vera þess innihalds, jafnframt og menn þökkuðu hans hátign konunginum fyrir hans mildu undirtektir undir þetta mál, að þingið lýsti yfir þeirri von sinni og trausti, að þessari yfirlýsingu konungsins yrði sem fyrst framgengt að unnt yrði.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að gjöra grein fyrir því, hvers vegna 6. tölul. er þannig orðaður og hvers vegna nafn hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns er þar ásamt mínu nafni. Þegar eg bar mig saman við nefndina um breytingaratkvæðið undir tölul. 6. þá fèllst hún á það, með því skilyrði, að bætt væri inn í þessum orðum, »ef eigi úr öðrum sjóði, þá úr hinum svo kallaða »styrktarsjóði Íslands«, í stað þess að hafa einnngis þessi orð, »fyrst um sinn úr ríkissjóði«. Eg ætlaði þá að finna hinn 3. konungkjörna þingmann, til þess að fá samþykki hans til breytingar þessarar og viðauka, en eg gat eigi fundið hann, og með því nákunnugur maður honum og ef til vill náskyldur sagði mèr að hann

mundi fallast á þenna viðauka, þá rèðst eg í að láta hans nafn standa ásamt mínu nafni, þótt þessu væri viðbætt. Eg skal nú síðar skýra frá því, að mèr finnst breyting þessi eður viðauki eigi veruleg. En áður skal eg leyfa mèr að drepa á þann mismun, sem mèr finnst milli 1. og 3. töluliðs um bráðabyrgðarkennsluna. Eg get nú eigi sèð, að það sem stendur í 1. tölul. »nú þegar í haust« sè annað en það sem stendur í tölul. 3. »á komanda vetri«, því að allir sjá, að ef kennslan á að komast á að vetri komanda, þá verður sú tilskipun er um það á að koma, að koma með síðustu póstskipsferð og það verður sama og í haust. *(H. Kr. Friðriksson:* En ef hún kemur í marz?). Ef hún á að koma með þeirri ferð, þegar póstskipið fer frá Höfn 20. marz og kemur hingað í apríl, þá er veturinn liðinn og komið vor. Eg vil nú eigi gjöra mikið úr þessum mismun á 1. og 3. tölul., því að mèr er sama, hvor þeirra stendur eða fellur, en eg vil þó geta þess, að mèr finnst 1. tölul. ákveðnari bæði um lagaskólann og lagakennsluna, að hún byrji í síðasta lagi 1864. Að því er kostnaðinn snertir, þá skal eg fyrst geta þess viðvíkjandi tölul. 6. og 7. að eg get eigi betur sèð, en að tölul. 6 greiði svo vel úr málinu sem unnt er, án þess þó að rètti vorum sè í nokkru hallað oss í óhag. Málið getur farið hèðan síðast í ágúst til stjórnarinnar, svo biður það eina ferð þar og gæti þá komið í haust. En þegar ráðgjafinn sèr eptir 7. töluliið, að þingið fer einungis fram á, að fèð sè greitt úr ríkissjóði, þá segir hann: Eg get eigi veitt fè til bráðabyrgðarkennslu, meðan eigi er víst, hvort skóli geti komizt á eður eigi; en það getur eigi ráðgjafinn vitað eptir þessu, fyrr en hann er búinn að leita til ríkisdagsins um fèð handa skólanum, og það getur hann fyrst í vetur. Því að eptir hinni konunglegu auglýsingu, þá er sú ósk konungs vors, að lagaskólinn komist á hjá oss, við það bundin, að fè fáist. En þegar nú ráðgjafinn sèr, að þingið eptir 6. töluliið segir: Ef þú getur eigi fengið fèð úr ríkissjóðnum, þá lána þú landinu það, annaðhvort úr ríkissjóði, eður sjóði sem vèr eigum, og þú hefir undir höndum. Þá segir hann: Hvernig sem fer, hvort sem ríkisdagurinn segir já eður nei, þá getur bráðabyrgðarkennslan komizt á, því eg þarf ekki að biðja ríkissjóðinn um lán, heldur get eg tekið það úr styrktarsjóði Íslands, og síðan get eg stofnað skólann fyrir fè Íslands. Þetta er hinn mikli munur á 6. og 7. töluliið. Þetta fè verður skuld sem liggur á landinu hvort sem lánið er tekið úr ríkissjóði eður styrktarsjóðnum; og

þetta er lán, sem þingið hefir áskilið sèr atkvæði um hvernig greiða skuli. Þar sem nú í 6. tölulið er mismunur á þessu milli mín og hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá get eg ekki sèð að hann sè verulegur, því ef vèr tökum lán, þá verður það að greiðast aptur. Sè það tekið úr ríkissjóði, þá erum vèr í skuld við hann; en sè lánið tekið úr styrktarsjóði vorum, þá erum vèr í skuld við hann; en landinu má á sama standa við hvern sjóðinn það er í skuld. En það sem ávinnst með því, að lánið sè tekið úr styrktarsjóðinum er það, að ráðgjafinn fær bendingu um, að hann geti tekið til fjár, er hann eigi sem constitutionel ráðgjafi, heldur sem ráðgjafi konungs her á landi, geti tekið til, án þess að leita leyfis rikisdagsins Menn kynni nú að segja, ef þingið eigi eindregið beiddi stjórnina um fèð úr ríkissjóðnum, heldur benti jafnframt til þess að fá það úr styrktarsjóði Íslands, ef það fæst eigi úr ríkissjóðnum, þá mundi hún ekki leggja sig í framkróka með að fá það úr ríkissjóðnum. Þetta get eg þó eigi óttast, því hinn ágæti ráðgjafi fræðslumálanna, sem vèr eigum næst konungi að þakka fyrir þetta hið konunglega heityrði, hann mun beita sínu mikla valdi á ríkisdeginum til að binda enda á þetta dýrmæta vilyrði. Eg vil að lyktum leyfa mèr að geta þess, að úrslit þessa máls á alþingi 1859 voru hin sömu og hèr er farið fram á; þá er beðið um fèð úr ríkissjóðnum eður að landinu væri lánað það. Á alþingi 1861 var að eins beðið um fèð úr ríkissjóðnum, án þess þó að nokkuð væri haft á móti því, að það væri lánað landinu, einungis þótti óþarfi að endurnýja bænina um lánið. Eg vildi því, að vèr tækjum nú upp aptur það sem farið var fram á 1859, og mèr finnst að það sem hèr er farið farið fram á undir tölul. 6 sè öldungis samkvæmt því, er farið var fram á 1859 og enn samkvæmara því sem farið var fram á 1861, en það sem stendur í 7. tölulið. En ef vèr nú ítrekum það aptur 1863, er vèr að eins slepptum 1861, þá liggur í þessari ítrekun, að vèr eigi viljum hafa lagaskólann nema að hann sè kostaður úr ríkissjóði. Þetta finnst mèr eigi að vèr getum gjört, nema vèr viljum skjóta oss undan þeirri meiningu, er vèr höfðum 1861.

Jón Sigurðsson: Eg get ekki munað eptir því, að þingið 1859 og 1861 gæfi bendingu um að taka fèð úr styrktarsjóðnum til lagaskólans; eg held það hafi verið tekið fullglöggt fram á báðum þeim þingum, að ríkissjóðurinn ætti að kosta lagaskólann, og veita allt það fè, sem leiðir af stofnun hans, að minnsta kosti í bráð.

Eg get því ekki sèð, að ástæða sè til fyrir þingið nú, að falla frá þessari skoðun sinni, og fara að heimta fèð úr styrktarsjóðnum sem stofnaður er í allt öðrum tilgangi en þeim, að koma hèr á fót lagakennslu. Eg vil nú spyrja: Væri það hyggilegt að verja öllu, eða mestöllu fè styrktarsjóðsins til lagaskóla stofnunar? Því ef hallæri skyldi svo upp á falla, svo að veita þyrfti einstökum hèruðum hjálp, til að fyrirgirða mannfellir, eins og fyrir hefir komið þessi seinustu harðærisár; hvort ætti þá að leita eptir hjálpinni? Eða hverjum sjóði stæði nær að hlaupa þá undir baggana, en styrktarsjóðnum, eptir hans upprunalega tilgangi? Af því nú að svona mikill meininga munur er í þinginu um það, hvaðan kostnaðinn til lagaskólans skuli taka, þá held eg rèttast sè, að ganga inn á breytingaruppástunguna undir tölulið 5, sem fer fram á það, að ekkert verði tekið fram um kostnaðinn í bænarskránni til konungs; því fari menn að ganga inn á þessa töluliði, sem benda á, hvaðan kostnaðinn skuli taka, þá er óvíst hvað ofan á verður við atkvæðsgreiðsluna; og hvað sem helzt það verður, þá verður það með svo litlum atkvæðamun, að stjórnin getur ekki tekið það til greina, og fari þingið að vefjast frekar í þessum kostnaðar spursmálum, verður það eflaust til að spilla fyrir fljótri afgreiðslu þessa áríðandi máls.

Helgi Hálfdánarson: Hvað þessar tvær stefnur snertir, það er að segja breytingaratkvæði hins 3. konungkjörna þingmanns og þingmanns Borgfirðinga öðru megin, og breytingaratkvæði varaforseta og þingmanns Reykvíkinga hinu megin, þá er eg nokkurn veginn ánægður með hverja þessa stefnu sem er. En það eru 3 lítil orð í 1. tölulið, sem eg get eigi fellt mig við, það eru orðin »í seinasta lagi». Mèr finnst það liggja í augum uppi, að ómögulegt sè, að reglulega »organiseraður« lagaskóli komist á nú í haust, eða í vor, og að það geti með engu móti orðið fyrri en haustið 1864 í fyrsta lagi. Eg vildi því að í staðinn fyrir »í seinasta lagi» stæði »helzt». Eg óska þess af alhuga, að reglulegur lagaskóli komizt hèr á sem allra fyrst, og að lagakennsla geti byrjað þegar í haust, en eg held, að þó lagakennsla geti vel komizt hèr á í vetur, þá sè ekki til þess hugsandi, að reglulegur lagaskóli geti orðið stofnaður fyrr en í fyrsta lagi haustið 1864. Ef nú mætti breyta þessum orðum »í seinasta lagi», þá felli eg mig vel 1. tölulið, en eins og er, þá kann eg betur við 2. og 3. tölulið, því mèr finnst það nærri því ónærgætni við stjórnina, að ætlast til að hún

komi þessu máli algjörlega í kring fyrri en að hausti. Hvað málið að öðru leyti snertir, þá er eg á sama máli og þingmaður Suðurþingeyinga, að styrktarsjóður Íslands sè í rauninni ætlaður til annars en þessa. Mèr finnst það þess vegna mjög svo vafasamt, hvort það er rètt að verja sjóðnum til að koma upp lagaskóla. Það er sjálfsagt, að lán má taka úr hverjum sjóði sem er, og eins úr þessum. En eg er hræddur um, að lánið geti orðið nokkuð mikið, þegar árlega þyrfti að taka úr sjóðnum allan lagaskóla kostnaðinn, og að það gæti þá orðið því til fyrirstöðu að landið gæti fengið styrk úr honum, ef á lægi, t. a. m., ef mikið hallæri kæmi eða eldgos legðu heil hèruð í eyði. Ef sjóðurinn hrykki þá ekki til, gætu orðið vandræði úr þessu. Annað mál er það, ef sjóðurinn er svo ríkur, að alls ekki er hætt við, að hann muni tæmast, þótt þetta lán sè tekið; því sè það, þá vildi eg ekki leggja mikla áherzlu á þetta atriði.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst nú að segja megi um breytingaratkvæði þau, er hèr liggja fyrir eins og kallinn sagði: »Sitt er að hverjum sonanna minna og eru þó allir góðir», því að þau fara öll í sömu stefnu, vilja gjöra gagn en gjöra það ekki að fullu, svo vandi er að velja á milli þeirra. Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók fram það sem er að 1. tölul., að þetta er nokkuð fljótt heimtað, það er að segja, að lagaskólinn komist á í seinasta lagi haustið 1864. En það sem mèr einkum þykir að því er það, að þessi ósk þingsins er eigi byggð á þeirri von, sem konungur hefir gefið þinginu í hinni konunglegu auglýsingu, og fyrir þá sök líkar mèr betur við tölul. 2. að það sem þar er farið fram á er byggt á loforði konungs. Eg held að eg aðhyllist líka tölul. 3. þegar numin eru aptan af honum þessi orð; »svo framt nokkur gefi sig fram til að læra hjá þeim», því að mèr þykir það þá í öllu tilliti betra en 6. tölul. eptir því sem 1. niðurlagsatriðið er orðað, því í 6. tölul. er hvergi gjört ráð fyrir fè til bráðabyrgðar kennslunnar, heldur að eins um fè til skólans. Hèr er nefnilega beðið um tvennt, það er að segja fyrst um kennslu, en eigi um kostnað, sem leiðir af henni, og því næst er beðið um skóla að ári, og kostnað þann er af honum leiði. Eg halla mèr þess vegna að tölul. 3. með þeim fyrirvara, að skorin sè aptan af þau orð, er eg áðan gat um. Eg vildi gjarna, að þessi töluliður væri borinn upp í tvennu lagi og þessi síðustu orð fèlli burt ef mögulegt væri; þá gef eg og atkvæði mitt fyrir 7. tölul. vegna þess að mèr þykir hann greinilegri en 6. tölul.,

en þá verður eptir minni hugsun að bera upp 7. tölul. á undan 3. tölul., því að í 7. tölul. er talað um kostnaðinn til skólans, en í 3. tölul. er talað um kostnað þann, er gangi til bráðabyrgðarkennslunnar. Eg get nú eigi fellt mig við, að þingið skuli ekkert tala um, hvernig kostnaðurinn skuli endurgjaldast, og finnst mèr þess vegna 5. töluliður eigi heppilegur, þetta hefir og uppástungumaður gjört undir tölul. 7. að hann hefir stungið upp á því, hvernig kostnaðurinn skyldi endurgoldinn og líkt er bent á í 3. tölul. Að því er snertir 9. tölul., þá held eg að þingið eigi megi fallast á hann, því að eg er hræddur um, að það verði málinu til tafar, ef á að leggja frumvarp um lagaskólann fyrir næsta þing, með því og að eg ímynda mèr, að stjórnin geti komið máli þessu fyrir á annan hátt en að það sè lagt fyrir þingið í frumvarpi.

Framsögumaður: Áður enn til atkvæða er gengið skal eg þó enn geta þess, að eg álít einkum rètt að fallast á breytingaratkvæðin undir tölulið 1. og 6, sem nefndin hefir samþykkt, af því þau eru greinilegar orðuð en sjálfar uppástungur nefndarinnar og fara þó alveg í sömu stefnu sem þær. En hvað breytingaratkvæðinu undir tölul. 2. viðvíkur, þá skal eg nú og taka það nokkuð betur fram en áður, hvers vegna eg verð að vera því alveg mótfallinn, þar sem eg sannfærist allt af betur og betur um, því meir sem eg hugsa um það, að það er í raun og veru næstum því óhafandi. Hinn háttvirti varaforseti, sem eiginlega mun eiga þetta breytingaratkvæði, þó hann hafi fengið þingmann Reykvíkinga í það með sèr, og er það líka nokkuð undarlegt, þar sem sá þingmaður frá upphafi hefir verið á móti málinu í þetta sinn — hinn háttvirti varaforseti sagði, að það væri að lýsa vantrausti á stjórninni að fallast á uppástungur nefndarinnar eða þau breytingaratkvæði, sem hún hefir samþykkt. En má eg nú spyrja, hvað væri það þá að fallast á breytingararatkvæði hans? Eg get ei annað sèð en að það væri einmitt að lýsa vantrausti á stjórninni og þess utan vanþakklæti með ókurteisi; því hver er eiginlega munurinn á þessum báðum uppástungum? Hann er enginn annar enn sá, að nefndin vill, að þingið nefni tiltekinn tíma og biðji stjórnina að stofna lagaskólann hèr innan þess frests, ef mögulegt sè, og hún vill þess utan að þingið bjóðist til að gjöra henni þetta hægt, að svo miklu leyti sem á þess valdi er; hèr eru því ný atriði, sem gjöra allan muninn, því á þenna hátt verður bæn þingsins ekki eintóm ítrekun af eldri bón, sem nú er fengin og sem það því að eins væri

mjög ókurteist og óþarft að endurnýja, nema svo að eins að menn tryðu ei loforði stjórnarinnar. En hvað vill nú hinn háttvirti varaforseta? Hann vill einmitt fella allt þetta út, sem gjörir muninn og sem eitt snýr vantraustinu í traust; hann vill ekki tiltaka neitt um tímann eða kostnaðinn, heldur að eins staglast á sömu bæninni við stjórnina upp aptur og aptur, og það þó hún sè búin að lofa að uppfylla hana. Ef þetta er ei einmitt að sýna vantraust og vanþakklæti þá veit eg ei hvað það er, og eg get því ei annað skilið, en að einhver óheillastjarna hafi staðið yfir höfði og hönd hins háttvirta varaforseta, sem annars er svo skýr í öllum tillögum sinum, þegar hann var að semja þessa uppástungu, og það því fremur sem honum varð það síðan á að fá einmitt þann mann til að undirskrifa hana með sèr, sem mest hefir mælt á móti því að gjöra nokkuð að gagni við málið í þetta sinni. Það hefði átt vel við í þakklætisávarpi, að tala að eins um það, sem fengið er, en að biðja um það eitt að nýju og ekkert annað, það er bæði ókurteist og gagnslaust, og lýsir einmitt að eins hinu mesta vantrausti á þeim, sem beðinn er er. Um hitt annað atriðið, nefnil. um kostnaðinn, þarf eg ei heldur að tala nú, því aðrir hafa svo vel tekið af mèr ómakið og sýnt að fjárráðarètti alþingis framvegis væri alls ei hallað á nokkurn hátt, þó ráðgjafanum sè vísað á styrktarsjóðinn sem þann sjóð, er hann einmitt helzt megi grípa til að því leyti sem hann er ráðgjafi fyrir þetta land en ei fyrir Danmörk eina, eins og það líka er auðsætt, og það getur alls ei verið gagnstætt tilgangi þessa sjóðs, að lána úr honum fè til þarfa Íslands, jafnvel þó þær svo í þessu máli einkum sèu andlegs eðlis. Eg vona því og, að engir hinna háttvirtu þingmanna muni láta slíka skoðun hamla sèr frá að styrkja nú lagaskólamálið á þann einasta og bezta hátt sem vèr getum, og eins er eg sannfærður um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni mæla vel fram með því við stjórnina; en einkum vona eg þó að hinn mikilsverði ráðgjafi, sem nú stendur fyrir kirkju- og kennslustjórninni í Danmörk og sem það einkum er að þakka að þetta mál er nú komið svo vel á veg, muni ei misskilja tillögur þingsins svo sem þær komi af neinu of miklu bráðlæti, heldur muni hann fljótt sjá með þeirri skarpskyggni, sem honum er svo eiginleg, að tilgangur þingsins gæti að eins hafa verið að rètta stjórninni hönd til þess að koma hinni mikilvægu stofnun fyrir þetta land, sem hann hefir bezt tekið sèr af, sem fyrst á fót,

en það getur það líka að eins sýnt með því nú að sýna sig reiðubúið til að standast kostnaðinn, þegar til þess kasta kemur.

Stefán Jónsson: Eg get nú eigi sèð, að það spilli fyrir málinu, þótt 2. töluliður sè tekinn, nè að hann hafi neitt það í sèr, sem gefi tilefni til að halda það, að vèr sèum fallnir frá þeirri ósk að hafa lagaskóla. Eg veit eigi, hvort það er málinu til svo mikilla heilla að ganga með nokkurs konar frekju að þessu máli, og fast ákveða tímann sem það skyldi í seinasta lagi vera komið í kring, því að vel getur verið, að það sè alveg ómögulegt. En það er hugsanlegt, þegar tíminn er fastákveðinn með þessum orðum: »í seinasta lagi», þá má draga þar af, að menn láti sèt hægt um lagaskólann, ef menn geta ekkki fengið hann innan þessara tíma takmarka, þess vegna er eg ekki viss um, að rètt sè að orða niðurlagsatriðin þannig. Eg vil lýsa ánægju minni yfir því, að konungur vor hefir tekið svo vel í málið, og hann veit, að það er allra ósk, að þessi skóli geti komizt svo fljótt á sem unnt er, þótt tíminn sè eigi tiltekinn. Eg get ekki verið á því að benda á styrktarsjóðinn, því að þær kringumstæður geta að borið, að til hans þurfi að taka til annars, eg verð þess vegna að halda mèr til þess, sem áður hefir verið farið fram í þá stefnu.

Indriði Gíslason: Hinn heiðraði þingmaður, sem nú settist, hefir reyudar tekið það fram, sem eg ætlaði að segja. En eg ætla þó að gjöra grein fyrir; hvernig eg muni greiða atkvæði, og mun eg þá gefa atkvæði mitt fyrir 2., 5. og 7. tölulið, því að mér finnst innihald þeirra lýsa trausti þjóðarinnar til stjórnar vorrar, en hitt virðist mèr lýsa vantrausti, ef á að binda uppfylling þessa loforðs, sem vèr hèr höfum fengið, við stað og stund. Þegar hin konunglega auglýsing lofar svo góðu, þá finnst mèr að menn eigi að gjöra sig ánægða með það fyrst um sinn. Mèr finnst þetta líkt, og ef menn beiddi um einhverja háleita bæn, og sá er veita ætti segði: »Eg skal veita þessa bæn í fyllsta mæli, en eg get það ekki strax; þar á mót get eg strax látið ykkur fá eitthvert lítilræði». Ef menn nú bæði fast um þetta lítilræði, þá kynni það að lita svo út, sem menn eigi vildu hina háleitu gjöf, af því hún kæmi svo seint. Það gengur nú yfir mig, ef þingið vill eigi heldur bíða til þess að fá þessa bæn uppfyllta sem fullkomnast, þótt biðin verði nokkur.

Framsögumaður: Ef skoða mætti það að eins sem leyfilega orðabreytingu, að setja »*helzt*« í staðinn fyrir »*í seinasta lagi*«

í fyrsta breytingaratkvæðinu, þá skyldi eg ekkert hafa á móti slíkri breytingu. En þó verð eg að segja, að eg er alls ei hræddur við neinar illar afleiðingar af því, þó allt verði látið standa eins í þeirri grein og það nú er, því það væri að eins mjög hlægilegur misskilningur og svo lítt góðgjarn, að menn geta alls ei búizt við honum af stjórninni, ef nokkrir vildi skilja þessa grein þannig, að Íslendingar vildu alls ei nokkurn lagaskóla, ef þeir gætu ei einmitt verið búnir að fá hann fyrir árslok 1864. Fyrst eg stóð upp á annað borð, þá skal eg og geta þess út af því sem hinn háttvirti þingmaður úr Strandasýslu sagði, að eg er hræddur um, að ráðgjafinn muni seint grípa til þeirra 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands á ári hverju, til þess að byrja lagaskólann með þeim, því það er einmitt tilgangurinn með þetta fè, að því á að verja til óvissra og einstaklegra útgjalda, en svo má ei kalla árleg útgjöld til fastra stofnana eins og lagaskólinn eða lagakennslan á að verða.

Magnús Andrèsson: Eg ætla nú að geta þess, hvernig eg muni gefa atkvæði. Það er þá fyrst að taka á því, að mèr finnst, að það hafi verið óþarfi að taka þetta mál fyrir hèr á þingi að þessu sinni, þegar konungur segir í auglýsingu sinni, að það sè einlægur vilji sinn að lagaskólinn geti komizt á. Mèr finnst því of mikið bráðræði að ganga svo fast að þessu, því mèr sýnist það ómögulegt, að skólinn geti komizt á í einu augnabliki. Eg verð því að vera á móti því, að þetta sè einskorðað við 1864 í seinasta lagi, og eg felli mig betur við tölulið 2. En hvað kostnaðinn snertir, þá verð eg að gefa atkvæði mitt fyrir 7. tölul., því það er það sama, sem eg hefi ætíð verið á; eg hefi ávalt óskað, að lagaskólinn komist hèr á, því það er mín skoðun, að öll menntun ætti að verða hèr innlend; og mun eg því gefa atkvæði mitt fyrir, að lagaskólinn komist á svo fljótt sem unnt er, og að fèð sè tekið úr ríkissjóði; það verð eg að vera við þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Eg held heldur ekki, að það þurfi að vera skólanum til sèrlegrar hindrunar, þótt beðið sè um fè úr ríkissjóði, og þurfi að bera það undir ríkisdaginn, því skólinn kemst svo aldrei á hvort eð er í þeim flughasti, sem nefndin stingur upp á. Hitt held eg að ráðgjafinn verði ei í vandræðum með að veita fè til þess, að yfirdómendurnir byrji að kenna, og því atriði í nefndaruppástungunum er eg mjög meðmæltur, því eg held að bæði hafi þeir tíma til þess og sèu til þess vel fallnir.

Björn Pètursson: Eg held það sè nú að bera í bakkafullan lækinn að vera að halda langar ræður í þessu máli. Eg er samdóma þeim þingmönnum, sem eigi kunna við orðin »í seinasta lagi haustið 1864«, því að mèr sýnist það lýsa of miklu bráðlæti og ónærgætni við stjórnina; og eg er hræddur um, að það geti valdið þeim misskilningi, að stjórnin haldi að vèr eigi viljum lagaskólann, ef vèr eigi fáum hann á þessum tiltekna tíma. Framsögumaður sagði, að 2. töluliður lýsti vantrausti á stjórninni, en mèr sýnist hann einmitt lýsa meira trausti til stjórnarinnar, en 1. töluliður, ef þessi orð »í seinasta lagi« væru látin standa. En væri þessi orð felld úr skyldi eg gefa atkvæði mitt fyrir 1. tölulið; og vildi eg skjóta því til forseta, hvort eigi mætti bera upp töluliðinn í tvennu lagi, svo að þessi orð »í seinasta lagi haustið 1864« yrðu úr felld.

Páll Sigurðsson: Eg vildi lýsa því yfir, að mèr þykir það nokkuð fljótræði, að tíminn skuli vera ákveðinn svona fljótt. Hvað kostnaðinn snertir, þá þykir mèr það undarlegt, að þar sem áður hefir verið beðið um fèð úr ríkissjóði, að menn skuli þá vera fallnir frá þeirri stefnu, en eg verð þó að vera á sama máli enn, og þess vegna mun eg gefa atkvæði mitt fyrir 2. og 7. tölulið. Það er nú eigi svo langt síðan, að stjórnin hefir lofað að skóli þessi mætti komast á (*Jón Hjaltalín:* Er eigi langt síðan að farið var að biðja um lagaskóla?) Það er að vísu satt, að nokkuð langt er síðan farið var að biðja um það, en mèr sýnist það allt fyrir því bráðræði, að biðja um, að skólinn komist á í haust, og í seinasta lagi að hausti. Það hefir verið tekið fram, að ísjárvert mundi að taka fèð úr styrktarsjóðnum, því að hann er ætlaður til annars, og þá væri ekkert til í honum. Það getur reyndar átt sèr stað, að kennslan komist á í haust, en eg held að það verði varla. Mèr þykir nú þetta orð »í seinasta lagi« nokkuð bundið, væri það fellt úr, þá gæti eg gefið atkvæði mitt með því. Að öðru leyti held eg, að eg halli mèr að breytingaratkvæðum varaforseta, því að mèr þykir það undarlegt, ef þingið fellur nú frá því, að biðja um fèð úr ríkissjóði, en hafa haldið því fram áður. Annað mál er það, ef fèð eigi fæst úr ríkissjóði, þá koma dagar og þá koma ráð.

Benidikt Þórðarson: Það hafa nú margir þingmenn látið í ljósi óánægju sína yfir þessum orðum í 1. tölulið »í seinasta lagi« og orðunum »nú þegar í haust«. Eg er á sama máli, að mèr þykja slík orð heldur heimtufrek við stjórnina og lýsa heldur miklu

bráðræði, að biðja þannig, og eg ætla stjórnin hvorki mundi geta nè heldur vilja uppfyllt slíka bæn, og skýt eg því til hins háttvirta forseta, að greidd verði atkvæði um þenna tölulið í tvennu lagi, þannig, að fellt verði úr á báðum stöðunum orðin »í seinasta lagi« og »nú í haust«, og að orð þessi verði síðan borin sèrskilin undir atkvæði þingsins.

Framsögumaður: Það koma allt af enn svo mörg mótmæli á móti uppástungum vorum, að eg neyðist þó til að svara þeim nokkru. Menn eru að tala um bráðlæti, en menn gleyma því allt af, að þetta mál er nú búið að standa yfir í víst ein tíu ár, síðan því fyrst var hreift hèr á þingi, og þó er nú fyrst í ár fengið loforð fyrir lagaskólanum. Eg get því eigi skilið með hverjum rètti menn kalla það bráðlæti, þó þingið vilji nú gjöra sitt til að flýta nú loksins fyrir stofnun hans; eg er miklu fremur hræddur um að það mundi líta út eins og vèr gengjum ofan í sjálfa oss aptur, ef vèr vildum nú ekkert gjöra til að styrkja þetta mál einu sinni enn á þann hátt, sem bezt á við eptir að loforð stjórnarinnar er fengið. Menn gleyma því og allt af, sem enn er ein aðalástæða til þess að reyna nú einmitt að flýta fyrir málinu, en það er það, að ráðgjafastjórnin í Danmörk er og verður að vera mjög breytileg, og því er einmitt nauðsyn að vinna sem mest að þessu máli, meðan sá ráðgjafi enn er í völdum, sem mest og bezt hefir unnið að því, að lagakennsla mætti verða innlend hèr, og sem því einnig mundi fúsastur og vísastur til að leiða það vel til lykta. En eg get eigi heldur leynt því fyrir sjálfum mèr, að, ef sú yrði niðurstaðan, að þingið vildi svo gott sem ekkert skipta sèr af málinu, þá væri ekkert eðlilegra en að þeir, sem mest hafa unnið að því og enn ráða úrslitum þess, kynnu að ímynda sèr, að áhugi þingsins á því væri nú farinn að dofna, og dettur mèr þetta einkum í hug, þegar eg lít á aðra greinina af breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta undir tölulið 3. Eg gat þess áðan um hinn fyrra hluta þessa breytingaratkvæðis, undir tölulið 2., að *hann* lýsti einmitt vantrausti á stjórninni, en mèr láðist þá eptir að taka það eins fram um þenna seinna hluta, að hann lýsir eigi síður áhugaleysi á stofnun sjálfs lagaskólans af landsmanna hálfu, þar sem eins og er dreginn efi á nauðsyn slíks skóla, með því að bæta við um kennslu meðdómendanna til bráðabyrgða, að hún skuli leyfð, »svo framt nokkur gefi sig fram til að læra hjá þeim«. Það er augljóst, hvað í þessu liggur, og eg get því eigi annað sagt, en að sama ólánið

hefir ráðið höfundinnm þegar hann bjó til þenna viðauka eins og þegar hann samdi fyrri hluta breytingaratkvæðis síns. Hann sýnist nú að vísu að hafa sèð þetta sjálfur og hefir því talizt fús til að sleppa þessum orðum aptan af, en eg held þó rètt að taka þetta fram til þess að sýna í hverjum anda breytingaratkvæðið allt hefir upprunalega verið gjört; því þessi andi er í raun og veru ekki annað en vantraust á stjórninni í aðra höndina og áhugaleysi um innlenda lagakennslu í hina höndina, en á þessu tvennu ætti þingið nú einmitt að vara sig sem mest í þessu mali.

Jón Pálmason: Það hafa nú flestir gjört grein fyrir, hvernig þeir mundu greiða atkvæði sitt, en eg ætla nú ekki að fara mörgum orðum um það. Þingmenn munu sjálfir fá að sjá fyrir hverju eg gef atkvæði mitt þegar eg stend upp. En þar á mót skal eg geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu þykist eigi hafa fengið skýrar nè áreiðanlegar upplýsingar af ræðu hins heiðraða framsögumanns um þá 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands, hvort það sè gagnstætt augnamiði þeirra, að grípa til nokkurs af þeim til bráðabyrgða, ef lagakennsla skyldi byrja í vetur, því þá þyrfti ekki að leggja það undir ríkisdaginn, og óskar því, að hinn háttvirti framsögumaður vildi skýra það betur.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga nú skilaði frá þingmanninum fyrir Strandasýslu, þá get eg að eins sagt, að eg hef engu að bæta við það, sem eg áðan sagði. Eg held ei að þeir 4000 rd., sem um ræðir, sèu ætlaðir nema til alveg ófyrirsjáanlegra og einstaklegra útgjalda, og að minnsta kosti álít eg ei eins víst að vísa á þá peninga eins og á styrktarsjóðinn. En hvað ráðgjafinn kann að af ráða, ef ei er annað til, það veit eg ei, og það álít eg og verði alveg að vera á hans valdi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði P. Pèturssonar og Arnljóts Ólafssonar við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (4. tölulið), samþykkt af nefndinni, fellt með 15 atkv. gegn 8.
2. Breytingaratkvæði Jóns Guðmundssonar og H. Kr. Friðriksonar við sama tölulið, samþykkt með 21 atkv.
3. Breytingaratkvæði Jóns Guðmundssonar við sama tölulið, sam-

þykkt með 20 atkv. Seinustu orðin í þessum tölulið: »svo framt nokkur gæfi sig fram til að læra hjá þeim«, felld með 18 atkv.

4. Nefndin, 1. niðurlagsatriði, fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 3. tölul.
5. Breytingaratkvæði Jóns Guðmundssonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (8. tölul. og tölul. 6. og 7.), samþykkt með 12 atkv. gegn 11.
6., 7. og 8. töluliðir, fallnir samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 5. tölulið.
9. Viðauka-atkvæði Brynjólfs Jónssonar, fellt með 16 atkv. gegn 2.
10. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Um þenna tölulið var eptir ósk þingmanna við haft nafnakall, og fór það á þessa leið:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Br. Jónsson.	A. Ólafsson.
B. Þórðarson.	H. Kr. Friðriksson.
Ásg. Einarsson.	
B. Sveinsson.	
B. Pètusson.	
G. Brynjúlfsson.	
H. Hálfdánarson.	
H. G. Thordersen.	
Indr. Gíslason.	
J. Guðmundsson.	
J. Hjaltalín.	
J. Pálmason.	
J. Pètursson.	
J. Sigurðsson.	
M. Andrèsson.	
P. Melsteð.	
P. Sigurðsson.	
P. Pètursson.	
St. Eiríksson.	
St. Jónsson.	
Sv. Skúlason.	

Var það þannig samþykkt með 21 atkv. gegn 2, að rita konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um gufubátaferðir meðfram ströndum Íslands. Framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga.

Framsögumanni var svo afhent nefndarálitið, og las hann það upp svo látandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 237.

Framsögumaður (H. Kr, Friðriksson): Það fylgja nefndarálitinu 3 fylgiskjöl, og vil eg leyfa mèr að lesa þau upp, því þau eru fróðleg og skýra málið að miklu.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 245.

Feiri upplýsingar gat nefndin ekki fengið. Það er nú hvorttveggja, að konungsúrskurðurinn af 17. maí 1862 er enn ekki af tekinn, enda var eg af meðnefndarmönnum mínum skikkaður til að vera framsögumaður, og það nauðugur, ekki af því, að eg væri málinu mótfallinn; þvert á móti af því, að eg vildi að vörn málsins væri í miklu betri höndum en mínum, því málið er mjög áríðandi fyrir landið. Enda vona eg, að það þurfi ekki að mæla mikið með þessu máli. Nefndin hefir tekið málið svo skýrt fram, sem henni var auðið; og hún átti ekki kost á fleiri upplýsingum. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið að svostöddu.

Jón Sigurðsson: Eg finn enga ástæðu til að tala langt erindi fyrir þessu máli, því eg vona, að þingmenn taki því sem liðmannlegast, og álíti það sannarlegt velferðarmál landsins. Eg vil leyfa mèr að láta í ljósi þá von mína og ósk til hins hæstvirta konungsfulltrúa, að hann vilji mæla kröptuglega fram með þessu máli við stjórnina. Eg vildi einnig vekja máls á því, hvort ekki væri vel til fallið, að votta þeim heiðruðu kaupmönnum hèr í Reykjavík, sem hafa gefið nefndinni svo góðar upplýsingar og leiðbeiningar í þessu máli, þakklæti þingsins á einhvern hátt, einkum herra Siemsen, því brèf hans, sem nú var upp lesið, lýsir þeirri velvild til ættjarðar okkar, sem mjög er fágæt hjá dönskum manni; og eg fyrir mitt leyti, þó eg sè manninum persónulega ókunnugur, hlýt að bera meiri virðingu fyrir honum eptir en áður.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, því eg má játa, að mig skortir þá þekkingu og kunnugleika sem útheimtist til þess að hafa nægilega ljósa hugmynd um það, bæði yfirhöfuð og í þess einstöku atriðum sèr í lagi þó hvað kostnaðinn snertir, um hvern, eins og sjá má af fylgiskjölum nefndarálitsins, enda er ágreiningur milli þeirra manna, sem einkum þekkja

til slíks máls, en að öðru leyti verð eg að vera algjörlega samdóma nefndinni og þinginu í því, að mál þetta sè velferðarmál fyrir landið, og eitt af þeim, sem ef því yrði framkvæmt, einkum geti eflt þess hagsæld og framfarir, en hvort eða að hve miklu leyti stjórnin muni geta veitt það fè, sem þar til útheimtist, þar um get eg, eins og nærri má geta, ekkert sagt með vissu, annað en það, að stjórnin í þessu, eins og öðru, sem oss vanhagar um, mun líta á sannar þarfir vorar.

Viðvíkjandi fyrirkomulagi því, sem nefndin hefir hugsað sèr á gufuskipsferðunum, skal eg heldur ekki vera margorður, og skal einungis drepa á það atriði, að mèr virðist það ísjárvert, að láta skipið fara mjög snemma út hingað á vetrum eða í miðjum febrúar, eptir því, sem hèr viðrar opt á vetrum, því ef skipinu hlekkist á, kynni það að hafa skaðleg áhrif á málið sjálft eptirleiðis, ef illa færi í byrjuninni. Þá er eg líka hræddur um, að skipið ekki geti farið 12 sinnum kringum landið á hèr um bil 8 mánuðum, enda þó skipið liggi hèr uppi. Enda virðist mèr eigi brýn nauðsyn til þess, að það fari svo margar ferðir, mèr virðist mundi nægja að það færi eina ferð í mánuði, en þetta skýrist nú allt í meðferðinni og við reynzluna. Og skal eg svo ekki fara hèr um fleirum orðum; eg er búinn að iýsa því áliti mínu yfir, að málið sè velferðarmál fyrir þetta land, og eg vildi innilega óska, að það geti orðið sem bezt framkvæmt.

Framsögumaður: Eg bjóst nú altènd við að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mundi taka vel í málið, og það gladdi mig, að hann tók í málið eins og eg hafði vonað. Eg vil geta þess út af fráganginum á nefndarálitinu, að nefndinni þótti ekki rètt, og áleit ekki að hún ætti eða gæti ákveðið neitt fast um niðurlagsatriðin, heldur orða þau með sem almennustum orðum, en að hin nákvæmari atriði, að eins ættu að takast fram í bænarskránni til konungs í ástæðunum, án þess að þingið bindi hendur stjórnarinnar. Aðalatriðið er það, að gufuskipsferðirnar kringum landið komist á, en hitt verður að fela stjórninni, hvernig þær komast á. Það er ekki talað í nefndarálitinu um að fyrsta ferðin skuli vera í febrúarmánuði, heldur er það í brèfi herra Siemsens. Það er ekki heldur í nefndarálitinu talað um, hvaðan skipið skuli koma, hvort það eigi að koma frá Bretlandi eða Danmörku, en hitt er þar tekið fram, að skipið ætti að hefja ferðir sínar svo snemma, að það gæti farið 12. ferðir í kringum landið, en það er einungis sem bending að

12 ferðir eru nefndar, og það gekk nefndinni til að tiltaka svona 12 ferðir, að 2 af þeim mönnum, sem hafa látið nefndinni í tè upplýsingar, hafa báðir tiltekið 12 ferðir. Það er auðvitað að skipið meðan það væri á þessum ferðum ekki ætti að fara til útlanda á meðan, en ef það ætti að fara milli landa, þá ætti það að vera haust og vor, eingöngu.

Jón Hjaltalín: Það gleður mig, að eg held þetta mál ætli að fá góðan byr hèr á þingi, og einkum gleður það mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og svo er sannfærður um, að ef þingið einhuga tekur í strenginn með nefndinni, einkum ef þá hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem eg vona tekur einna skarpast í hann sjálfur, og vona eg þá, að þetta mál verði til góðs fyrir fósturjörðu vora. Eg get nú ekki verið svo hræddur við þessar febrúarferðir, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi. Þær tíðkast í öllum norðurlöndum, og eru ekki álitnar eins hættulegar eins og marzferðirnar. Það er almennt viðtekið, að á sjó sèu hættulegastar marzferðirnar, eða ferðirnar um jafndægrin eða frá 18. til síðasta marz, og frá 18. til síðasta septbr. Það er kölluð stormatíð, og á þeirri tíð munu flest strönd verða á ári hverju; þetta er margsannað um öll norðurlönd. Það er því opt betra að ferðast í febrúar en í marz. Það er undir því komið fyrir oss, að ferðirnar byrji sem fyrst, og eg vona að hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki mæli móti því, og svo ekki heldur móti því, að þær verði 12. Herra Siemsen hefir sýnt, að það er hægt fyrir gott gufuskip að fara 12 ferðir um kring landið á 8 mánuðum. Það er líka aðgætandi, að það bæði eykur hylli og dregur úr kostnaði að ferðirnar sèu sem flestar. Eg vil einnig styðja að því, að þingið votti þakklæti sitt þeim herrum sem hafa viljað styðja þetta mál, ekki sízt herra herra kaupmanni Siemsen, sem jafnan hefir sýnt landi þessu eins og nú nefndinni mikla velvild.

Gísli Brynjúlfsson: Eg stend eigi upp af því, eg í raun og veru álíti þess þurfa, því eg er sannfærður um, að allir muni vera svo samdóma um það mál, sem hèr um ræðir, að við mótbárum þurfi eigi að gjöra ráð frá nokkrum hèr á þingi. En hitt er það, að þar sem nú að eins nokkrir nefndarmenn hafa talað, þá þykir mèr það óviðurkvæmilegt, að enginn annar þingmanna skuli láta nokkuð til sín heyra, og eg stend því einkum upp til að votta hinni heiðruðu nefnd þakklæti mitt, og eg þykist vel mega segja allra annara þingmanna, fyrir það, með hvað mikili alúð hún hefir

nnnið í þessu mikilvæga máli. Því þetta málefni er sannarlega mikilvægt fyrir land og lýð, og eg skal því einnig leyfa mèr að taka fram nokkur þau atriði, sem mèr finnast verða að gjöra það eigi síður æskilegt fyrir stjórnina, þó frá hennar sjónarmiði sè skoðað, að gufuskipsferðir mættu komast á hèr í kringum land sem fyrst, en undir því, að stjórnin vilji styðja þetta fyrirtæki, að minnsta kosti í fyrstunni, er það einkum komið, að það geti haft framgang nú sem stendur. Allir muna enn, hve mikið mönnum þótti í það varið, þegar gufuskipið fór fyrst að ganga frá Kaupmannahöfn til Íslands, og hve miklar vonir menn þá gjörðu sèr um árangurinn. Þetta var og að öllu rètt, en nú hafa menn þá sèð, að þessar gufuskipsferðir eru í raun og veru ekki nema hálfverk, því meðan gufuskipið, eins og enn er og verður að vera, fer að eins til Reykjavíkur, þá hefir hún að mestu leyti ein allan hagnaðinn af því, en hitt landið allt situr hjá og horfir á og nýtur þessa hagnaðar að engu, hversu mjög sem svo stjórnin styrkir þetta eina gufuskip. Fyrirtækið er því í raun og veru eigi enn nema hálfkarað, og gufuskipsferðir í kringum landið eru að eins hið nauðsynlega áframhald af því, sem byrjað hefir verið, ef það á að koma landinu að þeim notum, sem stjórnin sjálfsagt hefir tilætlazt, eg get því eigi annað sèð, en að hún verði að vera eins fús á að styrkja þetta áframhald eins og byrjunina, ef hún á annað borð vill vera sjálfri sèr samkvæm, sem eg efast alls eigi um. En það er eigi að undra, þó menn sèu nú fyrst nýlega farnir að taka eptir þessu, því svo gengur æfinlega, að því fleiri fótmál, sem menn komast áfram, því betur sjá menn hvað eptir á að fara. Það er um þetta mál eins og um verzlunarmálið, meðan var verið að berjast fyrir að aftaka gömlu einokunina, sem rètt var, ímynduðu margir sèr, að þegar það væri búið, þá væri allt fengið, en nú hefir reynslan sýnt, og menn eru líka farnir að skilja, að þetta er eigi svo; hið fyrsta fótmál er að eins unnið, en verzlun þessa lands kemst þó aldrei í rètt eða gott horf fyrr en búið er að breyta öllum verzlunarlögum vorum svo, að þau geti ei lengur verið því til fyrirstöðu, að verzlunin verði verulega innlend og í höndum landsmanna sjálfra. Þetta gengur eins og þegar menn eru að ríða upp á móti fjalli, þá ímynda menn sèr opt, að nú sè allt búið, en þá kemur þó opt hvert leitið fram á fætur öðru og vegurinn allur vinnst miklu seinna en menn ímynduðu sèr í upphafi, en vinnst þó samt á endanum. Svona hefir og gengið með gufuskipið; menn sjá nú að það fyrir-

tæki er að eins upphaf án enda, ef ferðum þessum verður eigi framhaldið í kringum allt land; en það bætir og, að hèr er eigi úr svo örðugu ráða, ef stjórnin vill að eins styrkja til þess sem hún hæði á og getur, og því treystum vèr og því, að hún muni gjöra skyldu sína og misskilja eigi svo áríðandi mál, eða taka linlega í það. Að öðru leyti get eg eigi annað en verið alveg samdóma þeim mönnum, sem talað hafa um, að það væri mjög svo tilhlýðilegt, ef þingmenn á einhvern hátt gætu vottað þeim mönnum þakklæti sitt, sem svo vel hafa styrkt nefndina með upplýsingum um, hvernig haga skyldi gufuskipsferðum hèr í kringum land, og einkum þá herra kaupmanni C. F. Siemsen, því brèf hans lýsir ei að eins svo miklu »politisku« viti, heldur og einnig svo miklum velvilja til þessa lands, að það er þakkarvert.

Stefán Jónsson: Það er nú ekki á færi bændanna að tala um fyrirkomulagið á þessum gufuskipsferðum, nè heldur um kostnað þann, sem af þeim leiðir, en hitt held eg, að hver bóndi finni til þess, að mjög er mál þetta áríðandi, og eg er fullviss um, að því verður tekið með þökkum; og eg veit að allir óska, að gufuskipa ferðir þessar geti komizt á sem allra fyrst, og eg fyrir mitt leyti ber það traust til stjórnarinnar, að hún sjái um, að þessu verði framkvæmt, og sèr í lagi treysti eg líka hinum hæstvirta konungsfulltrúa til þess, að hann mæli fram með þessu, eptir því sem honum fórust orð. Eg vil geta þess, að bændur höfðu talað sig saman utan þings um, að láta í ljósi, að þeim virtist skylt að votta þakklæti sitt þessum mönnum, sem nefndin leitaði upplýsingar hjá, einkum þeim sem með svo þakklætisverðum orðum hefir boðið hjálp sína.

Ásgeir Einarsson Eg skal nú ekki halda langa tölu, og hvorki lofa nefndarálitið nè hinn heiðraða höfðingja, er oss hefir gefið beztar upplýsingar máli þessu til skýringar, því það lofar sig sjálft. En eg verð að snúa mèr til hins heiðraða framsögumanns, ekki út af niðurlagsatriðinu, heldur út af því sem stendur neðst á 10. bls. í nefndarálitinu, að skipið eigi að fara fyrst til Austfjarða og norður um land til Reykjavíkur; þetta þykir mèr vera nokkuð óskýrt orðað, og vildi mega óska um það útskýringar hjá hinum heiðraða framsögumanni. Eg vildi einnig geta þess, að nefndinni hefir ekki borið saman við Siemsen um staðina, sem skipið ætti að fara á og ímynda eg mèr, að nefndin hafi valið þá staði sem hentastir væru fyrir samgöngurnar, en að hann hafi haft fyrir augum beztu hafnir.

Ef að skipið á að koma við á Skagaströnd, þá er ekki mikill krókur fyrir það að koma við á Reykjarfirði, og væri það æskilegt mjög helzt á vorum, svo er og þar góð höfn, en á Skagaströnd viðsjál höfn. Eigi skipið að flytja suður útróðrarmenn þá er nauðsynlegt að það komi við á Skagaströnd. Hvað snertir Hofsós þá vil eg geta þess, að á Sauðárkrók er sögð betri höfn, en þar er ekki hús en á Hofsós ekki góð höfn. En nú hefi eg heyrt að í ráði sè að byggja hús á Sauðárkrók, og skyldi skipið ekki koma á Skagaströnd, væri hentugra að það kæmi á Sauðárkrók en Hofsós, einkum ef útróðrarmenn færu með því, og það atriði gjörir eitt nauðsynlegt að það komi á Skagaströnd. Eg vildi vekja athygli framsögumanns á einu, sem ekki hefir verið tekið fram, og það er á því, hvort þeir skilmálar, sem stjórnin hefir inngengið út af póstskipinu, muni ekki vera miður haldnir, en nefndin hefir líklega ekki álitið það sitt verk að fara neitt út í það. Svo skal eg ekki fara fleiri orðum um það, að öðru leyti en því, að mèr virðist að þeir sem hafa borið upp svo margar uppástungur fyrir þingið, ættu ekki að gleyma þessu atriði, enda hefir herra Siemsen bent nefndinni á það. Eg vil lýsa gleði minni yfir því, hve vel hinn háttvirti konungsfulltrúi tók í mál þetta. Því sú athugasemd, sem hann gjörði við febrúarferðina, var ekki nein mótbára, heldur varkárni, og eg veit að sú ferð er nauðsynleg fyrir landið í mjög mörgu tilliti. Og hvað það snertir að ferðirnar sèu óþarflega svo margar, þá get eg ekki sèð það, því eg verð að álíta, að því fleiri sem ferðirnar eru þess gagnlegri sèu þær, en ef því yrði ekki viðkomið í bráð, er betri hálfur skaði en allur.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að svara fáeinum orðum hinum heiðraða þingmanni Strandasýslu. Nefndin hefir ekki stungið upp á nær ferðirnar skyldu byrja. Nefndin hefir um það efni tekið kafla úr brèfi herra Siemsens. Nefndin vildi heldur ekki ákveða, hvaðan skipið skyldi koma, henni þótti miklu varða, að ferðirnar byrjuðu sem fyrst, og það væri mjög æskilegt, að ferðirnar gætu byrjað í febrúar, en nefndin vildi ekki hafa það sem niðurlagsatriði, en það er ekkert á móti því, að það verði tekið fram í ástæðunum í bænarskránni til konungs, og eins er það, að því fleiri sem ferðirnar yrði, að því meira gagni yrðu þær, og því meiri yrðu tekjurnar, eins og herra Siemsen hefir sagt, en kostnaðurinn litlu meiri; því eins þarf að fæða og launa skipsmönnum hvort ferðirnar eru fáar eða margar, svo það eina, sem meir þarf til, ef fleiri

eru ferðirnar eru kolin, en sá kostnaður getur ekki vegið, upp á móti þeim hagnaði, sem leiðir af því, að ferðirnar sèu fleiri. Að því er staðina snertir, þá vildi nefndin ekki fast ákveða þá, en tiltók svona hina helztu, þar sem hún áleit sjálfsagt, að skipið kæmi, og að mestur varningur mundi verða fyrirliggjandi, og hún áleit að skipið mundi fá meiri varning á Skagaströnd en á Reykjarfirði Eg álít æskilegt, að skipið færi inn á sem flestar hafnir, og þó nokkur krókur sè inn á Reykjarfjörð þá er hann ekki mikill. Því fleiri ferðir, sem skipið fer, og á því fleiri staði, sem það kemur, því betur mundu ferðirnar borga sig. Nefndin tók nú þessa staði til, en ef þingið vill svo, þá má breyta þeim í bænarskránni til konungs. Þar sem þingmaðurinn talaði um, að skilmálarnir um Arcturus ekki hefðu verið haldnir, þá er það að vísu satt, því að skipið á t. a. m. eptir síðustu samningum að vera 200 danskar lestir en er að eins 130, en nefndin áleit þetta vera fyrir utan sinn verkahring, og ef þingið vildi fara að tala um það, þá hefði þurft sèrstaka uppástungu.

H. G. Thordersen: Það er nú óþarfi fyrir mig að tala mikið í þessu máli, enda er eg lítt kunnugur gufuskipum. En eg get ekki á mèr setið, að standa upp til að láta það í ljósi, að eg álít að þetta mál sè eitt það þarflegasta og gagnlegasta, sem hefir komið inn á þingið að þessu sinni, hvers vegna eg er nefndarálitinu í mesta máta meðmæltur, og vil láta það heyrast, að eg sè þakklátur við þá menn, sem hafa stutt þetta mál, hverjir sem þeir eru, hvort sem þeir heita Pètur eða Páll. Eg veit að þingið vill að ferðirnar verði sem flestar, og það því fremur, sem póstgöngurnar hèrna eru svo mjög fráleitar að varla er auðið með þeim að koma brèfum manna milli nema endrum og sinnum, en um vegina í þessu landi er bezt að tala sem fæst. En það er ekki einungis vegna brèfanna, nei, hversu þægilegar væru ekki þessar ferðir fyrir menn sem þyrftu að fara um landið, sem hefði erindi við kunningja sína o. s. frv. Einnig mundu þær auka vöruflutninga. Allt þetta er svo mikilsvert að eg get ekki að mèr gjört, að mæla mjög með nefndinni. Eg efast eigi um, að allir landar mínir álíti þetta nauðsynlegt, því ferðir þessar efla samgöngu meðal manna, og samgöngurnar efla bróðurleg sambönd og andlegan fèlagsskap.

Benidikt Þórðarson: Eg vil einungis geta þess hèr, að þegar að því kæmi, að ákveðnar yrði hafnir þær, á hverjar skipið ætti að koma, þá má ekki gleyma höfnunum á Vestfjörðum milli Stykk-

ishólms og Ísafjarðar. Vestfirðir eru landshluti sá, sem engar póstgöngur eru nú um, og því nauðsynlegra væri að skipið kæmi á hafnir þar einkum Patreksfjörð og Bíldudal, þær hafnir báðar eru all tryggar og rúmgóðar, og góð innsigling á þær og ekki löng. Kauptúnin á báðum þessum stöðum hafa nær því enga fasta verzlun og liggja þar þó að talsverð hèruð og sæmileg útvegspláts, svo skipkoman þangað væri í verzlunar tilliti einkar þörf, því opt líður fólk þar skort sökum aðflutninga leysis til verzlunarstaðanna. Millum Akureyrar og hafnanna fyrir austan landið, er allt of langur vegur til þess, að skipið skyldi ekki koma á neinar hafnir sem á þeim vegi eru, og þarf að gæta þessa; eg held að Húsavík og Þórshöfn mættu ekki án þess vera að það kæmi við á þeim stöðum.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að í nefndarálitinu stendur: »að minnsta kosti þessar hafnir; en því fleiri hafnir sem skipið kæmi á, því betra. Að því er snertir hafnirnar milli Stykkishólms og Ísafjarðar, þá er það satt, að þar er langt á milli; en bæði er töluverður krókur inn á Bíldudal; því að Arnarfjörður er langur, og auk þess er höfnin þar eigi svo trygg, sem þingmaður Barðstrendinga ætlaði, og 1861 strandaði skip á Bíldudal. Stjórnin veit hverjar hafnirnar eru hèr á landi, og þarf þingið ekki að benda nema á hinar helztu.

Benidikt Þórðarson: Skipskaðinn sem varð a Bíldudal 1861, orsakaðist engan veginn af því, að höfnin væri svo ótrygg, heldur hinu, að skipinu var ekki hyggilega lagt og ekki með dugandis grunnfærum; um þetta báru rèttaraðgjörðirnar ljóst vitni.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að láta í ljósi gleði mína yfir þeim undirtektum, sem þetta málefni hefir fengið, bæði í nefndinni og hjá þinginu, og sömuleiðis hjá þeim mönnum, sem standa fyrir utan þingið. Þar sem þingmenn hafa talað um að votta þessum utanþingsmönnum þakklæti sitt, þá skal eg muna eptir því við síðustu umræðu málsins, ef þingmenn koma því ei fyrir á annan hátt.

Þá kemur þessu næst til umræðu nefndarálitið í presta-eklumálinu. Framsögumaður er hinn 3. konungkjörni þingmaður.

Síðan var málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið og ágreiningsatriðin upp fyrir þingmönnum.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 253.

Eg skal að svo stöddu ekki lengja þingræðurnar, enda vona

eg að umræðurnar um þetta mál verði ekki langar og að meiri hluti nefndarinnar fái þakkarávörp hjá þingmönnum.

Konungsfulltrúi: Eg get nú að minnsta kosti ekki að svo komnu að mínu leyti uppfyllt þá von, sem hinn háttvirti framsögumaður lèt í ljósi út af nefndaráliti því, er hèr liggur fyrir, að þingið mundi senda honum og nefndinni þakkarávarp. Eg verð, eins og eg lèt í ljósi við inngangsumræðuna í málinu, að lýsa því yfir, að eg álít að presta-efna ekla sú, sem hèr er kvartað yfir, ekki sè nema »temporair» eða um stundarsakir, og eins verð eg enn þá að álíta, að sú áætlun, sem hinn heiðraði uppástungumaður hefir gjört í bænarskrá þeirri, sem nefndarálit þetta lýtur að, um það, hvað margir söfnuðir mundu verða prestslausir að 10 árum liðnum, sè mjög hæpin, af því hèr ræðir um ókomna tímann, sem menn aldrei geta reiknað út með nokkurri og sízt fullri vissu, og sama er að segja um það atriði, hvað margir muni á þessum tíma skrifast út úr skólanum, en eg skal ekki þrátta um þetta atriði, en hverfa til þess, að eg, þar sem eg álít, að sú presta-efnafæð, sem nú er, einungis sè um stundarsakir, og að nefndin gjöri allt of mikið úr henni, með engu móti get skilið, að ástæða sè til, að grípa til þeirra óyndis- og neyðarúrræða, sem nefndin hefir gripið til, er hún stingur upp á því að vígja leikmenn og bændur til presta á útkjálkabrauðunum, og þeim, sem enginn sækir um; mig furðar reyndar á því, að svo vitur og hygginn maður, sem allir vita, að hinn háttvirti framsögumaður er, skuli hafa aðhyllzt svo algjörlega fráleita og óhafandi uppástungu, því fráleit er hún, hvort heldur hún er skoðuð frá hlið prestastèttarinnar, eða hlutaðeigandi safnaða. Eg er viss um, að söfnuðirnir vilja heldur vera prestlausir, en að láta senda sèr bændur fyrir presta, og eins er eg sannfærður um, að enginn bóndi muni vilja takast þessa köllun á hendur, þó honum stæði hún til boða, eða fara slíka forsendingu sem honum er hèr ætluð. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann, og þingmenn yfirhöfuð, hvort þeir, ef þeir væru meðlimir hlutaðeigandi safnaða mundu láta sèr þetta fyrirkomulag lynda, eða hvort þeir mundu gjöra sig ánægða með bændur fyrir sálusorgara, eða hvort þeim þætti sèr ekki gengið of nærri með því fyrirkomulagi. Eg dirfist að neita því, en eg þarf ekki að fjölyrða um þessa uppástungu, þar sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni hefir, eins og við var að búast, verið henni alveg mótfallinn, og hans atkvæði í öðru eins máli og þessu hlýtur þó að ráða mestu. Að öðru leyti virðist mèr

nefndin hafa verið nokkuð stóryrt, þegar hún fer þeim orðum, að ekki sè annað sýnilegt, en að víða muni koma heiðni í stað kristinndóms á afskekktu brauðunum, og þau standi forstöðulaus árum saman, því að bæði er það, að af brauðum þeim, sem laus eru nú, eru að eins 2 eða 3 útkjálkabrauð, því hin lausu brauðin eru í sveit, en öllum er þeim þjónað af næstu prestum, og þau eru því ekki prests- nè forstöðulaus og að því leyti talað er um uppfræðingarleysi ungdómsins, þá vita allir, að hèr á landi eru einkum foreldrarnir, sem uppfræða börn sín; en hlutaðeigandi prestur hefir umsjón og eptirlit með foreldrunum auk annars á húsvitjunarferðum sínum, og tekur við sjálfur, þegar börnin eru komin undir staðfestingaraldurinn. Viðvíkjandi 2. uppástunguatriðinu skal eg taka það fram, að þó nefnd yrði skipuð, til þess að yfirvega hvernig brauðunum yrði slengt saman og fækkað, bætir sú ráðstöfun ekki úr prestaeklunni, fyrr en seint og síðar, og að öðru leyti sè eg ei nauðsyn til slíkrar ráðstöfunar, þar sem hèr í bænum er til nefnd, er sett var af synodus, sem á að gefa álit sitt um brauðasameiningu, þegar þar til gefst tilefni, og stiptsyfirvöldin óska þess af nefndinni. Eg tók það fram við inngangsumræðuna, að ef nú yrði farið að gjöra almenna uppástungu um brauðasameiningu fyrir allt land, yrði það að leiða til þess, að það nýja brauðamat ekki gæti náð staðfestingu; en að í sambandi við hana stæði annað mál, nefnilega um eptirlaun uppgjafapresta og prestsekkna, sem ekki þoldi neina bið, en sem þó yrði að bíða, ef þessari uppástungu yrði framgengt. Loks skal eg leyfa mèr að athuga, að þar sem uppástungan undir 1. tölul. auðsjáanlega miðar til þess, að komizt verði hjá, að skikka nokkurn til brauðs, að mèr virðist, að nefndinni hafi tekizt miður en skyldi að hitta upp á það rètta meðal gegn þessu vandkvæði sem svo er kallað, en sem eg ekki get álitið, að sè neitt vandkvæði í raun og veru, þegar hlutaðeigendur geta haft vissa von um betri brauð eptir 2 eða 3 ára góða þjónustu. Eg skal svo ekki fjölyrða um mál þetta, en einungis ráða þinginu frá að aðhyllast það eða senda bænarskrá í því til konungs.

Framsögumaður: Það stendur víst næst mèr sem framsögumanni að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa nokkrum orðum. Það er auðvitað, að ef engin þörf er á prestum í hinum auðu brauðum þá fellur þetta allt um sjálft sig. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður hefir tekið öðruvísi í þetta mál, en hinn hæstvirti konungsfulltrúi. Ágreiningsatkvæði hans er orðað með þeirri

hógværð, stillingu og varúð, sem honum er svo lagin; eg segi þetta ekki af því, að það ekki líka megi heimfærast upp á ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa,, því það má það fullkomlega; einungis furðaði mig á því, hverjar þakkir hann kunni nefndinni, og einkum mun það vera óvanalegt, að konungsfulltrúi með þess konar ávarp beinist að einstöku mönnum hèr á þingi. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður gat þess þegar í nefndinni, að hann mundi ekki geta fallizt á nefndarálit meiri hlutans, en þetta ráðgjörði ekki hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga, og eg vissi ekki betur en að hann væri meiri hlutanum samþykkur; en allir eiga leiðrètting orða sinna og geta tekið fyrir sig aðra stefnu í málinu jafnvel þó það sè óregla, að ráðgjöra ekki ágreininginn fyrirfram, því sè það ei gjört, geta eins mörg nefndarálit komið inn á þingið eins og nefndarmenn eru margir. Eg vildi manna fúsastur óska þess, að menn aldrei þyrftu að beita 1. niðurlagsatriði meiri hlutans sem sè uppástungunni um vígslu leikmanna, hve miklum tryggingum sem hún yrði bundin, eða að þörfin nokkru sinni yrði svo mikil, að menn þyrftu að fara því á flot, sem þar er farið fram á; en þingmenn utan úr landi geta bezt skýrt frá því, hvernig ástatt er í þessu tilliti. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður hefir játað að 7 brauð væru preslaus, og er þetta töluvert, en auk þessa veit eg ekki, hvort þeir, sem þjóna hinum næstu brauðum eru ungir eða gamlir menn; en það verða allir að játa, að hèr kemur heilsufar og annað þess konar til skoðunar. Hinn háæruverðugi þingmaður hefir og sagt, að prestaeklan aldrei hafi verið kærð fyrir byskupnum; eg efast ekki um að þetta sè satt, en þetta er engin mótbára móti því, að engin þörf sè til staðar. Eg get nl. ekki skoðað þögn manna sem sönnun fyrir því, að engin þörf sè, heldur er hún vel skiljanleg eins og ástatt er hèr á landi og getur verið miklu fremur sem slæmur vottur um andlegt dá og kæruleysi í kristilegum efnum. Bæði konungsfulltrúi og hinn háæruverðugi þingmaður hafa sagt, að presta-eklan ekki mundi vara nema um stundarsakir; eg vona það líka; þess vegna hefir og nefndin stungið upp á þessu til bráðabyrgðar, og af því enginn möguleg-leíki var til þess, að fá menn í brauðin hin næstu 10 ár, og stjórnin hefir neitað stiptsyfirvöldunum um leyfi til að gjöra undanþágu frá hinum lögboðna prestsvígslu aldri. Eg játa það, að það var með samvizkunnar efasemdum og jafnvel mótmælum, að eg bar þessa uppástungu upp, en af því eg er innilega sannfærður um, að þörfin er

fyrir hendi, þá vil eg heldur þetta meðal, en að söfnuðirnir sèu prestlausir; og þegar hinir umgetnu eiginlegleikar fyndust hjá þessum leikmönnum, þá er eg viss um, að þeir mundu geta áunnið sèr virðingu hjá söfnuðunum, einkum þegar söfnuðirnir fyrirfram fengju að láta í ljósi, hvort þeir vildu hafa þá eða ekki; þetta gæti þá orðið söfnuðunum til sannrar uppbyggingar, og færi í alla staði betra en ef presturinn væri skólagenginn og að öðru leyti ekki gæti áunnið sèr hylli og virðingu almennings. Konungsfulltrúi og þingmaður Barðstrendinga hèldu að enginn leikmaður mundi fást til að fara að þessum brauðum, en þá finnst mèr það ísjárvert að vilja reka prestaskóla kandídata þangað með skikkunarvaldi; að minnsta kosti hef eg heyrt þeim legið á hálsi, ef þeir ekki vilja fara til þesshátta brauða, en þetta finnst mèr vera mjög svo ósamkvæmt, sem eg ekki get rýmað saman. Það er og satt sem konungsfulltrúi sagði, að brauðamatsnefndin ekki getur bætt úr presta-eklunni; það hefir nefndin heldur ekki hugsað sèr; sú nefnd getur ekki skapað presta; en hún getur fækkað brauðunum og gjört þau aðgengilegri. Konungsfulltrúi hèlt einnig, að þetta miðaði til að girða fyrir skikkunarvaldið; þetta getur vel verið, og eg hef heldur aldrei verið vinur skikkunarvaldsins. Eg neita því ekki, að þessi uppástunga sè ný og óvenjuleg hèr á landi nú sem stendur, en þó vil eg geta þess, að eptir siðaskiptin voru leikmenn vígðir til presta. Eg vil og geta þess, að í Danmörku og á Færeyjum er brauðunum skipt í vissa flokka, svo að eptir því hvort menn hafa 1. 2. eða 3. einkunn, fá menn beztu, verri eða verstu brauðin; en hèr kæmu leikmenn til að svara til þeirra sem hefðu 4. einkunn, og sem einungis fengju þau brauð sem enginn vildi sækja um. Hvernig sem menn líta á málið, þá álít eg að fullkomin þörf sè hèr fyrir hendi. Að lyktum ætla eg að geta þess þessu máli viðvíkjandi, að eg fyrir mitt leyti álít, að það þurfi fullt eins mikinn »politiskan» og siðferðislegan sálarstyrk og hugprýði til þess að koma fram með þessa uppástungu, eins og að rifa hana niður.

Helgi Hálfdánarson: Af því þetta mál snertir prestastèttina, þá ætla eg að fara nokkrum orðum um það. Það er einkum fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar, sem eg vildi tala um. Nefndin sjálf hefir kallað það, sem þar er stungið upp á, neyðarúrræði, en eg get fyrir mitt leyti ekki annað en kallað þetta ótækt, eða jafnvel fráleitt úrræði. Þetta mun nú þykja harður dómur, og vil eg því

leitast við að færa nokkrar ástæður fyrir honum. Eg held þá fyrst, að þetta sè óheyrt á vorum tímum víðast í hinum siðaða heimi, og sèr í lagi í hinni prótestantisku kirkju. Eg veit ekki einu sinni til þess, að slíkt hafi nokkurn tíma átt sèr stað í Grænlandi, heldur hafa þvert á móti þeir prestar, sem sendir hafa verið þangað, til þeirra aumingja, sem menn nefna skrælingja, ávalt verið skólagengnir og háskólagengnir menn. Ef miður á að vanda til presta-efna hjá oss, þá lítur ekki vel út. Framsögumaður gat þess, að það hefði verið siður hèr á landi eptir siðabótina að vígja ólærða menn; þetta er satt; en mèr þykir líklegt að enginn vilji kippa öllu hèr á landi aptur í sama horf sem fyrir 300 árum síðan. Eg veit og ekki betur en að þetta sè gagnstætt öllum kirkjulögum. Þó eg sè ekki lagamaður held eg mèr óhætt að fullyrða, að í öllum kirkjulögum sè gjört ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að þeir sem prestar eiga að verða, sèu skólagengnir og hafi auk þess annaðhvort gengið á háskóla eða einhvers konar prestaskóla. Af þessu álít eg, að þessi uppástunga sè gagnstæð anda allra kirkjulaga. Eg álít það og gagnstætt hinni protestantisku hugmynd um presta-embættin; það er máske ekki beinlínis móti Augsborgar trúarjátningunni; en þar sem í Art. 14 stendur, að enginn eigi að kenna í kirkjunni og þjóna að sakramentunum, nema hann sè löglega kallaður (rite vocatus), þá hef eg allt af ímyndað mèr, að þar væri meðfram gjört ráð fyrir vísinda- og guðfræðislegri menntun, og eg man ekki betur en að professor Clausen í Kaupmannahöfn skildi þessi orð á þann veg. Auk þessa er þetta gagnstætt öllu eðli og anda hinnar protestantisku kirkju, því hvað er það, sem hin protestantiska kirkja styðst við og er byggð á? Það er fyrst og fremst guðsorð, og þar næst vísindin; hún er með öðrum kirkja vísindanna, og því fer það í gagnstæða átt, að álíta vísindin óþörf. Í nýja testamentinu eru og staðir, sem ljóslega benda á það, að ekki fari vel á því, að hver og einn takist kennimannlegt embætti á hendur. Þannig sagði Jakob postuli t. a. m.: »Verið ekki margir kennifeður, bræður mínir», og er auðsætt af því, að hann hefir álitið varúðarvert að ganga í það embætti nema vel undirbúinn. Eg get heldur ekki betur sèð, en að það, sem þessi uppástunga fer fram á, yrði til þess að óvirða prestastèttina, því það lítur út sem menn með þessu meti presta-embættin minna en önnur embætti. Það mætti þá eins stinga upp á því, að ólærðir menn yrðu sýslumenn og amtmenn eða læknar; það hefir þó ekki á undanförnum þingum þótt eiga vel við, að hinir ólærðu »dönsku júristar»

væru embættismenn hèr á landi, og þegar ólærðir menn taka fyrir sig að fást við lækningar, þá kalla menn þá skottulækna, sem sýnir það, að þeir eru vanalega ekki í miklu áliti. Þetta gæti og stofnað hinni lútersku kirkju og hinum lútersku trúarbrögðum hèr á landi í voða. Ef hingað kæmi, sem vel getur hugsazt, einhver katólsk »propaganda», eða einhverjir, sem hèr vildu breiða út aðra trú en þá, sem hèr er, ætli þeir mundu þá ekki ráðast þar á garðinn, sem hann væri lægstur, og helzt veitast að þeim söfnuðum, sem þessir ólærðu menn stæðu fyrir? Og gætu menn þá ætlazt til, að menn sem vantar alla vísindalega menntun, væru færir um að verja trú sína og leiðbeina söfnuðum sínum eins og þyrfti og vera bæri? Þar að auki gæti þetta fyrirkomulag á annan hátt haft skaðleg áhrif á trúarlífið hèr á landi. Það gæti leitt til trúarvingls (Sværmeri) og trúarofsa (Fanatisme). Reynslan hefir þráfaldlega sýnt það, að mörgum trúarsterkum mönnum hefir hætt við þessu, einmitt af því þá vantaði menntunina. Það er að vísu satt, að vísindin hafa stundum leitt til vantrúar, en það liggur þó ekki í eðli hinna sönnu vísinda; en þar á móti liggur það beint við, að menntunarleysið geti hæglega leitt til trúarvingls og trúarofsa. Þegar eg lít til prestaskólans, þá álít eg og, að þetta yrði til að rýra álit hans. og jafnvel til að eyðileggja hann sem vísindalega stofnun, því ef þetta kæmist á, gæti svo farið, að ekki gengju aðrir á prestaskólann en þessir ómenntuðu menn. Og hvað yrði þá úr honum? það yrði minna úr honum en »Skolelærerseminarium». Þessir menn eiga eptir uppástungu meiri hlutans að fá rýrustu brauðin, og nefndarálitið segir: vèr álítum að þessir menn geti orðið *þessum* söfnuðum til verulegrar uppbyggingar? En eg vil þá spyrja: Hvers vegna *þessum* söfnuðum fremur en öðrum? Eru sálirnar á Hornströndum ekki eins dýrmætar og sálirnar hèrna í eða kringum Reykjavík? Að öðru leyti get eg ekki annað en álitið það rètt hugsað af nefndinni, að ef þessir menn stæðu vel í stöðu sinni, þá ættu þeir með tímanum að fá betri og betri brauð. En hvaða munur yrði þá á þessum prestum og hinum? Eg álít auk þessa, að það sè ekki til neins, að þessu sè farið á flot; það er ómögulegt fyrir stjórnina að ganga inn á það og söfnuðirnir munu heldur ekki gjöra það; eg ímynda mèr að þeim söfnuðum, sem boðnir væru þessir prestar, mundi finnast, að þeir væru settir út undan. Eg skal gjarna játa það, að margir leikmenn eru betri og í mörgu fremri menn en við lærðu klerkarnir margir hverjir; en eg efast

um, að nokkur hinna helztu og beztu leikmanna vildu takast þetta á hendur. Eg ímynda mèr að þeir mundu hliðra sèr hjá því, fyrst og fremst fyrir samvizkunnar sakir; því þeim fyndist ekki rètt að ganga inn í svo vandasama lífsstöðu, þegar þeir hefðu ekki áður búið sig undir hana; og þar næst fyrir stundlegra hagsmuna sakir, því sumir þeirra gætu verið komnir í aðra stöðu, verið giptir og búsettir menn, og mundi þeim þá ekki þykja tilvinnandi að breyta stöðu sinni, til þess að fara t. a. m. út í Grímsey. Aðrir ættu ekki að takast þetta á hendur, en þeir, sem fyndu hjá sèr innvortis köllun til þess; en hver er sá maður sem gæti dæmt um það, hvort þeir hefði þessa köllun? Það getur enginn nema sá, sem rannsakar hjörtun. Eg sting því upp á, að þessi uppástunga sè felld, hvað mikil presta-ekla sem er hèr. Eg vil heldur halla mèr að því með þingmanni Barðstrendinga, að biðja stjórnina um styrk til að bæta upp rýrustu brauðin, og held eg ekki þurfi eins mikið og hinn háttvirti þingmaður stakk upp á; eg held að nægja mundi 2 til 3 þúsundir rd. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt.

H. Kr. Friðriksson: Þar eð mjög er áliðið dags, vil eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki sè rèttast, að fresta málinu til morguns.

Forseti: Eg vil geta þess, að hinn 4. konungkjörni þingmaður og hinn konungkjörni varaþingmaður hafa sagt mèr, að þeir þyrftu að fara af fundi, og eru þeir þegar gengnir.

Síðan var það með atkvæðafjölda samþykkt, að málinu skyldi fresta til næsta fundar. Forseti gat þess einnig, að til hans væri komið nefndarálit í læknamálinu, og ákvað síðan fund til þess á morgun kl. 11. f. m. Fundi slitið.

Tuttugasti og þriðji fundur — 4. ágúst.

Allir á fundi.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur áframhald af undirbúningsumræðunni um prestseklumálið til umræðu. Þingmaður Reykvíkinga hefir orðið.

H. Kr. Friðriksson: Illu er bezt aflokið, því mèr þykir það hart að þurfa að standa upp til þess, að tala á móti annari eins uppástungu og þessi er, hún er svo »original» og sèrstök, að eg

held að önnur eins aldrei hafi verið borin upp í hinni lútherku kirkju. Hinir helztu gallar hennar eru 4, sem eg nú skal greina: Hún rýrir álit prestastèttarinnar, særir tilfinningar safnaðanna, eyðileggur prestaskólann og eyðir allri menntun landsins. Hún rýrir álit prestastèttarinnar; eða getur nokkur ímyndað sèr annað en hún rýri prestastèttina, þegar ómenntaður maður á að vígjast til prests? Það liggur þá beint fyrir, að bændur segi við aðra presta: »Þú ert eigi betri en við, því að menn af vorri stètt eru taldir yður jafnsnjallir, og taldir í alla staði hæfir til að takast þau hin sömu störf á hendur sem þèr«; en við þessa ómenntuðu presta verða þeir að segja: »Þú ert eigi betri en vèr; og getur því eigi gjört oss það gagn, sem vèr óskum«, og með þessu er þá beint rýrt álit prestastèttarinnar og með því er og rýrt álit menntunarinnar og allra menntaðra manna. Því að þegar ómenntuðum mönnum er trúað fyrir þeim störfum, sem annars þykir að eins menntuðum mönnum trúandi fyrir, þá verður það til þess, að hinir ómenntuðu fari að hreykja sèr upp, og missi þá traust það, sem eðlilegt er, að menntuðum manni sè sýnt; það særir og tilfinningu safnaðanna, þegar ómenntaðir menn úr flokki þeirra eru settir yfir þá til að leiða þá í hinum helgustu sannindum og fræða þá um þeirra sáluhjálparefni. Það er alls eigi auðið, að söfnuðurnir geti borið sanna virðing fyrir þessum mönnum, sem eru þeirra jafningjar, og ekki eru fremri þeim í neinni menntun. Enn fremur er þetta til gjörsamlega að eyða prestaskólanum, og furðar mig það stórlega, að þessi uppástunga skuli vera komin frá forstöðumanni prestaskólans, jafnvitrum manni; því það liggur beint við, að þeir sem vilja verða prestar, í stað þess, að ganga á menntaveginn og svo prestaskólann, fari skemmri veginn, sem bæði tekur minni tíma og minna fè. Þetta er og langt frá því að bæta úr prestseklunni, að það miklu fremur eykur hana; því mèr þykir það merkilegt að vilja bæta úr presta-eklunni til bráðabyrgðar, einmitt með því, að auka hana, því að þegar menn sjá, að enga menntun þarf til að gjörast prestur, þá hætta þeir að læra, og því hljóta þeir að fækka, sem ganga á prestaskólann. Það er eins og menn loki augunum fyrir sannleikanum, og það þeim sannleika sem hlýtur að liggja öllum í augum uppi. Þegar meiri hlutinn er að reikna út heilaspuna sinn um hvað mörg brauð verði prestlaus eptir 20 ár, þá er það merkilegt, að koma með slíkt; því að það er auðsèð, að það er eigi auðið að segja, hvað margir muni útskrifast hin næst-

komandi 8 ár; það er hreinn spádómur og það öldungis út í loptið; eg held að það sè bezt að láta þess konar spádóma liggja í þagnargildi. Það er heldur ekki einungis prestaskólinn sem eyðileggst við þetta, heldur er þeirri einu menntunarstofnun í landinu hætta búin, nefnilega latínuskólanum; menn geta ekki búizt við því, að leikmenn muni kosta syni sína til þess að ganga þenna langa veg, þegar þeir geta látið þá verða presta á miklu skemmri tíma og með miklu minni kostnaði; því hèr þarf ekki annað en að koma þeim 1 vetur fyrir á prestaskólanum, og svo setja þá inn í prestsembættið. Þar sem segir í uppástungunni, að það skuli vera virtir og valinkunnir og guðhræddir menn, þá held eg, að búsettir menn naumast muni slíta sig upp frá búum sínum til þess að komast á þessi rýrustu brauð; og að þessu leyti verður uppástungan að öllu árangurslaus. Það vantar ekkert annað í uppástunguna en að það skuli vera lausamenn, þá er eg viss um, að menn gætu fengið nóga, og þá ætti sjálfsagt að byrja á Jóni prestslamb og þess háttar mönnum (*Forseti:* Þetta álít eg svo sèrstaklegt, að það geti ekki átti hèr við). Eg get ímyndað mèr, að lausamenn, sem ekki eru til neins nýtir, sem engu nenna, muni taka þessu fegins hendi, en eg er sannfærður um, að góðir og valinkunnir bændur muni alls eigi þiggja þessi boð, því að hver valinkunnur og guðhræddur bóndi mundi finna til þess, að þá skorti á þá kosti, sem þeir þyrftu, til þess að standa vel í þessari hinni vandasömu stöðu. Og á hinn bóginn held eg, að dugnaðarmennirnir fari varla að rífa upp bú sín, til þess að gjörast prestar á þessum rýrðarbrauðum. Það yrðu því einungis flysjungar og slæpingar til þess, sem einungis hirtu um tekjurnar, er mundu þiggja þetta, án þess þeir hirtu nokkuð um, hvort þeir ræktu embættið vel eður illa. Nefndarálitið gjörir auk þessa með þessari uppástungu sinni úlfalda úr mýflugunni, og ef til vill, gjörir hann að sönnum úlfalda með því að vera að staglast á þessum prestaskorti, því við það kemst það, að nokkru leyti inn í meðvitund almennings, að hèr sè slíkur prestaskortur, að gripa verður til einhverra óyndisúrræða. En eg held að hér sè ekki um það að gjöra, að menn þurfi að grípa til þessara óyndisúrræða, þar sem einungis 7 brauð eru laus, og þeim þar að auki er þjónað af nábúaprestum; þetta úrræði nefndarinnar er sannarlegt óyndisúrræði, enda kallar nefndin það svo. Þessi uppástunga er einnig merkileg að því, að jafnframt og hún er að tildra upp í beztu brauðin prestaskólakandídötum, er verið

að grafa fótinn undan prestaskólanum; á annan bóginn eru þeir taldir of góðir til að sækja um þessi rýrustu brauð, en á hinn bóginn er verið að hvetja menn til þess, að leggja ekkert á sig til þess að ná í þessa stöðu. Eg get heldur ekki verið hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga samdóma, að senda bænarskrá um þetta efni til stjórnarinnar, því eg álít það minnkun fyrir þingið að senda málið frá sèr; rèttast væri fyrir þingið alveg að ganga fram hjá uppástungunni, og fleygja nefndarálitinu með öllu. Það er sannarlega hlægilegt, að menntaðir menn skuli koma fram með aðra eins uppástungu, en einkum furða eg mig á því, að hinn ágæti forstöðumaður prestaskólans skuli gjöra það; eg álít það ævarandi blett á þinginu, ef það aðhyllist þessa uppástungu. Viðvikjandi 2. atriðinu, þá sè eg ei hvað það hefir að þýða; hèr er synodalnefndin og stendur enn þá, og hvernig þessi nýja nefnd á að leggja ráð fyrir allt land, fæ eg ekki skilið; sumpart á nefndin að beygja sig undir stiptsyfirvöldin, en þó eru stiptsyfirvöldin skyldug að samþykkja uppástungur hennar; þetta er undarleg ósamkvæmni sem eg ekki skil; þetta álít eg miður hugsað; eg held að það sè nóg, þó ekki sè önnur nefnd hèr en þessi synodalnefnd; þessi nýja nefnd mundi heldur ekki bæta úr presta-eklunni, því það getur synodalnefndin fullt eins vel. Ef menn halda, að presta-eklan sè komin af því, að brauðin eru svo rýr, þá verða menn að nota annað ráð en það, sem uppástungan bendir á. Eg fæ ekki sèð, að hèr sè svo mikill voði á ferðum, þótt nokkur brauð sèu prestlaus. Hin rýrustu brauð eru heldur ekki öll útkjálkabrauð, sum þeirra eru í miðjum sveitum, sem hægt er fyrir nábúaprestana að þjóna; Staður á Snæfjöllum er heldur ekki svo afskekktur, sem virðist að menn haldi; því brauði hefir verið þjónað í 2 eða 3 ár af prestinum í Grunnavík, og þar að auki gætu 2 aðrir prestar þjónað þar, nefnilega prestarnir á Eyri við Skutulsfjörð og í Ögur-þingum; þar á milli er rúm vika sjáfar. Það getur verið einstakt brauð, sem ekki er hægt fyrir nábúaprestana að þjóna, t. a. m. eins og Grímsey, en eg álít fyrir það óþarfa að gjöra úlfalda úr mýflugunni; það eru líka nokkrir kandídatar svo ungir, að þeir ei geta sótt um embætti, og við það að þeir ná lögmætum aldri bætist nokkuð úr, en þess er ekki lengí að bíða. Eg held að það sè því bezt öldungis að fleygja þessari uppástungu, því hún er ekki til annars en að óvirða prestastèttina.

Jón Hjaltalín: Eg veit nú ekki hvort eg á að þora að standa

upp, því mèr finnst vera komin svo mikil hreifing á allt í salnum; en af þvi eg vil fylgja sannfæring minni þá ætla eg mèr að segja nokkur orð, og það með allri stillingu, því málið krefur það. Eg hef ekki getað glöggvað mig svo á nefndarálitinu, að eg sè staðráðinn í því, hvernig eg eigi að líta á málið, eg get heldur ekki áttað mig á ræðum þingmanna. Eg ætla því ekki að fara út í málið sjálft, en fara nokkrum orðum um það, sem talað hefir verið. Eg ætla þá fyrst að minnast á nefndarálitið. Hèr er farið fram á neyðarúrræði, sem er byggt á því, að eptir 10 ár verði 22 brauð prestlaus. Eg þori ekki að segja að þetta sè rètt, en þó held eg það sè nær sanni, og er bágt að vita til þess. Við megum vara okkur á því, að kenna ekki saklausnm mönnum um þessi bágindi, eg fyrir mitt leyti get ekki gjört að því að lækna vantar í landið. Eins geta heldur ekki stiptsyfivöldin gjört að því, að presta vanti í brauðin, og sama er að segja um forstöðumenn prestaskólans. Hèr eru því augljós vandræði fyrir hendi, og engin sönnun hefir enn komið fram fyrir því, að áætlun nefndarinnar sè röng; menn hafa því of gífurlega rifið nefndarálitið niður. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hann ekki gæti þakkað nefndinni fyrir nefndarálitið; eg er ekki á þessu, eg held þegar í vandræði er komið, þá sè rèttast að reyna til að laga sem bezt hjá sèr. Einn þingmaður, sem eg virði mikils, einkum þegar hann heldur ræður, eg meina þingmanninn frá Gullbringusýslu, talaði harðlega móti nefndinni. Ræða hans var greinileg og ljós eins og jafnan, en ekki eins sannfærandi og aðrar ræður hans eru vanar að vera. Hann gekk of langt; hann sagði að nefndarálitið væri óheyrt í nokkru siðuðu landi; eg vil einungis benda honum til Englands; eru þar ekki ólærðir menn sem prèdika? Við höfum heyrt þá hèr og dáðst að þeim. Þingmaður Gullbringusýslu sagði að þetta væri ólöglegt, en hvar á þetta við? Við erum hèr að búa til lög, og ef stjórnin samþykkir það, þá er ekkert í veginum; og eg er heldur ekki viss um hvort stjórnin svo skelfilega muni vera því mótfallin, eins og lítur út fyrir að menn hèr í salnum sèu, því það mun verða æ örðugra og örðuga að fá menntamenn í þessi rýrðarbrauð hèr á landi, og er það þó undarlegt, þar sem þingið fór hinu sama á flot í læknamálinu, og í frumvarpinu til kláðamálsins, því eptir því gátu smalar dæmt um veikindi fjárins. Hinn sami þingmaður sagði og að þetta væri móti öllum siðum í lútersku kirkjunni, nl. að þeir væru ei rite vocati; en þetta gildir ekki meira hjá oss, en á Eng-

landi, svo þessi mótbára gegn uppástungunni missir þó altènd mikið af þýðingu sinni. Að það óvirði preststèttina er trúlegt, ef það kemur að því, að farið verður að vígja aðra eins menn og þingmaður Reykvíkinga nefndi, og væri mjög hágt til þess að vita; en það vitum við líka, að ekki hafa þeir allir verið beisnir prestarnir hjá okkur, og um það er getið í hverri útlendri ferðabók sem höndlar um Ísland, og sín skömmin vanalega sett í suma presta. Hann hèlt og, að þetta mundi verða lèttvægt úrræði móti hinni kathólsku propaganda; en eg held að hún sè nú ekki svo hættuleg, því í þessu tilliti erum við verndaðir af lögunum; eg held menn megi muna eptir trúarbragðafrelsismálinu; svo heldur ekki verður þetta nein þung mótbára. Hann hèlt og að þetta mundi leiða til trúarvingls; en það skildi eg ekki; eg hefi þekkt og heyrt getið um marga þess konar menn, en þeir hafa jafnan verið úr flokki hinna lærðu og meðan ekki fleiri en 1000 af leikmönnum hafa fallið til trúarvingls, þá hafa 10/100 af hinum lærðu gjört það. Það hefir verið sagt af lærðum manni, að heimsspekin, móðir allra vísinda, færði fyrst frá guði og síðan, ef menn hèldu áfram, til guðs; eg held og að allur hálflærdómur sè hættulegur, og þegar hann einstrengingslega gengur í vissa stefnu, getur það orðið til þess, að hinir lærðu verða óvissir í trúuni. Þá ætla eg að snúa mèr að þingmanni Reykvíkinga. Hann byrjaði ræðu sína á því að segja, að illu væri bezt af lokið; mèr dettur þetta opt í hug þegar eg á að fara að skera kýli. Hann sagði að þetta yrði til að eyða allri menntun í landinu; en eg vil þá spyrja, því hafa ekki Qvækararnir þá eytt allri menntun á Englandi, þetta er því engin mótbára að gagni. Hann gat og um að þetta mundi særa tilfinningu safnaðanna; eg gæti trúað því, ef aðrir eins menn yrðu prestar eins og þingmaðurinn gat um; en eg vil spyrja þingmanninn, hefir hann aldrei sèð presta hjá oss, sem hafa sært tilfinningu safnaðanna. Eg vil að við förum hægt í þessu tilliti, og vörum okkur á því, að þegar við rífum eitthvað niður, þá að segja jafnan satt. Einnig sagði hann, að þetta mundi spilla fyrir prestaskólanum; eg gæti skilið það, ef uppástunga nefndarinnar væri almenn, en þetta hefir nefndin engan veginn hugsað sèr, heldur miklu fremur gjört ráð fyrir, að henni sem sjaldnast yrði beitt. Eg er og viss um, að hinn háttvirti framsögumaður, jafnvitur og skarpur maður, hefir vandlega hugsað um þetta, og viljað girða fyrir, að uppástungunni yrði opt beitt. Þingmaður Reykvíkinga sagði og, að enginn mundi

rífa sig upp frá búi sínu til þess að taka á móti þessum rýrustu brauðum; þetta er víst satt, og þarna liggur hnúturinn, nefnilega að prestaköllin eru svo aum, að engir vilja hafa þau, jafnvel ekki ólærðir menn. Þetta er satt, og úr þessu ástandi hefir nefndin ekki getað bætt; þetta, að embættin eru svo vesöl, að til vandræða horfir, kemur einnig til að ganga út yfir presta- og latínuskólana; það er ekki árennilegt, að eyða fè og tíð til þess, að fá þetta á endanum. Það einasta ráð, sem hèr getur verið um að gjöra, er að slá saman brauðunum; en þá koma söfnuðirnir og eru því mótfallnir; var þetta tekið hèr fram um daginn og líkaði mèr það stórilla; því hvað á stjórn landsins að vera að spyrja söfnuðina um þessháttar? Eg ætla ekki að tala fleira að svo stöddu, en eg vona að þingið viðurkenni, að eg hafi talað með ró og stillingu, og að það sjái, að eg enn þá er alveg óráðinn, hvað atkvæðagreiðslu mína snertir; eg ætla því fyrst að heyra ástæður manna með og mót málinu.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð nú að segja eins og flestir, sem hafa talað gegn þessu nefndaráiiti, að það er neyðarúrræði, sem nefndin hefir gripið til í þessu 1. niðurlagsatriði. Hún kallar það og sjálf þessu nafni, en telur það þó hið tiltækilegasta úrræði, til að bæta úr presta-eklu þeirri sem nú er, og nú virðist fara í hönd, að prestvígja guðhrædda, virta og valinkunna leikmenn, sem hafa búið sig undir prestskap 1 vetrartíma. Eg ætla nú ekki að fara að upptelja neitt af því, sem nú þegar er talað, til að fella þessa uppástungu nefndarinnar, en eg ætla að skoða mál þetta frá annari hlið, það er að segja, hvernig þetta neyðarúrræði muni gefast. Eg ætla nú að gjöra ráð fyrir, að þessi uppástunga fengi samþykki stjórnarinnar. Nefndin ætlast til, að þetta ætti að vara í 10 ár, og þess vegna að taka enda 1872 eða 73. Setjum nú að það fengi samþykki stjórnarinnar, þá gæti það þó ekki orðið fyrr en 1864. Nú yrði þetta heyrum kunnugt hèr á landi, og færu menn þá að líta í kring um sig, og hugsa sig um, hvort gjörlegt mundi að nota sèr þenna úrskurð stjórnarinnar; eg gjöri ráð fyrir að fæstum mundi af veita að hugsa sig um þetta allt að eins árs tíma, eða að minnsta kosti mundi enginn hygginn eða forsjáll maður flana að þessu; en eg set þó að hann á endanum rèði þetta af, og færi nú til einhvers af þessum prestlausu útkjálkasöfnuðum, og byði sig þar fram, og söfnuðurinn vildi þiggja þjónustu hans, þegar hann væri nægilega búinn að undirbúa sig. Nú tæki þessi maður þá til ó-

spilltra málanna, færi að lesa dönsku og læra reikning, svo sem hið einka-skilyrði fyrir því að geta fengið prestlega menntun, og eg gjöri ráð fyrir, að þessi undirbúnigur gæti ekki varað skemur en heilt ár. Þá væri komið að árinu 1866. Nú færi hann þannig undirbúinn á byskupsfund, og tjáði sig staðráðinn í því að verða prestur, og framlegði beztu vitnisburði; síðan gengi hann 1 vetrartíma á prestaskólann, og væri þá eptir nefndarinnar uppástungu, nægilega orðinn útlærður til presstskapar; en þá væri komið árið 1867, og eg ímynda mèr að þetta sè sá stytzti tími sem maður gæti gjört ráð fyrir, þangað til að þessi leikmanna vígsla gæti að haldi komið. Eg held því, að nægar sönnur sèu færðar fyrir að það ráð sem nefndin hefir stungið upp á til að bæta úr presta-eklu í bráð, sè mjög óheppilegt, og geti að minnsta kosti ekki fyrr en eptir 5 til 8 ár náð tilgangi sínum, en þá væri langt liðið á þann tíma, sem nefndin ætlaði sèr að láta þetta úrræði standa. Eg held nú, af því sem eg hefi sagt, að það væri miklu betra ráð, að gefa þeim, sem útskrifaðir eru á prestaskólanum, og ekki eru búnir að ná þeim lögboðna aldri, veniam ætatis, eða leyfi til prestskapar, þó ekki hafi þeir fullan vígslu aldur. Það er nú og vanalegt, að þeir, sem útskrifast þaðan, ekki hafa náð embættisaldri. Þegar nú maður þar næst skoðar málið frá hlið þessara guðhræddu og valinkunnu manna, þá efast eg mikillega um, að *þrítugir almúga menn mundu* vilja gefa sig í prestskap. Þeir munu flestir, sem annars er nokkuð í varið, vera búnir að festa ráð sitt, þegar þeir eru komnir á þritugs aldur, flestir vera giptir og búsettir, og get eg ekki annað haldið en að þeir mundu horfa í það að yfirgefa fyrst og fremst heimili sín og sleppa forstöðu þeirra, og þar næst að kosta sjálfir prestaskólaveru sína, þó hún eigi ekki að vera nema eitt ár, og svo á endanum að verða prestar á hinum allra aumustu brauðum. Það væri þá helzt, að ógiptir menn, sem væru lausir og liðugir, tækju því; en þessir lausamenn held eg sèu fæstir af hinum valinkunnustu. Það virðist mèr og athugavert, að svo sýnist sem þessi hèr umrædda uppástunga nefndarinnar heimti *meir af þessum mönnum* en lærðum prestum. Þegar talað var hèr um skikkun til prestakalla, kom það fram, að nægilegt væri að heimta að þeir *ættu að standa vítalaust* í stöðu sinni, til þess að geta fengið betri brauð eptir 3 ár; en af þessum vígðu leikmönnum er heimtað að þeir hafi *rækilega* stundað embætti sitt í 7—9 ár til þess að geta fengið betra brauð. Þessum síðari virðist því vera lögð nokkuð

þyngri skylda á herðar, en hinum. Eg held því, að þetta úrræði sè til einskis. Eg efast ekki um, að tilgangur meiri hluta nefndarinnar sè og hafi verið góður, og þenna góða tilgang vil eg mikils virða, en eg get ekki sèð að honum geti orðið framgengt með því ráði sem nefndin hefir auðsjáanlega gripið til rètt eins og upp á líf og dauða. Aðalatriðið í þessu máli er, að brauðin verði sem aðgengilegust fyrir menn, en þetta getur ekki að minni meiningn orðið, nema stiptsfirvöldin fái svo og svo mikið fè í hendur brauðunum til árlegra uppbóta. Eg vildi því stinga upp á því, að stjórnin veitti þeim fè til að bæta nokkru við hin rýrustu brauð; því þó þau nú yrðu ekki bætt svo, að þau yrðu að meðalbrauðum, gætu þau samt orðið nokkurn veginn viðunanleg. Hvað nú viðvíkur þessari nefnd, sem á er minnzt í 2. atriði, og sem svo lítur út að eigi að vera standandi nefnd, þá get eg ekki sèð, að hún í nokkru tilliti verði haganlegri en synodalnefndin, sem hèr hefir verið í Reykjavík, og held eg að hún muni nægja. Þessi nefnd á að skrifast á við prófasta og sýslumenn til þess að þeir eigi fund með hreppstjórum og hinum beztu mönnum sýslunnar; mèr þykir það undarlegt, að hèr skuli vera hlaupið fram hjá prestunum, rètt eins og þeir þekktu ekkert til í þessu tilliti; en eg er á því, að þeir eigi fullan atkvæðisrètt, þar sem spursmál er um sameiningu brauða; sýslumenn eiga það síður, því þeim liggur það að minnsta kosti sumum hverjum í lèttu rúmi, hvernig kennidóminum fer fram; eg álít því það einkum vera prófastana og prestana, sem hèr eiga að hafa hönd í bagga með.

Framsögumaður: Eg ætlaði nú ekki að tala að svo komnu, en eg verð þó að vekja athygli þingsins á, hvort ekki sè þörf á prestum; og ef að bráð þörf er á þeim, þá vil eg benda þinginu á að tala um, hvert ráð muni vera bezt til að bæta úr þessari þörf, en ef þingið kemst til þeirrar niðurstöðu, að ekki sè prestaskortur, þá falla uppástungur nefndarinnar um sjálfar sig. Mèr finnast ræður þingmanna vera nokkuð á víð og dreif. Þegar menn vilja fara að sanna það af ritningunni, að prestar þurfi að kunna latínska og gríska grammatik, þá skal eg leiða hjá mèr að svara því. Enginn hefir þó enn gengið annan eins berserksgang á móti nefndarálitinu, eins og hinn heiðraði þingmaður úr Reykjavík, en eg er nú ekki svo mikill berserkur, að eg ætli að taka á móti honum á þessum stað. Hann sagði, að nefndin hefði gjört úlfalda úr mýflugunni; eg held nú raunar, að það sè ekki svo, en hitt sè eg,

að nefndarálitið hefir gjört úlf úr mýflugu, þar sem hinn heiðraði þingmaður á hlut að máli.

Stefán Jónsson: Eg veit ekki nema það ætti vel vil, að einhverjir bændur töluðu til þess að láta álit sitt í ljósi um þetta mál, því það er þeim nákomið. Mèr finnst að þeir sem talað hafa hafi farið vel langt og líka strangt í aðfinningum sínum við nefndarálitið. Hèr eru 2 aðalspursmál nl. hvort þörf sè á fleiri prestum eða ekki. 2. hvort grípandi sè til þeirra úrræða sem nefndin fer fram á eður ekki. Ef ekki er þörf á fleiri prestum, þá er þessi uppástunga borin fram fyrir tímann, og óþörf, og það skyldi gleðja mig, ef svo væri, og þá fellur 1. uppástunga nefndarinnar líka um sjálfa sig, og þá hefir verið og verður eytt mörgum óþörfum orðum um þetta mál, en ef sú raun verður á að hèr þurfi bóta við þá er líka þörf að reyna til að finna eitthvert úrræði. Eg virði mikils orð hins háæruverðuga þingmanns, því hann er kunnugur, hvernig ástatt er í landinu í því efni sem hèr ræðir um. Hann segir að að eins fá brauð sèu laus, og að engin sèu, sem ekki sè þjónað í, og sama sagði hinn hæstvirti konungsfulltrúi í gær, og er hann líka þessu jafnkunnugur eins og byskupinn. Mèr heyrist þingmenn í öðru orðinu segja, að þessi uppástunga nefndarinnar undir tölulið 1. steypi allri menntun, ekki einasta á prestaskólanum, heldur líka á latínuskólanum og jafnvel allri mentun í landinu, og svo í hinu orðinu, að þeir munu fáir bændur eða enginn sem fáist til að gefa sig við prestsskap; og það held eg nú að menn megi líka vera vissir um, en eg get ekki rýmt þessar setningar saman. Mèr finnst uppástungu nefndarinnar hafa orðið fyrir of hörðum dómi. Menn hafa misskilið nefndina, er þeir halda, að 1. uppástunguatriði hennar eigi að verða almenn ákvörðun, sem jafnvel neyði ólærða menn upp á söfnuðina til prestlegrar þjónustu. Eg skil það ekki svo; meining nefndarinnar er þessi, og það hefir hún tekið skýrt fram, að þegar einhver söfnuður saknar prestsþjónustu, og velur einhvern mann til að vera prest sinn, enda þó það væri bóndi eða lausamaður, ef söfnuðurinn heldur vill þenna mann en engan, þá skuli söfnuðinum heimilt að fá þenna mann með þeim skilyrðum, sem nefndin leggur við. Þetta eru líka orð nefndarinnar. Eg held nú að þetta mundi mjög sjaldan koma fyrir. En ef þetta er sú ófæra, að það mundi spilla öllu siðferði og eyða allri menntun, þá væri því ekki farandi á flot; ef söfnuðirnir þannig mættu velja sèr prestaefni, þá er eg ekki hræddur um, að þeir mundu velja neina óþokka

eða flækinga, heldur þá, sem þeir væru vissir um að mundu gjöra mikið gagn, og eg held að ekki væri hætt við, að þeir menn yrði kosnir, sem orsökuðu siðaspillingu, og þá er spursmálið hvort eigi að veita söfnuðinum bæn sína eða ekki, ef þeir heldur vilja hafa fyrir prest góðan og guðhræddan mann, heldur en að hafa engan prest. Eg skal nú ekki dirfast að spá í eyðurnar, hvernig eptirleiðis kunni að verða, en eg veit þó það, að, eins og nú stendur á, eru ekki líkur til að fáanlegir verði prestar í þau brauð sem laus eru. Það er nú talin aðalorsök til prestafæðarinnar, að brauðin sèu svo rýr, en rýrð brauðanna mun þó ekki vera aðalorsökin til prestafæðarinnar, heldur hin, að latínuskólinn ekki hefir verið álitinn aðgengilegur, og það jafnvel í mörgu tilliti, og ef hann yrði gjörður aðgengilegur, held eg mundi smásaman bætast úr presta-eklunni. Ef þeir söfnuðir, sem nú vantar presta, geta fengið þjónustu frá þeim prestum sem næstir búa, þá er það að vísu gott, en þó hlýtur það að hafa marga erfiðleika og ófullkomlegleika, og það veit eg fyrir víst, að hvar sem prestar deyja í eiginlegum skilningi, þá geta þó ekki stiptsyfirvöldin gripið til þeirra ráða sem þau hafa gripið til með Grímseyjarprestinn. Einn þingmanna sagði, að ef 1. niðurlagsatriði nefndarinnar fengi framgang, þá mundi það, auk fleiri afleiðinga, leiða til þess, að söfnuðirnir ekki gætu borið virðing fyrir þessum prestum sínum. En virðingin fyrir prestinum fer ekki eptir því, hve háu menntunarstigi þeir hafa náð, heldur eptir hinu, hve vel þeir standa í stöðu sinni utan kirkju og innan; og eg vil segja að dagfarið prestsins gjöri nokkuð til; ef dagfarið líkist ekki kenningunni, eða verður henni gagnstætt, þá leiðir þar af, að menn bera eins mikla virðingu fyrir leikmönnum, sem eru ráðvandir menn og standa sómasamlega í stöðu sinni, eins og fyrir sumum prestum. Eg segi þetta ekki til þess, að halla á prestastèttina, því eg ber mikla virðingu fyrir henni, þegar hún kemur fram eins og vera ber og vel sæmir menntuðum mönnum; en það er um presta eins og aðra menn, að þeir eru sumir breiskleika og annmörkum bundnir, sem menntunin fríar þá ekki við. Eg er viss um, að þó nefndarinnar uppástungur fengju framgang, mundu afleiðingarnar ekki verða eins háskalegar og hèr hefir verið sagt. Eg vildi óska, að þeir sem mest eru á móti nefndarálitinu, ekki einungis láti það vera verk sitt að rífa það niður, heldur koma með einhver ráð í staðinn, til að bæta úr presta-eklunni. Eg er viss um, að menn þyrftu ekki að óttast að bændur mundu hlaupa

mjög á stað, en ef söfnuðirnir fyndu mann, sem þeir vildu kjósa sèr til prests, þá veit eg ekki hvort ætti að synja þeim um hann, og segja þeir skuli ekkert hafa. Eg þekki einn mann, sem langaði mikið til að læra í skóla, og komast í kennara stètt, en gat ekki vegna fátæktar. Hann kann hvorki latínu eða grísku, en hann kann dönsku og reikning á við suma presta; hann hefir enn ekki tekið sèr neina fasta stöðu; hann hefir víða verið barnakennari, og frætt börn jafnvel á við suma presta, og ef þessi maður hefði fengið menntun þó ekki væri nema prestaskólanum get eg ímyndað mèr að hann gæti verið prestlausum söfnuði til mikils gagns, víst hvað ungdóms uppfræðingu snertir. Eg vil engan veginn halda fast fram uppástungu nefndarinnar, því hún er neyðarúrræði, en eg vil heldur ekki fordæma hana eins og háskalegt ókvæði. Eg er ekki hræddur um að presta-eklan muni verða svo mikil þegar fram í sækir, svo framarlega að skólinn yrði gjörður aðgengilegri en hann hefir verið hingað til, síðan hann var fluttur hingað. Hvað 2. niðurlagsatriðið snertir, þá get eg ekki verið því meðmæltur, því eg veit að brauðasamsteyping, er söfnuðunum mjög ógeðfelld, ef hún fer fram án samþykkis þess safnaðar sem á hlut að máli. Prestseklan er ekki eingöngu sprottin af rýrð brauðanna, eins og sumir hafa sagt, heldur af því að svo fá prestaefni eru til, og það er aptur af því, að svo fáir læra í skóla. Það er vitaskuld að mörg braöð eru lítil að peninga-upphæðinni eptir síðasta mati, en þau eru betri, en þau eru metin, eptir verðlagi, en verðlagskráin var þá því nær $^1/_3$ lægri en hún er nú, og sumir aurar sem prestum gjaldast, til að mynda sauðir, smjör lambseldi og fl. er orðið í miklu meira verði en það var þegar brauðin voru metin, svo það er ekki allt komið undir dalatalinu. Eg tek það upp aptur, að menn mega vera óhræddir um, að þó 1. niðurlagsatriði nefndarinnar fái framgang, þá muni ekki þjóta upp margir af bændum, til að ná í prestskapinn, ekki sökum þess, að það sè ekki lífvænlegt að verða prestur á litlu brauðunum, heldur annara orsaka vegna. Það væri gott, ef stiptsyfirvöldin vildi telja fram úrræðin til að bæta úr presta-eklunnl. Eg hef enn ekki heyrt neitt úrræði annað en að bæta brauðin, en brauðabótin skapar ekki prestana á einu ári eða stuttum tíma, þó það væri æskilegt, að brauðin væri sem bezt.

Jón Guðmundsson: Það mun fæstum koma óvart, og sízt hinum hæstvirta konungsfulltrúa, eptir því sem honum fórust orð í gær, þó að mèr farist ekki viturlega orð í þessu máli, en eg

verð þó að bera hönd fyrir höfuð nefndarálitsins. Aðalefnið er það, hvort hèr sè veruleg nauðsyn, er heimti bráð úrræði, eða alls engin nauðsyn; en ef svo væri, þá væri líka uppástungu-atriði nefndarinnar að vísu ástæðulaust. Og það er einmitt þetta, sem vèr þurfum að gjöra oss grein fyrir, því sè nú um verulega nauðsyn eða hrein og bein vandræði að gjöra, þá verða flest öll úrræði bæði leyfileg og aðgengileg, þegar ekki er um annað að ræða en neyðarúrræði eða vandræða úrræði. Þèr vitið það allir, að eptir borgaralegum lögum geta sum þau ódáðaverk orðið ósaknæm og leyfileg fyrir það að þau eru neyðarúrræði, sem sè sem leiða með sèr lífs- og frelsistjón að öðrum kosti. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður segir, að það sè nú ekki fyrir alla að spá inn í eyður hinna ókomnu tíma, og varar menn við því. Þetta er nú fögur varúðarregla. Eg vil nú heldur ekki gjöra það, heldur einungis leiða rök af hinum undangengna tíma, einmitt af embættisverkum sjálfs byskupsins, að því að presta-eklan sè fyrir mörgum árum orðin augljós og tilfinnanleg og fari allt af vaxandi. Og vil eg þá leyfa mèr að spyrja menn, hvort ekki hafa átt sèr stað á seinni árum þær »Ordinationir» eða að þeir menn hafi verið prestvígðir, sem sanna hina frekustu presta-eklu. Eg vil ekki nefna neina einstaka menn, og eg vildi óska, að eg ekki þyrfti að færa neinar sannanir á mál mitt, og er mèr það þó næsta hægt. Það er nýlega bent á eitt dæmi, og eg get tilfært annað áreiðanlegt, þótt ekki sè það fallegt. En þó stiptsyfirvöldin þykist geta fært sönnur á, að *nú* sèu nógir prestar eða presta-efni til staðar, þá er þó eptir að vita hvort þessar spár um presta-ekluna að 10 árum liðnum eru svo í lausu lopti eins og þeir vilja gefa í skyn, því hin háu stiptsyfirvöld geta þó ekki skipt þessum mönnum, sem þau á síðustu árum hafa út úr neyð orðið að taka til presta og vígja, milli margra brauða. Þá er hitt úrræðið sem þeir þykjast æfinlega geta haft til þess að bæta úr presta-eklunni, en það er að skipa næsta prestinum að þjóna hinum prestlausu brauðum; en ef þetta væri tiltækilegt úrræði og einhlítt, því er það þá ekki heldur haft, heldur en að vígja þessa neyðarúrræðismenn? Af því það er annað neyðarúrræðið frá; og það er merkilegt er menn segja, að þeir geti skipað prestum að þjóna, jafnvel 2 eða 3 lausum brauðum, en er þess konar skipun ekki á pappírnum. Því bæði mun presturinn ekki álíta sèr skylt beinlínis að hlýðnast því, og svo eru brauðin einatt svo sett, og bæði hin prests-

lausu brauðin og sjálft prestakallið, sem presturinn er í, með því víðlendi, torfærum og erfiðleikum, að það er hverjum manni ómögulegt, að gegna þar öllum prestsverkum til hlítar; eg held að stiptsyfirvöldin hafi sannað, að presta-ekla er í raun og veru með því hverja þau hafa vígt undanfarin ár, en þeir fáu stúdentar frá Bessastöðum, sem til voru fyrir 4 árum, eru nú allir eða flestallir uppmussaðir og búnir að fá brauð, nema kannske 1, og þeir verða þó ekki teknir aptur til að bæta úr prestaskortinum, sem fer allt um það vaxandi ár frá ári. Það er sagt að fleiri muni útskrifast úr latínuskólanum, heldur en ráðgjört var í uppástungunni og nú í nefndarálitinu. En eru nú ekki einir 40 piltar í skóla og ekki fleiri, og geta þá orðið fleiri en 40 útskrifaðir á næstu 6 árum? Þá er og sagt, að engir söfnuðir þar sem prestslaust er, hafi klagað, og sè þess vegna engin ástæða til að gjöra neitt til þess að bæta úr prestaskortinum. Eg vil nú ekki vera svo djarfur að blanda mèr í það, nær byskupinn yfir Íslandi finnur skyldu sína að gjöra ekkert, sem lýtur að árvekni og umvöndun fyrir sakir Krists kirkju, á meðan ekki er klagað. Það getur verið, að sumstaðar sè ekki tök á að klaga, og það getur verið, að það sè ekki neitt gott merki, ef söfnuðirnir eru orðnir svo tilfinningarlausir fyrir hinu sanna og góða, eða svo vonlausir um það, að umkvartanir sínar fái nokkura áheyrn, að þeir heldur láta reka á reiðanum, heldur en kvarta, af því þeir sjái það ekki til neins. Eg álít sjálfsagt, að þar sem vissa er fyrir, að prestslaust sè, þá er það skýlaus skylda ekki einungis háyfirvaldanna, heldur allra sannra Krists játenda, að leggja til einhver úrræði til að bæta úr því, og eg álít óforsvaranlegt, ef vèr ekki gjörum það. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu sýndi nú nefndinni þann velvilja að neita ekki presta-eklunni. En að öðru leyti heyrðist hans langa og snjalla ræða svo, að mèr datt í hug, hvort hún, að andanum til, mundi ekki vera hvað líkast þeim ræðum, sem páfinn og prælátar hans hèldu á dögum Lúters og Jóh. Húss, og það er óheyrt í nokkurri kirkju, að þegar stungið er upp á trúarbragðafrelsi, að þá ekki rísi upp prælátar og potentatar móti því, en það mun og óheyrt, að þar sem sannarlegt trúarbragðafrelsi er, sèu árum saman látnir vera forstöðulausir og fræðaralausir söfnuðir, því þeir eiga þá æfinlega kost á einhverjum fræðurum í trúarbragða- og sáluhjálparefnum, leikmönnum ef ekki lærðum. Það getur vel verið að það sè óheyrt í lútersku kirkjunni að vígja leikmenn til presta, en eg held að

hitt sè eins óheyrt, að menn láti sèr í lèttu rúmi liggja og eins og vind um eyrun þjóta, hvort söfnuðirnir sèu forstöðulausir eða ekki. (*Helgi Hálfdánarson:* Það hefir enginn sagt). Jú! því var ekki mótmælt, að söfnuðirnir væri forstöðulausir, en sagt að ótækt væri að vígja bændur; og það er sama sem að segja: »Söfnuðirnir mega vera forstöðulausir þangað til í þá fæst einhver að nafninu til lærður maður». Þetta held eg sè óheyrt í lútersku kirkjunni og af lúterskum presti. Það þarf ekki að tala um eða leiða nein rök að því, að ekki sèu nóg presta-efnin í lausu brauðin, tala þeirra sem nú stunda guðfræði er talandi vottur þess, að ekki eru nógir í þau brauð sem laus eru í dag. Minni hlutinn telur lausu brauðin 7 en mèr teljast þau 11 og þau eru sannarlega 11 nú í dag (*H. G. Thordersen*: Hver eru þau brauð?). Já það þarf eg líklega ekki að rifja upp fyrir herra byskupinum yfir Íslandi. En þar að auki eru þau brauð, þar sem eru presta-öldungar, sem hafa orðið að hafa aðstoðarpresta um mörg undanfarin ár, en hafa nú misst þá og ekki geta fengið aðra í skarðið; í þessleiðis brauð tel eg einnig að vanti presta; þetta get eg einnig byggt á undanförnum brauðaveitingum, að nauðsyn er til bráðra úrræða, en eg skal láta ósagt, hvort það er bezta úrræðið sem nefndin hefir stungið upp á, og ef þingmenn geta komið með eitthvað annað betra skal eg fyrstur manna aðhyllast það. Þetta að skikka nábúa presta til að þjóna hinum lausu brauðum er verra en ekkert úrræði, því eins og nú stendur á, er enginn nágrannaprestur skyldugur til að þjóna auðu brauði, og því síður getur hann þjónað þeim rækilega, sem prestakall sjálfs hans og óveitta brauðið eru erfiðari. Svona getur það svo opt verið ómögulegt fyrir prest að þjóna nágrannabrauði. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga sagði, að uppástunga nefndarinnar miðaði að því, að eyðileggja alla menntun bæði í latínuskólanum og á prestaskólanum, þá er þetta sannarlega að spá í eyður hins ókomna tíma; og víst er um það, að hingað til hefir það þó ekki staðið lærða skólanum fyrir þrifum eða fjölgun skólapiltanna nè þeirra, er legði fyrir sig guðfræði við prestaskólann, að leikmenn hafi verið vígðir til presta; og ekki gæti það hèr eptir gjört aðsóknina að skólanum minni heldur en hún hefir verið um næstliðin 7—8 ár, því aldrei hafa nokkru sinni verið færri í skóla eða af þeim, sem legði fyrir sig bóknám heldur en nú, og aldrei getur orðið færra en fæst í skólunum. Þetta hefir hinn háttvirti framsögumaður tekið svo ljóslega fram, og það varð að vaka fyrir

meiri hluta nefndarinnar sú nauðsyn sem væri á bráðum úrræðum, og þess vegna áleít meiri hlutinn sèr skylt að stinga upp á einhverju, þó að það yrði ekki nema neyðarúrræði; en meiri hlutinn hefir tekið það fram, að þetta ætti að eins að vera til bráðabyrgðar, og hefir því jafnframt stungið upp á, hvernig þetta bráðabyrgðarúrræði mætti smám saman hverfa og verða óþarft að fáum árum liðnum; en af því nefndin að eins vill hafa þetta neyðarúrræði í 1. niðurlagsatriðinu til bráðabyrgðar, þá vill hún af taka nauðsyn þess með því, að fækka brauðunum og gjöra þau aðgengilegri. Sú uppástunga að bæta brauðin og biðja stjórnina að leggja til 8000 rd., hún er nú að vísu glæsileg. En þó nú brauðin væru þannig gyllt utan og innan, þá veit eg ekki hvernig prestar verða fleiri fyrir það, eg held prestar verði ekki steyptir úr *spesíum,* svo brauðin yrðu eins prestlaus eptir sem áður. Annaðhvort er engin nauðsyn á fleiri og talsvert fleiri presta-efnum heldur en nú verður kostur á um hin næstu 8—10 ár, ellegar hún er í raun og sannleika, og þá verður að afmá þessa nauðsyn sem fyrst, svo að sá tími verði sem skemmstur, er menn megi til að neyta þessa neyðarúrræðis nefndarinnar. Mig furðar mjög á því, að þeir sem hafa mælt á móti nefndinni ekki skuli hafa komið fram með neitt ráð til þess annaðhvort að uppörfa menn til að lesa guðfræði, eða til þess að ekki þyrfti eins marga guðfræðinga. Viðvíkjandi nefnd þeirri hèr í Reykjavík, sem þingnefndin stingur upp á, hafa menn sagt að hennar ekki þyrfti við, því hèr væri nefnd, sem sè Synodalnefndin. Nafnið er til, en eg held það sè ekki meira; hún er fyrir löngu komin í mola, og hennar álits mun ekki hafa verið leitað nú upp í full 2 ár um neitt laust brauð, sem sameina hefði mátt við önnur. Eg held og að fá mætti betri trygging fyrir aðgengilegum brauðasameiningum, ef uppástunga nefndarinnar fengi framgang, heldur en að grípa svona hvert einstakt tækifæri til brauðasameininga, og mun þá ekki allsjaldan vera haft miklu ríkara tillit til persónunnar, eða þess manns sem á að fá brauðið til viðbótar við sitt, og það get eg að vísu sannað að hefir átt sèr stað. Mèr hefir nú komið til hugar auka-úrræði til þess að draga úr nauðsyninni til þess að grípa til vandræða úrræða hverra sem væri, nema um sem fæst ár, en það er, hvort ekki mundi gott, að þeim, sem legði fyrir sig guðfræði, væri, ef þeir væru efnilegir, útvegaður aukastyrkur, eins og stjórnin afrèði til að bæta úr lækna-eklunni. Það er auðsèð, að meðan brauðin ekki eru bætt, þá er guðfræðisvegur-

inn hinn óaðgengilegasti menntavegurinn af þeim 3, sem hèr er um að gjöra, og til þess að gjöra hann aðgengilegri þarf að sameina brauðin og bæta þau og gjöra aðgengilegri með því móti, því það er ekki einungis að brauðin eru rýr, heldur eru þau, og það mörg að tölu, svo jafnrýr, þar eð lang flest eru þau brauðin hèr á landi, sem teljast minni en meðalbrauð, og verða prestar því að vera á þessum rýrðarbrauðum 25—30 ár, áður en þeir geti fengið annað betra, af því þau eru svo fá í samanburði við hina mörgu sem eru taldir maklegir, af því þeir hafa orðið að kúldast svo lengi á rýrðarbrauðum og staðið þó sómasamlega í stöðu sinni. Þó prestaköllin væru bætt síðar meir bæði með sameiningu, og á annan hátt, þá eru þau samt rýr og óaðgengileg nú sem stendur, og er þess vegna von, þó að stúdentar síður leggi fyrir sig guðfræði heldur en annaðhvort lögfræði eða læknisfræði. Eg óska og vona að þingmenn sjái einhver úrræði, því það mun sannast, að bráðra úrræða mun þurfa.

H. G. Thordersen: Eg ætlaði ekki að standa upp í þessu máli fyrr en mèr væri ekki lengur vært, og þessari nefnd, sem eg var í minni hluta við, er það kunnngt, að eg ætlaði ekki að eiga mikinn hlut að máli og fara sem vægilegast í allt, sem mèr væri unnt. En þegar einn af meiri hlutanum stendur upp og skorar á mig og setur í mig skæting, þá get eg ekki setið rólegur, því hversu gamall sem eg er, og hversu lítilfjörlegur sem eg kann að vera í hans augum, þá er þó enn þá svo mikið geð eptir í mèr, að eg get ekki setið þegjandi undir þess konar orðum, en eg skal allt fyrir það, fara rólega í málið og tala um nokkur atriði þess. Eg verð, að lýsa því yfir, sem áður er kunnugt af ágreiningsáliti mínu, að eg er alveg á móti því að vígja ólærða menn. Eg veit, að enginn getur haft ástæðu til að halda annað en að eg sè mikill vinur bændamanna, því það hefi eg jafnan verið, af því eg um dagana hefi meðal þeirra þekkt svo marga dyggðuga og duglega heiðursmenn, sem eg eigi gat annað en borið mikla virðingu fyrir, og fyrir sumum þeirra jafnvel meiri en sumum hverjum embættismönnum. En á þessari uppástungu get eg þó ekki verið, sem hèr er farið fram á. Það hafa nú ýmsir hèr á þingi talað samkvæmt því, sem er mín innileg sannfæring, svo að eg máske taki eitthvað upp af orðum þeirra. Eg vil nú eptir því sem eg hefi skoðað þetta efni taka málið frá ýmislegu sjónarmiði. *Fyrst* vil eg taka það frá prestastèttarinnar sjónarmiði Það var rèttilega tekið fram

af hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu, að með þessu móti væri haft svo miklu minna við prestastèttina en aðrar stèttir, og það skyldi vera merkilegt, ef að þyrfti minni menntun til að verða prestur en hvað annað. Eg er því hræddur um, að þetta fyrirkomulag gæti ekki skeð án þess að rýra hana í áliti allra menntaðra manna. Það var talað um, að ekki væri nauðsynlegt, að kenna grísku og latínu, til að verða prestur, kannske enska og franska sè nauðsynlegri til þess?! Grundvöllur menntunarinnar liggur ekki í hinum nýju málunum. Það er nú kannske gamaldagsskoðun, af mèr, en eg álít, að menntun sú, er fæst við gömlu málin, sè svo margföld, að án þeirra geti engin almennileg menntun staðizt; en það er oflangt mál, að fara út í alla kosti þeirra, en það eitt vil eg segja, að við þau fæst sá menntunar grundvöllur, sem hvorki fæst við ensku, nè frakknesku, nè nein af hinum nýjari málum; því af gömlu málunum læra menn, hvernig á að hugsa stutt og greinilega; það læra menn ekki af neinum öðrum tungum en latínu og grísku, nema ef það skyldi vera af hinni fornu íslenzku, sem er hið 3. klassiska mál, sem vanalega er sett við hliðina á hinum tveimur. Eg verð því að álíta þessi mál, sem grundvöll fyrir allri sannri menntun. Þá er nú í öðru lagi safnaðanna sjónarmið, sem eg vil tala um. Hvernig munu þeir álíta þessa ólærðu bændur, hversu góðir og heiðvirðir sem þeir kunna að vera? Það var vel tekið fram af hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu, að söfnuðirnir mundu álíta sig vera setta hjá, ef þeir fengju þessa menn fyrir presta. Hèr væru þá komnir 2 flokkar í prestastèttina, og hvernig mundi fara milli þessara flokka? Eg set, að nábúapresturinn væri lærður maður og vel að sèr, en presturinn við hliðina á honum einn af hinum ólærðu, sem litla menntun hefði fengið, og eg vil spyrja, hvort ekki mundi af þessu geta risið flokkadrættir og rígur, sem sízt ætti að eiga sèr stað í prestastèttinni. Það er og eflaust sannleiki, að þeir söfnuðir, sem eru á útkjálkum landsins, eiga það skilið, að ekki sèu miður vandaðir prestar til þeirra, ef mögulegt er, en til annara safnaða landsins, og mig furðar, að nokkur skuli láta annað til sín heyra. 3. tillitið er milli bændanna sjálfra; þar koma líka upp 2 flokkar, nefnilega þessir prestvígðu bændur og bændur sem ekki eru prestvígðir. Það heitir nú reyndar í nefndarálitinu, að það skuli vera guðhræddir, virtir og valinkunnir menn; en hver á að sanna þetta? Ætli þetta verði ekki mest undir reynslunni komið? Eg set nú, að

einn af þessum vígðu bændum komi til einhvers safnaðar. Ætli hann hitti nú ekki fyrir í þessum söfnuði fleiri guðhrædda, virta og valinkunna bændur, sem kannske, ef til vill, væru enn færari en hann til allra prestlegra starfa? Hvernig skyldi nú þetta samband verða. Eg er hræddur um, að það leiddi til flokka og sundurþykkju, og það vildi eg ekki stuðla til að yrði, því eg vil einingu og samlyndi í félagsskap mann. Eg þori því næstum að fullyrða, að þessir ómenntuðu prestar mundu alls eigi verða vinsælir, því það er almenningi einkennilegt hér á landi, að bera virðingu fyrir allri menntun, og því vona eg, að enginn bóndi hér á þinginu mótmæli, að hann ber meiri virðingu fyrir þeim manni, sem hefir gengið í gegnum skóla og aflað sér annarar menntunar, heldur en hverjum sínum líka, sem hann sér að veit ekki meira en hann sjálfur; því margir bændur eru fróðir hér á landi og vel að sér, eptir því sem óskólagengnir menn geta orðið. Þarna sé eg nú flokka á 2 hliðar: flokka milli prestanna, og flokka milli bændanna; og vil eg nú spyrja: Er vert að ganga þessa götu? Menn munu svara mér: Nauðsynin knýr til þess. Eg neita því nú engan veginn, að það er ekla á mönnum, sem sæki um brauðin, en það kemur ei hvað minnst af því, að þeir vilja ekki sækja. En eg ímynda mér nú, að þetta ástand vari að eins um stundarsakir, og það er viðurkennt af kirkjunni sjálfri, að hún er ekki sigrihrósandi í þessum heimi, heldur á hún í stríði og baráttu. Og þó nú að kirkjan hér í landi ætti í þessu stríði um nokkur ár, þá held eg að von sé til, ef menn ekki spilla máliuu með þessum ólátum, að þá muni presta-efnin fjölga eptir nokkur ár, svo að þessari neyð létti af kirkjunni. Eg vona, að hér komi eitthvert það breytingaratkvæði, sem bæti úr þessu, og að menn af öllum kröptum leitist við að stuðla til þess, að einkum hin rýrustu prestaköll verði bætt upp. 4. atriðið er nú frá stjórnarinnar hlið, eg skal nú ekki segja neitt um það, hvernig hún muni taka í þetta, en eg verð að vera samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu og fleirum, að þetta er alveg nýtt og óheyrt í lútersku kirkjunni, og eg sé því ekki, að stjórnin geti gjört allt svona frjálslegt, á meðan hún sjálf játar sig til lútersku kirkjunnar. En eg skal sem sagt ekki segja neitt um það. Því var slett í mig áðan, að í minni tíð hafi verið vígðir menn, sem hafi verið alveg óhæfilegir til prestsskapar. Eg vil svara því strax, að í minni tíð hafa engir verið vígðir, sem hafa verið lakari, en þeir sem áður hafa verið vígðir af formönnum

mínum, og var þá ei talinn skortur á presta-efnum; það er allt af hægt, að kasta skarni á nú lifandi menn, og sleppa hinu umliðna og slíta allt samband við það, en eg álít slíkt sem orðagjálfur eitt, til að særa menn, og sem menn ættu að varast að láta heyra á þessum stað. Mig hefði langað til að heyra bændur tala í þessu máli, áður en eg talaði í því, en eg varð bráðari á mèr, en eg ætlaði mèr, af því að einn af þeim, sem voru í nefndinni, fór að skjóta þessum örvum að mèr; en eg álít áríðandi, að heyra meiningu bænda um þetta mál og legg áherzlu á álit þeirra, því þeir geta helzt getið því nærri, hvort þetta fyrirkomulag mundi blessast þeim. Hvað nú þessari nefnd hèr í Reykjavík um brauðasameiningu viðvíkur, þá skilst mèr af þeim orðum sem skrifuð og töluð hafa verið eins og stiptsyfirvöldin sè grunuð um að hafa ei fært sèr hennar aðstoð svo í nyt, sem ástæða hefði verið til, og kemur þetta máske af því, að stiptsyfirvöldin hafi ekki við hvort einstaka tilfelli spurt hana til ráðs. En eg verð að segja, að hún hefir verið spurð til ráða, hvenær sem stiptsyfirvöldunum hefir þótt ástæða til þess. En stiptsyfirvöldin ímynduðu sèr, að nefndin væri ekki sett yfir þau, heldur samhliða þeim, sem ráðgefandi. Þetta bið eg nefndina að fyrirgefa, þó stiptsyfirvöldin hafi skoðað þetta svo. Þau hafa hvorki viljað ganga of nærri henni, og ekki heldur ganga fram hjá henni, þegar þeim hefir þótt nauðsyn á, að leita hennar álita. Hèr er nú verið að tala um, að búa til nýja brauðamatsnefnd í Reykjavík; eg skal nú lítið um það segja, og læt mèr það lynda; en þó skilst mèr, að málið allt eigi að vera búið til í sveitum fyrir fram, þannig að sýslumenn og prófastar eigi að bollaleggja, hvar tiltækilegt sè að sameina brauð, án þess að nokkurt tækifæri sè fyrir hendi. En eg ímyndaði mèr, að rèttara væri, að taka hvert tækifæri, þegar brauð losnuðu, og leita þá álita þessarar nefndar. En ef að sú er meiningin, að »Overslag» sè gjört fyrir fram um, hvar brauð skuli sameina, þá er eg hræddur um, að stiptsyfirvöldin hafi það að litlu sumstaðar, ef til vill, og að þegar brauðum er slegið upp, sem á að sameina, og einhver sækir um það, þá kynni að bera svo undir, að þau veittu það, þrátt fyrir álit nefndarinnar. Það er nú eins og vant er að það bezta liggur á botninum, þar sem er 4. töluliður í nefndarálitinu. Eg sè nú ekki betur eptir því, en að þessi nefnd eigi að veita brauðin, en stiptsyfirvöldin eigi ekkert að hafa að segja. Það er þá eins gott, að taka alveg af stiptsyfirvöldunum allar brauðaveitingar, og það segi eg fyrir mig, og eg þori að fullyrða hið

sama um hinn háttvirta »collega« minn, að þeim degi yrðum við fegnastir, að öðrum væri fengið í hendur að veita brauðin; við höfum ekki orðið fyrir svo miklu þakklæti fyrir brauðaveitingar, síðan við fórum að hafa með þær að gjöra. Eg skal svo ekki tala fleira, en þegar hafðar eru slettur í frammi við mig, vona eg að þingið fyrirgefi, þó eg tali svona djarflega, því »hic murus esto«.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held nú og, sem margir aðrir, að kjarni þessa máls sè eiginlega það, hvort presta-eklan sè í raun og veru svo mikil, að til nokkurra óyndisúrræða þurfi að grípa, og get eg fyrir mitt leyti eigi haldið það, sízt eptir að eg hefi heyrt álit hins háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanns, sem er svo mikilsvert í þessu máli. En þó eg geti því ei tekið undir í neinum lofsöng yfir nefndinni fyrir aðgjörðir hennar, þá skal eg þó eigi vera í hópi þeirra, sem kasta þungum steini á hana fyrir það, sem hún hefir stungið upp á, því eg veit vel, að hèr er úr örðugu máli að ráða, og það er æfinlega góðra gjalda vert, að vera sá sem fyrst brýtur ísinn, eða ríður á vaðið, þó maður svo lendi í nokkrum ófærum og sandbleytu í byrjuninni. Eg held það hafi verið höfuðvilla nefndarinnar, að hún hefir litið of döprum augum yfir landið, svo þegar hún hefir horft í kringum sig, þá hefir henni sýnzt allt autt og tómt; en þegar menn ráfa svona lengi um auða staði, þá er ekki undarlegt þó menn á endanum komist í það skap, að menn verði að grípa til einhverra óyndisúrræða. Og þetta hefir nú nefndin líka orðið að gjöra, eins og hún sjálf og viðurkennir, svo mèr liggur heldur við að óska henni til hamingju, og ímynda mèr, að henni muni jafnvel sjálfri þykja vænt um, ef hún kemst vel út úr ófærum þeim aptur, sem hún hefir hleypt sèr í, með því að þingið felli að mestu leyti uppástungur hennar. Hvað nú þessum uppástungum viðvíkur, þá hafa svo margir talað á móti fyrsta niðurlagsatriðinu og næstum því engir orðið til að verja það, svo eg finn enga ástæðu til þess, að reyna að bæta nokkru við um það atriði, þar eð mèr finnst eigi líta svo út, sem þingið á nokkurn hátt muni fallast á það, og eg ímynda mèr þetta því fremur, sem mèr finnst hinn háttvirti framsögumaður jafnvel verja þetta atriði svo linlega, að það er eigi að sjá, sem honum sje mjög sárt um, þó það falli, því það er öllum kunnugt hèr á þingi um þann mann, hversu hægt hann annars á með að verja hvert það mál á hinn allra bezta hátt, sem hann vill leggja sig til við, en nú er vörn hans svo í þessu máli, að mèr getur eigi annað en dottið í hug

kviðlingurinn, sem Snorri goði kvað strax eptir bardagann á alþingi forðum, og gat þess um ýmsa höfðingja, að þeir berðist nauðugir. Lík finnst mèr nú aðferð hins háttvirta framsögumanns, og eg get eigi annað sèð, en að hann verji, að minnsta kosti fyrsta niðurlagsatriðið svo nauðugur, að það sè eigi gustuk að reita hann enn til að leggja sig betur fram um þetta. Eg skal því, sem sagt, eigi tala neitt um þetta atriði, en að eins halda mèr til hinna annara uppástungnanna, og er þá fyrst að líta á 2. niðurlagsatriðið. Það er nú fljótt auðsætt, að þetta atriði hefir einkum komið fram til þess, að reyna til að bjarga þó sem mestu úr þeirri uppástungu frá hinum háttvirta varaforseta, er fyrst kom þessu máli á hreifingu hèr á þinginu, og hefir hann nú sem nefndarmaður auðsjáanlega viljað halda áfram í sömu stefnuna. En mèr finnst þessi uppástunga um brauðasameiningar-nefnd vera mjög svo óheppileg, þar sem slík nefnd getur þó aldrei annað en að minnsta kosti orðið með öllu óþörf, þegar bezt fer, því eg veit eigi betur en að stiptsyfirvöldin sjálf, hafi einmitt æfinlega verið frumkvöðlarnir að, og mest áfram um, að reyna að bæta prestaköllin hèr á landi, með því að reyna til að sameina sem mest. Það er því eigi hægt að sjá, hvað ný nefnd ætti að geta gjört hèr meira að, nema ef tilgangurinn á að vera, sá að taka beinlínis ráðin af stiptsyfirvöldunum, og kann vel að vera að hinum háttvirta varaforseta kunni stundum að hætta við slíkum tilraunum við aðra; en þá finnst mèr honum hèr eigi farast hönduglegar en í gær í lagaskólamálinu, þegar hann vildi fá þingið til þess að biðja stjórnina einmitt um það, sem hún rètt var búin að neita, en alls eigi um annað. En þess utan er ætlunarverk nefndar þessarar þess eðlis, að eg get alls ekki fallizt á það. Það er brauðabótin, en alls ekki brauðasameiningin, sem æfinlega ætti að vera í fyrirrúminu, en hèr er farið svo öfugt að, að henni er að eins hnýtt aptan í sameininguna, rètt eins og hún sè aðalatriðið, og hendur nefndarinnar eru þannig bundnar fyrir fram, rètt eins og hèr væri ómögulegt að hugsa sèr nema þetta eina úrræði, þar sem það væri þó einmitt miklu fremur nokkurt ætlunarverk fyrir nefnd, að reyna til að finna upp á einhverju betra, ef það sæist að sameiningin væri óhafandi, sem opt mun verða. Eg skal til að mynda leyfa mèr að benda á eitt úrræði, sem eg álít miklu rèttara, ef mögulegt væri að koma því í verk, en það er að veita öllum prestum, föst laun úr almennum sjóði, er stofna mætti af tekjum prestakallanna, og jafna svo brauðin á þann hátt,

að ekkert yrði svo óviðunanlegt, að ómögulegt væri að fá menn í það. Þetta er í sjálfu sèr mjög eptirtektavert, og það er nú einnig komið í hreifingu í Danmörk, en það væri einkum kostur við slíka brauðabót, að þá gætu menn líka komizt hjá því, sem í sjálfu sèr fer svo illa á, að láta æfinlega rýrustu brauðin hafa lökustu prestana, rètt eins og fólk á þeim þurfi eigi eins góðrar andlegrar uppfræðingar við eins og þeir sem búa í hinum betri sveitunum. En það lýsir sèr yfir höfuð í öllu tali um brauðasameininguna, að menn hafa oftítið tillit til safnaðanna, og svo er enn hèr eptir 3. niðurlagsatriðinu, að það er að eins til málamynda, að ráðið er til að gefa vilja þeirra nokkurn gaum. Menn muna, að bænarskrá kom til þingsins úr Skagafirði, og var henni vísað til þessarar nefndar, svo hún gat eigi komizt hjá, að hafa nokkurt tillit til hennar, en þá hefir hún gjört það á þann hátt, að atkvæði safnaðarins yrði með öllu þýðingarlaust eptir uppástungum hennar. Það er nú auðsætt, að þetta kemur af því, að nefndin hefir ímyndað sèr, og víst með góðum rökum, að vilji safnaðanna mundi opt ríða í bága við brauðasameiningarlöngun hennar, og því hefir hún stungið upp á þessu atriði, sem að mínu áliti er svo öldungis gagnslaust, að eg furða mig á, að það skuli vera komið frá hinum háttvirta varaforseta. Hann hefir æfinlega verið og er víst enn frjálslyndur maður, en þó er uppástunga hans um þetta efni svo »bureaukratisk«, að eg hefi aldrei sèð neitt fremur svo, því í stað þess að nefna söfnuðina sjálfa, eru hèr að eins nefndir eintómir embættismenn eða aðstoðarmenn þeirra, sem ættu að koma í staðinn fyrir söfnuðína, og svo til þess að draga kjarkinn úr öllu, er því bætt við í nefndarálitinu, að menn á þenna hátt eigi að gefa söfnuðunum kost á, að láta meiningu sína í ljósi, til þess síðar meir að komast hjá æsingum einstakra manna og óánægju. Rètt eins og það væri ei fullkominn rèttur hvers safnaðar, að hafa hönd í bagga með um öll sín sóknarmál, og rètt eins og það sè ei alveg eðlilegt, að menn sèu óánægðir, ef þeim er varnað að neyta þessa rèttar sins! En hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður talaði og með miklu meiri sanngirni um þetta atriði, þar sem hann drap á, hve nauðsynlegt væri að hafa sóknarnefndir hèr í landi, og eg get ei annað en alveg samsinnt honum í þessu.

En í stuttu máli, allar uppástungur nefndarinnar eru þess eðlis, að mèr finnast þær óhafandi svo lagaðar, og skal eg því leyfa mèr að gjöra nokkur breytingaratkvæði við þær í þá stefnu, sem eg nú

hefi talað. Það er einkum atriðið um atkvæðisrètt safnaðanna viðvíkjandi öllum breytingum á brauðum eða sóknum, sem eg óska að verði miklu fyllilegar tekið fram, en síðan skal eg orða uppástungur mínar greinilegar.

Arnljótur Ólafsson: Eg get nú ekki neitað því, að þegar eg sá þetta nefndarálit, datt mèr þessi talsháttur í hug: »hlæja skyldi að ósköpum, en ekki fyrir þeim verða«. Þessi ósköp hafa nú rætzt, og það er komið fram, að það er ekki gott að verða fyrir þeim. Það er nú að vísu, að bera í bakkafullan lækinn, að tala á móti nefndarálitinu; en eg get þó ekki leitt hjá mèr að fara um það nokkrum orðum. Fyrsta, og að mínu áliti, aðalvillan hjá nefndinni er sú, að hún hefir gjört of mikið úr presta-eklunni. Eg neita því nú eigi, að það er nokkur ekla á presta-efnum, en hún er þó eigi nær því eins voðaleg og nefndin hefir ímyndað sèr; nefndin hefir gjört grýlu úr því, sem að eins er nokkur presta-ekla; hún hefir eins og Danir segja: »malet Fanden paa Væggen«. Nefndin hefir, svo að segja vakið upp draug, og svo hefir hún orðið hrædd við þessa vofu, sem hún hefir sjálf búið til, og í einhverju æði og dauðans ósköpum farið að leita að úrræðum til að koma vofunni niður aptur; og er henni því að vísu vorkunn, þó hún hafi ekki fundið ráð til þess, sem dugi. Eg skal nú leyfa mèr að taka fram sönnun fyrir þessu. Nefndin segir nú, að 7—12 brauð sè laus; en hvað mikið er það af öllum brauðum á landinu? Það eru hèr um bil 6½ af 100; því hèr ern talin 180 brauð á landinu, og þau eru að minnsta kosti 170, og setjum nú, að 10 sè laus, þá er það ekki svo mikil tala, með því að það eru að eins 6—7 brauð laus af 100 brauðum, eða hèr um bil 16. hvert brauð. Þetta er ekkert í samanburði við það sem áður hefir verið í öðrum embættum. Af laga-embættum hefir nú verið um tíma einn þriðjungur laus. Um þetta var eigi kvartað þá, og nú tala menn um, að stjórnin hafi fyrir tímann veitt þessi embætti dönskum mönnum. Rèttur helmingur lækna-embættanna er nú og laus, og tala menn eigi mikið um það, heldur leita að eins þeirra úrræða, sem duga. Það er beinlínis ofhermt af nefndinni, að brauðin sè *forstöðulaus.* Hvernig getur nokkur maður sagt það? Menn vita þó, að prófasturinn í hverju prófastsdæmi á að sjá um, að brauðum þeim er þar losna, sè þjónað. Menn vita nú, að ekkert brauð er veitt fyrr en frá næstu fardögum, og á þa að segja, að það brauð sè forstöðulaust, frá því að það losnar, og þangað til hinn nýi prestur

kemur? Og þegar nú nábúaprestar eiga hægt með að þjóna þessum lausu brauðum, þá sè eg ekki að þau sè forstöðulaus, enda þótt þau stæði laus í 4—5 ár. Hèr hefir nú einkum orðið tilrætt um 2 brauð, Grímsey og Stað á Snæfjöllum, sem eigi yrði þjónað af nábúaprestum, en hvað hinu síðara viðvíkur, þá held eg að það þurfi ekki að vera forstöðulaust, þar sem 3 nábúaprestar geta þjónað því (*Jón Guðmundsson*: Ekki þó sá, sem dáinn er.) þeir eru 3 samt; hinn heiðraði varaforseti getur sèð það á kortinu. Öllum hinum lausu brauðunum er því hægt að þjóna af næstu prestum nema Grímsey og Stað í Aðalvík. Þar sem nú hinn háttvirti varaforseti hefir reiknað út hina tilkomandi presta-eklu, þá er nú þessi reikningur rèttur innan sinna takmarka, en rangur ef hann er skoðaður í öllum atriðum. Þar er t. d. ekki gjört ráð fyrir, að á næstu 6 árum getur maður komið í skólann, sem er yfir tvítugt, og sezt í 3 bekk A, og hann getur á næstu 6 árum verið búinn að ljúka sèr af á báðum skólunum, og verið þá orðinn nógu gamall til að taka við embætti. Að vísu munu þessir menn eigi margir verða, og gjöri eg því eigi mikið úr því. Annað er það, að í haust ganga líklega á prestaskólann 4—6 stúdentar, sem ekki er tekið tillit til, í reikningunum, því 4 af þeim eru eldri stúdentar frá lærða skólanum, svo þar koma þá eptir 2 ár frá prestaskólanum í öllu falli 4 kandidatar, sem verða færir til að taka við embættum, en sem nefndin hefir sleppt úr reikningi sínum, og það er þó handa þriðjunginum af þessum brauðum sem nú eru laus. Fleira þessu líkt mætti tiltína um þenna reikning. Eitt atriði er það sem nefndin hefir ekki tekið fram, en það er það, að sjálfsagt er, að hèr eptir verður meiri aðsókn að prestaskólanum, en hingað til hefir verið, því nú eru öll laga-embættin hèr veitt, og 3 eða 4 eru á leiðinni til þess að verða læknar; þegar því öll laga- og lækna-embætti eru alsett, er sjálfsagt, að menn taka helzt þenna eina embættisveg, sem eptir stendur opinn, og ganga á prestaskólann (*Framsögumaður*: Á þingmaðurinn það víst?) Já, eg vona, að hinn háttvirti framsögumaður megi gleðja sig til þess. Svo er það enn, að nú hafa menn vissu fyrir, að belmingi fleiri skomi í kólann í haust, en nú að undanförnu; og vil eg því spyrja: Á nú að grípa til þessa óyndisúrræðis, sem nefndin stingur upp á til bráðabyrgða? Eg segi nei; því ef nefndin sèr með reikningum fram í tímann, þá ætti hún líka að hafa sèð það með augunum, sem eg nú tók fram og sem allir hljóta að sjá. Enn var það eitt, sem nefndin hefir

eigi gáð að, það er því hinu góða meðali, sem stiptsyfirvöldin hafa fengið hjá þinginu til að bæta úr presta-eklunni, það er að segja skikkunarvaldið; því annaðhvort er, að það er ekki til neins, eða að það er til þess, að búið mætti vera á 3 árum að fá menn á 2 eða 3 brauð.

Nú vil eg þá skoða þau úrræði, sem nefndin hefir stungið upp á. Málið er um presta-eklu, og hvernig hefir nú nefndin velt henni fyrir sèr og ráðið bót á henni? Svo, að fækka skuli brauðunum, því hún segir, að þau sè of mörg, en þetta er hið sama sem að segja, að presta-eklan skuli allt af vera til! Nú eru eptir því sem nefndin segir, 7 brauð laus, þá ætti eptir því að fækka brauðunum um 7, svo þá þarf 7 prestum færri. En með því gjörir nefndin presta-ekluna eilífa, í stað þess að hún er nú að eins um stundarsakir og fer því eins að og »Kynikarnir« gömlu, að hún vill minnka þarfirnar sem mest. Eg vil nú lítið minnast á 1. tölulið í nefndarálitinu, þar er eitt orð, sem eg vil drepa á, það er þetta: að konungur leyfi. Eg vil spyrja: Hvernig getur meiri hlutinn álitið til nokkurs að biðja um þetta leyfi, þegar hann veit, að byskupinn sem nú er, vill ekki nota þetta leyfi, þó konungur veiti það? Byskupinn vígir eigi þessa bændur, nema honum verði skipað það, það hafa menn heyrt. Hvaða gagn er þá í því, að stinga upp á þessu? Eg set nú, að leyfið fengist, svo skyldi nú einhverjum bóndamanni vera bent á, að fara til einhvers safnaðar og koma sèr saman við hann; hann gjörir nú það, útvegar sèr vitnisburð prests og prófasts, um að hann hefði þá hæfilegleika til að bera, sem útheimtust, og kæmi svo til byskups, og segði honum, að sig langaði til að prestsvígjast til þess og þess safnaðar. Þá mundi byskup svara: Eg hef að sönnu leyfi til þess, en það er ekki samkvæmt minni skoðun og sannfæringu, og eg gjöri það alls eigi; svo að maðurinn hlyti að snauta við svo búið heim til sín aptur. Líklega hefir nefndin eigi þorað að biðja um, að byskupinum væri skipað, að hann skyldi vígja þessa menn viljugur nauðugur. Það væri líklega heldur ekki alveg samkvæmt konungalögunum, þar sem konungur tekur að sèr lútersku kirkjuna, sem verndari.

Þá vil eg fara nokkrum orðum um tölulið 2, að 5 manna nefnd verði sett hèr í Reykjavík. Þessi uppástunga er nú frá hinum háttvirta varaforseta, og hefir hún komið hèr áður fram, svo mèr datt í hug þessi vísa: »Apturgenginn gaurinn er«. Það er annars einkennilegt við hinn háttvirta varaforseta, að hann á í einu,

þótt ólíku sè saman að jafna, sammerkt við össuna hans Sigurðar heitins Breiðfjarðar; því um hana var sagt: »þar sem húu sat, þar fundu menn tóbak«. Eins er þessu varið fyrir hinum háttvirta varaforseta, því alstaðar eru nefndir, þar sem varaforseti situr; hann vill bæta allt með nefndum; nefndirnar eru hjá honum nokkurs konar »gratia probatum« eða »Kronessents«, það er gylliniplástur, sem á að lækna hvað sem vera skal. Það er sagt í einu æfintýrinu í 1001 nótt: »Sesam, sesam, opna þig«, og þá spratt hellirinn opinn, og sá sem kunni þessi orð, hann fann alls nægtir. Eins segir hinn háttvirti varaforseti: Nefnd! nefnd! og þá er allt fengið. Eg get nú eigi verið þessari nefnd samþykkur; því eg get ekki hugsað mèr þessa nefnd öðruvísi en ráðgefandi nefnd, eins og þá sem nú er, og þá er hún óþörf fyrst hún verður eins; en ef hún ætti að hafa meira vald eður ef setja ætti hana upp yfir stiptsyfirvöldin, þá væri eins gott að setja stiptsyfirvöldin frá öllum brauðaveitingum, en það veit eg þó, að ekki hefir verið meining meiri hlutans, að minnsta kosti veit eg, að hinum háttvirta framsögumanni hefir ekki dottið í hug, að rýra vald stiptsyfirvaldanna í nokkru; en það yrði þó með þessu. Eg sè því eigi, að menn eigi að fara frá þessari nefnd, sem nú er, til annarar, því það væri svo líkt því sem segir um menn í hinum vonda stað: »frá einni plágu til annarar, í yztu myrkrum þeir ráfa þar«. Hvað getur líka þessi nefnd gjört annað en það sem byskupinn getur gjört sjálfur? Getur hann ekki skrifazt á við prófasta og spurt þá: Álíturðu hentugt að sameina þessi brauð? Prófasturinn getur þá eins leitað álita presta og hreppstjóra um það fyrir byskupinn, eins og fyrir nefndina. Eg skal nú ekki spá neinu í eyðurnar um það, hvort þessi nefnd mundi vilja hafa laun eður eigi, nema svo sè, að hún gæti fundið fè afgangs frá uppbót brauðanna, svo að hún ynni peninga með því að bæta brauðin; en þá álít eg, að hún gjörði nokkurs konar kraptaverk; en hvað svo sem um það er, þá ímynda eg mèr, að ef fè yrði afgangs, þá mundi nefndin þó taka svo litla ögn til skriffanga. Mèr dettur nú ekki í hug, að vilja rífa nefndina niður, það er allt af hægt að slá sig til riddara á hverju sem er; en eg vil koma fram með eitt breytingaratkvæði þess efnis: Að konungur allramildilegast vildi leyfa, að vígjast mættu þau prestaefni, sem eru fullra 24 ára að aldri; þetta er einmitt sá rètti vígslualdur, eða »ætas canonica«, sem áður var hafður; þannig hefir því verið fylgt í katólsku kirkjuhni, að menn skyldu hafa byrjað

25. árið, þegar þeir sè vígðir. Á Englandi er vígslualdurinn líka 24 ár og víðar. Þetta er líka samkvæmt eldri lögum á Norðurlöndum og eins á Þýzkalandi um fulltíða-aldurinn, sem var 20 eður 21 árs aldurinn, og þegar 3 árum er bætt við fulltíða-aldurinn, þá held eg það sè nægileg trygging. Annað breytingaratkvæðið, sem eg hafði hugsað mèr að gjöra, tók þingmaður Skagfirðinga fram, svo eg vil koma mèr saman við hann um það.

Jón Hjaltalín: Eg skal nú ekki vera margorður. Eg hefi nú hlýtt á ræður þingmanna, og einkum hins háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanns, og hún fannst mèr svo ljós, að hún sannfærði mig að miklu leyti. Það voru einkum 2 ástæður, sem hann tók fram á móti nefndinni. Annað var það, að hann hèlt að þetta fyrirkomulag mundi verða hinni klassisku menntun til hindrunar, og hún væri grundvöllurinn fyrir allri annari menntun. Þessu held eg nú að allir verði að vera samdóma, að hin »klassiska» menntun er grundvöllur allrar annarar menntunar, hvort sem er að ræða um prestlega menntun, eður aðra. Það er reyndar mjög eðlilegt, að leikmenn skilji eigi fullkomlega í þessu; en það er þó svo. Það er ómögulegt, að nema neina grein vísindanna til hlítar, nema maður hafi »klassiska» menntun; eg vil taka til dæmis grasafræði; það eru bæði nöfnin og annað, sem jurtunum viðvikur á latínu. Líkt ímynda eg mèr, að eigi sèr stað í guðfræðinni, og því vil eg að menn varist allt það, sem kynni að geta verkað, að Íslendingar legði sig minna eptir þessum »klassisku» vísindum, en áður. Annað er það, sem *einkum* er athugavert ef það skyldi komast út til annara þjóða, að þingið vildi stuðla til að rýra hina »klassisku» menntun hèr á landi; það mundi mælast mjög illa fyrir því. Eg vil að útlendar þjóðir hafi sem bezt álit á okkur, við erum svo fámenn þjóð, að við þurfum þess með, að aðrar þjóðir sèu okkur hliðhollar. Nú hafa einmitt norðurálfu þjóðir kannast við og virt hina »klassisku« menntun, sem hèr hafi allt af verið; þess vegna er það athugavert að við gjörum ekkert sem getur gefið öðrum þjóðum í skyn, að við sèum hættir að halda uppi þessari mikilsvirðu menntun. Þessi ástæða þykir mèr því sterk. Önnur ástæða hins háæruverðuga þingmanns var sú, að þetta mundi auka flokkadrátt og sundurþykkju; þetta hafði eg nú ekki hugsað út í; en eg er hræddur um, að sú ástæða sè sterkari, en nefndin ímyndar sèr. Það er augljóst að ef ekki er valið því betur, þá geta verið margir eins góðir menn í söfnuðin-

um, og eins færir til að vera prestar, eins og sá sem vígður er, og ætli þá ekki margir mundu verða til að rísa á móti honum og segja: »Eg er eins góður og þú; því var eg ekki vígður?« Það er líka sterk ástæða, að Íslendingar hafa jafnan borið og bera virðingu fyrir allri menntun, og þá verða þeir einnig að hafa virðingu fyrir því, sem öll menntun hvílir á, en það eru gömlu málin, og þá er betra að líða dálítið fyrir þau, svo þau haldist við, en að oss verði álasað fyrir, að vèr höfum þau ekki lengur í sömu metum og við höfum haft. Hinn háttvirti 2. konungkjörni tók fram, að ekki hefði verið vígðir af honum lakari menn, en áður hefðu verið, og það held eg sè satt; því í ungdæmi mínu þekkti eg presta sem höfðu verið vígðir löngu fyrir hans og mitt minni; en það segi eg satt, að það voru herfilegar skepnur. En maður má ekki tala nema gott um hina dauðu, og því skal eg ekki fara lengra út í það. En það held eg samt allir verði að játa, að prestastèttinni hefir miklu fremur farið fram en aptur í minni tíð, og til þess hefir hinn háttvirti framsögumaður, sem forstöðumaður prestaskólans, sannarlega stuðlað af fremsta megni. Þegar þetta er nú svona lagað, og þar við bætast þær ástæður, sem þingmaður Borgfirðinga tók fram fyrir því, að presta-eklan væri ekki eins mikil, eins og orð er af gjört, og sem mèr fundust töluvert sterkar, þá fer eg nú heldur að hallast á móti nefndarálitinu. En eg óska þó, að einhverjir vildu verða til að skýra málið enn betur fyrir mèr. Hvað þessa nefnd áhrærir, sem stungið er upp á í 2. niðurlagsatriðinu, þá verð eg nú að segja, að eg er aldrei svo sèrlega meðmæltur þessum nefndum; eg hef nú verið í nokkrum þess konar nefndum, og eg hef reyndar ekki hrekkjast mikið á þeim, en mèr hefir sýnzt lítill árangur verða af þeim; en það hefir einkum komið af því, að nefndarálitin hafa ekki komið til stjórnarinnar, eins og þau hafa farið frá nefndanna hendi, heldur hafa þau gengið í gegnum hendur stiptsyfirvaldanna og annara embættismanna, og þessir hafa stundum breytt þeim, svo þetta hefir tafið fyrir málunum. Eg þyrfti því að heyra betri ástæður fyrir þessu, en enn þá eru fram komnar. En eins og nú er komið málunum, óska eg að nefndin gæti fundið einhver breytingaratkvæði, sem mætti minni mótmælum, og mèr þykir ekki ólíklegt, að fleiri þingmenn beri upp breytingaratkvæði, og komi sèr saman við nefndina. Eg að mínu leyti vil styðja málið sem bezt, en eg vil ekki styðja það svo, að það verði til vansóma fyrir þingið, eða vandræða fyrir þjóðina. Mèr

þykir það annars skrítið, að bændur skuli vera svo fátalaðir í þessu máli, sem kemur þeim svo mikið við. Eg vildi óska að þeir lètu til sín heyra, því eg vil laga mig eptir öllum skynsömum ástæðum sem fram koma um málið.

Helgi Hálfdánarson: Eins og við var að búast, þá hefi eg nú fengið dálítið fyrir orð þau, er eg talaði um 1. niðurlagsatriðið í gær, og vil eg nú svara þessu fáeinum orðum. Ætla eg þá fyrst að svara því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vèk að mèr, þótt eg játi, að hann talaði með mikið vægum orðum. Eg hefi þó orðið fyrir því óláni, að hann gat ekki sannfærzt af neinu því, er eg sagði, en nokkrir af þeim, sem talað hafa í dag hafa þó verið svo heppnir, að sannfæra hann, jafnvel þó ástæður þeirra hafi verið hèr um bil hinar sömu og mínar. Hann sagði fyrst, eins og satt er, að eg hefði sagt, að það væri óheyrt í prótestantisku kirkjunni nú á tímum, að ólærðir menn væri vígðir til prestsembættis; hann hèlt nú að þetta væri ekki rètt hermt, og færði til dæmis að trúarflokkarnir á Englandi hefðu flestir ólærða presta. En þó að hann sè langtum kunnugri á Englandi en eg, þá verð eg að mótmæla honum í þessu, því að það er þvert á móti hið almenna þar, einnig hjá hinum minni trúarbragðaflokkum t. a. m. Methodistum og Baptistum o. fl., að þeir hafa lærða presta. Hann tók sèr í lagi til dæmis Kvekarana sem hefðu prèdikað hèr á landi, og menn dáðst mjög að. Það er sjálfsagt, að eg virði mikils bæði þá og aðra, sem breyta vel og guðrækilega, hvaða trúarskoðanir, sem þeir hafa, en eg get þó ekki tekið trúarskoðun og kirkjusiði Kvekaranna til jafns við trúarskoðun og kirkjusiði lútersku kirkjunnar. En þegar hann tók dæmið af Kvekurunum, þá átti það þar við, sem hinn gamli málsháttur segir: Qui nimium probat, nihil probat (sá sem sannar of mikið, hann sannar ekkert), því þótt það sè satt, að ólærðir menn prèdiki hjá Kvekurum, þá er það aðgætandi, að þeir eru ekki heldur vígðir, svo að þetta dæmi gat ekki átt við, nema ef um það hefði verið að ræða, að láta ekki einungis ólærða heldur einnig óvígða menn þjóna brauðunum, en um það hefir hèr alls ekki verið talað. Þegar eg talaði um prótestantisku kirkjuna, þá átti eg ekki heldur við þessa smáflokka, heldur höfuðkirkjurnar. Hann fór nú líka suður um útskækla og endimerkur Austurríkis og fann þar djákna, sem hann heldur að hafi verið ólærður maður, en það á hann eptir að sanna. Eg ætla ekki að elta hann lengra á þeirri leið, því mèr er hún ókunnug, enda veit eg ekki til, að pró-

testantisk trú sè þjóðtrú í Austurríki, eins og eg ekki heldur þekki þessa lútersku kirkju á Englandi, sem hann áðan var að tala um. Hann sagði, að eg hefði sagt, að það væri ólöglegt að vígja ólærða menn, eg man nú eigi, hvort eg hafði þau orð; en eg sagði, að það væri á móti anda allra kirkjulegra laga, og það hrakti hann ekki, og eg vona, að það verði ekki hrakið. Það er sjálfsagt, að ef stjórnin gjörir það að lögum, þá verða það lög hèr, en mèr þykir það ólíklegt og ónáttúrlegt, að það verði gjört hèr að lögum sem hvergi viðgengst annarstaðar. Hann minntist líka á ferðabækur útlendra manna, og sagði, að þeir hefði dæmt illa um suma presta hèr á landi. Það getur nú verið, en eg veit þó til, að þeir hafa talað vel um marga presta hèr á landi. En það er sjálfsagt, að misjafn er sauður í mörgu fè meðal presta, eins og meðal annara manna, og margir eru, sem eigi eru eins og þeir ættu að vera, en það má segja um fleiri stèttir en prestastèttina, og sannar því alls ekkert. Hann bar brigður á það, að ómenntuðum mönnum mundi hætta við trúarvingli fremur en vísindalega menntuðum; það getur nú verið, að það sè hans reynsla, en það, sem eg hefi bæði heyrt og lesið um þetta, og sem er almennt álitið, það er öldungis gagnstætt þessari skoðun hans. Eg vil ekki fyrir það segja, að trúarvingl geti ekki átti sèr stað meðal lærðra manna, en eg segi einungis, að það sè almennara meðal ómenntaðra. Hann minntist á þessa alkunnu setningu eptir Baco of Verulam, að heimspekin gjörði menn fráhverfa guði meðan að eins væri dreipt á henni, en þegar menn hèldu áfram að kynna sèr hana til fulls, þá leiddi hún þá aptur til guðs; þetta sannar nú einmitt mitt mál, því það verður sannarlega ekki sagt, að þessir ólærðu menn, sem hèr er stungið upp á að verði prestar, gjöri meir en dreipi að eins á vísindunum, ef ekki á að kenna þeim svona óundirbúnum nema 1 vetur. Framsögumaður hreifði nú einnig mótmælum móti mèr í gær, en hann hreitti því að mèr í dag, að eg hefði viljað sanna af nýja testamentinu, að nauðsynlegt væri að presta-efni lærðu latínska og gríska grammatík. Þetta hef eg aldrei talað, heldur sagði eg, að það sèu staðir í nýja testamentinu, sem sýni það berlega, að menn eigi ekki að hrapa að því óundirbúnir, að takast prestsembætti á hendur, og eg held að eg geti sannað hinum háttvirta framsögumanni þetta af mörgum stöðum í nýja testamentinu, þótt eg viti, að hann er margfalt lærðari maður en eg. En hvað það snertir, að prestar þurfi að læra latínu og grísku, þá verð eg að vera á því, að það

sè nauðsynlegt og rètt að heimta það af hverjum presti, að hann skilji nýja testamentið á frummálinu og þá er það líka nauðsynlegt, að þeir, sem ætla að verða prestar, læri gríska grammatík. Þa fór hinn háttvirti varaforseti nokkrum orðum um það er eg talaði í gær, og fannst honum vera kominn páfi frá dögum Jóhanns Húss hingað í salinn, þegar eg talaði; mèr heyrðist það lýsa sèr í þessum orðum hans, að honum væri ekki alls kostar kunnugt um hvernig ástóð í kirkjunni á þeim tímum. Þá var þó ekki prestaekla. Jafnvel páfarnir voru stundum 3 í einu, og er eg hræddur um, að hann sè ekki gagnkunnugur orðum og skoðunum þeirra hvers fyrir sig. Það var satt, að eg bar fyrir mig í gær orð úr Augsborgar trúarjátningunni og sagði, að prótestantiska kirkjan væri kirkja vísindanna; en eg skil eigi hvernig honum gat fundizt þetta talað í katólskum anda, nema ef hann heldur, að páfarnir á dögum Jóhanns Húss hafi verið vanir að bera fyrir sig orð Augsborgar trúarjátningarinnar(!) En hann beindi öðru að mèr, sem mèr þótti lakara, og sem ekki var gott ef satt hefði verið, þegar hann sagði, að menn lèti sèr liggja það í lèttu rúmi og sem vind um eyrun þjóta, hvort söfnuðurnir stæðu forstöðulausir eður eigi. Eg tek allan þingheiminn til vitnis um það, hvort eg talaði nokkuð það, er gæfi honum ástæðu til að segja þetta; eg verð að segja, að varaforseti hefir gjört mèr rangt til, að drótta þessu að mèr; þá átti það nú að vera fyndni hjá honum er hann sagði, að prestar yrði eigi steyptir úr spesíum. Það er nú að vísu satt; en þær geta þó stuðlað til þess, að menn verði prestar, og ef nóg væri í boði, þá mundu engin brauð hèr á landi vanta presta, því peningarnir eru meðfram í þessu, eins og í fleiru nervus rerum gerendarum (afl þeirra hluta, sem gjöra skal). Eg talaði ekkert um hin önnur niðurlagsatriði í gær, því að mèr fannst fátt um þau að segja; þau fara í líka stefnu og áður hefir tíðkast, og held eg að þau gætu orðið til gagns. Þar sem sagt er í 2. niðurlagsatriðinu, að í nefnd þessari skuli vera embættismenn og alþingismenn, þá er það nú eins og optar fyrir hinum háttvirta varaforseta, að hann vill koma alþingismönnum í nefndir utanþings. En mèr finnst nú ekki svo mikið komið undir því, að í þessari nefnd sè alþingismenn, heldur finnst mèr ríða mest á því, að það sè vel viti bornir menn, sem þekkja vel til víðs vegar út um landið, svo að þeir þurfi ekki einungis að treysta annara sögusögn. Eg tek mèr ef til vill breytingaratkvæði í þá stefnu, að það sè falið

þeim mönnum sem þekkja bezt til út um landið. Eg get eigi annað en verið þeim þingmönnum samþykkur, sem ætla, að uppástungumaður hafi gjört nógu mikið úr þessari presta-eklu; og engan veginn get eg álitið, að vandræðin sè svo mikil, að til heiðni horfi. Eg þekki nokkuð til fyrir vestan, þar sem þessi prestlausu brauð eru flest, og að því mèr er kunnugt, þá mun ekki trúarlíf þeirra safnaða vera mikið lakara, heldur en — mèr liggur við að segja — hèr í höfuðstaðnum sjálfum. Hvað prestsþjónustu í þessum brauðum snertir, þa hefir presturinn að Stað í Grunnavík þjónað Snæfjallabrauðinu. Stiptprófastur Árni Helgason, sem hefir sjálfur átt heima á Stað i Grunnavík, hefir sagt mèr, að það sè enginn ógjörningur fyrir Grunnavíkurprestinn að þjóna Snæfjallabrauðinu. Presturinn í Vatnsfirði, sem ekki hefir nema 1 kirkjusókn, hefir þjónað Kirkjubóls-þingum á Langadalsströnd í nokkur ár; hann er ungur, ötull og reglusamur maður, og hefir prestsþjónustan þar víst eigi farið í neinum ólestri. Hellnaþingunum þjónaði presturinn að Staðastað og presturinn í Ingjaldshólsþingum, meðan þar var prestlaust, en nú er þar kominn prestur. Staðarhrauni getur presturinn í Hítardal hæglega þjónað, og þó sá sè gamall maður, sem þar er nú, þá mun hann vera nokkurn veginn fær um það enn. Þar geta líka aðrir prestar hjálpað, og það hafa þeir gjört. Eg vil ekki tala um Fljótshlíðarþingin; þar þjónar nú sá prestur, sem enginn mun efast um, sem til þekkir, að muni leysa það verk sitt svo af hendi, að ekki sè hætt við að menn falli til heiðni. Eg vil nú biðja hina heiðruðu þingmenn að taka þetta eigi svo, sem eg vilji, að setið sè sofandi yfir þessu og ekkert að gjört; en eg vil ekki að gripið sè til óyndisúrræða, því að mèr finnst neyðin ekki svo fjarskaleg að þess þurfi; eg vil þvert á móti að tekið sè til allra tiltækilegra úrræða, og skyldi eg styðja þau af fremsta megni. Eg held nú að bezta ráðið yrði til að bæta úr presta-eklunni, að lærði skólinn yrði gjörður svo aðgengilegur fyrir menn sem unnt væri, svo að sem flestir láti syni sína læra, og annað það, að brauðin yrði bætt, einkum hin fátækustu útkjálkabrauð; þetta tvennt finnst mèr eina ráðið til að bæta úr presta-eklunni bæði í bráð og lengd. Líka gæti 2. niðurlagsatriði nefndarinnar orðið að liði í bráð. En á meðan þetta kæmist í lag, sýnist mèr ekki svo hætt við, að mjög illa gangi til í þessum prestlausu brauðum.

Framsögumaður: Eg ætla nú ekki að tala neitt framar við undirbúningsumræðuna í þessu máli. En áður en undirbúnings-

umræðunni væri lokið, vildi eg einungis leyfa mèr að lesa upp vara-uppástungu við fyrsta niðurlagsatriðið, og er það á þessa leið:

a, að þar því verður við komið, sèu nágranna-prestar skyldir til fyrst um sinn að annast prestsþjónustu í hinum rýrustu brauðum, sem enginn prestur fæst til.

b, að konungur allramildilegast veiti þessum prestum 100 rd. árlegan styrk hverjum úr ríkissjóði, meðan þeir þannig þjóna hinum rýrustu brauðum.

c, að þessir prestar sèu skyldir til með ráði safnaðarins í hinu auða prestakalli að fá einhvern góðan leikmann til að annast þar barna-uppfræðingu, húsvitjun og hver önnur prestsverk, sem ekki þarf prestvígslu til og þeir ekki geta stundað, og veita honum þar fyrir hæfilega borgun.

Benidikt Þórðarson: það er búið að ræða svo margt og mikið um hið fyrsta niðurlagsatriði í nefndaruppástungunni, að óþarfi virðist við að bæta; margir hafa leikið það hart og mótmælt því, en fáir lagt því líknarorð; eg vil ekki dæma það hart og get látið ógjört að ræða um það, því eg hefi tekið ljóslega fram í ágreiningsatkvæði mínu við niðurlagsatriðin ástæður þær, er eg byggi það á, að samþykkjast því ekki, og þær sömu ástæður eru það sem ræður flestra þingmanna hafa mest og bezt snúizt um; eg fer hèr ekki um fleiri orðum; en með góðu leyfi hins háttvirta framsögumanns verð eg að víkja því að honum, að bending hans til þingsins um, að eg hefði brugðizt nefndinni, var bæði óvanaleg og óþörf; eg hefi aldrei heyrt það hèr á þingi fyrr, að framsögumenn hafi ámælt meðnefndarmönnum sínum fyrir það, þó þeir ekki hafi getað orðið á eitt sáttir með þeim; óþarft var það sökum þess, að eg gjörði sjálfur með ljósum orðum grein fyrir því í ágreiningsatriðinu, hvers vegna eg ekki gæti samþykkt uppástungu-atriðið, og hvers vegna eg þó ekki hefði sett mig beint á móti því í nefndinni, og þurftu þingmenn ekki fremur vitna við.

Hvað hinum öðrum niðurlagsatriðunum viðvíkur, þá get eg verið fáorður um þau; eg er er þar á sama máli og meðnefndarmenn mínir, og ætla að nefnd sú, sem þar er stungið upp á, gæti að gagni komið; að hún koma skyldi í nokkurn bága við vald og vilja stiptsyfirvaldanna, var hvorki meining mín nè meðnefndarmanna minna, heldur þvert á móti, að hún yrði þeim þörf í ráðum og framkvæmdum — presta og prestakallamálum til heilla — og það gæti hún orðið, væri henni og verkahring hennar vel skipað

og stiptsyfirvöldin kynni rètt með hana að fara; að endingu mun eg koma með viðauka-atkvæði við nefndaruppástungurnar í sömu átt og hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu ráðgjörði, nefnilega að biðja konung að veita nokkurt fè af ríkissjóði til uppbótar hinum fátækustu prestaköllum einkum útkjálkabrauðum, er prestar fást sízt í, þessa er mikil þörf, og það gjörði stiptsyfirvöldunum hægra fyrir, en nú er, að fá presta í brauðin, þegar þau hefðu fè í höndum til að gjöra það með. Atkvæðið orða eg síðar, og ákveð þá upphæð fjárins.

Jón Hjaltalín: Eg vildi gjöra þann viðauka við niðurlagsatriði nefndarinnar, sem mèr finnst vel við eiga, þar sem flestir þingmenn hafa látið það í ljósi, að undirrótin fyrir menntun presta-efnannna væri kennsla hinna klassisku málanna, að stjórnin flýtti fyrir nefndarálitinu í skólamálinu frá í fyrra, því það mun hægt að sýna og sanna að eigi er lítið undir því komið, að þessu máli verði flýtt sem mest.

Forseti: Eg vona, að þau fáu orð, er eg ætla að mæla í þessu máli, muni ekki lýsa því, sem mèr alls ekki býr í brjósti, lýsa skorti á virðingu fyrir hinni heiðruðu nefnd, nè á virðingu fyrir hinum velmenntuðu og velsiðuðu leikmönnum vorum. Eg verð nú samt að láta það álit mitt í ljósi, að eg er heldur móti en með nefndarálitinu. Mèr finnst nú allt undir því komið, hvort þörfin er svo brýn sem orð er ágjört af nefndinni. Margir þingmenn hafa látið í ljósi, að þörfin væri að vísu nokkur, en þó hafa þeir dregið í efa, að hún væri svo mikil, að grípa þyrfti til óvenjulegra úrræða, Eg get nú ekki gjört lítið úr því, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður skýrði frá, að enginn umkvörtun hefði komið til hans út af prestaleysi. Eg veit ekki betur, en að það sè skylda hvers prófasts, þegar brauð losnar í hans prófastsdæmi að sjá um, að brauðinu verði þjónað af öðrum prestum, þangað til annar prestur kemur að brauðinu. En ef prófastur eigi hefir nein ráð til að láta þjóna brauðunum, þá er það sjálfsögð skylda hans að skýra byskupinum frá því. Eg held nú að eina úrræðið sè að bæta brauðin. Það hefir nú verið stungið upp á, að gjöra þetta með tvennu móti; nefndin hefir stungið upp á að bæta brauðin með því að sameina þau og draga af tekjum hinna betri brauðanna til uppbótar hinum lakari. Eg hefði nú eigi svo mikið á móti þessu, ef eg hèldi ekki, að það kæmi í stríð við anda og orð dauðra manna, sem hafa gefið fè til vissra

brauða, í þeim tilgangi, að það brauð fengi góða prestsþjónustu. Ef þá það brauð sem hefir miklar tekjur og getur haft von á að fá góðan og velmenntaðan prest, sakir þess að það fæðir vel prest sinn, ef nú þetta brauð segi eg er rýrt og dregið af tekjum þess, þá get eg eigi betur sèð, en að rètti þess safnaðar sè hallað. Þess vegna vildi eg heldur aðhyllast hina uppástunguna, að stjórnin verði beðin um að veita stiptsyfirvöldunum fè til að bæta upp hin lèlegri brauð, sem næstu prestar eigi geta þjónað meðan þau eru prestlaus, og gætu þá stiptsyfirvöldin líklega fengið presta á þau, og þó þessu fè væri nú einungis varið til útkjálkabrauðanna, þá yrði þó færri brauð laus, og þau yrðu þá ef til vildi, máske ekki mörg, og ekki einungis á útkjálkum, heldur sum betur í sveit komin sem hægra væri að þjóna frá næstu brauðum. Mèr finnst nú, að öll brauðasameining sè mjög íhugunarverð og ef til vill ískyggileg, því að það liggur hverjum í augum uppi, að því stærri sem sóknin er því örðugra er fyrir prestinn að hafa nauðsynlegt eptirlit með söfnuði sínum og því þyngri eru þær skyldur, sem hann hefir að gegna. Þetta vakir nú fyrir þeim mönnum sem álíta að eigi sè gott að prestar þjóni öðrum brauðum. En mèr sýnist nú þessi brauða sameining ískyggileg í tilliti til annars. Það getur síðar komið sú tíð, að komi brauða-ekla, í stað þess nú er presta-ekla, og þeir verði fleiri er brauð vilja fá, en fengið geta; við þetta er eg nú hræddur um, að deyfist áhugi manna á að ganga menntaveginn, því mönnum mun eigi þykja það ómaksins vert að kosta ærnu fè til menntunarinnar, ef þeir eiga eigi von á að geta fengið brauð á eptir. Mèr finnst líka að 1. niðurlagsatriðið og líka hinar uppástungur nefndarinnar fela í sèr órètt. Eg vil biðja þingmenn að taka eigi orð mín svo, að eg meini, að nefndin hafi viljað gjöra órètt, því það er engan veginn meining mín; en mèr finnst að af uppástungum nefndarinnar leiði órètt og að þær feli hann í sèr; þessi órèttur kemur þá í fyrsta lagi fram við þá söfnuði, sem eru í fátækum útkjálkabrauðum. Það var nú tekið fram í gær, að engin umkvörtun hefði komið frá þeim um prestsþjónustuleysi. Af þessu dró nú framsögumaður þá ályktun, sem mèr sýnist eigi gleðileg, og hún var sú, að trúarlíf þessara manna mundi dauft vera; og væri það vottur þess, að þeir kvörtuðu eigi um prestsþjónustuleysi. Eiga nú ekki þessir söfnuðir eins mikinn rètt á eins og aðrir að fá góða presta? Og ef trúárlíf þeirra er dauft, er þá ekki nauðsyn á að velja heldur þangað vel mennt-

aða menn, heldur en lítt menntaða? Í öðru lagi liggur í þessu fólginn órèttur við söfnuði hinna betri brauða, því það er þó gjört ráð fyrir, að þessir ómenntuðu prestar fái betri brauð. Söfnuðirnir í hinum betri brauðum geta hugsað og sagt á þessa leið: Er ekki þetta brauð svo gott, að vèr getum átt von á menntuðum manni til að vera prestur hjá oss, en nú er oss sendur ómenntaður maður, og þetta brauð getur þó launað presti sínum. Í 3. lagi liggur órèttur fólginn í þessum uppástungum við prestana sjálfa og presta-efnin, því það hlyti að geta að borið, að hinn verðugri og betur menntaði sæti á hakanum fyrir hinum, sem óverðugri væri; og svo geta þessar uppástungur, eins og eg drap á áðan, stuðlað til þess, að brauða-ekla verði síðar meir, og að menn verði ófúsari á að ganga menntaveginn, þegar þeir sjá að minni von er um að komast fljótt í embætti. Einn annmarki finnst mèr líka við þessar uppástungur, að þessir leikmenn eiga að fá ókeypis kennslu hjá presta-skólakennurunum. Eg veit, að þeir kennarar sem nú eru við þann skóla, kunna að vera fúsir á að veita þessa kennslu ókeypis, en hver veit hvað lengi þeirra nýtur við? Og þeir geta þó ekki sagt, að eptirmenn þeirra verði fúsir á það. En eg held, að þó að þessu yrði nú framgengt, þá mundi það geta náð til mjög fárra. Það hefir verið talað um, að þeir færi til útkjálkabrauðanna; en ekki eru mörg þeirra laus nú. Ef margir leikmenn færi að búa sig undir prestsembætti, þá yrði þeir sumir ef til vill, narraðir með því sá tími, er þessar ákvarðanir ættu að gilda, yrði að líkindum út runninn áður margir þeirra kæmist að. Eg verð annars að vera mótfallinn öllum uppástungum nefndarinnar; 2. og 3. niðurlagsatriðið finnst mèr ónauðsynlegt; því eg sè ekki að þessi nefnd, sem stungið er upp á, geti verið betri en sú synodal-nefnd, er sett hefir verið. Prófastar hafa og þegar verið kvaddir til þess með 2 öðrum prestum að segja álít sitt um, hvar brauðasameining sè tiltækileg í prófastsdæmum þeirra. Eg held að það væri hægra fyrir prófasta og presta í sínum umdæmum að taka allar kringumstæður til greina, og eins að gæta þarfa og leita samþykkis safnaðanna.

Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg, að þessari undirbúningsumræðu sè lokið. En eg vil biðja þá þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði að koma með þau til mín fyrir kl. 8. í kvöld. Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gufubátaferðir með ströndum Íslands. Með því engin breytingaratkvæði hafa komið fram við niðurlagsatriði

nefndarálitsins, þá hef eg ekki látið prenta atkvæðaskrá, en vona þingmenn hafi niðurlagsatriðið prentað fyrir sèr. Málið verður efhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 261.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Þetta nefndarálit var hèr til umræðu á þinginu í gær og urðu eigi miklar umræður um það, eg fann þá ekki sèrstaklegt tilefni til að ræða mikið um málið og finn það heldur ekki enn. Eg skal einungis geta þess, að því er áhrærir ástæðurnar fyrir nefndarálitinu, þar sem talað er um ferðafjöldann, að nefndin stakk upp á að þær væri 12, þá muni það rèttast að bent væri og að eins á það í ástæðunum fyrir bænarskránni til konungs, hvað þinginu þætti ferðirnar mega vera fæstar, það er að segja frá 6—12. Eg gat um það í gær, að nefndinni fannst eigi ástæða til að koma með þetta sem beina uppástungu í niðurlagsatriði, heldur einungis að geta þess í ástæðunum fyrir bænarskránni til konungs. Ef nokkrir þingmenn óska einhverra upplýsinga, þá er eg fús á að gefa þær.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú upp einungis til þess að láta í ljósi gleði mína yfir því, að eptir umræðunum sem voru um mál þetta í gær, þá muni það ganga greiðara gegnum þingið en málið sem næst var til umræðu; eg vildi einungis geta þess, (enda þó eg álíti, að það ekki komi málinu við), þar sem herra Siemsen talar um í skjali sínu, sem hèr var lesið upp í gær, að haustull hefði verið á öðrum höfnum en Reykjavíh tekin á 20 sk.; þá hefir hann ekki verið nógu kunnugur um prísa á austurhöfnum, því þar var haustull borguð næstliðið haust með 44 sk. pnd.; að öðru leyti finn eg mèr skylt að taka undir með þeim þingmönnum, sem hafa vottað herra Siemsen þakkir fyrir undirtektir hans á þessu máli, enda sjá kaupmenn vel að þeim eins og öðrum getur orðið mjög mikill hagnaður að gufuskipsferðum kringum Ísland, og þegar eg skoða þetta mál í tilliti til landsmanna þá álít eg það ef til vill ómetanlegt hagræði, því ferðalög með gufuskipi gengi ólíka fljótari en ella, og væru líka minni kostnaði og hættum bundin.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að eins að tala fá orð, áður en eg geng af þingi; eg verð nú sem nefndarmaður að biðja þingið að styðja málið af öllum kröptum, og enn fremur vildi eg mælast til þess að þingið lèti kaupmönnum í ljósi þakklæti sitt fyrir þann gaum, er þeir hafa gefið þessu máli. Eg þarf nú eigi að tala um sjálft málið, því að þingið hefir tekið því svo vel. En þó það sè

tekið fram, að kaupmenn hafi gagn af þessu, þá hafa þó landsmenn aðalgagnið af því, því að ekki aukast vörubyrgðir kaupmanna í útlöndum við það þótt þetta komist á. En landið hefir ómetanlegan hag af því, að þetta mál fái góðan framgang.

Páll Sigurðsson: Eg verð nú að láta í ljósi ánægju mína yfir því, hvað þessu máli hefir verið vel tekið hér á þinginu, sem eg held að sè eitthvert hið happasælasta fyrir landið bæði í bráð og einkum til langframa. Það er einungis það sem mèr þykir að, að þessi orð »að vori komanda« standa í niðurlagsatriðinu, því að mèr þykir það nokkuð fljótt, og vildi eg helzt að þeim yrði sleppt úr, en það er nú reyndar orðið of seint Það hefir lengi verið mein Íslands þetta flutningaleysi og samgönguleysi. Eg held því að þetta sè hið happasælasta mál fyrir landið og að það verði hið fyrsta til að koma landinu fram.

Framsögumaður: Eg hefi nú litlu við að bæta, það sem eg hefi áður sagt. Viðvíkjandi því sem þingmaður Austur-Skaptfellinga sagði, að mishermt væri í skýrslu Siemsens kaupmanns um ullar verðið, þá kemur það ekki nefndinni við, því hún hefir ekki einu sinni tekið það orðrètt upp í nefndarálitið. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Rangvellinga fór fram á, að sleppt væri úr orðunum: »á vori komanda«, þá er það nú orðið of seint, og eg get heldur ekki sèð að nein þörf sè á því; mèr sýnist rètt að þingið bendi stjórninni á að koma þessu svona fljótt á, þar sem gufuskip fer á annað borð í kringum landið á vori komanda. Eg vona nú, að þingmenn sè mèr samdóma í því, að Siemsen kaupmaður og aðrir kaupmenn, er gefa þessu máli svo góðan gaum, eigi miklar þakkir. En mèr finnst það þó ekki eiga við, að alþingi sendi þeim þakkarávarp eður Adresse. Mèr sýnist að þingmenn hver fyrir sig geti látið í ljósi ánægju sína við þessa menn; getur þakklæti þeirra við þá og komið fram á annan hátt. Það gleður mig nú harla mjög, að þetta nefndarálit hefir fengið svo góðar viðtökur, því það verður ef til vill, hin síðasta framsaga, sem eg hefi á hendi í þessum sal, og það er gamall málsháttur, að allt er gott þegar endirinn er góður.

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætlaði mèr að eins að geta þess, að þar sem eg á síðasta fundi talaði um að það væri þakkarvert, að nokkrir kaupmenn, og einkum þó einn, hafa orðið til að styrkja svo vel nefndina, sem sett var um þetta mál, með tillögum sínum, þá meinti eg að eins, að þingmenn eptir á »privat« skyldu láta

þetta þakklæti sitt í ljósi á þann hátt, sem menn geta komið sèr saman um.

Jón Sigurðsson: Þó að eg styngi upp á því við inngangsumræðu þessa máls, að þingið vottaði kaupmönnum þeim hèr í Reykjavík þakklæti sitt, sem svo vel hafa tekið í þetta mál, þá var eigi meining mín, að þingið sendi þessum mönnum í gegnum forseta sinn þakkarávarp, heldur ætlaðist eg til að þingmenn utanþings gæti komið sèr saman um, að iáta þeim á einhvern hátt í ljósi viðurkenningu sína fyrir liðveizlu þeirra og góðar tillögur. Eg skal svo eigi tala fleira um málið, því þingið hefir tekið því svo vel, sem eg gat bezt kosið á.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil stinga upp á því, hvort það væri eigi vel til fallið, að þingið auglýsti í blöðunum þessar undirtektir þessara kaupmanna. Það gæti verið upphvatning fyrir aðra kaupmenn að styðja þetta mál.

Forseti: Eg verð að geta þess, að þetta liggur ekki fyrir til umræðu, með því og að uppástungumaður segist ekki hafa ætlazt til þess. Þingið hefir líka nóg önnur ráð til að koma þessum tilgangi fram.

Fyrst ekki taka fleiri til máls álít eg þessari ályktarumræðu lokið.

Var síðan gengið til atkvæða um niðurlagsatriði nefndarinnar. Var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Dagskránni er þá lokið, en áður en fundi er slitið skal eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit í fiskiveiðamálinu í tvennu lagi, annað um aðalmálið, hitt um ránið í eynni Vigur. Vona eg að þessi nefndarálit geti orðið lögð fram á lestrarsalinn í kvöld. Ákveð eg svo fund á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Tuttugasti og fjórði fundur — 5. ágúst.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, skal eg enn einu sinni leyfa mèr, að vekja athuga þingsins að því, hversu fáir dagar eru eptir af þingtímanum, og að enn eru ókomin nefndarálit í 10 málum, og þar á meðal eru 3 hin konunglegu frumvörp, sem þó í byrjun þingsins, eða fyrir 5 vikum, voru fengin nefnd-

um til meðferðar. Eg sè ei annað, en að sú von mín sè á rökum byggð, að nefndarálit í hinum konunglegu frumvörpum verði komin fyrir næstu helgi; og skora eg því á formennina í þeim nefndum, að þeir sjái til, að þetta ekki bregðist, og sömuleiðis á formennina í hinum öðrum nefndum, að þeir flýti málunum sem mest. Kemur þá samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um löggilding verzlunarstaðar við Lamhússund. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent framsögumanni.

Pètur Pètursson: Eg skal geta þess, sem formaður í hjúalagamálinu, að það er verið að skrifa nefndarálitið, svo það getur víst komið fram fyrir næstu helgi.

Jón Pètursson: Nefndarálitið í sættatilraunamálinu er bráðum undirbúið til afskriptar, þó nefndina reyndar hefði langað til að sjá nefndarálitið í hjúalagamálinu áður.

Benidikt Sveinsson: Eg vil þó geta þess í tilefni af því, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að nefndarálitið í hjúalagamálinu kom fyrst í gær til mín, og þegar eg nú eins og þingmaðurinn veit, hlýt sem minni hluti að semja ágreiningsálit í málinu, finnst mèr ekki, að meiri hlutinn geti svona beinlínis lofað, að eg sè búinn með það á vissum tíma; en það er sjálfsagt, að eg flýti mèr allt hvað eg get, og hvernig sem fer mun eg brúka margfalt styttri tíma til þess, að semja mitt álit en meiri hlutinn hefir tekið sèr til að búa til sínar tillögur.

Forseti: Eg vona, að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sè svo kunnugur málinu og meðferð þess í nefndinni, að hann svo lipur og ötull starfamaður þurfi ei langan tíma til þess að semja ágreiningsatkvæðið. Hverfum vèr þá til dagskrárinnar.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson:*) Eg vil leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 262.

Eg skal nú ekki fara neinum orðum um málið að sinni, heldur einungis geta þess, að við í meiri hlutanum höfum sèð, að laglegra væri, að vara-atkvæðið undir 1. tölul. bindi sig betur við aðaluppástunguna, en það gjörir, og væri því orðað þannig: »að hans hátign allramildilegast, vildi löggilda kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu, þannig, að einungis öllum búsettum kaupmönnum etc. Þetta er að eins orðamunur til skilningsauka.

Konungsfulltrúi: Eptir þeim upplýsingum, sem eg hef fengið frá stjórninni, og sem mig enda minnir, að eg sè búinn að birta þinginu, viðvíkjandi ástæðum þeim, sem rèðu því hjá henni, að bún ekki gat aðhyllzt ósk þingsins um uppsiglingu Lambhússunds, eins og hún lá fyrir, get eg ekki annað, en ráðið þinginu frá, að fara þessu máli aptur á flot við stjórnina, þar eð ekkert nýtt atriði er komið fram í málinu, nema hvað síðan er búið að löggilda Straumfjörð sem kauptún, sem fremur mælir mót, en með stofnun kauptúns á Akranesi». Þingið hlýtur að viðurkenna þá grundvallarreglu í verzluninni, að það sè nauðsynlegt, til þess að kauptún komist hèr upp, að vöruaflanum og aðsókninni sè haldið saman að vissum stöðum, en því fleiri kauptún, sem hèr yrðu stofnuð, því meir fjarlægjast menn þessa grundvallarreglu, og því minni kraptur verður á hverjum stað. Hèr eru nú meir en 30 kauptún, og við höfum leyfi til vöruflutninga, sem að minnsta kosti hvað Reykjavík snertir, er notað í rúmum skilningi, einkum hvað Borgarfjarðar- og Mýrasýslu snertir, því t. a. m. í ár hafa verið 5 eða 6 kaupskip í einu á Brákarpolli í Mýrasýslu, og fleiri skip hafa seinna siglt upp Krossvík eða Lambhússund á Akranesi, flutt danskar vörur þangað og sótt íslenzkar, enda hafa mjög fáir bændur úr þessnm sveitum í sumar komið hingað til verzlunar. Borgfirðingar hafa því, að mèr virðist, ekki neina verulega ástæðu til umkvörtunar, og að vísu eru þeir betur farnir, en innbúar margra annara sveita, hvað verzlunarefni þeirra snertir, og eg sè því ekki heldur neina verulega nauðsyn til þess, að stofna kaupstað á Akranesi, og þykist geta fullyrt, að þó því yrði framkvæmt, mundi það ekki verða innbúunum í Borgarfjarðarsýslu til neinna verulegra nota, því hèr mundu koma fram allir þeir annmarkar, sem eiga heima hjá útkaupstöðum okkur, og sem eg ekki þarf sö taka fram, því þeir eru alkunnir.

Framsögumaður: Eg verð að segja, að annaðhvort er það minnisleysi mitt, eður að hiun háttvirti konungsfulltrúi hefir enga skýrslu gefið um synjun stjórnarinnar fyrir siglingaleyfi á Lambhússundum, og vil eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort svo sè, eður mig rangminni.

Konungsfulltrúi: Eg skal þá á næsta fundi skýra því heiðraða þingi frá ástæðum stjórnarinnar fyrir neitun hennar á bæn alþingis um uppsiglingu Lambhússunds.

Forseti: Hinn háttvirti konungsfulltrúi gat þess við mig utan

þings, að hann ætlaði að gefa þessa skýrslu, en það hefir einhvern veginn dregizt undan.

Konungsfulltrúi: Eg get þá, fyrst eg ekki er búinn að því, gefið hana áður en málið er leitt til lykta, og það enda þegar í dag; ástæður stjórnarinnar eru að öðru leyti því nær hinar sömu og áður. Því það hefir, eins og alkunnugt er, opt verið til meðferðar hèr á þingi.

Páll Melsteð: Eg skal geta þess, að þar sem í hinni konunglegu auglýsingu til þessa alþingis er talað um, að leyfið fyrir löggildingu Lambhússunds fáist eigi, þar stendur: »Vèr höfum eigi fundið ástæðu til að taka tillögur alþingis til greina, og mun fulltrúi vor skýra frá, hvers vegna ekki o. s. frv.». Þetta hefir hinn háttvirti framsögumaður án efa haft fyrir augum, þegar hann sagði það sem hann nú minntist á.

Forseti: Eg skal geta þess, að í gjörðabókinni stendur, að konungsfulltrúi hafi skýrt frá ástæðunum fyrir, hvers vegna stjórnin eigi hafi löggilt Seyðisfjörð, en hitt er ekki nefnt.

Framsögumaður: Eg gleð mig nú við vonina, um skýrslu hins háttvirta konungsfulltrúa; en af því að hún kemur svona seint, vona eg að hann vorkenni mèr, þó eg verði ekki eins fær til að svara öllum ástæðum stjórnarinnar, eins og eg annars hefði kannske verið. Þar sem nú hinn háttvirti konungsfulltrúi færði átæður móti Lambhússundum og þá fyrst og fremst þá, að svo langt sè þaðan til lögreglustjóra, þá er það nú að vísu satt, að til hans er nokkur spotti; en það er þó skemmra að sækja lögreglustjórann að Leirá frá Akranesi heldur en er nokkur staðar frá öðrum kaupstöðum til lögreglustjórans, nema á þeim stöðum, þar sem lögreglustjórinn býr sjálfur; en þeir staðir eru nú ekki margir. Önnur ástæða hins háttvirta konungsfulltrúa var sú, að kaupmenn notuðu svo vel flutningsleyfið í opnu brèfi 19. maí 1854, að þeir sigldu inn á hverja vík og vog. Eg verð þó að bera brigður á þetta. Þingmönnum er kunnugt, að kaupmenn hafa ekki siglt á Lambhússund, nema svo sem einu sinni, fyrr en í vor; en aptur á mót hafa þeir sent skip sín suður um allar tryssur, þar sem þeir hafa óttast verzlunarkeppni, svo sem í Keflavík og Hafnarfirði; en þar á móti svo sjaldan sem aldrei vestanmeginn í Faxaflóa. Þessi sendingalæti, sem nú eru komin á, koma eflaust af því, að Straumfjörður er nú löggiltur, því ekki er meiri ull í Borgarfirði nú en áður nema minni

sè, að minnsta kosti er hún langtum minni nú en 1856. En þegar menn nú sjá af reynslunni, að kaupmönnum verður ekki núið til að nota flutningsleyfið, nema þegar þeir óttast kappverzlun, þá sè eg eigi að það sè ástæða móti málinu, heldur einmitt með málinu. Þar sem konungsfulltrúi sagði, að Borgfirðingar hefðu eigi ástæðu til að biðja um kauptún á Skipaskaga, þá vil eg spyrja hann: Hvar er þá nauðsyn á kanptúni ef ekki þar? Getur hann borið móti því, að landvegur hingað suður úr Borgarfirði sè bæði næsta örðugur og langur, þar sem bæði er yfir Botnsheiði og Svínaskarð að fara, sem eru verstu fjallvegir? Getur hann borið móti því, að sjóvegurinn sè líka langur, þar sem hann *er 3½ vika* sjáfar, þó hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi áður sagt, að hann væri 2½ vika? Getur hann borið móti því, að það hljóti að hafa mikinn kostnað í för með sèr, að kaupa skip og menn ofan af Akranesi, og auk sjóvegarins verða sumir líka að fara töluverðan landveg, og hljóta því að kaupa haga og geymslu á hestum sínum. Eg vil nú færa dæmi upp á þetta úr útlöndum. Eg vil spyrja: Hvað ætli Skáneyingar hefðu sagt, meðan þeir stóðu undir Danmörku, ef þeim hefði verið skipað, að sækja nauðsynjar sínar yfir Eyrarsund til Kaupmannahafnar? Ætli þeim hefði ekki þótt hart, að verða fyrst að fara 8—15 mílur niður til strandar, og svo að kaupa sèr báta yfir um sundið. Sama máli er nú hèr að gegnu, með því að hèr er sjóvegurinn eins langur, nema þeim mun ver, að stærri báta er hèr ekki að fá en 2—4 manna för, sem eru svo lítil, að annaðhvort geta þeir ekki flutt í einu nema að eins nokkurn hluta af nauðsynjum sínum, eður þá hitt, að þeir hlaða þau um of, og verða svo að eiga undir kasti, hvort sjór gengur inn í þau og eyðileggur fyrir þeim alla vöruna. Þingmönnum er nú kunnugt, hvílíkur skipskaði varð hèr síðasta haust, og þingið ætti að varast, að gefa í nokkru tilefni til að slíkt beri optar að; því þá fórust eigi að eins margir menn, heldur einnig miklar vörur (*H. Kr. Friðriksson:* Þarf þá ekki að flytja póstinn eins fyrir því?). Jú, en ekki vörurnar.

H. G. Thordersen: Eg hef nú að vísu lítið vit á þessu máli, en eg vil spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort hann ei lætur sèr lynda 2. niðurlagsatriðið að eins; því að fara að biðja hans hátign konunginn, að löggilda kauptún við Lambhússund, það finnst mèr eptir þeirri þekkingu, sem eg hefi á málinu, vera að fara of

langt, en hitt þykir mèr vel við eiga; en af því eg er ókunnugur, þá yfirlæt eg það til hans, að dæma um þetta.

Framsögumaður: Eg vil svara hinum háæruverðuga 2. konungkjörna því, að fyrst og fremst gleður það mig, að hann fellst á vara-uppástunguna; en efnið í henni er það, að skyldi hún verða að lögum, þá verður sá munurinn, að enginn lausakaupmaður má verzla þar, og ekki heldur »faktorar« fyrir útlenda kaupmenn, heldur geta að eins búsettir kaupmenn verzlað þar og tekið sèr þar bólfestu.

H. G. Thordersen: Eg skal ei svara þessu öðru en því, að eg veit ekki hver munur er orðinn á lausakaupmönnum og fastakaupmönnum með tilliti til þess, hvernig þeir selja vörurnar. Eg er búinn að reyna það, einkum á seinni árum, að lausakaupmenn selja alls eigi með betra verði, en fastir kaupmenn; svo eg veit ekki, hvort það er vert, að skipta sèr nokkuð af þessum greinarmun, mèr sýnist hann vera alveg horfinn.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að svara hinum háttvirta framsögumanni fáeinum orðum út af ræðu hans, og skal eg þá fyrst taka það fram, að eg lagði ekki eins og hann sagði alla áherzluna á það atriði, að það væri engin lögreglustjórn á Akranesi, en eg minntist þó á það atriði, sem verulegt atriði í málinu, og það verð eg að álíta sè rètt skoðað. Hann sagði líka, að kaupmenn sigldu ekki upp Akranes, en færu í allt aðrar áttir, þessu verð eg að neita, og að minnsta kosti hafa þeir gjört það á þessu sumri; kaupmenn okkar sjá svo hag sinn, að þeir koma ávalt þangað sem til einhvers er að slægjast, og þarf eg ekki að leiða rök að því. Þá talaði hinn heiðraði framsögnmaður um þá erfiðleika, sem Borgfirðingar ættu við að stríða hvað kaupstaðarferðir þeirra snertir; eg neita því ekki, að þeir eru nokkir og enda talsverðir, en þeir eru minni hjá þeim en víðast annarstaðar, og svo bætir flutningsleyfið mikið úr þeim; þessu verður ekki neitað. Loks tók framsögumaður fram mannskaða þann, sem varð hèr í haust á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur; en sá mannskaði hefði orðið, þó kaupstaðurinn hefði verið á Akranesi; og þetta er því engin veruleg mótbára eða röksemd fyrir því, að nauðsynlegt sè að stofna kauptún það, sem hèr ræðir um.

H. Kr. Friðriksson: Eg stend nú upp einungis af því, að eg var einn í nefndinni, og vil eg því ekki sitja alveg þegjandi. Spurningin er í ranninni um það, hvort vörumagnið sè svo mikið, að það

yrði verzluninni til eflingar, að fleiri kaupstaðir sè löggiltir. Eg sè nú ekki betur, en að verkin sýni merkin um það, því að undir eins og einn kaupstaður kemur upp, þá fellur annar. Og ef nú væri beðið um kauptún löggilt við Lambhússund, eða á Krossvík þá væri það hið sama, sem að afbiðja Straumfjörð; eg veit nú ekki hvernig það getur verið rètt, að biðja um einn hlut árinu áður, sem maður afbiður árinu eptir, því þótt það sè eigi gjört beinlínis með þessu, þá er það þó óbeinlínis.

Eg vildi sannlega óska, að vörumagnið væri orðið svo mikið, að verulegur kaupstaður yrði reistur á hverri vík, en það vantar mikið á það. Á hinn bóginn get eg ekki sèð, að nein ástæða sè til að fjölga kaupstöðum, þar sem meiri örðugleikar eiga sèr ekki stað en hèr, því eg held þeir sè miklu meiri annarstaðar víða. Eg vil taka eitt dæmi, sem einmitt nefndin sjálf hefir tekið, en sem hún af ókunnugleik sínum hefir skoðað alveg rangt, það er um Dalasýslubúa; úr Dalasýslu er lengri vegur í Stykkishólm, heldur en úr Borgarfirði og hingað suður, því að t. a. m. þegar menn fara úr Saurbæ gegnum Svínadal og Hvammssveit og út Skógarströnd, og kringum Álptafjörð, þá eru það fullir 3 áfangar með lest, en úr Borgarfjarðársýslu hvergi meir en 2. Meiri hlutinn getur nú sagt þeir geta farið sjóveg; það er satt, en það má segja hið sama um Borgfirðinga, og úr Dalasýslu er fullkomlega eins langur sjóvegur eins og af Akranesi og hingað suður. Þannig er það víða; eg vil spyrja, hvort það muni hægra fyrir Hornstrendinga, að sækja til Ísafjarðar, en fyrir Borgfirðinga að sækja í Reykjavík, eða fyrir þá sem búa fyrir vestan Horn, að sækja til Reykjarfjarðar. Örðugleikarnir eru því ekki þeir hèr, að þeir sèu ekki víða miklu meiri. En þó það sè ein sýsla, sem engan kaupstað hefir, þá held eg menn þurfi ekki að láta sig það varða, þegar örðugleikarnir eru mjög litlir, og minni en víða annarstaðar. Þar sem talað hefir verið um, að kaupmenn flytji eigi nóg af nauðsynjavöru þangað upp eptir, þá eiga menn ekki víst, að kaupmenn á Skipaskaga, ef kaupstaður kæmist þar á, yrði svo byrgir, að þeir þurfi eigi að sækja vörur til Reykjavíkur; og það mundi sannast, að Borgfirðingar mundi sækja hingað eins fyrir því, þótt kaupstaður kæmist þar á. Það er annars skrítið, að ef eg man rètt, þá kom á síðasta þingi bænarskrá frá Mýramönnum um að kauptún yrði löggilt í Straumfirði, og nú er það fengið, en nú biðja þeir um löggilding kaupstaðar á Krossvík. Eg get nú annars ekki sèð, að ef Borgfirðingar vilja fá

flutning á vörum til sín hèðan samkvæmt leyfinu frá 1854, að það sè meiri örðugleikar á því fyrir þá, að fara hingað, og biðja kaupmenn, að flytja vörur upp eptir til sín, og þá er eg viss um, að margir kaupmenn mundu verða til þess, enda hefir það verið svo í vor, og enda á hverju sumri hin síðustu ár. Það er reyndar satt að salt hefir eigi verið flutt þangað fyrr en í vor, en eg er viss um að ef einhver vildi biðja kaupmenn þess, þá mundi eigi mikið verða því til fyrirstöðu. Það er nú reyndar auðvitað, að þó þetta sè ei nema 3 vikur sjáfar, þá er þó mikill tímaspillir að sækja þennan veg hingað, en eg held, að það jafnaði sig upp, því ef fastir kaupmenn settust þar að, þá held eg að þeir mundu selja þeim mun dýrara, svo að allt jafni sig upp. Eg veit líka til, að Borgfirðingar fá hèr uppbót fyrir ferðakostnað, það get eg sannað. Það hefir verið talað um, að það væri svo mikill lífsháski sameinaður við þetta, en hvar er það á landi, að menn ekki geta dáið; slíkt álít eg nú ekki annað en barnahjal. Það er talað um í nefndarálitinu, að hèr sè, »kunstig« verzlun, en það held eg sè rangt, því það er auðvitað, að undir eins og verzlunarstaður kæmist á á Skipaskaga, þá drægist nokkuð af vörunum þangað. En þá vil eg spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort hann vilji heldur, að helmingur af vörunum verði þar, helmingur hèr, en að allar vörurnar sè hèr. Eg held hann verði að segja nei, svo ljósa þekkingu hefir hann á verzlunarefnum. Eg held því, að þegar allt kemur til alls, og þegar málið er skoðað frá Borgfirðinga hlið, þá muni hagur þeirra eigi verða svo mikill, því eg held að þeir missi það með mörgu móti sem þeir vinna með hægðinni. 2. niðurlagsatriðið sýnist nú að vera mikið gott, og nefndinni þykir víst skrítið, að eg skuli eigi fallast á það, en eg gjöri það þó ekki, og nefndin hefir sjálf sýnt að það er ekki gott. Hún hefir sýnt, að eptir lögunum frá 1786 þá hafa kaupmenn haft hèr í seli á ýmsum stöðum og þetta er nú alveg það sama. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, þingið ræður hvað það gjörir við það, en eg skal ekki tala eitt orð um það framar.

Sveinn Skúlason: Eg vil nú tala í sömu stefnu, sem eg hef jafnan talað áður um slík mál, að þar sem eg veit að ósk landsmanna er, að kaupstaður komist á, og eg sè að þeir hafa sannan áhuga á því, þá vil eg mæla með því; því eg álít rèttast, að slíkir kaupstaðir standi og falli af reynslunni; en það er ómögulegt, að sanna það fyrir fram, hvort þeir geti þrifizt eður ei. Stjórnin hefir

líka sjálf viðurkennt, að þetta er hin hollasta regla, þar sem hún hefir ár eptir ár fjölgað kauptúnum hèr á landi. Þetta virðist mèr nú líka vera skoðun stjórnarinnar á málinu, þar sem hún eptir bænum alþingis hefir nú löggilt alla hina staðina, er alþing hefir beðið um, en þessi staðurinn, sem hèr ræðir um, er hinn einasti sem eptir er, og þar er einmitt brýnust nauðsynin og almennust óskin, og mèr þætti undarlegt, ef þingið skyldi ei vilja styðja þessa bæn, þegar það áður hefir stutt svo margar, sem hafa verið miklu einstakara efnis og af færrum fram borið. Eg held, að það sè fullsannað, bæði af reynslunni, og af þeim ræðum, sem hèr á þingi hafa verið haldnar um málið, að það er ekki til neins, að ætla sèr að skapa krapt í verzluninni með því með lögboðnum takmörkunum að draga hana saman, án þess að hann komi af sjálfu sèr; við vitum frá tíma konungsverzlunarinnar, að verzlunarkrapturinn verður ekki meiri, þegar verzlunarstaðirnir eru fáir, og það er auðsèð, að því minni tíma, sem menn þurfa til að koma vörum sínum út og nálgast nauðsynjar sínar, því meiri verður hagnaðurinn. Eg vil nú eingöngu halla mèr að 1. niðurlagsatriðinu; en eg vildi helzt, að 2. niðurlagsatriðið fèlli, mèr finnst það draga svo mikið úr, og að það sè óhæfilegt, þegar óskin er svo almenn, að taka það minna fyrir hið meira. Eg álít nú, að Lambhússund væri miklu haganlegri verzlunarstaður fyrir Borgfirðinga, en Straumfjörður er fyrir Mýramenn. Eg gæti hugsað mèr, að til næsta alþingis kæmi bæn um, að löggilda Brákarpoll til verzlunarstaðar; en eg gæti þá ekki sèð neitt því til mótspyrnu; eg vil að þetta lagaleyfi til verzlunar sè sem almennast, því reynslan á, að minni hyggju, að sýna, hvar verzlun getur þróazt og hvar ekki.

Páll Melsteð: Það hefir nú áður komið fyrir hèr á þingi bænarskrá um löggildingu Lambhússunds til verzlunarstaðar; eg var þá heldur á móti því; en eg hef síðan skoðað huga minn og hugsað um þetta mál, og þegar eg sè, að bænir koma um þetta ár eptir ár og ávalt fjölmennari, þá hygg eg, að ástæða sè til, að skoða málið betur, og niðurstaðan á hugsan minni um þetta mál er nú orðin sú, að eg gef atkvæði með málinu, einkum af því, að eg sè, hversu að stjörnin er ljúf og eptirlátssöm, með að fjölga kauptúnunum hèr á landi. Eg geng að því sem gefnum hlut, að hún vilji landinu allt hið bezta. En það er eitt atriði í þessu máli, sem mèr sýnist mæla sterklega með því. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að hann áliti, að hèr væri nóg fengið, þar sem flutn-

ingsleyfið væri fengið. Já, það er að vísu mikið fengið; en eg vil taka það fram, að eg *held* — eg segi: eg held, því eg *veit* það ekki með fullri vissu, en þá vissu má fá — að þetta leyfi sè misbrúkað, og það skaðsamlega misbrúkað, og þá vil eg heldur að laganna stimpill og konungsins nafn sè fyrir því, að verzlunin sè þar að öllu leyti frí og frjáls, heldur en að hún í pukri sè misbrúkuð, svo að kaffe og brennivín sè selt þar og aðrar ónauðsynjavörur, undir yfirskyni flutningsleyfisins á nauðsynjavörunni. Þetta álít eg hreinlegra og sómasamlegra, heldur en að menn sè með hinn varninginn á hurðarbaki; en þetta veit eg ekki betur en að eigi sèr stað á öllum víkum og vogum, að þar er bæði vigt og mælir, og þar er farið í pukri með þessar vörur, og þessu verður aldrei afstýrt, ekki geta lögreglumenn verið alstaðar; þá vil eg heldur, að þetta megi allt koma fyrir dagsins ljós ag gjörast í laganna leyfi. Annað atriði er líka í þessu máli, sem mælir mjög mikið fram með því; hèr er mjög mikill örðugleiki, þar sem yfir sjó er að sækja meir en 3 mílna breiðan; það er lengra, en á milli heimsálfanna Evrópu og Asíu, það er eins breitt eins og á milli Evrópu og Afríku yfir um Njörfasund, og menn vita, að bændur á Akranesi og kaupmenn í Reykjavík eiga engin gufuskip sem fara á milli Reykjavíkur og Akraness. Eg er því sannfærður um, að stjórn vor er svo vitur og svo góð, að hún hikar eigi við, að löggilda þenna stað til verzlunarstaðar.

Jón Pálmason: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga tók það fram, að þegar eitt kauptún kæmi upp, þá fèlli annað niður; þau dæmi held eg að sèu næsta fá, og eg vil að minnsta kosti biðja þingmanninn að sýna mèr þau. Eg fyrir mitt leyti vil nú heldur styðja þetta mál en fella, því eg veit að Borgfirðingum er mjög annt um, að það umbeðna fái framgang hèr á þingi. Eg hefi talað við nokkra þeirra á suðurleiðinni og sannfærðist eg fullkomlega á því, að Borgfirðingar hafa mikið til síns máls að biðja um kauptún á Akranesi, því það má ætla landsmönnum að þeir biðji ekki um það sem þeim er í óhag. Danir hafa sýnt það um þau kauptún sem þegar ern löggilt, að þau hafi verið til mikils hagnaðar fyrir landið. Eins og mèr finnst að framsögumaður hafi skýrt tekið það fram, af því líka þetta er svo almenn ósk, þar sem 228 nöfn eru undir bænarskránni, þá eigi þingið að leggja áherzlu á það, eins og á hinn bóginn það er fullkomlega sýnt og tekið fram, að það eru miklir örðugleikar fyrir Borgfirðinga að sækja verzlun

hingað til Reykjavíkur; bæði er sjóvegurinn langur og hættulegur eins og dæmin hafa sýnt, þar sem hann er 3½ míla, og þó menn fari landveg, þá er hann jafnörðugur og ógreiður yfirferðar. Eg gef því mitt atkvæði fyrir meiri hluta nefndarinnar, 1. niðurlagsatriði.

Forseti: Viðvíkjandi vara-atkvæðinu, vil eg taka það fram, að mèr finnst það mjög óviðfelldið; það sem um er beðið í því, er í rauninni hið sama sem að biðja um löggilt kauptún, en undanþágan sem þá er gjörð, er mjög óeðlileg og undarleg, einkum með tilliti til lausakaupmanna, sem hafa leyfi til að uppsigla hvert löggilt kauptún; og væri, ef til vill, rèttara að taka fram með berum orðum undanþáguna með tilliti til þeirra.

Páll Melsteð: Eg vil bæta því við það, sem eg sagði áðan, að mig minnir ekki betur, en að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga talaði um, að Mýramenn hefði áður beðið um Straumfjörð löggiltan, og nú vildu þeir fá Krossvík; hann hefir nú gefið út íslenzka landaskipunarfræði, svo hann þekkir sjálfsagt hvernig tilhagar um allt land; en hverjir af Mýramönnum eru það, sem biðja um Krossvík? Einmitt þeir sem búa í eystra hluta Mýrasýslu upp til dala. Stafholtstungnamenn, Þverhlíðingar, Hvítsíðingar. En allur vesturhlutinn, það um Straumfjörð, og hefir nu fengið ósk sína uppfyllta, og eru hans hátign konunginum mjög þakklátir fyrir það. En Hvítsíðingar og Norðurárdælingar og fleiri þar nálægt, ættu hægra með að sækja á Akranes og fyrir því hafa þeir beðið um Krossvík, en þeir hafa sjálfsagt ekki vitað að Borgfirðingar beiddu um Lambhússund; því annars hefðu þeir beðið með þeim.

Stefán Jónsson: Það var eins og mèr skildist, að helzta ástæða hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga á móti meiri hlutanum, væri sú, að Dalasýsla ætti líka erfitt i kaupstað, og datt mèr þá í hug, að hann hefði dregið þessa ályktun út af því, að af því að Dalasýsla væri í vandræðum, þá væri rètt, að Borgarfjarðarsýsla væri það líka. Það er þó optast svo, að þegar menn finna vandræði á einhverjum stað, þá vilja menn sem mest sporna við því, að þau verði almenn. En eptir þessu ætti að vera svo, að ef t. a. m. fjárkláði væri í Gullbringusýslu, þá ætti hann líka að vera í Borgarfjarðarsýslu, Árnessýslu og svo sýslu úr sýslu um land allt. Þetta get eg nú ekki álitið eðlilega skoðun. Eg vil að hverjum manni sè gjört sem lèttast fyrir, þar sem því verður við komið; en hitt er sjálfsagt, að þar sem náttúran eða aðrar kringumstæður

eru svo, að það stendur ekki í mannanna valdi að ráða bót á því, þá verða menn að sitja við það sem þeir hafa. Það getur verið, að eg hafi ekki skilið þingmann Reykvíkinga rètt, en svo tók eg eptir, að þetta væri meiningin í orðum hans.

H. Kr. Friðriksson: Mèr þótti merkilegt, að þingmaður Eyfirðinga skyldi afbaka orð mín, eins og hann gjörði, eg átti ekki von á því af honum. Eg dró ei neina ályktun út af því, að af því Dalasýsla ætti örðugt, þá væri sjálfsagt, að Borgarfjarðarsýsla ætti að eiga það líka. Slík orð eru einungis til að gjöra sèr leik. Eg held líka, að það mætti finna einhverja vík í Dalasýslu, sem væri eins vel löguð til hafnar, eins og Lambhússund. Fyrst hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga vill hlynna svo mikið að þessum verzlunarstöðum, þá ætla eg að halda sömu stefnu, og áskilja mèr það viðauka-atkvæði við 1. tölulið, að konungur allramildilegast vildi löggilda hverja vík á Íslandi til verzlunarstaðar, þar sem landsmenn kynnu að finna ástæðu til þess.

Jón Sigurðsson: Það er nú í fyrsta sinn, að eg tala um verzlunarmál hèr á þingi, og því er ekki ólíklegt, að eg vèrði á nokkuð annari skoðun, en sumir aðrir þingmenn sem talað hafa. Eg vil nú hlynna að allri frjálsri verzlun, ekki síður en hver annar þingmaður, en get ekki verið þeim samdóma um, hver aðferð þar til heyrir; menn verða að gæta hófs í því eins og öðru; það má eins gjöra ofmikið að í því efni, eins og oftítið. Það eru nú reyndar allir á því, að það sè nauðsynlegt, að draga verzlunina sem mest inn í landið; en mèr sýnist þetta kapp, sem á seinni tíð hefir komið svo mjög fram um verzlunarstaði á hverri vík eða vog kringum allt landið koma í beina mótsögn við þá skoðun; því þegar farið er að sundra svo mjög verzlunarkröptum, og setja kauptún við hverja vík og vog, þá verður ekkert verzlunarmagn á hverjum staðnum fyrir sig, og enginn innlendur kaupmaður getur þrifizt þar til lengdar; verður því niðurstaðan sú, að þessi verzlunarpláz verða selstaða fyrir einhverja kaupmenn, sem búsettir eru í Danmörku, Englandi eða Noregi; og eg sè nú ekki, hvað hættulegra getur verið fyrir innlenda verzlun en þetta. Líti maður á hagnað þann, sem landsmenn geta vænt sèr af þessu, þá fer hann eptir því, hvað selstaðan er góð, eða með öðrum orðum, hvað mikið verzlunarmagn getur safnazt á hvern stað fyrir sig, því ef á þessum vogum og víkum gæti komið upp duglegir verzlunarstaðir með nægu vörumagni, þá gæti það orðið landsmönnum að nokkru gagni;

en ef þar á móti það yrði ei annað, en smá-einokunarholur, sem að vísu gæti þrifizt nokkurn tíma af okri og smákaupum með munaðar- og óhófsvöru, en sem ekki gæti byrgt landsmenn að neinu ráði með nauðsynjavörur, þá hlýtur þvílíkt verzlunarlag að verða landsmönnum til hins bersýnilegasta óhagnaðar, og það hljóta þvílíkir smá-verzlunarstaðir jafnan að verða, þegar verzlunarafli ð vantar, og vörumagnið ekki er nægilegt fyrir í landinu; þeir geta ómögulega þrifizt öðruvísi en á smá-okri. Þegar því ræða er um að koma upp nýjum verzlunarstað, til hagnaðar fyrir landið, þá verða menn að gá þess, að þar sè nóg verzlunarmegin fyrir, til þess að verzlunarstaðurinn geti þrifizt og orðið að tilætluðu gagni. Eg skal leyfa mèr að upplýsa þetta betur, með því dæmi sem hèr liggur fyrir, nefnilega um verzlunarstað við Lambhússund. Sá kaupmaður, sem setti sig niður á Skipaskaga, þarf þó að hafa eitthvað til að lifa af, og sèr og sínum til framfæris; og það yrði hann að leggja á verzlunina; því meiri sem verzlunin yrði, því lèttara lægi það á henni; og aptur á móti því minna sem kaupmaðurinn hefði undir hendi, því meir yrði hann að okra á því lítla sem hann hefir; það sjá allir, hvað mikill munur á því er, hvort kaupmaðurinn hefir litla verzlun eða mikla, hvort hann t. a. m. gjörir 10,000 rd. umsetningu á ári eða 100,000 rd. umsetningu; því þá fyrst geta kaupmenn farið að keppa við aðra þegar þeir hafa töluvert verzlunarmagn og nægilegt fè í höndunum. Hinir smáu verzlunarstaðir hafa líka annan ókost við sig, sem ekki hefir verið á bent, en það er eilíft vöruleysi, sem þess konar stöðum jafnan fylgir; því þessir smákaupmenn eða kramarar flytja helzt alls konar óþarfa, og okra á kaffi, brennivíni og öðru þvílíku, en forðast að flytja nauðsynjavörur, sem kosta meiri peninga, og gefa minni arð, með því líka það er örðugra, að flytja nauðsynjavöruna landa á milli. Eg hef tekið eptir því, þar sem eg þekki til, að á þessum útkaupstöðum er optast skortur á nauðsynjavörum. Eg tek það því upp aptur, sem eg áður hefi tekið fram, að þegar menn tala um að koma upp nýjum kaupstöðum, verða menn vandlega að gæta að því, hvort staðurinn er svo haganlegur, að verzlun þar geti orðið að nokkru gagni. Nefndin hefir ekki enn hrakið þær mótbárur, sem færðar hafa verið móti því, að Lambhússund sè svo haganlegur staður til verzlunar, að þar geti komið upp kaupstaður að nokkru gagni. Þessar mótbárur verður þó nefndin að sýna með ástæðum, að sèu ástæðulausar, því annars held eg þetta yrði til að eyðileggja bæði

þann kaupmann sem máske kynni glæpast á að setja sig þar niður, og máske landsmenn sjálfa. Og ef vöruskortur yrði nú á Skipaskaga eins eptir sem áður, svo menn úr Borgarfirði þyrftu að fara til Reykjavíkur til að sækja þangað nauðsynjar sínar, þá mundi það eins geta að borið hèr eptir sem hingað til að bátur farist á leiðinni og fellur því sú ástæða framsögumanns í burtu. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga benti til, að höndlunarhúsið Örum & Wulff, sem reiðir Húsavík og fleiri staði, seldu ei betur en aðrir, þó það væri nógu ríkt, þá getur það nú verið satt sem hann sagði; en eg get þá líka vísað á kauptún nálægt Húsavík, sem stofnað er ekki alls fyrir löngu, og þar hefir sannarlega ekki verið selt betur en annarstaðar, að því mèr er kunnugt. Hinn sami heiðraði þingmaður og fleiri þingmenn hafa látið það í ljósi, að frjálsast og eðlilegast verzlunarfrelsinu sè, að setja verzlunarstað við hverja vík í kringum allt landið; svo ætti reynslan að skera úr hverjir haganlegast væru settir, með því að þeir yrðu að lúta í lægra haldi, sem óhaganlega væru settir. En gæti nú ekki þetta gengið í það óendanlega, að einn kaupstaðurinn eyðilegði annan, eptir því sem tímarnir og hagir landsmanna breyttust? Og það held eg að yrði hið fljótasta meðal til að útiloka alla verzlun úr landinu sjálfu. Eg hef æfinlega litið svo á þetta mál, að það eigi að vera mark og mið allra, sem hafa áhuga á hinni frjálsu verzlun, að draga verzlunina sem mest inn í landið, og fara ekki neinu því á flot, sem geti orðið því til hnekkis eða tálmunar; en það held eg geti orðið eptir þessari stefnu.

Benidikt Sveinsson: Eg ekal okki tala margt; eg vil einungis benda til, að 2. niðurlagsatriðið er ei sem heppilegast orðað; og svo að þingmenn geti sèð, hvað nefndin hefir meint með þessari vara-uppástungu, þá vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði hèr um bil svo orðað: að hans hátign allramildilegast vildi löggilda kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu, þannig að öllum o. s. frv. Þetta held eg sè betra, heldur en að eg tali mörg orð á móti hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu, því það hefir opt sannazt, og sannaðist seinast í gær um lagaskólann, að þegar menn þykjast vilja halda fram máli og styðja það, þá kippa menn fótunum undan því, og eyðileggja það; enda vona eg, að þingmaðurinn hljóti án meðmælinga að fallast á vara-atkvæðið þannig orðað, ef honum, sem eg efast eigi um, hefir verið alvara, er hann talaði seinast. Eg vil taka það fram, að þar sem honum

þótti þessi selstaða, sem hann svo kallaði, svo voðaleg, þá er þó enn voðalegra, að gjöra Ísland að selstöðu *allra* útlendra þjóða, sem vilja hafa það að fèþúfu. Eg vil því biðja þingið, að hugsa sig um vara-uppástunguna þannig orðaða.

Gísli Brynjúlfsson: Það er að eins út af því, sem hinn háttvirti þingmaður úr Suður-Þingeyjarsýslu sagði, að eg skal leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir. Það er ekki nema misskilningur, ef hann ímyndar sèr, að uppástunga nefndarinnar um kauptún á Akranesi geti á nokkurn hátt miðað til að gjöra verzlun hèr í landi fremur innlenda yfirhöfuð, og það er því ekki rètt að finna að þeim af þeirri ástæðu, að þær gjöri þetta ekki nægilega. Það er víst, að verzlunin kemst ei í annað horf, þó allt af sè verið að stofna fleiri og fleiri kauptún, meðan hin almennu verzlunarlög vor standa óbreytt. En það er ei heldur það, sem hèr er spursmál um. Verzlunin á Íslandi er nú einu sinni í því horfi, að hún mestmegnis er í höndum útlendra kaupmanna, og öðruvísi getur ei heldnr verið meðan þau lög, eða rèttara sagt ólög gilda hèr um þetta efni, sem hvergi hafa sèr stað annarstaðar, að útlendir kaupmenn, sem eru búsettir og hafa aðalbeikistöð verzlunar sinnar í öðrum löndum, mega samt sem áður hafa útsölu hèr í landi undir sínu eigin nafni og að öllu leyti reka verzlun út um landið rètt eins og þeir væru ílendir þegnar þessa lands, sem þeir þó ei eru. Þessi nýlenduverzlun viðgengst ei, svo eg viti, nokkurstaðar annarstaðar í Norðurálfunni, en á Íslandi, og það er víst að brýn nauðsyn her til að breyta því, ef kaupmenn eða kaupstaðir eiga nokkurn tíma að komast upp hèr í landi; en það er líka eins víst, að þetta verður aldrei gert, án þess að verzlunarlögum vorum verði alveg breytt frá rótum, því með lögum skal land hvert byggja en með ólögum eyða, og það hið úrelda verzlunarlag, með »faktóra» o. s. frv., sem lögin enn heimila hèr í landi, og sem heldur ekki er annað enn leifar af því verzlunarástandi á miðöldunum, sem svo lengi hefir dregið allan þrótt úr Íslandi, er eins gagnstæðilegt sönnum hagnaði þessa lands, eins og lögin frá upphafi hefðu beinlínis verið sett til þess að eyðileggja landið, þar sem hin gagnstæða aðferð þó hefir verið höfð í öllum öðrum löndnm, sem þó síður hefðu þurft á lagavernd að halda en Ísland. Þetta er nú allt í augum uppi, og enginn skyldi vera fúsari en eg til þess að samþykkja ný lög, sem breyttu öllu þessu og skipuðu verulegt innlent verzlunarmagn hèr í landi. En um það er nú ei að tala að svo

stöddu, og það er því vitleysa að vera að tala um að styrkja nokkura sèrstaka kaupstaði hèr, og dreifa því ei verzluninni of víða, því hèr eru ekki og hafa aldrei verið nokkrir reglulegir kaupstaðir með sönnum kaupstaðarètti. Reykjavík og allir svo nefndir kaupstaðir hèr eru í raun og veru ekkert annað en einfaldar verstöðvar, sem hver útlendur kaupmaður má hlaupa á land í og setja búðir sínar, án þess að takast nokkrar verulegar skyldur á hendur við landið. Undir slíkum ólögum lifum við enn og verðum að lifa þangað til öllu þessu ástandi verður breytt frá rótum með nýjum lögum, og spursmálið fyrir oss getur því að svostöddu að eins verið, þar sem við megum til að sleppa allri hugsun um að koma upp verulegum kaupstöðum, eins og nú er ástatt, að sjá svo um, að landsmenn geti þó haft sem mestan hag af því verzlunarólagi, sem þetta land á undir að búa enn. Væri hèr slík lög, að verulegir kaupstaðir gæti myndazt, þá væri rangt að sundra vörumagninu meðal eintómra smákauptúna, sem að eins drægi frá aðalstöðunum; en þar sem þessu er nú ei að fagna, þá segi eg: það er illt að heita strákur og vinna ei til, og við skulum nú því að eins hugsa um að gjöra landsmönnum alla vöruflutninga svo hæga sem mögulegt er með því, að setja sem flestar verzlunarstöðvar hèr og hvar út um landið. Það er einmitt af þessari ástæðu að eg verð að vera á, að rètt sè að setja nú kauptún á Skipaskaga, og eg vona og að hinn háttvirti þingmaður úr Suður-Þingeyjarsýslu sjái nú, að hann má ei leggja annað í þetta en til er ætlazt eða við má búast eptir núgildandi lögum. Vara-uppástunga nefndarinnar fer að vísu í nokkuð aðra stefnu, því hún miðar heldur beinlínis til að styrkja verulega innlenda kaupmenn, einkum eptir breytingu þá, sem einn af nefndarmönnum, hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður hefir ráðgjört, og henni get eg því einnig gefið atkvæði mitt, því hún er þó eitt fótmál áfram í rètta stefnu til þess að breyta verzlunarástandinu öllu. En þetta vona eg og þingmaður Suður-Þingeyinga sjái.

Framsögumaður: Það voru að eins fáar almennar athugasemdir, sem eg ætlaði að gjöra viðvíkjandi örðugleikunum, sem talað hefir verið um, að eigi væri meiri fyrir Borgfirðinga en aðra. En hèr er á fleira að líta en örðugleikana eina; það fyrst, fyrir hve marga menn örðugleikarnir eru, annað hitt, hve mikið vörumagnið er sem flytja skal til kaupstefnu, og verða menn þá að gefa gætur að því, hvort vöruaflinn sè svo mikill, að hann sè næg-

ur fyrir nýjan kaupstað eður eigi og í þriðja lagi, að ekki er til neins að tala um örðugleikana ef eigi verður úr þeim bætt, annaðhvort fyrir þá sök, að vöruaflinn er svo lítill að þar getur ekki kauptún þrifizt, eður engin höfn er til í því hèraði. Ef Hornstrandir eru bornar saman við Borgarfjörð, þá er það kunnugt að hinn mesti munur er á því hvaða vörumagn og mannfjöldi er í Borgarfirði eður á Hornströndum, og er eigi að hugsa til að setja þar kauptún, með því að þangað geta eigi sótt nema 6 eða 7 bæir. Nefndin hefir sýnt, að nægur vöruafli sè í Borgarfirði og efri hluta Mýrasýslu handa kauptúni á Akranesi, og að menn þar eigi hægra með að sækja á Akranes en á Straumfjörð. Þó vèr hèr í salnum sèum vel að oss í verzlun, þá eigum við samt að trúa landsmönnum til þess hverjir vegir sè beztir. Af því sem nú hefi eg sagt ætla eg ljóst, að vèr eigum að biðja um kauptún að eins þar og einmitt þar sem vöruaflinn er nægur og höfn góð, en jafnframt miklir örðugleikar fyrir landsmenn að sækja aðra kaupstaði.

En um það sem vinur minn, þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að menn ættu að draga verzlunina inn í landið, þá þykist eg og einmitt með þessu gjöra það, það er að segja, með því að gjöra farmönnum sem hægast fyrir að verzla þar og setjast þar að sem nægur vöru-afli er fyrir. Þá var minn háttvirti vinur hræddur við marga kaupstaði, af því að þeir yrði að einokunarholum. Eg vil nú koma með eitt dæmi, Raufarhöfn og Seyðisfjörð. Raufarhöfn er gamalt kauptún, en Seyðisfjörður er að eins síðan 1843; eg vil nú spyrja: Er Seyðisfjörður einokunarhola, eður er eigi Raufarhöfn það öllu fremur? Og ef svo er, sem eg held að enginn geti neitað, ætli þá hefði verið rètt að neita um kauptún á Seyðisfirði af ótta fyrir einokunarholu þar? Eg held eigi. Menn verða og í annan stað að gá að því, að þegar menn vilja stofna nýja kaupstaði, hve nálægt þeir eru öðrum kauptúnum; það getur t. a. m. ómögulega orðið einokun í Hafnarfirði af því Reykjavík er svo nálægt; eins er ástatt með Lambhússund. Eg skal og enn fremur geta þess, að stjórnin sjálf hefir leyft að settir væri tveir kaupstaðir hvor hjá öðrum, Hólanes rètt við Höfðakaupstað á Skagaströnd, og eins Grafarós nærri Hofsós. En er nú þetta til að gjöra einokun? Nei. Þetta hefir stjórnin þorað, og væri þá undarlegt ef vèr eigi þyrðum það. Ef menn segja að verra verð sè í Hafnarfirði en hèr í Reykjavík, þá get eg aptur á mót sagt, að hèr í Reykjavík sè mjög misjafnt verðlag, og það svo, að í einni búð

er selt 100% dýrara en í annari. Þetta er mjög skiljanlegt Það er eðlilegt, að sá, sem verzlar fyrir 1000 rd., fái betri kjör en hinn sem einungis verzlar fyrir 10 rd.; það tekur upp jafnlangan tíma að verzla við hvorntveggja. Og í annan stað, á hverju lifir smákaupmaðurinn? Á því að vara hans er dýrari. Menn verða að gá að því, að vöruverðið er að svo miklu leyti komið undir krapti eður ríkidæmi kaupmannsins. Sá kaupmaður sem er ríkur, hann getur sætt beztu kaupum í útlöndum og þarf eigi að fá vörur að láni, með slæmum kjörum. Þegar hingað kemur lánar stórkaupmaðurinn aptur smákaupmönnunum eður selur þeim vörur með nokkru en þó litlu betra verði en landsmönnum. Þessir smákaupmenn eður borgarar vorir selja aptur út í smáu; þeir hafa tíma til að hanga yfir landsmönnum, er verzla fyrir fáeina dali; en eg segi yður satt, að borgararnir taka góð daglaun af landsmönnum fyrir yfirleguna, enda hlýtur það svo að vera. Ef nokkur efast um að 1 kaupmaður geti lifað á Lambhússundum, þá verður það sannarlega víða, því fáir vörumarkaðir eru stærri en öll Borgarfjarðarsýsla og efri hluti Mýrasýslu.

Jón Sigurðsson: Hinn konungkjörni varaþingmaður og þingmaður Skagfirðinga sögðu að eg hefði misskilið nefndaruppástungurnar, en eg er á því, að þeir hafi meir misskilið þær en eg. Eg gekk ekki neitt inn á nefndarálitið sjálft, en talaði almennt um málið eins og það lá fyrir. Fyrri niðurlagsuppástunga nefndarinnar er aðalatriðið, sem um er að ræða, en hitt er einhvers konar varasnagi, sem nefndin ætlar að hanga á, ef þingið skyldi kippa undan henni aðalfætinum sem hún stendur á, nefnil. tölulið 1. Það getur vel verið, að þegar búið er að laga nr. 2. með breytingaratkvæðum, að eg geti aðhyllzt það, því það fer í líka stefnu og eg. Þingmaður Borgfirðinga sneri út úr orðum mínum áðan, þar sem hann vildi draga það út úr þeim, að Seyðisfjörður væri einokunarhola, en ekki Raufarhöfn, en þetta er einmitt gagnstætt því sem eg meinti, því mér hefir aldrei dottið í hug, að kalla alla þá verzlunarstaði einokunarholur, sem stofnaðir hafa verið á seinni tíð, og sízt Seyðisfjörð, sem allir vita að náð hefir miklum viðgangi. Það er satt sem hinn sami heiðraði þingmaður sagði, að þegar smákaupstaðir eru nálægt þeim stóru kauptúnum, að ekki er hætt við einokun, á þeim stöðum, en af hverju? Af því menn þá geta brugðið sér í hina stærri kaupstaði og fengið þar nauðsynjar sínar. En hvernig getur þetta heimfærzt til þess kaupstaðar, sem settur yrði

við Lambhússund, því skyldi nú vöruskortur verða þar eins og beinast liggur við, hver kaupstaður er þá til, sem bætir úr því? Því ef það er ómögulegt núna fyrir Borgfirðinga, að sækja verzlun til Reykjavíkur eins og sagt hefir verið, þá verður það eins ómögulegt fyrir þá, þó kaupstaður komist á við Lambhússund. Hvað mikið verzlunarmegin kaupmaðurinn hefir fer ekki altènd eptir því hvað ríkur hann er, heldur eptir því hvað mikla verzlun hann getur gjört, eða með öðrum orðum, hvað mikla aðsókn hann hefir til verzlunar; eg veit til þess, að einhver með ríkari mönnum í Kaupmannahöfn hefir verzlun á hinni optnefndu Raufarhöfn, en gjörir þar þó mjög litla umsetningu, af því staðurinn er óheppilega settur til verzlunar. Ef þess vegna kaupstaðarstæðið er óhentugt og liggur illa við verzlun, þá getur auðveldlega að borið, að ríkur kaupmaður eyði þar efnum sínum, en gjöri þó landsmönnum lítið eða ekkert gagn, og munu flestir vilja forðast það.

Framsögumaður: Eg ætia að svara fáu hinum háttvirta þingmanni er nú settist. Kaupstaðir þeir sem hann sagði að ekki væru einokunarholur, eru það einmitt, það er að segja, sumir kaupstaðir frá tímum einokunarinnar, en eigi nýju kaupstaðirnir. Á 20 árum hinum síðustu hafa 8 ný kauptún verið löggilt, en einungis á tveim þeirra hefir verið byggt, á Seyðisfirði og Borðeyri, en þar er enn engin föst verzlun komin á, og því er Borðeyri enn engin einokunarhola, hið sama játaði þingmaðurinn líka að væri með Seyðisfjörð; en á hinum stöðunnm er enn eigi byggt, og því getur þar eigi verið að ræða um nokkra einokun. Að öllum líkindum verður sama að segja um Lambhússund. Þar sem nú minn heiðraði vinur fór að tala um hvert Borgfirðingar ætti að flýja annað en til Reykjavíkur, ef vöruskortur yrði, þá skal eg geta þess, að enginn getur með nokkurri vissu spáð, að þar verði meiri vöruskortur en nú er í Hafnarfirði í samanburði við Reykjavík. Svo hefi eg eigi sagt, að Borgfirðingum hefði verið *ómögulegt* að sækja hingað, enda hefir reynslan sýnt, að það hefir eigi verið *ómögulegt* heldur illmögulegt eður næsta örðugt. Ef nú Borgfirðingar því þurfa einhvern tíma hèr eptir að sækja til Reykjavíkur, þá verður það að eins sömu vankvæðum bundið sem nú, en þeir vinna þó allar þær ferðir sem þeir spara við það, að kauptún verður þar löggilt. Þar sem hinn sami heiðraði þingmaður talaði nm verðlag hins ríka kaupmanns á Raufarhöfn, þá veit eg að hann þekkir svo vel mannlegt sinni, að hann veit, að verzlunargæði kaupmanna er eigi ein-

ungis undir landsmönnum komin eður vörumagni þeirra, heldur og líka undir sjálfum kaupmönnum.

Páll Melsteð: Einhver af hinum háttvirtu þingmönnum sagði áðan, eg man nú ekki hver það var, — það var ef til vill þingmaður Reykjavíkur — að skipin fjaraði uppi um hverja fjöru á Lambhússundi. Og þetta hefir sjálfsagt verið borið fram sem ástæða móti því að sigla þangað skipum og setja þar kauptún. En eg skal þá leyfa mèr að koma fram með þá upplýsingu, er eg einkum bendi til stjórnarinnar, sem hlýtur að reka augun í slíka mótbáru — að eg þekki þær hafnir hèr á landi, þar sem skip liggja á þurru um hverja fjöru, þannig er nefnilega á Búðum í Snæfellsnessýslu. Þar liggja kaupskipin inn í svo nefndum Búða-ós; þar fellur sjór undan þeim með hverju útfalli og þar eru þau fermd og affermd, eins um fjöru á þurru sem um flæðar á floti, og sakar aldrei; eins er í Rifsósi í sömu sýslu, þar sem enskir komu og höfðu mikla verzlun og mörg skip á fyrri öldum, eins og kunnugt er. Það gjörir ekkert þó höfnin sè grunn og skipin fjari þar uppi, einungis að botninn sè mjúkur. Eins þekki eg það frá því eg var staddur á kaupskipi 1828 í Vestmannaeyjum, að þar hjó skipið, sem eg var á, niður um fjöruna og sakaði ekki. Það er allt undir því komið hvernig botninn er, eins og reyndar gefur að skilja.

Brynjólfur Jónsson: Eg ætla að tala fáein orð með tilliti til þess sem hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga sagði viðvíkjandi skipalegu á Lambhússundi. Eg þekki það reyndar ekki af eigin reynslu, en eg hefi heyrt af kaupmanni einum sem í sumar sendi skip upp á Lambhússund, að höfnin þar ekki væri nærri trygg, því að hún væri grýtt og þar væri torvelt að fá akkerisfestu; en þar á móti að höfnin á Krossvík væri góð. Eg skal geta þess, að í Vestmanna-eyjum — þó ekki komi það þessu máli við — höggva skip einstöku sinnum niður um fjöru, en þar er mjúkur sandbotn og því ósaknæmt.

Jón Sigurðsson: Eg ætla ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli við nefndina, en af því þingmaður Borgfirðinga skoraði á mig um að koma með dæmi upp á einokun á þessum nýrri kauptúnum, þá vil eg geta þess, að eg hefi heyrt, að á einum verzlunarstað sem er aldeilis nýr af nálinni, hafi í sumar verið gefið 42 sk. fyrir ullarpundið, en hèr í Reykjavik, sem margir þó hallmæla, kvað ullin hafa komizt upp í 50 sk.

Framsögumaður: Út af því sem talað var um Krossvík og

Lambhússund, vil eg gefa þá upplýsingu, að höfnin við Lambhússund er grunn nálægt landi, svo að nærri því hvert skip heggur þar niður eður jafnvel stendur um háfjöru, en utar á sundinu eru dýpri pollar; en að höfnin sè grýtt, því neita eg, þar eru máske einstaka smásteinar í botninum, sem hægt er að taka upp. Um tryggleika hafnarinnar fyrir sjávargangi vil eg geta þess, að 2 rif ganga sitt hvoru megin við höfnina sem veggir fram í sjó, eins og þau væru tilbúin af mannahöndum. Um sjávargang er því eigi að tala, nema dálítið gjálfur, ef hann er á hásunnan. Hèr í Reykjavík er fremur míkill sjávargangur, þegar hann er á norðan. Ef menn þess vegna hefði eigi þorað að löggilda Reykjavík, þá mundu sumir þingmenn játa, að menn hefði verið um of varsamir.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur þá samkvæmt dagskránni presta-eklumálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Málið verður afhent framsögumanni. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 268.

Framsögumaður (*Pètur Pètursson*): Það hefir verið felldur þungur dómur yfir nefndarálitið, einkum 1. atriðið, og farið um það af sumum þingmanna mjög hörðum og gýfurlegum orðum, um hversu óheillavænlegt það væri fyrir land og lýð, þar sem það bæði eyðilegði presta- og latinuskólann, og umturnaði hinni prótestantisku kirkju hèr á landi. En þetta álít eg sprottið af því, að menn slíta 1. atriðið úr sambandi við nefndarálitið. Menn hafa gleymt öllum þeim tryggingum, takmörkunum og skilyrðum, sem tekin hafa verið fram í nefndarálitinu; það er eins og stýfla væri tekin úr straumharðri á, og einhver óaldarflokkur brytist fram, sem hefði eyðileggjandi áhrif á skóla og kirkju. Eg get nú ekki skilið, að nefndarálitið geti haft þessar verkanir, því nefndin hefir aldrei hugsað sèr þetta öðruvísi en neyðarúrræði og gjört skýra grein fyrir, að ætti ekki og þyrfti ekki að vera nema til bráðabyrgðar, en menn hafa undið þessu svo fyrir sèr, að úrræðið verður verra en sjálf presta-eklan. En eg vil segja, að þessi uppástunga er engan veginn óheyrð hjá oss; því eptir siðabótina var það einkum siður, að ólatínulærðir menn, sèr í lagi lögrèttumenn, voru vígðir til prests. Það var og sagt, að menn ættu ekki að kippa aptur í sama horfið og hèr var eptir reformationina, þetta er rètt, ef uppástunga nefndarinnar væri almenn; en menn gleyma hèr, eins og eg gat um áðan, öllum

þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í nefndarálitinu, og gefa öllu málinu þannig ranga stefnu, og draga óleyfilegar ályktanir út af því. Eg neita því ekki, að úrræði nefndarinnar hefir sína ókosti, og einkum þann, að hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður gaf það í skyn, að hann ekki mundi fást til að vígja þessa menn; þetta tók hann fram við undirbúningsumræðuna, þó hann ekki gæfi það í skyn í nefndinni. En úr því þetta afsvar er komið frá hinum háæruverðuga þingmanni, get eg eigi neitað því, að það hefir mikið beygt huga minn; og eg efast því um, hvort það sè rètt að uppástungan fái framgang; eg er þess líka full viss, að stjórnin ekki mundi skipa byskupinum að gjöra það, ef það væri honum nauðugt. Eg álít því, að menn eigi ekki að biðja um það, sem nr. 1. fer fram á, nema með því skilyrði, að hin rýru brauð væru bætt á þessum 8 eða 10 ára tíma. Nefndin, sem stungið hefir verið upp á að setja, hefir og orðið fyrir hörðum dómi; það er eins og menn ímyndi sèr, að nefndin mundi steypa öllum brauðunum saman, en þetta hefir engum okkar dottið í hug; við höfum í þessu efni reynsluna fyrir oss, því brauðamatsnefndin hèr hefir allt af ráðfært sig við sýslunefndirnar og með mestu varkárni stungið upp á brauðasameiningum. Það er líka tómur misskilningur, að meiri hlutinn hafi ætlazt til, að nefndin tæki ráðin af stiptsyfirvöldunum; hver sem með velvilja les nefndarálitið sèr að þetta ekki er meiningin. Það hefir nefnilega fyrst verið stungið upp á því, að nefndin gjörði uppástungur, síðan væri málið borið undir álit safnaðanna, og að síðustu lægi það undir úrskurð stiptsyfirvaldanna og stjórnarinnar; eg get því ekki sèð, að nefndin hafi sett sig yfir stiptsyfirvöldin og stjórnina; eg ber þetta því fremur af nefndinni, sem hún, og eg fyrir mitt leyti, berum allt of mikla virðingu fyrir stiptsyfirvöldunum, til þess að við ekki treystum þeim til að leggja þenna úrskurð á. Eg er viss um, að engum fellur ver presta-eklan en byskupinum, og væri hann sannfærður um, að hún væri eins mikil og sagt er, þá gripi hann til hvers meðals, sem tiltækilegt þætti. Það hefir engum dottið í hug, að presta-eklan væri stipsyfirvöldunum að kenna, sízt beinlinis; en þau hafa gjört of lítið úr fæðinni í lærða skólanum og á presta-efnunum; og það er að minni ætlun nauðsynlegt, að þau skoði þetta mál með fullri alvöru og aðgæzlu; og líka hafa þau komið til leiðar allrahæstum úrskurði 17. mai 1862 um skikkunarvaldið, og það álít eg einnig meðverkandi orsök til presta-efna fæðarinnar, en þegar eg

undan tek þetta, þá er stiptsyfirvöldunum ekki um neitt að kenna. Þó eg ekki viti það, þá ímynda eg mèr, að þau hafi reynt til þess, að hin rýrustu brauð yrðu bætt. Það er hægt að finna að aðgjörðum stiptsyfirvaldanna, en örðugra að ráða fram úr vandræðum þeim, er fyrir þau koma. Af þeim ástæðum, er eg hefi tilfært, er eg hræddur um, að það sè ekki til neins, að fara því á flot, sem 1. atriðið biður um; eg hefi þess vegna gjört vara-uppástunguna undir töluliið 2., og vona eg að þingið ekki hneyxlist á þeim. Eg hefi heyrt marga mæla móti nefnd þeirri, sem stungið hefir verið upp á, en eg álít þó betra, að hafa þessa nefnd, er gjöri skipulegt »Plan«, en synodalnefndina, er segir álit sitt jafnóðum og brauðin losna. Hèr sè eg að eru mörg breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, en af því eg ekki hefi haft nógan tíma til að glöggva mig á þeim, ætla eg ekki að tala um þau að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins leyfa mèr að fara fáeinum orðum um nokkur af atkvæðum þeim, sem standa á atkvæðaskrá þeirri, er hèr liggur fyrir, og get eg þá gengið fram hjá niðurlagsatriðinu undir nr. 1, því það er búið að leiða ljós rök að því, að það er óhafandi, hvert heldur það er skoðað frá hlið preststèttarinnar, hlutaðeigandl safnaða, eða menntunarinnar, og eg skil heldur ekki, hvernig menn geta ætlazt til þess eða mælt fram með því, að ómenntaðir menn geti gegnt prestaköllun, sem útheimtir að mínu álíti, til þess að geta staðið í henni eins og vera ber, djúprar menntunar, og ef til vill meiri en útheimtist í nokkurr annari stöðu, eða hvernig menn geti ætlazt til, að ómenntaðir menn geti útlistað og útþýtt fyrir almenningi þau hin helgustu sannindi trúar vorrar svo sönn uppbygging sè að; en eg skal ekki fjölyrða um þetta atriði þar sem búið er að ræða það ítarlega við undirbúningsumræðuna.

Viðvíkjandi vara-uppástungunum undir nr. 2, þá er, hvað litr. a snertir, bæði fyrirskipað og viðgengst, og að nábúaprestar þjóni þeim brauðum, sem prestlaus eru, og að hèraðsprófasturinn skuli sjá um það í hverju sèrstöku tilfelli, og þessa er líka gætt hvervetna.

Hvað litr. b snertir þá fær presturinn, sem þjónar brauðinu, sem prest vantar í, tekjurnar af því, og með því móti endurgjald fyrir þjónustu sína. Eg felli mig heldur ekki við litr. »c«, og eg get heldur ekki ætlað, að bændur mundu fella sig við, að bóndi yrði sendur til þess að húsvitja hjá þeim og spyrja börn þeirra, enda sè eg ekki, að af því gæti orðið neinn verulegur árangur. Eg held

það megi fullyrða, að sú uppfræðsla, sem foreldrarnir yfirhöfuð veita börnunum í kristindóminum, sè vel viðunanleg, og víða mikið góð.

Breytingaratkvæðið undir nr. 3, um nefndarstofnun í Reykjavík, til þess að semja uppástungu um betrun á kjörum prestanna á útkjálkabrauðunum, er, að því leyti þar er jafnframt bent á, að setja prestana á föst laun, tekið frá Danmörku, hvar slík uppástunga er komin fram; en þar stendur allt öðruvísi á en hèr; þar eru sum brauð svo inntektagóð, að þau geta miðlað til hinna lakari, en hjá oss gefa beztu brauðin ekki prestunum nema »anstændigt Udkomme«, og þau hafa þannig ekkert aflögu. Við nr. 5 eða 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, get eg í einu og öllu haldið mèr til þess, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði í gær, og skal eg því ekki fara fleirum orðum um þetta atriði. Við breytingaratkvæði nr. 6 hefi eg ekkert að athuga. Þegar um brauðasameiningu hefir verið spursmál, hafa stiptsyfirvöldin látið leita álits hlutaðeigandi safnaða, og mèr finnst það líka eðlilegt, enda þó reynslan hafi sýnt, að söfnuðirnir optast nær hafa verið mótfallnir sameiningunni; en eigi að síður virðist það vera náttúrleg krafa, að söfnuðirnir hafi atkvæðisrètt í slíku máli.

Viðvíkjandi nr. 9. og 10. viðauka-atkvæðinu skal eg geta þess, að eins og stjórnin jafnan í hverju einstöku tilfelli hefir veitt aldursleyfi, þegar um það hefir verið sótt, og að öðru leyti ekki verið neinar hiudranir í vegi, þannig hefir stjórnin nýlega lýst því yfir, að hún ekki fyndi ástæðu til að gefa stiptamtinu myndugleika til að veita aldursleyfi það, sem hèr um ræðir, og sè eg því ekki ástæðu til að biðja um slíkt, því eg verð að halda, að stjórnin ekki mundi finna ástæðu til að breyta skoðun sinni eða að víkja frá almennri reglu.

Viðauka-atkvæðið nr. 11 er í sjálfu sèr vel lagað til þess, að laða menn að prestaskólanum, en ekki bætir það úr prestaskortinum til lökustu brauðanna, því reynslan er búin að sýna það og sanna, að kandídatar frá prestaskólanum ekki sækja um þessi rýru eða útkjálkabrauð. Viðvíkjandi loks 12. viðauka-atkvæðinu verð eg að lýsa því yfir, að eg get ekki ætlað, að stjórnin mundi, eins og nú stendur á, geta fengið það nauðsynlega fè hjá ríkissjóðnum. Þegar eg nú að lyktum lít yfir þessa atkvæðaskrá og málið yfirhöfuð, þá get eg fyrir mitt leyti ekki annað en ráðið frá, að þingið sendi bænarskrá til konungs, og það því heldur, sem það lítur eptir

umræðunum, sem fallið hafa, út til þess, að mörg af atkvæðunum muni falla við atkvæðagreiðsluna. Í öllu falli getur stjórnin af þeim löngu og uppbyggilegu ræðum, sem hafa verið haldnar, fengið ljósa hugmynd um málið í heild sinni.

Framsögumaður: Það gjörir mèr illt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi ekki getur fallizt á vara-atkvæði mín undir tölulið 2; eg hèlt að eg með því hefði fundið hið rètta úrræði. Hann sagði nr. 2 *a*, ekki þyrfti við, því það viðgengist; þetta veit eg vel. En hvernig viðgengst það? Prófastarnir skipa prestunum að þjóna brauðunum, prestarnir gjöra það eptir því sem þeim er unnt, en niðurstaðan verður, að söfnuðirnir, sem þeir eru settir til að þjóna, verða á hakanum. Það er heldur ekkert tiltekið hvað lengi þeir eru skyldugir að þjóna. Hvað geta stiptsyfirvöldin gjört, ef þeir ekki vilja þjóna þessum brauðum? Eg held að prestarnir ekki verði skyldaðir til þess undir embættistöpun og sektir. Konungsfulltrúi sagði og, að þeir fengju endurgjald í tekjum brauðanna; en ef þeim ekki þykja þessar litlu tekjur fullkomið endurgjald fyrir fyrirhöfn sína, heldur vera skaði fyrir sig, og þess vegna kæri þeir sig ekki um það, þá get eg ekki sèð, að þeir verði neyddir til þess; þessa vegna finnst mèr það vera sanngjarnt, að þeir fái nokkra aukaþóknun, og það því fremur sem þeir þurfa meðhjálpar við; en í hverju prestakalli er allt af svo ástatt, að einhverjir leikmenn skara fram úr öðrum, og þessir væru það, sem prestarnir yrðu að halda sèr til, þegar prestarnir sjálfir ei gætu komizt yfir það. Eg ætla enn að svo stöddu ekki að tala um breytingaratkvæðin, en vil þó geta þess, að eg held það kæmi lítið út af því, að uppörfa menn til að ganga í prestaskólann, meðan brauðin ekki verða bætt. Það er sjálfsagt, að það yrði hægra að stunda guðfræði, ef þessu yrði framgengt, en þó er eg á því, að það væri öllu betra ef ölmusunum yrði fjölgað. Að síðustu vil eg geta þess, að eg held að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi misskilið breytingaratkvæðið undir tölulið 3; eg skil það svo, sem það einungis sè bending til stjórnarinnar, en engin uppástunga.

Konungsfulltrúi: Það þarf ekki að beiðast lagaboðs um það, að brauðum þeim, sem ekki eru prestar í, sè þjónað í Vacancen, því þetta er almenn regla yfir allt land, og eg veit aldrei til þess, að neinn prestur hafi skorazt undan því, að þjóna í slíku brauði, þegar hèraðsprófasturinn, eins og venja er til, hefir óskað þess af honum.

Framsögumaður: Eg man ekki til þess, að orð mín fèllu eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi leit út fyrir að hafa skilið þau; eg man ekki til, að eg segði að nokkur hefði enn skorazt undan að þjóna nágrannabrauði, en þetta getur komið fyrir, þó það sè ekki af viljaleysi, þá geta þó kringumstæðurnar gjört prestum það lítt mögulegt, einkanlega þegar konstitutionin er í mörg ár. Ef konungsfulltrúinn gæti bent á, að konstitutionin einungis varaði um vissan tíma, þá sæi eg ekkert á móti því, að þeir tækjust það á hendur. Með allri virðingu fyrir prestastèttinni, þá get eg ekki ætlazt til, að þeir taki sèr þær byrðar á herðar, sem þeir ekki hafa tilsvarandi hagnað af; því hvernig væru þeir staddir, ef þessi konstitution ætti að vara um aldur og æfi. Það er þess vegna sá munur á skoðun konungsfulltrúa og minni um þessa konstitution, að hann álítur hún standi um stund, en eg, að hún geti dregizt í langan tíma.

Páll Melsteð: Það er, ef til vill, ofdirfð af mèr, að standa upp og tala í þessu máli, og eg hafði reyndar ætlað mèr að sitja frá upphafi til enda þangað til atkvæði yrðu greidd. En því lengur sem eg hugsa um þetta mál, því ljósara verður það fyrir mèr, hvílíkt alvörumál það er, sem hèr er um að ræða, og mèr finnst rètt og skylt að allir þingmenn láti álit sitt í ljósi um það. Mèr finnst og að eg hafi því fremur köllun og hvöt til að tala, sem eg er kominn hingað frá því kjördæmi, sem er einn af útkjálkum landsins, og þar sem eitt af þeim brauðum á heima, (nefnil. Breiðuvikurþingin), sem opt hefir verið prestlaust, og opt hefir hörmulega orðið út undan, hvað prestlega forstöðu snertir. Hèr á helzt við að líta á útkjálka landsins, þar á þessi prestsekla, þessi andlega eymd sèr stað, og það svo mjög, að ekki er ofsögum af því sagt. Menn hafa nú sumir hverjir hèr á þingi kastað ærið þungum steini á nefndina fyrir uppástungu þá, er hún kom fram með, og sem stendur í niðurlagsatriðum nefndarálitsins; en það skal eg ekki gjöra. Eg þakka nefndinni fyrir, að hún hefir komið fram með þetta, sem komið er; það er að vísu nýstárlegur og óvenjulegur hlutur, en hanu sýnir bezt í hvert óefni hèr er komið. Það er komið í það óefni virðist mèr, að það er skylda fyrir hvern þingmann, sèrhvern kristinn mann í landi þessu, að gefa málinu alvarlegan gaum. Nei, eg kasta ekki steini á nefndina; eg segi eins og forðum var sagt: Gjöri þeir það sem sjálfir þykjast hreinir. Mèr virðist, að sumir menn líti svo á þetta mál, sem kirkjumálefni vor

sè nú í góðu lagi; þeim þykir hèr engin sèrleg þörf til umkvörtunar; þeir fara lèttum fetum yfir þetta mál. Eg lít allt öðrum augum á það. Eg segi að hin kristna kirkja hèr á landi sè köld á fötum; hún er kalin á fótum; og það væri vel, ef víðar væri ekki meinsemdir en á útlimum kirkjunnar; eg held að meinsemdir sè nær höfði og hjarta; eg held þær liggi skammt hèðan frá oss bæði í *tíma* og *rúmi;* hvað hið síðara snertir, þá bið eg þingmenn hyggja að því, að skammt hèðan, þar sem vèr nú sitjum, er hið helzta musteri þessa lands, dómkirkjan. Og hvernig lítur hún út? Lýsir hún því utan og innan, að kirkjulífið hjá oss sè lifandi og vakandi? Eru ekki kirkjur vorar, ásýnd þeirra og útlit, talandi vottur þess, hvort kirkjulegt líf er vakandi eða sofandi? Menn muna hversu vegleg og fögur dómkirkjan var 1847; en hvernig er hún nú? (*Forseti:* Eg vil biðja þingmanninn að fara ekki út fyrir efnið). Eg skal þá ekki gjöra það, en það verð eg að segja, að eg fyrirverð mig hvergi, þó eg kunni að tala með meiri hita um þetta mál en flest önnur, sem hèr koma til umtals. Eg sný mèr þá að nefndarálitinu, og segi það, að mèr líkar það reyndar ekki, en mèr virðast sum breytingaratkvæðin bæta nokkuð úr því. Eg vil gefa atkvæði mitt vara-uppástungum hins 3. konungkjörna þingmanns, tölulið 2, *a*, *b*, *c;* sömuleiðis fleiri breytingum, sem fram eru komnar, og einkum viðauka-atkvæðinu tölulið 12, og mun þetta allt sýna sig þegar kemur til atkvæðagreiðslunnar. En áður eg hætti vil eg að lyktum geta þess, að mèr þykir nauðsynlegt að mál þetta komist stjórninni til eyrna. Hún getur þá bezt sèð sjálf, að hèr eru vandræði, og þau tilfinnanleg á ferðum, og þurfa bráðra bóta við.

Brynjólfur Jónsson: Þetta mál gengur nú eins og öllum þingmönnum er kunnugt út á það, að ráða úr presta-eklu þeirri sem hèr á sèr stað, og hefir þá nefndin stungið upp á að vígja leikmenn til þeirra rýrðarbrauða, sem enginn prestur fæst í; en sú uppástunga hefir ekki átt góðu að mæta, hèr á þingi, enda mundi hún ekki geta orðið að miklu haldi. Eg skal nú ekki fara um hana neinum frekari orðum, en eg vil leyfa mèr að fara fáeinum orðum um vara-uppástungu hins háttvirta framsögumanns, sem er hèr á atkvæðaskránni undir tölulið 2. Honum er skipt í 3 stafliði. Í fyrsta liðnum er stungið upp á að skylda presta til að þjóna nábúabrauðum þeim, sem prestlaus sèu, ef því verður við komið. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, sem og satt er, að það er

alvenja, að þegar einhver brauð eru laus, að nágranna prestarnir þá þjóni þeim. En mèr finnst að yfir þessari uppástungu liggi nokkurs konar skikkunarblær, þar sem þó áður hefir verið andæft móti því svo kallaða skikkunarvaldi, og þess þarf ekki við í þessu efni, því prestar hafa víst ætið nauðungarlaust fengizt til að þjóna lausum nágrannabrauðum, eins og sínum brauðum, og stundað þau eptir megni, eins vel eins og væru það þeirra eigin brauð. Svo er þá hinn kaflinn undir staflið b, um að konungur veiti þessum prestum 100 rd. styrk á ári. Nú vil eg gjöra ráð fyrir, að prestur á góðu brauði þjóni auk síns góða brauðs rýru nábúabrauði, og þá held eg fyrir mitt leyti, að stjórnin ekki mundi finna ástæðu til að veita honum þessa 100 rd. Þetta mun ekki heldur eiga sèr stað um aðra embættismenn, t. a. m. sýslumenn, þegar þeir auk embætta sinna þjóna öðrum lausum embættum; þeir fá ekki önnur laun en þau sem þetta lausa embætti gefur af sèr, og hin sama mundi hèr verða niðurstaðan, að þó væri farið fram á, að beiðast þessa styrks fyrir presta, mundi ekkert koma út af því. Þá er nú 3. atriðið undir staflið c. Þessa grein get eg að nokkru leyti fallizt á; það getur opt verið, að prestar eigi örðugt með að sjá t. a. m. um barnafræðslu í sóknum þeim, sem þeir þannig þjóna, en eg veit ekki hver önnur prestsverk bændur gætu gjört, sem ekki þyrfti vígslu til, nema ef það væri að halda húskveðjur, en þá yrðu þeir að fá prèdikunarleyfi, en það er varla ætlandi af bændamönnum, að þeir gæfu sig til að halda miklar ræður.

Þá kemur breytingaratkvæði þingmanns Skagfirðinga, undir 3. tölulið. Eg get nú ekki fallizt á það. Eg held að þessi nefnd, sem hann stingur upp á, gæti ekki bætt úr presta-eklunni. Að setja presta á föst laun hèr á landi, mundi víst, með mjög fáum undantekningum, verða presta-eklunni happadrjúgt. Þetta breytingaratkvæði fer nú reyndar í nokkuð líka átt og nefndin, þar sem hún stingur upp á 5 manna nefnd í Reykjavík, sem meðal annars á að hafa það ætlunarverk, að stinga upp á, hve mikið afgangsfè geti við brauðasameiningu unnizt til uppbótar hinum rýru brauðum. Breytingaratkvæðið undir tölulið 6 geðjast mèr vel, en mèr þykir það undarlegt, þar sem segir í niðurlagi greinarinnar, að atkvæðafjöldi skuli ráða, að þá er bætt við »eður að mesta lagi tveir þriðjungar«. Þessi viðbót sýnist mèr ástæðu- og þýðingarlaus; það mátti þá eins setja $^3/_4$ parta eða $^4/_5$, því þess fleiri atkvæði sem væri annaðhvort með sameiningu eða sundrungu prestakalla,

því meiri sönnun væri fyrir því, að það væri vilji safnaðanna. Eg skal ekki tala um 7. eða 8. tölulið, en geta þess, að eg fellst á viðauka-atkvæðin undir tölulið 9. og 10. Þetta er hið bezta úrræðið, og þó heldur 10. tölulið, því hann er ákvarðaðri, og einkum þegar því er bætt við, að presta-efnin ekki þurfi að vera nema 22 ára. Hvað snertir 11. tölulið, þá er hann mikið vel hugsaður, og á að miða að því, að efla prestaskólann; en þá ætti að mínu áliti betur við að beðið væri um að fjölga ölmusunum, svo styrkurinn næði jafnt til allra. Hvað 12. tölulið snertir, þá efast eg um, hvað góður sem hann er í sjálfu sèr, að nokkuð komi út af því, að fara því fram, sem þar er um beðið. Eg er hræddur um að stjórnin sjái sèr ekki fært að leggja til þetta fè, og það verði þrepskjöldurinn, að fèð vanti.

Björn Pètursson: Af því eg var einn í þessum meiri hluta nefndarinnar, sem hefir átt svo litlu láni að fagna hjá þinginu, finn eg mèr skylt að fara nokkrum orðum um málið, áður til atkvæða sè gengið.

Það eru einkum 3 aðalatriði þessa máls sem menn verða að gjöra sèr ljós, til að geta dæmt rèttilega um það: 1. Hvort presta-ekla sè nú fyrir dyrum. 2. Hvort þörf sè á að bæta úr henni, og 3. Hver ráð sèu til þess. Meiri hlutinn hefir sýnt með áætlunarreikningi, sem byggður er á factis, að mikil presta-ekla vofi yfir, og það hefir verið sýnt og sannað, að hún sè nú þegar komin, og hafi gjört ískyggilega vart við sig, á hinum seinustu 4 árum. Margir þingmenn hafa að vísu *vefengt* þenna reikning meiri hlutans, en enginn þó getað *hrakið* hann enn; og þegar presta-eklunni verður ekki neitað, vona eg, að enginn þingmaður, og sízt hinir geistlegu herrar, muni vilja neita því, að þörf sè á að bæta úr henni. Þá kemur 3. atriðið, sem sè að finna ráð til þess, að bæta úr prestafæðinni. Meiri hlutanum gat ekki dottið neitt annað úrræði í hug til bráðabyrgða, en það sem hann hefir farið fram á undir 1. tölulið á atkvæðaskránni. Margir þingmenn, og einkum geistlegir, hafa gengið vel fram í því að rífa þetta úrræði niður og tæta í sundur á allar lundir, en enginn hefir sett neitt að gagni í staðinn. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að þessum mönnum liggi þetta mál í lèttu rúmi, og að þeir heldur vilji láta arka á auðnu, hvort svo og svo margir söfnuðir væru og yrðu sálusorgaralausir og hvaða áhrif þetta kynni að hafa á kristilegt trúarlíf og kristilegt framferði safnaðanna, heldur en grípa til þess úrræðis í bráð, að

prestvígja til þessara forstöðulausu safnaða »guðhrædda, virta og valinkunna leikmenn, sem notið hafa nokkurrar almennrar og guðfræðislegrar menntunar» sem söfnuðirnir sjálfir hefðu kosið og kallað, og sem jafnvel að dómi þeirra, sem í móti mæla, geta verið allt eins virðingarverðir og margir hinna lærðu klerka, og jafnvel fremur en sumir þeirra.

Þetta eru þá allar syndir meiri hlutans, að hann hefir ráðið til þessa úrræðis og ekki látið sèr liggja í lèttu rúmi, hversu færi um kristilega trú og kristilegt líf safnaðanna (*Forseti.* Eg verð að minna þingmanninn á, að enginn hefir sagt, að sèr lægi það í lèttu rúmi). Það er satt. En eg hefi aldrei talað það, heldur hitt, að úr því þingmenn vilja fella þetta úrræði meiri hlutans til að bæta úr presta-eklunni, án þess að setja neitt að gagni í staðinn, þá væri það óskiljanlegt, nema því að eins, að þeim lægi presta-eklan í lèttu rúmi með öllum sínum afleiðingum. Það var tekið fram í gær, að þessum hirðislausu söfnuðum væri órèttur gjörr í því, að vígja til þeirra þessa hálflærðu presta, eins og þessir söfnuðir ættu ekki betra skilið. En ætli það sè ekki *meiri órèttur,* að fyrirmuna þeim að fá þá sálusorgara sem þeir gjöra sig ánægða með og vilja fá (þegar þeir ekki geta fengið neina betri), þó þeir ekki sèu sprenglærðir? Það var líka sagt, að söfnuðirnir mundu ekki sýna þessum prestum tilhlýðilega virðingu, heldur óvirða þá fyrir menntunarleysi. Eg held, að ekki þurfi að óttast fyrir þessu, þegar söfnuðirnir sjálfir kjósa þá, eins og ráð er fyrir gjört í nefndarálitinu, og þeir standa vel í stöðu sinni; því það er auðsætt, að það er ekki prestsnafnið eintómt eða tómur skólalærdómur, sem gjörir prestinn virðingarverðan og virtan, heldur hitt, hversu vel og trúlega hann rækir köllun sína, og hversu heiðurlega hann stendur í stöðu sinni. Sumir þíngmenn hafa líka sagt, að engir leikmenn mundu gefa sig fram til þess að verða prestar. Nei, þá er heldur engin hætta búin af því, að þetta sè leyft. Aptur hafa sumir haldið að þeir mundu verða svo margir, sem byðist, að það mundi geta valdið því, að öll skólamenntun steyptist. Þetta er nú ber mótsögn, og sannleikurinn er víst jafnlangt frá hvorutveggju. Eg er sannfærður um, að þeir leikmenn, sem gefa sig við þessu, verða hvorki svo fáir, að ekki verði nokkur bót á presta-eklunni, nè heldur svo margir, að skólamenntuninni, hvorki við lærða skólann nè prestaskólann, verði af því nokkur bætta búin.

Meiri hlutinn hefir — sem sagt — gripið til þessa úrræðis í

bráð til að fjölga prestum. En nefndin öll hefir fallizt á annað ráð til að draga úr prestaþörfinni framvegis, sumsè það, sem stendur undir 5. töluliið á atkvæðaskránni. Þetta hefir nú og mætt mikilli mótspyrnu, og eg man ekki til, að nokkur þingmanna hafi mælt því bót nema þingmaður Borgfirðinga í gær, og þó ekki nema að því leyti, að það væri samkvæmt lærdómssetningum hinna gömlu Kyníka að fækka sem mest öllum þörfum. Eg get eptir þessu vel ímyndað mèr, að hann hefði fallizt á það, ef nefndin hefði getað fundið eitthvert ráð til að fækka svo öllum líkamlegum þörfum prestsefna og presta, að þeir hefði getað gjört sig ánægða með eins lítið, eins og Díógenes forðum í tunnunni. Það er búið að tala um þessi breytingar- og viðauka-atkvæði svo margt, að eg hefi litlu við það að bæta; eg nenni ekki heldur að leggja þau öll í einelti. Ef 1. töluliður fellur, ætla eg að gefa vara-uppástungunni atkvæði mitt, að minnsta kosti staflið »a« og staflið »c«. Um staflið »b« er eg í nokkrum vafa. Mèr finnst, úr því prestar verða skyldaðir til að þjóna liðugum brauðum, að þá vera óþarft að láta hvern þeirra fá 100 rd. úr ríkissjóði í viðbót við tekjur hins liðuga brauðs, og það því síður sem opt getur staðið svo á, eins og dæmin sýna og hafa sýnt, að prestur í ríku kalli, þjónar liðugu brauði rètt við hliðina á sèr. Viðauka-atkvæðunum undir töluliðunum 10 og 11 mun eg líka gefa atkvæði mitt, því það mælir mikið með þeim. Það getur verið, að stjórnin ekki vilji fallast á þau, en það má reyna að fara því á flot við hana samt. Þar á móti sè eg ekki til neins að fara því á flot, sem farið er fram á í viðauka-atkvæðinu undir 12. töluliið. Hreppstjórarnir eru nú þegar komnir áleiðis í ríkissjóðinn frá þinginu; og ef prestarnir koma líka í sömu andránni til ríkissjóðsins, þá tel eg víst, að stjórnin verði svo forviða og ráðalaus, þegar allur þessi söfnuður kemur í einu, að hún vísi öllum svo búnum heim aptur. Eg held því, að hyggilegra sè, að láta prestana bíða þangað til í næsta sinn, þegar hreppstjórarnir urðu fyrri til í þetta skipti.

Stefán Jónsson: Það hefir verið sagt að engin kvörtuu hefði komið frá söfnuðunum til byskupsins yfir prestaleysi þar sem nábúaprestar þjóna og væri það annaðhvort af því, að menn væru ánægðir með þá prestsþjónustu, sem þeir þannig hefðu eða þá af hinu, að menn væru orðnir kaldir í trúnni og hirðulausir um sáluhjálparefni sín. En mèr finnst að ekki megi draga út úr þessu þá þýðingu heldur miklu fremur þá, að söfnuðirnir hugsi, að ekki

sè til neins að kvarta, af því stiptsyfirvöldin hafi engin ráð til að bæta hag þeirra, því þeir hafa það traust til stiptsyfivaldanna, að þau sèu ekki sljóf eða láti sig litlu varða, hvort söfnuðirnir sèu forstöðulausir eða eigi, heldur að þau hafi ekki nein ráð til að sjá þeim borgið með forstöðumann. Þess vegna hugsa þau sem svo, að ekki sè til neins að kvarta, því að enga bót sè að fá, og þegar stiptsyfirvöldin hafi fengið einhver úrræði þeim til hjálpar, þá muni þau standa vel í sínum sporum og fullnægja þörfum safnaðanna, þar á móti ef þessir söfnuðir hefðu eigi þetta traust á stiptsyfirvöldunum gæti eg ímyndað mèr að komnar væru margar kvartanir.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða svo margt og mikið í þessu, að eg held, að árangurinn af málinu, vegi ekki upp á móti þeim kostnaði, sem ræðurnar kosta, enda vildi svo óhappalega til að nefndin kom inn á þingið í 3 pörtum svo það var við að búast, að ræðurnar yrðu í þá stefnu sem nú er fram komið. Eg ætla samt ekki að kasta eins þungum steini á meiri hluta nefndarinnar eins og sumir hafa gjört, þó hún kæmi fram með þetta 1. uppástungu-atriði, og eg stend heldur ekki upp til þess, að eg ætli að trana mèr fram til prestsþjónustu, þó eg kunni nú að vera einn í þessari leikmannatölu, sem nefndin meinar; nefndinni hefir auðvitað gengið gott eitt til að koma fram með uppástungur sínar því hún hefir haft það augnamið að bæta með því úr presta-eklunni; enn eg er nú ekki fullkomlega sannfærður um, að presta-eklan sè svo mikil sem orð er á gjört, aptur ímynda eg mèr að þetta 1. uppástunguatriði verði svo erfitt í framkvæmdinni að þá verði liðin þessi 10 ár sem um er talað, þegar komið er í kring með málið, og að uppástungan því ekki verði að þeim tilætluðu notum, þó eg á hina síðuna álíti, að leikmenn eptir að þeir hafa fengið þá menntun, sem nefndin talar um, geti allt eins vel staðið, í prestlegri stöðu, eins og sumir prestar hafa gjört enn aptur á móti álít eg, að söfnuðirnir á þessum svo kölluðu rýru brauðum, eigi fulla heimting á að fá fyrir kennifeður þá sem hafa gengið hinn fulla fulla menntunar veg, og því get eg ekki fallizt á fyrsta tölulið. Eg sagði áðan að eg ekki væri fullkomlega sannfærður um að presta-eklan væri svo mikil, heldur er eg miklu fremur á því, að þessi prestlausu brauð eigi sina rót í því, að enginn af þeim presta-efnum sem til eru sæki um þau, af því þau sèu svo rýr, og þetta finnst mèr að hafi vakað fyrir nefndinni, þegar hún í heild sinni kom fram með uppástungur sínar undir tölulið 5 og 7, og

því virðist mèr brýn nauðsyn á, ef kostur væri, að þessi rýru brauð yrðu bætt, því auðvitað er það að það má steypa saman brauðnm, án þess að það valdi sóknarbændum mikilla erfiðleika. Eg vil taka til dæmis, að vel hefði mátt leggja Hallormsstað undir Þingmúla við síðustu prestaskipti, því þar er sannarlega ekki þörf nema á einum presti í þeim prestaköllum, það er mèr kunnugt, og svona kann að vera víðar, og heldur vil eg að það úrræði sè tekið til alúðarlegrar yfirvegunar að steypa saman brauðum til að fækka prestaköllum, en að tekið sè það úrræðið, að vígja ómenntaða leikmenn, og eptir því, sem nefndin hefir hugsað sèr þessa menn, þá held eg að varla sè unnt að fá þann mann, sem hafi alla þessa kosti til að bera, sem farið er fram á í 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg ætla ekki að tala neitt sèrstaklega um þessi mörgu breytingar- og viðauka-atkvæði, það sèst við atkvæðagreiðsluna hverju eg verð með og móti.

Benidikt Þórðarson: Eg stend nú upp í þeirri von, að allir þingmenn hafi alvarlegan áhuga á máli þessu og vilji gjöra allt er því gæti miðað fram til góðs. Um 1. niðurlagsatriðið á atkvæðaskránni ætla eg ekki að tala, nóg er þar um mælt, en eg sný mèr að vara-uppástungunum undir töluliðnum 2, og felli eg mig vel við þær, hvað staflið a snertir, þá hafa nokkrir mælt með honum aðrir á móti. Það hefir ekki þótt hlýða að skylda presta til að þjóna þannig öðru brauði en sínu eigin, og borið fyrir, að þeir gjörðu það án þess þeim væri gjört það að skyldu með lögum; þetta ætla eg líka sem optast vera svo, en þó finnst mèr að prestar auðveldlega geti eins og nú ástendur skorazt undan því, og að skyldu orðinu hèr sè því ekki ofaukið; líka dregur það hèr nokkuð úr að í upphafi greinarinnar er svo ákveðið »þar sem því verður við komið»; verði því ekki við komið, þá fellur skyldan burtu, mèr sýnist þingið því geta með góðri samvizku aðhyllzt þenna staflið. Við stafliðinn 6 er þess að gæta að sitji prestar nú á góðu og hægu brauði, þá er óþarfi að bæta nokkru við þá, þótt þeir um tíma eigi að þjóna öðru brauði, af hverju þeir hafa þó tekjurnar á meðan, en prestar sem eru á rýru og erfiðu brauði sýnist nauðsyn að fái þessa auka borgun nær sem þeir þjóna öðru lèlegu brauði. En það er spursmál hvort gjald þetta getur fengizt. Vildi þingið biðja um það, er stendur hèr á atkvæðaskránni undir tölul. 12, og þetta fengist, þá væri þar það fè í hendi er til þessa yrði miðlað þar sem þörf væri á. Stafliðnum c er eg að öllu samþykkur, hann fór hèr um

bil því sama fram, er eg hreifði á fyrsta fundi nefndarinnar. Þau önnur prestsverk sem ekki þarf prestsvígslu til eru sjálfsagt þau að skíra börn skemmri skírn sem leyft er í lögum, og jarða lík (stöngsetja) sem lög ekki banna að bændur gjöri og ekki fádæmi eru til að gjört hafi verið (*Konungsfulltrúi*: Og gipta hjón). Nei! Til þess þarf prestvígslu, og í fámennum köllum giptast ekki svo mörg hjón að prestar komist ekki yfir það embættisverk. Það er líka um hin verkin að ekki tekur til nema þurfi þegar prestar geta við snúizt vinna þeir þau sjálfir, þeir mundu þó optast geta húsvitjað og eins verða þeir að leggja seinustu hönd á barna-uppfræðinguna og sjálfsagt ferma börnin, að þeir launi þessum meðhjálpurum sínum er ekki nema sanngjarnt og það geta þeir af tekjum sóknanna.

Þá koma hèr næst hin önnur atkvæðin, og fer eg fljótt yfir þau; eg felli mig bezt við uppástungur nefndarinnar, en gef minna fyrir breytingaratkvæðin við þær, það er breytingaratkvæðinu undir tölulið 4. sem eg vil gefa atkvæði, mèr þykir það viðfelldnara en hjá nefndinni; eg gat þess við undirbúningsumræðurnar að eg áliti brauðamatsnefndina þarfa, sama sinnis er eg en«. Hvað viðauka-atkvæðin snertir þá er meiningin góð og víst flýtti það fyrir að fá presta í brauðin, að stiptsyfirvöldin hefðu friari hendur en er að gjöra menn að prestum yngri en 5 um tvítugt, þegar þeir á annað borð eru efnilegir menn, og því mun eg helzt gefa atkvæði mitt viðauka-atkvæðinu undir töluliðnum 10.

11. Viðauka-atkvæðið er vel meint, og gæti víst að góðu komið, en þó er eg framsögumanninum líkur í því, að eg kynni betur við að fjölgað væri ölmusunum á prestaskólanum. Þá er nú viðauka-atkvæðið undir tölulið 12, því atkvæði ættu menn að halda, því væri það fengið, þá yrði miklu hagrætt sem nú er í ólagi. Menn verða að biðja og vona bænheyrslu, þar sem stjórnin heyrði bæn alþingis 1861 um að bæta laun embættismannanna hèrna syðra, og gaf út til þess á 8. þúsund dala, getum vèr þá vantreyst, að hún heyri þessa minni bæn vora og uppfylli hana, þegar hún þó getur sèð, að þá var lítil þörf, en nú er brýn nauðsyn.

Framsögumaður: Eg skal einungis leyfa mèr að bæta nokkru við um það, sem þingmaður Barðstrendinga sagði um verk þau, sem bændur gætu aðstoðað presta með. Þeir geta t. d. hjálpað þeim með að koma niður börnum á hentuga kennslustaði, hjálpað þeim til að semja kapítulstaxta, tala um fyrir hjónum og margt fleira. Eg vil geta þess, að vara-uppástunga mín er bæði stiluð

til þingsins, ef 1. niðurlagsatriði nefndarinnar fèlli, og þá einnig til stjórnarinnar, þó töluliður 1. eða hið 1. niðurlagsatriði nefndarinnar væri samþykkt af þinginu, en stjórnin ekki kynni að fallast á það. Vara-uppástungan, eða það sem hún biður um, gjörir prestum hægra að þjóna hinum strjálbyggðu víðlendu útkjálkabrauðum, og að söfnuðirnir síður þurfa að sakna sóknarprests, meðan á þessu stendur.

Helgi Hálfdánarson: Það hefir þótt harður dómur, sem við, er mælt höfum á móti nefndinni, höfum lagt á 1. niðurlagsatriði hennar. En mèr finnst að eg verði að segja, að sá dómur, sem við höfum orðið fyrir, hafi eigi verið vægari, og þegar saman eru bornar ræður hvorratveggja mun það sjást, að hann er fullt eins strangur. Eg man að eg sagði, að mèr þætti þessi uppástunga nefndarinnar ótæk og fráleit; það er nú sjálfsagt, að þetta eru hörð orð; en eg reyndi til að sanna þetta með ástæðum. Og þó að margt hafi nú verið talað á móti þessum ástæðum mínum, þá get eg ekki annað fundið en að allur kjarni þeirra standi alveg óhrakinn enn. Það var meðal annars sagt um okkur, sem mæltum á móti nefndarálitinu, að við hefðum gleymt þeim skilyrðum, sem til eru færð í ástæðum nefndarálitsins, en eg get ekki kannazt við það hvað mig snertir, því að eg las og kynnti mèr allt nefndarálitið með mestu athygli. Eg hafði það hvorttveggja hugfast, að bæði væri þörfin mikil, og líka hitt, hvernig nefndin ætlaðist til, að þeir menn væru, sem til þess væru teknir að bæta úr þessari þörf og eg áleit í bezta máta til fallið, það skilyrði sem nefndin til tók, að þessir menn ættu að vera guðhræddir, virtir og valinkunnir menn. Það var minnzt á það, að hèr hefði verið vígðir ólærðir menn eptir siðabótina, og að eg hefði sagt, að þetta yrði til þess að kippa kirkjunni hjá oss aptur á bak um 300 ár. Þessa skoðun verð eg að hafa enn, því eg held, að ef nú væri farið að vígja ólærða menn til útkjálkabrauðanna, þá gætu þeir með tímanum orðið eins margir eins og hinir ólærðu, sem vígðir voru eptir siðabótina. Þótt það sè nú sagt, að þetta eigi ekki að vera nema til bráðabyrgða, þá höfum vèr enga ábyrgð fyrir því, að það yrði eigi lengur, ef það einu sinni kæmist á. Þetta verð eg að biðja þingmenn vel að athuga. Okkur var enn fremur borið það á brýn, að við tækjum okkur þetta lètt, eða jafnvel að við hefðum talað um það með lèttúð, þetta tek eg ekki til mín, því mèr finnst, að eg hafi enga lèttúð sýnt í þessu máli, og er mèr þess meðvitandi að mèr var, þegar eg talaði í þessu máli, ekkert annað en full alvara í huga eins

og eg líka vil tala með alvöru í hverju máli sem er. Það er eigi heldur satt um mig nè aðra, sem talað hafa móti nefndinni að við álítum, að hèr sèu engin vandræði á ferðum, og það þarf engan veginn að liggja í því, þótt við mæltum á móti 1. uppástungu nefndarinnar. Eg vil taka dæmi til að sanna þetta; Ættingi minn einn liggur veikur. Nú kemur læknir til hans og vill hafa þá lækningaaðferð við hann, sem eg er sannfærður um, að sè skaðleg, eður leiði af sèr annan verri sjúkdóm; þótt eg nú hefði á móti því, að þessi lækningaraðferð væri viðhöfð, þá held eg að mèr yrði ekki með neinni sanngirni borið það á brýn, að eg vildi ekki, að ættingi minn kæmist til heilsu, eða að mèr lægi það í ljettu rúmi, þó hann væri veikur. Hinn heiðraði vinur minn og kennari, sem er sessunautur minn, sagði, að það væri bezt fyrir þá að kasta þungum steini á nefndarálitið, sem þættust hreinir sjálfir. Eg skildi aú ekki, hvar þetta átti við, því eg hefi engan hèr heyrt tala svo, að þar í lægi, að hann þættist sjálfur hreinn, eg get fullvissað þingmenn um, að eg álít prestafæðina mikil vandræði, og eg óska þess af hjarta að góð ráð yrði fundin til að bæta úr henni; okkur, sem mælt höfum móti uppástungu nefndarinnar, hefir einnig verið álasað fyrir það, að við höfum eigi sett neitt í staðinn fyrir það, sem vèr höfum rifið niður. Þetta er ekki satt, því eg hefi þó í sameiningu með þingmanni Barðstrendinga komið með uppástungu, sem eg held að gæti orðið þessu máli til bótar; en annað er það, að það kannske fáist ekki, sem þar er farið fram á, það er ekki einu sinni víst, að þingið vilji ganga inn á það, og því síður að stjórnin muni veita það, en eg skal síðar fara fleiri orðum um þessa uppástungu. Um þessi önnur atkvæði sem hèr liggja fyrir, skal eg nú ekki mikið tala. Í tölulið 2, a stendur, að nágrannaprestarnir skuli vera skyldir til að annast prestsþjónustu á hinum prestlausu brauðum. Eg kann nú ekki vel við þessi orð, að þeir sè skyldir til þessa, því að það kann að þykja nokkuð hart orðað. Að öðru leyti vil eg leyfa mèr að vekja athygli þingmanna að því, að eg held að flestir prestar álíti það skyldu sína, að gegna prestsþjónustu í hinum næstu brauðum þegar þau eru prestslaus. Mèr fyrir mitt leyti dytti ekki í hug að skorast undan því, að gegna prestsþjónustu í hinu næsta brauði um nokkurn tíma, ef eg hefði heilsu og krapta til þess, og ef þess væri farið á leit við mig. Því sem stendur í tölulið c, að leikmenn annist barna-uppfræðingu o. s. frv. er eg ekki svo mjög mótfallinn, þetta yrðu þá eins konar djáknar.

En mèr þykja einungis þessi orð; »og hver önnur prestsverk, er ekki þarf prestsvígslu til«, ekki nákvæmlega ákveðin. Eiga þeir líka að stíga í stólinn og prèdika? það er eitt af þeim prestsverkum sem ekki þarf prestsvígslu til; en eg veit ekki hvort það var meining framsögumanns, að þeir ættu líka að gjöra þetta. Hvað hinar aðrar uppástungur nefndarinnar snertir, þá hefi eg aldrei verið þeim sèrlega mótfallinn, nema þeirri seinustu, að því leyti, að eg get ekki fallizt á, að uppástungur þessarar nefndar verði gjörðar að lögum. Um breytingaratkvæði mitt, tölulið 4, skal eg ekki vera margorður, því það er mest orðabreyting, og legg eg ekki mikla áherzlu á það. En eg held að nefudin gæti gjört gagn, og því vil eg ekki mæla á móti henni. Það er nú sjálfsagt, að hún þyrfti eins að skrifast á við prófasta og sýslumenn, eins og Synodus nefndin hefir gjört. Að síðustu vil eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um 12. tölulið. Það er skoðun mín á þessu máli, að orsökin til presta-eklunnar sè eigi sú, að hinir ungu menn, sem útskrifast, hafi í sjálfu sèr óbeit á því að verða prestar, heldur ætla eg að fyrsta orsökin til prestafæðarinnar sè sú, að skólaveran í lærða skólanum er svo kostnaðarsöm, og hann fyrir þá orsök óaðgengilegur, en önnur aðalorsökin er sú, að brauðin eru mörg svo rýr að tekjum, að ekki er lifvænlegt á þeim. Það er þetta tvennt, sem verður að lagfæra, ef menn vilja ráða bót á presta-eklunni, og vinna þessu máli nokkuð gagn. Menn þyrfti þá fyrst að róa öllum árum að því, að sem flestir komi í lærða skólann. Bezta ráðið til þess held eg að yrði það, að fjölga ölmusunum og í öðru lagi, að inntökuprófið væri svo auðvelt sem unnt er. Hið annað, sem eg álít að þyrfti að gjöra til að koma þessu máli í betra horf, er að bæta tekjur hinna rýrustu brauða einkum útkjálkabrauðanna. Eg hefi spurt marga stúdenta að, hvers vegna þeir vilji eigi ganga á prestaskólann, og hefi þá jafnan fengið það svar: Brauðin hèr á landi eru flest svo ónýt, að mèr þykir ekki tilvinnandi, að verja fè og tíma til að geta fengið þau, eg hefi langtum betra af að vera sýslumannsskrifari eður barnakennari eða eitthvað annað. Síðast í dag heyrði eg einn stúdent á prestaskólanum segja, að betra væri að fara í búð en að verða prestur á þessum eymdarbrauðum, sem nú hafa lengi staðið óveitt. Eg held það liggi í augum uppi, að það sè mörg önnur staða, sem gefi meira af sèr en að verða prestur, en sem þó ekki þarf meiri menntun til en að vera stúdent úr lærða skólanum, eða jafnvel ekki svo mikla. Mèr sýnist það þess vegna

náttúrlegt, þegar læknakennsla er komin hèr á, að menn fremur aðhyllast hana, því sá sem er orðinn læknir, getur, þó hann ekki fái læknisembætti, sett sig niður sem »praktiserende« læknir, ef hann er duglegur og vel kynntur maður, og getur á þann háit fengið miklu betri kjör, en með því að verða prestur á þessum rýrðarbrauðum. Eg held nú, að þetta tali nógsamlega fyrir því, að fullkomin og brýn nauðsyn sè á því að bæta brauðin, og eg held að einmitt það sè rètti vegurinn, að snúa sèr til stjórnarinnar og biðja hana að ráða bót á þessu. Þetta fè, sem hèr er farið fram á, er nú reyndar nokkuð mikið, þegar það er skoðað út af fyrir sig, en það er þó ekki mikið, þegar það er borið saman við annað, svo sem við seinustu launaviðbót embættismannanna, sem er samtals 7,500 rd. á ári, þó tala þeirra sem hana fengu, sè eigi nema einn þriðji hluti af tölu prestanna hèr á landi. Það hafa nú allir viðurkennt, að stjórnin hefði sömu skyldur við prestana og aðra embættismenn; þetta ætla eg líka að sè samkvæmt grundvallarreglum kirkju vorrar. Mèr finnst og að stjórnin í Danmörku hafi viðurkennt þetta, er hún hefir veitt dómkirkjuprestinum launabót; það er í lagaboðinu einmitt kölluð launaviðbót en ekki húsaleigustyrkur, eins og þingmaður Borgfirðinga hèlt nýlega, og geta þingmenn sèð af lagaboðinu, að þetta er rètt sem eg segi. Stjórnin hefir nú líka veitt uppgjafapresti, stiptprófasti Á. Helgasyni eptirlaun úr ríkissjóði, eins og eg hef áður tekið fram. Eg held því, að ef þingið færi með alúð fram á það við stjórnina, sem beðið er um í 12. tölul., þá mundi það vinnast, einkum þar eð í tið Kristjáns 8. voru veittir um tíma 1000 rd. árlega til þess að bæta brauðin. Ef einhverjum þykir þetta ofmikið, þá mætti sleppa þessu »til 3000 rd.«, og væri það þá einungis 2000 rd. Ef nú þetta fè fengist, þá var það hugsun okkar, að stiptsyfirvöldunum væri fengið það til umráða til þess að bæta eigi einungis þau brauð, sem nú eru prestlaus, heldur líka önnur fátæk brauð sem hættast er við, að annars verði síðar prestlaus. Eg vil nú biðja þingmenn að hugleiða, hvort þetta geti ekki orðið að nokkru liði. Eg mótmæli því þess vegna, að við sem ekki viljum fallast á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, sèum ekki í rauninni á sama máli og þeir, sem vilja ráða bót á þessari presta-eklu, því að við viljum sannarlega styðja og styrkja þetta mál, sem okkur er framast unnt.

Sveinn Skúlason: Eg hefi nú eigi talað neitt fyrr í þessu máli, en vildi þó ekki hleypa þessu máli alveg þegjandi fram hjá

mèr, og ætla eg því að tala fáein orð. Það er nú sjálfsagt, að nefndin hefir ætlað að leysa ætlunarverk sitt, að bæta úr presta-eklunni með 1. uppástungu-atriðinu til bráðabyrgða, og með hinum uppástungum sínum til langframa. Mèr sýnist nú að nefndinni hafi hvorugt tekizt, því eins og þingmaður Vestmanna-eyinga tók fram, þá bætir 1. niðurlagsatriðið ekki úr presta-eklunni í bráð, með því að 4—5 ár verða að líða frá þessum tíma, þangað til það úrræði kæmi að notum, sem nefndin hefir stungið upp á. Mèr virðist nú og sem framsögumaður sjálfur sè farinn að örvænta um þetta atriði, þótt ekki hafi hann með berum orðum tekið það aptur. En hið 3. atriðið finnst mèr koma að litlu gagni, því að þessi brauðasamsteypa eptir almennum reglum, bætir eigi úr presta-eklunni til langframa, því að ómögulegt er að sameina mörg þau útkjálkabrauð, sem enginn sækir um. Það er hægt að minnka þörfina, en eg álít, að ekki megi fækka brauðunum nema á einstöku stöðum, en útkjálkabrauðin standa eins óveitt fyrir því. Þar við bætist nú það, að mèr sýnist þessi brauðanefnd, sem eg vil kalla svo illa stofnaða, því eg get eigi betur sèð, en að hún sè sett til höfuðs stiptsyfirvöldunum. Mèr fannst nú framsögumaður eigi færa nægilegar ástæður fyrir því, að þetta væri ekki rètt skilið. Skal eg þá færa nokkur rök fyrir þessu. Hèr er því farið fram á að setja nefnd, sem tekur þann starfa af stiptsyfirvöldunum, og samkynja nefnd, sem hèr er áður sett, er bæði stiptsyfirvöldin og þessi nefnd hafa áður haft á hendi; hún á nefnilega að semja og skrifast á við prófasta og hlutaðeigendur út um landið, og fá álit þeirra, og tekur þá þessi nefnd völdin af stiptsyfirvöldunum. Í 3. niðurlagsatriði nefndarinnar stendur, að mótbárur sóknarmanna komi undir úrskurð stiptsyfirvaldanua, en þar á móti alls ekki uppástungur nefndarinnar, heldur stendur í 4. grein, að hennar uppástungur eigi að fara beina leið til stjórnarinnar; hèr er eigi bent á, að stiptsyfirvöldin eigi að gefa álit sitt um þessar uppástungur. Ef nú stjórnin samþykkir þessar uppástungur, þá get eg eigi betur sèð, en að stiptsyfirvöldin sè úr sögunni. En eg er nú hræddur um, að þó að hèr verði sett 5 manna nefnd, sem örðugt mun að skipa betur en þær nefndir, sem áður hafa verið settar, þá geti hún ekki komið miklu meiru til leiðar, en komið verður með því fyrirkomulagi, sem nú er, þar sem stiptsyfirvöldin geta skrifazt á við alla presta út um allt land. Mèr finnst því, að þessi nefnd taki mikið að sèr, sè umsvifasöm og vefjist í mörgu, og get eg því ekki skilið

annað, en að hún þyrfti laun; og held eg þá, að þar til færi mestur hlutinn af þeim afgangi er bæta ætti með rýru brauðin. Eg get nú af þessum ástæðum eigi fallizt á neitt af hinum gömlu niðurlagsatriðum. En þá kemur nú vara-uppástungan undir tölulið 2. Þar er nú slegið af vörunni um helming og gengur hún þó, vona eg, eigi út. Mèr finnst framsögumaður gleyma því, sem hann barðist mest fyrir um daginn, og það var að af nema skikkunarvaldið. Hèr getur ekki verið að tala um, að enginn fáist í brauðin, svo framarlega sem nokkur presta-efni eru til, þegar stipstsyfirvöldin hafa leyfi til að gefa mönnum víst loforð um betra brauð á eptir. Þarna er hnúturinn, sem gæti leyst úr öllum vandræðum; með þessu móti fást prestar jafnt til allra prestakalla, ef stjórnin samþykkir það, sem þar er farið fram á. Það er nú fleira í þessari vara-uppástungu, sem eg get ekki fellt mig við. Það er nú eins og þessum nágrannaprestum, um leið og þeim er gjört að skyldu að gjöra það, sem er skylda þeirra, það er eins og þeim sè líka gjört að skyldu að gjöra ekki það sem þeir eiga að gjöra. Mèr finnst þeim eptir þessu vera lögð verri skylda á herðar en þeir nú hafa, því að hèr er þeim gjört að skyldu að taka bænda-kapellána, og eiga þeir að launa þeim. Þeir mega eptir 3. atriði vara-uppástungunnar þó ekki þjóna brauðunum, nema þeir taki þá. Á þessu sýnist nú tölul. 2. *b* að vera byggður; en auðvitað er, að ef bænda-kapellánar eru teknir, þá er ófært, að þeir hafi engin laun. Þetta sýnist mèr því miklu verra fyrir prestana, að vera skyldugir til að þjóna brauðunum og jafnframt skyldir til að taka aðstoðarmenn, sem þeir verða að borga af tekjum brauðsins. Mèr finnst því, að hvorki uppástungur nefndarinnar nè vara-uppástungan hafi leyst ætlunarverk sitt að bæta úr presta-eklunni. En nefndarmenn munu nú segja, að þingmenn hafi eigi gjört það heldur. En það er þó gjört nokkuð, þar sem gjörð er uppástunga til að fjölga þeim, sem vígslu geta tekið; þetta getur verið ungum kandídötum hvöt til að sækja strax, þegar þeir vita, að þeir eptir 2 ár geta fengið gott brauð. Mèr finnst því þetta vera aðalbótin og önnur sú, sem er í hinu breytta skikkunarvaldi. Eg vildi nú líka styðja 12. tölul., því það er sannarlega mikið í það varið, að stiptsyfirvöldin hafi yfir fjármunum að ráða, til þess að styrkja þá menn, sem fara á þessi rýrðarbrauð, svo að þeir geti lifað, eptir því sem kröfur manna eru nú orðnar meiri en áður voru; því að tekjurnar á aumustu brauðunum munu jafnvel ekki hrökkva til fæðis og klæða handa ein-

hleypum manni. En mèr finnast þessi atriði undir 12. tölulið, að aldrinum verði breytt, og að þingið biðji um fè handa stiptsyfirvöldunum til að bæta brauðin, eigi svo mikils virði, að ekki sè óhætt að fella allt sem stendur á atkvæðaskránni fyrir þeim, því að eg treysti því, að stipsyfirvöldin geti eins vel útvegað þetta tvennt.

Framsögumaður: Eg skal einungis leyfa mèr að svara því sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu var í efa um í varauppástungunni stafl. c. Hann vissi nú ekki hver þau verk voru þar sem stendur, »og hver önnur prestverk sem ekki þarf prestsvígslu til» hann sagði, að eg mundi þó ekki hafi meint að leikmenn færi að prèdika. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki sèð neitt á móti því, að hændur sjái um, að menn komi almennt saman til guðsorðaheyrnar. Eg veit til á Færeyjum, þar sem einn prestur hefir 7 kirkjur, að þegar eigi er embættað, þá les einn bóndi danska prèdikun upp í kirkjudyrum fyrir söfnuðinum. Eg skil nú ekki í, að nokkur leikmaður tæki upp á því að prèdika af sínu eigin brjósti nema hann fyndi hjá sèr fullkomna hæfilegleika til þess, og viðkomandi söfnuður bæri fullkomið traust til hans. En eg held að það væri fallegur siður, að söfnuðurinn kæmi almennt saman og fyrir honum væri lesið guðsorð, eg get ekki sèð neitt hneyxlanlegt í því. Geti presturinn komið við að prèdika, þá kemur ekki til þessa. En eg held, að söfnuðurinn færi ekki að biðja ólærðan mann um að prèdika, ef hann hefði ekki traust á honum; en ef söfnuðurinn hefir það traust á manninum, að sèr geti verið það til uppbyggingar, að hann prèdiki, þá get eg ekkert sèð á móti því, að hann megi það. Eg skal nú eigi taka upp það sem eg hefi sagt um staflið a, sem segir, að prestarnir ættu að skyldast til að annast prestsþjónustu í nágranna brauðunum; það hlyti að hafa miklu meiri þýðingu en það nú hefir. Eg skil nú eigi,, hvernig þingmaður Norður-Þingeyinga gat haldið, að prestarnir væri ver farnir eptir þessu, en þeir eru nú, þótt þeir væri skyldir til að taka mann sèr til aðstoðar, ef þeir geta ekki þjónað. Þegar þeir fá 100 rd. fyrir utan tekjurnar þá geti þeir líklega miðlað einhverju af því, og verð eg þá að álíta, að þeir sè betur farnir en þeir nú eru. En geti presturinn stundað öll prestsverk í þessu brauði, sem hann er settur í, þá þarf ekki til þess að koma. Eg veit nú ekki, hvort það er aðgengilegt, sem stendur undir 10 tölul. einkum staflið b, því eg er hræddur um, að konungur gefi aldrei svoleiðis almennt lagaboð, að vígja megi presta fyrir innan 24 ára aldurinn, og eg held,

að ekki sè til neins að biðja um það; en þó beðið sè um að vígja presta 24 ára, þá þarf þess ekki, því það hefir stjórnin æfinlega veitt, þegar sótt hefir verið um það, og byskup hefir mælt með því. Það sagði nú einhver þingmaður, að eg væri orðinn deigur við fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar; það getur nú verið, því eg held að þurfi minna til að deigja menn, þótt harðari sè en eg er, það sem hèr hefir dunið yfir; en það var einkum það, sem veikti mig, eg tek það upp aptur, að hinn háæruverðugi 2. konungkjörni eigi treysti sèr til að framfylgja þessu leyfi, þó að stjórnin veitti það, því að eg er sannfærður um það, að þegar stjórnin veit að byskupinn eigi treystir sèr til að framfylgja því, þá leyfir hún það ekki; þetta hefir gefið mèr tilefni til að skoða huga minn um, hvort eg geti gefið atkvæði mitt fyrir þessum tölulið. Að öðru leyti hefi eg ekki dignað svo mikið enn, að það eigi sè sannfæring mín eptir sem áður, að eg get ekki álitið þetta svo ísjárvert, sem mörgum sýnist.

Jón Guðmundsson: Eg gjöri það nú heldur með hálfum hug að standa upp, því að 2 þingmönnum varð ekki svo vel við, þegar eg talaði í gær, þar sem annar þeirra sagði, »að sèr væri nú ekki orðið vært«, en hinn hèlt yfir mèr hrókaræðu persónulega. Eg verð nú að segja um þá ræðuna, eins og Snorri goði sagði: »Slíkt hefi eg fyrr heyrt, og mun eg því eigi reiðast«; eg er nú orðinn hvorki of ungur nè of gamall til þess að geta ekki stjórnað geði mínu, og læt eg því ekki slíkar geysanir fá mjög mikið á mig. Það hafa nú sumir þingmenn enn sem fyrri dregið í efa, að þörfin á presta-efnum væri svo mikil sem af er sagt eða eins og nefndin hefir gjört úr henni, og er það von, að þeir þingmenn, sem eigi finna að nein þörf sè, eður eigi vilja finna það, hiki við, að gefa atkvæði sitt fyrir 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Mèr skyldi eigi hafa komið til hugar að leggja þetta til, hefði eg ekki verið sannfærður um, að hèr væri brýn nauðsyn fyrir, og hefði eg ekki álitið það brýna skyldu fyrir þingið að bæta úr þessum vandræðum, og að minnsta kosti finnast mèr að það sè skylda þingsins og hvers þingmanns, að draga eigi gis að þessu máli, því nauðsynin er þó svo ber, að eigi er dragandi gis að (*Forseti:* Það hefir enginn þingmaður gjört það). Það hefir þó legið sem næst. Menn hafa nú sagt, að hèr sè með fram spáð fram í ókomnu tímana, en þegar gáð er að tölu þeirra, sem útskrifuðust frá árum 1784—1834 þá útskrifuðust 11—12 embættismanna-efni að meðaltali ár-

lega, en á árum 1834—59 útskrifast að meðaltali 6—7. Eg vil nú spyrja alla þingmenn, hvort að eigi er auðsèn hin fjarskalega fæð og skortur embættismanna-efnanna á þessum síðari árum. Það voru reyndar til fyrri og framan af þessari öld, stúdentar, sem voru embættislausir og bjuggu búum sínum, en það var þó enginn fjöldi; aptur eru embættin engu færri nú í landinu, en þau voru á næstliðnum öldum heldur yfir höfuð að tala fleiri, og þörfin til embættismanna-efnanna er því engu minni; að því slepptu sem tímarnir nú að öðru leyti og hin sídafnandi fólksfjölgun í landinu þarfnast miklu fleiri menntaðra manna eptir því sem þarfirnar fjölga með sígandi framförum þjóðarinnar. Eg get því ekki betur sèð, en að presta-ekla sè hèr auðsjáanlega fyrir dyrum, að minnsta kosti um hin næstu 10—20 ár. Eg neita því nú ekki, að þetta kunni að taka sig á smátt og smátt, en sú viðbót eður fjölgun sem kann að verða í lærða skólanum, bætir ekki úr presta-eklunni hin næstu 10 árin. Þegar nú þessa er vel gætt, þá get eg ekki verið eins hugdeigur og meðnefndarmaður minn hinn háttvirti framsögumaður, við 1. niðurlagsatriðið, og allra sízt á meðan ekki kemur annað betra í staðinn; hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það hefði veikt sig, að hinn 2. konungkjörni hefði sagt, að hann eigi treysti sèr til að framfylgja þessu, en eg hefi það traust til herra byskupsins; að hann neiti eigi svo augljósum hlut, sem hèr er, að brýn nauðsyn er fyrir hendi; en ef hann finnur önnur úræði betri en þessi, þá skal eg vera manna fúsastur á að taka þau til greina, og eg skal ekki að svo stöddu draga í efa, að hann finni þau. Eg skal eigi neita því, að þó eg líklega gefi atkvæði mitt fyrir vara-uppástungunni, þá get eg eigi sèð, að hún sè nein bráðabyrgðarúrræði; það getur verið, að hún sè betri en ekki neitt, en hún bætir þó ekki verulega úr þeirri þörf, sem nú er. Þar að auki yrði eptir þessari uppástungu, nauðungar sameining brauðanna á mörgum stöðum, þar sem engum dytti í hug að sameina brauð annars. Það er augljóst, að svo margvíslega getur verið ástatt fyrir prestum í hinum næstu brauðum, að þeir geti ekki með neinu móti bætt á sig að þjóna hægu nágrannabrauði, auk heldur erfiðu; presturinn getur verið gamall og heilsulaus og verið nýbúinn að sjá á bak aðstoðarpresti, er þeir hafa ekki mátt án vera í sínu prestakalli, og þá er hið þriðja, sem enginn getur um flúið og það er dauðinn; og þá getur opt að borið með þessu fyrirkomulagi, að 3—4 brauð laus í halaróu verði prestslaus, fyrir fráfall hins eina prests sem

hafði verið skipað að þjóna þeim öllum. Það eru nú ekki einungis útkjálkabrauðin, sem enginn sækir um, heldur einnig mýmörg þessi lakari meðalbrauð, sem aldrei hafa vantað presta fyrr en nú; og sýnir einnig þetta presta-efnaskortinn með öðru fleira. Það er núna eitt brauð laust, sem álitið hefir verið allgott og margir hafa áður sótt um, það eru Meðallandsþingin. En þegar nú ætti að fara að skipa einhverjum af þeim 3 næstu prestum að þjóna þessu brauði, þá held eg að þeir megi vera meiri en mennskir menn ef þeir ætti að geta gegnt því í nokkru lagi. Öðrumegin er Kúðafljót, eitthvert hið mesta vatnsfall á landi hèr og nálega ófært á ýmsum tímum vetrar og á vorin; hinu megin eður að norðan er Eldvatnið hjá Ásum, vonzku vatnsfall, þó að það megi optast fara á ferju, en þá mjög vondur, hættusamur og langur vegur þaðan suður yfir Leiðvallahraun ofan í Meðalland; en að norðaustan milli Kirkjubæjarklausturs prestakallsins, er annað Eldvatn hjá Hnausum, sem reyndar er opt fært á ferju, en á vaði er það mjög háskalegt vatn; en óravegur ofan frá Prestbakka á Síðu og suður í mitt Meðalland, þ. e. að segja fullkomnasta dagleið út að Langholti. Hvernig á nú ellihrumur og heilsulaus prestur að þjóna Meðallandinu frá einhverju þessara brauða, sem þar liggja næst. Eg vil nú ekki segja neitt um þessa skyldu, sem menn segja að liggi á þessum nábúaprestum, að þjóna öðrum brauðum lengri tíma, en því sem þeim er veitt, eg er ekki svo vel að mèr í kirkjurètti, en mèr hefir verið sagt, að einn af hinum helztu prestum vorum, sem var kandídat frá háskólanum hafi látið sèr um munn fara, að hann afsegði, að þjóna til lengdar öðru brauði er honum var falið svona í bráð, því hann væri eigi skyldur til þess. Það hefir nú verið sagt, að það sem nefndin stingur upp á muni standa lengur en til bráðabyrgða, þótt ekki gjöri hún ráð fyrir því. Það getur nú verið, en ef svo færi, þá sannast einmitt þar með, að presta-eklan er meiri og verður meiri heldur en menn gjöra hèr ráð fyrir. Og ef þetta þarf að verða lengur en til bráðabyrgða, sem nefndin hefir stungið upp á, þá verður og hitt líka lengra en til bráðabyrgða, að skylda verði nábúaprestana til að þjóna hinum prestlausu brauðum, og vildi eg nú vekja athygli að því, einkum við þá, sem þykjast vera í móti allri sameiningu prestakalla hvar sem er og hvernig sem á stendur, að úr þessu verður nauðungarsameining á hinum fátækari brauðunum; og kæmi þetta í töluverða mótsögn við það sem farið er fram á í breytingar-uppá-

stungunni sem er 6. töluliður á atkvæðaskránni, því það er þó töluverð brauðasameining og breyting frá því sem nú er að sameina 4—5 brauð í halarói, sem engum getur komið til hugar að sameina, og setja þau öll undir einn prest; mikili munur er þó á að sameina 2 brauð sem liggja vel við sameiningu, og setja undir 1 prest. Það er nú komin fram fjöldi af breytingaratkvæðum við 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar eður 5. og 7. töluliið á atkvæðaskránni, og hefir mèr heyrzt hèr koma fram eigi all-lítill misskilningur. Hinn 2. konungkjörni þingmaður hèlt, að þessi nefnd væri sett yfir stiptsyfirvöldin um aldur og æfi, og eigi mætti veita brauð nema eptir hennar samþykki; hún ætti þá allt af að vera að sameina og sameina ofan í sjálfa sig; eg held nú, að hver maður, sem læs er, hljóti að sjá, að þetta liggur engan veginn í uppástungum nefndarinnar. Eg veit nú ekki hvort það er ómaksins vert að útlista þetta fyrir þeim sem eigi vilja skilja hvorki það nè annað, eða fyrir þeim sem er eins lagið og ljúft að rangfæra orð manna eins og þingmanni Borgfirðinga. Hann bar mèr það á brýn, að eg væri allt af að klifa á nefnd; en eg hefi nú verið hèr á 10 þingum, og hefi eg aldrei stungið upp á þess leiðis nefnd fyrr en nú, og sízt til að gjöra mèr leik að því, eða til ógagns og tafar; þetta vona eg að hver maður geti sèð af alþingistíðindunum, að eg hafi hvergi talað í þá átt. Hinn síðari hluti ræðu hans var nú miklu betri en hinn fyrri, því þingmaðurinn »talaði þar af sínu eigin»; það voru tóm personalia og ósannindi; eg ætla því ekki að virða svars þetta og annað eins. Það getur nú verið, að þetta sem hèr er stungið upp á hjá nefndinni verði ekki nein veruleg úrræði til að bæta úr presta-eklunni til frambúðar, þótt brauðin verði sameinuð; en eg ætla þó, að það sè vel reynandi úrræði. Þar sem verið var að skýrskota til »synodalnefndarinnar», þá vita nú fæstir mikið af henni að segja. Eg heyrði reyndar hèr um árið, að nefnd þessi hefði verið sett á synodus og í hana kvaddir 5 menn. Eg vissi líka til, að stiptsyfirvöldin leituðu ráða hjá þessari nefnd um brauðasameiningu 3—4 árin framan af. Nú veit eg eigi til að eptir sè í þessari nefnd nema 2 *bræður* og dómkirkjupresturinn. Eg veit nú ekki, hvort það er af því, að nefndin er svona fáliðuð og engir kvaddir í þeirra stað, sem farnir eru, að stiptsyfirvöldin eigi hafa síðari árin spurt hana til ráða um brauðasameiningar; en eg veit ekki hvers vegna að verið er að skýrskota til þessarar nefndar, þar sem hún er sama sem

ekkert og svo gott sem liðin undir lok. Annað mál er það, ef hún væri endurnýjuð, það væri þó tilraun til að hafa þess leiðis nefnd. Eg ímynda mèr nú, að ef brauðasameiningar nefnd sú, sem hèr er stungjð upp, á gjörði nokkrar uppástungur, þá færi hún sjálfsagt að miklu leyti eptir uppástungum þeim, sem gjörðar voru í hèröðunum, þegar nýja brauðamatið fór fram 1853—54, og svo jafnframt eptir áliti og tillögum hèraðsmanna sem hún leitaði nú af nýju; en þar að auki er með berum orðum tekið fram í þessari nefndaruppástungu, að söfnuðunum verði gefinn kostur á að segja álit sitt um hverja eina sameiningu; og ef þá kæmi nokkur mótmæli frá söfnuðunum, þá yrðu þau sjálfsagt borin undir stiptsyfirvöldin, og eru þá stiptsyfirvöldin eigi bundin við að fara eptir áliti nefndarinnar, fyrr en konungur er búinn að samþykkja aðgjörðir hennar. En hvað þykir mönnum nú að þessu samþykki konungs. Stiptsyfirvöldin hafa þó sjálf leitað konungs samþykkis á sameiningu brauða í Skagafirði og víðar. Mèr finnst því hèr ekki vera stungið upp á neinu öðru en því sem stiptsyfirvöldin hafa gjört sjálf að undanförnu, nema hvað sá er munurinn, að þar sem hèr er stungið upp á að söfnuðunum sè fyrir fram gefinn kostur á að koma við á rökum byggðum mótmælum gegn sameiningunni, þá er stiptsyfirvöldunum opinberlega borið á brýn bæði úr Skagafirði og víðar, að þau hafi ekki leitað álits safnaðanna eða samþykkis, áhrærandi þær sameiningar sem þau hafa stungið upp á og útvegað konungs samþykki. Eg get nú eigi sèð hvers vegna að stiptsyfirvöldin vilja heldur fara eptir sínu eigin lausu áliti, heldur en að hafa samþykki konungs á aðgjörðum sínum. Það getur nú verið að það sè af heimsku minni, en eg sè ekkert háskalegt í þessu; heldur sýnist mèr það mun betra, að almennar og tryggjandi reglur fengist fyrir brauðasameiningu, heldur en að taka svona hvert brauð á stangli jafnótt og það losnar og sameina það við annað brauð rètt eptir því sem á manni liggur í þann og þann svipinn, en án nokkurs tillits til þess, hvort það væri tiltækilegt eptir áliti þeirra, er bezt þekkti til, og með vilja og samþykki safnaðanna eður eigi. Það er nú auðsèð, að 6. tölul. á einungis að vera útskýring á 3. uppástungu-atriði nefndarinnar (tölulið 7 á atkvæðaskránni), og hver skilningur sè í því. En mèr finnst þessi 6. töluliður fara í gagnstæða átt við 2. tölulið, og ef töluliður 6 er samþykktur, þá sè eg ekki betur en að hinn 5. sè niðurbrotinn, því eg held, að sú sameining, sem 5. tölul. talar um, geti aldrei sam-

rýmzt við það sem farið er fram á í 6. tölul. Eg skal nú ekki halda langar tölur um viðauka-atkvæði mitt tölul. 11. Eptir því sem á stendur, þóttist eg þar með reyna til að fara þar í sömu stefnu og stjórnin hefir farið, þar sem hún hefir veitt þeim aukastyrk, er vildu gefa sig við læknisfræði til að verða læknar hèr á landi; þetta hefir nú haft góðan árangur. Líka vakti fyrir mèr eigi að eins ölmusufæðin við prestaskólann, heldur líka það, að þessar ölmusur eru eigi veittar úr ríkissjóði, heldur frá »Communitetinu«. Þess vegna þykir mèr það mesta sanngirniskrafa til stjórnarinnar, að hún leggi nú fram þenna fjárstyrk í skólans þarfir, þar sem hún hefir í eitt skipti fyrir öll tekið að sèr að efla og annast alla skólamenntun landsins, og þetta er þó einn partur af henni, þar sem nú er svo komið, að engi getur orðið prestur nema hann útskrifist frá prestaskólanum. Þar sem nú svo lítil von er á, að embættismanna-efnin fjölgi, eptir því sem þörf er á, þá sýnist mèr þetta reynandi, með því að þetta fer líka í sömu stefnu, eins og stjórnin hefir áður farið.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins háttvirta varaforseta leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að þegar uppástunga hefir komið um, að sameina einhver brauð, þá hafa stiptsyfirvöldin fylgt þeirri reglu að sleppa sameiningunni, þegar Ansögningar hafa komið um brauðið. Hafi það ekki verið, þá hefir uppástungan verið send Synodalnefndinni til álíta og jafnframt leitað álits safnaðarins, en um leið hefir það verið reglan að sameina brauðin, sem spursmál hefir verið um, einungis að interim, um víst árabil, til þess að komast að raun um, hvernig sameiningin færi; þegar svo allt hefir farið vel, þá hafa stiptsyfirvöldin fyrst leitað konunglegrar staðfestingar á sameiningunni. Eg verð og að álíta að þessi aðferð sè betri en að ákveða strax sameininguna, fyrir fullt og fast. Eg verð líka að álíta að það sè bezt til fallið að sameina brauðin þar sem því verður komið við smám saman eða »successive« jafnóðum og brauðin losna en ekki fyrir fram eptir almennu plani fyrir allt land. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaforseti sagði, þar sem hann var að bera saman hvað margir hefðu útskrifazt um og eptir aldamótin fram undir 1830, og á seinni árum, skal eg geta þess að nú á seinni árum er búið að leggja niður fyrir víst 9 brauð algjörlega, og 5 brauð eru að interim lögð saman við önnur brauð og verða að líkindum sameinuð við þau. Þetta gjörir töluverða breytingu í reikningi hans. Hvað Synodalnefndina snertir, að hún

sè ekki með fullri tölu skal eg geta þess, að það er hægt að ráða bót á því, og eg finn það í eðli sínu að svo sè gjört.

Framsögumaður: Það gladdi mig að hinn heiðraði varaforseti veitti vara-atkvæði mínu jáyrði sitt, þó hann ekki væri því með öllu samdóma. Hann hafði það á móti því, að það færi fram á nauðungarsameining brauða, en það fer ekki fram á aðra sameining en þá sem er, en vill gjöra hana aðgengilegri en hún nú er. Mèr getur ómögulega fundizt, að hún komist í nokkra mótsögn við 6. tölulið, að minnsta kosti ekki meira en 6. tölul. kemst í við það ástand sem nú er, því fyrst nú á sèr stað nauðungarsameining á brauðum, og mín uppástunga einnig fer fram á hana, þá kemst 6. tölul. aunaðhvort í bága við hvorttveggja eða hvorugt. En eptir minni uppástungu geta brauðin svo sameinazt, að þau verði aðgengilegri og presta-efni fjölgi og sæki um þau. Eg játa vel að uppástunga mín ekki bætir til fulls úr þeim vandræðum sem nú eru, en hún bætir þó nokkuð úr þeim, og þar að auk hefir hún þann kost, að hún fer sem næst því sem nú er.

Benidikt Sveinsson: Það er nú búið að tala svo margt og mikið í þessu máli, að eg helzt vildi ekki hafa þurft að tala eitt einasta orð í því. Þegar mèr nú birtust uppástungur þessar sem þingmönnum hefir orðið svo orðdrjúgt um, gat mèr ekki dulizt, að þar stóðu í broddi fylkingar í meiri hlutanum 2 menn, sem gáfu mèr helzt tilefni til þess, að hugsa mig vel og vandlega um málið áður en eg yfirlýsti áliti mínu um það. Um annan þessara manna má með sanni segja, að hann sè eins konar andlegur faðir eður vísindalegur faðir prestastèttarinnar hèr á landi. Það er: hinn háæruverðugi 3. konungkjörni þingmaður; um hinn vita og allir, að hann hefir að undanförnu fyllt þeirra manna flokk, sem hafa barizt fyrir frelsi og framförum ættjarðar vorrar. Eg tek nú þetta atriði fram af þeirri ástæðu, að mèr virtust niðurlagsatriði nefndarinnar *undarleg,* já, meira að segja, fullkomlega *ískyggileg.* Af þessu tvennu hef eg nú ekki talað fyrr í þessu máli, en hugsað um það vel og vandlega og setið og hlýtt á fróðlegar ræður manna, því fróðlegar hafa þær að mörgu leyti vissulega verið, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi áðan sagði. En eg hef samt sem áður enn ekki getað sèð neina aðgenglega aðalstefnu hvorki frá þingsnè nefndarinnar hálfu. Nokkrir þingmenn hafa talað auðsjáanlega á móti nefndarálitinu, en eptir því sem mèr hafi skilizt ræður annara þingmanna hafa þeir verið í ærnum efa um, hvort þeir ættu að

vera með nefndaruppástungunum eða ekki. Eg ætla nú með nokkrum orðum að skýra frá minni skoðun á málinu. Kemur þá fyrst til greina, hvort nauðsynin sem nefndin byggir uppástungur sínar á, sè svo mikil, að hún helgi þær svo frábærlega sèrstaklegar sem þær eru, og verða menn fyrir fram að skoða vel huga sinn um það, hvort þær stríði á móti, eða komi í bága við þau grundvallar-atriði sem uppástungurnar og mál þetta yfir höfuð stendur í nánasta sambandi við, eða ekki. Vil eg þá benda á, að þetta mál stendur í sambandi við hina veraldlegu stjórn og hina kirkjulegu, við hina geistlegu stètt og söfnuðina, við menntunarstofnanir landsins æðri sem lægri og við almenningsheill yfirhöfuð. Hèr er nú farið fram á gífurlega breytingu á aðalreglum þeim sem gilt hafa um langan aldur, hvort sem litið er til hægri eður vinstri í þjóðfèlag vort og þau lög sem það hvílir á, og menn byggja þessa breytingu á *nauðsyn tímans*, og víst er það, að nauðsynin rettlætir mikið, en þó ekki allt. Það er ekki nóg að segja, að brýn nauðsyn sè á að fjölga prestum, en það þarf líka að sanna, og það er einmitt aðalatriðið, að þessi nauðsyn sè *svo mikil og rík*, að menn eigi að grípa til þess úrræðis að vígja ólærða menn eða sem menn segja leikmenn til presta, og því vil eg spyrja: Er nauðsynin á fjölgun presta svo rík, að vígja eigi þá menn sem nefndin stingur upp á? Það hefir verið sagt hèrna í salnum fyrir skemmstu, að hin lúterska kirkja standi á veikum fæti í landi voru, en hún er þó ekki á svo veikum fæti, að menn ekki viti, að *augnamiðið helgar eigi meðalið*. Er nauðsynin svo rík, segi eg það enn, að þetta þing eigi að fara fram á, að vígðir sèu ólærðir menn til presta? Eg efast um að svo sè, og eg neita að svo sè, af því eg sè ekki betur en að þvílík uppástunga nefndarinnar stríði svo mjög móti því, sem er gefið og grundvallað, helgað og heimilað í lögum og landsstjórn, að þær eigi vissulega að sitja á hakanum fyrir því þó prestefni komi eða verði færri en skyldu, sem þó er enn ekki alveg sannað. Stríða uppástungur nefndarinnar t. a. m. ekki móti virðingu *prestastèttarinnar?* Jú vafalaust. Það hefir að vísu komið fram í ræðum þingmanna, að lærðir prestar hefðu ýmsa galla, og margir leikmenn væri aptur guðhræddir, virtir og valinkunnir. Hver neitar því? Enginn. En hvað sannar það? Ekkert. Hitt ætti að sanna, að hinir lærðu klerkar hefðu ekki þessa kosti til að bera, en þar á móti væru þeir einkennilegir fyrir leikmennina. En þessi sönnun leiddi þá aptur til þess, að guðhræðsla, virðing og valmennska sè af-

leiðing af menntunarleysi, en hið gagnstæða leiddi af menntuninni, og það hefir þó víst eigi verið meining nefndarinnar. Eg held heldur eigi að þetta væri svo. Þó suma presta vanti þá kosti, sem hèr ræðir um að meiru eður minna leyti, þá eru það ekki eins dæmin hèr á Íslandi, það er ekki meira en það sem viðgengst um allan heim. Já um allan heim eru allar stèttir svo og munu verða svo meðan veröldin stendur, að á þeim mun finnast einhver blettur eða hrukka, en er þar fyrir ástæða til að ganga fram hjá og kasta fyrir fætur sèr þeim skilyrðum og tryggingum sem heimtuð eru um allan hinn menntaða heim fyrir því, að prestar eður aðrir embættismenn geti staðið sómasamlega í stöðu sinni? Nei! Það má eigi sleppa hinum ytri skilyrðum eður ytri hlið málsins af þeirri röngu ímyndun, að þá sè allt fengið, þvert á móti verður hver og einn að játa að hin ytri lögákveðnu skilyrði sèu optast og almennast máttarstólpi og mælikvarði fyrir hinum meiri kostum og hæfilegleikum. Eg get því ómögulega fallizt á það, að prestastèttinni ekki sè gengið of nærri í uppástungum nefndarinnar, frá þessu sjónarmiði, því þó leikmenn hafi marga kosti, þá held eg, að lærðir menn hafi þá ekki síður, á hvað sem litið er. Eg get jafnvel varla ímyndað mèr, að svo góðir sem leikmenn vorir kunna að vera, að það mundi eigi hjá því fara, að þeir í viðureign sinni við lærða presta sem þeim ef til vill greindi á við hvervetna, ekki mundi verða það á við heldri embættisbræður sína, sem alþýðu mönnum vorum hættir við að segja við sèr meiri menn: Já það hefir nú ekki verið keypt í mig vitið lagsmaður? Mundi þetta og því um líkt orðatiltæki ekki eiga illa við meðal presta, og bera í skauti sínu anda tvídrægnis og innbyrðis fyrirlitningu? Það er víst að prestum hèr á landi hefir sjaldan verið gjört hátt undir höfði, en það er varúðarvert fyrir þingið, að fylla flokk þeirra manna, og því varúðarverðara að búa til flokkadrætti meðal presta. En hvernig lítur nú málið út, þegar það er skoðað frá safnaðanna-sjónarmiði? Hafa ekki allir söfnuðir jafnsterka kröfu til þess, að öll trygging sè fyrir því, að prestar þeirra sè sem mestum og flestum kostum búnir? Eða hafa ekki allir söfnuðir jafnar og jafnhelgar andlegar kröfur? Er það rèttlátt að sá söfnuður, sem er fátækur og ekki getur launað presti sínum eins vel, fái miður sína andlegu nauðþurft uppfyllta, en sá hinn ríki söfnuðurinn? Hver fær skilið að svo sè? Það er sama sem að segja við söfnuðinn: »Þú ert fátækur, og því verður þú að hafa þenna prest þó hann sè lèlegur«. Þetta er ranglátt og gjörir hina fátæku söfn-

uðina að olbogasöfnuðum kirkjunnar. Það er líka ranglátt af þeirri ástæðu að þessi prestur getur með tímanum fengið betra brauð en lærður prestur, með öðrum orðum ranglætið kemur fram, hvort sem litið er á veraldlega bagsmuni eður andlega nauðsyn safnaðanna. Eg get og eigi séð, að kirkjan sjálf geti unað við slíkt fyrirkomulag, því með því móti ætti hún bæði olbogasöfnuði og olbogapresta, en það hæfir eigi jafngóðri móður sem kirkjan er; eða getur kirkjan, sem hvílir í skauti hins æðsta veraldlega valds, og fær þaðan tryggingu fyrir því, að þjónar hennar hafi næga menntun og þekkingu, getur kirkjan segi eg sagt: Eg kæri mig ekki um þessar tryggingar þar sem ekki er nægur hagnaður eður peningar í aðra bönd fyrir þjóna mína, en þar sem fèð er fyrir þar krefst eg þeirra? Hver áhrif hefir stefna nefndarinnar á *almenning yfir höfuð?* Eg sè ekki betur en það sè dagsanna, sem tekið hefir verið fram, að það drepi niður alla menntunarlöngun í landi voru. Það er víst, að sumum leikmönnum hættir við að lítilsvirða menntunina, og þetta fyrirkomulag sem hèr er stungið upp á yrði til þess að vekja andlegan gorgeir hjá ómenntuðum mönnum. Ekki einasta þeir söfnuðir, sem fá þessa ólærðu presta og þeir sjálfirmeð, heldur sèr allur landslýðurinn og þreifar á því, að þeir hinir ómenntuðu geta gengið í fótspor hinna menntuðu, og því skyldu menn þá eigi hætta að ganga hina örðugu og kostnaðarsömu götu, er til menntunarinnar leiðir? Þetta getur og hlýtur að verða misskilið. Það er auðvitað, að alþýða hèr á landi er ekki eins skynsöm og hún er álitín, ef hún ekki getur gjört þá ályktun eptir 1. niðurlagsatriði nefndarinnar að í sjálfu sèr þurfi enga menntun. Þingið 1861 barðist fyrir því, samkvæmt vilja þjóðarinnar, að fá lagfæringu á latínu skólanum, en ef það nú segir, að menntun þurfi ekki og þá ekki skólann, þá er það að vísu fljót en slæm græðsla á meinum þjóðar vorrar. Það hefir verið sagt, að þetta drepi niður *prestaskólann.* Það er og hverju orði sannara, að svo er; því til hvers ganga menn á hann ef eigi til að verða hæf presta-efni? Það er óheyrt að veita ómenntuðum mönnum embætti eins og lærðum, og er ekki í þessu falli annað en að brýna fyrir landsmönnum, að prestaskólinn sè ónauðsynlegur þrepskjöldur prestastèttinni og landinu til byrðar. Skoði maður þetta mál frá stjórnarinnar sjónarmiði, sem verndara og viðhaldara hinna kirkjulegu laga, þá verður það ofan á að prestsembættin sèu hennar eigin embætti (Statsembeder). Lúterska kirkjan hvílir í valdi hinnar veraldlegu stjórnar, og eg er sann-

færður um, að hún mundi hugsa sig um tvisvar, áður en hún veitti leyfi til að vígja ólærða menn, þó byskup landsins ekki væri því eins mótfallinn og hann er.

Eg hef nú bent á hvað veki hjá mèr þá sannfæringu, að rangt sè að ganga inn á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, af því hèr sè farið fram á að breyta svo mjög hinum helztu og helgustu aðalgrundvallarreglum fyrir þjóðfrelsi voru, og það án þess að næg sönnun sè komin fram fyrir þvílíkri breytingu, og án þess þessi breyting sè annað en hálfverk, svo hún verður tvöfalt ranglát og óaðgengileg. Eg get ekki heldur einu sinni sèð, að nefndarinnar uppástunga bæti neitt úr þessari presta-eklu; skilyrðin fyrir því, að leikmenn geti orðið prestar, eru með öllu óákveðin, og eg skil ekki að þingið geti fallizt á hana þegar af þeirri ástæðu. Eg sè ekki betur en að svo gæti farið, að áður en búið yrði að ákveða skyldur og rèttindi þessara manna, muni líða hin næstu 3—4 ár, og eg held jafnvel að hinn tiltekni tími yrði fyrir löngu liðinn, áður en þetta úrræði gæti komið að haldi. Eg er því og samdóma því, sem í gær var haft á móti þessari nefnd manna í Reykjavík. Það má ekki misskilja mig svo, að eg sè á móti nefndinni yfirhöfuð, eg hefði kannske von um að komast í þessa nefnd sjálfur, og ef eg fengi álíka þakklætið fyrir að vera í henni, eins og eg fèkk fyrir að vera í kláðanefndinni sællrar minningar, þá væri eigi til lítils að vinna; en eg get nú samt sem áður eigi verið með nefnd þessari, sem ætti að verða eins konar löggjafi. Varaforseti sagði, að ekki væri hægt að búa til presta úr spesíum, en mundi nefnd þessi þá geta búið til presta úr orðum einum? Eg held, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sèu bezt kjörnir til að ráða úr þeirri eklu sem nú er á prestum, enda barma þeir sèr minna enn út af prestleysi en þessi nefnd gjörir, en með þessu, er þá álit hennar alveg fallið um sjálft sig.

Eg vil að endingu leyfa mèr að drepa á, að hèr er genginn öfugur vegur. Það má heimfæra hèr þetta heilræði: Maður líttu þèr nær, liggur í götunni steinn. Vèr eigum að byrja á hinu lægsta menntunarstiginu latínuskólanum, og reyna að gjöra lærdóminn þar óbrotinn, aðgengilegan og þjóðlegan; en ekki stæla eptir ríkisþjóðum, sem leika sèr að fleygja út millíón á millíón ofan til að láta unga menn læra það í dag, sem þeir gleyma á morgun. Eg held að eina ráðið til að bæta úr presta-eklunni sè það að líta til baka og

gjöra menntunina í latínuskólanum sem einfaldasta og hægasta, og eg vona að meiri hluti nefndarinnar hallist að þeirri stefnu, og að vèr göngum eigi svo af þessu þingi, að vèr fáum eigi tækifæri til að láta ljós vort skína frá þessu sjónarmiði. Þetta er ekki neinn orðaleikur, heldur alvarlegt mál, því hèr ræðir um þá grundvallarhugsun sem allt menntunarlíf og andleg framför hinnar íslenzku þjóðar hvílir á. Hvað atkvæðaskrá þessa snertir, þá get 'eg ekki gefið mitt atkvæði fyrir hinu einasta atriði sem á henni stendur.

Jón Hjaltalín: Eg var í gær búinn að láta í ljósi sannfæringu mína, og hef fáu við að bæta. Eg hef með athygli hlýtt á ræður manna, og hefir komið fram mikill meiningamunur hjá mönnum í þessu máli, sem snertir þörf vora, ekki hina líkamlegu heldur hina andlegu þörf sálarinnar. Og málið hefir verið vandlega yfirvegað af nefndinni, og eptirkomandi tímar munu sýna hve skakkt eða rètt hun hefir farið. Mèr þykir hart á borið í kirkjunni, þegar verður að neita kristnum mönnum um það í andlegum efnum, sem þeim mest liggur á, og þá helzt langar til. Eg sè það á ræðum manna, að nefndarálitið hefir ýmsa galla, og eg geng að því vísu, að það muni falla. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður fann ekkert nýtt á atkvæðaskránni. En mèr finnst þó töluliður 9, 10 og 12 vera nokkurs konar úrræði, sem ekki er nein ástæða til að kasta burtu án ástæðna, ef menn vilja eigi alveg fella málið, en það mun mörgum sýnast ísjárvert sökum neyðarinnar. Eg er hræddur um, að þetta mál komi ef til vill aptur inn á þing, og eg óttast fyrir að fellibyljir þeir sem nú hafa fallið í því, sèu undanfarar storms sem síðar muni koma, og væri bezt að sleppa fyrir honum; það hefir í stormum farið illa fyrir skipum sem hafa verið hásigldari og fjölmennari en við. Eg segi þetta af því mèr virtist sem sumir hafi talað freklega í þessu máli. Nefndin hefir feilað, en haft hinn bezta vilja. Mèr finnast ekki tölur hins háttvirta varaforseta þýðingarlausar, því það er þó ekki þýðingarlaust, að á mannsaldri skuli lærdómsmenn hafa fækkað svo mjög, að nú sèu af 68,000 færri studerandi, en áður af 40,000 og það væri æskilegt, ef skólinn gæti komizt í það horf sem varaforseti benti á. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en eiunngis geta þess, að eg mun gefa atkvæði mitt fyrir töluliið 9, 10 og 12, nema því að eins að eg heyri betri og skýrari ástæður móti honum en enn þá eru framkomnar.

Framsögumaður: Það er nokkur misskilningur þegar menn

halda að þessir leikmenn, sem ættu að verða prestar, ættu að ganga á prestaskólann, það er ekki meiningin heldur hitt, að prestaskóla-kennararnir mundu fúsir á að veita þeim privatkennslu. Eg ætla mèr ekki að halda fast fram 1. töluliö, því hefði eg ætlað það, mundi eg hafa getað svarað einhverju, þeim mótbárum sem komið hafa fram móti honum. En það sem ræður tillögum mínum er neitun byskupsins að vígja slíka menn, því stjórnin mundi aldrei skipa neinum byskup að vígja þá, ef hún vissi, að honum væri það nauðugt.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að gjöra eina athugasemd, af því mèr virðist því hafa verið beint að mèr, að eg hafi eigi talað alvarlega um þetta mál. Eg sagði, að nefndin hefði gjört of mikið úr þeirri presta-eklu, sem er, og eg stend við það. Hún segir að presta vanti nú í 12 brauð, en svo fer hún að reikna hversu mörg brauð losni, eður hversu mörg presta-efni þurfi í 10 ár hin næstu, en telur aptur á móti því, hve mörg presta-efni muni koma að eins á 6 árum, hinum næstu. Eg verð að segja hreint út, að þetta er með öllu röng reikningsaðferð, og segi eg það með þeirri meðvitund, að eg hefi eins gott vit á hagskýrslum eins og hin heiðraða nefnd, þó eg hafi ekki eins gott vit á öðru. Það er svo sem vitaskuld, að fyrst reikningurinn á annan bóginn nær til 10 ára, þá verður hann á hinn bóginn einnig að ná til 10 ára, en ekki 6, því þá verður eins og styttri á honum annar fóturinn, og því verður hann eitthvað haltur. Með annari eins reikningsaðferð og þessari er hægt að skapa sèr ógurlega presta-eklu, þar sem prestaþörfin er talin til næstum helmingi lengri tíma, en prestaviðkoman, sem bæta skal úr prestaþörfum. Þess var í gær getið af einum heiðrnðum þingmanni, sem er kennari við latínuskólann, að í haust mundi koma allt að 15. nýsveinum, ef nú $^3/_5$ þeirra fara á prestaskólann eins og nefndin gjörir ráð fyrir, þá er það þó rúmum helmingi fleiri en nefndin hefir. Nefndin gleymir líka þeim stúdentum sem nú til eru, og af þeim fara 3 eða 4 á prestaskólann í haust. Þannig hefir nefndin án þess eg vilji tefja þingmenn með nákvæmum reikningi sleppt 22 mönnum sem að 10 arum liðnum geta orðið prestar (*Jón Guðmundsson*: Hafa þeir þá allir lögaldur.) Já, því ef þeir sem koma í skólann eru 15 vetra þá verða þeir að 10 árum 25 ára. Allir geta reiknað svo mikið, nema ef til vill nefndin, að 15 + 10 er = sama sem 25 Nú hefi eg sýnt og það í fullri alvöru, því tölur eru alvarleg sönn-

un, að presta-ekla nefndarinnar er, eins og eg sagði, vofa eður tilbúningur. Eg hefi eigi neitað, að nokkur presta-ekla sè til og muni verða fyrstu árin, en þó hún sè æfinlega mjög óheillavænleg þá verða menn og að gæta þess í þessu máli, að hèr á landi er betur ástatt með guðrækni á heimilum eða húsandagt, en eg þori að segja, í nokkru öðru landi í heiminum. Hèr er að kalla, til á hverju heimili biflían eður nýja testamentið, að minnsta kosti upp til sveita, auk margra annara guðsorðabóka til húslestra, og allan veturinn er þar lesið í heimahúsum á hverjum degi, og allt árið á hverjum sunnudegi, þegar ekki farið er í kirkju. Þeir sem sem því segja, að eigi líti öðruvísi út en að heiðni muni koma í stað kristni hèr á landi, þá þori eg að fullyrða, að þeir hafa talað það sem þeir hvorki geta staðið við fyrir guði nè mönnum. Þessi orð hefir þó nefndin látið sèr um munn fara, og eru þessi fáu orð miklu meira gífurmæli en öll mín orð til samans tekin um nefndina, þótt henni hafi þótt þau óviðfelldin.

Gísli Brynjúlfsson: Áður en til atkvæða er gengið ætla eg þó að segja fáein orð, þar sem eg á nokkur breytingaratkvæði hèr á skránni, en eg skal ekki vera langorður. Það er einkum breytingaratkvæðið undir töluliið 6, sem eg á saman með þingmanni Borgfirðinga og mèr þykir mikið varið í að þingið fèllist á; en ástæður þarf hèr eigi að vera að taka upp aptur, því mèr hafa og fundizt flestir þingmenn vera samdóma um, að það sè í sjálfu sèr rètt, og skila eg því nú að eins frá hinum 5. konungkjörna þingmanni eptir bæn hans, að þetta er einnig hans meining, og að það var að eins mismæli fyrir honum þar sem hann sagðist ætla að fallast á töluliið 9 og 10, því hann ætlaði sèr að segja 6 og 9. Hvað breytingaratkvæði mínu undir töluliið 3, viðvíkur, þá skal eg ei reyna til að verja það, en eg get þess þó, þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi einkum taldi því það til gildis, að það væri tekið eptir því, sem nú væri ráðgjört í Danmörk um sama efni, þá var þetta þó ekki meining mín. Eg skoða slíka breytingu miklu fremur, að eins sem áframhald í sömu stefnuna, sem haldið hefir verið í með æðsta yfirvald kirkjunnar hèr á landi, síðan byskupsstólarnir voru lagðir niður, því ef að það er tilhlýðilegast, að byskup landsins hafi laun sín úr ríkissjóði, þá er það ei síður tilhlýðilegt um prestana. En eg veit þó vel, að margir örðugleikar munu á, að koma svo mikilli breytingu í kring, og eg skal því eigi fara frekar út í þetta nú, heldur að eins stinga upp á að skipta greininni svo við atkvæða-

greiðsluna, að fyrst megi gefa atkvæði um fyrsta kaflann, er viðvíkur því að setja nefnd til þess að semja uppástungur um að bæta kjör presta; þeir sem fallast á þetta geta þá eins fyrir því fellt seinni hluta greinariunar, ef þeim svo sýnist.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi nú lengi setið og góðs beðið. Eg vildi vita sannleikann í því, hvert þörf væri á að bæta úr presta-eklunni; eg vildi fá að vita það fuli ljóst og með gildum ástæðum, að eigi væri þörf á að bæta úr presta-eklunni. En af öllu því, sem hèr hefir nú verið talað í salnum hefi eg ekki fengið þessar upplýsingar. Það hefir verið færð sem ástæða fyrir því, að þessi þörf ætti sèr ekki stað, að enginn kvartaði. En eg vil nú spyrja: Hver átti að kvarta? Hver þurfti prest? Það hefir verið talað um, að bændur væri svo vel uppfræddir og hefði bæði nógar og góðar bækur, svo hèr væri engin hætta á ferðum, þó prest vantaði um tíma, en eg er nú hræddur um, að allir bændur sè ekki svo vel að sèr, að þeir geti kennt börnum sínum til hlítar, þegar eigi verður *valið* úr beztu bændum til að búa börn undir fermingu samkvæmt vara-atkvæðinu tölul. 2. Eru það nú þessi börn, er elgi geta fengið kristilega uppfræðingu, sem eiga að kvarta yfir presta-eklunni? Eða eru það trassabændurnir, sem eigi vilja eða geta frætt börn sín, er eiga að kvarta? Það eru nú ef til vill sumir af þeim, sem vildu eins og Þjóðólfur i Ármanni á alþingi, að enginn stafur væri eptir í stafrofinu, svo engan þyrfti að læra; þetta dylst lengi í djúpunum. Eða eru það þeir, sem deyandi langar til að minnast við frelsara sinn í kvöldmáltíðar-sakramentinu fyrir andláts-stundina, eru það þessir menn, segi eg, sem eiga að kvarta um presta-ekluna? En hèr er ein brú í máli. Eg hefi eigi heyrt neinn tala um, að þau lög væri upp hafin, að byskup ætti að vísitera og líta eptir ástandi kristninnar út um landið. Ef hann gjörir það, þá þarf hann eigi að byggja á annara sögusögn eður brèfaskriptum; hann byggir þá á því sem hann sèr og heyrir; þyki honum þá þörfin mikil, getur hann tekið til þeirra neyðarúrræða, sem betri eru en neyðin sjálf. Ef byskupinn uppfyllir þessa skyldu sína, þarf hann ekki að leita neinna vitna um ástand safnaðanna, heldur getur hann sagt: *þetta hefi eg sjálfur heyrt og sèð.* Mun þá enginn verða lengur i efa um, hvað hið sanna er í þessu efni. Ef það er satt, sem sagt var í gær, að kirkjan sè í stríði og baráttu, þá mun hún einhverstaðar gefa hljóð af sèr; en kannske hún sè öll heilbrigð og ekkert stríð, þá er ekkert við að gjöra. Eg hefi nú ekki einu sinni winnzt á

1. uppástungu-atriðið; af því sem mælt hefir verið á móti því, þá hefir það nú verið eitt frá þingmanni Borgfirðinga, sem menn hafa viðurkennt, að alveg mundi kollvarpa því, og það er það, að þótt stjórnin veiti þetta leyfi, þá muni byskupinn aldrei þiggja það. En þótt nú byskup neiti þessu leyfi, þá er það þó gott, að stjórnin veiti það, því að það ætti þá að halda byskupinum vakandi fyrir þörfum landsmanna, svo hann sjái fyrir, að þessi neyð beri ekki að höndum, svo neyðarúrræði þurfi ekki að taka. Það er nú búið að tala nóg um 1. uppástungu-atriðið, og ætla eg ekki að bæta við það. Það var nú fyrst sagt, að kirkjan gengi aptur á bak við það, að vígðir yrði leikmenn. En hefir nú kirkjan gengið mikið lengra áfram síðan. Það dylst margt í djúpunum, þegar farið er að skyggnast inn í fornfræðina, þá finna menn skruddur og skræður, og margt í þeim, sem menn mættu óska að aldrei glataðist. En það er nú ekki fyrir það, þó að farið yrði að vígja ólærða menn til prestsskapar, þá gengi kirkjan ekki lengra aptur á bak fyrir það, en svo að hún kæmist í sama farið, sem hún var í á postulanna dögum, þeir voru þó ekki lærðir menn. Það voru þá einmitt hinir lærðu eður Farisearnir, sem ekki gátu kennt smælingjunum, því Kristur sagði sjálfur, að sinn háleiti lærdómur væri hulinn fyrir þessa heims spekingum en opinberaður smælingjum. En eru það ekki einmitt smælingjar, sem hèr þarf að kenna? En ef bændur era nú eins góðir og sagt hefir verið, bækur nógar, svo alþýða geti heyrt guðsorð (eg tala svo sem neyð væri), þá er eg fyrir mitt leyti ánægður með að allar þessar uppástungur falli. Eg verð að trúa þeim, sem stendur nær en mèr að hafa ábyrgð af þessu máli bæði fyrir guði og mönnum. Það verður að vera á þeirra samvizku, en ekki minni, ef eg gef rangt atkvæði, því eg hefi ekki betur vit á. Það hefir nú verið tekið fram af hinum konungkjörna varaþingmanni sem ástæða fyrir presta-eklunni, að undirstöðumenntunin væri of þung; menn geta nú ekki sagt, að sá maður er þetta sagði hafi eigi haft vit á því, þó segja megi það um oss bændurna, því að hann hefir sjálfur gengið í skóla. En ef þetta reynist nú satt, sem hann segir, þá þyrfti menn að reyna að kippa þessu í lag. Honum getur nú reyndar yfir sèst. En ef alþingi samþykkir að ráða verði og ráða skuli bót á þessu og stjórnin eigi fellst á það, þá er það því að kenna, að þeir setja sig mest á móti þessari endurbót, sem mest eiga að sjá um hana. Það era nú fáein breytingaratkvæði, sem mèr þykir skrítið, hvernig hefir

verið farið í; 2. tölulið held eg að megi nú brúka með lagi. Töluliður 9. og 10. kann nú einkum að þykja aðgengilegir, af því þeir eru handhægir fyrir stiptsyfirvöldin, til að fá presta sem yngsta inn í brauðin, og kveður hèr svo rammt að, að jafnvel 22. ára unglingar eiga að geta orðið prestar upp á þenna máta. Eg vil nú eigi tala um það, hvort vald byskupinn hèr ætti að fá; eg hef nú aldrei verið því mótfallinn, að sem mest vald kæmist hèr inn í landið. En eg man að talað var um 1847, að setja nefnd til að veita brauð. Konungsfulltrúi tók þá nógu stinnt í það, að þetta vald hefði konungur einn, og fullmaktaði aðra til þess í fjarlægð. Eg hef nú ekki heyrt, að þetta vald væri komið úr höndum honum. En um leið og menn biðja konung um þetta vald handa byskupinum, sem hèr er farið fram á, þá held eg að líka ætti að biðja um, að veita byskupinum það vald, að gefa presta-efnum uppgjöf á barnaeignum, jafnvel móti gildandi lögum, svo það sè þeim ekki til fyrirstöðu, til að verða prestar, þegar þeir eru búnir að fá aldurinn fullan. Um seinustu atkvæðin ætla eg ekki neitt að tala, því að eg held, að eg skorist undan að gefa atkvæði, þegar 1. uppástungu-atriðisins þarf ekki við.

H. Kr. Friðriksson: Eg þóttist nú tala svo skýrt í þessu máli í gær, að eg vona til að skoðun mín hafi orðið svo ljós fyrir þingmönnum, að þeir eigi villist á henni. Eg vildi biðja framsögumann að skýra þau orð sín, að eg hefði orðið mýfluga að úlfi, hvort það er svo að skilja, að eg sè svo lítilfjörlegur og ómerkilegur sem mýfluga, en orðið þó sem óargadýr. Eg hefi nú eigi breytt skoðun minni síðan í gær, og hefði nokkuð geta styrkt hana, þá væri hún nú enn sterkari orðin, Eg get nú eigi sèð, að hèr sè sú nauðsyn fyrir, sem nefndin segir. Því þótt 9 brauð sè nú liðug, þá eru nú 6 kandídatar útskrifaðir og 3 koma í sumar; svo eru og eptir nokkrir stúdentar frá Bessastöðum, og varaforseti sagði mèr einmitt um daginn, að einn þeirra mundi fara að sækja. Sumir kunna og að sækja um brauð, sem eru í Kaupmannahöfn, og eg veit eigi betur, en að einn hafi sótt áður um brauð hèr á landi. Þegar allt kemur til alls, þá eru eins mörg presta-efni, eins og brauðin, sem laus eru. Sýnist mèr því ekki vera hèr þau vandræði fyrir hendi, að gripa þurfi til neyðarúrræða. Að því er brauðasamsteypuna snertir, þá vil eg ekki ráða til hennar nema brýn nauðsyn beri til. Eg held að menn mætti óska, að sem flestir menntaðir menn væri í landinu. Það hefir verið talað um, að ó-

mögulegt væri fyrir nábúaprestana að þjóna næstu brauðum. En eg held, að ekki sè óhægra fyrir þá að þjóna þeim, en suma presta að þjóna annexíum sínum. Eg vildi spyrja, hvort að frá nokkuru nágranna-prestakalli, væri eins örðugt að þjóna þeim prestaköllum, sem nú eru laus, eins og er að þjóna Múla í Múlasveit frá Flatey, þar eru 3 vikur sjávar í milli, og er það opt illur sjór. Annað er Hóll í Bolungarvík frá Eyri í Skutulsfirði, annexíuvegurinn verður riðinn tvisvar og í hæsta lagi þrisvar á sumri, og verður þó að ganga þriðjung heiðar þeirrar er yfir er farið; á vetrum er leiðin mesta mannhætta; eg hefi farið þar um einu sinni í septembermánuði, og var það þá mesta mannhætta af grjótkasti. Eg vil nú spyrja hvort örðugra sè fyrir nábúaprestana að þjóna þeim brauðum, sem nú eru laus, en fyrir prestana á þeim brauðum, sem eg gat um, að þjóna þessum annexíum. Þá er hið þriðja brauðið Staður og Prestsbakki í Hrútafirði; þar er æði-langt á milli, og þó er enn lengra til hinnar annexíunnar Óspakseyrar í Bitru og torsóttasta leið á vetrum. Eg hefi nú eigi heyrt, að sá prestur, sem þar er, vilji losast við þetta brauð fyrir örðugleika sakir. Að því snertir hina ókomnu presta-eklu, þá hefir þingmaður Borgfirðinga svo ljóslega tekið fram, að hún er eigi á rökum byggð, að eg vona, að allir þingmenn skilji það. Mèr sýnist því þessi reikningur varaforseta vera meiri spá en hitt, að þessi uppástunga eyði menntun í landinu. Ef þessi uppástunga hefir nokkuð að þýða, þá vona eg að varaforseti geti eigi sagt, að hún miði til hins sama og aðrar; því að af 2 samkynja uppástungum geta *Resultötin* orðið mjög ólík. Mèr sýnist breytingaratkvæðin og viðauka-atkvæðin ei hafa hætt úr nefndarálitinu; sýnist mèr því málið svo vaxið, að enga bænarskrá ætti að rita til konungs, og þess vegna ætla eg ekki að gefa atkvæði mitt fyrir neinu, sem er á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Af því hinn háttvirti þingmaður skoraði á mig, vil eg svara honum fáeinum orðum. Eg veit ekki, hvort þingmenn muna, að ræða hans í gær var nokkuð höstug og illhryssingsleg (*Jón Guðmundsson:* Og óforskömmuð á einum stað). Þegar eg sagði, að nefndarálitið hefði þó gjört svo mikið að verkum, að það hefði gjört mýflugu að úlfi, þá var ekki meiningin sú, að þingmaðurinn væri eins lítill og mýfluga, heldur hitt, að þar sem eg þekki þingmanninn að því að vera svo hægur og gæfur, þá furðaði mig á því, að hann skyldi fara í þvílíkan ham; því allir vita, að mýflugan er ósköp gæf og meinlaus. En það var engan

veginn til að gjöra litið úr honum, því eg er ekki vanur að gefa öðrum hnútur, það vona eg þingmenn játi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari álýktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Nefndin, 1. niðurlagsatriði. Við þenna töluliið var fyrst við haft nafnakall, og fèll það þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Ásg. Einarsson.	Br. Jónsson.
B. Pèturssson.	B. Þórðarson.
I. Gíslason.	A. Ólafsson.
J. Guðmundsson.	B. Sveinsson.
J. Pálmason.	G. Brynjúlfsson.
	H. Kr. Friðriksson.
	H. Hálfdánarson.
	H. G. Thordersen.
	J. Hjaltalín.
	St. Eiríksson.
	Sv. Skúlason.

7 þingmenn vildu ekki greiða atkvæði, og heimtuðu þá sumir þingmenn að kalla atkvæði sín aptur, og var því við höfð atkvæðagreiða með kúlum, og var töluliðurinn felldur með 16 atkv. gegn 7.

2. Vara-uppástunga P. Pèturssonar við 1. töluliið, stafliður *a*, felldur með 12 atkv. gegn 9; við það voru stafl. *b* og *c* fallnir.
3. Breytingaratkvæði Gísla Brynjúlfssonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, álitið fallið með 19 atkv. gegn 2.
4. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við sama töluliið, fellt með 17 atkv. gegn 1.
5. Nefndin, 2. niðurlagsatriði, fellt með 15 atkv. gegn 4.
6. Breytingaratkvæði Gísla Brynjúlfssonar og Arnljóts Ólafssonar við 3. niðurlagsatriði nefndarinnar (7. tölul.), fellt frá atkvæðagreiðslu með 11 atkv. gegn 8.
7. og 8., nefndin, 3. og 4. niðurlagsatriði, fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 5. töiul.
9. 10., 11. og 12. töluliðir, felldir frá atkvæðagreiðslu með 16 atkv. gegn 4.

Jón Guðmundsson: Af því eg hefi heyrt, að hinn háttvirti

forseti hafi skorað á nefndirnar í hinum konunglegu frumvörpum, að þær yrðu sem fyrst búnar, og mèr einnig hefir verið sagt, hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður, sem minni hluti í hjúalaganefndinni hafi sagt, að hann hefði ekki fengið álit meiri hlutans fyrr en í gær, þá vil eg taka það fram, að hann þegar 20. júlí þ. á. fèkk fulla vissu og skriflega upptéiknun um það, að hve miklu leyti meiri hlutinn mundi fallast á frumvarp stjórnarinnar. En eg veit ekki hvort mèr hefir verið sagt rètt frá því, sem hinn konungkjörni varaþingmaður á að hafa sagt um þetta hèr á fundi í dag.

Benidikt Sveinsson: Eg tók það fram, að eg hefði ekki fengið álit meiri hlutans fyrr en í gær.

Jón Guðmundsson: Þá vil eg líka taka það fram, að í þeim greinum frumvarpsins, þar sem minni hlutinn að mestu leyti fer í mjög líka stefnu og meiri hlutinn (*Benidikt Sveinsson*): Hvað veit þingmaðurinn um það?) Já, það er að segja, þar sem bæði meiri og minni hluti nefndarinnar vilja hafa fram sömu breytingar á frumvarpinu, þar var minna hlutanum þetta kunnugt fyrir löngu, en þar sem meiri hlutinn þegar 18. júlí var búinn að ráða við sig í hverjum greinum hann fèllist á frumvarpið og afhenti minni hlutanum skriflegt yfirlit þar yfir, þá hefir hann, minni hlutinn, þar haft fyrir sèr hið konunglega frumvarp sem ágreining meiri hlutans, og auk þess, eins og eg tók fram, getað kynnt sèr stefnu meiri hlutans, síðan 20. júlí.

Því næst lèt forseti lesa upp álitsskjal til konungs í málinu *um jarðamatskostnað af prestakallajörðum.*

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 271.

Forseti: Eg ákveð svo fund til þess á morgun á hádegi, og kemur þá til undirbúningsumræðu *læknaskipunarmálið.*

Fundi slitið.

Tuttugasti og fimmti fundur — 6. ágúst.

Allir á fundi.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar skal eg geta þess, að eg hefi samið við hinn fyrrverandi útsölumann þingtíðindanna, Einar kaupmann Bjarnason, um að halda útsölunni áfram, með sömu skilmálum, og hefir hann tekizt það á hendur; hann gat þess og við mig, að hann mundi gjöra skilagrein fyrir útsölu

hinna síðustu tíðinda, sem mundi verða lögð fram fyrir þingið, áður en því yrði lokið.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort hann ekki ætli við þetta tækifæri að tala um, hvernig hinni dönsku þýðingu tíðindanna verði hagað?

Forseti: Eg hefi ritað konungsfulltrúa brèf um þetta og skýrt frá, að af því hið allrahæsta leyfi, að ekki þyrfti að senda danska þýðing þingbókarinnar, sè bundið skilyrðum, sem alþingið í bænarskrá sinni til konungs, um að numin yrði úr lögum síðasta málsgrein 43. greinar alþingistilskipunarinnar, og forset í brèfi sínu til stjórnarherrans, hafi viljað komast hjá, þá hafi emhættismenn þingsins komið sèr saman um ekki að nota það að þessu sinni. Og hefi eg þegar látið byrja á hinni dönsku útleggingu.

Konungsfulltrúi: Eg má biðja hið heiðraða þing velvirðingar á því, að eg ekki fyrr en nú hefi skýrt því frá þeim ástæðum, sem rèðu því hjá stjórninni, að hún ekki gat aðhyllzt bænarskrá alþingis frá seinasta þingi um, að föstum kaupmönnum yrði leyft, að verzla á skipum á Lambhússundi, og tekur þá hlutaðeigandi stjórnarherra í þessu tilliti fram, að hann fallizt á þær athugasemdir, sem konungsfulltrúi hafði borið fram, en þær voru þær sömu, sem áður hafa verið teknar fram hèr á þingum, þegar rætt hefir verið um þetta mál, og sem eg tók fram á seinasta þingi, nefnilega að það væri ísjárvert að fjölga kauptúnum, nema brýn nauðsyn bæri til þess, að flutningsleyfið dragi mikið úr þeim umkvörtuðu erfiðleikum Borgfirðinga, að vegalengdin einar 3 mílur væri ekki fjarska mikil og loks að skipakostur væri mikill á Akranesi, þegar sjóveg þyrfti að fara, en úr efri hluta sýslunnar færu flestir landveg til Reykjavíkur og sumir líka til Borðeyrar, sem væri viðlíka að vegalengd; en þar að auki tekur stjórnarherrann fram, að það hafi áður optar en einu sinni verið veitt föstum kaupmönnum í Reykjavík sèrstakt leyfi til þess, að sigla upp Krossvík á Akranesi, sem liggi rètt við Lambhússund; en eptir að það með opnu brèfi frá 19. maí 1854 hafi verið leyft þeim föstu kaupmönnum, að sigla upp strendur landsins fyrir utan þá löggiltu verzlunarstaði, og að selja þar þær helztu nauðsynjavörur hafa ekki virzt ástæða til að endurnýja það umgetna sèrstaklega leyfi, og að því leyti alþingi þar næst hafi tekið fram, að það mætti álítast æskilegt að leyfi það, sem veitt er í opnu brèfi frá 19. maí 1854 til vöruflutninga m. m., yrði rýmkað þannig, að þeim föstu kaupmönnum

væri heimilt að selja frá skipi alls konar vörur, hvar sem væri, enda þó þingið að þessu sinni hafi ekki farið lengra, en að biðja um þessa rýmkun fyrir Lumbhússund, þá beri að athuga í þessu tilliti, að alþingið, eptir hvers tillögum opna brèfið á sínum tíma sè komið út, hljóti að álítast að hafa fundið agnúa af því, að leyft yrði að sigla upp strendur landsins hvar sem væri til verzlunar með alls konar vörur, ekki einungis af þeirri ástæðu, sem bent sè á í þeirri nú innsendu bænarskrá, nefnilega að innbúunum verði flutt allt of mikið af munaðarvörum, heldur og vegna þess, að það gæti orðið sjálfum verzlunárstöðunum til niðurdreps, ef leyft yrði að sigla upp og verzla á hverri vík og firði, eins og líka mætti óttast fyrir því, að slíkt fyrirkomulag mundi leiða til margs konar óreglu, þegar enginn lögreglustjóri væri nálægur; og þegar þinglö í þeirri bænarskrá, sem það nú hafi sent, hafi farið í aðra stefnu, þá hafi það ekki stóð í þingræðunum, en hvað sem því svo líði, sè þetta spursmál svo þýðingarmikið fyrir hina íslenzku verzlun, að ekki eigi að ráða því til lykta, fyrr en búið sè ítarlega að yfirvega allar þaraðlútandi kringumstæður, og búið sè að bera sig saman um það við alþingið, en hèr af leiði aptur, að menn eigi ekki nema yfirgnæfandi ástæður sèu fyrir hendi, að gjöra undatekningar frá því umgetna lagaboði, og þessar ástæður sèu, eins og konungsfulltrúinn hafi sýnt fram á, naumast hèr til staðar. Loks tekur stjórnarherrann fram, að ef Straumfjörður verði löggiltur sem verzlunarstaður, hverfi að miklu leyti sú hvöt eða hliðsjón, sem menn áður höfðu til þess atriðis, að innbúar Mýrasýslu gætu haft hag af uppsiglingu Krossvíkur til verzlunar, er þeir með því fyrirkomulagi gætu verzlað þar í staðinn fyrir að sækja til Reykjavíkur.

Eg leyfi mèr að vona, þó þessar upplýsingar komi seint, og ef til vill seinna en skyldi, að það ekki geti haft nein veruleg áhrif á meðferð málsins í þinginu. Málið hefir svo opt verið rætt hèr á þingi og allt verið tekið fram sem með því er og móti, enda lúta ástæður stjórnariunar ekki beinlínis að kaupstaðar stofnun, sem nú er beðið um, heldur að bænarskrá þingsins, sem fer í aðra stefnu.

Framsögumaður: Eg vona að hinn háttvirti konungsfulltrúi láti nefndinni skjalið í tè, eptir því heiti, sem bann gjörði í gær.

Konungsfulltrúi: Það er sjálfsagt, að eg skal gjöra það nú þegar.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit í læknamálinu.

Málið var afhent framsögumanni og las hann nefndarálitið svo látandi:

Samanber fyrri parti alþingistíðindanna bls. 273.

Framsögumaður: (*Jón Hjaltalín*). Eg skal að svo stöddu ekki fara mörgum orðum um málið, en vona einungis að þingmenn taki því vel, samkvæmt því, sem það að undanförnu hefir gjört.

Indriði Gíslason: Eg get ekki fellt mig við 1. atriðið, því hvað þessa 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum snertir, þá virðist mèr beinast liggja við, að farið sè gegnum stiptamtmanninn til stjórnarinnar; en fari menn til þingsins, þá er það ekki annað en klögun yfir amtmönnunum, og eg man svo langt, að þetta hefði verið kölluð klögun á þinginu 1859, og einstakra umkvörtun, þegar bænarskráin frá Kollabúðafundi var felld einungis þess vegna, þar sem þó að það var allsherjar velferðarmál, og frá einum hinum fjölmennasta fundi. Viðvíkjandi nr. 2, þá hefði eg fúsastur manna gefið því atkvæði mitt, ef það hefði gengið út á það, að læknaskóli og spítali kæmist hèr á, því þá væri þingið sjálfu sèr samkvæmt eins og það hefir tekið í málið frá upphafi, að undanteknu 1861, einkum ef menn litu til þess ef gufuskipsferðirnar kæmust á. En hèr er öðru máli að gegna, hvað nefndarálitið snertir, hèr er einungis eins og vant er klipið út úr aðalmálinu og gjörð óvera úr því öllu saman. Ef þetta á að gjöra landsmönnum nokkurt gagn, þá er það læknaskóli samsvarandi spítala, en þetta sem nefndarálitið fer fram á, nægir ekki öllum landsmönnum; en landsmenn hafa eins mikla þörf á því að læknum fjölgi, eins og spítali sè stofnaður í Reykjavík. Mèr hafði dottið í hug að taka mèr breytingaratkvæði í þessa átt, en eg ætla að bíða með það þangað til eg hefi heyrt meir rætt um málið. Um 3. atriðið ætla eg ekki að tala. En um það 4. get eg ekki vel dæmt; eg hefði haldið, að hinn 5. konungkjörni þingmaður fyrrum hefði ei verið því svo meðmæltur, sem svo mikið hefir ætíð haldið upp á það, að læknakennslan væri sem innlendust. Um 5. og 6. atriðin ætla eg ekki að tala, og hvorki lofa það nè lasta.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að víkja fáum orðum að því sem stendur í 1. atriðinu; mèr er kunnugur úrskurðurinn frá 23. ágúst 1848 og meining þingsins 1847, þegar rætt var um þetta atriði

nefnilega að leyft skyldi vera að taka 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði handa landlækninum og hèraðslæknum þeim, sem kenndu mönnum læknisfræði, svo þeir gætu orðið aðstoðarlæknar; en af því leyfi þetta hefir ekki verið veitt, og læknar ekki krafizt þessa, get eg því ekki sèð, að jafnaðarsjóðirnir í hinum umdæmunum standi í skuld fyrir þessú til læknakennslunnar hèrna núna, þar eð enginn hefir lært þaðan; eg held, og að þetta sè ekki tekið eins strangt fram í úrskurðinum frá 31. ágúst 1860 og í nefndarálitinu stendur; um þetta vildi eg óska upplýsingar hjá framsögumanni; það verður heldur ekki sèð af stjórnarherrabrèfinu, hvernig í því liggi, að það megi krefjast, að það sem áfallið sè verði borgað, en til þess þyrfti nýja ákvörðun; það er auðvitað, að hefðu menn úr hinum ömtunum lært hjá landlækninum og orðið læknar í þeim, þá er það mikið sanngjarnt, að þetta fè hefði greiðzt; þetta hefir ekki verið tekið fram af hinum háttvirta framsögumanni, en það verður hann þó að gjöra, áður en eg get fallizt á uppástungu hans í þessu atriði. Eg ætla ekki að sinni að tala mikið um hinar aðrar uppástungur, að læknar eigi þurfi að senda brèf sín og skýrslur gegnum amtmennina til stjórnarinnar, þá finnst mèr þetta felli sig sjálft við það sem sagt er í nefndarálitinu, að skýrslurnar skuli ganga beint til stjórnarherrans; en þá er eðlilegasti gangurinn, að þær gangi gegnum amtmann, og hitt gæti orðið til tímatafar einkum þegar stjórnin, eins og opt ber að, þyrfti að bera málið undir amtmennina, einkum þegar um fjártillag er að ræða. Nefndin tekur það fram í áliti sínu, að landið hafi mikið gagn af spítala í Reykjavík, og leggur mesta áherzlunn á það; en þó nokkrir kynni að fara á þenna spítala af landinu, legg eg mesta áherzluna á það, að jafnframt kæmist á læknaskóli í Reykjavík, sem kenndi læknaefnum, því þá gæti allt landið haft gagn af honum, nefnilega af því hann yrði til svo mikilla nota fyrir lækna-efnin; að þessu er meira gagn fyrir allt landið yfirhöfuð; eg segi þetta ekki af því, að eg vilji brjóta spitalahugmyndina niður, en eg álít það vera aðalatriðið að koma upp læknaskóla. Viðvíkjandi 4. atriðinu get eg ekki sagt mikið, en það er hægra fyrir þá, sem þekkja þessa sjóði til kennslustofnana; en svo æskilegt sem atriði þetta kann að vera, ef menn gætu komið því fram, mun það þurfa að hugsa vandlega áður.

H. Kr. Friðriksson: Eg stend nú ekki upp til að rífa þetta nefndarálit niður, heldur til að styrkja það, því það miðar til að

þoka þessu fyrir land og lýð svo mikils umvarðandi máli áfram. Eg er enn á sama máli og eg var 1861, og bezt hefði mèr þótt, að beðið hefði verið um læknaskóla, en eg vil nú ekki halda því fast fram, en vil nú heldur styðja hinn háttvirta vin minn og framsögumann eptir því sem mèr er unnt í þessu máli. Eg vil því styrkja 2. atriðið, með því líka, að ef það fæst, þá geta menn sagt að lækna kennslan sè komin á fastan fót, en enn er það ekki svo, því það er engin bein lagaskylda fyrir landlækninn að kenna læknisfræði; en þegar hèr er settur fastur kennari og spítali um leið, þá er komin á föst lækna kennsla. Að því er orðið »landsspítali« snertir, þá kann eg ekki við það; það er eins og það sè til aðgreiningar frá öðrum spítölum, sem kynni að verða stofnaðir; eg vil því fella orðið »lands« burtu. Eg hefði og kunnað betur við, að uppástungan hefði verið orðuð í þá átt, að landlækninum væri gjört að skyldu að kenna, því þetta liggur ekki i úrskurðinum frá 12. september 1862; það er einungis leyfi til að verja nokkru fè af spítalafènu til borgunar læknakennslu, því að stjórnin gat eigi ætlazt til, að landlæknirinn kenni borgunarlaust; þetta þarf því að taka ljósar fram, og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá átt. Eg vil og geta þess, að eg vil ráða til, að 1. uppástungu-atriði nefndarinnar verði sett sem nr. 2, en 2. atriði sem nr. 1, því að 2. tölul. er aðalatriðið. Að því er úrskurðinn 1860 snertir, þá skil eg hann svo, að amtmennirnir sèu skyldugir að leggja fèð til af jafnaðarsjóðunum, þegar kennt væri, og ef það er eigi, þá vildi eg að það væri tekið hreint og beint fram, að þeir væru skyldugir til þess, hvort nokkur piltur lærði læknisfræði úr hinum ömtunum eða ekki, því það gjörir minna til; landið getur eins síðar meir notið gagns af þeim; það hafa og menn úr hinum ömtunum boðizt til að læra, og nú sem stendur er 1 úr vesturamtinu að lesa læknisfræði hjá landlækninum. Að því er snertir 3. atriðið, þá álít eg það vera nauðsynlegt, til þess að spítalinn verði í lagi. 4. atriðið ætti að fella, því þessir menntasjóðir eru stofnaðir í vissum tilgangi, og stjórnin hefir ekki beinlínis ráð yfir þeim, og getur því ekki veitt neinn styrk úr þeim. En eg held að hèr sè önnur bót í máli; þegar einn væri búinn að nema, þá mætti sækja um styrk fyrir hann t. a. m. af þeim 4000 rd. sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi, þegar meðfylgdi meðmæling landlæknis og stiptsyfirvaldanna; eg er viss um að þetta mundi fást hjá stjórninni; eg veit það um sjálfan mig, að eg í fyrra sumar fèkk hjá

henni styrk til að ferðast af þessum peningum. Að því er snertir 5. atriðið, þá ætla eg lítið að tala um það; en eg er þó hræddur um, að það fái ekki áheyrslu hjá stjórninni; það getur nú verið að lækninum þyki meðmæli yfirvaldanna með uppástungum sínum ekki jafnan svo góð, sem þau vera ættu, en eg er hræddur um, að ef til fjárútláta kemur, þá held eg að stjórnin muni verða að senda þess konar mál til amtmannanna. 6, atriðið álít eg gott, því við það fá þeir læknar sem settir eru ráð til að styrkja meðhjálpara sína. En mèr finnst að hèr vanta eina uppástungu, nefnilega að biðja stjórnina um, að betri tilhögun verði höfð á spítalatekjunum; eg er enn, eins og eg hef verið, sannfærður um, að þessu má koma haganlegar fyrir en er, og þetta er þeim mun nauðsynlegra, sem þessi stofnun heimtar svo mikið fè. Eg ætla mèr því að áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa átt.

Sveinn Skúlason: Eg stend nú nokkuð snemma upp, og þó er það á móti reglunni að eg standi upp á eptir þingmanni Strandasýslu; og eg verð líka á eptir þingmanni Reykvíkinga þó eg gjarna vildi vera á undan honum, því nú sýnist mèr tíminn vera til að biðja um læknaskólann eins og hann hèlt svo fast fram í hitt eð fyrra, og væri ástæða til að taka það atriði upp, ef hann sleppir því. Eg vil byrja á því, að »gratulera» hinum háttvirta framsögumanni með því, hvað vel honum hefir tekizt að koma fram sínu máli í nefndinni, því niðurlagsatriði nefndarálitsins eru hèr um bil hin sömu og voru í uppástungu hans, sem hann kom fram með hèr á þingi. Hvað fyrsta atriðinu viðvíkur, þá er duglega sett ofau í við amtmennina fyrir norðan og vestan, og ráðið til að þeim sè tafarlaust skipað að borga þetta fè; þetta álít eg vera órètt af nefndinni, og í þessu tilliti er nefndarálitið ekki á rökum byggt. Eg áskil mèr því hèr breytingaratkvæði við þetta atriði. Þingmaður Reykvíkinga tók að nokkru leyti það fram um 2. atriði, sem eg vildi; því eptir því lítur út, sem spítalinn í Reykjavík gleipti allt undir sig, og vildi ná öllu fènu til sín; eg fellst því á, að orðinu »landspítali« verði breytt í »spítali«; hèr er líka breytt gamalli reglu, sem þingið ávait hefir fylgt, nefnilega þeirri, að læknasjóðurinn ekki borgi nein læknalaun, heldur sè það ríkissjóðurinn. 3. atriðið álít eg nauðsynlegt, en vil gjöra viðauka við það, sem flýtur beinlínis af uppástungu þingsins 1859, nefnilega þegar það heimtaði að reikningar opinberra sjóða, væru opinberlega auglýstir; þetta álít eg vera fullkomlega nauðsynlegt, því eg vil að í þessu tilliti sèu gjörðir skil-

vísir reikningar. Menn heyra líka kynlegar sögur í þessn efni; þannig er sagt, að fyrir eina menntastofnun hèr hafi verið keyptir rúmir 20 árgangar af »Föðurlandinu«, og ef þess konar yrði opinbert, mundi stjórnin, sem fèð veitir, ekki lengur láta slíkt við gangast; getur því verið, að eg samkvæmt þessu taki mèr viðauka-atkvæði. Þingmaður Reykvíkinga vildi fella 4. atriðið, af því hann hèlt að fè ekki mundi geta fengizt úr þessum menntasjóðum; en eg er ekki á þessu, eg ímynda mèr að fèð geti fengizt, og að stjórnin muni líta á þarfir vorar og veita það; en hèr verð eg að taka mèr breytingaratkvæði, því mèr finnst það alveg óhafandi, að þeir sem hafa útskrifast með beztu einkunn, og síðan hafa praktiserað og reist bú, skuli rífa sig upp frá búi sínu og fara til útlanda í þessu skyni. Eg vil að þeir fari strax nýbakaðir frá examensborðinu.

5. atriðið álít eg óhafandi; mèr þykir það merkilegt, að framsögumaður, jafnfrjálslyndur maður, skuli vilja draga allt eptirlit með læknamálum út úr landinu, og setja allt undir danska stjórnarráðið, eða með öðrum orðum, gjöra sig að Dictator, en láta yfirvöldin hèr þegja í þessum efnum.

6. atriðið álít eg gott fyrir mig og mína líka; því hverjir eru þessir *þeir?* Eptir þessu má taka hvern ólærðan mann, það er ekkert talað um, hvort þeir eiga að kunna nokkuð eða ekkert. Eg ætla því í þessu tilliti að áskilja mèr breytingaratkvæði.

Jón Pálmason: Þó eg sè meðmæltur læknaskipunarmálinu yfirhöfuð og vilji hlynna að því, að betra fyrirkomulag gæti á komizt bæði með læknakennsla og spítalastofnun heldur en nú er, því það er sannarlega þörf á því, og verð að álíta það æskilegt, að spítali komizt hèr á í Reykjavík, þá finnst mèr það samt vera nokkuð óviðkunnanlegt, að vextir spítalasjóðanna í Norður- og Vesturömtunum renni hingað inn í spítalann í Reykjavík; ef menn renna nokkrum grun fram í ókomnu tímana, og jafnvel líta á nærverandi ástand, þá verð eg ekki síður að álíta þörf á spítala fyrir norðan t. a. m. á Akureyri, því þar yrði mikið hægra fyrir norðlendinga að nota hann heldur en koma sjúklingum hingað til Reykjavíkur, sem opt er erfitt að flytja langar leiðir. Eg get því ekki fallizt á þetta nefndarálit eins og það er, en áskil mèr því breytingaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar 2. tölulið, í nokkuð líka átt og þingmaður Reykvíkinga, að orðið »lands» falli burtu, og orðin »hèr á landi», en komi í staðinn, verði stofnaður spítali hèr í Reykjavík,

og eg áskil mèr breytingar eða viðauka-atkvæði fyrir því. að stofnaður verði spítali á Asureyri svo fljótt sem því verður við komið. En eg geymi mèr rètt til að orða þetta nákvæmar síðar og bera fram breytingaratkvæði í líka stefnu sem eg hefi talað um.

Jón Sigurðsson: Eg er einn af þeim, sem vil feginn hlynna að hinni innlendu læknakennslu, og styðja að því hún geti orðið sem fullkomnust, og því mundi eg hafa orðið fyrstur til, að gefa þessum nefndar uppástungum, sem hèr liggja fyrir, meðmæli mitt, ef eg hefði sèð þær miðuðu beinlínis til þessa, en það held eg ekki sè, eða að minnsta kosti stefna þær í nokkuð öfuga átt. Mèr finnst að aðalatriðið í þessu máll sè, að gjöra hina innlendu læknakennslu sem fullkomnasta og tryggasta, en það er fjarri að svo sè, hvorki með því fyrirkomulagi, sem nú er á læknakennslunni, nè heldur þó nefndaruppástungurnar fengi framgang. Það hefir verið sagt, að málið væri að færast í þetta horf, með því að landlæknirinn hefði fengið leyfi til að kenna læknisfræði, og það getur verið að þetta sè betri byrjun en engin, en með þessu fyrirkomulagi er þó engin trygging fengin fyrir því, að læknakennsla verði stöðug, eða langvinn hèr í Reykjavík, því þegar allt er bundið svona við einn mann, eða eina persónu, nefnilega landlæknirinn, þá sjá allir hvað ónóg og ófullkomið slíkt fyrirkomulag er, þó sá maður sem nú gegnir landlæknisembættinu, sè þessu máli velviljaður, og leggi alla stund á að kenna læknisfræði, þá er þó valt að binda þessa læknakennslu einasta við hann, því hann er þó dauðlegur eins og aðrir menn, og getur þegar minnst varir verið horfinn okkur, auk þess sem heilsubrestur, elliburðir og fleira, geta á skömmum tíma gjört hann óhæfan til að gegna köllun sinni, og hvað tekur þá við? Hver getur ábyrgzt, að næsti landlæknir vilji taka að sèr kennslu í læknisfræði, þegar engin skylda hvílir á honum í því efni? Því eg get ekki skilið konungsúrskurðinn frá 12. ágúst 1862 öðruvísi en svo, að hann gefi að eins leyfi til læknakennslu, en innihaldi alls enga skipun í því efni; og þó menn nú stingi upp á, að sú skylda hvíldi á landlæknisembættinu, að veita kennslu í læknisfræði, þá efast eg um að stjórnin aðhylltist þá uppástungu, enda væri það ósanngjarnt í alla staði, að leggja landlækninum þá byrði á herðar, sem hefir svo erfiðu og vandasömu embætti að gegna, eins og landlæknisembættið er.

Hvað þá niðurlagsatriðum nefndarinnar viðvíkur, þá get eg með engu móti fallizt á það, sem 1. uppástungan fer fram á, að

þeir 200 rd. sem eptir konungsúrskurðinum frá 23. ágúst 1848, áttu að greiðast úr jafnaðarsjóði hvers amts til kennslu handa aðstoðarlæknum, verði tafarlaust lagðir til læknakennslunnar í Reykjavík, því þegar kennslan er nú svona öfug og ótrygg, eins og eg hef bent á, þá er það næsta ísjárvert að heimta þetta fè hingað, og þannig svipta hèraðslækna því tækifæri sem þeir hafa eptir konungsúrskurðinum til að kenna læknisfræði. Og ef nú svo færi, að kennsla hjá landlækni hætti um lengri eða skemmri tíma, hvert vit er þá í því, að fleygja þessu fè hingað. Annað mál er það, að ef hèr kæmist á læknaskóli, með fastri og stöðugri kennslu, svo landsmenn hefði hèr um bil vissu fyrir, að næg lækna-efni fengjust, þá væri máske ástæða til, að leggja þessa peninga hingað. Sama er að segja um 2. niðurlagsatriðið; eg get ekki fallizt á, að öllum spítölum landsins sè steypt saman í einn spítala hèr í Reykjavík, *á meðan* læknakennslan er í því horfi sem hún er nú; mèr sýnist líka að nefndaruppástungurnar stefni í öfuga átt, þar sem þær leggja alla áherzluna á spítalastofnunina, þar sem nefndin hefði átt sem mest að hlynna að læknakennslunni. Að vísu er gjört ráð fyrir að spítalalæknirinn aðstoði landlæknirinn við læknakennsluna, og mun þetta eiga að heita nokkur bót, en þegar þetta allt á að bindast við landlæknirinn og leyfi það sem hann hefir til að kenna læknisfræði, þá liggur í augum uppi, hvað valt þetta er og ótryggt í alla staði. Til að bæta úr þessu, og ef mögulegt væri, beina málinu í rèttara horf, vil eg taka mèr rètt til breytingaratkvæðis við 2. niðurlagsatriðið í þá stefnu, að stofnaður verði spítali í Reykjavík, með 1—2 föstum læknum við, sem hafi á hendi kennslu í læknisfræði; og að landlæknirinn kenni þar einnig nokkra tíma í viku eptir kringumstæðum. Fengist þetta, ætla eg að málinu væri hrundið áfram í rètta stefnu um eitt fet; og af því eg álít að þetta sè aðalspursmálið, þá vil eg að þetta breytingaratkvæði setjist á undan uppástungum nefndarinnar, og að 1. niðurlagsatriði hennar hnýtist þar aptan við, ef mönnum sýnist að hafa það. Sumir þingmenn hafa mælt á móti 3. og 4. atriðinu, en það gjöri eg ekki; mèr finnst sjálfsagt, að eitthvað þurfi til áhalda og bókakaupa handa lækna-efnum, og ætla eg að 200 rd. sè helzt til lítið. Sama er um það, að það mundi ákjósanlegt, að læknaefnin fengi styrk til að ganga á spítala erlendis um lengri eða skemmri tíma; en eg skil ekki vel, hvað nefndin meinar með þessu, að þeir einir skuli fá slíkan styrk, sem sè reyndir að dugnaði og árvekni. Á þessi dugn-

aður að koma fram í embættisstörfum, eða í bóknáminu við læknaskólann? (Einhver þingmanna: Sjálfsagt í embættinu). Þá verð eg að vera uppástungunni alveg mótfallinn, því það er óhugsandi, að læknir sem hefir sett sig niður í einhverju héraði, og hefir máske erfiðu embætti að gegna, geti tekið sig upp og verið svo og svo lengi frá embætti sínu. En hitt vildi eg styðja, að stúdentar sem skörnuðu fram úr öðrum á læknaskólanum, gætu haft von um styrk til þessara utanlandsferða. Um 5. niðurlagsatriðið hefir nóg verið talað, og er eg þeim samþykkur sem vilja fella það, því eg sè ekkert á móti, að læknamál heyri undir háyfirvöld landsins, eins og hver önnur mál, og þegar nú von er bráðum á stjórnarbreytingu, þá sýnist mèr óþarfi að hreifa þessu máli að sinni. 6. atriðinu er eg alveg meðmæltur, því mèr finnst allt mæli með því, að þeir menn sem settir eru til að gegna læknisembættunum, um lengri eða skemmri tíma, fái full laun. Það vita allir, að laun lækna eru lítil í samanburði við annara embættismanna, en embættin erfið, og því skyldi þá eiga að klípa af laununum; þess veit eg engin dæmi, að ólærðir menn, eða jafnvel bændur, sè settir í læknisembætti, eins og einn þingmanna sagði, en það getur verið, að vegna læknafæðarinnar hafi menn neyðzt til að setja þá menn í embættin, sem ekki hafa náð embættisprófi. Eg vil tilfæra hèr eitt dæmi, sem lítur að þessu. Héraðslæknirinn á Akureyri er settur til að gegna læknisembættinu í Múlasýslum, sem laust hefir verið um nokkur ár; nú hefir hann tekið sèr aðstoðarlæknir og látið hann vera þar eystra, til að sjá um embættið; er svo sagt hann gegni þeirri köllun með trúmennsku, og hafi orðið mörgum að góðu liði. En hvað fær hann svo í laun? Eg trúi læknir Finsen fái hálf læknislaunin, og mun það vera 250 til 300 dalir; nú gjörl eg ráð fyrir, að aðstoðarlæknirinn fái helminginn af þessu, eða rúma 100 dali. Hver getur nú heimtað, að hann með slíkum launum gegni köllun sinni rækilega? og hversu laklega er hèr ekki sèð fyrir velferð almennings. Það hlýtur því að vera einkar áríðandi, að fá því til vegar komið, að settir læknar fái hin fullu læknislaun, þegar þeir á annað borð álítast hæfir til að standa í þeirri stöðu.

Arnljótur Ólafsson: Aðalatriðið er fólgið í 2. og 3. uppástungunni, því þar er talað um læknaskóla og spítala, og skal eg því að eins tala um þær. Mèr þykir þær ekki alveg svo ljósar, að eg viti hverju þar er farið fram; 2. uppástungan er að vísu glögg í því tilliti, að hún til tekur að setja skuli spítala með föstum kenn-

ara sem hafa skuli 300 rd. þóknun fyrir kennslu og 600 rd. sem spítalalæknir. Þetta er nú glöggt. En mèr þykir það að, að eptir nefndarálitinu verður kostnaðurinn svo mikill, að hann gleipir alla vexti spítalasjóðanna. Allar tekjurnar af sjóðunum eru 2685 rd., bæði af spítalahlutunum, innstæðunni og jörðunum, og útgjöldin eru gjörð jöfn þessum tekjum. Ef þetta er svo, þá er búið að kippa alveg öllum vexti úr spítalasjóðnum svo hann ekki getur vaxið framar, og ekki verður möglegt að koma upp spítala annarstaðar, ef þetta fær framgang. Þetta álít eg ekki tiltækilegt, því spítalasjóðirnir eiga fyrst að leggjast til spítala og síðan til læknaskóla. Um reikningana þá vil eg vekja athygli manna að því hve valtir þeir eru. Leiguna af innstæðunni getum vèr fundið, því við þekkjum hana; sömuleiðis þekkjum við afgjald jarðanna; en þessu er öðruvísi varið með spítalahlutina. Til þess nú að fá upplýsingu í þessu efni ímynda eg mèr að bezt sè að taka meðaltalið af 5 eður þó öllu heldur, 10 árum. Eg vil einungis benda til þess, hvort ekki væri rèttast, að þingið færi sömu götu og seinast, það er að segja halda hægum en föstum fetum fram á leið, og biðja því nú að eins um að spítali verði stofnaður í Reykjavík, sem standi undir landlækninum, fyrir Suðuramtið af fè Kaldaðarness- og Hörgslandsspítala. Fyrir þetta fè má fá nógu góðan spítala. Með kennslu þeirri, sem nú er, og spítala í tilbót get eg ekki betur sèð en að málið væri komið í dágott horf eptir því sem gjöra er, en aptur væri á hinn bóginn það unnið, að menn slægi eigi slagbrand fyrir, að spítalasjóðirnir gætu vaxið, og að allir fjórðungar landsins hefði jafngott af þeim, eptir því sem tala rennur til.

Stefán Jónsson: Eg veit að hinn háttvirti framsögumaður hefir einlægt haft mikinn áhuga á þessu máli, og það sem því hefir miðað áfram er áhuga hans að þakka. En með mínum bezta vilja get eg samt ekki fallizt á 1. og 2. tölulið, í niðurlagi nefndarálitsins, og skal eg nú þó ekki fara mörgum orðum um það, og hvað 1. tölul. snertir skal eg einungis skýrskota til þess sem sagt hefir verið af þingmanni Strandasýslu og þingmönnum úr Norður- og Suður-Þingeyjarsýslum. Eg get ekki sèð að brotið hafi verið á móti úrskurðinum sem hèr ræðir um, en ef þetta uppástungu-atriði fær atkvæði þingsins, þá vil eg þó sleppa síðasta orðinu burtu og þar um tek eg breytingaratkvæði, og þá yrði hitt sem eptir er ekki til annars en að skerpa úrskurðinn, sem þó er engin þörf. Eg verð að segja það að eg veit ekki betur en að þetta fè hafi verið ætl-

að til nota norðurumdæminn, þó fènu hafi ekki verið öllu eytt. Þá kemur nú 2. tölul.; mèr þykir hann grípa yfir of mikið, þar sem mèr finnst hann grípa inn í hinn litla spítalasjóð norðurumdæmisins, en mèr finnst sanngjarnt að norðurumdæmið fái að njóta hans; það er áður búið nóg að seilast inn í norðurland því til skaða, sem eg ekki skal tala meira um, því það liggur ekki fyrir nú, en eg ætla einungis að gjöra það viðauka-atkvæði við 2. tölulið, að spítali verði einnig settur á Akureyri svo fljótt sem auðið er, en ekki tiltaka neinn vissan tíma, eg vil heldur falla fyrir atkvæðum þingsins, ef svo tekst til, en láta þessa ógetið. Á Akureyri koma margir sjúklingar, og er nauðsynlegt, að þar væri sjúkrahús, svo að þeir sem koma þangað til lækninga gætu lagzt þar inn, því þar er mjög erfitt að fá húsnæði handa öllum sjúklingum sem þangað leita læknishjálpar.

Svo vildi eg minnast á 6. tölulið, því 3., 4. og 5. ætla eg ekki að tala neitt um. Það er víst, að það mælir margt fram með honum. Það eru vandræði fyrir menn, sem eru settir í læknaembætti, og sem ekki hafa það nema vissan tíma, ef þeir ekki hafa fengið embættispróf, og sèr í lagi ef fátækir eru, að hafa ekki nema ½ læknalaunin; þeir þurfa að búa sig út með meðöl og kaupa þau fyrir fram, þar sem þeir ekki hafa lyfjabúð nálægt, það er erfitt fyrir fátæka menn, og þeir geta ekki staðið vel í stöðu sinni, ef þeir eru fèlausir, og launin yrðu þá naumast til að forsorga þá, ef þeir ekki hefði nema ½ læknalaunin, en það er allt öðru máli að gegna þegar hèraðslæknir setur sjálfum sèr aðstoðarlækni í því hèraði sem hann ekki sjálfur til nær, því þá getur þetta farið eptir samningi. Á hinn bóginn er það líka aðgætandi, að þegar maður langt frá er settur til að hafa umsjón og eptirlit með hinum setta lækni, þá er ekki við því að búast, að hann vilji gjöra það fyrir ekki neitt, og ekki ætlandi að hann kauplaust vilji ferðast langar leiðir. Þannig má tala margt með og móti þessu 6. niðurlagsatriði. Eins ef að hinn setti læknir hefði öll launin þá ætti hann að hafa alla ábyrgð og engin eptirlit væri þá öðrum falin á hendur, en það yrði þá að vera komið undir hinum setta manni. Þetta getur því komið í bága hvað við annað. Eg vildi feginn styðja að því, að læknaskóli og spítali kæmist á í Reykjavík, en ekki með því móti að öllum tekjum spítalasjóðanna sè varið til þess, enda held eg minna nægi. Eg vona að hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga verði með mèr í því að andæfa móti því, að Möðrufellsspítala verði eytt upp á þenna hátt.

Framsögumaður: Það hefir nú dunið býsna mikið yfir nefndarálitið, og það er komið í svo margar smápjöllur, að eg veit ekki hvort mèr er auðið að sauma það saman, að minnsta kosti þarf sterkan tvinna til að sauma það saman með. Mèr getur ekki annað fundizt, en að andinn í ræðum þingmanna sè nokkuð skrítinn. Í öðru orðinu koma kvartanir frá austri, vestri, suðri og norðri yfir læknaleysi, en þegar til kemur, já þá hvað? Þegar þingmaður Dalamanna stóð upp, bjóst eg ekki við góðu, því meðan eg var að lesa upp nefndarálitið hvítnaði hann ýmist eða roðnaði í andliti, og það er aldrei góðs viti. Hann sagði, að það hefði verið klipið út úr aðalmálinu, og að þetta sem fengið væri, eða kennslan hjá landlækninum hefði ekki á sèr traust landsmanna. Það er illt að berjast fyrir því, sem ekki hefir traust á sèr, en það segir gamalt máltæki, að það sè bezt að ætla allt gott þangað til það reynist að vera öðruvísi. Það er bezt að láta reynsluna tala, hún er ætíð ólýgnust. Svo kom hann með það, að hann vildi hafa læknaskóla; það getur nú verið að læknaskóli geti dregizt til 1867 eða jafnvel 1877. Það er skrítið að vera allt af að klifa á blessuðum orðunum. Lagaskólinn er nú búinn að standa í huga manna í 10 ár og stendur kann ske á sama stað í 10 ár til, en læknaskólinn hefir verið undir kúr í 17 ár. Það er skrítið að vera að hanga í og klifa á þessum orðum án þess að útskýra, hvað maður meinar með þeim. Þó eg nú vildi laga mig eptir þinginu og biðja stjórnina um læknaskóla, þá yrði eg annaðhvort að senda stjórninni uppástungur um fyrirkomulag hans, eða biðja stjórnina að kveða á um það, og á þessu yrði dráttur.

Það lítur svo út sem 1. niðurlagsatriðið hafi gjört, illa verkun á hann og fleiri. Þeir sögðu það liti út sem klögun yfir amtmönnunum. Þetta getur vel verið, en eg hèlt ekki að þingið vildi að lögin væri fótum troðin, og vildi sýna æru sína í því að halda verndarhendi yfir gildandi lögum. Í konungkúrskurðinum stendur að nota eigi þessa 200 rd. til læknakennslu, en það á þá að vera til einhvers gagns, og þegar nú stjórnin heldur að það sè til einhvers gagns, að fèð gangi hingað, þá ætti þingið að styðja það, en þó litur svo út sem þingmenn heldur vilji láta peningana liggja gagnslausa fyrir norðan eða vestan heldur en að láta þá verða að notum með því, að senda þá hingað. Það getur verið, að mönnum fyrir norðan og vestan sè svo vel við blessaða amtmennina sína, að þeir ekki vilji anda í móti þeim. En eg hèlt samt annað

mundi vera til meira gagns fyrir landið, en að láta amtmennina átölulaust mega gjöra hvað sem þeir vilja. Eg hèlt þingið ekki mundi vilja draga úr þess manns vilja, sem vill gjöra allt sitt til að reyna að bæta úr þeim skorti á læknum sem mjög tilfinnanlega á sèr stað hèr á landi eins og allir vita. Nefndarálitið hefir verið rifið í margar pjötlur segi eg. Þingmaður Strandasýslu talaði um nefndarálitið með miklum velvilja, sem honum er svo tamt, en það var ýmislegt sem hann ekki skildi. Hann vildi að allt væri sent í gegnum amtmennina. Verði þeim að góðu sem það vilja, að allt gangi þá leið. En það verð eg að segja, að það er mjög óeiginlegt í þessu og öðrum eins málum, að amtmenn hafi afskipti af öllu, og eg veit ekki til að það sè í öðrum löndum, nema ef til vill í Danmörku, og það er líka til hnekkis læknaskipuninni, að læknaráðið þar er að eins ráðgefandi; en annarstaðar, þar sem læknaráðið hefir síðasta atkvæði og getur sagt; »*þetta skal nú vera svona*«, þar er miklu betri læknaskipun. En það er auðvitað, að þegar um peningaspursmál er að gjöra, þá verður að leita til amtmannanna og spyrja þá, hvort þeir hafi peninga til, því það er hèr eins og annarstaðar, nauðsyn brýtur lög. Það á ekki að vera að hlaupa þetta milli Heródesar og Pílatusar; læknar eru eiðsvarnir menn í embætti sínu, og vildi eg að þeir hefði mestu að ráða í þeim málum, er heyra undir þeirra Fag; og þessu vildi eg koma hèr inn undir tölulið 5. Er það ekki skrítið, að um leið og amtmenn gefa skýrsiur um vegabætur, skuli þeir einnig gefa skýrslur um læknaskipun og heilbrigðisástand? Til hvers er þessi grautargjörð. Skýrslum sýslumanna og amtmanna í þessu efni ber sjaldan saman, en læknum ber þó optast nær saman; til hvers er þetta? Er ekki vert að lètta af sýslumönnum og amtmönnum þessu; þeir hafa nóg annað að gjöra. 5. uppástungu-atriðið er samhljóða því, sem er í þeim löndum, þar sem læknaskipun er bezt, hún styrkir líka auðsjáanlega meðferð þeirra málefna, sem varða líf og heilsu manna og úrslit þessara mála. Hinn heiðraði vinur minn, þingmaður Reykvíkinga, sagðist ekki ætla að rífa niður nefndarálitið; en hann kom með gamla læknaskólann sinn; en hann sagði ekki hvernig hann ætti að vera. Hann getur nú dregizt til 1865, eða ef til vill til 1875 eða í önnur 13 árin til eða jafnvel 20 ár, já heilan mannsaldur. Má eg nú spyrja, er þessi dráttur til nokkurs? Þessi kennsla hjá landlækninum sem nú er byrjuð, hefir þó sýnt sig happadrjúga áður hjá landlækni B. Pálssyni, sem kenndi og gekk vel, því læri-

sveinar hans urðu duglegir menn, og væri eg ánægður, ef lærisveinar mínir yrði eins duglegir og lærisveinar hans voru. Þingmaðurinn úr Reykjavík sagði nú ýmislegt um hin önnur atriði, einkum hafði hann á móti 4. tölulið, og sagði að stjórnin ekki hefði ráð á því fè sem þar er um talað. En stjórnina vantar ekki fè, ef hún vill láta það; eg veit, að konungur hefir sjálfur veitt ferðastyrk menntamönnum. Svo var sagt, að bezt væri, að læknarnir fengju ferðastyrkinn strax, sem þeir kæmu frá examensborðinu. Á móti því eru 2 ástæður. Fyrst það, að eg vil láta menn þessa komast sem fyrst í embættin, og annað það, að það er gagnstætt því sem viðgengst erlendis. Þar er mönnum sjaldan veittur ferðastyrkur, undir eins og þeir hafa af lokið prófinu; þeim er ekki veittur hann fyrr en þeir eru búnir að vera nokknr ár á spítalanum. Meðan maðurinn er að lesa, hugsar hann helzt um aðalatriðin og þau spursmál sem hann muni fá við prófið; en hann veit ekki, hver spursmál muni koma fyrir hann í lífinu. Þess vegna er manninum betra að ferðast, þegur hann er búinn að vera læknir nokkur ár. Þá vaknar hjá honum eptirtekt á mörgu, sem hann ekki áður hefir hugsað um. Þá rifjast upp ýms tilfelli sèrstakleg, sem hann þá hugsar nákvæmar um. En ef hann hefir ekki sèð tilfellin áður, þá gleymir hann þeim fljótar, þó hann sjái þau síðar. Læknisfræðin nú á dögum er svo, að hún hefir fastar reglur, sem fara á eptir, og þessar reglur eru yfirhöfuð eins í öllum löndum, en þó geta komið fyrir sèrstök tilfelli. Það er ekki allt komið undir því að vera lærður læknir, heldur að hann hagnýti sèr vel það sem hann hefir lært. Þegar lífsreynslan verður meiri, þá hefir maður samkvæmt þeim nú sögðu ástæðum meira gagn af að ferðast, og get eg tekið dæmi af sjálfum mèr. Eg ferðaðist sjálfur tvisvar; í fyrra sinni tveim árum eptir að hafa af lokið embættisprófi, og hina ferðina 8 árum síðar, og eptir því sem eg hafði meira fengizt við lækningar, því meira gagn hafði eg af ferðunum. Þessu er þingmönnum óhætt að trúa, því það er byggt á minni eigin reynslu. Hvað það snertir að læknarnir ekki megi fara frá embættum síuum, þá vil eg að eins benda til þess, að þegar hèr er tekinn til 4 mánaða tími, þá held eg að menn hafi mátt vera lengur læknislausir en 4 mánuði, og ef gufuskipsferðirnar gætu komizt á, þá gæti þetta gengið mjög fljótt, og yrði ekki svo æði-langur tími, svo yrði þetta á sumrum, og þá eru minnst veikindi hèr á landi. Það er auðvitað, að á svo stuttri ferð getur maður ekki sèð allt,

en margt geta þeir rifjað upp, og spurt sig fyrir, hvernig fara eigi með einstök tilfelli og lært mjög mikið í öllu þessu.

Þá hefir ekki lítið verið haft á móti spítalabyggingunni hèrna í Reykjavík. Byggið þið fyrir ykkur segja menn. Já, samheldnin hefir lengi komið að góðu haldi hjá okkur Íslendingum?! En þessir mann sem þannig tala vilja þó víst fá læknana hèrna frá okkur. Er það nú ekki ógjörningur að sundra þannig afli þeirra hluta sem gjöra skal? Ekki er að byggja upp á, að stjórnin leggi til fè. Eg held hún hugsi sig um að gjöra það áður en fjárhagurinn er aðskilinn; og allar þessar vífilengjur eru því að eins til að draga málið, hver veit hvað lengi. Eg skil eigi hvernig menn þessir, sem mæla á móti spítalanum í Reykjavík, fara að hugsa; þeir vilja byggja einhverja kofa, En það er stór munur á að byggja 1 almennilegan spítala, eða 3 kumbalda. Því stærra sem eitt hús er, því ódýrara verður það í samanburði við 3 minni. Menn verða að gá að því, að margir aðrir en Reykvíkingar geta haft gagn af spítala hèr, t. a. m. vermenn, sem koma bæði að vestan og norðan, og enda er það ekki meira en sanngjarnt, að þeir fái að njóta spítalans að tiltölu. Það er ætlazt til að einar 20 sængur verði á spítalanum, því hann á ekki að vera stiptun fyrir limi. Hinn vanalegi meðaltími fyrir menn að liggja á spítala er 6 vikur, því þá er vanalega útsèð um hvað gagnar eða ekki, og ef Norðlingar fengju eina eða tvær sængur, þá væru það þó nokkrir sem notið gætu spítalans á ári. Eiga norðanmenn og vestanmenn ekki örðugt með sinnisveika menn? Ætla yrði ekki kostnaðarsamt fyrir þá að byggja einhvern kumbalda handa þeim? Og þegar nú gufuskipsferðirnar komast á, þá verður hægt fyrir hvern þann sem hefir langvinnandi sjúkdóm að komast hingað, og því fleiri sem eru á spítalanum, þess betra er það fyrir lækna-efnin. Það er líka betur ástatt hèr en fyrir norðan, eg vil ekki segja, að eg sè betri en læknarnir þar, en hèr koma margir erlendir læknar og má fá hjálp hjá þeim. Eg vil biðja þingmenn að gá vel að þessu, og hugsa um það, að þeir ekki af því þeir þekkja má ske miður til, spilli fyrir málinu. En ef menn endilega vilja sundra spítalasjóðunum, þá er uppástunga þingmanns Borgfirðinga bezt. Hvað kennsluna snertir, þá vil eg spyrja menn hvort ekki hefir lítið orðið úr henni fyrir vestan og norðan í hin síðustu 15 ár, og hvort ekki mundi happadrýgst, að þessir 200 rd. að norðan og vestan væri lagðir til kennslunnar hèr, ætli það væri ekki betra en að þeir lægu ónotaðir, því eg verð að álíta að amtmenn,

jafnan hafi þá á hinn lögboðna hátt í sjóðnum. Þá hefir líka verið meiningamunur um úrskurðinn frá í fyrra. Og þar sem menn segja, að landlækninum ekki sè gjört að skyldu að kenna, þá er það að vísu ekki beinlínis fram tekið með orðum, en það er þó altènd siðferðisleg skylda fyrir hann, og hún er opt eins sterk og lagaskyldan. En þó eg voni, að þingið beri það traust til mín að eg muni kenna hèr eptir eins og áður, þá er það víst að »innsigli engir fengu upp á lífsstunda bið«. En fyrir það fyrsta er til eldra instrux fyrir landlæknirinn sem gjörir honum að skyldu að kenna, og hafa lögfræðingar sagt mèr, að það sè í gildi enn, en að öðru leyti held eg líka að bezt sè að kaupa hvern viljugan, og finni landlæknirinn eigi kall eða vilja hjá sèr til að hafa slíka kennslu um hönd þá mun lagaskyldan lítið bæta úr þessu. Það er og ekki mín meining, að landlæknirinn skuli hafa alla umsjón með spítalanum heldur í sameiningu við spítalalækninn, og að spítalinn mundi heldur lètta á landlækninum en ekki; það er og víst, að þegar lækna-efnin eru farin að læra, og komnir á veg, þá taka þau af manni margt sporið. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni. Eg veit að þingið hefir svo mikla tilfinningu fyrir læknaleysinu, að það hugsi sig um, áður en það rífur allt málið í sundur.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki neitað því, að mèr finnst hinn heiðraði framsögumaður ekki hafi tekið ræður manna eins vel upp og þær hafa legið. Mèr finnst allir hafi viljað styrkja málið, og þó þeir hafi fundið ýmislegt að sjálfum uppástungunum, ætti framsögumaður að taka það vel upp, og bera sig saman við þá sem hafa ráðgjört hreytingaratkvæði svo sem bezt samkomulag fyrir málið sjálft. Eg er nú fyllilega samdóma þeim, sem álíta að 2. niðurlagsatriðið ætti að standa fyrst því það er aðalatriðið. Þá hefir komið fram meiningamunur um það, hvort menn ættu að styðja að því að stofna einn spítala, eða skipta fènu og byggja 3 eða fleiri. Mèr finnst að eptir málavöxtum ekki þurfi að tala um þetta, því þess er vel gætandi fyrir þá, sem vilja sundra fènu, að með konungsúrskurði 12. ágúst. 1848 eru allir spítalasjóðirnir sameinaðir í einn sjóð, og þá á ekki við að tala um Möðrufellsspítalasjóð nè neinn annan spítalasjóðinn af hinum fyrri sem sjóð út af fyrir sig. Og þar sem síðar í úrskurðinum er talað um sjóðina sem aðskilda, þá er það að eins um ráðsmennsku fyrirkomulag þessara 4 eldri deilda fyrst um sinn. Eg segi þetta engan veginn til þess að draga

úr áhuga þingsins, og eg vildi óska, að þessi sameiginlegi læknasjóður kæmi öllum til nota, og það er ekki nema eðlileg krafa, en þetta er annað mál, en að byggja þessa kröfu á því, að sjóðirnir séu sérskildir, eins eptir 12. ágúst 1848 eins og áður. Þessi krafa verður lengst uppi á, og hún er eðlileg, á meðan menn ekki geta fengið neina vissu um, að almenningi verði læknakennslan í hag, og þá er von að menn greiði atkvæði móti annari brúkun sjóðsins. En það leiðir af annari grein, að þar sem beðið er um að byggja sérskilinn spítala, að þá er ekki nóg að biðja um það út í bláinn, heldur þarf um leið að biðja um, að konungsúrskurðurinum sé breytt. Mér þykir það eðlilegt, þó hinum þingmönnunum úr Norður- og Vesturamtinu þyki ekki vænlegt, að spítali í Suðurumdæminu geti orðið að verulegum notum fyrir hina fjórðungana; eg get því ekki aðhyllzt annað niðurlagsatriði nefndarinnar eins og það liggur fyrir. Orðið landsspítali friðar engan, og verð eg því um það að vera á sama máli og þingmennirnir frá Reykjavík og Suðu-Þingeyjarsýslu; nafnið eintómt gagnar lítið.

Framsögumaður sýndi fram á það, að þegar gufuskipsferðirnar kæmust á gætu allir landsmenn haft not af spítalanum, en eg er hræddur um að vonin um gufuskipsferðirnar geti orðið að gufu. Eg verð að halla mér að uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga, því það er það eina, sem eg get gefið atkvæði fyrir, að sameiginlegur læknaskóli verði stofnaður í Reykjavík, spítalinn finnst mér ekki eins verulegt atriði eins og skólinn. Úr skólanum kæmu læknar til allra parta landsins, en það er auðvitað að æskilegt væri að spítali kæmist á líka, því þá lærðu menn meira, enn ef enginn spítali væri. Eg vildi leyfa mér að vekja þá athugasemd, hvort ekki mundi réttlátt að Reykjavík árlega úr bæjarsjóði legði fé til spítalans, því mestur hagur væri það fyrir Reykjavík, að hafa þessleiðis hús hér rétt hjá; og vegna þessa get eg ekki fallizt á það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á.

Framsögumaður gat þess, að í eldra instrúxi fyrir landlæknirinn, sem gildir hér enn, væri honum gjört aðskyldu að kenna lækna-efnum, og tók til dæmis að B. Pálsson læknir hefði kennt. Já hann kenndi; en hvað margir hafa lært hjá landlækni síðan og þangað til jústítsráð Hjaltalín nú hóf að kenna? (*H. G. Thordersen*: Séra Bjarni Eggertsson) Var hann útskrifaður í læknisfræði, eg held alls ekki? Eg verð því að hallast að uppástungu þingmanns Suður-Þingeyinga, og skal eg bera mig saman við hann.

Enda þótt spítali væri stofnaður og læknir settur við hann sem skyldi aðstoða landlækninn í kennslunni, þá er kennslan þó ekki fullnægjandi, það er ekki kominn verulegur læknaskóli með því fyrirkomulagi, að trygging sè fyrir því, að nógir læknar fáist fyrir allt land.

1. Niðurlagsatriði nefndarinnar hefir mætt mótbárum, og eg get ekki heldur fallizt á það, eins og það er orðað. Það var eptir uppástungum þingsins 1847 samþykkt, að til bráðabyrgðar, þangað til læknaskóli kæmist á, skyldi veita 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði til að kenna aðstoðarlæknum, en þó þetta muni nú ekki miklu frá því sem nefndin nú fer fram á, þá er þó nokkur munur, og meðan læknakennslan er á svona lausum fótum held eg amtmenn geti skorazt undan að greiða þessa 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum. 3. tölulið skil eg að vísu, en ekki þegar eg ber hann saman við yfirlitið yfir kostnaðinn; þar er sagt að til verkfæra skuli brúka 200 rd. úr spítalasjóði, en í niðurlagsatriðinu, er sagt að stjórnin skuli leggja til þessa 200 rd. Þetta á víst að falla burtu. Að öðru leyti skal eg ekki fást neitt um áætlun nefndarinnar. En eg vil leyfa mèr eina athugasemd út af því sem þingmaður Borgfirðinga, af sinni miklu hagfræði sagði. Hann sagði að nefndin vildi brúka alla vexti spítalasjóðsins og afgjaldið af spítalajörðunum með, en þetta er ekki svo. Nefndin skerðir ekki afgjaldið af jörðunum, heldur ráðgjörir einasta að brúka renturnar af höfuðstól sjóðsins og tekjurnar af spítalahlutunum en ekki neitt af jarða-afgjöldunum. Hvað snertir það er hann sagði, að nefndin hefði gjört rangt í því að miða ekki spítalahlutina við meðaltal af 10 árum, þá skal eg taka það fram, að árið sem nefndin miðar til, var fiskileysis ár, og vonandi er að betur fiskist síðar, og því er áætlun nefndarinnar ekki of há. Eg vil nú ekki fást um, hve æskilegt væri að uppástunga þingmanns Reykvíkinga um betra fyrirkomulag á spítalahlutunhlutunum fengi áheyrn. Eg er sannfærður um, að það mætti fá betri og arðsamari tilhögun á þeim.

Þá kemur nú 4. niðurlagsatriðið. Eg er því að nokkru leyti samþykkur, og að nokkru leyti ekki; eg er samþykkur hugsuninni, en vildi orða það á þá leið, að konungur legði fyrir stjórn sína að taka til yfirvegunar, hvort efnilegum læknum ekki mundi geta orðið gefin von um að fá styrk til að ferðast, en eigi finnst mèr það eiga við sem niðurlagsatriði. Þá kemur 5. tölul. Eg aðhyllist hann í aðalefninu. Eg kann ekki við afskipti valdstjórnarinnar af

því, sem hún ekki hefir neitt vit á; það er annað, ef stiptsyfirvöldin, sem yfirumráðamenn sjóðsins, ættu að hafa controll með landlækninum yfir spítalanum. En að senda læknisfræðisleg álitsskjöl til stjórnarinnar gegnum amtmennina, sem ekki þekkja neitt læknisfræðislegt nafn einu sinni, getur mèr ómögulega þótt eiga við. 6. atriðið vil eg líka aðhyllast, en eg vil gjöra mun á því, hvort það er læknir úr öðru umdæmi sem settur er í embættið, eða maður er settur, sem er búsettur í umdæminu, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu að breyta 6. niðurlagsatriðinu,

Björn Pètursson: Eg held að þetta nefndarálit ætli að eiga litlu láni að fagna, eins og hitt sem sálaðist í gær, því mèr getur ekki betur skilizt en fleiri heldur vilji fella það en styðja, einkum þeir sem hafa borið upp breytingar- og viðauka-atkvæði í þá átt að sundra læknasjóðnum, svoleiðis að 3 spítalar verði stofnaðir á hans kostnað, þar sem nefndin einungis fer fram á, að einum spítala verði komið hèr upp, sem landið allt geti haft gagn af, einkum með tilliti til læknakennslunnar, sem öllu landinu er jafnt áríðandi. Það er augljóst, að nú er ekki fè fyrir hendi til að stofna 2 eða 3 spítala. Því ef við naumast höfum nóg fè fyrir 1 spítala, þá höfum við því síður fè til þess að koma 3 spítölum upp. Að fara slíku fram finnst mèr alveg það sama sem að vilja fella málið, og að láta allt vera í sama horfi, eða rèttara, sama ólagi og bjargarleysi og verið hefir. Ef við nú hugsum um, að koma upp 3 spítölum, þá fer svo, að við fáum engum upp komið, og er auðsætt hvílíkur hnekkir það væri fyrir kennsluna í læknisfræðinni hèr í Reykjavík. Hvað feginn sem eg vildi hafa spítala til dæmis á Eskifirði, þar sem læknirinn á að búa, þá gæti mèr ekki dottið í hug, að fara því á flot, nema máske ef þessir breytingaratkvæða höfundar skyldu halda fast við það, að spítali verði stofnaður á Akureyri, því eg held að það væri fullt eins mikil þörf á að hann væri stofnaður á Eskifirði, því fyrst og fremst yrði þar fullt eins mikil aðsókn og kann ske meiri, og auk þess er miklu hægra að fá húsnæði fyrir sjúklinga á Akureyri, en Eskifirði. Eg skal nú ekki mikið tala um niðurlagsatriði nefndarinnar og því síður um viðauka- og breytingaratkvæðin sem ráðgjörð eru. Hvað 6. niðurlagsatriðið snertir, þá held eg að það hafi verið einber misskilningur hjá hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga, að hann gat ei fallizt á það, af því hann var hræddur um, að meiningin væri

sú, að settir yrðu alveg ólærðir menn til að þjóna þeim læknisembættum, sem væru læknislaus; en þetta var alls eigi meining nefndarinnar. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga lýsti nú rèttilega ástandinu í Austfirðingafjórðungi, að þar væri nú settur maður af hèraðslækninum í norðurumdæminu, og að af því að hèraðslæknirinn hefði eigi nema helming launanna, gæti hann ekki launað aðstoðarmanni sínum svo, að viðunandi væri. Þetta er nú alveg satt, og eg held jafnvel, að hèraðslæknirinn hafi ekki einu sinni getað miðlað honum svo miklu, sem þingmaðurinn hèlt. Hinn háttvirti varaforseti talaði um að breyta 6. tölul. og eg hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því, nema að því leyti, að ef einhver hèraðslæknir er settur í annað læknisdæmi, eins og nú tíðkast, þegar svo stendur á, að enginn sækir um það, þá vil eg að hann hafi öll launin, því þá er auðvitað, að hann þarf að hafa þar aðstoðarmann, ef hann væri fáanlegur og þá verður hèraðslæknirinn að launa honum. Hitt álít eg sjálfsagt, að ef einhver embættislaus kandídat væri settur, að þá fengi hann öll launin.

Jón Pètursson: Eg mun nú ekki skýra nefndarálitið, nè heldur segja mikið á móti þeim mótbárum. sem fram hafa komið móti því, því hinn háttvirti framsögumaður hefir skýrt það bæði vel og ljóslega, og það er sá maður, sem bæði hefir mikinn áhuga á þessu máli, og líka betri þekkingu á því, en nokkur annar, svo eg get fylgt honum, með fullu trausti. Eg er nú einn af þeim, sem, eins og flestum, er annt um, að eitthvað verði gjört til að sjá lífi og heilsu manna borgið, betur en nú hefir verið um stund; en allir, sem vilja það, verða líka að vilja meðölin til þess, en meðölin eru, að innlend læknakennsla komist hèr á, og að menn reyni að halda öllum efnum þar að, en ekki að sundra þeim. Kraptarnir eru að vísu litlir, en minni verða þeir, ef menn vilja tvístra þeim. Það er því mesta óráð, að vilja stofna 3 spítala, því það er það sama, sem að svipta sig meðölunum til að geta komið á verulegri læknakennslu hèr á landi. Spítalinn er einkanlega nauðsynlegur sem meðal fyrir læknakennsluna, eg skoða hann mest frá þessari hlið. Til þess að kenna læknisfræði við hina spítalana ef þeir skyldu komast á, þyrfti mikið fè, og ef fèð, sem fyrir hendi er, er litið til eins spítala stofnunar og læknakennslu við hann, þá verður það enn minna til 3 spítala stofnunar og læknakennslu við þá alla. Eg held líka, að spítalinn á Norðurlandi yrði að litlu gagni fyrir þá sem búa í norður- og austur-

amtinu, og eins á vesturlandi fyrir amtsbúa þar, og að sínu leyti yrði eins með þann, sem hèr yrði stofnaður, að hann yrði að litlum notum fyrir aðra en þá sem búa hèr i Reykjavík, og útlendinga, sem hèr koma; en hann er einmitt nauðsynlegt meðal fyrir læknakennsluna. Eg held nú að það væri eðlilegri niðurskipun á nefndarálitinu, að eg víki mèr til þess, ef 1. tölul. væri færður aptur fyrir hinn 2. og svo ætti 3. tölul. að falla burt. Það er útþrykkilega sagt í nefndarálitinu, að amtmennirnir eigi eptir konungsúrskurðinum að leggja 200 rd. til læknakennslu. Það verður ei ætlazt til, að læknakennslan geti byrjað, áður en fèð til hennar er fengið; þess vegna er það nauðsynlegt, að peningarnir fáist undir eins, svo að kennslan geti komizt á. Nefndarálitið gengur nú út frá því, að læknakennslan sè byrjuð hèr, og það er rètt; þess vegna er ekki þörf á, að nefna læknaskóla, er þó einn þingmanna áleit með öllu nauðsynlegt, það er líka farið fram á, að spítalalæknirinn verði aðstoðarmaður landlæknisins við kennsluna. Ef nú þessar uppástungur yrði að lögum, gengi löggjafinn út frá þessu sem gefnu, að kennslan sè orðin föst, og tekur sínar ákvarðanir eptir því, og þá væri með því viðurkenning fengin og svo gott sem lagaboð gefið fyrir því, að kennslan skuli verða föst framvegis, og að það sè landlæknisins skylda, að kenna út frá sèr; þess vegna er alveg óþarft, að nefna beinlínis læknaskóla; því þetta er hið sama sem læknaskóli, eða byrjun til hans, og reglugjörð fyrir skólann myndast þá seinna. Hinn háttvirti varaforseti tók það greinilega fram, að menn geta ei sagt, að öllum árstekjunum sè fullkomlega varið eptir nefndarálitinu, því bæði er það, að ekki eru þar reiknaðar tekjurnar af jörðunum, og svo geta menn líka búizt við, að spítalahlutirnir verði opt meiri, en þar er reiknað. 5. niðurlagsatriðið álít eg nú í mörgu gott, og það er engin ástæða á móti því, að það sè til að draga stjórnina út úr landinu, því þó læknar nú sendi skýrslur sínar til amtmanna, þá er það einmitt til þess, að þær frá þeim aptur fari út úr landinu; en þó ákvörðunin sè svo, að þær skuli ganga frá læknum til stjórnarinnar, þá er ekki víst, að þær allt af þurfi að ganga út úr landinu, því það getur verið, að stjórnin verði innlend, og þá ganga þær ekki út úr því, þó þær gangi til hennar. Þetta er því engin mótbára. Þetta núverandi fyrirkomulag segja menn sè til tryggingar. En fengist þá eigi tryggingin meiri, ef skýrslur þessar gengi fyrst gegnum sýslumann til amtmanns, og þaðan svo aptur til stjórnarinnar. Sumt er líka í Dan-

mörku alveg tilsvarandi þessu atriði í uppástungu nefndarinnar, t. d. rektorar þar, ef mig minnir rètt senda skýrslur sínar beinlínis til hlutaðeigandi stjórnarráðs. Eg get nú ekki sèð, að 6. niðurlagsatriðið sè hneykslanlegt, að þeir sem settir eru í embættin, fái full laun; þannig hefir það líka jafnan verið, þegar menn hafa verið settir í embætti upp á eigin ábyrgð; það er líka samkvæmt lögum sem enn þá gilda hèr, og áður hafa gilt í Danmörku, þó þar sè nú komin á nokkur breyting í þessu efni. Einn þingmaður vildi, að tilteknir væru þeir eiginlegleikar, sem sá ætti að hafa, er ætti að setja í læknisembætti; en eg álít það sjálfsagt, að sá sem setur mennina í embættin, setji ei aðra en þá, sem hafa fullkomna hæfilegleika til að stýra embættinu; það væri og alveg óviðkomandi því lagaboði, er út ætti að koma um þetta efni að fara að telja upp í því alla þá hæfilegleika, sem maður á að hafa, til að geta orðið sem settur læknir. Eg veit nú, að þingið gefur máliuu hinn bezta gaum, og yfirgefur það ekki fyrir það, þó nú sè farið að kenna læknisfræði.

Pètur Pèturssson: Eg vildi nú feginn með einu orði geta stutt þetta mál, sem eg veit, að ekki einungis hinn háttvirti framsögumaður hefir áhuga á, heldur og allir þingmenn og öll þjóðin, því það er velferðarmál þjóðarinnar, að læknakennslan geti aukizt, og læknarnir fjölgað í landinu. Það hefir nú verið tekið fram, að 2. tölul. í nefndarálitinu sè aðalatriðið, og eg er því eins samþykkur og felli mig vel við stefnuna í honum, því mèr finnst eðlilegt samanhengi milli þess, sem þar er farið fram á og þess, sem nú er á komið um læknakennsluna. Eg álít spítalann nauðsynlegan, einkum með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók fram, sem sè, sem hjálparmeðal fyrir lærisveinana; þetta atriði legg eg meiri áherzlu á, heldur en hitt, að spítalinn verði hæli fyrir sjuklinga. Mèr finnst líka, að ef þingið færi nú beinlínis að biðja um læknaskóla, þá sè það hið sama, sem það lýsi óánægju sinni með læknakennsluna, sem nú er komin á (*Jón Guðmundsson*: Hún er óviss). Nefndarálitið gjörir hana vissa, með því að biðja um fastan lækni settan við spítalann. En í hinu liggur viðurkenning þess, að kennslan sè ónóg; og eg hefi nú ekki á móti því, að hún sè í vissum skilningi ónóg, þar sem ekki er nema einn kennarinn; en grundvallarreglan er nóg og góð. Það var nú sagt á síðasta þingi, að þetta væri allt komið undir lífi einstaks manns; en eg álít, að kennslan fylgi fremur embættinu, en manninum, og í nefndarálitinu er líka gefinn enn meiri trygging fyrir

því; og á næsta þingi er ekki ólíklegt að kannske verði aukið við 3. kennaranum, og þá er þetta í rauninni orðin fullkominn skóli. Það hefir nú orðið tilrætt um, hvort 3. tölul. skyldi standa eður ei. Mèr sýnist það nú nauðsynlegt að bera það upp til atkvæða, hvort menn eigi að biðja stjórnina um þessa 200 rd., eða hvaðan þá skuli taka. Einn þingmaður tók það fram viðvíkjandi þessum tölulið, að hann mundi gefa atkvæði sitt fyrir honum, en gjörði þá athugasemd, að þess konar reikningar ættu á eptir að auglýsast eptir boði stjórnarinnar; en eg held, að það boð lúti meir að reikningum opinberra stofnana, og sem snerta útgjöld almennings, eða þau sem gjaldþegnar greiða, því þeir hafa fulla heimting á, að sjá til hvers því er varið; en ekki því, sem tekið er úr ríkissjóði; því þess konar reikningar viðkoma að eins »revisióninni» í Kaupmannahöfn. Eg þekki nú ekki til nema prestaskólareikninganna, en þeir eru undir fullstrangri aðgæzlu. Eg væri manna fúsastur til að gefa slíkan reikning fyrir prestaskólann, þó það reyndar opt væri erfitt, þar sem afreikningarnir opt koma svo seint, og margar bækur, einkum þær sem út eru gefnar í Þýzkalandi, verða, þegar til kemur, langtum dýrari, en gjört er ráð fyrir, svo það verða stundum skuldir frá fyrra ári, og sjaldan hreinir reikningar. Eg er alveg samdóma hugsuninni i 4. niðurlagsatriðinu; því mèr þykir það mjög áríðandi, að þegar menn eru að reyna að efla alla innlenda menntun, þá eigum vèr að gjöra allt til þess að fullkomna hana, en það verður einmitt með því að samtengja hana við hina útlendu. En eg get ekki fallizt á þenna tölulið þannig orðaðan. Fyrst er það að eg þekki engan menntasjóð í Danmörku sem styrknr er veittur af öðrum en þeim, sem iðka vísindi við háskólann. Annað er það, sem eg get ei fellt mig við, að þeir eiga fyrst að vera i embætti svo og svo lengi og sigla svo, og þá er ekkert ákveðið um, hvað lengi þeir megi vera burtu. Þetta held eg að fyrst geti komizt á, þegar læknafjöldinn er orðinn svo mikill, að þeir geta allt af verið vissir að fá menn í sinn stað, meðan þeir eru burtu. Eg vil því láta þetta vera alveg óákveðið. En hugsuninni í þessum tölulið er eg alveg samdóma. Eg hef hugsað mèr að bera upp breytingaratkvæði líkt og hinn háttvirti varaforseti, og vil orða það þannig: að hans hátign konungurinn gefi fyrirheit þeim mönnum, sem útlærðir eru hèr í læknisfræði og hafa fengið beztu einkunn, að þeir fái, 1 á ári hverju eða annaðhvort ár 4—600 rd. styrk, til að ferðast erlendis og kynna sèr þar helztu

spítala. Því það mega ei vera allir sem útskrifast, sem gætu gjört sèr von um þetta, því það yrði þá svo óákveðið, að stjórnin gæti ei gengið að því. Um hin niðurlagsatriðin skal eg ekkert tala, þau eru minna áríðandi, og snerta meir hina formlegu hlið, um embætti landlæknisins.

Gísli Brynjúlfsson: Þó eg væri einn af nefndarmönnum, þá skal eg alveg ekki tala neitt um þau niðurlagsatriði, sem hèr liggja fyrir, að sumt í þeim kann að vera miður orðað, og að líkindum ei svo ljóst sem óska mætti, og eg skal því reyna að taka nokkuð greinilegar fram, hver meining nefndarinnar eiginlega var. Eg minni menn þá fyrst á það, sem mèr finnst oftítið tekið eptir, að tilgangurinn með spítalastofnun hèr í Reykjavík er alls ei einkum sá, að stofna hèr sjúkrahús, sem bærinn eða nærsveitirnar gætu haft mest gagn af, heldur er hann einkum sá, að koma læknakennslunni í sem bezt horf, því spítala álítum við hina nauðsynlegu undirstöðu undir allri vernlegri læknakennslu. Þegar þessa er gætt, fellur og burt öll umkvörtun úr öðrum fjórðungum um það, hvernig spítalafènu sè varið, því því getur þó enginn neitað, að læknakennslan er jafn nytsöm fyrír allt land, þó nauðsyn beri til og bezt sè að safna henni allri saman á einn stað undir yfirumsjón landlæknisins. Hinn háttvirti varaforseti hefir og tekið það svo vel fram, að eg þarf engu við að bæta, að spítalasjóðurinn er nú í raun og veru ekki nema einn eptir konungsúrskurði, þó honum sè enn stjórnað í þrennu lagi, því það er auðsætt að þetta kemur að eins af því, að menn vildu nota þá embættismenn sem til voru, til þess að hafa umsjón með honum hver í sínu umdæmi, svo eigi þyrfti að grípa til þess að setja sèrstaklega nefnd til að stýra honum í heilu lagi. Þetta getur því alls eigi verið til neinnar fyrirstöðu, því þessi nýi sameinaði sjóður, sem segja má að stofnaður sè með konungsúrskurðinum, er einmitt ætlaður til þess að efla allt, sem við kemur læknaskipun hèr á landi, og hver vill neita því, að næg innlend læknakennsla sè ei einmitt fyrsta og nauðsynlegasta fótmálið áfram í þessa stefnu. Hinir fjórðungarnir hafa líka miklu meira gagn af góðri læknakennslu á einum stað í landinu, heldur en af lítilfjörlegum sjúkrahúsum hver hjá sèr, og eg þyrfti því eiginlega ei að svara hinum háttvirta þingmanni úr Eyjafjarðarsýslu nokkru, þar sem hann hèlt eg tæki ei nóg tillit til Norðurlands með því að vilja einnig verja tekjunum af Möðrufellsspítala til spítalastofnunar þ. e. til eflingar læknakennslunni hèr í Reykjavík, en þó skal eg

geta þess, að þó eg fúslega viðurkenni að Norðlendingafjórðungur einkum, ekki amtið, sem búið var til rètt fyrir aldamótin, sè svo sèrstaklegur og sjálfum sèr nógur, að hann ætti einnig opt að hafa sèrstaklega stjórn, þá ætla eg aldrei að meta tómt spítalanafn á pappír, og annað er ei Möðrufellsspítali, nè verður nokkurn tíma, meira en gagn alls landsins — svo langt nær ei ást mín til Norðlendingafjórðungs. Eg hefi nú sagt þetta um 2. niðurlagsatriðið og eg áskil mèr því að mega orða það betur, og sting upp á, að það megi verða hið fyrsta á atkvæðaskránni. Hvað 1. atriðinu viðvíkur, þá verður það eptir minni uppástungu hið annað, og áskil eg mèr einnig að orða það svo, að það að eins sè ný uppástunga um, að þessu fè verði einnig framvegis varið til eflingar læknakennslunni í Reykjavík, því þá fellur og í burt úr því öll umkvörtun yfir því, hvernig amtmennirnir hingað til hafa farið með það. Um 3. atriðið þarf eg að eins að geta þess, að það hefir slæðzt inn á meðal niðurlagsatriðanna af eintómum misgáningi og á því að falla burt, og hvað 4. niðurlagsatriðinu viðvíkur, þá þarf eg ei neitt um það að tala, þar sem aðrir hafa ráðgjört að orða það betur, en mèr nú finnst það orðað. Viðvíkjandi 5. greininni skal eg að eins svara hinum háttvirta þingmanni Norðurþingeyinga því, að hún miðar alls eigi, sem hann heldur, til að draga nokkra stjórn út úr landinu fremur en nú, því hann veit þó, að amtmennirnir senda læknaskýrslurnar hvort sem heldur út, og spursmálið er því hèr að eins hvort eigi sè rètt, að láta landlæknirinn koma í stað amtmannanna í öllum slíkum málum. Og að endingu skal eg svo að eins brýna það fyrir þinginu, að það er rèttara að byrja á hinu minna heldur en á hinu meira, og fara nú því einmitt í sömu stefnuna sem í hitt eð fyrra, og það því fremur, sem stjórnin hefði einmitt þá meiri ástæðu til þess að neita, ef vèr nú færum að biðja um eitthvað nýtt, en hèldum ei heldur áfram því sama, sem þá var byrjað, og svo vel hefir verið tekið undir. Það kynni þá að líta svo út sem vèr værum nú óánægðir með þá læknakennslu sem þegar er fengin, en þetta er þó ei svo, vèr viljum að eins auka hana og efla með spítalastofnun, unz úr henni myndast fastur læknaskóli.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil nú segja það, að eg vil heldur hafa læknir án spítala, en spítala án læknis; eg segi þetta með tilliti til þeirra, sem vilja hafa 3 spítala í staðinn fyrir einn, því af því mundi leiða, að spítalasjóðirnir yrðu brúkaðir upp til agna, og fyrir því held eg, að menn ætti að stemma stigu. Eg er því ekki

þar fyrir mótmæltur, að spítali verði stofnaður hèr, hvort sem hann nú heitir landspítali eða hverju nafni sem hann verður nefndur. Eg get nú ekki annað, en verið flestum niðurlagsatriðunum samdóma, og það því fremur sem margir þingmenn hafa lagfært það með breytingar- og viðauka-atkvæðum, sem helzt þurfti lagfæringar við. Hvað 3. niðurlagsatriðið snertir, þá held eg það sè nú óþarft því það sem þar stendur, og sem stjórnin þar er beðin um, er ráðgjört í áætlun nefndarinnar um kostnaðinn, og það hefir víst ekki verið meining nefndarinnar, að það stæði hèr. 4. og 5. niðurlagsatriðinu vil eg vera samdóma, einkum með þeim breytingum á þeim, sem upp á hefir verið stungið. Það er einungis orðið: »stjórnarinnar« er tvisvar kemur fyrir í síðara parti 5. greinar, sem eg kann ei við, og held að ekki geti staðizt, ef öll greinin á að vera sjálfri sèr samkvæm. Nefndin hefir stungið upp á, að öll læknamál skuli fyrst ganga til landlæknisins og svo frá honum beinlínis til stjórnarinnar, en því þá ekki til læknaráðsins, svo að öll læknamál gangi koll af kolli í gegnum hendur hinna læknisfróðu manna, og loks til lækningaráðsins, en það ætti aptur að senda þau til stjórnarinnar; stjórnin leggur þessi mál, hvort sem er, undir álit heilbrigðis- eða lækningaráðsins. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði um það, að í staðinn fyrir »stjórnarinnar« verði sett »læknaráðsins«. Það hefir nú verið mikið rætt um 6. tölulið. Eg held að það sè nú auðvitað, að ekki verði settir aðrir en þeir sem hafa læknisfræðislega þekkingu meiri eða minni, til að þjóna læknaumdæmum þeim, sem engan lækni hafa. Því er eg alveg samdóma að þeir læknar sem settir eru til að þjóna í nágrennis umdæmunum, fái full laun, ef þeir veita þeim fulla forstöðu eins og sínu eigin umdæmi, og þá ekki síður þeir, sem settir eru í þeirra stað, eða aðstoðarlæknarnir. En ef þjónandi læknir er settur í eitthvert umdæmi, og svo er þó ástatt, að hann getur enga eða mjög litla læknishjálp veitt því, þá álít eg að hann eigi lítil eða engin laun að hafa. En svona er því nú varið t. d. á Vestmannaeyjum; við höfum þar settan lækni, sem kemur þangað einu sinni á ári, og er þar svo sem 1 nótt. Það geta nú allir getið nærri, hvaða gagn er að þessu, og þeir sem ekki gjöra meira gagn en þetta, held eg að eigi lítil laun skilið. Það eina sem svona settir læknar geta gagnað er það, að þeir gefi mönnum góð ráð, þegar menn þá geta náð til þeirra; en það er nú hjá oss Vestmanna-eyingum ekki alltènd hægt að sækja þessi ráð, þar sem leið liggur yfir brim og

ólgusjó; og ég held, að það væri nóg, að sá læknir sem hjá okkur er settur, fengi 40—60 rd. fyrir þessa einu ferð, sem hann fer út á ári, svo þannig væri ekki ófyrirsynju reiknaðir landinu til útgjalda þeir peningar, sem þó koma landinu ekki að neinu haldi. Eg segi þetta ekki í þeirri veru, að eg í nokkurn máta vilji gjöra lítið úr þeim lækni, sem okkur Vestmannaeyingum er settur, heldur hitt, að þvílík setning, þar sem eins stendur á og hèr, sè svo að segja þýðingarlaus. En því heldur þykir mèr óviðurkvæmilegt, að sá læknir, sem settur er í öðru umdæmi, og kemur þangað máske einu sinni á ári, máske til lítils eða einskis gagns, skuli fá öll launin fyrir þessa einu ferð.

Forseti: Þar eð hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga áskyldi sèr rètt til breytingaratkvæðis við fyrsta niðurlagsatriðið, þá vildi eg vekja athygli að þessu orði »tafarlaust«, að það væri numið burtu, þar sem það, eins og tekið var fram, lítur út sem það sè beinlínis klögun yfir amtmönnunum, sem búið er að leiða rök að, að ekki sè tilefni til. Eg skal nú ekki fara fleirum orðum um málið En það er komin til mín ósk frá 9 þingmönnum að umræðunum skuli hætta, en þar eð 4 þingmenn hafa beðið um orðið, þá skal eg ekki hafa móti því, en vil biðja þá að gjöra grein fyrir breytingaratkvæðum sínum með sem fæstum orðum.

Indriði Gíslason: Eg áskildi mèr áðan breytingaratkvæði við töluliið 2. En þingmaður Norður-Þingeyinga tók sèr breytingaratkvæði við hinn sama töluliið, sem eg ætla að halla mèr að og er því óþarfi fyrir mig að taka annað í sömu stefnu. Eg hefði nú líka hugsað mèr viðauka-atkvæði við uppástungu þingmanns Eyfirðinga, en eg ætla nú að falla frá því aptur, af því eg vildi af alhuga styðja þetta mál, ef það væri mögulegt, og það hefir aldrei verið meining mín að sundra kröptunum málinu til spillis. En hèr er annað verra, að það er búið að sundra hugum manna og meiningum í þessu máli, svo það verður hvorki heilt nè hálft, en hver það hefir gjört, það held eg sè öllum ljóst, hvernig með þetta mál var farið í nefndinni 1861, og það er það sem spillir því mest. Það er nú lifandi sannfæring mín, að vilja styðja mál þetta, hvort svo sem eg er fölur eða rjóður, því það er persónulegt, og kemur ekki málinu við; líka vil eg ekki vera eins og sá áburðarklár, sem aldrei getur farið veginn, því það mætti vera merkilegt, þar sem búið er að ryðja þessu máli svo fasta og ljósa braut frá upphafi þess. Það hefir verið talað mikið um að stofna spitala hèr í

Reykjavík; en eg get nú ekki sèð, hvert gagn landsmenn geta haft af honum einungis, því að það liggur í augum uppi, að ekki verða allir sjúklingar fluttir hingað suður. Grunðvöllurinn og aðalatriðið er því hèr að bæta úr læknaskortinum, því að læknaskóli ætti að stofnast jafnframt spítalanum og honum samsvarandi. Þó að nú þingið hafi horfið töluvert frá þeirri stefnu sem hèr var framfylgt 1859 í þessu máli, þá neyðist eg kannske til að gefa einhverju af þessu atkvæði mitt móti sannfæringu minni, til þess að fella ekki alveg málið.

Arnljótur Ólafsson: Eg hafði áskilið mèr breytingaratkvæði við 2. tölul., en eg held að bezt sè eg hnýti mèr aptan í hinn háttvirta þingmann Skagfirðinga. Það var út úr kostnaðinum; eg vildi að til þessa væri eigi varið nema $^2/_3$ af tekjum spítalasjóðsins eða í mesta lagi svo miklu fè, sem samsvaraði 1800 rd., eður tekjum af Hörgslands og Kaldaðarnesspítölum, þó því að eins, að þeir 600 rd. sè taldir með þessum 1800 rd., en þessir 600 rd. eru greiddir af öllum spítalasjóðunum. Eg skal með fáum orðum færa ástæður fyrir þessu breytingaratkvæði. Eptir því sem reikningurinn er í nefndarálitinu, þá eru tekjur spítalasjóðsins taldar 2,685 rd. Nú hefir varaforseti sagt, að þar með væri eigi talið afgjaldið af spítalajörðunum. Eg sagði það eigi fastlega, heldur kvaðst eg vera hræddur um, að eitthvað væri veilt í þessum reikningi, og það er þó sitthvað. Eg skyldi nú feginn gefa honum rètt í þessu, ef eg gæti, því hann vill helzt hafa rètt í *smámunum*. Hann sagði sjálfur, að leigan af 46,000 rd. væri 1,840 rd., en nefndin hefir talið það 1,812 rd.; það er 28 rd. munur. Eg hefi nú sèð í reikningum fyrir Möðrufellsspítala, að svo mikið fè er á vöxtum fyrir $3^1/_2$% og 3% af þessum sjóði, að það munar 50 rd. ef allt væri fyrir 4%; og er þessi spítali að eins bèr um 8,500 rd. Eg skal og geta þess, að fasteignarafgjald spítalajarðanna er eptir skýrslum í Þjóðólfi eigi nema 387 rd. yfir land allt. En nú er búið að taka eptir konungsúrskurði 12. sept. 1862 600 rd. til læknakennslunnar, og þeir eru þó líklega eigi taldir með hjá nefndinni. Af því þetta kom svona fram, og mèr sýndist nauðsynlegt, að nokkuð væri eptir af tekjum spítalanna, þá vildi eg að eigi væri varið nema nokkrum hluta af tekjunum.

Forseti: Eg vildi eigi útiloka þessa 3 menn, sem orðið hafa fengið, en verð að því búnu að leita atkvæða um, hvort umræðunum skuli hætta.

Ásgeir Einarsson: Það hefir verið talað fram og aptur um breytingaratkvæðin, og er mèr þó enn ekki orðið skiljanlegt neitt um 5. uppástungu-atriðið. Eg vildi því hiðja hinn háttvirta framsögumann og konungsfulltrúa að skýra það fyrir mèr, hvort það eru lög, að skýrslur landlæknis gangi gegnum amtmann eður það er einungis í erindisbrèfi hans. Ef það eru lög, þá held eg að verði mjög mikill vandi að breyta þessu einkum undir því stjórnarformi sem nú er. Eg sagði þegar í byrjuninni, að mèr sýndist að allt læknisfræðislegt, sem hvorki amtmaður nè stjórnarherrann, ef til vill, hefir vit á, þá ætti það að ganga beinlínis frá landlækni til heilbrigðisráðsins. En það sem fjárhagslegt er, sagði eg að hlyti að ganga gegnum amtmann til æðstu fjárstjórnar. Í stjórnarbrèfinu 31. ágúst 1860 er líka einmitt um fjárgjöld. Eg verð nú að skora á framsögumann að skýra þetta fyrir mèr, svo eg gefi ekki atkvæði út í bláinn. En eg sè ekki, hvernig atkvæði verður greitt um þenna tölulið nema efnið sè klofið. Eg óska því, að breytingaratkvæði verði gjörð við þenna tölulið í þessa stefnu, ef eigi á alveg að sleppa honum.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir um það, sem talað hefir verið og skal eg ekki vera langorður. Það var þá fyrst, að varaforseta sýndist að þingið hefði miklu fremur stutt málið en fellt það. Mèr sýnist það nú ekki beysinn stuðningur þegar menn vilja tvístra svona þessum litlu efnum til þess að reisa spítala víðsvegar um landið, þegar svo á að bæta læknakennslu þar ofan á. Eg er nú hræddur um, að þegar til þess kemur að greiða atkvæði um alla þessa halaróu af breytingar- og viðauka-atkvæðum, þá kæmi það betur fram. Hann sagði enn fremur, að hann hallaði sèr að því, sem þingmaður Eyfirðinga fór fram á, en eg er hræddur um, að það sè læknaskólinn sem er á milli þeirra og þeir báðir halla sèr upp að. Það þykir illt að gefa öðrum utan undir, en undarlegra sýnist mèr þó að gefa sjálfum sèr utan undir, eg veit nú ekki hvort varaforseta þykir gaman að því, en mèr þykir það ekki. Eg hugsaði nú, að þegar spítalinn væri kominn á, þá mundi allt ganga í ljúfa löð. En þegar búið er að klípa svona utan af því, sem ganga á til hans, og klipið verður ef til vill meira og meira, þá held eg að verði nú loksins ekki stórt eptir. Varaforseti sagði, að hann gæti eigi fellt sig við kennslu fyrirkomulagið; en eg held að hann geti lítið sagt um það, fyrr en það er komið á. Hann sagði nú enn fremur, að landlæknirinn

ætti ekki kröfu til þessara 600 rd. úr amtsjóði til læknakennslunnar, því að það væri ætlað til aðstoðarlækna. Mèr sýnist þeir nú skrítnir þessir aðstoðarlæknar, eg veit ekki almennilega hverir það eru. Varaforseti sagði að það væri blóðtökumenn. En eg verð nú að segja honum það, að blóðtaka tíðkast nu eigi mjög á vorum dögum. Eg hefi skrifað stjórninni álit mitt um þetta fyrirkomulag, og sagt henni, að þessir svo kölluðu aðstoðarlæknar eins og nú á stendur væri hrein »Carricatur». Stjórnin hefir áður víst verið á nokkurs konar ringulreið, hvað hún ætti að gjöra, en haft bezta vilja að ráða einhverja bót á læknaskortinum og því mun hún eptir tillögum alþingis hafa fallizt á þetta. En því er svo hagað, að ef menn vilja læra nokkuð að gagni í læknisfræði, þá verða menn að læra grundvöllinn, annars er allt ónýtt. Með því nú landsmenn vildu að fè þetta gengi til þessarar læknakennslu, þá get eg ekki annað skilið, en að þeir vilji að það gangi til þeirrar læknakennslu sem getur komið að gagni; og stjórnin gengi víst fúslega inn á þetta. Þess vegna hugsaði eg að þingið mundi nú samkvæmt því, sem það hefir áður gjört, fúslega hjálpa mèr til að ná í þessa 600 rd., og hèlt eg að engin fyrirstaða mundi verða á því, þar sem fè þetta er fast ákvarðað til læknakennslu en eg mundi þar við geta fengið fleiri lærisveina og gæti vel gjört því opinbera skil fyrir haganlegri brúkun þessara peninga. Eg verð og að segja það, að ef amtmenn finna þarna dyr til að smjúga út um, þá munu þeir komast um flest göt. Eg skal síðar sýna brèf frá einum amtmannanna til sönnunar því, að þeir reyna að komast undan þessu með öllu móti. Eg segi það fyrir fram, að þó að þingið felli tölulið 1., þá geng eg með hann sem minni hluti fyrir stjórnina. Varaforseti sagði líka, að ofiítið væri gjört úr tekjunum; eg held það líka; en það held eg að sè lítill skaði; því það þykir gott við alla slíka reikninga, að tekjurnar sè reiknaðar heldur litlar, og hitt er langtum optar, að þær eru of hátt reiknaðar. Þingmaður Suðurmúlasýslu sagði nú, að nefndarálitið hefði átt litlu láni að fagna og eg held, að það sè satt, þegar menn hafa farið út í allt aðra sálma, til að komast hjá að veita þvi liðsinni. Það er nú reyndar margt komið fram svo sem breytingaratkvæði hins heiðraða meðnefndarmanns míns þingmanns Skagfirðinga, sem eg get vel fallizt á. En aptur á móti held eg, að það sè mjög fátt af hinu, sem eg get verið samþykkur. Og hefði eg hugsað, að þessi uppástunga mundi eigi fá betri viðtökur

hjá þinginu, þá held eg að eg hefði sparað mèr það ómak að bera hana fram. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður vildi nú sleppa úr 4. tölulið, svo að menn eigi teföi sig frá embættunum; en eg sè ekki, að það standi ekki á sama, hvort þeir tefja sig 4 mánuði strax eptið examen eða 4 mánuði einhvern tíma síðar. Eg neita því nú ekki, að þenna tölulið mætti orða öðruvísi, t. d. þannig, að fèð væri fyrst um sinn tekið af þessum 4000 rd. sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands, eins og þingmaður Reykvíkinga tók fram; það getur verið að rèttara væri að orða þetta þannig. Hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu var nú nokkuð rólegri en áðan, en þó var læknaskólinn allt af ofan á hjá honum; hann vildi eigi að allt kæmist hingað í Reykjavik; það er nú þessi gamli ólukku tvístrunarþanki, sem menn eiga svo bágt með að yfirvinna. Þá var nú þingmaður Borgfirðinga, sem eg annars held, að sè málinu velviljaður, hann vildi að eigi væri varið til spítalans nema 1840 rd.; en eg held, að það sè ómögulegt að koma honum á fót fyrir þetta fè; og að tvístra sjóðnum held eg eigi sè til annars en setja spenning í landið. Þeir sem hèr eiga að láta fè til heimta þá lækna og spítala hver hjá sèr bæði í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmanna-eyum og í fám orðum í hverri sveit og sýslu landsins. Það er þessi spenningur, sem þingið verður að vara sig á. Það liggur í honum ef til vill, verra eldsneyti en menn halda. Eg get nú ekki betur sèð, en að nefndin hafi farið með reikningana svo lágt sem unnt var. En ef þingið fellst ekki á, að spítali verði stofnaður, þá álít eg málið fallið.

Sveinn Skúlason: Eg hafði ráðgjört mèr breytingaratkvæði, og þótt þau verði eigi alveg eins orðuð eins og eg ráðgjörði áðan, þá áskil eg mèr rètt til að koma með þau, þótt eg víki orðunum dálítið við, án þess að fara fleiri orðum um það nú, þegar menn geta ekki lengur talað.

Pètur Pètursson: Eg held að hinn háttvirti framsögumaður hafi miskilið mig, því eg vildi einmitt styðja 4. niðurlagsatriðið, en einungis gjöra dálitiar breytingar við það.

Páll Melsteð: Eg vildi sem einn af nefndarmönnum leyfa mèr að spyrja þá, sem ætla sèr að gjöra stórkostlegustu breytingaratkvæðin við nefndarálitið, hvort þeir vildu ekki tala fyrst við nefndina áður þeir fara til forseta með breytingaratkæðin, því að eg er annars hræddur um að uppástungurnar verði svo mjög í molum, að það

spilli öllu málinu og eyði því, eins og reynslan hefir sýnt að stundum hefir orðið.

Forseti: Fyrst eigi fleiri þingmenn taka til máls álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið, og skal eg biðja þá þingmenn, sem tekið hafa sèr breytingaratkvæði, að koma með þau til mín fyrir kl. 9 í kvöld. Eg skal geta þess, að til mín er komið nefndarálit í stjórnarbótarmálinu nr. 1, og verður það lagt fram á lestrarsalinn í kvöld. Næsta fund ákveð eg á morgun á hádegi.

Fundi slitið.

Tuttugasti og sjötti fundur — 7. ágúst.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, skal eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit í stjórnarbótarmálinu nr. 2, og verður það lagt fram á lestrarsalinn í dag.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að skýra hinu heiðraða þingi frá, að eg með seinasta póstskipi fèkk frá stjórninni álitsskjal byskupanna og amtmannanna viðvíkjandi fyrirkomulaginu á spítalahlutunum, og hefir mèr verið boðið að tilkynna þinginu efnið í því; en þessi skjöl eru á dönsku og töluvert umfangsmikil, svo eg vil skjóta því til þingsins, hvort ekki mundi rèttast, að afhenda þau nefndinni í læknamálinu, þar sem það kom til orða í gær um spítalahlutina, og einn þingmanna gjörði viðauka-atkvæði viðvíkjandi spítalahlutunum, því þessi skjöl gætu að líkindum verið því atriði til skýringar; eða máske þingið óski heldur, að eg gjörði útdrátt af þeim þangað til á morgun. Eg álít sjálfsagt, að fljótast væri að ljá nefndinni þau til yfirlesturs. Mèr hefir, eins og eg tók fram, ei verið boðið annað, en að gjöra þinginu kunnugt, hvernig málinu nú er komið.

Jón Guðmundsson: Eg held það sè ómögulegt fyrir nefndina, að hafa nein not af þessum skjölum til morguns, þegar þau koma svona seint.

Konungsfulltrúi: Skjölin komu, eins og eg tók fram, með síðasta póstskipi; en byskupinn, sem fyrir Suðuramtið hefir haft spítalamálið til meðferðar, hefir ásamt stiptamtmanni komizt til þeirrar niðurstöðu, hvað Suðurumdæmið snertir, að rèttast muni að bíða með breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, eða sem

menn segja, að »temporisere« að svo komnu, einkum hvað snertir »auctionir« þær, sem nú við gangast á spítalahlutunum, þangað til kringumstæðurnar gefa fullt tilefni til breytinga. Í tilefni af því, sem hinn háttvirti varaforseti tók fram, skal eg leyfa mèr að ítreka það aptur, að viðvíkjandi þessu einstaka atriði, sem kom til umtals í gær, að eg held að nefndin gæti haft mikið gagn af, að sjá skjölin í heild sinni.

Jón Pètursson: Eg skil ekki hvaða gagn nefndin getur haft af þessum skjölum, því hún fer ekkert út í þetta, sem þar er talað um; það var einungis þetta eina viðauka-atkvæði, sem einn þingmanna gjörði í gær, sem skjölin koma við. En með því nú þingið á að dæma um þetta viðauka-atkvæði, væri kannske gott, að það fengi að sjá skjölin, og því væri máske vel til fallið, að þau væri lögð fram á lestrarsalnum og þeim snúið á íslenzku; en nefndin sèrstaklega álít eg að ekki hafi neitt gagn af þeim.

Konungsfulltrúi: Það er sjálfsagt, að ef þingið óskar þess, má eins leggja skjölin fram á lestrarsalinn.

Benidikt Sveinsson: Mèr sýnist sjálfsagt, að ef þingið á að geta haft nokkur not af þessum skjölum, þá sè nauðsynlegt, að þau verði lögð fram á lestrarsalinn lögskipaðan tíma, svo þingmenn geti kynnt sèr þau, og álít eg þá einnig sjálfsagt, að þau verði lögð út á íslenzku, eins og önnur skjöl, sem þar eru til sýnis.

Jón Hjaltalín: Sem nefndarmaður og framsögumaður í læknamálinu vil eg taka það fram, að við, höfum eins og þingið veit, ekkert farið út í þetta mál, sem hèr ræðir um. Svo er nú ekki útsèð enn um, hvernig fer með þetta læknamál, svo eg held að bezt sè að bíða með þetta til næsta þings.

Forseti: Eg get ekki annað álitið, en að það sè ofnaumur tími, að þýða þessi skjöl þangað til á morgun, þegar læknamálið verður tekið fyrir; og það má þá ekki dragast, að af ljúka þeim málum, sem fyrir hendi eru. Mèr finnast þessi skjöl líka viðvíkja einungis sèrstöku atriði málsins, og þá einkum við koma þingmanni Reykvíkinga, sem bar upp viðauka-atkvæðið.

H. Kr. Friðriksson: Eg álít það áríðandi fyrir þingið að fá þessi skjöl, svo það geti skorið úr því með ástæðum, hvort það eigi að fella viðauka-atkvæði mitt eður eigi; því eg ætla mèr þó ekki að taka það aptur að svo stöddu, og tel eg því ekki óþarft, að skjölin yrðu lögð fram.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu

og atkvæðagreiðslu málið um löggildingu kauptúns við Lambhússund. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga. Það komu engin breytingaratkvæði fram, nema þessi breyting, sem nefndin áskildi sèr á vara-uppástungu sinni, og vona eg að þingmenn hafi hana uppskrifaða fyrir sèr, því eg áleit óþarft, að láta prenta atkvæðaskrá.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 278.

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Eg hef nú lítið að segja um málið að svo stöddu; því mótbárum þeim, sem fram hafa komið mótt því, var svarað við undirbúningsumræðuna. Eg vil að eins gefa nokkrar skýringar um höfnina á Lambhússundum. Eg hefi talað við kunnugan mann, hreppstjórann á Akranesi, og hann hefir gefið mèr svo nákvæmar skýrslur um höfnina, sem ákjosanlegt er. Auk þess get eg skýrskotað til kaupmanns hèr í bænum, sem lá á höfn þessari í fyrra, og hann staðfesti alveg þá skýrslu sem hinn maðurinn hafði gefið mèr. Sigla má inn á höfnina tvö sund eður leiðar, fram með skergörðum þeim sem ganga út á 2 vegu við höfnina, og mynda horn hèr um bil 35 mælistig að vídd. Skergarðar þessir eru svo háir, að sjór getur ekki fallið yfir þá, nema í stórstraumsflóðum fellur nokkuð yfir lægstu slakkana. Milli enda skergarðanna og á miðju sundinu er stórt sker upp úr sjó, sem tekur af allan sjó, þá er vindur stendur inn sundið. Menn sigla nú inn báðumegin við skerið; sund þau eru eigi mjög mjó, því aðdjúpt er, og sá kaflinn er stuttur, sem mjóstur er. Ef menn fara nyrðri leiðina, þá sigla menn beint í austur, en ef farin er syðri leiðin, er siglt mitt á milli norðurs og austurs, svo að sigla má inn á höfnina með hverjum vindi sem er, nema þegar hann er beint á landnorðan. Höfnin sjálf er nú svo, að innst er hún svo grunn, að skip liggja þar á þurru um fjöru; en það sakar eigi. Þar kom, til dæmis að taka, skip í sumar, sem tilheyrði Ritchie laxakaupmanni, og lá þar á þurru öldungis að skaðlausu. Botninn er sandbotn, og enginn steinn svo innarlega. Þegar utar kemur, er pollur djúpur, meir en 8 fet, með háfjöru, og er svo stór, að 2 skip geta legið þar í senn: þar hafa líka legið skip í sumar fyrir akkerum, er lögð voru aptur úr og fram úr skipinu, og álitu stýrimenn sèr alveg óhætt að liggja svo. Fyrir utan pollinn yzt í mynninu er djúpt, og þar hafa líka skip legið, en þar er höfnin opin fyrir sjó af suðri ef eigi er lagzt í hlè af skerinu. Þegar skip liggja rètt fyrir innan pollinn, geta þau, sem djúpt rista

höggið niður um háfjöru, en þó að eins svo sem 2 tíma. En þó nú skipið liggi út á pollinum, eða jafnvel utar, er það þó nær til uppskipunar, en t. d. skip eru á höfninni hèr í Reykjavík. Eins og eg hefi áður á vikið, sjást á einstöku stað kollóttir steinar í botninum, en þeir eru smáir, og leirbotn er allt í kring utar á höfninni, en sandbotn innar. Þetta er nú lýsingin, og hún er staðfest af kaupmanni Þorvaldi Stephensen hèr í bænum, sem var þar með skip í fyrra, og eg verð því að álíta hana alveg rètta og sannleikanum samhljóða. Samkvæmt henni verð eg nú að álíta, að margar hafnir, sem kallaðar eru góðar og tryggar, sè sömu eður enda lakari annmörkum bundnar; enda gaf hinn háttvirti þingmaður fyrir Snæfellsnessýslu og eins Vestmanneyjar upplýsingar um aðrar hafnir sem þeir þekktu við undirbúningsumræðuna. Eg veit til um hafnirnar á Sauðarkrók og einkum á Borðeyri, þykir þar skipum ekkert fyrir að reka upp í land um fjöruna, og fara svo út aptur með flóði, og þeir segja, að sèr standi á sama, hvort þeir hafi þar akker eður eigi. Fleira skal eg ekki tala að sinni, fyrr en eg annaðhvort heyri nýjar mótbárur, eða þær mótbárur ítrekaðar, sem fram komu um daginn.

Brynjólfur Jónsson: Út af því hinn háttvirti framsögumaðar tók fram um höfnina, og taldi henni allt mögulegt til ágætis, þá vil eg leyfa mèr að taka fram fáein atriði, sem fara í nokkuð aðra átt en þessi skýrsla. Eg hef nú talað við mann, sem var þar í sumar á skipi einu, sem þangað var sent til kaupskapar, og kvaðst með fram hafa verið þar svo sem hafnsögumaður, og er langt frá, að hann hafi lýst henni eins tryggri og framsögumaður hefir gjört. Hann sagði, að botninn í höfninni væri allur urð undir niðri, en þunnt sandlag lægi ofan á, og upp úr því stæðu steinar hèr og hvar; enn fremur væri hún svo grunn, að menn, eins og hann tók til orða, »gætu á stígvèlum komizt þurrt út að skipunum um fjöruna; hann gat þess og, að utar í höfninni væri pollur sá, sem framsögumaður hefir nefnt, sem væri nógu djúpur, en hann væri að eins 1 skips eða lambhúslengd, og áliti hann það því ógjörning, að hafa þar skipalegu. Þetta kemur nú ekki alveg saman við það, sem framsögumaður skýrði frá; líklega er nokkuð satt í hvorutveggja, og þá máske líka nokkuð ósatt (*Framsögumaður*: Hver var þessi maður?) Eg álít mig eigi skyldan til að nafngreina hann, enda þekki eg nú sem stendur ekki nafn hans, en skýrsla hans getur verið eins góð fyrir því.

Framsögumaður: Eg verð að álíta þessa skýrslu býsna ógreinilega og harla ómerkilega, þegar þingmaðurinn veit engin deili á sögumanninum; skoða eg þetta sem markleysu eina, og verð að trúa betur bæði þeim kaupmönnum, sem hafa verið þar, og mönnum, sem eru búsettir þar á staðnum.

Stefán Eiríksson: Eg var nú meðmæltur máli þessu, þegar það kom hèr fyrst inn á þing, og eg var einn í nefndinni í hitt eð fyrra, svo eg get þó ekki fundið neinu ástæðu til að hverfa frá því sem þingið samþykkti seinast, þó stjórnin ekki hafi getað fallizt á það, og því síður finnst mèr að þingið nú geta verið móti sèr, sem bænarskráin var með undirskript hinna merkustu manna úr Borgarfirði, þeir biðja þó þessa af því, þeim finnst hagur sinn við það batna í tilliti til aðflutninganna. Það hafa að vísu komið fram frá þeim sem eru á móti málinu þær ástæður, að æfinlega megi búast við einokun á þessum einsetukaupstöðum, og það er að vísu satt, en Borgfirðingar geta æfinlega bundið kaupmann þann er þar væri á borð við kaupmenn hèr í Reykjavík með prísa, og þegar eg skoða þetta mál út frá okkur Skaptfellingum, sem nú höfum fengið verzlun á Papós, þá er það víst, að Skaptfellingar hafa unnið mikið við það í tilliti til allra aðflutninga, og það er einmitt vegna aðflutninganna að Borgfirðingar biðja þessa, og að þeim legast opt við sjóferðir sínar hingað; af þessu sem eg hefi nú sagt finnst mèr að þingið ekki hafi neinn rètt að setja sig upp á móti eindreginni bón innbúa úr heilli sýslu, þegar yfirgnæfandi ástæður ekki hafa komið fram móti því sem biðjendurnir fara fram.

Jón Ijaltalín: Eg verð nú að segja það, að eg þekki ekki vel þenna stað; en eg kom þar þó í fyrra, og leizt vel á hann, og eg held hann liggi vel við, ef menn annars ætla að fara að gjöra sèr það að reglu, að setja kaupstaði alstaðar, þar sem þeir liggja vel við. Eg skal nú ekkert segja um höfnina, en ekki skal eg neita því, að heyrt hef eg það sama um hana, sem þingmaður Vestmanna-eyja tók fram, að þar sè óliggjandi fyrir skip um fjöruna. En höndlunarlöggjöfin gefur einmitt leyfi til þessa, sem hèr er farið fram á; eptir henni má eins koma á verzlun í Kollafirði og annarstaðar; því þeir sem þar búa í kring, þurfa ekki annað en segja við einhvern kaupmann: »Okkur þætti vænt, að þèr flyttuð upp eptir til okkar dálítið af steinkolum, en þèr vitið líka kaupmaður góður, að eg brúka dálítið upp í mig, og svo þarf eg líka nokkuð í bollann minn; eg vona að þèr stingið þessu á bak við eyrað«.

þegar því svona er búið að skemma verzlunarlög vor, sem nærfellt í flestu miða til að drepa niður öllu verzlunarafli, og kaupmenn sjálfir styðja að því, þá sè eg ekki hvers vegna Borgfirðingar eiga að verða út undan (*Jón Guðmundsson*: Seltjerningar þá ekki heldur?) Nei, ekki heldur þeir, því það liggur beinlínis í löggjöfinni.

Framsögumaður: Eg vil bæta því við það, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að, eins og allir vita, hafa kaupmenn hèr í Reykjavík reist saltbúðir suður með öllum sjó, og þar selja þeir opinberlega kaffi, sykur og brennuvín, og það sýnist mèr enn fremur vera ástæða fyrir því, að þeir sjálfir biðji um, að þeir geti gjört það sama löglega, sem þeir nú gjöra ólöglega.

Konungsfulltrúi: Eg get engan veginn verið samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að það sè samkvæmt löggjöfinni, að biðja um þetta; hann blandar auðsjáanlega saman flutningum á vörum og stofnun á kaupstöðum; það er allt annað að stofna kaupstað en að flytja nauðynjavörur á vissar hafnir eða staði. Hvað það snertir, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að kaupmenn hèr byggðu salthús suður með sjó, þá held eg, að engin ástæða sè til að kvarta yfir því, því það hlýtur að vera landsmönnum til hins mesta hægðarauka. En að þeir verzli þar um leið er mèr ókunnugt, ef það er þá er það í pukri, og geta varla verið mikil brögð að því.

Gísli Brynjúlfsson: Út af því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði verð eg þó enn að taka það fram, að eptir þeim verzlunarlögum, sem enn gilda hèr í landi, er hverjum útlendum kaupmanni leyft að hafa Ísland fyrir selstöðu eða verstöðu fyrir að eins 2 rd. gjald. Vara-uppástunga nefndarinnar fer nú að eins fram á, að leyfa reglulega íslenzkum kaupmönnum að hafa sölubúðir við Lambhússund, og eg get þó ei annað sèð en að það æfinlega sè miklu betra að leyfa Íslendingum sjálfum að hafa verzlunarsel á ýmsum stöðum í landinu, heldur en að eins að láta það allt af standa við hið gamla, að útlendir menn megi hafa landið allt að seli eptir sem þeim lízt.

Konungsfulltrúi: Eg get ekki kallað það að hafa landið fyrir selstöðu, þó kaupmenn flytji nauðsynjavörur til vissra hafna, landsmönnum til hagnaðar og hægðarauka. En ef þetta er svo sem hann segir, þá er það eptir sjálfs þingsins ósk og beiðni. Að flutningsleyfið kunni stundum að vera misbrúkað, þannig að kaupmenn hafi meðferðis vigt og mæli, og selji munaðarvöru á þessum flutnings-

ferðum sínum, það getur verið, þó eg ætli lítil brögð að því; en það eru engin þau lög, sem ekki má fara í kring um, eður í sjálfu sèr er flutningsleyfið góð ráðstöfun og getur orðið og er lika orðið að góðum notum, og hefir bætt mikið úr erfiðleikum landsmanna að nálgast nauðsynjar sínar úr verzluninni.

Framsögumaður: Eg vil svara hinum háttvirta konungsfulltrúa því, að það var engan veginn meining mín, að kvarta yfir því, að salthúsin væri reist; eg álít það þvert á móti landsmönnum til mikils hagnaðar. En úr því kaupmenn sjálfir gjöra þetta, sem eg og áðan tók fram, þá finnst mèr því meiri ástæða vera til, að fá kauptún löggilt, þar sem álitin er brýn nauðsyn til þess, svo að kaupmenn geti haft fulla lagaheimild fyrir því, sem þeir gjöra nú, án þess að hafa fullt lagaleyfi.

Jón Pèturssón: Mèr finnst það ekki fullkomlega rètt, sem hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga sagði, að útlendar þjóðir mætti hafa hèr í seli, í hið minnsta held eg þær megi það ekki, eptir löggjöfinni. Eg get ekki skilið hana svo, að þeir sem ern búsettir í öðrum ríkjum, megi jafnframt hafa hèr fasta verzlun á landi, og hafa hèr eins og í seli. Það var reyndar í hinum eldri verzlunarlögum ákveðið um, að danskir kaupmenn mætti hafa hèr verzlun og verzlunarfulltrúa fyrir sig, þó þeir vær búsettir í Danmörku og þetta gildir enn þá, en þar fyrir er ekki sagt, að utanríkismenn hafi þenna rètt, þó þegnar konungsins njóti hans og útþrykkilega veitir löggjöfin þeim hann ekki, hitt er annað, að utanríkismenn mega koma hèr á skipum sínum og verzla; sömuleiðis ef þeir setja sig hèr niður, njóta þeir sömu rèttinda og aðrir innlendir fastir kaupmenn, og eins ef þeir eru í verzlunarfèlagi við kaupmenn sem hèr á landi eru búsettir.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var síðan gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

1. Niðurlagsatriði nefndarinnar samþykkt með 15 atkv. gegn 5.
2. Breytingaratkvæði meiri hlutans við vara-atkvæði hans samþykkt með 18 atkv. gegn 3.
3. Hvert rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 18 atkv. gegn 3.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálit í *fiskiveiðamálinu.* Eg tók það í einu lagi á dagskrána, þó nefndarálitið sè í tvennu lagi, nefnilega um aðalmálið

og um *ránið á eyjunni Vigur*. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (*Gísli Brynjúlfsson*): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 279.

Eg skal að svo stöddu eigi bæta neinu við það, sem eg nú hefi lesið upp, en eg vona að eins, að um málið sjálft þurfi ekki að verða mikill meiningamunur. Eg er fús á að viðurkenna, að úrræði þau, sem nefndin hefir stungið upp á, eru engan veginn nægileg til tryggingar, en vèr gátum eptir því sem er til hagað ekkert annað fundið. En ef einhverjir sjá betri ráð, sem dugi, þá munum vèr taka þeim með gleði.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Borgfirðinga hefir tilkynnt mèr, að hann yrði að ganga af fundi sökum annríkis við nefndarstörf.

Konungsfulltrúi: Eg hefi frá mínu sjónarmiði fátt að athuga við það nefndarálit, sem hèr liggur fyrir, því eg fæ ekki betur sèð, en að það sè samið með allri þeirri nærgætni og hliðsjón af kringumstæðum þeim, sem hèr eiga sèr stað, og að mínu áliti hefir aldrei jafnskýrt og glögglega verið tekið fram, að það tjáir ekki, hversu æskilegt sem það að öðru leyti kynni að vera, að biðja stjórnina um, að koma á verulegum undantekningum um fiskiveiðar útlendra hèr við land, frá þeim yfirhöfuð gildandi grundvallarreglum þjóðarrèttarins um fiskiveiðar á höfnum, og tel eg þetta mikinn kost á nefndarálitinu, því þegar Íslendingum er orðið þaðljóst, og það getur þeim orðið það af þessu nefndaráliti, að stjórnin, þó hún væri af öllum vilja gjörð og hvað fegin sem hún vildi, ekki getur gjört meira, en hún gjörir, og að henni er ómögulegt, að halda upp fiskiveiðarèttindum Íslendinga í svo rúmum skilningi, sem þeir fara fram á, þá held eg það víst, að þeir muni hætta þeim umkvörtunum, sem nú koma úr öllum áttum, en sem stjórnin ekki getur bætt úr, að minnsta kosti ekki eins og menn óska og kalla sig eiga heimting á. Hvað því næst sjálf niðurlagsatriðin snertir, þá virðist mèr nr. 1 vel til fallið, því með því fyrirkomulagi geta hlutaðeigendur að minnsta kosti ekki afsakað sig með »ignorantia juris«, þegar þeir spilla hèr varplöndum, eða gjöra hèr annan óskunda, sem stundum þó ber við, og á úteyjum hèr við land getur verið af því, að þeir ætli, að þess konar eyjar sè einskis eign. Þetta fyrirkomulag er og svo

samkvæmt því, sem stjórnin gjörði viðvíkjandi verzlunarlögunum. 2. niðurlagsatriðið virðist mèr líka vel hugsað, og fara í sömu stefnu, sem stjórnin hefir hugsað sèr, þegar hún segir, eptir að hún er búin að lýsa því yfir, að það sè ekki líkindi til, að með samningum náist það úrslit, sem Íslendingar muni geta unað við, og enda ekki svo hagfellt úrslit, sem náðst geti með því að láta vera að heimta, að útlendar þjóðir skuli binda sig við samninga, að menn eigi að leitast við að fá útlenda fiskimenn til að halda sig eptir konungsúrskurði frá 1812, og einkum leggja áherzluna á það atriði, að þeir ekki fari inn á firði og bugtir, og sèr í lagi ekki inn á Fuxabugtina og inn á Breiðafjörð, enda þó þeir ekki komi nær landi, en svari 1 mílu eða viku sjávar, og eg þykist geta verið sannfærður um, að franska stjórnin, sem hefir tekið svo vel í málið, mundi veita þessari ósk Íslendinga góðan gaum, og mèr getur ekki heldur skilizt betur, en að málið, ef þetta fengist, væri komið í svo gott horf, sem unnt er að koma því, að athuguðum öllum kringumstæðum. Viðvíkjandi 3. atriðinu skal eg leyfa mèr að athuga, að það að vísu er með stjórnarbrèfi frá 21. febr. 1859 gefin von um, að ef hèr yrði stofnuð fiskiveiðafèlög, mundi stjórnin styrkja þau með nokkru fè; en slík fèlög hafa síðan hvergi verið stofnuð, og ekki nein útsjón til, að þau verði hèr stofnuð að svo komnu, og að öðru leyti virðist geta verið nokkur efi á því, hvort það eigi við, eða sè yfirhöfuð nauðsynlegt eða hagfellt, að stjórnin hlutist í þess konar fyrirtæki, sem eptir eðli þeirra eru mest og bezt komin undir framkvæmdum »privat«manna, eins og líka það virðist í augum uppi, að stjórnin, meðan ekki er komið algjörlega í kring með fjárhagsmál Íslands gagnvart Danmörku, ekki muni finna næga ástæðu til að veita þann fjárstyrk, sem hèr ræðir um, og sem, ef hann ætti að koma að tilætluðum notum, sjálfsagt yrði að vera talsverður. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta nefndarálit, sem eg, eins og eg upphaflega tók fram, álít samið með þeirri stillingu og gætni og allri þeirri hliðsjón af kringumstæðunum, sem æskileg má virðast í máli, sem er svo sèrstaklegs eðlis, og vona eg hið heiðraða þing yfirhöfuð fallizt á nefndarálitið í öllum þess aðalatriðum.

Hvað því næst snertir nefndarálitið nr. 2 um óskundann á eynni Vigur, skal eg geta þess, að stiptsyfirvöldin að vísu munu fúslega vilja styðja að því, að það mál geti fengið sem bezt úrslit, en það þarf að leita ýtarlegri upplýsinga í málinu, eins og bæði

þingið sjálft, þegar málið kom fyrst fyrir, og nefndin hefir tekið fram, svo málið getur ómögulega komizt í kring eins fljótt og nefndin virðist ætlast til, því að senda málið til stjórnarinnar illa upplýst og undirbúið, er hið sama sem að spilla því algjörlega.

Jón Guðmundsson: Það er nú hvortveggja, að eg stend ekki eins nærri stjórninni eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi, þótt við að líkindum stöndum báðir jafn nærri fósturjörðu vorri og hennar sanna gagni, enda get eg nú ekki lokið eins miklu lofsorði á aðgjörðir nefndarinnar eins og hann hefir gjört, það er sjálfsagt að nefndarálitið er samið með hógværð og stillingu; en þegar litið er til þess, hvaða mál hèr er um að ræða, þar sem svo má að orði kveða sem að lífsbjörg og velferð að minnsta kosti alls þriðjungs landsmanna sè í veði, og þegar litið er til þess, hvernig vægast, eg nefni að eins *vægast,* hefir verið tekið í þetta mál hèr á fyrri þingum og einkum á þinginu 1861, þá álít eg að sú verði niðurstaðan, að þetta nefndarálit eða einkum niðurstaða nefndarinnar sè verri en ekki neitt. Því að þar kemur fram svo mikil tilslökun, frá því sem fyrr hefir verið haldið fram á þinginu, að einungis er farið fram á þetta: Ef Danastjórn vill veita oss nokkra ásjá, þá biðjum vèr hana, »að fara nú að *leitast við,* að hinar sèrstaklegu kringumstæður þessa lands og rèttindi í þessu efni verði viðurkennd«. En hve nær á hún leitast við að þetta verði viðurkennt? Þetta er nú mikil hjálp, um það leyti fiskiduggur Frakka fjölga svona ár frá ári, og færa sig svo upp á skaptið með það hvað þær eru nærgöngular, að þær jafnvel hópum saman reka sig á tanga og sker rètt út frá byggðum manna og brjóta sig þar í spón. Á þá að hverfa frá því sem enska stjórnin benti Danastjórn á í milliskriptunum 1860, að eina ráðið væri hèr það að gjöra sèrstaka samninga við hlutaðeigandi stjórnir? En þegar alþingi nú, eptir tillögum nefndarinnar, á að fara að ganga aptur á bak og lýsa því yfir, að oss liggi eigi á, vèr sèum ánægðir ef stjórnin vill gjöra svo vel og »*leitast við*«, að semja við hinar stjórnirnar. En það megum vèr þó vita víst, að þorskurinn bíður ekki, þótt vèr, ef til vill, getum beðið þess, að oss sè alveg meinað að afla hans af útlendum fiskiduggusæg. En á þessa leið finnst mèr aðalstefnan í málinu hjá nefndinni. Eg játa það nú með konungsfulltrúa, að eptir því sem stjórnin tók í málið í vor, er hún eigi einu sinni fæst til að reyna að gjöra sèrstakan samning, þá lítur ekki út fyrir að mikið verði á unnið. Það kann nú reyndar að gefast betur en á

horfist, ef vèr förum því eina fram, sem vèr vitum að Danastjórn vill helzt heyra; en eg get þó ekki sèð, hvað það geti verið, sem borið hefir á milli síðan í hitt eð fyrra, að eigi megi endurnýja þá bæn til stjórnarinnar, að hún reyni að hafa fram einhvern þann sèrstakan þjóðsamning til að vernda rèttindi vor og fiskhelgi, sem oss mætti vera að borgnara fyrir. Það sýnir þó þetta litla dæmi í Vigur og þessi 4 strönd, sem hèrna hafa orðið rètt upp í landsteinunum í vor, hvort Frakkar sè ekki að færa sig hèr upp á skaptið og það háskalega. Það er og eitt, er mèr þykir að nefndarálitinu, að þar er gefið í skyn, að það sè jafnt enskir og frakkneskir fiskimenn, sem veita oss þenna yfirgang og óskunda hèr við land; það lítur svo út eptir nefndarálitinu, sem hèr sè að eins að ræða um eina og eina skútu á stangli, ýmist frá Frakklandi eða Englandi eða frá öðrum þjóðum, og síðan, gefið í skyn að þetta geti orðið skaðlegt ef það fari í vöxt; en enn þá sè eigi svo mikil brögð að þessu, að gjörandi sè orð að því. Mèr sýnist það eigi rètt að setja það í samband hvað við annað, að samningur sè gjörður jafnt við Frakka og Englendinga; því að fiskiveiðar Englendinga hèr við land eru alls ekki teljandi. Þar á móti vitum vèr af frakkneskum og dönskum dagblöðum, að Frakkar gera nú orðið út hingað yfir 300 fiskiduggur árlega. Mèr sýnist þetta aðgæzluvert, að fèlag það, er gjörir skip út hingað, er styrkt og stutt af einhverri hinni voldugustu stjórn í Evropu bæði með verðlaunum og öðru fè, einkaleyfum, 2 herskipum þeim til verndar og öðrum útbúnaði. Mèr sýnist því þingið eigi nú um síðir að taka þetta skýrt fram við stjórnina, þótt alþingi hafi ekki gjört það að undanförnu, enda er ekki enn að sjá, en að stjórnin sè óvitandi um þetta, og hafi svo það eina fyrir augum, að hèr væri einungis að ræða um fáeinar frakkneskar fiskiskútur á stangli, og þess vegna hefir hún líka jafnan skrifazt jafnt á við ensku stjórnina og stjórn Frakka um þetta efni, og hefir verið svo á Danastjórn að skilja, að hèr mundi ekki vera um neitt verulegt að ræða í raun og veru. Þegar nú gáð er að því, sem stendur í einhverju hinu helzta dagblaði Dana, að á hinum síðustu 10 árum, þá hafi ferfaldast fiskiskipa-útgerð Frakka hingað undir land, þá sýnist mèr það ástæða fyrir þingið að brýna fyrir stjórninni, hvort eigi sè meira tilefni til að semja sèrstaklega að minnsta kosti við Frakka, svo að eigi gjöreyðist þessi bjargræðisvegur landsbúa, sem hèr er í veði. Þetta vildi eg að þingið tæki eindregið fram í álitsskjalinu til konungs. Þess vegna sýnist mèr, að vèr

ættum nú engu síður en í hitt eð fyrra að fylgja því fast fram við stjórnina, að hún gjöri sem allrafyrst tilraun til að koma á samningi einkum við Frakka sèrstaklega, svo að fiskihelgi vor verði friðhelg fyir yfirgangi útlendra fiskimanna, ef vèr eigum að verða aðnjótandi einhverrar landshelgi og almennrar fiskhelgi á annað borð. Það eru víst ekki nein dæmi til þess, að nokkur þjóð sè sú, er ekki vilji kannast við það, að 1 »lieu« sè ekki nóg landhelgistakmark, þar sem fiskimiðum og kringumstæðum landsmanna hagar eins og þær eru hèr umhverfis Ísland. Ef þetta er borið reglulega upp fyrir Frakkastjórn, skal eg ekki trúa því, að hún eigi vilji viðurkenna, og það fúslega, að það er sannarleg eign landsmanna, sem Íslendingar sækja á opnum bátum, tveggjamannaförum og stærri róðrarbátum ár út og inn, og að það sè eigi sæmandi fyrir volduga og göfuga þjóð að ræna varnarlausan landslýð og fátækan þessari eign sinni og aðalbjargræði. Eg verð að ganga út frá því, sem engi hefir nokkru sinni efað, að Frakkar sè veglynd þjóð, sem eigi vildi láta það spyrjast af sèr, að þeir eyði bjargræðisvegi vorum, sem erum vopnlaus og verndarlaus þjóð. Ef Danastjórn leiddi nú Frökkum þetta ítarlega fyrir sjónir, get eg eigi skilið, að veruleg fyrirstaða yrði á samningum. Eg get nú eigi heldur sèð, að Danastjórn geti verið þekkt að því, að vilja eigi leiða frakknesku stjórninni þetta fyrir sjónir, eða að færast undan því, að neyta þeirrar aðferðar, sem henni er einmitt bent til í brèfi ensku stjórnarinnar 1860, að vilji Danastjórn hafa fram sèrstakleg takmörk og rýmri hèr við land, heldur en almennt er viðurkennt í þjóðrètti, þá verði hún og að reyna að koma á sèrstökum þjóðsamningi um þetta. En á meðan Danastjórn fyndi ástæðu til að færast undan þessu af líkum rökum, eins og hún bar fyrir í vor, þá ætti þingið að biðja um, að stjórnin sjái til, að þessi sjóarmílu-takmörk eptir þjóðrèttinum sè vernduð, svo að fiskiskútur Frakka sè eigi allt af langt fyrir innan sjávarmílu frá landi, og brjóti sig þar í spón sumar, en gjöreyði bezta atvinnuveg og bjargræði landsmanna. Stjórnin verður að viðurkenna, að annaðhvort verði hún að útvega ný takmörk, eður í annan stað, að vernda hin gömlu takmörk. Stjórnin mun segja: »það hefir verið gjört í ár«; en það sýnir sig nú bezt, hvað þetta danska herskip, sem hèr hefir verið í sumar hefir haldið góðan vörð; það er of alkunnugt og hljóðbært orðið til þess eg vilji eyða orðum að því. Af þessum ástæðum ætla eg að bera upp breytingaratkvæði í þá stefnu, sem nú

hefi eg talað. Mig gildir einu þótt eg standi einn uppi með þau, en eg vil einungis láta þingtíðindin bera með sèr ástæðurnar fyrir því, því að eg álít velferð þessa lands þar undir komna, að bráður bugur sè undinn að máli þessu og eindregnari heldur en hefir verið að fagna hingað til. Niðurlagsatriði hinnar sömu nefndar í ránsmálinu fullnægir mèr nú engan veginn, og því síður nægir mèr álit konungsfulltrúa um málið. Það er eins og hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður tók fram við inngangsumræðuna í þessu máli, að þar eð það mætti þykja óyggjandi, að hèr hafi orðið verulegur skaði, þar sem presturinn, er allir þekktu sem trúverðugan mann hefði kvartað yfir því, þá væri það málinu til spillingar einnar að fresta því til þess að leita ítarlegri upplýsinga og sannana sem auðsætt er að ómögulegt er að fá eptir því sem hèr stendur á. Eða hvaða skýrslur eða sannanir ætlast þá hinn háttvirti konungsfulltrúi til að stiptamtmaður muni geta útvegað? Þó að þingvitni væri tekin, þá gæti það ekki orðið fyrr en að vori, og þó að bændur væri kvaddir til vottorðs um þetta mál, þá mundu þeir að eins staðhæfa það eina, að sóknarpresturinn segði satt og rètt frá öllum málavöxtum. Ef menn nú segja eptir sem áður: Þetta er ekki sannað; á þá presturinn að vera skaðabótalaus þar sem ómögulegt er að sanna neitt fullum lagasönnunum, t. d. um það, hverrar þjóðar skip það hafi verið sem ránskapinn framdi. Eg held því að nær liggi að fara í sömu stefnu og nefndin hefir farið, þó með þeim viðauka, að þingið skori jafnframt á stiptamtmann að fara þess á leit við herforingja Frakka, sem enn er hèr, að hvað miklu leyti hann mundi vera tilleiðanlegur að bæta skaða þann, sem hèr hefir orðið eptir þeim upplýsingum sem fram eru komnar frá prestinum og eptir þeim upplýsingum sem þingmaðurinn úr því kjördæmi hefir þegar gefið og alþingi tekið trúanlegt, þetta allt til samans hlýtur þó að hafa ekki svo litla þýðingu. Ef nú herforinginn segir: Málið er eigi svo upplýst, að eg geti greitt bætur fyrir skaða þenna, þá hefir þó stiptamtmaðurinn því meiri ástæðu til að fara fyrir Danastjórn með þetta mál og biðja hana að blutast til um það, að presturinn fái skaðabætur. Ef hinn vegurinn er farinn, sem konungsfulltrúi benti til, þá sýnist mèr það eigi vera annað en að fara frá Heródes til Pilatusar. Eptir bendingum hans, þá á fyrst að leita þingvitna, en það getur nú ekki orðið fyrr en að vori 1864, svo fer málið frá sýslumanni til stiptamtmanns, frá stiptamtmanni til lögstjórnarinnar, frá henni aptur til utanríkisráðgjafans, frá honum

til danska sendiherrans í Parísarborg, frá honum til frakkneska sendiherrans í Kaupmannahöfn. frá honum til utanríkisstjórnar Frakkakeisara frá henni til sjóliðsráðherrans á Frakklandi, frá honum til sjóforingjans sem hèr var 1863 og frá honum til kaupmannfèlagsins í Dúnkirkju. Svo berst málið aptur þessa sömu beinu(!) boðleið til baka til stiptamtmannsins, og þá mun mega að því vísu ganga, að eigi sè annar orðinn árangurinn, en að ekki þykja nægar upplýsingar komnar til þess að skaðinn verði bættur, og yfirvöldin hèr verða spurð að, hvort þau vilji eigi leita nýrra upplýsinga. Hinn vegurinn, sem eg áðan benti á, sýnist mèr miklu styttri og líklegri til einhvers árangurs áður en langt liði um, og annaðhvort fást skaðabæturnar með því móti, eða þó þær fáist ekki, þá hefir stiptamtmaður samt sem áður meiri og betri ástæður gagnvart stjórninni í þessu máli. Reyndar get eg ekkt búizt við því, að Danastjórn vilji greiða skaðabætur fyrir útlenda fiskimenn. Eg skal þá ekki tala fleira í þessu máli, en geymi mèr að eins rètt til breytingar- og viðauka-atkvæða í þá stefnu, sem nú hefi eg talað.

Konungsfulltrúi: Mèr skilst á orðum hins heiðraða varaforseta viðvíkjandi málinu um óskundann á eynni Vigur, að hann vildi að málið yrði nú þegar sent stjórninni til úrslita; en eptir því sem kom fram í umræðunum á þinginu, þegar málið fyrst kom til umræðu, er það augljóst, að hèr þarf fyrst að útvega ítarlegri upplýsingu, bæði um hvað skaðinn hafi verið mikill, og einkum um það, hverjir hafi gjört uslann á eynni og fleira. Hvað það snertir, að stiptamtmaðurinn skyldi bera málið undir franska skipsforingjann, og vita hvernig hann tæki í það, þá er reyndar ekki neitt á móti því í sjálfu sèr, en eg get ekki skilið, að nokkuð verulegt geti komið út af því, nema maður með nokkurn veginn vissu geti vísað á, hverjir valdir sè að verkinu, og einkum, að það sè franskir fiskimenn. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að taka það fram, að eg veit ekki betur, en að franski skipsforinginn hafi sent það franska herskip, sem hèr var á höfninni, en nú er farið hèðan, austur til þess að rannsaka þetta mál, sem hann hafði fengið áæning um, en þó veit eg þetta ekki með fullri vissu.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala um nefndarálitið, sem fyrr var upp lesið, en þó varaforseti hafi nú tekið margt það fram, er eg vildi hafa sagt um kærumálið, þá ætla eg þó að tala fáein orð um það atriði. Þar sem nefndin talar um, að kærunni

ekki hafi fylgt lögmæt skjöl eða vottorð, hverjir hafi framið ránið, þá er það tekið fram í kæruskjalinu, að það hafi Frakkar verið, og með því að Frakkar eiga allan þann skipastól, eða víst mest allan sem hèr fiskar undir landinu, þá skil eg ekki í, að frekari sannanir þurfi en fram eru komnar, því ómögulegt var fyrir prestinn að ná nöfnum ránsduggnanna, því strax daginn eptir voru þær komnar á haf út, og blöð þessi sem fundust á Vigur, eru þó vottur þess, að það hafi Frakkar verið, og við höfum líka dæmin fyrir augum frá Austfjörðum, að það eru einmitt Frakkar sem ræna hèr en engir aðrir, svo sannanirnar sýnast nægar um það, hverjir þessir ránsbófar hafi verið, þá talar nefndin um það, að kærunni ekki hafi fylgt lögmætt mat á upphæð skaðans, og því sè ekki hægt að ákveða neitt um upphæð skaðabótanna. Presturinn segir þó sjálfur í kæruskjalinu, að hann missi við rán þetta fullan helming tekja sinna, og þegar eg nú byggi á því, og ber það saman við brauðamatið 1854, þá má sjá hver skaðinn er í snöggu bragði, en eptir verðlagi sem nú er á vörutegundum, þá eru prestakallsins tekjur miklu meiri en þær voru 1854, svo skaðinn getur að því leyti ekki orðið minni en 200 rd. til 300 rd., og aptur á hina síðuna eptir því sem eyjan Vigur gefur af sèr í meðalári, þá má telja upp á í ár 175 rd. tap prestsins, en ef meta ætti afleiðingar af ráninu og hegning þá sem við slíkum ránum liggur eptir gildandi lögum, þá mættu víst skaðabætur þessar vera töluvert meiri en ráð fyrir er að gjöra að nokkurn tíma fáist. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það skorti nauðsynlegar upplýsingar. Eg veit nú ekki hverjar upplýsingar hann hugsar að fá, ef hann trúir engum þeim sem komnar eru, því um skipin er ekki hægt að fá sannanir frekari, fyrr en þá heim á Frakklandi, því eins og eg hefi sagt, var ekki hægt að ná í skipin, þar sem eins og tekið er fram í kærunni er bæði langur vegur á landi til Papós og þaðan aptur til Vigur, en um afleiðingar skaðans af ráninu má með mörgum snúningum fá áreiðanlega vissu með tímanum, en þá vil eg spyrja hvaðan ætti þá að taka kostnaðinn, sem flyti af því fyrir sýslumann Skaptfellinga að ríða austur í Lón til að taka rèttarpróf um ránið; hann gæti þó aldrei farið þá ferð fram og til baka skemur en á 11 dögum svo eg held það væri óþarfi að dengja þeim kostnaði á jafnaðarsjóðinn ofan á önnur útgjöld hans, því líklega ætti þó ekki presturinn að borga þann kostnað, og því síður sem eg álít fulla sönnun frá hans hálfu um skaðann í ár. Eg ætla þá ekki að tala meira

um þetta að sinni, en áskil mèr breytingaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar að fyrir orðið »fullu« verði bætt inn í 200 rd. til 300 rd., og á eptir orðið fyrir ránið« verði bætt inn í greinina í eyjunni Vigur.

Konungsfulltrúi: Mèr þykir það merkilegt atriði, sem nú kom fram í ræðu hins heiðraða þingmanns úr Skaptafellssýslu, að enginn vissi, hver hefði gjört óskundann í Vigur, og þá þykir mèr komið í óvænt efni, því hvernig verður þá beinzt að vissum mönnum? Það liggur þó beint við, að hèr þarf að upplýsa fyrst, hver verksins sè valdur, og menn geta með engu móti eptir almennum grundvallarreglum átt heimtu á, að danska stjórnin bæti skaðann, þegar svona er ástatt. Þingið man víst eptir úrsliti því, sem varð á óskundanum, sem Grímseyingar urðu fyrir fyrir nokkrum árum síðan, af því sannanir skorti.

Jón Hjaltalín: Af því eg var einn í nefnd þessari ætla eg að leyfa mèr að tala fáein orð. Hinn háttvirti varaforseti hèlt ógnar snjalla ræðu, en í nefndarinnar nafni get eg ekki neitt þakkað honum fyrir hana, (*Jón Guðmundsson*: Eg ætlaðist ekki til þess), því nefndin fór með málið eptir beztu sannfæringu. Þingmaðurinn játaði að hèr væri fjöldi franskra skipa er fiskuðu hèr við land. Þetta játar nefndin líka, en eg held að hèr sèu engin digurmæli til gagns. Það er gott ef menn geta stoppað nokkrar rollur upp á heiðum, en Frakka held eg við stoppum ekki með neinum digurmælum, og eg veit ei til hvers það er að eyða tíma þingsins með slíku og þvílíku digurmælahjali, sem án efa ekki þènar til annars en sverta þingið í augum stjórnarinnar. Varaforseta þótti nefndin hafa verið of mjúkyrt við stjórnina. Ekki held eg nú það. Það er sjálfsagt að í nefndarálitinu er ekki farið neinum óviðurkvæmilegum orðum um stjórnina, enda sæmir slíkt heldur eigi, en nefndarálitið er þó alvarlegt. Stjórnin á í vök að verjast, og getur lítið áunnið sízt með digurmælum. Eg get því ekki samsinnt því, að nefndin hafi gjört sèr neitt far um að tala eptir munni stjórnarinnar eða slá henni gullhamra. Nei engan veginn. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að oss þyki stjórnin hafa tekið heldur linlega í þetta mál, að hèr ekki skuli vera á kominn neinn samningur. Varaforseti vill nú hafa þjóðasamning. Já! það er nú hægara sagt en gjört, að svipta voldugar þjóðir þeim rètti, sem þær einu sinni hafa sjálfar sett, og þó nú samið yrði, þá getur verið að þegnar þeirra þjóða, sem semja þyrfti við, bæru þá líka fram bæn-

arskrár, sem stjórn þeirra þætti sèr skylt að til greina. Það er nú ekki heldur víst hvort Íslendingar yrðu ánægðir með það, þó Danir færu að semja fyrir okkur núna. Hinn háttvirti Varaforseti talaði nú mjög á móti nefndaruppástungunni í málinu um ránið í Vigur. Hann sagði það væri sorglegt, að presturinn skyldi hafa orðið fyrir þessu ráni. Þinginu og nefndinni þykir það sorglegt líka. En það er bágt við að ráða. Það er sagt Frakkar hafi gjört þenna óskunda, já! en það er ekki nóg, það þarf að sanna það. Varaforseti þekkir þenna prest, og veit að hann er heiðvirður maður; en það þekkja ekki allir alla þá menn sem hann þekkir. Þingmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu sagði að ómögulegt væri að fá upplýsingar; hann er nú kunnugastur; þá lízt mèr nú samt ekki á blikuna. Því ef ómögulegt er að fá upplýsingar, þá held eg að svarið upp á klögunína yrði ekki annað en »ómögulegt». Nefndin getur ekki bætt vegi, hún getur ekki stemmt fyrir stór vatnsföll, svo upplýsingar geti fengizt, vegna örðugleika á vegunum. Nefndin hefir því álitið bezt að vísa málinu til yfirvaldanna, og biðja þau að gjöra það sem þau geta, og þó þá vanti upplýsingar, og þau geti ekki fengið þær, þá getur nefndin ekki gjört að því. Eg held að ef ómögulegt er að sanna ránið, þá sè ekki til mikils, þó stiptamtmaðurinn tali við foringjann á franska herskipinu, og biðji hann að bæta skaðann. Nefndin hefir ekkert móti því, að svo verði gjört, en eg get ekki sèð, að af því verði nokkur árangur.

Eg verð að heyra betri ástæður fyrir því, að nefndarálitið sè ónýtt, en eg hingað til hef heyrt, áður en eg fellst á nokkrar aukapjötlur.

Brynjólfur Jónsson: Eg ætla þá fyrst að leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd við 1. niðurlagsatriði nefndarálitsins í fiskiveiðamálinu, þar sem talað er um að auglýsa þeim þjóðum er hèr fiska veiðilög vor á þeirra máli, svo þær ei geti afsakað sig með vanþekkingu; mèr finnst þessi orð *á* landi, ekki vera nógu glögg, og ætti því heldur að standa: bæði á meginlandinu og eyjum umhverfis landið. Hvað hinu 2. atriði viðvíkur, þar sem talað er um, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarrètti, hvað fiskhelgi áhrærir«, þá get eg ekki sèð hverjar eða hvað miklar undantekningar nefndin hefir hugsað sèr. Sú almenna regla er nú að fiskhelgi sè svo sem svarar 1 milu fjarlægð frá landi; en hvað fram yfir þetta eigi að vera fiskhelgi, hvort heldur 1 eða $^1/_2$ eða 2 milur þar um hefir nefndin ekkert tiltekið, og sýnist mèr tilgangs-

laust að tala um undantekningu frá því almenna, ef ekki er tiltekið hvar í þessi undantekning eigi að vera innifalin. Þetta var hið helzta, sem eg vildi athuga viðvíkjandi þessu nefndaráliti.

Þá kemur hið síðara nefndarálit um ránsmálið í »Vigur«. Það hefir nú æðimargt verið um það rætt, og sumt þannig, að út lítur fyrir, að það ekki ætli að fá góðan byr; en eg vildi óska að svo mætti þó verða, og þess munu í rauninni allir óska; þessu máli hefir fyrst verið talið það til falls, að ómögulegt væri að komast eptir hverjir að væru ránsmennirnir. En þetta held eg sè nokkurn veginn gefið, að það sèu Frakkar, þó ekki hafi þeir verið staðnir að ráninu, sem ekki heldur var mögulegt; að þetta hafi verið Englendingar eru víst mjög lítil líkindi til, því hèr við land eru ekki svo menn viti nein ensk fiskiskip, því ef svo væri mundu Englendingar að öllum líkindum senda herskip hingað, eins og Frakkar gjöra, til að hafa gætur á sínum fiskimönnum. Því ætla eg að það megi ganga að því vísu, að hèr sè ekki um aðra að gjöra en Frakka, þó ekki verði fengin fyrir því regluleg lagasönnun, er gæti þvingað þá til viðurkenningar, því ekki munu þeir að svona vöxnu máli fara að játa upp á sig að þeir hafi stolið eða rænt.

Þá hefir þar næst verið talað um, að í þessi máli vantaði allar lögmætar sannanir um upphæð skaðans; en það mun og að sínu leyti verða mjög erfitt; það mun ekki auðgjört að segja hvaða skaða presturinn hefir liðið við skothríð ránsmanna, á selveiði þeirri sem annars er í Vigur; en hvað dún- og eggjatekju snertir þá er í kærunni tilgreint, að víst hafi verið eyðilögð 200 hreiður, og ætla eg að ekki væri of mikið þó reiknaður væri 1 rd. fyrir hvert hreiður, og lætur þetta þá nærri þeirri upphæð, sem þingmaður Austur-Skaptafellssýslu til tók, svo sem skaðabætur. En eg álít það ekki nóg að þetta rán út af fyrir sig sè full borgað, heldur fái líka hlutaðeigandi bættan allan þann skaða, er leiða kann af ráni þessu, og vil eg taka mèr viðauka-atkvæði í þessa stefnu.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr þá athugasemd út af því sem sagt hefir verið, að nefndin hafi ekki tekið fram með berum orðum þær undantekningar frá hinum almenna þjóðarètti, hvað fiskiveiðar áhrærir, að eg skildi þetta svo, að hèr með væri einkum meint, að það yrði ef mögulegt væri komið á einhverjum sèrstaklegum undantekningum, t. a. m. áhrærandi Faxaflóa, Breiðafjörð o. s. frv., þannig að útlendir fiskimenn ekki færu inn á þá til

að fiska, en þar á móti hefði nefndin víst ekki hugsað sèr að koma á undantekningum eða breytingu í þeirri almennu ákvörðun um þá fjarlægð frá landi, sem útlendir fiskimenn eiga að halda sèr í, en hin heiðraða nefnd er hinn bezti útleggjari orða sinna.

Ásgeir Einarsson: Eg skal nú ekki tala margt. Mèr þótti þýðingarlítil athugasemd sú sem hinn heiðraði þingmaður úr Vestmanna-eyjum sagði út af þessum orðum í 1. niðurlagsatriði nefndarinnar »á landi». Hèr er ekki um annað að tala en annaðhvort sjó eða land, »eyja» er ekki sjór heldur land. Eg hef heyrt talað um sjóstríð og landstríð, og að hershöfðinginn á landi hèti General (landhersforingi), en hinn er fyrir sjóliði er Admiral. Ætli nokkur munur sè gjörður á því, hvort orusta er háð á eyjum í Norvegi eða á landi, ætli það væri ekki kallaður yfirgangur á landi, hvort sem væri eyja eða meginland?

Ræða hins háltvirta varaforseta gæti verið þýðingarmikil, ef hann væri orðinn keisari yfir allri Norðurálfu heims. Eg er hræddur um að hann hafi farið fljótt yfir og ekki lesið vel ofan í kjölinn; í niðurlagsatriðinu 2. stendur, að landsmenn verði fyrir »óbætanlegu tjóni». Eru þetta þýðingarlaus orð? Ætli það væri þýðingarmeira þó þar væri eitthvert hrokaorð. Svo var annað sem honum þótti að við nefndina, og það var það, að hún ekki strax vildi biðja stjórnina að fara að semja við Frakka og Breta. Eg vil taka dæmi: Ef varaforseti kemur til mín og þyrfti að fá flutning yfir fjörð, spyr hann þá ekki fyrst, hvort hann fái flutninginn, svo hvort hann verði fluttur, og svo spyr hann, hvað flutningurinn eigi að kosta? Þannig hugsaði nefndin, að bezt væri þó fyrst, að biðja dönsku stjórnina, að vita, hvort Frakka- og Bretastjórnir vildu viðurkenna nokkra undantekningu fyrir Ísland frá þeim svo kallaða þjóðarètti? Væri þetta fáanlegt, þá er tími til að fara að tala um þessa undantekningu, og svo um samninginn fyrst, hvort hann fæst, og svo með hvaða skilyrði, eða skilyrðislaust, en þar á mót vill varaforseti senda málið með öllum mögulegum skýringum (en hverjar eru skýringar varaforseta, um takmörk fiskiveiðanna) til stjórnarinnar í Danmörku, og hún svo sendi það til Frakka- og Bretastjórnar, og semja svo tafarlaust fyrir Íslendinga, en ef þeir neita, já þá vil eg spyrja, hvar er þá samninguri-nn? Gæti maður ekki hugsað sèr, að þetta stingi í augu hinna voldugu stjórna, þegar svona væri skorað á þær með eindreginn samning, án þess þær væru búnar að gefa neinn kost á samn-

ingnum? Eg hef sjálfur talað við Albeck sjóliðsforingja Dana hèr við land í sumar, og spurði hann, hvort hann ekki áliti, að Frakkar og Englendingar mundu hafa þá siðferðislega tilfinningu og veglyndi, að þegar þeir heyrðu kringumstæður landsmanna hèr, að þeir þá mundu slaka til og takmarka yfirgang þann, sem þegnar þeirra gjöra varnarlausri þjóð með fiskiveiðum sínum; en hann sagði svo mundi eigi vera, og þykir mèr þá betra að vita fyrst með stillingu, hvort öllum samnings tilraunum verður neitað, áður en uppástungur eru sendar til samningsins (*Jón Guðmundsson:* það var danskt orð). En þegar nú Danir eru að procurera fyrir vanmætti sínum, er þá ekki hæpið að þeir geti gjört samninga Íslendingum í hag. Ef Bretar og Frakkar segðu já til alls sem Danir vildu, þá gæti samningur orðið að liði. Þó nú varaforseti stingi upp á því, að stjórnin færi að semja við Frakka og Breta þá sannaðist það, þó eg væri kominn undir græna torfu, hvað gæfu af því leiddi. Það getur verið að þingið fái afsvar hjá stjórninni, upp á það sem nefndin fer fram á, en þá er eg hræddur um að samningar varaforseta fengju afsvar líka.

Eg skal svo ekki fara lengra út í þetta, en leyfa mèr að drepa lítið eitt á 3. niðurlagsatriðið. Hefði eg verið á suðurlandi, þá hefði eg orðið feginn að taka þátt í þiljuskipaveiðum, og ekki sízt þakkað stjórninni, er hún hvetur til fèlagsskapar. En hitt er engin furða, þó stjórnin ekki vilji fleygja út fè, þegar enginn vill hagnýta sèr eða þiggja. Það voru um árið hèrna kaupmenn sem ætluðu að gangast fyrir þiljuskipaveiðum, og buðu mönnum í fèlag með sèr, en engir vildu þiggja. Það er satt máltaki, að guð bjargar þeim sem vill bjarga sèr sjálfur, og ef stjórnin er rèttlát mundi hún styrkja okkur í því sem oss er fyrir beztu; en meðan við ekki viljum bjarga sjálfum okkur er okkur ekki viðhjálpandi, og á meðan er ekki von að stjórnin vilji styrkja oss.

Þá vil eg minnast lítið eitt á niðurlagsatriðiðum ránið á Vígur, og þá helzt á breytingaratkvæði þingmanns Austur-Skaptfellinga þar sem hann stingur upp á, að prestinum verði bættur skaðinn með 200 rd. Eg vil biðja þingmanninn að skemma ekki málið með þessu breytingaratkvæði, ef að uslinn er eins mikill eins og sagt er, nefnilega að skemmdur hafi verið bæði varphólmi og selveiði, þá þekki eg svo mikið til þess hvorttvegeja, að þetta eru engar skaðabætur, það er meira að segja ómögulegt að meta þenna skaða, og eg vil biðja þingmanninn að fara varlega. Að því er viðvíkur

því er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það gæti verið, að Faxaflói og Breiðifjörður yrðu friðaðir, þá er þó nokkuð unnið ef það fengist, en getur hinn hæstvirti konungsfulltrúi með vissu sagt að sá samningur fáist. Við viljum hafa einhver takmörk, til dæmis að taka $^3/_4$ danskrar mílu, en þá er sagt að stjórnin geti ekki verndað þessi takmörk. Það er þó skylda stjórnarinnar, og ef hún ekki getur það, þá er oss engin trygging að vera í skjóli hennar, Eg skal svo ekki fara lengra út í málið að svo stöddu, eg tek til þakka sem nefndarmaður, og af því eg álít þetta mál verferðarmál, allar upplýsingar og breytingar þær er geti bætt nefndarálitið.

Páll Melsteð: Þetta fiskiveiðamál hefir svo opt komið til alþingis, eins og allir vita, og opt verið vel og vandlega um það rætt, að mèr virðist ekki þörf á löngum orðræðum um það í þetta sinni, og það því síður, sem menn hafa nú fyrir sèr langt og greinilegt nefndarálit, sem kemur við flest aðalatriði í þessu velferðarmáli Íslands. Eg lýsi yfir því, að mèr þykir nefndarálit þetta vel samið í alla staði, og einn aðalkosturinn við það er sá, að það fer hægt og hyggilega í málið, og þessa er hèr þörf, því að við ofureefli er að etja, þar sem Frakkar eru, og fellst eg á það sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði þar að lútandi. Eg ætla þannig að gefa niðurlagsatriðum nefndarinnar hiklaust atkvæði mitt í öllum greinum. Eg veit reyndar ekki hvaða breytingaratkvæði kunna fram að koma, en það sem enn hefir verið talað móti nefndarálitinu virðist mèr fremur spilla því en bæta. Eg skal til dæmis geta þess, sem hinn heiðraði þingmaður Eystri-Skaptafellssýslu vildi breyta. Hann vildi setja ákveðna tölustafi fyrir orðið »fullar«, sem nefndin hefir. Þessar tölur geta spillt, þó eg sè sannfærður um, að þingmaðurinn hafi viljað allt annað en spilla. Slíkar skemmdir sem Vigur-ránið, verða eigi auðveldlega metnar til vissrar dalatölu, þær eru ef til vill ómetanlegar. Eg veit dæmi til, að varphólmi var skemmdur með skothríð og öðrum yfirgangi, eins og þessum sem hèr ræðir um í Vigur; sá varphólmi varð ekki jafngóður á 20 árum. Úr því eg tók til máls, þá vildi eg leyfa mèr, að taka hèr fram fáein atvik (facta), sem einkum snerta Snæfellsnes, og sem um er getið í bænarskrám þaðan, er til þings komu. Eg vildi taka þau hèr fram, tala þau fram svo allir heyrðu og þau kæmust í þingræðurnar og fyrir eyru stjórnarinnar. Það er þá það, að svo eru nú frakkneskir fiskiveiðamenn nærgöngulir kjördæmi mínu, svo voru þeir nærgöngulir landi þar vestra í vor, að menn gátu af landi

lesið númerin, lesið tölustafi á þessum útlendu skipum, menn lásu það sjónpípulaust, gleraugnalaust með berum augum. Það er tilgreint, að nr. 10 hafi þannig verið lesið úr landi á einu þessara skipa. Það er sagt, að þessi útlendu skip sigli yfir og innan um fiskilóðir og veiðarfæri landsmanna, og spilli þeim, og eyði þeim með öllu; og hvað meira er: þeir reka hina íslenzku fiskibáta úr sátri, þar sem bátarnir sitja á sjónum og draga fisk; þetta er hægt að sanna á löglegan hátt. En, er ekki slíkt óþolandi? Þessu verður stjórn vor við að hjálpa. Þannig er nú þetta á Snæfellsnesi, og allt af að verða verra og verra, og þannig er það hèr syðra víða hvar fyrir Gullbringusýslu. Menn horfa á úr landi og sjá glöggt fiskinn þegar þessir útlendu menn draga hann úr sjónum og innbyrða hann; það er sagt þeir hafi nú í sumar dregið fiskinn rètt hjá kaupskipinu í Keflavík þar sem það lá fyrir akkerum þar á höfninni. Þeir útlendu menn draga fiskinn í landsteinunum.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla ekki að tala margt að þessu sinni, en vil þó geta þess, að frá mínu sjónarmiði eru mótbárur hins háttvirta varaforseta og þingmanns Vestmanna-eyinga gegn nefndarálitinu ekki í svo mikilli mótsögn við lofræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, sem mörgum kynni að virðast. Allar þessar ræður hafa það nefnilega sameiginlegt, að þær álíta þetta mál vera *sèrstakt velferðarmál* landsins. Það er þess vegna ekki neinn ágreiningur um þetta atriði, en að eins um hitt, hvernig bezt verði bót ráðin á því, sem hingað til hefir staðið á, að því yrði hrundið í viðunanlegt horf. Nú er farið öðruvísi í málið en 1861, og eg er einn í þessara manna tölu, sem hefir sýnzt annar vegur ráðlegur en þingið kaus þá; menn verða nefnilega að gæta að því, að nú liggur annað fyrir þinginu en 1861; nú liggur hèr fyrir fullkomin viðurkenning frá stjórnarinnar hálfu um að henni sè ómögulegt að halda uppi þeim gildandi lögum; þetta lá ekki fyrir 1861. Stjórnin hefir ekki einungis sagt, að sèr væri ómögulegt að verja fiskiveiðarnar með herskipum, heldur og að hún ekki gæti gjört þann samniug við þessar fiskiveiðaþjóðir, sem landsmönnum væri til gagns. Eg efast ekki um að Danastjórn mundi vilja innganga þann samning fyrir hönd Íslendinga við Frakka og aðrar þjóðir, sem innihèldi sem mesta rýmkun á takmörkum fiskihelginnar umhverfis Ísland, en nú hefir hún sagt, að henni sè það ekki mögulegt. Þegar stjórnin hefir nú birt þetta þinginu gegnum konungsfulltrúa, þá á þingið að velja einhvern annan veg en

þann að biðja stjórnina um það, sem hún sjálf segir og lýsir hátíðlega yfir að henni sè eigi unnt. Það er að vísu satt, sem varaforseti sagði, að vèr eigum aldrei að afstanda rètt vorn; en vèr verðum þá líka undir eins að gæta að hvernig á stendur, svo fastheldnin við rètt vorn verði ekki óskynsamleg fastheldni við þýðingarlaus orð, og spurningin er þess vegna, hvort gjörlegt sè fyrir þingið að fara eins að nú og 1861; og að þetta ekki sè, er auðsèn hlutur af þeirri ástæðu, sem eg tók skýrt fram, svari stjórnarinnar til þessa þings. Það, sem nefndin hefir ráðið til að þingið gjörði, er að upplýsa málið svo vel fyrir framandi þjóðum í gegnum Danastjórn, sem unnt er; þetta er grundvallarhugsun nefndarinnar, og hún getur að mig vonar leitt til þess, að hinar voldugu þjóðir að minnsta kosti sæu betur en áður hið sèrstaklega ásigkomulag Íslands hvað þetta mál snertir, og fyndu sig síðan knúðar af rèttlætis- og eðallyndis-tilfinningu til að viðurkenna rètt vorn; en samningur dugar oss ekkert, nema hann sè byggður á þessum grundvelli. Það, sem nefndin vill, er því að fá skynsamlegan *undirbúning* undir það að Frakkar og aðrar voldugar þjóðir viðurkenni, að sökum ásigkomulags þessa lands, þurfi hèr að gjöra undantekningu frá hinum almenna þjóðarrètti. Eg held því, að eg hafi talað rètt áðan, þegar eg sagði, að ræður konungsungsfulltrúa, varaforseta og álit nefndarinnar, ekki lægju svo fjarlægt hvert öðru. Þá er annað atriðið, sem eg vildi geta um og fólgið er í því, að þegar ræðir um samninga, þá ættum vèr að gæta að því, hvaða atkvæðisrètt vèr Íslendingar höfum þeim viðvíkjandi; eg segi þetta ekki í því skyni, að Danir muni eigi sjá honum borgið frá þeirra sjónarmiði, en í öllum þeim löndum, þar sem »constitutionel Forfatning« eður frjálsleg þjóðstjórn er á komin, þar gætir meira vilja og áhrifa þjóðarþingsins einnig í þess konar málum, sem hèr ræðir um, og þetta ætti því fremur að eiga heima hjá oss á sínum tíma, sem stjórnin hefir svona hreint og beint yfirlýst vanmætti sínum í að vernda oss fyrir ásælni og ágangi framandi þjóða. Á þetta vildi eg benda þinginu til þess það ekki gengi of langt í áfellisdómi nefndarálitsins.

Hvað viðvíkur mótbáru þingmanns Vestmanna-eyinga á móti orðinu »á landi«, þá vil eg geta þess, að hèr er verið að tala um, að auglýsa gildandi lög, og þau bera með sèr, hvað þau banna, eg vona og að öðru leyti, að þingmaðurinn sjái í hendi sèr, að

veiðilögin miða sig fremur við land, en við sjó, og jafnvel þó lögin segi, að hver og einn eigi veiði fyrir landi sínu, og að orðin »á landi« sèu þannig ekki alveg nákvæm í bókstaflegum skílningi, þá getur þetta samt eigi valdið misskilningi, þar sem lögin bera með sèr, að þessi orð innibinda einnig fiskhelgina með landi fram, sem af því helgast, og því fylgir. Hitt játa eg, að það væri æskilegt, ef Danastjórn lèti fylgja lögunum nákvæma útskýringu um það, hvernig þeim væri rèttilega beitt á Íslandi.

Um 3. atriðið ætla eg ekki að tala; eg er hræddur um, að það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði því viðvíkjandi, muni verða ofan á.

Viðvíkjandi seinni hluta nefndarálitsins, þá vil eg benda á það, að mèr þykir það býsna hart og kynlegt, að varaforseti skuli nú vera að gefa nefndinni ákúrur fyrir það, að hún hefir ráðið til að fara þann veg, sem hann sjálfur einmitt hèlt svo kappsamlega fram við undirbúningsumræðuna; þó er það enn undarlegra, að varaforseti skuli nú vilja ganga aðra og nýja leið með þetta mál, en nokkrum áður hefir hèr á þingi komið til hugar, honum, mèr eður öðrum. Við inngangsumræðuna var nefnilega ágreiningurinn að eins um, hvort vísa ætti málinu þá þegar til *hlutaðeigandi yfirvalda,* ellegar senda *konungi bænarskrá* um málið, hið fyrra vildi varaforseti, en eg hið síðara, því mèr þótti það rèttari og áreiðanlegri vegur fyrir málið; en með því flutningsmaður sjálfur var varaforseta samdóma, vildi eg ekki gjöra ágreining um þetta í nefndinni, og lèt satt að segja undan meðnefndarmönnum mínum, en nú er komið spánýtt upp, að fara í *franska herskipaforingjann* með málið. Það er að vísu í sjálfu sèr rètt og falleg hugsun, sem varaforseti tók fram, að þetta dúnránið eður varpránið ætti að bætast sem fyrst; því þegar einhver verður fyrir skaða af annars völdum, þá er það rèttlátt, að skaðinn *strax* sè bættur. En eg er ofur hræddur um, að það verði harðsóttur og langsóttur skaðabótavegur, sem varaforseti ræður til, og þó hann væri góður, ef hann heppnast, þá hlýtur hann mjög að spilla málinu, ef hann misheppnast; hèr á við máltækið: »Hver á við sinn sala«. Presturinn, sem hèr ræðir um er danskur þegn, og stendur undir vernd hinnar dönsku stjórnar, já undir sèrstaklegri vernd og umönnun hins konunglega og kirkjulega valds; en eg vil jafnframt þessu benda hinu heiðraði þingi á, að því tæpari sem sannanirnar eru í þessu máli, því skaðlegra er það fyrir málið að

fara rangan veg; presturinn á auðsjáanlega að haldi sèr til dönsku stjórnarinnar, en ekki til frakkneska hershöfðingjans hèrna á höfninni, með því líka það engan veginn er sannað, að einmitt Frakkar hafi rænt prestinn; það gátu eins verið aunara þjóða menn, já jafnvel verzlunarskip sem hefði gjört það í blóra við fiskiveiðamenn. Hitt er þar á móti víst og fullsannað, að presturinn hefir beðið skaða af völdum sjófarenda úr öðrum löndum, sem stjórnin á að sjá um að bættur verði honum og kallinu, og því er það alveg rangt að snúa sèr til nokkurs herskipaforingja, enda held eg að þessi frakknesku herforingjar hèrna naumast sèu útbúnir með þeim Instruxum eður umboði til að greiða bráðlega og út í loptið úr þesskonar málum. Eg vil því enn einu sinni taka fram þá bendingu til þingsins, að það haldi málinu í þeirri stefnu, sem nefndin hefir farið, nefnil. að Dana stjórn sjái um, að skaðinn verði prestinum endurgoldinn og hefði bretingaratkvæði varaforseta ekki vikið málinu um of úr þessari stefnu skyldi eg fyrstur manna hafa fallizt á það.

Jón Pèturssón: Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður er búinn að taka það allt fram sem eg ætlaði að tala um ránið í Vigur. Eg skal að eins taka það fram, að það er ekki einungis presturinn, heldur og brauðið sem líður tjón við þetta rán, eins og líka nefndin hefir tekið fram í ástæðum sínum; presturinn getur farið frá brauðinu að ári liðnu eður og þá dáið, og þá væri ósanngjarnt móti eptirkomendum hans í brauðinu, ef hann hefði tekið á móti öllum skaðabótunum. Brauðið rýrnar við skaðann, og á honum bæði á og þarf það að fá fulla uppbót, svo þeir sem þjóna því, unz það nær sèr aptur, eigi bíði neinn skaða. Eg vil því taka mèr það breytingaratkvæði að skotið verði inn eptir orðið »presturinn« orðunum »og brauðið«.

Framsögumaður: Mèr finnast eigi þær mótbárur, sem komið hafa á móti uppástungum nefndarinnar vera þess eðlis, að eg þurfi að svara þeim mörgu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hafði að eins dálítið á móti 3. niðurlagsatriðinu, og tók það bæði fram, að það væri eðlilegra og betra, að einstakir menn reyndu sjálfir að bæta fiskiveiðarnar heldur en að stjórnin styrkti að því, og eins líka hitt, að tilboð stjórnarinnar um árið hefði að eins lotið að því að styrkja félög, ef þau yrðu stofnuð, en engir hefði gefið sig fram. Hvað hinu fyrra viðvíkur, þá er eg alveg samdóma um það í raun og veru, en þó ber þess að geta, að hèr er sèrstakleg ástæða fyrir stjórnina að hlaupa undir bagga með, þar sem Íslendingar eiga hèr

að keppa við útlenda menn, sem einmitt fiska hèr við land, með miklum styrk frá sinni stjórn, og með tilliti til hins annars, þá get eg eigi sèð, að það sè nein ástæða fyrir stjórnina til þess að draga sig aptur frá að styrkja einstaka menn, þó seint gángi að koma fèlögum á hèr, því hitt má þó líka verða að miklu gagni. Að öðru leyti get eg eigi annað en þakkað hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir það, hve vel hann tók í málið yfirhöfuð, og sný eg mèr þá strax í þá áttina, sem mest mótmælin risu úr, en það var frá hinum háttvirta varaforseta. Hann talaði nú af nokkrum móð og með þeirri umönnun fyrir velferð lands þessa, sem honum er svo eiginleg, en þó veit eg ei, hvort hún er meiri hjá honum í þessu máli en hjá nefndinni; eiginlega er hann oss samdóma í allri aðalstefnu málsins, og munurinn er að eins sá, að hann vill nú strax heimta miklu meira en nefndin stingur upp á, en það væri þá svo bezt að það gæti fengizt, og eg gæti vel ímyndað mèr, að það sannist á honum í þessu máli, að það verður ei æfinlega svo mikið að því högginu, sem hátt er reitt. Eg fyrir mitt leyti er eins sannfærður nú og áður um, að samningur við Frakka stjórn, ef hann fengist góður, er einasta úrræðið, sem verulegt gagn gæti orðið að, og eg get ei annað en glaðzt yfir því, að það hefir þó áunnist síðan í hitt eð fyrra, að svo er að sjá sem þetta sè nú orðin sannfæring flestra þingmanna. En hitt er annað, hvort að tími sè nú kominn til þess að reyna að gjöra slíkan samning, og þá verð eg að segja, að hin einasta ástæða mín til þess að halda að svo kunni ei að vera enn, er sú, að eg held málið þurfi meiri undirbúnings við af landsmanna hálfu; því hèr er margt að athuga, sem fyrst kemur fram, þegar farið er verulega að hugsa um málið, og get eg t. a. m. að eins um það, sem drepið var á í Þjóðólfi einu sinni í sumar, hvort ei mundi mögulegt að semja svo, að forn fiskimið landsmanna yrði friðhelg, þó þau liggi lengra undan landi en eina mílu eða svo. En þetta þarf allt mikillar rannsóknar og undirbúnings við áður en menn geti haft það fram, og því fannst nefndinni nóg að svo stöddu, ef stjórnin gæti fengizt til að byrja á þessum undirbúningi, og það því fremur, sem hún sýnist sjálf að gjöra einhvern mun á samningi og samkomulagi, svo hún treystir sèr kannske til hins síðara, þó hún álíti hið fyrra ófært að svo stöddu. Hinn háttvirti varaforseti taldi það og galla á nefndarálitinu, að Englendingar væru nefndir við hliðina á Frökkum, sem sú þjóð, er og þyrfti að semja við; en hvað hann getur haft á

móti þessu skil eg ekki, því svo voldugt sjóríki sem hið brezka ríki, getur þó enginn, sem semja þarf um sjórètt, hlaupið yfir, þó þeir að svo stöddu gjöri oss minni átroðning á fiskimiðum vorum en Frakkar. Eg held það væri mjög grunnhyggið að ganga fram hjá þeim í þessu máli, og ekki betri finnst mèr sú ástæða, að menn megi byggja svo mikið á veglyndi Frakka, að þeir muni strax slaka til í samningi; því þó eg sè manna fúsastur á, að viðurkenna að Frakkar sèu ein hin veglyndasta þjóð, þá man eg þó enn hið fornkveðna, og það veit hinn háttvirti varaforseti manna hezt, að enginn er annars bróðir í leik. Eg er því ei svo hræddur um að þessar og aðrar eins ástæður muni hafa mjög mikil áhrif á þingið, og eg sný mèr því strax að hinu öðru málinu, um ránið í Vigur, sem hinn háttvirti varaforseti er ei heldur ánægður með frá nefndinni. Hann fer nú svo skrítilega að því, að telja upp alla þá króka, er farnir kunni að verða, áður en þetta mál geti komizt í kring, að mèr duttu í hug orðin. Það er langur gangur fyrir hinn svanga Manga o. s. frv., en það sem skritnast er, er þó það, að hans uppástunga miðar einmitt til að gjöra króka þessa enn nokkuð lengri, því ef hinn frakkneski foringi getur ekkert gert, sem eg er mjög hræddur um, þá kemur þó einmitt aptur að sömu rekistefnunni, sem varaforseti var að gjöra gaman úr, þó hún sè óumflýjanleg. Nefndin kaus einmitt þá aðferð, sem hún hefir stungið upp á, af því hún hèlt hún mundi verða fljótust, þar sem málið enn þarf upplýsingar við, en því vil eg biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, að sjá svo um, að stiptamtið sem fyrst útvegi þessar upplýsingar, því mèr er sannarlega annt um, að presturinn fái endurbót sem allra fyrst; og hvað því viðvíkur, að örðugt verði að fá sannanir, þá held eg það sè meir ímyndun en rèttur, því hèr þarf ei á neinni strangri lagasönnun um einstaka menn eða skip að halda, það er nóg, ef áreiðanlegir menn úr sömu sveit bera eins og hann kviðburð, að frakkneskir fiskimenn geti einir verið valdir að ráninu, og þann kvið ætti viðkomendum að vera hægt að fá.

Jón Guðmundsson: Það er satt, eins og hinn konunglegi varaþingmaður sagði, að það er ekki mikilll munur á meiningu minni og nefndarinnar; en mismunurinn er þó sá, að nefndin hefir ekki álitið fært að fara öðru fram við stjórnina, en »hún leitaðist við» að samningar yrðu undirbúnir, en eg hygg, að þegar búið er að undirbúa málið í 6 ár, þá sè mál til komið að fá þessa samninga fram sem allra fyrst; en við þenna drátt málsins verður það tor-

sóttara; því þeim mun fleiri skip sem Frakkar gjöra út ár frá ári hingað undir landið á fiskiveiðar, þeim mun fastari fót fá þeir, og þeim mun erfiðara verður að fást við þá, og torsóttara að vinna nokkrar verulegar viðurkenningar frá þeim oss til handa. Við eigum enn einu sinni að taka það fram við stjórnina, hve fjarskalega og háskalega að fiskiskipa útgjörð Frakka fer hèr vaxandi ár frá ári, og hvað nærgöngulir þeir verða ár frá ári; þetta sýnir að þingið ekki má láta sèr lynda að tala svona lauslega utan að því við stjórnina, eins og nefndin hefir gjört, og gefi svo þingið þar með stjórninni undir fótinn, að hún dragi málið, svona eptir hentugleikum og vild sinni, því hún er auðsjáanlega full gjörn á það, þó að ekki sè hún hvött til þess hèðan; eg meina þar fyrir ekki að við eigum að fara neinu ómögulegu á flot. Þar sem þingmanni Strandasýslu þótti orðin »óbætanlegt tjón« einka vel valin, þá getur mèr ekki sýnzt það í því sambandi sem þau eru, þarna í niðurlagsatriðunum, því þar eru þau að eins sem ástæða fyrir þeirri uppástungu nefndarinnar sem á undan fer: »að stjórnin leitist við» o. s. frv., en þetta má laga í hendi sèr. Þess vegna verð eg að vera enn á því, að taka eigi skorinort fram í álitrskjali þingsins, hve nærgöngulari og nærgöngulari fiskiveiðar Frakka verða hèr ár frá ári. Hvað ráninu í Vigur viðvíkur, þá var það við inngangsumræðuna að nokkru leyti mín meining að fara í þá átt, sem nefndin nú ræður til, en það fór heldur en ekki að fara um mig, þegar hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram það sem ætti að vera því til fyrirstöðu, að stefna málsins gæti orðið að liði. Það var nefnil. þegar hann talaði um, að það vantar nægar »*lagasannanir.*« Það er auðvitað, að það verður aldrei auðið með fullum og föstum lagasönnunum að upplýsa, hvaða þjóð hafi framið ránið, en eg vil spyrja, verður öðrum dreift við þetta en Frökkum, sem hèr hafa yfir 300 skipa um kring landið og þar að auki 2 herskip sem eiga að gæta þeirra; eg vil spyrja segi eg, hvort það ekki er Frakka sök, að sanna, að hèr sè öðrum við að dreifa en þeim? Að þessu vil eg vekja athygli hins háttvirta konungsfulltrúa; um aðrar þjóðir vita menn ekki með neinni vissu, að þeir hafi haft hèr fiskiskútur við land í vor eða sumar, það er ekki svo mikið að neinn grunur leiki á um þetta, af því engi hefir heyrt getið annara þjóða fiskiskipa hèr við land heldur en Frakka; hèr gildir: þar er enginn kenndur sem hann kemur ekki. Mèr datt það í hug út af þessum fiskihelgis takmörkum, hvort Frakkar nú ekki mundu geta leitt

líkur að því eða hvort ekki mundi mega góðfúslega leiðbeina þeim og hjálpa til þess að sanna, að Vigur lægi fyrir utan þessi 1 »liue« eður sjóarmílu-takmörk, og þess vegna gæti, þá orðið spursmál um hvort þeim væri ekki heimilt að ræna þar, drepa niður æðarfugl og sel og ræna eggjum? Og hver veit hvar þá mundi staðar nema? Eg vil því ráða til þess, að þingið skori á stiptamtmanninn, sem hefir mest viðskipti við hinn frakkneska herskipaforingja og þekkir hann persónulega, og leitist við að fá hjá honum skaðabætur í þessu máli, að minnsta kosti nokkrar, og að honum verði um leið gjört það skiljanlegt, að hèr verði ekki krafizt strangra lagabevísa; en vilji hann eða þykist ekki geta neitt aðgjört, þá er að fara til Danastjórnar sem skyldug er að vernda þegna sína fyrir öllum ránskap útlendra og bæta að fullu þann skaða, er hún treystist ekki til að ná bótum fyrir hjá ránsmönnunum. Það var enn þá fátt eitt sem eg þurfti við að bæta. Hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að það hefði vakað fyrir nefndinni, að þingið yrði að aðhyllast þessar niðurlagsbendingar nefndarinnar sökum þess takmarkaða valds, sem þingið nú hefði, því annars gæti það síðar meir spillt fyrir því eða afskorið þingið frá að taka eindregið í málið, þegar það væri búið að fá meira vald, en þetta álít eg ekki vera rètt skoðað, því þess leiðis sem þetta eru »internationale« málefni, sem kölluð eru eða innbyrðis þjóðsamningar, sem sjálfar stjórnirnar gangast fyrir, en liggja ekki undir nein þjóðþing yfirhöfuð að tala. 3. niðurlagsatriðið fellur mèr vel í geð og sýnist mèr á góðum rökum byggt, því auðsætt er að minna hefir orðið úr heityrðum stjórnarinnar 1859, en til stóð. Eg tek það fram viðvíkjandi því, sem framsögumaður sagði, að eg álít það vera jafnóhugsandi, að við nokkru sinni getum keppt við Frakka í fiski-útbúnaðinum, og því þolað yfirgang þeirra, eins og að Danastjórn sè megnug þess, að styrkja oss til þess.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist uú ekki mikill munur á áliti varaforseta, og nefndarinnar, og ekki annar en tíma spursmál. Varaforseti vill, að samningur sè gjörður strax, en nefndin vill, að nú þegar verði farið að undirbúa samning, sem á sínum tíma geti orðið Íslendingum í hag; nefndin vill að Dana stjórn skýri fyrir Frakkastjórn hið sèrstaklega ásigkomulag Íslands, sem gjöri það að verkum, að undantekning þurfi að gjöra frá hinum almenna þjóðarrètti. Eg held hinn heiðraði konungkjörni varaþingmaður hafi ekki meint að þjóðþing hefði rètt til að gjöra samninga við aðrar þjóðir, því

að það vita allir, að konungar einir og stjóru þeirra hafa vald til þessa, heldur hitt, að álit þjóðþinganna sè siðferðislegt aðhald fyrir stjórnirnar, en þessi hugsun rèði þó ekki alveg fyrir atkvæði mínu í nefndinni, heldur ástandið í Danmörku nú. Danmörk á sem sè nú í kröggum, og er komin upp á hinar völdugu þjóðir, og þá er ekki hentugur tími fyrir hana að semja við þær þá samninga, sem sèu sèr í hag. Það er betra að biða þangað til Danmörk getur talað fritt úr flokki. Eg legg áherzlu á það, að það komist inn í meðvitund Frakka stjórnar hvernig hèr til hagar. Eg held þingið gjöri hyggilegar í því að fylgja nefndinni en að biðja um samning sem við ekki getum ráðið við.

Eg held það komi ekkert út af því, þó stiptamtmaður talaði um Vigur-ránið við Frakkneska foringjann. Hann hefir nú sent hitt skipið austur að sögn til að fá upplýsingar, ef auðið væri, og það skip fer þaðan beinlínis til Frakklands. En að senda málið strax til stjórnarinnar, án þess að gjöra það gegnum stiptamtmanninn held eg sè rangt, því stjórnin þyrfti aptur að senda það upp hingað til að fá meiri upplýsingar og það yrði tímatöf.

Ásgeir Einarsson: Meðnefndarmenn mínir hafa nú skýrt frá hvað þeim hafi gengið til með 2. niðurlagsatriðið, og er eins og þeir hafi haft sína hugsun hver. Eg verð að lýsa því yfir, að eg krefst þeirrar verndar af stjórninni sem hún er oss skyldug, hvort sem hún er í kröggum eða ekki. Eg vildi fá að vita hvort auðið væri að fá samning eða ekki. Eg lýsti því yfir áðan, að það væri aðalstefna nefndarinnar að fá að vita. hvort samningur fengist en ekki sú að draga samninginn, og eg vildi bæta því inn í 2. niðurlagsatriðið, að vissa fengist sem fyrst, um það hvort samningur væri fáanlegur. En ef við fáum afsvar, þá vonum við ekki lengur. Það var sagt að Frakkneska skipið hefði verið sent austur til að fá upplýsingar um Vigur-ránið. Fáist nú nægilegar upplýsingar um það mál, þá kalla eg, að Frakka stjórn sè ekki eðallynd og hafi ekki mikla sómatilfinningu, ef hún ekki bætir skaðann án þess fleiri þurfi að koma þar til.

Pètur Pètursson: Eg skil ekki hvernig þingmaðurinn fór að misskilja mig. Það var ekki mín meining að draga samninginn, heldur hitt, að eg vildi ekki samning, sem væri Íslandi í óhag. Eg vildi til að mynda, ekki þann samning, að Frakkar hættu að fiska inni á fiskimiðum, móti því að þeir fengju að verka fiskinn á landi. Eg

er líka hræddur um að ef stjórnin ætlaði nú að gjöra samning, þá yrði hún, ef til vill, að gjöra sèr eða oss einhvern óhag.

Ásgeir Einarsson: Eg held hinn 3. konungkjörni þingmaður hafi misskilið mig líka. Eg talaði um að fá vissu fyrir því, hvort samningurinn fengist.

Framsögumaður: Eg skal að eins svara hinum háttvirta varaforseta því, að mèr er ómögulegt að sjá, hvernig menn geta kallað það drátt eða að hopa á hæl, þó menn nú biðji stjórnina að eins að stíga hið fyrsta fótmál á þeirri leið, sem vèr erum nú allir samdóma um að fara eigi, að stíga einu feti fram, þó lítið sè, er þó æfinlega að fara áfram, en ei aptur á bak. Að öðru leyti hafa menn nú sèð af orðum nokkrum af hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum, að hver þykist hafa haft sína ástæðu til þess að biðja ei um meira í þetta skipti en nefndin hefir stungið upp á; hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður vill ei biðja stjórnina að gjöra fullkominn samning, meðan alþingi að eins er ráðgefandi, og hef eg þó aldrei beinlínis getað skilið í hverju sambandi þetta tvennt þarf að vera; hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður vill ei fara hart að hinni dönsku stjórn, meðan hún á sjálf í vök að verjast við nágranna sína, og kann vera nokkuð í því, að hún eigi örðugra með að fá góðan samning nú, en þegar öðruvísi stendur á fyrir henni; og hvað mèr viðvíkur, þá hef eg tekið það fram áður, að ástæða mín til þess að hirða ei svo mjög um að leggja fast að stjórninni með að gjöra fullkominn samning nú, er einkum sú, að eg álít að mál þetta þurfi enn töluverðs undirbúnings af landsmanna hálfu, áður en vèr getum gjört oss von um að ávinna nokkuð, sem oss sè verulegur hagur í. En þó á þenna hátt komi fram nokkur meiningamunur á meðal nefndarmanna sjálfra, þá vona eg þó menn sjái, að þetta gjörir ei mikið til, þegar allir eru þó ásáttir um að draga sömu ályktunina af ýmsum ástæðum. Hvað því og viðvíkur, sem hinn háttvirti varaforseti sagði seinast um eyjuna Vigur, að hún lægi líklega svo langt fyrir utan landhelgi í sjó, að rán og gripdeildir yrðu leyfileg þar, þá verð eg þó að gjöra hann varan við, að ey þessi er þó æfinlega numið land, sem sjórèttarlögin geta alls ei náð til á svo hraparlegan hátt.

Benidikt Þórðarson: Eg vil áskilja mèr breytingar- og viðauka-atkvæði við 2. tölulið niðurlagsatriðanna, að eptir orðið »fiskhelgi« bætist inn í: »og fiskimið landsmanna á opnum bátum« (*Jón Guðmundsson:* Það kemur í breytingaratkvæði mínu).

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Áður en eg slít fundi, skal eg geta þess, að til mín er komið nefndarálit í málinu um eptirlaun ekkjufrúar E. Thorstensen.

Eg vil biðja þá þingmenn sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði og viðauka-atkvæði, að koma með þau til mín fyrir kl. 7 í kveld. Ákveð eg svo fund til morguns kl. 11. f. m.

Fundi slitið.

Tuttugasti og sjöundi fundur — 8. ágúst.

Allir á fuudi.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá læknaskipunarmálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu; en af því framsögumaður er enn ókominn, vildi eg stinga upp á því, að annaðhvort hinn 4. konungkjörni þingmaður eða þingmaður Snæfellinga tækju á meðan að sèr framsöguna.

Páll Melsteð: Eg vil stinga upp á því, að forseti biðji hinn 4. konungkjörna þingmann um að taka að sèr framsöguna á meðan.

Forseti: Eg vil stinga upp á því, að byrjað verði á stjórnarbótarmálinu, þar framsögumaður er viðstaddur. Eg vona, að þingmenn hafi fyrir sèr prentuð niðurlagsatriðin. Málið var síðan afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 291.

Sömuleiðis leyfi eg mèr að lesa upp nefndarálitið í stjórnarbótarmálinu nr. 2.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 293.

Mèð því stefna málsins er svo einföld og auðskilin, þá álít eg það vera óþarfa að fara um það mörgum orðum. Eg óska einnngis, að þingið taki uppástungurnar til greina og kjósi nefnd í málið til að semja ávarp til konungs.

Konungsfulltrúi: Eg vil einungis leyfa mèr að taka fram, að úr því þingið hefir tekið málið fyrir, þá álít eg þá niðurstöðu sem nefndin hefir komizt að hina einu rèttu; því eg tel það víst, að ávarp það sem hèr er stungið upp á, verði orðað með allri þeirri hógværð og stillingu sem þinginu sè verðug og samboðin.

Arnljótur Ólafsson: Eg held það sè búið að lètta af mèr krossinum, hvað framsögu þessa máls snertir, og álít eg það vel til fallið, ef svo gæti farið, að málin sameinuðust svo í góðu samlyndi hèr eptir, sem þau hafa nú komið fram í einni framsögu. Þetta get eg sagt því heldur sem eg var fastur á því við inngangsumræðu þessara mála, að þau ættu bæði að koma í eina nefnd. En þó eg sè nú eigi kunnugur nefndinni nr. 1, þá hefi eg þó fengið veður af því, að hún fari með hnútuköstum að stjórninni hèr á landi, og í einu orði vera alls annars eðlis en nefndin nr. 2, sem verið hefir hógværðin sjálf, og finnst mèr því undarlegt að ávarp til konungs sè í einu lagi sent til konungs frá báðum nefndunum. Eg segi þetta þó eigi af því, að eg sè mótfallinn nefndinni nr. 1, langt í frá mèr væri það einmitt kært, ef nefndin nr. 1 gæti hjálpað sèr á því skipi, sem nefndin nr. 2 hefir kosið sèr, fyrst hún er nú búin að brjóta skip sitt á hnútuskerjum aðfinninganna, er hún hefir orðið að hleypa upp á fyrir ofveðri stjórnmálastormanna.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla ekki að taka eins skáldlega í þetta mál og þingmaður Borgfirðinga gjörði, en vil að eins benda þinginu til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat um, að athugasemdir mínar og hins 4. konungkjörna þingmanns mundu geta komið fram í ávarpinu til konungs. Eg ímynda mèr og að ávarpið geti verið orðað svo, að engin hnútuköst, ef eg mætti svo að orði kveða, komi fyrir í því; ef menn að eins gæta þess, að slíkt skjal verður að vera samið meðal annars með allri hógværð og stilling.

Konungsfulltrúi: Eg hef það traust til þingsins, að það muni heppnast að kjósa svo vel í nefndina, er semja ætti ávarpið til konungs vors, að eg fulltreysti því, að það verði farið með allri gætni og stillingu í málið.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn að skera úr, hvort kjósa skuli 5 manna nefnd eða 3 manna nefnd.

Var síðan 3 manna nefnd samþykkt með 12 atkv. gegn 8, og í hana kosnir þessir:

P. Pètursson . . með 15 atkv.
Jón Guðmundsson -- 11 —
Jón Sigurðsson . — 10 —

Forseti: Þessu næst kemur til álýktarumræðu og atkvæða-

greiðslu læknaskipunarmálið. Eg vona þingmenn hafi prentaða atkvæðaskrá fyrir sèr. Nefndarálitið var afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna, bls. 295.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Þegar eg sá þessa atkvæðaskrá datt mèr tvennt í hug; fyrst þetta: »Nóg er hafið til að reka í« og svo stakan um ósamlyndið; við erum hèrna á þingi 23 samtals og ágreiningsatkvæðin eru þessu jafnmörg; en hvað það er nú fallegt, þegar meiningarnar eru jafnmargar og höfðatalan!! Hèr vantar 2 á þingið enda er og einu breytingaratkvæðinu skipt í tvennt, »a« og »b«, Eg er hræddur um, að eg mundi þreyta þingið, ef eg færi inn í hvert einstakt smá-atriði, eg ætla því að verða eins stuttorður og mèr er unnt. Hinn háttvirti varaforseti sagðist með breytingaratkvæðum sínum styrkja nefndina; en þetta álít eg mjög bága styrkingu, þar ekki stendur steinn yfir steini í nefndaruppástungunum, ef menn fallast á þau. Menn fara hèr að upp á fínan máta eins og gömlum »Diplomater« sæmir; en nefndin sèr þetta mikið vel, og lætur sig því ekki blekkja af því, því, eins og eg sagði, þá er öllum uppástungum nefndarinnar raskað. En verst er, að menn hèr eyða bæði fè og tíma til þess að vera að tala um þetta, sem mig grunar að ekkert muni koma út af, því breytingarnar eru svo gífurlegar, að nefndin með engu móti getur gengið inn á þær. Það væri miklu hreinlegra og drengilegra, ef menn hreint og beint segðu við viljum ekki hafa þetta; þá vissu menn hvað þeir vildu, og þá spöruðu menn bæði fè og tíma. Eg get ómögulega sèð annað, eg tek það upp aptur, en að þessi breytingar- og viðauka-atkvæði tæti og rífi nefndarálitið svo í sundur, að það verður ekki heil brú í því, og það verður því verra en ekkert. Eg held þeir, sem voru hèr á þingi 1861, megi muna það, að mönnum þá þótti fèð of lítið til að byggja spítala fyrir, og ef menn ætla nú að fara að klípa af því; mèr dettur orðatiltæki þingmannsins úr Dalasýslu í hug, þá held eg nú fari ekki betur, því þá verður ómögulegt að gjöra neitt svo í lagi fari. Breytingaratkvæði þingmannsins frá Skagafjarðarsýslu hef eg ekkert á móti að ganga inn á, því það er að eins orðabreyting; en viðauka-atkvæðið nr. 3. dregur úr öllu, svo ekkert verður úr málinu. Breytingaratkvæði þingmannsins úr Reykjavík er mjög glæsilegt og fínt og diplomatiskt, en það er þó ekki fínna en svo, að nefndin sèr hvað þar liggur á bak við; það er hægt í álitskjalinu með 2 eða 3 orðum að steypa uppástungum nefndarinnar, svo að ekkert verði

úr þeim. En slíkar tilraunir eru ódrengilegar og mèr finnst eðlilegra að segja meiningu sína hreint og beint út. Hvað orðabreytinguna undir nr 6 snertir, þá vil eg ekki segja annað um hana, en að þar kemur þetta gamla fram, divide et impera. Þá kemur nr. 8 og er það ósköp gott, það vill segja, að þá verður ómögulegt að gjöra neitt með þeim efnum sem eru fyrir hendi; þetta er því sorglegra, sem menn geta komið miklu góðu til leiðar, ef menn fylgdu nefndaruppástungunni. Það er tvennt sem eg hefi barizt fyrir, nefnilega að fá spítala byggðan hèr í Reykjavík og hitt, að hinum ömtunum yrði gjört það að skyldu, ekki að mega skorast undan því, að leggja sinn skerf til; þetta er engin klögun yfir amtmönnunum, eins og sumir hafa tekið það. Eg vonaðist nú til þess af þinginu, að það mundi hjálpa mèr í þessu efni, en eg sè því miður, að mèr að líkindum ætlar að bregðast þetta traust, sem eg bar til þingsins, og þetta kalla eg ekki drengilega gjört af þinginu, ef svo fer í þessu mikla velferðarmáli landsins. (*Forseti:* Þingmenn fylgja sannfæringu sinni, og það eiga þeir rètt á). En eins og málinu er nú komið, þá verður ómögulegt, að gjöra neitt að gagni hvorki spítala sem gagn sè í, eða þeirri nauðsynlegu læknakennslu. Það er því ekki til annars en að æsa þingmenn, að vera að fara lengra út í þetta, þegar þessi mikli meiningamunur er. Eg vil bara biðja þingmenn um að hugsa um læknaleysið hèr á landi, og hvað landsmenn vorir sökum þess mega þola, og þá spyr eg, hvers vegna þeir ekki vilja hjálpa mèr á þessum vegi, sem er sá greiðasti til þess að bæta úr þessum þörfum? En með þessu móti nefnilega að styðja til sundrungar, spillum við málinu, og þegar Vestfirðingar og Norðlendingar vilja draga sig aptur úr, þá verður ekkert. Eg álít þvi ekki til neins að vera að lengja umræðurnar um þetta meir, því þegar nefndin fær þingið ekki til að aðhyllast uppástungur sínar, þá er nefndarálitið alveg eyðilagt. Eg efast ekki um, að hver muni forsvara sína meiningu, en eg vona þá að hafa orð á móti þeim; það versta er að þessar löngu umræður taka bæði fè og tíma. Að síðustu vil eg geta þess, að eg er ráðinn í hvað eg muni gjöra, ef nefndarálitið verður fellt.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi beðið um orðið nokkuð snemma einkum til þess að tala um 5. töluliðinn, og vildi eg skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort eigi væri rèttast að greiða atkvæði um það siðast, því að það er ný uppástunga.

Eins og þinginn er kunnugt kom þetta atriði hèr fyrst inn á þing 1847, og þá bað alþingi um nýtt frumvarp. Eg ætla með leyfi þingsins að rekja sögu þessa máls nokkuð. Eptir þetta fór stjórnin að skrifa amtmönnum um málið, það var á árunum 1849 og 1850, mèr er ekki kunnugt, hverju þeir svöruðu; því það er ekki prentað neinstaðar svo eg viti; með þetta lèt þingið sèr nægja þangað til 1857; þá var málið aptur tekið fyrir á þingi 1859, 1861, og nú 1863. Eg ætla nú að gjöra nokkra grein fyrir því, hvort uppástunga mín er óþörf. Hinn háttvirti konungsfulltrúi gat þess í gær, að hann með síðasta gufuskipi hefði frá stjórninni fengið skjöl þessu máli viðvíkjandi, og hann var svo velviljaðnr, að hann lèði mèr þau. Af þessum skjölum má sjá, að stjórnin skrifaði byskupnum, sem átti að útvega álit amtmannanna. Þetta var 1859. Fyrst kom svar frá amtmanninum fyrir norðan; en það kom þó fyrst 6. desembermán. 1860. Hann skýrir fyrst frá því, að hann hafi borið sig saman við byskupinn og hina amtmenn landsins, líklega þegar hann var hèr um sumarið 1859, en út af því hafi ekki annað komið, en að stiptamtmaðurinn Trampe greifi hafi viljað semja uppástungur, samkvæmar því, sem hann hafi látið í ljósi í viðtali þeirra, en amtmaðurinn nyrðra eigi hafi fallizt á, og senda sèr þær síðan, en uppástungur þessar hafi hann aldrei fengið. Með því alþingi hafi eigi hent á þær breytingar, sem það vildi gjört hafa, þá verði hann að halda sèr til álits amtmannsins í norður- og austuramtinu 31. desemberm. 1849, enda þyki honum sjálfum engin ástæða til að stinga uppá nýjum tekjum fyrir spítalasjóðina.

þar sem alþingi segir, að þiljuskip sèu laus við spítalahlutina, þá verði hann að neita því, að það eigi sèr stað í hans amti, og þar sem nokkrir hafi skorazt undan þessu gjaldi nú á síðustu tímum, þá ætli hann að láta það mál ganga til málssóknar. Að því er snerti hákarlaveiðar, þá sè eptir rescripti af 26. mai 1824 gjaldið af hverjum 10 hákörlum 1 lýsispottur og hálfur fjórðnngur af velverkuðum hákarli, en út af þessu hafi risið efi, hvort »gotungar« eigi að teljast með, eða hversu stórir hákarlarnir ættu að vera, og auk þessa sè fiskurinn opt skorinn í sjóinn, svo eigi sè auðið að vita, hve margir hafi veiðzt. En á hinum síðustu árum hafi sú regla komizt á í Eyjafjarðarsýslu, þegar farið hafi verið einungis að flytja lifrina í land, að 1 pottur af lýsi hafi verið greiddur af 750 pottum lifrar, en hákarlinn einungis af því, sem í land hefir flutzt og við það sitji eptir aftali við byskupinn; þessi siður hafi

einnig verið viðtekinn í öðrum sýslum norðanlands, en þó sè að minnsta kosti í einum hreppi í Þingeyjarsýslu, að eins goldin 1 pottur lýsis af 1200 pottum lifrar. Þetta eru nú allar uppástungur hans, það er með öðrum orðum, að þær eru alls engar. Stiptamtmaðurinn svarar byskupnum 27. d. aprílmánaðar 1861, en skýrskotar einungis til brèfs síns 31. d. desembermánaðar 1849, er hann hafi ritað, er hann var settur amtmaður í norður- og austurumdæminu. Þegar nú til vesturlands kemur, þá bætir ekki um, og á þar sannlega við »ekki bætir hann Eggert glói«; amtmaðurinn þar hefir nú öldungis misskilið spurninguna og í staðinn fyrir að svara því, hvernig haga ætti betur tekjunum, þá hefir hann skýrt frá skoðun sinni um það, til hvers eigi að verja þeim, en nefnir ekki með einu orði hvort nokkuð sè við það gjörandi, að auka tekjurnar eða haga þeim betur. Þegar byskupinn fær þessi brèf amtmannanna, skrifar hann stjórninni 22. sept. 1862 og skýrir frá því, hvernig gengið hafi með að fá brèfin frá amtmönnnnum, og að hann hafi enn eigi fengið svar frá amtmanninum fyrir vestan eptir þrjár áskoranir, en að það virðist felast undir niðri í svari amtmanuanna fyrir norðan og sunnan, að þeir haldi sig við reglur þær um heimtingu spítalahlutanna, sem hafðar sèu, án þess þeim þyki nokkur nauðsyn á nýrri reglugjörð. Sjálfur kveðst hann og vera þeim samdóma, að svo miklu leyti, *að svo lengi gengið sè út frá tilskipun* 27. maí 1746, bæði að stjórninni til og gjaldmátanum, án þess að gjöra mun á spítölum og læknasjóð, þá sè rèttast fyrst um sinn að halda því sem sè. Um það sem alþingi hefir stungið upp á 1857 og 1859, sem undirstöðu til nýrrar reglugjörðar, þá gæti í þvi falizt ýmsar góðar athugasemdir um óvana, sem kunni að eiga sèr stað hingað og þangað, og út úr því hafi menn ritað sýslumanninum í Skaptafellssýslu um spítalahluti af fugli, en hann hafi enn þá eigi fengið neitt endilegt svar um það.

Hann segir það sína föstu sannfæringu, að ný reglugjörð sè með öllu óþörf, svo lengi menn haldi sèr við tilsk. 27. maí 1746, en hin »administrative« stjórn eigi að sjá um að fylgt sè hinni eldri löggjöf, meðan engin ný lög koma, og tálma öllum óvana, og þetta sè hin helztu not, sem stjórn spítalasjóðsins geti haft af hinum mörgu umræðum alþingis um þetta efni, og málið sè við þær orðið svo flókið, að hann treysti sèr eigi til að búa til neinar uppástungur með því hann enga stoð hafi af amtmönnunum. *Alþingi virðist og að ganga allt af út frá þessari tilskipun,* en þó

sè það eigi sjálfu sèr samkvæmt, að það stingi upp á nýjum tekjugreinum t. a. m. af æðarfugli og selveiði, sem ekki sè lögheimilaðar, en að auka tekjnrnar, með því að leggja toll á fleiri atvinnuvegi, telji hanu með öllu óráðlegt, en vilji heldur halda sèr til þess, sem sè, þangað til ný lög komi, því heldur sem landsbúar sè eigi alls kostar ánægðir með þessa tolla, enda þó sú óánægja sè ei almenn.

Að öðru leyti verði hann að sínu leyti að halda sèr til brèfs stiptsyfirvaldanna 25. sept. 1850 1. atriði, því það sè enn sín sannfæring; af því sjáist, að þann hafi skoðað málið í aðalefninu frá nýju sjónarmiði, og gagnstætt álitsskjölum amtmannanna, en með því hvorki stjórnin, alþingi eða amtmennirnir hafi tekið þessa skoðun sína til greina, þá fallist hann á skoðun amtmannanna, að láta sitja við þetta gamla fyrst um sinn, og það því heldur, sem talað sè um breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu hèr á landi, og því álíti hann rèttast, að láta mál þetta liggja í þagnargildi, svo lengi sem stjórn þessi sè skipt á milli byskupsins og amtmannanna, og ráða málinu eigi til lykta unz stjórnarbótin komist bèr á. Nú hefir ráðherrann í brèfi 14. febr. þ. á. ritað stiptsyfirvöldunum til enn á nýja leik, og sagt þar, að það væri einkum beimtingaraðferðin í suðuramtinu, sem hefði valdiðbænarskrám alþingis, og minnt þau á brèf ráðherrans 10. júní 1851, og ef ekkert væri gjört út úr því, þá beðið um að nýju uppástungur um haganlegri heimtingaraðferð á spítahlutunum í suðurumdæminu. Stiptsyfirvöldin skýra frá því í svari sínu til stjórnarherrans í vor, að ekkert hafi enn verið gjört; heimtingunni hafi verið hagað hèr í suðuramtinu á þann hátt, að selja spítalafiskinn við uppboð í hverjum hrepp í Gullbringu- og Borgarfjarðarsýslum. En þá hafi það sèst, að spítalasjóðirnir hafi ekkert unnið við það, því síður sem sýslumennirnir hafi farið að senda reikninga yfir útgjöld sín við þessi uppboð, og þá hafi verið farið aptur að láta bæjarfógetann bjóða fiskinn í þessum 2 sýslum upp fyrir fram hèr í Reykjavík, en það hafi ekkert batnað við það, nema að því að hann hafi heimtaðborgun fyrir ómakið, sem hann og hafi fengið eptir brèfi stjórnarherrans 12. sept. 1856.

Út úr þessu hafi þá byskupinn borið sig saman við stiptamtmanninn, hvort eigi væri rèttast að hætta þessum uppboðum, en selja fiskinn undir hendinni, og með því stiptamtmaður hafi fallizt á það, þá hafi það verið ákveðið, að auglýsa skyldi í blöðunum að fyrir kl. 6 31. desember hvers árs skyldu þeir, er kaupa vildu fisk-

inn hafa sent hin hæstu boð sín byskupinum, sem þá ætti að samþykkja þau ásamt stiptamtmanni, ef þau þættu aðgengileg, og þetta skyldi þá aptur auglýsa í blöðunum, en kaupendur skyldu greiða byskupnum andvirðið í peningum innan septembermánaðarloka hvers úrs, og þetta hafi orðið ábatamest fyrir spítalasjóðinn. Sama aðferð hafi og verið innleidd í Árnes- og Rangárvallasýslum fyrir Kaldaðarnesspítala og þótt ábatamest, enda þótt fiskiveiðarnar þar sèu eigi miklar og spítalasjóðirnir auðgist lítið þaðan. Í Skaptafellssýslunum aptur á móti hafi hin forna venja við haldizt, að sýslumennirnir á manntalsþingum hafi selt spítalahlutina fyrir fram, en lítið komi þaðan. Í Múlasýslunum hafi sýslumennirnir tekið spítalahlutina á leigu, eða í *„Forpagtning«*, sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu fyrir 20 rd., en í Norður-Múlasýslu fyrir 10 rd., því að þeir hafi undir næsta byskupi á undan beðizt lausnar við þessa reikninga, með því fiskiveiðarnar væru svo litlar.

Hèr á suðurlandi hafi það eigi þótt rètt að selja fiskinn á manntalsþingum, með því þau sèu haldin eptir að spítalahlutirnir falli til, en þorskur allur sè hèr saltaður, og síðan verkaður en eigi hertur sem í hinum umdæmunum, eins og tilskipunin gjöri ráð fyrir. Við sölu þessa fiskjar er fylgt hinni fornu venju, að selja 4 skpd. af blautum fiski sem eitt skpd. af hörðum fiski. Í heimtingu þessara spítalahluta er þannig eigi gengið eins hart að eins og í norðuramtinu, og að nokkru leyti í vesturumdæminu, sem þó sè óvíst, hvort sè lögheimilað eptir tilskipun 27. maímánaðar 1746, en eptir aðferð þeirra hafi þeir ekkert að gjöra, nema að semja reikninginn eptir reikningum sýslumanna, en byskupinn hafi miklu meira ómak. En af þessu sjáist, að varla sè að hugsa til, að búa til nýja reglugjörð um þetta efni, meðan ekki komist sama aðferðin á um allt land í heimtingu spítalahlutanna, enda sè það því íhugunarverðara, að gjöra breytingu á því sem sè, þar sem einkum sjóður Kaldaðarnes spítala aukist svo mikið að tiltölu við hina spítalana, að hann við árslok 1861 hafi verið 25,071 rd. 74½ sk., en hinir allir til samans 18,460 rd. 20½ sk. Sè enn fremur tekið tillit til meðferðar alþingis á þessu máli, þá minnist þau eigi, að það hafi látið neina óánægju í ljósi yfir stjórn spítalafjárins, nema að því leyti er lýtur að uppboðunum. En uppástungur þess virðast einkum að miða að því, að auka sjóðinn með því að leggja tolla á þá, sem búa með sjó fram, en það þykir þeim mjög óráðlegt, ef eigi ósanngjarnt, meðan atvinnuvegur þeirra eigi hefir náð

meiri framförum en enn sè, og einkum þar sem spítala tekjurnar sèu ætlaðar læknasjóði fyrir allt landið. Sökum þessa sjái stíptsyfirvöldin eigi betur, en rèttast sè að láta málið sitja við það sem er, unz tilefni gefist til breytingar.

Eg ætla nú ekki að tala mikið um þetta atriði, en vona að þingmenn sjái, þegar þeir hafa heyrt þessar upplýsingar í málinu, að þá álíti þeir ekki viðauka-atkvæði mitt með öllu óþarft, og skal eg geta þess, að í þessum skjölum komi fram töluverður misskilningur á skoðun alþingis á þessu máli, þar sem það gangi út frá tilskipun 27. dag *maí* 1746, því að mèr virðist það einsætt, að alþingið biður um að breyta þessari tilskipun, en þó svo, að hún sè lögð til grundvallar, það er að segja, að leggja þetta læknasjóðsgjald á allt það, sem af eða úr sjó fæst, með því engiun skattur á því liggi að öðru leyti, eins og á öllu því, sem á landi aflist. Eg vil geta þess, um það, sem framsögumaður sagði, að eg með breytingaratkvæði mínu undir tölulið 4. mundi eyðileggja málið, þá er það alveg órètt. Orðum þeim er eg í gær bað forseta að bæta inn í, vona eg verði aukið í, því það er til gjöra málið skýrara.

Forseti: Það er rètt og satt sem þingmaðurinn segir, og eg bar það undir nefndina.

Benidikt Sveinsson: Mèr varð heldur en ekki bilt við þegar eg heyrði allar þessar upplýsingar, sem þingmaður Reykvíkinga nú gaf þinginu; eg hèlt að þær ættu að koma frá sjálfum konungsfulltrúa, en eigi frá þeim sem á þingmanna bekkjum sitja, og að vísu mun enginn þingmanna hafa meiri rètt en annar, til að bera þess konar upplýsingar fram á þingi. Eins víst og það er, að konungsfulltrúinn ekki getur tekið sæti á þingmanna bekkjunum, eins víst er það, að þessar upplýsingar eru komnar fram gegn rèttum þingsköpum, svo þær eru alveg þýðingarlausar, að minnsta kosti gef eg þeim ei minnsta gaum. Úr því eg á annað borð stóð upp, þá ætla eg að minnast lítið eitt á atkvæðaskrána. Mèr sýnist það vera 2 aðalstefnur sem koma fram í atkvæðaskránni. Hin fyrri er byggð á því, að við úrskurðinn frá 12. ágúst 1848 sèu allir spítalahlutirnir gjörðir, að einum sjóð eða einni heild, en hin leggur það til grundvallar, að fèð sè þó úr öllum ömtunum. Hin fyrri fer því nú fram, að fyrir *allt* spítala-fèð verði stofnaður spítali í Reykjavík, en hin síðari, að spítalinn í Reykjavík verði að eins stofnaður með fè spítalanna í suðuramtinu. Eg álít báðar þessar

stefnur vera sanngjarnar og èttlátar í sjálfu sèr. Það er rètt skoðun hjá hinum háttvirta varaforseta að við úrskurðinn frá 1848 sèu allir sjóðirnir dregnir saman í einn sjóð að lögum. Það er því vel aðgætandi, að konungsúrskurðurinn einmitt að þessu leyti gefur heimild fyrir uppástungum nefndarinnar, en það liggur berlega á hinn bóginn í þessum konungsúrskurði, og því má heldur eigi gleyma, að þessi sameinaði spítalasjóður sè sjóður *til að* bæta úr læknaskipun alls landsins. Af þessu flýtur þá, að eg hygg, auðsjáanlega það tvennt, að uppástungur þær, sem fara á flot *aðskilnaði* sjóðanna, stríða á móti konungsúrskurðinum, og að þær uppástungur eru honum heldur *eigi* samkvæmar, sem að eins hafa fyrir augum *einn* spítala, hvar svo sem hann væri á landinu, ef hann eigi fullnægir jafnt *öllu* landinu eptir því sem frekast er unnt. Þessar tvær hliðar málsins verða menn að hafa jafnt fyrir augum, og þó mönnum kunni að virðast, að þær komi í bága hvor við aðra, þá held eg samt sem áður að mögulegt sè að sameina báðar þessar stefnur. Menn verða nefnilega að gjöra sèr ljósa grein fyrir því, hvort ekki sè haganlegast nú sem stendur fyrir *allt* landið að verja fènu til stofnunar eins spítala í Reykjavík hèr, en þó þannig, að fèð yrði eigi um aldur og æfi bundið við þenna spítala heldur að eins þangað til að betra tækifæri gæfist en nú er til þess hinir fjörðungarnir fengju sinn spítala, og þeir gætu svo notið vaxtanna af spítalafènu í èttu og hagkvæmu hlutfalli við spítala í Reykjavík. Og þetta hlutfall þyrfti þá engan veginn að miðast við stærð spítalafjárins í hverju amti áður en sjóðirnir voru sameinaðir, heldur miklu fremur við það sem nauðsyn krefur til að koma spítölum á, einnig fyrir vestan og norðan, sem og það atriði, að suðurland hefði um hríð notið alls fjárins til að koma á fót sínum spítala, sem auðsjáanlega ætti að geta misst talsvert af vöxtunum, þegar hann er kominn á, því allt er örðugast og kostnaðarsamast fyrst, svo sem hús, áhöld og fleira; þannig gæti eg ímyndað mèr, að það væri sanngjarnt, að t. a, m. $^2/_3$ vaxtanna væru að þessum árum liðnum teknir til stofnunar spítala á Akureyri, og Vestfirðingar svo seinna fengju mestan hluta vaxtanna til að koma upp sínum spítala, og að vöxtunum svo á endanum yrði skipt eptir kringumstæðum jafnt milli allra spítalanna. Þetta er nú vissulega samkvæmt orðum og anda konungsúrskurðarins af 1848, en alls eigi tillögur manna á atkvæðaskránni, sem á annan bóginn vilja draga allt hingað til Reykjavíkur, og á hinn bóginn tvístra kröptum sjóðsins, svo að ekkert

verður með honum gjört. Spítalafèð er nefnilega auðsjáanlega nóg til að koma á fót einum og einum spítala í senn, og til þess er Reykjavík sem stendur bezt fallin, að í henni sè byrjað, en það væru fádæma rangindi, að láta svo spítalafèð allt einlægt ganga í þann spítala, því þó menn geti eptir núverandi kringumstæðum sagt, að *öllu* landinu sè bezt borgið með því, að koma þar á spítala, þá er allt öðru máli að gegna, þegar fram líða stundir, og kröfur tímans vaxa, enda er það auðsèð, að hægt mundi vera, að auka spítalasjóðinn með betri stjórn og tilhögun, auk þess sem spitalinn hèrna, eins og eg áður sagði, getur *við haldið* sèr með minna fè en hann er *stofnaður* fyrir. Niðurstaða sú, sem eg fyrir mitt leyti þannig kemst að í þessu máli er sú, að öllum vöxtum spítalasjóðsins — því að hreifa við innstæðunni sjálfri er svo fráleitt og óhugsandi, að eg ætla að enginn muni láta sèr það um munn fara — sè *um sinn* varið til spítala í Reykjavík, en að hinir landsfjórðungarnir hafi rètt sinn geymdan og óskertan með öllu til þess á sínum tíma að fá fèð úr sjóðnum til spítalastofnunar. Mèr datt því nú í hug, við undirbúningsumræðu þessa máls að taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, sem eg hefi tekið fram, en eg gjörði það samt ekki af því eg áleit nóg að þetta væri tekið fram í álitsskjalinu til konungs, enda er það með öllu nauðsynlegt, svo þingið eigi gjöri afglöp. Eg vona nú, að frá þessu sjónarmiði og á þessum aðalgrundvelli, þá geti hinn háttvirti framsögumaður og þingið komið sèr saman í þessu máli, sem er svo mikils umvarðandi fyrir land vort og lýð, og að það þannig verði útkljáð hèr á þingi til heilla og gagns fyrir oss alla yfirhöfuð, og til gleði og ánægju fyrir forvígismann þess sèr í lagi, hinn háttvirta framsögumann, sem vèr víst allir játum, að vèr eigum margt og mikið að þakka hvað það áhrærir, og sem Íslendingar munu muna honum lífs og liðnum, Eg vona og, að hann jafngóður og hygginn maður, muni álíta það helgustu skyldu sína, að gjöra allt sitt til þess, að þessu máli verði skipað á svo löglegan og hagkvæman hátt fyrir *allt* landið í bráð og lengd, sem framast má verða, og að þeim steini sè fyrir hans tillögur nú kastað úr götu, sem stendur í vegi eptir atkvæðaskránni, of mikil og öfug fastheldni við heill og hag einstakra hluta landsins, sem leiðir til þess, að sundra og tvístra kröptunum, í stað þess, að sameina þá ættjörðu vorri til blóma og blessunar.

Eg vona nú, að atkvæðagreiðslan í þessu máli gangi í þá átt

sem eg hefi bent á, því hún ein er lögum samkvæm og hún ein samsvarar hlutarins eðli og ósk Íslendinga. Samkvæmt þessu treysti eg því, að töluliður 2. fái þingsins meðmæli, þó þannig, að það sè tekið skýrt og skorinort fram í ástæðunum í bænarskránni til konungs, að þessi tilhögun þannig löguð sè að eins byrjun og að því leyti til bráðabyrgða, nefnilega hvað brúkun *allra* vaxtanna til spítalans í Reykjavík snertir.

Þá var og annað atriðið, sem eg ekki get leitt hjá mèr að tala um, og það var það, hvort það sè tilgangur spítalasjóðsins að launa læknakennsluna. Eptir hlutarins eðli fer þessu fjarri, og eptir konungsúrskurðinum sjálfum lítur það heldur eigi út, eins og spítalafèð sè ætlað til hennar, því það hefði orðið að minnsta kosti að takast fram með berum orðum, ef hinum upprunalega tilgangi spítalasjóðanna væri svo verulega haggað, en þetta liggur engan veginn í orðunum »den *nuværende Medicinalindretning* i Landet«, heldur miklu framar hið gagnstæða, og þó stjórnarráðið hafi skilið það á annan veg, þá breytir sá skilningur hvorki konungsúrskurðinum, nè heldur bægir þinginu að lögum frá því, að skilja hann rètt og eðlilega. En allt um þetta er eg ekki viss um nema hyggilegt sè *í bráð,* að halda þessu ekki svo strangt fram, heldur að slaka til, en biðja einungis um það til bráðabyrgðar, svo rèttur spítalasjóðsins verði geymdur óskertur; að leita til ríkissjóðsins álít eg nefnilega vera tilgangslaust, eptir því sem fjárhagsmálinu nú er komið, og hefi eg áður í öðru máli tekið það skýrt fram, hvers vegna eg álít þá aðferð *nú* ranga, þó hún *áður* hafi verið rètt og eðlileg, af því það er vafalaust, að fèð til læknakennslu ætti að rèttu lagi að greiðast úr ríkissjóðnum. En hvað dugar það, úr því það nú ei fæst sem stendur og vèr viljum koma einhverju strax á fót, þar sem kröfur vorar til Dana heldur eigi farast fyrir, þó vèr reynum að hjálpa oss sjálfir, og hvað spítalasjóðinn snertir, þá má eins endurgjalda honum aptur það, sem í *bráð* væri varið til læknakennslunnar úr honum, þegar vèr höfum fengið fjárhaginn aðskilinn eður rètt vorn betur viðurkenndan en nú er. Þetta atriði ætti þá og að takast fram í bænarskránni til konungs. Það hefir mikið verið talað um 3. atriðið, nefnilega um það, að amtmennirnir tafarlaust úr jafnaðarsjóðunum skyldu vera skyldir að greiða þá hina svo mikið umtöluðu 200 rd. til landlæknisins. Þessi tillaga er nú ekki rètt eptir orðum úrskurðarins, því þar er ætlazt til, að hèraðslæknarnir kenni hver í sínu lagi, og þá er 11. tölu-

liður að því leyti og eigi á rökum byggður. 10. atriðið, sem er ný ákvörðun, álít eg gott, af því það eru engin líkindi til, að hèraðslæknarnir geti veitt eins góða kennslu eins og landlæknirinn, einkum þegar spítalinn væri kominn hèr á. Eg vona því, að töluliður 10 fái meðmæli þingsins, og að þessi ágreiningur verði að engu, og menn fallist á nefndaruppástungurnar með þeim hætti og undir þeim skilyrðum, sem eg hefi tekið fram. Viðvíkjandi hinum ágreiningnum sem meir er formspursmál, þá verð eg að segja það, að mèr er ekki ljóst, hvað breytingaratkvæðið undir 4. töluliið fer fram á. Þingmaður Reykvíkinga meinar víst að nota skuli spítalahlutina; en það sèst eigi af þessum tölulið, hvort nota eigi að eins vextina eða höfuðstólinn líka, en eg vona, að engum detti í hug, að skerða sjóðinn sjálfann, nè heldur taka lán upp á hann, því það er eitt og hið sama, úr því sjóðurinn yrði að borga lánið án þess að fá það endurgoldið neinstaðar frá. Eg vona, að framsögumaður sjái nú svo fyrir, að fyrirkomulag það, sem hann stingur upp á, verði ei ónýtt, þó að ekki sè snert innstæða spítalasjóðsins, enda liggur það í augum uppi, að vextirnir eru nógir, ef menn vilja sníða sèr stakk eptir vexti, og er það að vísu skylda vor, að gjöra svo, þess vegna vona eg, að 4. töluliður falli, af því hann er svo óákveðinn. Eg skal svo ekki eyða tímanum til að tala um hinar uppástungurnar, eg er sumum meðmæltur, en sumum mótmæltur. Eg hef nú ekkert á móti 12. atriðinu, ef spítali væri kominn á, en meðan þetta fyrirkomulag er sem nú er, þá álít eg rèttara, að landlæknirinn kenni fyrir þá peninga, en kaupi ekki fyrir þá bækur, og þegar landlæknirinn skýrir frá, að hèraðslæknarnir ekki kenni, þá finnst mèr hann hafi rètta kröfu á, að fá peningana, þegar hann vill kenna fyrir þá. Hvað 14. atriðið snertir, þá finnst mèr það vera mjög ólíkt varaforseta; hann er maður sem vill hafa, að málin verði fljótt og skjótlega afgreidd, en hèr er einungis talað um einhverja blessaða yfirvegun og úrræði, og er mèr illa við það. Annars ímynda eg mèr, að stjórnin mundi vera fús til að styrkja efnilega unga menn til að ferðast, og verð eg að álíta, að 15. töluliður sè bezt til fallinn. Það eiga allir að hafa *aðgang* til að ferðast, en í hvert skipti ferðast sá, sem færastur og heppnastur er. Svona er það með alls konar legöt eður menntastyrk, að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir. 17. töluliður finnst mèr varúðarverður. Þessir 4000 rd. eru ekki ætlaðir til vissra útgjalda; en þetta verða viss útgjöld; annað mál væri

það, ef nú stæði svo á, að það þyrfti að biðja um ferðastyrk handa einstökum manni. Eg vona, að í stað 18. töluliðs komi hinn 15. Hvað 19. tölulið snertir, þá er hann réttur og samkvæmur uppástungum nefndarinnar, það lýsir sèr ekki í því nokkur ýmigustur til amtmannanna, en þeir þekkja ekki læknisfræðisleg mál. Eg álít því bezt að þau sè beinlínis send frá landlækninum til lækningaráðsins svo okkert tefji fyrir afgreiðslu þeirra. Það hefir komið fram sú mótbára móti 22. tölul. að orðið »þeir« væri óákveðið, en mèr sýnist nú, að hver sá, sem settur er í embættið, og annars er fær um það, sè launa verður, hvort sem hann með prófi eða öðru hefir sýnt að honum sè treystandi til þess; að tiltaka embættislausa kandídata, eins og gjört er í 21. tölul., finnsi mèr óviðurkvæmilegt, og eg fæ t. a. m. ekki sèð, hvers vegna læknir í næsta umdæmi ef hann væri settur og þjónaði vel, ekki ætti að fá þau laun, og það því síður sem hann ei að eins mundi vera lærður læknir, heldur einnig hlyti að hafa reynslu fram yfir kandídatinn og þar að auki svo mikla fyrirhöfn að þjóna tveim embættum svo að hann í öllu þessu tilliti yrði einmitt fremur launa verður en hinn óreyndi mennta-maður. Eg skal svo ekki tala fleira, eg vona að þingmenn hafi ekki misskilið mig í þessu máli og sezt eg svo niður með þeirri athugasemd að endingu, að eg mun með auðmýkt og þolinmæði taka á móti hnútum þeim, sem mèr kunna að verða sendar fyrir tillögur mínar í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Eg hefi leitt hjá mèr að taka til orða í þessu máli, og eg skal nú að eins leyfa mèr að tala fáein orð út af ræðu hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, er nú settist niður. Ræða hans laut að því, að koma á miðlun milli hinna frábrugðnu atkvæða, sem hèr liggja fyrir á atkvæðaskránni, og er slík sáttatilraun í alla staði viðurkenningarverð, en eg get þó ekki betur skilið en að uppástunga hans til að koma miðlun á, sè nokkuð hæpin. Hann stakk upp á því að fyrst væri komið upp spítala í Reykjavík, en þegar það væri búið skyldi hin ömtin eiga heimtu á á spítala hjá sèr, og þessir spítalar skyldu einnig stofnaðir á kostnað læknasjóðsins. Eg er nú hræddur um, að þegar búið er að stofna læknaskóla, spítala o. s. frv., eins og hèr er farið fram á. í Reykjavík, muni ekki verða afgangs fè til stofnunar spítalanna fyrir norðan og vestan, og það yrði því að eins von, en ekki vissa, sem hin ömtin fengju í þessu tilliti. Það sem hinn heiðraði þingmaður sagði um læknasjóðinn, að hann væri ein heild fyrir allt

land, er alveg rètt, en hitt er þar á móti naumast rètt, að það megi ekki verja neinn úr þessum sjóði til launa handa læknum, og að minnsta kosti má ráða af því, sem kom fram frá hálfu stjórnarinnar á þinginu 1861 í læknaskipunarmálinu, að hún er ekki þeim heiðraða varaþingmanni samdóma í þessari skoðun, og þingið viðurkenndi einnig sömu skoðun á málinu í það skipti með því hvernig það tók í málið. Stjórnin lýsti því nefnil. þá yfir, að stofnun spítala í Reykjavík kæmi í bága við þá stefnu, sem hún ætlaði að halda málinu í, þeirri nefnil. að koma upp innlendum læknum og læknakennslu, og jafnframt fjölga læknaembættum með því að veita þeim laun úr læknasjóðnum, en eg skal ekki fara lengra út í það atriði, eins og málinu nú er komið, og með þeirri stefnu sem það nú hefir fengið í þinginu. Um sjálf breytingaratkvæðin ætla eg ekki að tala, einungis skal eg leyfa mèr að taka fram atkvæðið sub nr. 20, þar sem nefndin stingur upp á, að landphysicus ekki skuli þurfa eptirleiðis að senda skýrslur sínar eða brèf til stiptamtsins heldur beinlínis til stjórnarinnar, að það getur frá stiptamtsins hlið ekkert verið á móti því fyrirkomulagi, og það því síður sem landphysicus ætlar það flýta málunum og úrslitum þeirra, þó eg ekki viti til, að það fyrirkomulag, sem er, hafi tafið fyrir eða spillt nokkru máli frá landlækninum, en að öðru leyti get eg, hvað þetta atriði snertir, skýrskotað til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði áðan um það í ræðu sinni.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn 2. konungkjörni þingmaður sökum lasleika er genginn af þingi.

Framsögumaður: Eg þakka þingmönnum kærlega fyrir tillögur þeirra, og einkum fyrir þær upplýsingar sem þeir hafa gefið þinginu, en samt er eg hræddur um, að tillögurnar sèu meiri á orð en á borði. En lakast þótti mèr að heyra, að heimtingar spítalatekjanna voru öldungis í graut; af sumum er greitt svo og svo mikið, en engar almennar reglur fyrir heimtingunni, og samt eiga sumir von á lagasóknum; en litill gróði þykir mèr það, þó úr báðum Múlasýslum sèu borgaðir 30 rd. Byskupinn álítur það ónauðsynlegt að semja nýja reglugjörð, enda hafi hann engan stuðning af amtmönnunum; eg get nú heldur ekki sèð, að þessi uppástunga eigi nú við; hefði hún komið í byrjun þings, þá hefði eg verið henni meðmæltur og viljað hafa sèrstaka nefnd. Hinn konungkjörni varaþingmaður kom nú með ýmsar athugasemdir, og eg þakka honum fyrir þann velvilja sem hann sýndi mèr, en eg er hræddur um að

hans góði vilji komi ekki að haldi. Hann vildi nú verja öllum árstekjum spítalasjóðanna til spítalabyggingar hèr í Reykjavík, en að 10 til 20 árum liðnum vildi hann kippa fótunum undan honum. En þegar einu sinni er búið að byggja hann, þá er örðugt að rífa hann niður, og eg held að það fengist heldur ekki læknir til hans, upp á 10 til 20 ár; en hitt er satt, að ekki má skerða innstæðu spítalasjóðsins, og nefndin ætlaðist ekki til þess, en hún bjóst jafnvel við, að með betra fyrirkomulagi á tekjunum gæti orðið nokkuð afgangs. Hafi það verið tilgangur stjórnarinnar eins og sumum hafa farizt orð um að launa læknum úr læknasjóðnum, þá hefði hún líklega gjört það. Eg held það sè mest undir því komið að fá lækna, en læknarnir eru líka dauðlegir og þarf að fá nýja, og eg held að anda löggjafarinnar sè ekki raskað þó að fènu væri varið til að mennta lækna-efni. Raunin hefir nú sýnt, að danskir læknar eru ekki betri en íslenzkir, enda hafa þeir dönsku læknar, sem hingað hafa komið, flestir haft aðra og þriðju einkunn, og þeir hafa ekki verið eins góðir og lærisveinar Bjarna Pálssonar; og þó að einstakir danskir læknar sem hingað hafa komið hafi verið duglegir þá er örðugt að fá þá. Þegar nú ekki má skerða innstæðu sjóðsins, hefir nefndin sýnt fram á það, að þessir 200 rd. úr jafnaðarsjóðnum eru nauðsynlegir ef að eitthvað á að gjöra að gagni, og það væri nokkuð hlæilegt að hafa 2 eða 3 kennara og ekki nema 3 lærisveina. Það er líka bágt, að geta ekki leigt sèr herbergi til að kenna í, og eg hefði verið í vandræðum í vetur, hefði hinn heiðraði varaforseti ekki hjálpað mèr. Eg á nú aptur að hafa einn nýjan lærisvein að vetri og verða þá handa mèr 300 rd. eins og áður, og þegar nú liðugur helmingur af þeim gengur í bækur og verkfæri þá hef eg ekki mikið eptir. En óskandi væri, að þeim, er lærðu heldur fjölgaði en fækkaði; og þó að nú sè útsjón til að fá kanske fimm nýja lækna, þá er það ekki mikið, því þingið verður að gefa gætur að því, að flestir þeir læknar, sem hèr eru á landi, eru komnir yfir fimmtugt. Eg trúi því ekki, að það sem konungsfulltrúi sagði sè meining stjórnarinnar, enda sýnist líka brèf frá dómsmálastjórninni að benda á hið mótsetta, enda getur konungsfulltrúi fengið upplýsingar hjá stiptamtmanni um þetta efni. Hann er víst ekki vel kunnugur um það, sem gjörist í stiptamtinu. Það er illa farið ef þetta atriði fellur, því þá er öllum reíkning nefndarinnar gjörsamlega kollvarpað. Eg skal svo ekki tala meira fyrr en eg heyri frekari mótbárur.

Magnús Andrèsson: Eg vil fyrst víkja orðum mínnm að því, að mèr virtist hinn háttvirti framsögumaður í ræðu sinni gjöra of mikið úr því, hvað breytingar- og viðauka-atkvæðin sundri aðalmálinu eða niðurlagsatriðum nefndarinnar; mèr getur ekki fundizt það eins mikið; mèr sýnist þau öll fara í sömu stefnu og nefndin, að spítali komist á hèr *í* Reykjavík, *og* sömuleiðis læknakennsla. Breytingarnar eru því ekki neitt stórkostlegar, og koma engar af þeim i bera mótsögn við nefndina. Annað er það, sem eg vil taka fram, að það er mín hjartans alvarleg ósk, að spítali gæti komizt hèr á, og að læknakennslunni, sem nú þegar er byrjuð, yrði haldið áfram. En þó þetta sè ósk mín, þá er eg samt hálfveiktrúaður með, að spítali geti nokkurn tíma orðið hèr að neinum verulegum notum fyrir allt landið, í öllu falli ekki að *þeim notum*, að sjúklingar geti haft þar hæli, því landið er svo strjálbyggt, og víðáttan svo mikil, að það væri ógjörningur fyrir menn úr fjarlægum hlutum þess að sækja á spítalann hèr. Ef járnbrautir og gufuvagnar væru komnir hèr á, þá væri öðru máli að gegna. Í hinu tillitinu hefir nú verið tekið fram, að spítalinn yrði að aðalnotunum, nefnilega að lækna-efni æfðust þar. En einnig um það er eg hálfveiktrúaður um, að það yrði að hinum tilætluðu notum; *því eg* held, að það mundi verða svo fáir til að sækja á spítalann, að það mundi verða lítil æfing í þessu fyrir lækna-efnin. Það sem enn fremur hefir styrkt mig í þessari skoðun minni er það, að það er augljóst, að nefndin hefir haft það í huga, að spítalinn mundi verða mjög ófullkominn, því annars hefði hún ekki farið að biðja um þenna styrk fyrir lækna-efnin, til að ferðast erlendis. Eg ætla samt sem áður ekki að vera málinu mótfallinn; eg ætla ekki að fara að rekja öll breytingaratkvæðin, eg mun gefa atkvæði fyrir þeim, sem mèr lízt bezt á, og sum af þeim sýnast mèr fara í álitlegri stefnu, en nefndarálitið, og bæta úr því. Fyrir 18. tölulið get eg ekki gefið atkvæði mitt; því það kann eg ekki við, að þegar þeir eru orðnir læknar, þá fari þeir eins og að strjúka frá embætti sínu, og kannske frá konu og börnum; þess vegna felli eg mig miklu betur við breytingaratkvæðið, að þeir fái þenna ferðastyrk, undir eins og þeir hafa aflokið prófi; en það álít eg nauðsynlegt, að þeir ferðist erlendis, einkum vegna þess, að eg hef ekki mikla trú á þessum spítala. Hvað það snertir, sem hefir verið talað hèr um, að verja öllum vöxtunum af sjóðnum til spítalastofnunar, þá þykir mèr það nú nokkuð ísjárvert, og eg get ekki annað en vorkennt fjarlægari

landshlutum þó þeir sèu því mótfallnir, einkum af því, að eg er hræddur um, að ekkert verulegt gagn geti orðið af þessum spítölum; og mèr finnst það náttúrlegt, þó þá langi einnig að fá upp hjá sèr sjúkrahús fyrir sinn part af spítalasjóðnum. Það getur verið, að það hljómi vel í eyrum, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók fram, að hin ömtin ættu að geta gjört sèr von um að fá sjúkrahús stofnsett hjá sèr seinna (*Benidikt Sveinsson:* Það er misskilningur; eg sagði að þau gætu áskilið sèr rètt til þess). En eg er hræddur um, að sú von mundi til skammar verða. Eg get því ekki verið því mótfallinn, að ekki sè varið öllum vöxtunum til spítalans, og er eg því með þeim töluliðum, sem fara í þá stefnu.

Framsögumaður: Það kemur opt fyrir, og eins í þessu máli að þingmenn hafa eina hugmynd, sem þeir víkja ekki frá, hversu góðar og kröptugar mótbárur, sem koma gegn henni, heldur halda henni til streytu. Þessi ósveigjanlega hugmynd, sem menn hafa í þessu máli, er það, að það muni ekkert gagn verða að spítalanum, því það muni verða svo fáir til að sækja á hann; eg er nú sannfærður um það mótsetta, eg held að svo margir mundu sækja eptir að komast þangað, að færri fái þar inn, en vilja. Hèr eru jafnaðarlega 10—12 utansóknarmenn, sem hafa viljað koma sèr hèr fyrir til lækninga, þó sumir verði opt að gefa það frá sèr, af því þeir geta hvergi fengið inni. Ætli þeir yrðu ekki fegnir, ef hèr væri spítali, þar sem þeir gætu fengið hæli. Menn skulu ekki lata fæla sig of mjög af því sem hinn heiðraði þingmaður Árnesinga sagði, að svo fáir mundu geta sótt spítalann vegna vegalengdarinnar. Er ekki hægt, að flytja hingað holdsveika menn, sinnisveika, þá sem eru þjáðir af langvinnum sjúkdómum, ýmsum taugaveikjum o. s.frv., jafnvel úr hinum fjarlægustu hlutum landsins; hitt er annað, þó þeir sem verða hastarlega veikir, verði ekki fluttir á spítalann, en það yrði heldur ekki, þó spítali yrði stofnaður á Akureyri, eða hverjum öðrum kaupstað sem væri, því eptir öllu ásigkomulagi hèr, geta spítalarnir aldrei orðið að notum fyrir hastarlega veiki, nema fyrir þá sem eru rètt í kring. Það er þá og svo mikill munur fyrir læknaefnin, að fá að sjá 150—160 sjúklinga á ári, sem eptir öllum vanalegum spítalareikningum yrðu á spítala, þar sem eru 20 sængur, og þeir fengju þar þá æfingu, sem þeir annars yrðu án að vera. Þessa verður þingmaður Árnesinga vel að gæta að, og hann getur þó ekki sagt, að spítalinn sè gagnslaus, þegar hann stuðlar

svona til, að læknakennslan eflist. Það er auðvitað, að þegar við viljum fá læknir í hverja sýslu, þá hefir landið miklu meira gagn af, að ávöxtunum af sjóðnum sè varið til þess að stuðla til, að þessir læknar geti fengist, heldur en að þeir liggi ávaxtarlausir hjá amtmönnnnum. Komi betri tímar seinna og þarfinar aukist í hinum ömtunum, er sjálfsagt, að hafa tillit til þessa líka, og það er þinginu innanhandar að leggja til. Svo eg get ekki annað sèð, en að þessi ótti þingmanna sè of mikill, og ekki byggður á rökum.

Stefán Jónsson: Eg verð að gjöra töluvert úr því, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sagði, þar sem hann vildi miðla málinu milli breytingaratkvæðanna og nefndarinnar, og eg veit ekki nema það hefði lukkast, hefði það komið fram í nefndinni, eða við undirbúningsumræðuna, og breytingaratkvæði verið gjörð í þá stefnu. En nú get eg ekki mikið byggt á, að það lagist hèðan af, og það því síður, sem mèr heyrðist framsögumaður ekki taka því nærri. Mig undraði það nú mikið, að hann vildi ei taka meira tillit til hinna amtanna, því ef eg tók rètt eptir, sagði hann, að þau mundu ekki geta gjört sèr neina von um afgang, því það sem afgangs yrði spítalabyggingunni, mundi ei gjöra betur, en hrökkva til að viðhalda stofnuninni, og þá væri þó illa gjört að kippa fótunum undan henni aptur. Þetta undrar mig því meira, sem eg get ekki sèð, að þetta þurfi að verða tilfellið, þó einn spítali væri stofnaður hèr, því ekki þarf þó nema einu sinni 10,000 rd. til húsabyggingarinnar, og árlega þyrfti ekki svo mikið fè sem afgangs verður, að ganga til að viðhalda byggingunni, ef nokkur mynd væri á henni upphaflega. Það hafa nú sumir orðið til að vorkenna mönnum þó þeir geti ekki sèð, að það sè rètt, að steypa svona saman öllum sjóðunum á einn stað. Eg neita því engan veginn, að það er von, þó menn hèr í suðuramtinu langi til að ná í sem mest, til þess að útvega öllu landinu lækna. En það er líka nokkur vorkunn fyrir hin umdæmin, þó þau kynoki sèr við, að allir vextirnir gangi hingað. Þessi sjóður er nú í Norðuramtinu að vísu lítill, svo þá dregur lítið að fá hann, en okkur dregur að missa hann, því mörg er þörfin þar eins og víðar. Opt er það á Akureyri, að 10 til 12 sjúklingar eru þar í einu annarstaðar að, og eiga opt mjög örðugt að fá þar húsnæði, og held eg að mikil þörf mætti virðast á, að fá yfir þá eitthvert skýli. Hinn háttvirti framsögumaður kvartaði um það í byrjun ræðu sinnar, að breytingaratkvæðin færu svo mikið í kringum aðalmálið, þau væru svo tvíræð og óljós, að

það væri ómögulegt, að sjá meininguna í þeim. Eg held nú að þetta geti í öllu falli ekki gilt um breytingaratkvæðin, sem eg á á atkvæðaskránni, og held að þau sè svo ljós, að hver maður geti sèð meininguna í þeim. Að því leyti, sem framsögumaður sagði, að það væri auðvitað, að allt landið gæti að nokkru leyti haft gagn af spítalanum, með því að það mætti flytja sjúklinga með ýmsum veikindum hingað, þó það væri svo utan af landshorni, þá játa eg nú það að vísu, að það væri kljúfandi að flytja þá menn hingað, sem ekki hafa þá sjúkdóma, er leggi þá í rúmið. En hver ætli vildi fara að láta flytja sig hingað, til þess að fá vilyrði fyrir, að liggja á spítalanum í 6 eða 7 vikur, sem er eptir orðum framsögumanns takmarkið fyrir veru manna á spítalanum? Það vita allir, að það er ekki tilvinnandi fyrir menn að fara svo langar leiðir, og hafa svo ekki von um, að mega vera á spítalanum lengri tíma, en þetta. Eg hefði nú ekki komið með breytingaratkvæði mín hefði þau verið komin, sem seinna voru borin upp, eptir að eg hafði komið með mín, því eg felli mig vel við sum af þeim, sem fara í líka steínu og mín. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir 5. tölulið, þá hafa hèr nú komið fram að nafninu skýringar frá amtmönnunum um spítalahlutina, og þar með var líka talað um norður- og austurumdæmið; en mèr fannst svar amtmannsins þar ekki geta orðið neinum manni nógu ljóst, því þar er skýrskotað til amtsbrèfs frá 1849, og meðan menn ekki vita, hvað í því brèfi stóð, geta menn ekki á annan hátt álasað svarinu í þessu brèfi, að því leyti talað var um málsókn út af spítalahlutunum nyrðra, þá get eg gefið upplýsingu um að það varð ekkert úr því, því hlutaðeigendur sættust og gengust undir að greiða spítalagjaldið á sama hátt og aðrir, svo það er komin leiðrètting á það mál. Eg get nú aldrei fellt mig eins vel við, að launa læknum af spítalasjoðnum, eins og að stofna spítala fyrir þá, einkum af því, að eg ætla að augnamiðið hafi upphaflega verið að hjálpa þeim veiku, en ekki að launa læknum, það á ríkissjóðurinn að gjöra, og þá liggur beinast við að álíta, að tilgangi gjafanna sè raskað, þar sem þetta mun þó að nokkru leyti vera gefið af einstökum mönnum. En hèr á þingi hafa menn nú eins og rètt er viljað fara varlega í að raska augnamiði þeirra gjafa sem dánir menn hafa gefið, það verður því skylda þingsins að annast um að þessu augnamiði verði fullnægt á aðra hlið en þá, að launa læknum af því fè, sem ætlað er til að annast hina veiku með. Það kemur

opt fram sú skoðun hèr á þingi einkum hjá framsögumanni, að ef nokkur meiningamunur er í þinginu, þá sè allt málið i veði, og því alveg splundrað. En eg held að nokkuð mikið sè gjört úr þessu, en til hvers er þá að hugsa málin nokkuð, ef hver má ekki koma fram með sína meiningu. Hvernig var ekki í launaviðbótamálinu; þar kom þó fram töluverður meiningamunur; og þá var þetta af framsögumanni sagt, að það yrði til að ónýta málið; en hvernig fór? það fekkst þó bráðum á eptir, sem þingið bað um. Eg vil nú ekki spilla þessu máli; en eg get þó ekki fallizt á þessa samsteypingu af sjóðnum á einn stað, og það því síður, sem eg heyri, að hin ömtin eiga ekki von á að fá neitt seinna. Eg skal ekkert tala fyrir breytingaratkvæðum minum út af fyrir sig. þau verða að standa eða falla sínum herra.

Forseti: Sáttasemjarar eru vanir að vera 2, og annar þeirra optast presturinn. Einn sáttasemjari er nú kominn fram, nefnilega hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður; hann fór því fram, að tilganginum með spítalasjóðinn yrði náð, en yrði náð rèttilega. þetta vil eg nú styðja, því hugsunin hjá honum var fögur og rètt. þeir sem semja sátt, eiga að sjá um, að rètti hvorugs hlutaðeiganda sè haggað. það væri nú ógleðilegt, ef þeim tilgangi, sem liggur fyrir, að spítali verði stofnaður og læknakennsla komist á, yrði eigi framgengt, og eg vildi af hjarta óska, að honum gæti orðið framgengt, en þó einungis með rèttu og löglegu meðali, því, eins og við vitum, þá helgar ekki tilgangurinn meðalið. Hinn konungkjörni varaþingmaður hefir nú skýrt tekið fram rètt hinna amtanna, sem byggður er á konungsúrskurði 12. ágúst 1848. En ef nú þingið lýsti því yfir í ástæðunum fyrir álitsskjalinu; að það viðurkenndi rètt hinna amtanna, sem sumir þingmenn hafa haldið fram, með því að leggja til, að ekki verði öllu fènu eytt til spítalastofnunarinnar, svo að hinum ömtunum stæði opið fyrir að stofna hjá sèr spitala seinna, þá held eg að málinu væri vel borgið. þetta hefir bæði komið fram í þingræðunum, og svo ætti líka að taka það fram í álitsskjalinu. Eg er því meðmæltur að tekjum allra spítalasjóðanna sè fyrst varið til að stofna spítala í Reykjavík, en þó með því skilyrði, að hinum ömtunum sè geymdur skýlaus rèttur, ef álitið verði nauðsynlegt og tiltækilegt seinna að koma þar upp sjúkrahúsum eða spítölum.

Konungsfulltrúi: Út af ræðu framsögumanns og fleiri þingmanna skal eg leyfa mèr, að taka það fram, sem stjórnin lýsti yfir

á þinginu 1861 að hún hèldi því fast áfram að koma hèr upp og fjölga íslenzkum læknum; en að stofnun spítala í Reykjavík kæmi í bága við þenna tilgang, því þá vanti fè til að launa þeim nýju læknum úr læknasjóðnum. Stjórnin virðist því að vera langt frá að hugsa sèr, að læknasjóðnnm skuli varið til að stofna spítala heldur til læknakennslu og lækna fjölgunar; á því atriði liggur áherzlan en ekki á spítalastofnuninni. Þetta bið eg þingið vel að athuga, þegar til atkvæðagreiðslu kemur.

Framsögumaður: Eg held að hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga hafi misskilið mig; það var ekki meining mín, að vera mótfallinn því, sem hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, en eg sagði að menn yrði að fara varlega, svo menn ekki seinna kipptu fótunum undan stofnuninni. Eg vil geta þess, að ef 2. breytingaratkvæðið fengi framgang, þá er enn eitt athugandi, nefnilega þetta orð »framvegis«; það er aðgætandi, að hvert ár sem líður þangað til spítalinn kemst á, eykur hèr um bil 3000 rd. í kassann; og ef nú spítalastofnunin dragist 2—3 ár, sem öll likindi eru til, þá er meira og meira útlit fyrir, að læknasjóðurinn hafi meir afgangs, en giört er ráð fyrir í áætluninni, og einkum ef þessir 600 rd. fást. Eg get þessa, til til að láta menn vita, að eg er ekki alveg fráhverfur því, sem hinn konungkjörni varaþingmaður fór fram á, en það verður að orða það í álitsskjalinu. Eg vildi nú feginn að sú sætt gæti komizt á, sem hinn háttvirti forseti talaði um, og það finnst mèr sæma okkur betur, en að standa eins og grimmir hanar hver á móti öðrum.

Arnljótr Ólafsson: Eg stend nú nauðugur upp, af því hinn háttvirti framsögumaður sagði, að breytingaratkvæðin, og þar á meðal þá sjálfsagt mitt, miðuðu til, að kippa fótunum undan stofnun hans. Eg vil ekki vera kunnur að því, að spilla góðu fyrirtæki, ef það er framkvæmt með rèttu. Eg vil biðja menn að gæta að því, að eg er þingmaður fyrir eitt kjördæmi í suðurumdæminu, og eg hef allt af gjört mèr það að reglu, að fylgja einkum gagni kjósenda minna, ef það kemur ekki í bága við gagn alls landsins. Áður en eg lýsi því yfir, hvernig eg muni greiða atkvæði, þá vil eg skýra hugmynd mína á breytingaratkvæði mínu, og sýna, að þegar eg undantek 4. tölul., þá stendur mitt atkvæði svo nærri, uppástungum framsögumanns að það verður hèrnmbil hið sama. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók fram þýðinguna í konungsúrsk. frá 1848, og eg er honum samdóma um hana, en eg vil

bæta því við, að orðið »Medicinal-Indretning« er þar ekki rètt útlagt með læknaskipun«, heldur á það að vera »læknastofnanir«. En hverjar eru þessar læknastofanir? Það eru spítalar, lyfjabúðir, ef menn svo vilja, og læknaskóli, sem stendur næst, en fjærst er laun handa læknum, en allt þetta liggur í læknaskipun«, svo að íslenzka orðið er yfirgripsmeira en hið danska. Það er nú kunnugt, að stjórnin vill einkum verja spítalasjóðunum til launa handa læknum, en þingið þar á móti vill, eptir hinum upprunalega tilgangi sjóðsins og úrskurðinum frá 1848, verja honum til spítalastofnunar, en jafnframt til læknakennslu, en ekki til að launa læknum úr honum; eg er líka á því, að sjóði, sem á að vera til gagns fyrir allt landið, gæti rèttilega verið varið til spítalastofnunar og læknakennslu, en naumast til launa handa læknum. Þegar eg nú lít fyrst á þenna tilgang sjóðsins, að hann er almennur og innifelur í sèr tvö atriði, læknakennslu og spítalastofnun, þá getur hann að eins náð tilgangi sínum með kennsluna á þann hátt, að hún sè dregin saman á einn stað, og sá staður yrði þá sjálfsagt í Reykjavík. En þegar menn gá að hinum tilganginum, að stofna sjúkrahús, þá efast eg stórlega um, að hann geti náðst með því, að spítali sè að eins stofnaður hèr. Eg vona, að hinn háttvirti framsögumaður játi, að þeim tilgangi verði eigi náð, nema að spítalar sèu stofnaðir að minnsta kosti á þrem stöðum, þar sem bæði er læknir og lyfjabúð, en það eru auk Reykjavíkur, Stykkishólmur og Akureyri. Eg verð því að vera á því, að spítali, hvar sem hann svo væri, geti engan veginn verið fyrir allt landið, heldur að eins fyrir þá, sem ná til hans vegna vegalengdarinnar, og sem annaðhvort geta gengið, riðið eða látið bera sig á spítalann. Þegar spurt er: Er spítali hèr alveg nauðsynlegur fyrir læknakennsluna? Þá held eg nú eigi að það sè alveg; eg álít aðaltilgang spítala, að taka á móti sjúklingum en eigi hitt að veita lækna-efnum kunnáttu. Hitt er sjálfsagt, að á læknaskólum í stórbæjum erlendis, sem eru, ef til vill, tvær mílur að þvermáli, þar er ómögulegt að lækna-efnin geti gengið í hvert hús til sjúklinganna, en hèr í Reykjavík álít eg eigi örðugra fyrir þá, að ganga til sjúklinganna á heimilum þeirra en á spítalanum. Eg er líka í efa um, að margir hèr í bænum mundi verða til að sækja á spítalann, því eg held að þeir, sem hafa nægilegt húsrúm, vilji heldur liggja heima hjá sèr og fá aðhjúkrun þar, ef þeir ekki liggja í mjög næmri sótt, en að láta bera sig á spítalann. En flestir þeir, sem í kotunum búa hèr í kring,

eru svo fátækir, að þeir hafa ekki efni á að borga fyrir sig á spítalanum. Spítalinn mundi því helzt verða sóttur bæði af mönnum hèr í nágrenninu, sem hafa langvinna sjúkdóma, og svo af erlendum ferðamönnum. Eg vil þó ekki segja fyrir það, að spítalinn væri eigi gagnlegur bæði fyrir sjúklinga og að nokkru leyti fyrir læknakennsluna, en eg álít hann alls eigi ómissandi. Eg skal bæta við þenna tilgang spítalasjóðsins þeim tilgangi, sem stjórnin fer fram, að launa læknum úr sjóðnum, og sem hinn háttvirti konungsfulltrúi mælir með, og þá finnst mèr að þingið hafi enga ástæðu til að taka það til greina að svo stöddu, vegna þess, að það er ekki nema ráðgjafa úrskurður, sem hinn háttvirti konungsfulltúi styðst við. En þegar nú læknar eru komnir í öll læknisembættin, þau eru 8 alls, og 4 af þeim óskipuð, þá kemur sú spurning fyrir, hvað eigum við að gjöra við alla þá lækna, sem vèr eptir það fáum hèðan; Úr hvaða sjóði eigum vèr að launa þeim? En eg skal ekki tala um það, því »þá koma dagar og þá koma ráð«, og eitthvað mun verða tekið til bragðs fyrir þá. Eg skal svo skýra viðaukaatkvæði mitt undir 3. tölulið; framsögumaður er líklega ekki á móti 2. tölul. en þykir víst tölul. 3. kippa fótunum undan stofnun sinni, en eg held nú hann gjöri það eigi. Eg sting nú þar upp á, að $^2/_3$ af árstekjum spítalasjóðsins sè varið til kennslustofnunarinnar; nú sagði framsögumaður að árstekjurnar væru 2685 rd.; nú dragast þar frá þeir 600 rd. sem nú ganga til læknakennslunnar, verða þá eptir rúmir 2000 dalir, en $^2/_3$ af því eru rúmir 1300 rd. eður 1390 rd. og þegar þar við bætist 600 rd. þá verður upphæðin 1990 rd. Nú er enn fremur ætlazt til að 600 rd. gangi úr jafnaðarsjóðunum til læknakennslunnar, því eg skil það sem þingsins vilja, að kostnaðurinn til læknakennslunnar sè sameiginlegur fyrir allt landið, þá koma út eptir þessu 2990 rd. og það er mjög nærri því, sem framsögumaður tekur til, sem er 2600 rd. Eg held og, að ef menn hugsa sig um, þá megi draga það sem ávantar eptir minni uppástungu af spítalabyggingunni, en hinu er eg samdóma, að nauðsynlegt sè, að fá hús fyrir bækur og áhöld og annað er læknakennslan má eigi án vera, eða nokkurs konar »anatomisk Museum«, því það álít eg miklu gagnlegra fyrir þá, sem læra, heldur en að skoða skrokkana á spítala í staðinn fyrir í heimahúsum. Hinn háttvirti framsögumaður veit og að á þýzkalandi eru hafðir hinir svokölluðu umgangsspítalar, að lækna-efnin ganga hús úr húsi og skoða sjúklingana. Áður en eg sezt niður, skal eg fara nokkrum

orðum um 4. tölul. Eptir honnm er allt svo óákveðið, að það er ekki unnt að sjá, hvað hann vill fara, líklega vill hann ekki fara lengra en svo, að árstekjurnar gangi upp, en í hverju er hann þá betri en nefndaruppástungan? Nema ef það er kostur, að hann er svo óákveðinn, að eptir honum má eyða fènu takmarkalaust. Eg gef því miklu heldur atkvæði fyrir nefndaruppástungunni, því meiningin í þessu breytingaratkvæði er alveg hin sama sem hjá nefndinni, en eptir nefndaruppástúngunni fellur öll misbrúkun burt. Eg get ekki skilið, að þetta breytingaratkvæði hafi verið gjört til þess að slá þingmenn af laginu, eða að uppástungumennirnir hafi hugsað, að þeir gætu villt sjónir fyrir þingmönnum með því, að tiltaka ekki neinar tölur, því eg held að búast megi við, að flestir þingmenn sèu svo viti bornir, að þeir geti esið þetta á milli línanna, og að þeir þekki þenna bókstafareikning, sem stundum er viðhafður hèr á þinginu, þegar menn vilja vera ódáði fínir.

Framsögumaður: Eg vil nú þakka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fyrir ræðu hans, því það er auðsèð, að hann vill málinu vel, en þó var nokkur misskilningur í ræðu hans, því þessir 600 rd. eru að vísu teknir inn í reikninginn, en aptur eru þeir reiknaðir til útgjalda svo sem það, sem ætlazt er til, að komi úr amtssjóðunum, svo að mismunurinn verður 900 rd. en ekki 300 rd. eins og hann sagði. Eg vil geta þess að það er satt sem hann segir, að spítalar eru eiginlega ætlaðir sjúklingum, en þeir eru líka alstaðar álitnir nauðsynlegt hjálparmeðal fyrir læknakennsluna. En þeir eru ekki óumflýjanlegt skilyrði fyrir henni, og ekki hafði Bjarni Pálsson neinn spítala, þegar hann kenndi, En það er betra sem betra er. En nauðsynin fyrir spítala hèr verður brýnari með ári hverju, því bærinn vex óðum, og aðsóknin sömuleiðis, og einkum ef gufuskipaferðir kæmust á hèr i kringum landið, mundi hún vaxa stórum.

Jón Guðmundsson: Það er mikið eðlilegt, með þeim skilningi, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga lagði í úrskurðinn frá 12. ág. 1848, og byggði það sumpart á undanförnum tilgangi spitalasjóðanna, en hann væri sá að reisa fyrir þá sjúkrahús, þá er það eðlilegt, segi eg, að menn vilji ekki láta þá alla lenda í einu sjúkrahúsi eða almennum landsspítala á einum stað. En eg get ekki sèð; að þetta sè rèttur skilningur á úrskurðinum, og eg held jafnvel hann sè rangur frá rótum, og það hefir enda opt komið fram seinna, síðan úrskurðurinn kom út. Eg veit ekki hvort það liggur nær að

skilja orðið »Medicinalindretning« um stofnun, en um allt sem viðvíkur læknaskipun; og víst er um það, að þetta orð er og hefir verið um mjög mörg ár í reikningum jarðabókarsjóðsins og í öllum þar að lútandi viðskiptum og brèfaskriptum stjórnarráðanna brúkað um allt, sem við víkur *læknaskipun,* og það er víðar brúkað svo. Get eg því ímyndað mèr, að stjórnin hafi haldið við þetta vanalega orð þar sem það er búið að ná nokkurs konar helgi með þessari þýðingu um svo mörg ár. Þetta hefir líka komið fram í því, sem stjórnin hefir gjört seinna. Eg geri ekki svo mikið úr því, að ráðgjafinn hefir skipað svo fyrir, að launa skuli læknum úr spítalasjóðunum eða læknasjóðnum sem nú heitir. En það sýnir þó, að stjórnin hefir skilið málið svona; og þegar hún í fyrra veitti leyfið til að kenna hèr læknisfræði og styrk úr læknasjóðnum til þess, þá kom það sama fram, að hún hefir skilið þetta um allt það, sem víðvíkur læknaskipun og læknakennslu. En hitt að stofna spítala er ekki útilokað með þessari almennu merkingu orðsins, sem búin er að ná slíkri helgi. En ef menn vilja heimfæra það upp á sjúkrahúsin eða rèttlæta þessar uppástungur um að koma þeim upp hèr og hvar víðs vegar um land, með því að áður voru hèr spítalar, þá er það nú að vísu satt; spítalarnir gömlu voru sjúkrahús, þ. e. að segja fyrir holdsveika, en einmitt með því að löggjafinn með úrskurði 12. ágúst 1848 hefir slengt öllum sjóðunum saman og gjört úr þeim öllum einn *almennan* »*læknasjóð*« og jafnframt beinlínis aftekið hina eldri spítala og tilætlun þeirra, þá hefir hann sýnt, að hann bindur sig ekki við hinn fyrri tilgang spítalanna eða spítalasjóðanna, heldur hefir einmitt með því að steypa jafnframt öllum fjórum sjóðum hinna eldri spítala saman í einn sjóð, ákveðið tilgang þeirra og ætlunarverk annað og rýmra heldur en áður var. Við erum að vísu eigi bundnir við það þar fyrir, svo leiðis eða svo fast, að þingið megi alls ekki beiðast breytingar á því fyrirkomulagi og tilgangi spítalaeignanna, sem er fast sett með konungsúrskurði 12. ágúst 1848, ef þetta fyrirkomulag þætti ekki hafandi, en þá væri eina ráðið að taka þessa stefnuna að biðja um, að úrskurði þessum verði breytt, eða hann verði numinn úr gildi, en hitt býður ekki svörum, að lagaboð þetta, eins og það er nú, heimili það með nokkru móti að byggja sjúkrahús hèr og hvar um landið á kostnað læknasjóðsins. Mèr finnst því, að vèr eigum að halda sömu stefnunni í þessu máli, eins og bæði löggjafinn sjálfur og alþingi að undanförnu hefir tekið, og eg held

að það megi án þess að leggja þrengri þýðingu í úrskurðinn 1848 heldur en hún er í raun og veru, eins og eg nú sýndi; eg held líka að fullnægja megi bæði þessum tilgangi löggjafans og öllum sanngjörnum kröfum landsmanna, án þess að tvístra sjóðinum í parta, þar sem það alls ekki er meining löggjafarinnar að stofna sjúkrahús víða út um landið. Eg játa það enn, að víða kunni að vera nauðsyn á sjúkrahúsum, en eg segi það líka, að það liggur nær, að ætla þeim kaupstöðum að koma upp þessum húsum, sem þeirra þurfá helzt við og þá þó sèr í lagi Reykjavík. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að kæmist hèr almennur spitali á stofn, þá sýndist mèr rètt, að Reykjavík legði að minnsta kosti nokkuð fè til útgjalda hans og árlegs viðhalds, og það ætti sýnist mèr að taka fram í álitsskjalinu til konungs. Þetta á sèr stað víða erlendis, og öll sanngirni talar fyrir því. Hitt er annað mál, að Reykjavík er ekki fær um það nú að reisa spítala frá stofni; en þó hún miðlaði nokkrum styrk, eg tek til dæmis svo sem 200 rd. árlega, þá mundi það ekki muna kaupstaðinn miklu og þykja bæði vel tilvinnandi og jafnvel verða ljúft skyldugjald þegar fram liði stundir. Þá vil eg fara nokkrum orðum um 4. tölulið. Þingmanni Borgfirðinga þótti þetta breytingaratkvæði svo óákveðið, að með því mætti eins og gleipa upp allan læknasjóðinn, það held eg nú að ekki sè, þegar þó ekki er farið fram á meira, en nefndin gjörir, því þessi töluliður er þó breytingaratkvæði við nefndaruppástunguna, og fer fram á það sama sem hún í almennari orðum. Breytingin er ekki fólgin í öðru en því, að þar sem nefndin sýnist að vilja viðhalda hinu sama fyrirkomulagi, sem komst á í fyrra með læknakennsluna, að hún sè bundin við landlækninn einan, þá viljum við binda hana við spítalann og lækninn þar; það fannst okkur vera meiri trygging fyrir viðhaldi og föstu skipulagi reglulegrar læknakennslu framvegis, heldur en ef hún skyldi bundin vera við líf þessa eina manns, landlæknisins, eins og »*leyft*« var í fyrra að eins til bráðabyrgða og fyrst um sinn. Þegar þessa er gætt, ætla eg þó, að ekki verði sagt, að breytingaratkvæðið fari fjærri neinni rèttri hugsun. Það er að vísu nauðugur einn kostur að halda þessu fyrirkomulagi sem svona var leyft í fyrra meðan enginn spítali er enn kominn á, nè heldur reglulegur læknaskóli með eður án spítala, en þegar hann væri kominn, vildum við, að hann væri trygging fyrir því, að læknakennslan geti við haldizt framvegis í föstu horfi (*Arnljótur Ólafsson:* Landlæknisembættið lifir, þó landlæknirinn deyi) Það er satt, að

embættið lífir, en það hefir nú sýnt sig, hvernig það hefir lifað til þess að kenna og útskrifa lækna-efni, þar sem eptir Bjarna Pálsson komu 4 landlæknar hver eptir annan, sem engan útskrifuðu og ekki kenndu neinum. Þessi var nú aðalástæðan fyrir breytingaratkvæði okkar. Hitt álítum við sjálfsagt, að kostnaðurinn væri tekinn af læknasjóðnum, en álítum óþarft, að taka það fram í breytingaratkvæðum. Eg álít ekki nauðsynlegt, að þetta kæmi inn í við atkvæðagreiðsluna, heldur nægði að taka það fram í ástæðunum fyrir bænarskránni og byggja það á sömu skoðun og tillögum sem gjört er í nefndarálitinu. Þá er nú að ræða um þetta mikið umtalaða 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, og hefir hér komið fram ýmislegur skilningur um það. Þar sem hinn konungkjöni varaþingmaður sagði, að þetta fè væri upprunalega ætlað til læknakennslu, þá verð eg alveg að neita því, að svo sè; það sýnir bæði 2. gr. í konungsúrskurðurinn frá 1848, og sömuleiðis þingræðurnar 1849, því konungsúrskurðurinn 1848 var ávöxturinn af því, sem þingið stakk upp á 1847. Þetta fè var heimtað einungis til bráðabyrgða, til þess að upphvetja og undirbúa menn undir að geta orðið aðstoðarlæknar, meðan regluleg læknakennsla kæmist ekki á. Það er satt, að það má fara fram á þetta við stjórnina, að fè þetta fáist til þeirrar læknakennslu sem nú er á komin eptir konungsúrsk. 29. ágs. f. á., en það er þá hið sama sem að biðja um breyting á konungsúrskurðinum frá 1848. Allra sízt get eg álitið, að amtmennirnir hafi gjört hinum háttvirta framsögumanni rangt til, eins og hann segir, þó þeir hafi neitað honum um að leggja þetta fè til þeirrar læknakennslu, sem nú er, því það fer fjærri, að konungsúrskurðurinn 1848, heimili þetta fè til þeirrar kennslu, og eins fer fjærri, að konungsúrskurðurinn 29. ágúst fyrra ár, sem leyfir þá læknakennslu, sem nú er á komin, heimili það. Þess vegna held eg, að breytingaratkvæðið undir 9. töluliið sè á góðum rökum byggt; þar er þetta eðlilega bundið við það, þegar spítalinn kemst á, en er ekki skoðað sem krafa, er landlæknirinn hafi til jafnaðarsjóðanna sökum kennslu sinnar, enda fyrir undan farinn tíma; en svo lítur það út eptir nefndaruppástungunni. Það er líka ísjárvert að koma með kröfur til jafnaðarsjóðanna eins og nú stendur, og það tvísýnar og sannarlega vefengjandi kröfur, fremur en hvað ítrast er rèttlátt og nauðsynlegt, eða að heimta af þeim það, sem ekki er óyggjandi, að þeir eigi að bera; þeir hafa orðið fyrir fullþungum álögum og tvíbentum á seinni árum, þó ekki sè nema varðkostnaðurinn. Um

21. töluliö skal eg geta þess, að eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni um, að hver læknir, sem settur er í öðru umdæmi, hafi jafna sanngirniskröfu til allra launanna. Það liggur í augum uppi, t. d. hvað Vestmannaeyjar og nyrðra læknisumdæmið fyrir vestan áhrærir, að þó þeir nábúalæknar, sem þar eru settir, væru á bezta aldri, og í öllu tilliti vel færir til að þjóna viðlendum læknisdæmum, þá er ómögulegt, að þeir geti gjört þar það gagn, sem nokkru nemi; og þá sýnist mèr þó ekki vera sanngirni fyrir, að hinn setti læknir fái öll launin, þegar svona stendur á. Hitt er annað mál, ef embættislaus maður er settur í umdæmið, því hann setur sig þar niður, og getur unnið því hið sama gagn, eins og þó þó þar væri fastur læknir, og því er sanngjarnt, að hann fái öll launin, því fremur sem opt getur verið, að hann þurfi að takast langa og kostnaðarsama ferð á hendur til þess að geta tekið bráðabyrgðar-aðsetur þar innanhèraðs sem hann er settur um stundarsakir.

Jón Pètursson: Eg hefi nú lítið annað að segja, en að eg vildi óska þess, að málið hefði sem bezt endalok, svo að landið allt hefði sem mest gagn af því. Og mèr finnst það einmitt miða til þess að halda kröptunum saman en eigi að aðskilja þá. Fyrrum voru spítalasjóðirnir einungis ætlaðir handa holdsveikum mönnum og voru þeir sinn í hverjum fjórðungi. En bæði við breytingu á fjórðungunum sjálfum og þegar stjórn landsins var skipt eptir ömtum og 2 fjórðungum var slengt saman í eitt amt o. s. frv., þá breyttist og hið fyrsta fyrirkomulag á spítölunum. Síðan var fyrirkomulagið á spítölunum hèr um bil hið sama, unz þessi úrskurður 12. ágúst 1848 kom, sem af tekur spítalana og sameinar alla sjóði þeirra í einn einasta sjóð, sem skuli koma öllu landinu til góða í læknislegu tilliti; þannig skil eg þenna úrskurð. Það er þá spurningin, hvernig sjóðurinn geti þetta, komið öllu landinu til gagns; og þá liggur hèr næst fyrir aptur sú spurning, hvort hann gjöri það, ef hann sè notaður til að koma hèr á innlendri læknakennslu, ef ske mætti að nógu mörg lækna-efni fengist við það í lækna-embættin á landinu, því það er búið að reyna það, að útlendir læknar vilja eigi koma hingað. Ef nú spítalasjóðurinn gæti gjört þetta að verkum, að nægir læknar væri yfir land allt, þá liggur það í augum uppi, að landið allt einmitt hefði miklu meira gagn af því, að sjóðnum væri varið í einu lagi til þessa, heldur en ef honum er sundrað, og hver hluti landsins er að pukra með sinn sjóð. Mèr

sýnist það langtum fjær augnamiði þessa sjóðs, þótt hann sè undir opinberri umsjón, að honum sè varið til að launa læknum, því að það er bein skylda stjórnarinnar að sjá um, að hafa alstaðar næga embættismenn, eins lækna og aðra, og á hún að sjá um, að nóg sè fè til þess, án þess að fara í sèrstaka sjóði. Nú skoða eg þetta enn fremur sem svo: Ef nauðsynlegt er að gjöra læknakennsluna innlenda, þá virðist mèr og nauðsynlegt, að fènu, sem til þess á að ganga sè eigi dreift víðs vegar út um landið, og kennslan eigi sè hèr og hvar og á mörgum stöðum, heldur sè hún höfð á einum stað, hvort sem heldur er hèr í Reykjavík eður annarstaðar. Þó verður náttúrlegast, að þessi kennsla sè höfð hèr, þar sem flest fólk er saman komið og læknakennsla er þegar byrjuð af landlækninum. Hvað nú sèrstaklega spítalann snertir, þá ef hann er nauðsynlegt meðal fyrir læknakennsluna, verður að koma honum á, og sýnist sem verja ætti til þess að minnsta kosti svo miklum hluta af árstekjum sjóðsins sem nægilegt væri til þess. Eg hefi nú eigi vit á því, hvort spítalinn er nauðsynlegur eður eigi fyrir læknakennsluna, en þar eð eg heyri þann þingmann segja það, sem einn hefir hèr reglulegt skynbragð á þessum efnum, þá verð eg að trúa honum til þess; tekjur sjóðsins eru hjá nefndinni svo línlega taldar, að töluverður afgangur verður af þeim ótalinn, þótt þeim hlutanum, sem talinn er, væri varið til læknakennslunnar. Bæði er afgjaldið spítalajarðanna ekki talið og sömuleiðis finnst mèr ekkert spursmál um, að hafa mætti miklu meira upp úr spítalahlutunum, ef betri tilhögun væri á með heimtingu þeirra. Eg hefi verið sýslumaður og verð að þekkja það, að þegar sýslumaður leggur sig fram og reynir að gjöra verk sitt vel, að fá sem mest upp úr spítalahlutunum, þá getur hann gjört mikið í því efni. Þegar eg var sýslumaður í Strandasýslu þá fèkk eg 40 rd. upp úr spítalahlutunum eitt árið, ef mig minnir rètt, þar sem formenn mínir fengu jafnvel eigi meira en 10 rd. þegar bezt gegndi, og var þó engan veginn verri heimting hjá þeim á spítalahlutunum, en víða annarstaðar. Þeir seldu þá nefnilega við uppboð á manntalsþingum, en amtmaður hafði gefið mèr leyfi til að selja spítalafiskinn öldungis eins og eg vildi. Eg ímynda mèr nú, að þótt spítalinn kæmist á, þá gæti sjóðurinn smám saman vaxið við þessar tekjur, sem nefndin eigi lèt getið í reikningi sínum, svo það gæti orðið að miklu fè eptir nokkur ár, eður þegar tímar líða fram og þá sýnist mèr nú, ef nokkuð þarf að gjöra, sem geti orðið að verulegu gagni,

svo sem að stofna spítala annarstaðar en hèr, og hvað annað, sem verulegt gagn gjörir, þá mætti verja til þess þessum vöxtum sem safnast smám saman og það var meining nefndarinnar, að svo yrði gjört. Það er svo langt frá, að eg geti með sumum þingmönnum vorkennt hinum landspörtunum, þó þeir ekki vilji verja fè frá spítalasjóðunum frá sèr til læknakennslunnar hèrna, að eg miklu fremur lái þeim það, ef slík sundrung er öllu landinu í óhag, eður ef það er því til fyrirstöðu, að innlend læknakennsla komist á. Viðvíkjandi breytingaratkvæðunum, þá held eg nú, að töluliður 1, stafliður *b* fáist ekki, eptir því, sem nú stendur á. Það er líka, að þvílíkt embætti, að vera að eins læknir á spítalanum, það álít eg ekki eins beinlínis skyldu stjórnarinnar að launa, nema ef hún áliti það alveg nauðsynlegt fyrir hina innlendu læknakennslu, og hún þess vegna álíti það skyldu sína að gjöra það. Tölulið 3. sýnist mèr ofaukið, því hann minnkar um of tekjur þær, sem nú eru álitnar nauðsynlegar til að koma upp spítalanum, og því ónauðsynlegra er að minnka þær þannig, sem spítalasjóðurinn þó ætíð kemur til að leggja talsvert fè upp árlega; þar að auk sýnist mèr þessi tala $^2/_3$ tekin út úr loptinu. Mèr sýnist sami galli á 4. tölulið eins og er á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að óákveðið var, hvaðan fèð skyldi tekið, en nú er það orðið ákveðið með 2. tölulið. Hvað áhrærir þá 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem ákveðið er með konungsúrskurði 12. ágúst 1848 að verja skuli til aðstoðarlækna, sem hèraðslæknirinn á að kenna, þá virðist mèr ekki hót vera á móti því, að ákveðið sè með nýjum konungsúrskurði, að þessu fè sè varið til almennrar læknakennslu; eg get eigi sèð, hvers vegna heldur á að verja þessum 600 rd. til að koma upp aðstoðarlæknum en reglulegum læknum. Þetta gat verið gott fyrirkomulag, meðan landlæknirinn var eigi farinn að kenna; en fyrst að nú kennsla er byrjuð hjá honum, þá sýnist mèr að rèttast sè að draga alla kennsluna þangað. Eg felli mig bezt við 2. 10. og 12. tölul., með því læknakennslan er nú þegar byrjuð og bækur og verkfæri þarf að kaupa strax. 13. tölul. er tekinn aptur af nefndinni. Af töluliðnum 14, 15, 16 gildir mig einu hver er, því þeir eru allir góðir, en þó held eg, að eg vilji helzt tölulið 15. eða 16. Eg kann ekki vel við 17. tölulið, af því þessir 4000 rd., sem þar eru nefndir eru ætlaðir til óvissra útgjalda, en þetta verða viss útgjöld, af því allt af verða einhverjir til að sigla til annara landa til að afla sèr fróðleiks og menntunar. Svo verð eg að halda upp

á 22. tölulið því að eg hefi ekkert út á hann að setja. Eg ímynda mèr, að eins og nú stendur, að undir eins og nógu margir læra, þá megi setja einhverja aðra en föstu læknana. En skyldi það koma fyrir, að enginn væri til útlærður læknir embættislaus. sem sendur yrði þangað sem læknislaust væri, og setja yrði þar því þann, sem fastur læknir væri annarstaðar, þá sè eg ekkert á móti því, að hann fengi öll launin.

Jón Sigurðsson: Eg skal nú ekki tala langt að þessu sinni, enda lízt mèr svo á atkvæðaskrána, að varasamt sè að leggja langt undan landi út á þvílíkt haf sem hún er. En eg vildi þó svara nokkrum orðum því sem haft hefir verið á móti 4. tölul. Það sem mönnum hefir helzt þótt að honum er það, að óákveðið sè og ekki bent á, hvaðan kostnaðurinn skuli tekinn til spítala og læknakennslu hèr í Reykjavík. En eins og hinn háttvirti varaforseti tók fram, að þegar þessi töluliður ætti við annan tölulið, nefnil. 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þá álít eg óþarft að taka það fremur fram í breytingaratkvæðinu, en í niðurlagsatriðinu er gjört, þar sem það liggur fólgið í ástæðum nefndarinnar, hvaðan kostnaðinn skuli taka, og kemur þannig inn í bænarskrá þingsins til konungs. Þeir sem mest hafa mælt móti tölul. 4. hafa mest mælt með 2. tölul. En er hann þó ekki enn þá óákveðnari en 4. töluliður? Það er satt, að þar er ákveðið skýrt að verja eigi tekjum spítalanna til að koma upp spítala í Reykjavík, en mèr sýnist það liggja beint við, að skilja þetta svo, að safna eigi tekjunum saman, þar til þær eru orðnar nógar, til að koma spítalanum á fót. En þá er eg hræddur um, að þetta mál megi bíða í 8—10 árin til. Eg vil nú spyrja, hvort nokkur getur lagt annan skilning í töluliðinn en þenna, eins og hann er orðaður. 1. Uppástungu-atriði nefndarinnar sýnist mèr þá betra, því þar er skýrt tekið fram, að þetta skuli gjöra sem fyrst. Mèr finnast annars, að ræður þingmanna stefni í nokkuð öfuga átt, þar sem þær mest ganga út á að slást um það, hvort stofna skuli spítala eður eigi, og þá hvað marga, og hvar á landinu, en um hitt er lítið talað, sem eg ætla að sè þó aðalefnið, að hrinda læknakennslunni á fram í betra horf. Og þó að allir viðurkenni, að kennsla landlæknisins, sem nú er, sè góð, þá vantar þó mikið á, að landsmenn geti verið ánægðir fyrir það með fyrirkomulagið á kennslunni, því þótt nú sè byrjað að kenna lækna-efnum, þá er þetta að eins bundið við leyfi handa landlækninum sem nú er að kenna læknisfræði. Því hefir nú af sumum verið talið það til gildis, að

Bjarni Pálsson hafi kennt læknisfræði, og að það hafi orðið að góðu gagni. Og það er víst, að margir þeir menn, sem hann kenndi, urðu landinu til mikils gagns. En hvað varanlegt varð það? Uppgafst ekki Bjarni sjálfur við kennsluna? og enginn tók hana upp eptir hann eða mjög fáir. Mundi nú ekki geta eins farið enn, að kennslan dytti niður, þegar landlæknirinn sem nú er fèlli frá? Eptir uppástungum nefndarinnar og breytingaratkvæðum þeim, sem þar að lúta, er því farið á flot. að spítalalæknirinn aðstoði landlæknirinn í kennslunni. En ef landlæknirinn, sem að eins hefir leyfi til að kenna, fellur frá, eða hindrast á einhvern hátt frá að nota þetta leyfi, þá á spítalalæknirinn hvergi að koma við söguna, því honum liggur þá ekki lengur nokkur lagaskylda á herðum að kenna, þegar skylda hans, eins og áður er sýnt, er að eins bundin við leyfi það sem landlæknirinn hefir til að kenna. Eg vildi minnast litið eitt á 9. tölulið. Eg er nú enn á því, að ísjárvert sè að taka 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði til læknakennslunnar hèr í Reykjavik meðan hún er á svo völtum fótum sem hún enn er. Allt annað mál er það, ef útsjón væri til, að föst læknakennsla kæmist á, að þá mundi eg ekkert hafa á móti því sem hèr er farið fram á. Þá er nú 5. töluliður; mèr sýnist að hann sè hin verulegasta uppástungan sem er á atkvæðaskránni. Menn eru allt af að snúast á hæl og hnakka um það, hvað spítalarnir eigi, og hvernig skuli verja því, en um hitt tala menn ekkert, hver ráð sèu til að auka tekjur þeirra. Mèr þykir það nú illa farið, sem þingmaður Reykjavíkur skýrði frá, að þessi skjöl, sem hefðu upplýst málið svo vel, komu ekki fyrri til þingsins en við ályktarumræðuna; en það verður nú ekki aptur tekið, en eg vil þó geta þess, að mèr þykja töluverðar ástæður til, að geta þessara skjala í álitsskjalinu til konungs og benda jafnframt á, hve mikinn skaða þessi undarlegi dráttur á málinu hefir gjört. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Reykvíkinga gat um, að amtmaðurinn fyrir norðan hefði ætlað að höfða málssókn út af spítalahlutum í einum hreppi í Þingeyjarsýslu, þá gèt eg upplýst það, að sætt komst á málið milli hlutaðeigenda, þannig að spítalahluturinn skyldi greiddur eptir sömu reglu í þessum hreppi sem viðgengst annarstaðar, svo eg má fullyrða að spítalahlutur af hákarlaskipum, er nú greiddur eptir sömu reglu í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu.

Sveinn Skúlason: Eg vil þá byrja á því, sem gamalt orðtæki segir: Konungsgarður er víður inngöngu en þröngur brottfarar.

Sama vakti nú fyrir mèr, að líkt væri með spítalagarð og konungsgarð, að örðugt mundi að fá fè til að ráða bót á þessum vandræðum, sem hèr er um að ræða, eða til að reisa sjúkrahús annarstaðar en hèr. Það liggur beinlínis fyrir eptir uppástungum nefndarinnar, þar sem gjört er ráð fyrir, að svo mikið verði tekið til láns til að byggja fyrir spítala og svo til að viðhalda honum, launa spítalalækni o. s. frv., að lítið held eg að verði afgangs til þess að auka sjóðinn, svo að þar fyrir verði reist sjúkrahús annarstaðar. Hinn 4. konungkjörni þingmaður var nú að pískra með það og spá, að töluverður afgangur mundi verða, þegar kæmi góð fiskiár og betri tilhögun á heimtingu spítalahlutanna. En ef nú koma vond fiskiár og tilhögunin verður verri, hvar verður þá afgangurinn? Það vakir nú fyrir mèr, að tölul. 1. stafl. a og b þurfi að komast að; ef allt fèð á ekki að verða gleipt upp í spítala á einum stað, landinu til skaða. Eg get nú ekki sèð, að þessi bygging þurfi að vera svo fjarskalega stórkostleg, að henni verði eigi komið upp fyrir minna en 10,000 rd.; eg held að mætti byggja nægilegt hús fyrir helming þessa verðs. Eg álít því eigi, að eg drægi neitt úr nauðsyninni á að bæta úr læknaskortinum, þótt eg vilji ekki, að öllu sè dyngt saman á einn stað, svo ómögulegt verði að bæta úr þörfum hinna hluta landsins, sem fjarlægari eru og þó hafa jafnmiklar kröfur til að hafa not af fènu og suðurumdæmið. Eg hefi stutt það, að settur yrði spítali og spítalalæknir, en eg vil þó gjöra þar við þá athugasemd, að eg vil eigi, að þingið nú víki frá þeirri skoðun, sem landsmenn frá aldaöðli og undanfarin þing allt af hafa haft á spítalasjóðnum, það er að segja, að honum skuli verja til þess að koma upp spítölum og til einskis annars, andspænis þeirri skoðun, sem stjórnin nú á seinni árum hefir haldið fram, að læknum væri launað úr þessum sjóði. Þess vegna gjörði eg þá kröfu, að ríkissjóðurinn, en ekki spítalasjóðurinn, launaði þessum spítalalækni, meðan eigi er aðskilinn fjárhagur Íslands og Danmerkur. Skyldi nú svo óheppilega tiltakast, að þessi breytingaratkvæði mín fèllu, þá skyldi eg aðhyllast tölul. 2., ef ekki væri sá ólukku galli á honum, að ef hann væri tekinn, þá álít eg málið fallið; þessu held eg að jafnvel hinn heiðraði framsögumaður hafi glæpzt á. Ef eigi á að taka nema vextina eina, af spítalasjóðnum, þá held eg að lengi megi bíða, þar til fèð verður nóg. Þar að auk finnst mèr sú verulega mótbára vera á móti þessum tölulið, að eigi er annað ljósara, en að spítalalæknirinn eigi að vera launaður af spítalasjóðnum, og

það er þó gagnstætt þeirri skoðum sem bæði landsmenn og þingið hefir haft á þessum sjóði, eins og eg áðan tók fram. Eg vildi vekja athygli manna að því, hvort eigi væri mögulegt að rèttum þingsköpum að bera upp 3. tölul. á undan 2.; það gæti ráðið miklu hjá mèr; því sè það borið upp í þeirri röð, sem það hèr stendur, er eg neyddur til að gefa atkvæði gegn tölulið 2. Hvað tölul. 4. snertir, þá þykir mèr það atriði fallegar orðað en hjá nefndinni; að því leyti þykir mèr breytingaratkvæðið betra; sama huldan er reyndar yfir þeim báðum; í niðurlagsatriði nefndarinnar er skýrar tekið fram, að læknir skuli vera út af fyrir sig, en í breytingaratkvæðinu er aptur brýnar tekið fram, að skóli skuli verða stofnaður. Hvað 5. tölul. snertir, þá er eg nú samdóma því, sem þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að það er mergurinn málsins. Ef því yrði komið í kring, sem þar er farið fram á, þá væri vonandi, að nokkur viðbót fengist við spítalasjóðinn. Það er sannarlega hart að heyra skýrslu þá, er þingmaður Reykvíkinga kom með áðan af þingmannabekkjunum, sem þingið þó átti fulla heimting á að heyra frá konungsfulltrúanum, svo þingmenn gæti vakið umræður og athuga á máli þessu, því að það er sannarlega hart, að eigi skuli hafa verið betur sèð um þessa sjóði en svo, að margar þúsundir dala eru jafnvel tapaðar fyrir vanheimtu. Hvað 9. tölulið snertir, þá verð eg alveg að aðhyllast hann, því hann er miklu betri en hinir aðrir töluliðir um hið sama efni. Það er auðvitað, að hvorki landlæknirinn nè Suðurland yfirhöfuð getur átt heimtingu á þeim peningum, sem með úrskurðinum 1848 voru ætlaðir til læknakennslu í hverju amti, að minnsta kosti ekki fyrr en ný breyting er komin á þetta fyrirkomulag, og þá með því móti, að hèraðslæknarnir sè hættir að kenna, því annars ætti peningarnir að ganga til þeirra. Og gæti þá þessi lækna-efni, sem lærði hjá hèraðslæknunum, gengið undir próf hjá landlækni með sömu skilyrðum og þeir sem hjá honum læra. Af þessu leiðir, að eg skil eigi í breytingaratkvæði framsögumanns undir tölulið 12, því að mèr þykir það skrítið, að falla frá tölulið 13, og fara að taka af þeim peningum, sem eigi eru fengnir og óvíst hvort nokkurn tíma fáist. Um breytingaratkvæðin við 4. niðurlagsatriði nefndarinnar er nú eigi margt að segja, því þau fara öll í sömu stefnu; en eg vona, að enginn taki til þess þótt mèr þyki mitt bezt. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók nú svo ljóslega fram, hvernig hverju þeirra væri háttað, að eg vona, að menn eigi misskilji mitt breytingaratkvæði; þótt einhver

kynni að vilja hártoga það þannig, að kandídatarnir þyrfti eptir því að eins að fara til Hafnar, og síðan inn til Akureyrar og ganga þar á spítala. Eg held nú, að framsögumaður hafi spillt fyrir málinu með 17. tölulið, því eg held, að þessir 4000 rd. til óvissra útgjalda sè honum svo óvissir, að hann lítið geti ætlað á, að fá þaðan peninga handa kandídötum sínum. Eg ætla nú að gefa atkvæði mitt móti 22. tölulið, og þá heldur fallast á breytingaratkvæðið til vara, en reyndar er eg þó helzt á því, að það hefði ekki átt að koma, því að mèr hefir skilizt, að það væri eigi á fullum rökum byggt, sem eg sagði um þetta orð »þeir«; verð eg því að halla mèr að þeirri skoðun nefndarinnar, að hún hafi eigi meint aðra en þá, sem hefði læknisleg rèttindi, og þá þykir mèr niðurlagsatriði nefndarinnar greinilegra, en breytingaratkvæði varaforseta, því að mèr þykir það hart, þótt læknir í öðru umdæmi sè settur, að hann skuli eigi fá nema helming launanna, þótt hann gegni embættinu í því umdæmi og takist langferðir á hendur úr sínu umdæmi, og að embættislausir kandídatar skuli þegar svo stendur á hafa fyllri rètt.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr fáeinar athugasemdir út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Þingeyinga sagði. Eg sá nú strax, hver veturinn ætlaði að verða, þegar eg sá atkvæðaskrána. Vilja menn virkilega ekki neitt hjálpa þessum aumingjum úr austri og vestri, sem hjálparlausir mæna til okkar og biðja um að þurfa ekki að deyja læknislausir. Nei, það vilja menn ekki, menn búa heldur til eitthvað eptir sínu höfði, sem ómögulega getur orðið að liði. Mèr sýnist að þingmenn ekki ættu að látast vera að hjálpa nefndinni, þegar menn auðsjáanlega eru að rífa það niður, þá væri drengilegra, að segja hreint: »Eg vil ekki hafa nefndarálitið, það dugar ekki«. Eg vil nú t. d. minnast á breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta og einnig rekja upp nokkuð af því sem hann mælti. Hann vill hafa tryggingu fyrir læknakennslunni, hann vill hafa að menn skuli biðja konunginn, að þetta verði svo og svo; já, mikið gott, en hvað dugar það, t. a. m. þó hann segi: verði vegir, verði spítali! Eg held það gagni lítlð, það verður ekki fyrir það, og hann sýndi sjálfur, að hans »verði« er þýðingarlaust og kemur seint. Það sem fyrir 17. árum þótti nauðsynlegt til þess að fá lækna, það þykir ekki nauðsynlegt nú. Eg vil nú spyrja þingið að hver meining er í þessu? Er þetta sú hjálp sem þingið vill veita þurfandi hèruðum, að vilja draga og draga málið sem lengst auðið er. Eru þessir 600 rd. þess verðir, að það liggi nú lífið á að halda þeim

inni. Þetta er þó ekki þung álaga, það er 1 sk. af hverju lausafjárhundraði yfir höfuð, en ekki nema ½ sk. af lausafjárhundraði fyrir norðan, því þar er lausafè miklu meira en annarstaðar á landinu. Geti menn ekki lagt svo mikið sem þetta í sölurnar til að koma læknaskipuninni í betra horf en hún nú er í, hvað geta menn þá gjört, eða hvað vilja menn þá vinna til? Eg veit það sannarlega ekki, og eg er hræddur um, að þá klingi þetta, sem opt hefir klingt áður, að Íslendingar vilja ekkert leggja til svo þeir fái lækna, og þá er ekki von þeir fái þá. Hinn háttvirti þingmaður Þingeyinga segir: Stjórnin skal út með fèð. Það hefir nú einn landi vor, sem eg ekki efast um, að vilji landinu vel, háldið fram þessari sömu skoðun; hann vill draga fè út úr höndum stjórnarinnar, en eg er hræddur um og viss um, að því fastar sem hann dregur, því fastar mun togað á móti. Eg vil vel biðja þingið að hugsa um það, hve það er samkvæmt sjálfu sèr. Það hefir verið sagt, að eg eigi enga heimtingu á að fá hjá amtmönnunum þessa 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum, en stjórnarráðherrann hefir þó að nokkru leyti játað það, og eg hef heimtað fèð, og skal heimta það, hvort sem eg fæ það eða ekki, og eg býst að vísu ekki við því, þegar þingið leggur ekki betri meðmæli með mèr en það hefir gjört. En landar mínir skulu fá að vita, að til kennslu þeirrar sem nú er, vilja menn ekki nú leggja til það fè, sem fyrir 17 árum var lagt til, til þess að fá einhverja ónýta skottulækna. Eg segi þetta ekki til þess að hræða þingið, en eg álít það skyldu mína, að láta landa mína sjá þetta. Þingmaður Þingeyinga segist nú vera málinu velviljaður og það sè eg líka allvel á breytingaratkvæði hans. En eg er hræddur um, að velvilji sá komi ekki að notum, eg held stjórnin bæði sjái lekann og setji undir hann. Það liggur einhver makalaust fín en gagnslaus politík í þessu breytingaratkvæði. Eg sè ekki hvað annað fæst upp úr þessu breytingaratkvæði undir 4. tölul. en það, að stjórnin kannske sendi eitthvert frumvarp fyrir næsta þing um þetta efni. Hinn heiðraði þingmaður Þingeyinga er allt af að klifa á að fá marga spítala. Eg vildi óska að hann hefði sèð spítalana fornu hèr, þá hefði honum gefizt á að lita, eg held þeir hafi verið líkari svínabælum en mannahúsum. Það er ekki nóg að fá spítala, nei það þarf meira, það þarf læknir líka; ef spítalinn ekki á að verða eins og spítalarnir á Krím, sem eru svo, að betra er að liggja undir beru lopti, en inni í þeim. Þó nú væri settur spítali á Akureyri, og læknirinn þar væri spítalalæknir undir eins,

þá er hann nú danðlegur eins og við hinir piltarnir, og hvað opt verður þá vitjað læknis? Það verður að vera fastur læknir við spítala, ef að nokkru liði á að vera. Eg veit nú ekki, hvað mikið Reykjavík gæti stutt þenna spítala, eða hjálpað til að byggja hann. Eg held hún hafi nóg að gjöra, og hafi nógar útgiptir. Menn eru að vandræðast um brotnu lugtirnar, sem liggja á kirkjuloptinu, túnin eru þýfð, það þarf að gjöra við rennurnar etc.; en árstekjuruar eru ekki svo miklar, að minnsta kosti þorði nefndin ekki að byggja upp á neina hjálp úr Reykjavík. Eg held eg setjist nú niður með sömu tilfinningum og eg hafði þegar eg stóð upp til að tala við þessa umræðu, því mèr leizt ekki vel á þessa atkvæðaskrá, og ef útfallið verður samhljóða ræðum þingmanna, þá mun eg skilja mig úr og senda sèr á parti minni hluta atkvæði mitt í þessu máli. Eg get, segi eg enn, ekki betur sèð en að spítali sè nauðsynlegur vegna læknakennslunnar, ef hún á að verða góð. Breytingaratkvæði meðnefndarmanna minna undir tölul. 2. skal eg ekki tala um því eg felli mig vel við það. Svo skal eg minnast á viðauka-atkvæðið hans vinar míns undir tölulið 5. Eg get ekki brugðið þingmanni Reykvíkinga um áhugaleysi í máli þessu, en verð þvert á móti að lýsa því yfir, að eg vildi, að spítalatekjunum yrði betur komið fyrir, en eg get ekki vel áttað mig á, hvort þetta á við hèr í þessu máli. Það hafa margir verið á móti breytingaratkvæði mínu undir tölulið 17 og sagt það óhafandi. Eg get nú ómögulega samsinnt því, að minnsta kosti held eg ekki óhafandi, þó 400 rd. annaðhvort ár eða 200 rd. á ári væri teknir af þessum 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda fyrir Ísland. Menn hafa komið fram með þá viðbáru, að læknar, sem hafi embætti, eigi svo bágt með að nota styrk til að ferðast, því þeir tefjist frá embætti sínu. En er ekki sama fyrir landið nær þeir eyða tímanum til þessara framaferða? Og landsmenn hafa meiri tryggingu fyrir, að þeir hafi gagn af ferðinni, þegar þeir áður eru búnir að practisera nokkuð; enda er og þessari reglu fylgt erlendis. Nýbakaðir kandídatar fá eins og eg hefi áður tekið fram mjög sjaldan ferðastyrk undir eins, nema þeir hafi ritað eitthvað, sem líkar vel. En þeir, sem um tíma hafa verið spítalalæknar, og hafa góða vitnisburði og meðmæli fá opt ferðastyrk. Aðrir en þeir hafa heldur ekki verulegt gagn af að ferðast. Það er hætt við, að ungir óreyndir menn mundu halla sèr að skemmtunum, en þegar þeir eru orðnir reyndir að dugnaði er síður ástæða til að hafa þá þanka um þá. Breytingaratkvæðið

undir tölulið 21 felli eg mig, eins og eg áðan sagði, vel við; það er skýrara og ákveðnara en niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg skal svo ekki tala meir að svo stöddu, en hiða átekta.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af áskorun hins heiðraða framsögumanns, út af viðauka-atkvæði þingmannsins úr Reykjavík lýsa því yfir, að eg get ekki sèð neitt á móti því, að það sè tekið til greina, það stendur í nákvæmu sambandi við málið og hefir áður verið borið upp ásamt því hèr á þinginu.

Framsögumaður: Eg efast um, að það sè meining stjórnarinnar, að ekki megi byggja spítala, því það er skilyrðið fyrir því, að góð læknaskipun komist á. Og eg held ekki að það þurfi að óttast neitun hennar, ef hinn hæstvirti konungsfulltrui eindregið mælti með því og þingið samhuga segði, að nauðsynlegt væri að fá upp spítala í Reykjavík.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekkert segja um það, hvort stjórnin kann að breyta meiningu sinni eða ekki, en það veit eg, að hún ekki var meðmælt spítalastofnuninni 1861 eins og eg tók fram áðan.

Gísli Brynjúlfsson: Áður en umræðunum er lokið verð eg þó að segja nokkur orð, og get eg þá ei annað en glaðzt af því, að þó mörg breytingaratkvæði hafi komið fram, þá fara þau þó flest í hèr um bil sömu stefnu og uppástungur nefndarinnar. Eg segi þetta einkum af því, að mèr þykir vænt um, að eg sè á breytingaratkvæðunum, að hinir háttvirtu höfundar þeirra hafa nú sætt sig við — og eg verð að þakka þeim það — að halda enn í þetta sinn áfram í sömu stefnuna sem í hitt eð fyrra, að auka þá læknakennslu, sem þegar er fengin hèr í landi, sem mest, svo úr henni geti smátt og smátt myndazt reglulegur læknaskóli, án þess að menn þurfi þó nokkurn tíma að vera að koma fram með hinar alkunnu kröfur á pappírnum, er einnig láta mikið í munni en eru að öðru leyti alveg gagnslausar. Að undanteknum breytingaratkvæðum *mínum* og hins háttvirta meðnefndarmanns *míns*, hins 4. konungkjörna þingmanns, sem nefndin hefir samþykkt, held eg að hèr geti einkum orðið spursmál um breytingaratkvæðin undir tölul. 1, 4 og 9, og um þau ein ætla eg mèr því og að tala nokkuð. Hvað nú hinu fyrsta breytingaratkvæðinu viðvíkur, þá kemur fram í því, eins og líka í breytingaratkvæðinu undir tölul. 6, hin sama misskilda fjórðunga-ást, sem eg hefi áður talað um, og eg tek það því enn fram, að öllum fjórðungunum yfirhöfuð í sameiningu er

meira gagn að einum spítala í Reykjavík til þess að styrkja læknakennsluna þar fyrir allt landið, heldur en að litlum sjúkrahúsum hèr og hvar út um landið, sem aldrei geta orðið nema mjög svo ófullkomin, og að eins þeim til nokkurra nota, sem næstir þeim eru. En hvað um það er, þá gætu nú þó höfundar þessara breytingaratkvæða einnig náð tilgangi sínum að mestu, með því að eins að fallast á viðauka-atkvæði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga við breytingaratkvæðið undir tölul. 2, ef það verður samþykkt sem eg vona; og segi eg þetta því heldur sem eg hefi í raun og veru eigi neitt á móti, að spítalatekjurnar yrðu síðan, ef mögulegt er, brúkaðar til fleira en til að eins að styrkja læknakennsluna í Reykjavík, og hafði eg því líka fyrst haft »fyrst um sinn« í breytingaratkvæði mínu í staðinn fyrir »framvegis«; og ef sú orðabreyting enn er leyfileg að áliti hins háttvirta forseta, þá skal eg ekkert hafa á móti að taka hana upp aptur, því eg er sannfærður um, að engum muni þó detta i hug að svipta læknakennslu alls landsins þessari stoð, fyrr en hún einu sinni er komin svo vel á, að hún samt geti staðizt. Það hefir verið talið breytingaratkvæðinu undir tölul. 4. til gildis að læknakennslan eptir því yrði fastari og vissari en eptir uppástungunni undir tölul. 2. en það get eg með engu móti, því spítalastofnunin í Reykjavík getur þó aldrei orðið fastari enn landlæknisembættið sjálft, sem kennslan æfinlega eðlilegast á að vera bundin við, svo það væri miklu meiri ástæða til að setja nýjan hèraðslækni til aðstoðar landlækninum, svo hann geti því betur gefið sig við kennslunni einni og öðrum almennum landlækníssstörfum eða yfirstjórn læknaskipunarinnar hèr í landi. Hitt sè eg, að í þessu breytingaratkvæði vantar allt um hvaðan kostnaðinn skyldi taka, og gæti eg því eigi láð stjórninni þó hún ímyndaði sèr, að hèr væri nú enn sem optar vísað á ríkissjóðinn; en það væri mikið mein, því þá mættum vèr vera alveg vissir um að spítalinn fengist aldrei, og því er þetta breytingaratkvæði alveg óhafandi. Hið sama er og að segja um breytingaratkvæðið undir tölul. 9, að það er verra en breytingaratkvæði okkar nefndarmanna undir tölul. 10. því þar er það bundið við að spítalinn sè fenginn, að þeim 200 rd. úr jafnaðarsjóðnum verði einnig árlega varið til eflingar læknakennslunni í Reykjavík, og er það líka slæmt, því af því leiðir að þeir fást ei heldur, ef spítalinn eigi fæst, sem þó er vel hugsandi, En hjá þessu komast menn alveg með að fallast á breytingaratkvæðið undir tölul. 10, og það verð eg því að ráða öllum þeim,

sem vilja málinu vel, en það vona eg allir eða flestir þingmenn sèu. Eg tek það enn einu sinni fram, að aðalatriðið í máli þessu er að efla sem mest innlenda læknakennslu á sem haganlegastan hátt, og að þessu geta þingmenn bezt styrkt með því að fallast á höfuðuppástungur nefndarinnar eins og þær eru nú orðaðar í breytingaratkvæðum þeim, er nefndin hefir samþykkt.

Ásgeir Einarsson: Eg er nú hræddur um, að það ætli að sannast málsháttúrinn, að »flest verði feigum að vopni», Eg held allir hafi viljað styðja málið, og hafi borið upp breytingaratkvæði sín í því skyni, en menn hafi orðið sundurorða, af því mönnum ekki kemur saman um atkvæðaskrána, og held eg það sè því að kenna, að menn ekki gátu komið sèr saman, eins og þingmaður Snæfellinga benti mönnum til. Eg held nú að ekki sè hægt að velja vel úr þessum atkvæðum, nema ef höfð væri tvenn atkvæðagreiðsla, en það er nú víst ekki formlegt. Eg skal nú lítið tala um breytingaratkvæðið undir tölul. 1. Nefndin heldur fast fram með 2. tölul. og þegar hala þingmanns Borgfirðinga væri bætt við tölul. 2. held eg komi upp á líkt, hvort samþykkt er tölul. 1. eður 2. Mèr þykir breytingaratkvæðið undir tölulið 4. hafa orðið fyrir hörðum dómi. Því hafi þeir menn, sem það hafa samið ekki haft beztan tilgang af öllum, sem hafa tekið sèr breytingaratkvæði, þá hafa þeir sannarlega ekki haft hann lakastan. Eg skal ekki framar útlista hvað í því getur legið, og hvað það getur haft í för með sèr, ef nefndin ekki vill þiggja það, en eg skyldi hafa útlistað það betur, hefði þingið ekki verið því svo mótfallið, og einkum nefndin sjálf. Það er þá helzta umtalsefnið, ef þetta breytingaratkvæði ekki fær samþykki, hvernig haldið verði áfram þeim litla vísir, sem fenginn er, og það væri í sannleika hörmulegt, ef ástandið hèr með lækna, eða útsjónin fyrir landsmenn að fá lækna, yrði verri eptir en áður. Það er þá fyrst það sem fyrst er, og það er að styðja að því, að vísirinn sem fenginn er, ekki deyi út. Þá er fyrst spursmálið, hvort landlæknirinn framvegis fái að halda áfram að kenna og fá þessa 600 ríkisdali úr læknasjóðnum, sem talað er um í úrskurðinum af 1861, og svo hvort hann fái þann styrk úr hvers amts jafnaðaðarsjóði, nefnilega 200 rd., sem í nefndarálitinu sjálfu er farið fram á, að landlæknirinn eigi með rèttu, en sem eg og fleiri ekki getum viðurkennt, að landlæknirinn að lögum geti átt heimtingu á þessum 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum; en ef þingið vill styrkja málið, sem eg vona, þá spyr eg hvort ekki mætti færa þessa 200

rd. yfir til landlæknisins frá hèraðslæknum samkvæmt tölul. 10., því þó fallizt verði á tölul. 9 getur læknakennslan hjá landlækninum eyðlilagzt meðan verið er að koma aðalmálinu í kring, sè honum gjört ómögulegt að halda henni áfram, vegna fjárskorts; en þó hvort umdæmi landsins ætti að láta þessa 200 rd., þegar þeir eru ekki brúkaðir hvort sem er til síns augnamiðs, þá er eg viss um að allir vilja vinna það til, þegar nokkurs er að vænta í aðra hönd. Í Vesturamtinu þarf hvorki að halda á þeim handa lækna-efni nè spitala. Við vitum allir, að þar er nú einungis einn læknir, sem á að hringla innan um þau lækna-umdæmin bæði, og eg býst ekki við að hann fari að kenna, þegar hann stígur ekki fæti sínum í þær sýslur, sem hann er settur í, utan síns aðal læknisumdæmis, þó hann hefði lengi full laun úr báðum umdæmunum. Það skal eg fullyrða að það má sverfa að Vestfirðingum, ef þeir ekki verða fúsir til að fè þetta verði greitt landlækninum til að styrkja læknakennsluna. Þeir heyrðu, að landlæknir hefði skrifað amtmanninum til hèr um árið og beðið um þessa 200 rd. og boðizt til að kenna efnilegum mönnum úr Vesturumdæminu, en amtmaðurinn hefði neitað, og það get eg vitnað, að þeir voru gramir ut af því, og það er fullkominn vilji þeirra, að þetta fè sè greitt til að bæta upp lækna-ekluna þar. Eg held þeim hafi þótt verra að borga kostnaðinn til varðanna. Og það verð eg að segja, að Vestfirðingar eru verst farnir hvað læknaleysi snertir; og það er umhugsunarvert fyrir þingið að hafna þessum tilboðum landlæknisins. Úr því nú þingið í hitt eð fyrra tók svo mikið stökk aptur á bak, þá held eg þó að það ekki ætti nú að hníga niður úr þessum sporum, sem það þá staðnæmdist í. Eg held að nefndin hafi horft of langt fram í veginn með 4. niðurlagsatriðinu sínu. Eg er nærri því á því, að það mundi hvumpa stjórnina, að fara þess á leit, sem þar er beðið um. Það hefði að minni hyggju mátt bíða, og verið betra að biðleika með þá grein og eins með breytingaratkvæði þar að lútandi. Þá hefir verið talað um að fá spítala í hinum ömtunum, en eg sè nú ekki hvert samband er á milli spítala og læknakennslu hèr, og spítala í hinum ömtunum. Eg held bezt sè, að þeir spítalar bíði þangað til spítalinn væri kominn á fót hèr, eg held þeir yrðu ekki til mikilla bóta við læknakennsluna fyrir vestan meðan enginn er læknirinn. Konungsfulltrúi sagði eptir stjórninni, »að það væri apturför að biðja nú um spítala«, kannske hún hafi meint holdsveikra spítala, en eg sè ekki í hverju sú apturför getur

verið fólgin sem hèr er umtalsefni nú. Veit eg ekki betur, en að í öllum öðrum menntuðum löndum sèu spítalar, og eg skil ekki hvernig stjórnin getur neitað um spítalann. Ef menn eru hræddir um, að þessi Reykjavíkur-spítali gleypi öll auðæfi landsins, þá er ekki annað en að aðhyllast viðauka-atkvæðið undir tölul. 3, þá hverfur sá ótti burtu. Það er auðvitað, að málinu þá miðaði minna áfram en það má ekki kollvarpa þeim vísir sem fenginn er. Eg get þvegið hendur mínar, þó eg ekki aðhyllist breytingaratkvæðið undir tölul. 1. því eg er sannfærður um, að Vestfirðingar vilja heldur fá lækna en spítala hjá sèr. Eg get ekki gjört mikið úr breytingaratkvæðinu undir tölul. 19, eg held að í þá átt fáist ekki meira en fengið er.

Framsögumaður: Eg skal enn leyfa mèr að tala fáein orð, einkum út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa; þar sem hann sagði, að stjórnin ekki mundi ganga inn á að hèr væri settur spítali, þá er vert að geta þess, að það stendur í úrskurðinum, að fènu skuli varið til »Medicinalindretninger», en það getur nú vel skilizt að það sè skóli og spítali. Ef stjórnin hefði ætlazt til, að læknum væri launað úr þessum læknasjóði, þá mundi hún hafa haft önnur orð, og eg segi það enn, að eg get ekki lagt í þessi orð annan skilning, en þann sem í þeim liggur.

Þingmaður Strandasýslu og þingmaður Skagfirðinga töluðu svo vel og tóku ýmislegt fram, sem eg ætlaði að taka fram, svo eg skal ekki orðlengja það meir, en einungis geta þess, viðvíkjandi þessum optnefndu 200 rd. úr jafnaðarsjóðnunum, að þingið getur sjálft sèð, hvort ekki mundi muna um að fá stiptendium handa einum lærisveini eða tveimur. Eg vona, að þingið trúi mèr til þess, að eg ætli ekki að láta fè þetta renna inn í minn eiginn vasa. Mèr er jafnhægt að lesa með 2 eða 3 eins og einum. Það er munur fyrir landið að fá 2 eða 3 lækna. Eg bið þingið vel íhuga, hvort það ekki muni vera á móti vilja landsmanna að spara þessa 200 rd. úr jafnaðarsjóðunum; því eg efast um, að þingið fái neina þökk fyrir það.

Björn Pètursson: Eg vil að eins leyfa mèr að drepa lítið eitt á töluliðina 21. og 22. Þeir sýnast nokkuð svipaðir, en eru í rauninni töluvert mismunandi. Nefndin vill gjöra öllum, sem settir eru í auð læknisembætti jafnhátt undir höfði, en það vill ekki hinn háttvirti varaforseti, sem er höfundur breytingaratkvæðisins undir 21. tölulið. Hann vill gjöra embættislausum kandídöt-

um hærra undir höfði en þeim sem í embættum eru, en eg sè enga ástæðu til þess, að embættislausir kandídatar hafi meiri rètt, eða að þeir sèu hafðir í meiri hávegum en þeir, sem hafa máske lengi og vel þjónað embættum. Varaforseti sagði, að hèraðsbúar hefðu meira gagn af, að embættislaus kandídat væru settur í óveitt læknisembætti, af því hann gæti flutt í læknisdæmið, og setzt þar að, en þetta gæti ekki sá læknir, sem áður væri reglulegur læknir í öðru læknisumdæmi. Þetta er að vísu satt, en það er aðgætandi, að ef sá sem settur er, er búsettur læknir í öðru hèraði, hefir hann þeim mun meira fyrir að gegna þessu nýja embætti, því hann þarf opt að leggja í kostnaðarsamar og erfiðar ferðir, og þó hann gjöri minna gagn, þá leggur hann meira í sölurnar, og hefir meiri fyrirhöfn, ef hann á annað borð gjörir nokkuð. Það getur líka opt við borið, að hann geti fengið og fái lækningafróðan, menntaðan mann fyrir aðstoðarlækni, og þarf hann þá að launa honum, og því þarf hann að fá öll embættislaunin, hvernig sem á stendur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari umræðu lokið og skal eg biðja þingmenn ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. Var því næst gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, nema hvað 5. töluliður var borinn upp á eptir 22. tölulið og fèllu atkvæðin þannig:

1. Breytingaratkvæði Sv. Skúlasonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (7. tölulið), sem verði sett fyrst.
   a, fellt með 17 atkvæðum gegn 4.
   b, þannig fallið.
2. Breytingaratkvæði Gísla Brynjúlfssonar og Jóns Pèturssonar, við sama tölulið, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.
3. Viðauka-atkvæði A. Ólafssonar við 2. tölulið, fellt með 12 atkvæðum gegn 7.
4. 6. og 7. töluliður þar við fallnir.
8. Breytingaratkvæði St. Jónssonar við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, fellt með 14 atkvæðum gegn 6.
9. Breytingaratkvæði H. Kr. Friðrikssonar, J. Guðmundssonar og J. Sigurðssonar við sama tölulið, fellt með 14 atkvæðum gegn 4.
10. Breytingaratkvæði G. Brynjúlfssonar og J. Pèturssonar við sama tölulið, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5.
11. Tölul. þar með fallinn.
12. Viðauka-atkvæði J. Hjaltalíns við 11. tölul., samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8.

13. Nefndin 3. niðurlagsatriði, fellt með 13 atkvæðum gegn 4.
14. Breytingaratkvæði J. Guðmundssonar við 4. niðurlagsatriði nefndarinnar, fellt með 13 atkvæðum gegn 5.
15. Breytingaratkvæði Sv. Skúlasonar við sama tölulið, fellt með 9 atkvæðum gegn 5.
16. Breytingaratkvæði P. Pèturssonar við sama tölul., samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.
17.—18. tölul. þar við fallnir.
19. Breytingaratkvæði Br. Jónssonar við 5. niðurlagsatriði nefndarinnar, fellt með 9 atkvæðum gegn 7.
20. Nefndin 5. niðurlagsatriði, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.
21. Breytingaratkvæði J. Guðmundssonar við 6. niðurlagsatriði nefndarinnar, samþykkt með 12 atkvæðum gegn 7.
22. þar við fallinn.
5. Viðauka-atkvæði H. Kr. Friðrikssonar, ný uppástunga, samþykkt í einu hljóði.
23. Hvort rita skuli konungi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 18 atkvæðum.

Forseti: Það er nú orðið framorðið, og eitt mál eptir, og af því eg býst við, að um það verði langar umræður þá ákveð eg kvöldfund kl. 7. e. m. til að ræða það.

Fundi slitið.

Tuttugasti og áttundi fundur — 8. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi nema hinn 2. konungkjörni þingmaður, sem eigi gat sótt fund sökum lasleika. Gjörðabók hins síðasta fundar var var lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en umræðurnar byrja, skal eg geta þess að til mín er komið nefndarálit í málinu um launaviðbót skólakennara Jóns Þorkelssonar, og sömuleiðis nefndarálit í málinu um prestsmötuna, enn fremur nefndarálit meiri hlutans í hjúalagamálinu og nokkuð af ágreiningsáliti minni hlutans í því máli, og vona eg að það geti lagzt fram á lestrarsalinn í kvöld. Eg vona að þingmenn sè því ekki mótfallnir, þótt eg neyðist að taka eitthvert af þessum málum fyrir áður en þau eru búin að liggja fulla 3. sólarhringa á lestrarsalnum. Eptir dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu fiskiveiðamálið og málið um ránið í eynni Vigur. Eg hefi

látið prenta atkvæðaskrá og vona, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr. Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 299.

Síðan var málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (*Gísli Brynjúlfsson:*) Eg vona nú, að umræðurnar þurfi ei að verða mjög langar, því mèr sýnist ei atkvæðaskráin þessleg, að út af henni þarfi að rísa mikið stríð, þó hèr sèu komin nokkur breytingaratkvæði. Það fór nú sem mig varði, að eitthvað mundi verða úr þeirri blikunni, sem dróg upp frá hinum háttvirta varaforseta við undirbuningsumræðuna, þegar hann talaði af svo miklum móði um landsins gagn og nauðsynjar, því hèr eru nú og komin tvö breytingaratkvæði frá honum, sem að minnsta kosti hafa það til að bera, að þau eru ákaflega löng, eg held hin lengstu breytingaratkvæði, sem eg hefi nokkurn tíma sèð. En að öðru leyti er eg í nokkrum vandræðum, einkum með fyrsta breytingaratkvæðið, sem og er hið lengsta, því þegar eg fer að skoða það betur, þá finn eg eiginlega ekki svo mikið í því, sem við mætti búast um svo langa rollu. Hinn háttvirti varaforseti vill, að stjórnin eindregið og tafarlaust skuli taka yfirgang Frakka á fiskimiðum vorum til greina; en hvað hann eiginlega meinar með þessu er mèr nokkuð óljóst, því annaðhvort er það í raun og veru ekki annað en einmitt hið sama, sem nefndin hefir stungið upp á, eða tilgangur hans er, að stjórn vor skuli tafarlaust byrja ófrið við Frakka út úr fiskiveiðunum hèr við land, og það get eg þó ekki ímyndað mèr. Þá er það og, að mèr finnst hugsunarskipun nokkuð undarleg í þessu langa breytingaratkvæði, því hèr verður í einum stað að minnsta kosti skrítilegt hausavíxl á afleiðing og orsök, þar sem talað er um hinn sívaxandi fiskiskipafjölda og þar af leiðandi yfirgang hins frakkneska fiskiveiðafèlags o. s. frv., því eg fyrir mitt leyti hefði að minnsta kosti hingað til haldið, að fiskiskipafjöldinn væri afleiðing af yfirgangssótt þessa fèlags, en ei hitt að hún væri afleiðing af fiskiskipafjöldanum. Ekki heldur get eg skilið að það sè til nokkurs eða eigi við að heimta eins og af stjórninni, að hún skuli kippa öllu þessu tafarlaust í lag á stuttum tíma, því eg hefi hingað til ímyndað mèr, að þetta sè mál, sem ei sè svo auðhlaupið að, mál, sem ekki verður komið í lag á fáum árum, og eg hefi áður tekið það fram, að eg hèldi ei einu sinni að það væri nægilega undirbúið af landsmanna hálfu til þess að nú yrði samið um það oss fullkomlega í hag. Eg held því og enn, að nefndin hafi farið öldungis rètt, þar sem hún vill

biðja stjórnina um að gjöra allt, sem mögulegt er, til þess að minnsta kosti að undirbúa samning síðar meir, og eg get ei heldur sèð, að hèr sè nokkur skaði í nauðsynlegri bið og varfærni. Þá er nú og í öðru lagi viðaukatkvæði hins háttvirta varaforseta undir tölulið 5. því það finnst mèr ei heldur heppilegra. Hann óskar að stjórnin skuli fyllilega verja þau takmörk fiskhelginnar hèr við land, sem samkvæm eru almennum þjóðarrètti, með nægum herskipum, meðan sèrstakir þjóðsamningar komist ei á; en má eg þá spyrja, á stjórnin þá alls ekkert að verja eptir að samningar eru komnir á, og til hvers væri þeir þá? Þetta finnst mèr nóg til þess einnig að fella þetta breytingaratkvæði, og fleiri hafa hèr ei komið fram, sem eg þarf að mæla á móti.

Konungsfulltrúi: Eg hef áður lýst því yfir, að eg í öllu verulegu aðhyllist nefndarálitið í þessu máli, og skal eg því ekki taka það hèr upp aptur. En eg ætla einungis að fara fáeinum orðum um breytingar eða viðauka-atkvæði þau, sem standa hèr á atkvæðaskránni nr. 2, 3 og 4. Hvað það fyrsta snertir, get eg ekki fallizt á það, hvorki eins og það er orðað nè að efninu til. Mèr getur ekki betur skilizt, en að það sè of frekt orðað eða heimtað af stjórninni *eindregið* og *tafarlaust*, að hún skuli taka til greina hinn vaxandi skipafjölda og yfirgang hinna frakknesku fiskiskipa og tjón það, er þar af leiðir fyrir Ísland, og eins það, að hún *eindregið* og *viðstöðulaust* skuli gjöra tilraunir, sèr í lagi við Frakka, að allir meiri flóar landsins, t. a. m. Faxaflói og Breiðifjörður svo og öll innri fiskimið umhverfis landið verði friðhelg fyrir útlendum fiskimönnum. Þetta verð eg að ætla, að ekki sè svona skilyrðislaust farandi fram á, vegna þess, að þessi fiskimið geta opt legið lengra undan landi en svari einni mílu, og það er þó í mesta lagi takmarkið, sem útlendir fiskimenn eigi mega koma inn fyrir, svo að því leyti fiskimiðin liggja fjær landi, er ekki farandi fram á, eða rèttara sagt, það er ekki til neins, að fara fram á slíkt, því stjórnin getur ekki komið því fram gagnvart þeim útlendu fiskimönnum eptir þeim gildandi og viðurkennda þjóðarrètti í þessu efni. Annað mál er um flóa, t. a. m. Faxaflóa og Breiðaflóa, að það er að mínu áliti ekki óhugsandi, að það kynni með samkomulagi að vinnast, að útlendir fiskimenn ekki mættu fara inn á þá, og allrasízt inn á fiskimið, og þetta liggur víst í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar. Með þessu er svarað breytingaratkvæðinu nr. 3, að því leyti fiskimiðin liggja meir en 1 mílu undan landi. Við breytingaratkvæðið undir

nr. 5 skal eg einungis geta þess, að þingið getur ekki vonazt eptir, að stjórnin geti uppfyllt það, hvað gjarna sem hún vildi, og skal eg í því tilliti leyfa mèr að vísa til hinnar konunglegu auglýsingar til þingsins um þetta atriði.

Framsögumaður: Mèr yfirsást áðan að geta um breytingar- og viðauka-atkvæði hins háttvirta þingmanns fyrir Barðastrandarsýslu undir tölul. 3, og bæti eg því við nú, að eg get alls ekkert haft á móti því frá mínu sjórnarmiði, og vona einnig að meðnefndarmenn mínir geti sagt hið sama. Eg verð miklu fremur að þakka hinum háttvirta þingmanni fyrir þenna viðauka, því hann fer alveg í sömu stefnu sem nefndarálitið og tekur það að eins fram í sjálfum niðurlagsatriðunum, sem þar er drepið á um fiskimiðin, hve æskilegt væri ef þau gætu orðið friðuð. Mèr finnst þetta atriði og einmitt vera eitt af þeim, sem stjórn vor nú þegar gæti reynt að koma sèr saman við Frakka stjórn um, þar sem vel má telja það með spursmálinu um flóana, sem hún sjálf viðurkennir, að sè svo efasamt, að samkomulag um þá grein væri mjög æskilegt; og eg vona því og, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni ei álíta það á nokkurn hátt ofsvæsið að fara nú þessu á flot við hana. Eg gleymdi og áðan að tala um atkvæðaskrána í málinu um ránið í Vigur, er nú einnig á að ræða um; og skal eg því bæta því við um breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns úr Austur-Skaptafellssýslu, sem eg veit vel hve annt er um að reyna að útvega viðkomendum einhverja bót fyrir skaðann, að eg held þó ei hann gjöri þeim nokkurn hag með því að til taka 200 eða 300 rd. upphæð, því vèr vitum alls ei hvort þetta er nóg, og það væri þó óhappalegt, ef þingið stingi nú upp á einhverju, sem síðan ei bæri saman við það, sem presturinn áliti sèr rètt að krefjast, þegar til hans kemur. Á móti breytingaratkvæðunum undir tölulið 1. og 3. get eg ekkert haft, en um tölulið 4 verð eg nú því fremur en áður að halda, að hann gjöri ekkert gagn, þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir síðan upplýst, að annað frakkneska herskipið hafi nú einmitt farið til að rannsaka þetta mál, ef það getur komið því við; því þar sem það einnig er kunnugt, að það kemur nú ei aptur hingað, þá er auðvitað, að herskipaforinginn hèr mun ekkert vilja gjöra fyrr en hann er búinn að hafa fregnir af hinu skipinu, en það verður þá ei fyrr en einhvern tíma í haust suður við Frakkland.

Konungsfulltrúi: Eg fann enga ókurteisi í viðauka-atkvæði þingmannsins úr Barðastrandarsýslu; eg tók nú einungis fram, að

það gæti komið í bága við aðalregluna um mílufjarlægðina. Hvað Vigurmálið snertir skal eg einungis við 4. breytingaratkvæðið leyfa mèr að taka það fram, að eg get ekki skilið, að það geti orðið nokkur árangur af því, að fara til hins franska sjóforingja á herskipinu Danaé og skora á hann að bæta úr ránskapnum, sem hèr ræðir um, nema honum um leið verði færð rök fyrir því, að það hafi verið Frakkar, sem óskundann hafi gjört, og þá um leið til greint skipið eða nr. á því, en þingmaðnr Austur-Skaptafellssýslu sagði í gær, að enginn vissi, hverjir óskundann hefði gjört, en það væri að öllum líkindum Frakkar, enda hefði brèfsneplar úr frönskum Avís fundizt á eynni, en þetta er nú eins og allir sjá engin sönnun, en í mesta lagi litlar líkur. Eg verð þannig að vera þessu atkvæði algjörlega mótfallinn.

Páll Melsteð: Eg verð þó að leyfa mèr að tala fáein orð um þetta mál, og skal eg þá geta þess, sem eg sagði, þegar málið var hèr síðast til umræðu, að mèr þóttu breytingarnar fara í þá stefnu, að eg mundi heldur fylgja nefndinni en þeim. Nú eru breytingar þessar komnar í ljós og eru hèr til sýnis á atkvæðaskránni. Mèr lízt nú hið sama sem hinum háttvirta framsögumanni að breytingaratkvæði varaforseta sè nokkuð fyrirferðar mikið, það er svo stórt og mikið, um sig að mèr þykir það líkast samfellu í heygarði í samanburði við smáheyin. Þó get eg ekki betur sèð, en að allt, sem innibinzt í því sè tekið fram með jafngóðum ef ekki betur löguðum orðum í nefndarálitinu; það skyldi þá vera atriðið sem til tekur Faxaflóa og Breiðafjörð; en mèr finnst það líka liggja í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar í þessum orðum: »að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarrètti,» því að í þeim undantekningum geta þessir firðir innibundizt. Mèr þætti nú mjög mikið unnið, ef allir flóar og firðir, einkum Faxaflói og Breiðifjörður væru undanteknir, svo að útlendir fiskimenn mætti eigi fara inn fyrir Garðskaga eða inn fyrir Öndverðarnes hvorugu megin, t. a. m. hvorki inn með Neshreppum norðan Jökuls eða inn með Breiðuvíkurhrepp og Staðarsveit innan Jökuls; því þar hafa þeir mest skemmt veiðarfæri og spillt veiðinni bæði nú í sumar og fyrr; í þessu tilliti get eg því verið varaforseta samdóma. Mèr finnst nú hið sama og konungsfulltrúa um breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga, að eg held að það sè óþarft, þar sem mèr finnst allt hið sama liggja í orðinu »fiskhelgi«; hjá nefndinni. Það er auðsèð á öllu, að sú hugsun hefir vakað fyrir nefndinni, að fiskhelgina hèr við land

eður rètt landsbúa yfir sjónum umhverfis landið yrði að skoða öðruvísi en annarstaðar, það yrði að skoða hann sèrstaklega af sèrstaklegu ásigkomulagi sem hèr ætti sèr stað. En eg skal þá ekki fjölyrða meira um þetta, en snúa mèr að ránsmálinu í Vigur. Eg segi nú hið sama í þessu máli og hinu, að eg vil hèr helzt fallast á niðurlagsatriði nefndarinnar. Breytingaratkvæðin líka mèr ekki. Einkum vildi eg óska þess, að breytingaratkvæði þingmannsins úr Austur-Skaptafellssýslu fèlli; mèr þykir meira í það varið, að presturinn fái fullar skaðabætur, en að hann fái 200—300 rd., því fái hann fullar skaðabætur, þá verður það talsvert meira en töluupphæðinni nemur. Svo skal eg þá ekki fjölyrða frekar um þetta mál en fylgja nefndinni, eins og hefi sagt.

Jón Hjaltalín: Af því að eg var einn af nefndarmönnum, þá ætla eg að fara fáum orðum um það, hvaða andi gekk í gegnum nefndina. Það var nú talað um það í gær, að nefndin mundi ekki hafa tekið nógu djúpt í árinni; en eg held nú, að hún hafi gjört það svo djúpt, að eigi sæmi dýpra. Einungis mætti geta í álitsskjalinu til konungs um ýmsa aðferð þessara útlendu fiskimanna, nefnilega að skemma veiðarfæri og annað þess konar; það er gott að geta komið með »Kjendsgjerninger« og má þess vel geta, án þess nokkur stóryrði sè höfð í frammi, því þau eiga alls ekki við. Eg minnist á þetta, af því þingmaður Snæfellinga tók það fram, og sè þetta eigi nógu skarpt orðað í nefndarálitinu, þá má taka það fram í álitsskjalinu til konungs. Þessi breytingaratkvæði, sem hèr eru nú komin við uppástungur nefndarinnar, þau lízt mèr nú ekki á, eg er hræddur um þau sè ei til annars en að spilla fyrir málinu. Því að auðvitað er, að þegar menn verða að fara bónarveg, þá verða menn að varast að styggja þann, sem menn eru að biðja. En þegar vèr biðjum stjórnina um að hún skuli gjöra eitthvað *tafarlaust* og *eindregið,* þá er það sama og vèr segðum við fjósakarl vorn eða smalastrák, farðu og gjörðu þetta strax og svíkstu nú ekki um það. Eg er hræddur um, að stjórnin segi, þegar hún sèr þetta: »Hvaða bölvaðir narrar eru þeir þarna út á Íslandi, vèr erum eigi seppinn þeirra eða smalinn«, og að hún fleygi svo málinu í vonzku og vilji ekkert hafa með það að sýsla. Ekki held eg að færi nú betur, ef stjórnin ræki augun í það, að hún ætti að verja allar strendur Íslands með nægum herskipum. Eg held hún segði: Eru mennirnir orðnir bandvitlausir? En má eg spyrja, hefir nú hinn hálærði varaforseti hugsað um, hvað langt er

í kringum landið? Það eru á þriðja hundrað mílna. En hefir nú Dana stjórn ráð á svo mörgum herskipum, að hún geti látið verja allt þetta svæði. Þó það væri nú gufuskip, þá þarf það 5—6 daga til að komast í kringum allt landið, og mætti það þá allt af vera á ferðinni nótt og dag dygði þó ekki til. Það er að mínu áliti afkáralegt að koma með slíkt fyrir stjórnina, og eigi til annars, en koma inn hjá henni óvilja á móti oss. Það getur nú verið að þetta klingi vel í eyrum landsmannu, en það klingir ekki vel í eyrum stjórnarinnar, þegar hún er beðin um það með frekju, sem henni er ómögulegt að veita. Þótt með engri frekju sè farið að stjórninni í nefndarálitinu, þá er þó með reyndar hógværum en þó full skýrum orðum tekið fram, hvað ætlazt er til að stjórnin gjöri. Eg vil þess vegna ráða þinginu frá að senda stjórninni þessi breytingaratkvæði, því að eg held að þau gjöri ekki annað en spilla fyrir málinu. Hvað nú snertir breytingaratkvæði varaforseta undir tölul. 4. um ránið í Vigur, þá veit eg nú eigi hvað segja skal, en mèr finnst það gjöra lítið til; það er reyndar gott ef stiptamtmaðurinn treystir sèr til að gjöra það. En eg er hræddur um, að það kunni að spilla fyrir málinu, ef þess væri farið á leit við frakkneska herforingjann hèrna, þegar hann færi að segja frá því heima á Frakklandi, að heimtaðar hefði verið af sèr skaðabætur, hèr út á Íslandi, en þó ekkert sannað, kynni því að verða lakar tekið í þetta mál af hendi Frakka en ella, og eg held því að kraptmeira væri að fara þann veg, sem nefndin hefir stungið upp á. Það er bágt, ef presturinn fær ekki skaðann bættan, en eg held það verði eigi með öðru móti betur en nefndin segir, og það mun víst eigi vera til mikils að fyrirskrifa neinar vissar reglur hvernig þessu verður fyrir komið.

Indriði Gíslason: Það er nú eins og öllum er ljóst, hversu langt er síðan þetta mál lèt til sín heyra hèr á þinginu, eins og líka að það er ljóst, hver árangurinn hefir orðið af umkvörtunum; nú held eg menn þurfi ekki lengur að kvíða, þar kom nú loks að því, að það fannst ráð sem dugði, þetta verkfæri nefndarinnar, þessi sigð, sem á að sníða af oss þessi þröngvu bönd veiðitakmarksins, en af því hún í öðru niðurlagsatriðinu fer svo felldum orðum og meiningu, að stjórnin leitist við að fá viðurkenndan þann sèrstaklega nauðsynlega þjóðarrètt vorn, svo vèr ekki og þjóðbúið líði óbætanlegt tjón, þá sýnist mèr þetta verkfæri vera tindeigt í egg en stálhart í bakka, og mega þess vegna leggjast upp aptur, ef

það á að verða nýtilegt verkfæri, og skildi eg meir en gefa því atkvæði, ef eg vissi fyrir víst, að smiðja stjórnarinnar væri í lagi; en vegna þess að eg er óviss í því, þá vil eg þó heldur breytingar- og vara-atkvæðið, því það eina mun ávinnast í þessu máli, og má þá ekki minna vera en að menn kveðji hispurslaust sinnar þurftar, og skýrum eindregið og greinilega frá hvers vèr þurfum, og skeikum ekki frá að standa á rèttinum, þó vèr verðum að lúta ofureflinu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, þegar hann var að tala um breytingaratkvæðið, að það kæmi í bága við veiðitakmarkið, já það er nú það sem að því þykir, að það kemur í bága við Frakka og útlendar þjóðir, það er nú það sem hann ekki vill, það er mikið vel skiljanlegt; þá sagði hann og, að það gjörði minni skaða eða ekki svo mikinn skaða, þó þeir færu inn um allan Breiðafjörð; það er vel trúlegt að honum sýnist svo, en ætli að jöklurum veiti af roðum sínum og uggum, nei eg held ekki, og þá ekki Eyrsveitingum af því sem þeir reita á sína opnu báta, eða er hún nú gleymd bænarskráin frá þeim hèrna um daginn; en hverju af þessu eg vil helzt gefa atkvæði mitt, sèst á sínum tíma.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið um þetta fiskiveiðamál; eg er nú mjög svo hræddur um þó við förum með þetta mál fyrir stjórnina enn á ný, að við verðum eins varnarlausir eptir sem áður; við höfum sent bænir okkar frá næstu þingum, og hvaða árangur hefir það haft, alls engan, svo um það leyti að við erum búnir að fá viðurkenningu um undantekningar frá hinum almenna þjóðarrètti, þá verður okkur víst mál á vörninni, svo eg held þó við nú sendum þessi mjúku bænar-atriði, þá komi þar alls ekkert út af. Eg ætla nú ekki að fara mörgum orðum um breytingaratkvæði mitt í Vigur-ráninu, það getur verið að það sè óþarft, ef fara á að halda rèttarrannsókn um málið, því þá getur presturinn sjálfur ákveðið skaðabæturnar, en eg hugsaði sem svo, þegar eg kom fram með þetta breytingaratkvæði, að betri væri mögur forlíkun en feitur prócess, því um það leyti að búið er að senda austur í Lón til að rannsaka málið, og rannsókn sú er komin aptur til stiptamtmanns, svo til stjórnarinnar, svo þaðan og til Frakkastjórnar og svo heim aptur, þá held eg nú, að prestinum kunni að verða orðið mál á tapi sínu, sem hann hefir orðið fyrir í ár, og við það tap miðaði eg einungis þetta breytingaratkvæði; hin önnur breytingaratkvæði geta gylt fyrir eptirkomandi tíð; án þess eg tali meira um það ræður þingið hvað það gjörir, en gæti presturinn

fengið þetta í hráð er þó betra lítið en ekkert. Einhverjir af nefndarmönnum þessa máls hreifðu því við undirbúningsumræðuna, að eg ekki væri á sömu skoðun og við inngangsumræðuna, ef eg nú vildi ekki að málið gengi gegnum stiptsyfirvöldin, en eg verð að segja þeim það, að þeir hafa gjörsamlega misskilið orð mín, eg er og hef verið á því, að málið frá þinginu ætti að ganga til stiptsyfirvaldanna, og eg álít, að þau hljóti að gefa málinu sèrlegan gaum, þar sem hèr er að ræða um rán frá embættismanni, sem á fyllsta rètt með að ganga að stiptsyfirvöldunum um rètting mála sinna; hinn háttvirti konungsfulltrúi var enn að tala um upplýsingar, og að eg hefði sagt í gær, að ekki væri hægt að vita, hvaða skip þessu hefði valdið, já eg segi það enn, að það er mögulegt að fá júridiska sönnun fyrir því, en að öðru leyti er það fullsannað, eins og eg hefi áður sagt, því allar þær líkur sem fram eru komnar í málinu lúta að því, að það hafi Frakkar verið, og eins og eg margtók fram í gær, eru ekki aðrir sem hèr fiska en Frakkar.

Brynjólfur Jónsson: Mèr sýnist nú hèr vera úr vöndu að ráða, hvernig greiða eigi atkvæði, einkum hvað viðvíkur þessu fiskiveiðamáli. Það er þá fyrst að hefja máls á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli, þar sem talað er um að gjöra útlendingum þeim, er fiska hèr við land, kunn veiðilög vor. Það er nú ef til vill líklegt, að þeir gjörðu sig eigi eigi eins seka í ránum og gripdeildum, ef þeir þekktu, hvað lög vor bönnuðu í þessu efni. En hræddur er eg þó um, að vèr verðum litlu nær, þótt lögin sè birt þeim, því eg held að samt gæti svo farið, að þeir ræni eins eptir sem áður, þegar þeir geta skákað i því skjólinu, að enginn gæti náð í þá nè sannað upp á þá. Eða ætla þeir hefði eigi eins getað rænt í Vigur, þótt þeim hefði verið kunn veiðilögin, eins og þeir gjörðu, án þess þeir yrði staðnir að því, eður dregnir til sekta og skaðabóta. En eigi að síður er eg samdóma þessari grein, að veiðilög vor sè gjörð kunn hinum útlendu þjóðum, sem hèr sækja að landinu, svo þær þó að minnsta kosti ekki geti afsakað rán og gripdeildir sínar með því, að þeir hafi eigi vitað, hvað lög voru i þessu efni. Breytingaratkvæði varaforseta við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar hefir nú þótt nokkuð hart og harðleikið við stjórnina og eigi takandi til jafns við hin mjúku og mildu niðurlagsatriði nefndarálitsins. En mèr finnst nú sinn hængurinn á hvoru. Ef breytingaratkvæði varaforseta verður samþykkt og kemur til stjórnarinnar, mun hún ef til vill segja: Þetta er of hart og frekjulega

beðið, því verður ekki anzað; en eg er þá ekki óhræddur um, að hún segi, þegar niðurlagsatriði nefndarinnar kemur til hennar: Íslendingum er nú ekki lengur neinn áhugi á þessu máli, þeir eru nú eigi lengur einbeittir í að óska bót á því, sem þeir áður hafa beðið um svo fastlega. Þess vegna er eg hræddur um, að þetta hvorttveggja verði gagnslaust. 5. tölul. finnst mèr nú í sama anda og tölul. 2., og undirtektirnar verða líklega hinar sömu og að undanförnu. Hvað nú viðvíkur breytingaratkvæði mínu við niðurlagsatriði nefndarinnar í Vigurmálinu, þá sýndist mèr það eiga vel við, að þegar fyrir fram væri gefin einhver bending um bætur fyrir skaða þann, er leiddi af ráninu framvegis, því afleiðingarnar af þessu ráni geta varað, ef til vill í fleiri ár. Vona eg því fastlega að þingmenn gefi atkvæði sín fyrir þessu mínu breytingaratkvæði.

Pètur Pètursson: Þó eg geti nú ekki fallizt á breytingaratkvæði undir 2. og 5. tölul. þá get eg ekki lagt svo harðan dóm á þau, því að eg skil mikið vel, hvað uppástungumanni hefir gengið til, og það er innileg tilfinning fyrir hinu mikla tjóni, sem Íslendingar verða fyrir. En þessi tilfinning finnst mèr hafa ráðið of miklu hjá honum og koma því eigi að tilætluðum notum. Nefndin gjörði áðan grein fyrir hvers vegna samningur gæti eigi nú komizt á, eða þá að líkindum hlyti að verða óhagkvæmur og ónýtur fyrir oss, eptir því sem nú á stendur fyrir Dönum. Eg vil nú leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að til grundvallar fyrir þess konar samningum liggur vanalega hagsvon á báðar hliðar; þetta á sèr stað í samningum milli einstakra manna og heilla þjóða. En það getur líka verið samningur, sem er afleiðing af þeirri viðurkenningu einnar þjóðar, að hún sè sannfærð um, að önnur þjóð hafi orðið fyrir órètti; því í brjósti heilla þjóða býr eins rèttlætis tilfinning, eins og í brjósti hvers einstaks manns. Þegar þessi samningur á að gjörast, þá verður fyrst að vekja rèttlætistilfinningu þeirrar þjóðar, sem skaðann hefir gjört, og að sýna henni ástæður fyrir þeim halla er sú þjóðin, er órèttinn líður, hefir beðið, svo að henni verði bættur þessi skaði. Eg vildi nú fá þann samning, er byggður væri á þessum grundvelli viðvíkjandi fiskiveiðunum. Eg vil nefnilega fá það viðurkennt af erlendum þjóðum, að Íslendingum sè órèttur gjörr, það er með öðrum orðum, að Ísland se undanskilið hinum almenna þjóðarrètti. Eg veit nú ekki hvort eg get gjört þessa hugsun skiljanlega fyrir þinginu, en eg held þó, að hún sè á rökum byggð. Vèr verðum að gá að því, að þegar hin útlenda stjórn er beðin

um sèrstakan samning, og hún er eigi sannfærð um, að Íslandi sè órèttur gjörr, þá getur hin útlenda stjórn litið svo á þessa samningatilraun af hálfu Dana stjórnar, sem tilraun til að fá uppbót á þeim halla, er þegnar hennar bíða í fiskiverzluninni, þar sem fiskiafli minnkar við það, að erlendar þjóðir veiði hèr undir landi, En þegar hin erlenda stjórn lítur svona á málið, þá heimtar hún einhvern hagnað apur á móti, sem vegi upp á móti því, er hún gefur eptir í fiskiveiðunum og fiskiverzluninni. Þannig getur málið skoðazt bæði frá Danmerkur og Íslands hlið. Vèr viljum nú að Dana stjórn sýni hinni útlendu stjórn fram á með ljósum rökum, hvílíkt ranglæti oss er gjört sem Íslendingum; en vèr biðjum eigi um, að Danir sýni, hvern óhag þeir bíði af því, að fiskiverzlunin minnkar. Þess vegna viljum vèr og heldur eigi, að Dana stjórn veiti hinni erlendu stjórn neinn hagnað fyrir það, þó að hún viðurkenni að vèr megum vera undantekning frá hinum almenna þjóðarrètti. Að því er 5. töluliðinn snertir, þá er nú þegar búið að taka það fram, sem þar um er að segja. Þess óska víst allir, að Dana stjórn láti herskip gæta þessa hèr við land. Eg fyrir mitt leyti hefi nú ekki svo mikið á móti 3. tölulið, því að eg held, að það geti ekki skemmt. Mèr sýnist það einmitt vera eitt atriði af því sèrstaklega ásigkomulagi Íslands. Það er nú ef til vill eigi nauðsynlegt að taka þetta atriði um fiskimið landsmanna sèrstaklega fram, nema önnur atriði væri þá tekin um leið, þar sem þess er getið í nefndarálitinu, að landsmenn verði að fiska á opnum skipum, og standi því eigi jafnt að vígi við útlendinga. Eg verð nú að gefa atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæðinu undir tölul 1. í ránsmálinu í eynni Vigur, því mèr finnst að eigi að eins presturinn, heldur og brauðið eigi að fá fullar skaðabætur. Eg álít nú, að niðurlagsatriði nefndarinnar sè betur orðað, en breytingaratkvæðið undir tölul. 2, því að eg er hræddur um, að það geti orðið málinu fremur til spillingar að tiltaka upphæðina. 3. tölul. er eg alveg samþykkur. En 4. töluliðinn get eg ekki fallizt á, og skyldi eg þó vera manna fúsastur á að fallast á hann, ef eg hèldi, að hann yrði að nokkru gagni. En eg held, að hvort sem Danir eða Frakkar bæta þenna skaða, þá verði þetta fremur til að spilla málinu en bæta það, þar sem Frakkneski herforinginn mun ekki álíta sig skyldan til að bæta skaðann, sízt meðan ekki er sannað, að hann sè orsakaður af völdum Frakka. En eg er hræddur um, að Dana stjórn verði nauðugri til að bæta skaðann, þegar búið er að bera það undir Frakka áður, og þeir

búnir að neita. Að öðru leyti vildi eg, að málið gæti fengið hina happalegustu stefnu.

Helgi Hálfdánarson: Eg veit eigi nema það þyki undarlegt, að eg þegi allt af í þessu máli, sem snertir mitt kjördæmi meir en flest önnur hèruð landsins, og sumir kynni þess vegna að hugsa að mèr liggi það í lèttu rúmi, hver afdrif þetta mál fær. En það, að eg hefi þagað hingað til, er alls ekki af því, að eg álíti ekki þetta mál mjög áríðandi, það hljóta allir að álíta það mjög mikils umvarðandi, þar sem hinn helzti bjargræðisvegur mikils hluta landsmanna er í húfi. En eg hefi ekki staðið upp af því, að eg finn til ófullkomlegleika míns, og að mig skortir þekkingu til að geta lagt nokkuð það til í þessu máli, er að liði megi verða, en sè það glöggt, að málið er mjög vandasamt. Þessu máli er vissulega svo varið, að það eru eigi Íslendingar einir, sem eiga bágt með að ráða bót á því, heldur líka stjórnin. Því eg held, að vèr Íslendingar sèum engu vanmáttkari í samanburði við Dani, en danska stjórnin í samanburði við frakknesku stjórnina. Eg stend því að eins upp til að votta þakklæti mitt þeim mönnum, sem fjatlað hafa um málið. Eg þakka þá fyrst nefndinni, sem hefir gjört sitt hið bezta, og án efa valið þann veg, sem er rèttastur; en eg þakka eigi einungis nefndinni, heldur og hinum háttvirta varaforseta, því að eg er sannfærður um, að hann hefir haft jafnmikinn áhuga á málinu og nefndin, og að hann er í raun og veru henni samdóma. Þegar bann talaði seinast, fannst mèr skoðun hans vera mjög lík skoðun nefndarinnar, og munurinn einungis sá, að hann lagði meiri áherzlu á það, að þetta, sem nefndin fer fram á, yrði gjört sem fyrst. Hann hèlt, að hèr væri háski að töfinni, þar sem fiskiskútur Frakka fjölga árlega, og það er satt, að mikið er í húfi, ef ekki er í tíma að gjört, og eg er sannfærður um, að nefndin álítur þetta líka. En þó eg nú viðurkenni hina góðu hugsun varaforseta, þá get eg þó ei neitað því, að mèr finnst eigi sem viðfelldnast orðað breytingaratkvæði hans; einkum sýnast mèr þessi orð: »eindregið og tafarlaust« eigi vera alveg í rèttum bænaranda. Eg hef verið að hugsa um, hvernig orð þessi mundu verða á dönsku, og held eg þá að vísu, að þau geti orðið svo, að þau litu ei eins út í dönskunni eins og í íslenzkunni. Þar að auki held eg, að þessar 2 stefnur geti sameinazt, ef tekið væri efnið úr breytingaratkvæðum varaforseta upp í ástæðurnar fyrir bænarskránni til konungs. Það held eg væri gott, því eg álít nauðsynlegt, að sem mest á-

herzla verði lögð á það, hve áríðandi sè, að þetta sè gjört sem fyrst; og eins virðist mèr að taka ætti fram, að Faxaflói og Breiðifjörður, og ef til vill, fleiri hinir stærri flóar hèr við land fengi að vera friðhelgir fyrir útlendum fiskiskútum. Það er eitt enn, sem mèr finnst nauðsyn á, að væri tekið fram í bænarskránni; það eru hin einstöku dæmi, sem menn vita um þann yfirgang og óskunda, er hinir útlendu fiskimenn hafa haft hèr frammi bæði á sjó og landi. Viðauka-atkvæðið undir 3. tölulið felli eg mig vel við, því það fer í sömu stefnu og nefndarálitið, þó það stigi einu feti lengra. Að því er Vigurmálið snertir, þá hefir mest verið haft á móti því fyrir þá sök, að eigi verði sannað, að Frakkar hafi framið þann óskundann sem kvartað er yfir. Eg held það sè nú gjört vel mikið úr því, hve ómögulegt sè að sanna þetta, því mèr finnst hèr vera komnar æði-miklar sannanir fram, þótt vera kunni, að það sè ekki fullgildar lagasannanir. Þegar eg las kæruskjal prestsins, skildist mèr, að enginn vafi væri á því eptir áliti þeirra þar eystra, að þetta hefði verið Frakkar; það er líka líklegt, að Austfirðingar sèu svo kunnugir þeim, að þeir þekki þeirra skip frá öðrum, en það er einkum aðgætandi, að hèr við land eru mjög fá skip frá öðrum þjóðum, en einmitt Frökkum, nema helzt Hollendingar; en á þeim ber litið, og þeir eru alþekktir að því, að þeir hafa engan óskunda gjört þar sem þeir hafa komið. En þar á móti er það kunnugt, að Frakkar hafa víða gjört óskunda t. a. m. á Hólmum í Reyðarfirði og víðar. Svo er það ein smásönnunin, að þessir frönsku brèfsneplar fundust á eyjunni; hefði þeir verið úr ensku blaði, mundu menn heldur hafa hugsað, að það hefði verið Englendingar. Þess vegna held eg, að menn eptir öllum líkum verði að álíta víst, að þetta hafi Frakkar verið, svo framarlega sem þeir geta ekki sannað, að þeir eigi hafi verið það. Hvað breytingaratkvæðin snertir, þá er eg meðmæltur 1. og 3. tölulið, því það er auðvitað, að það er eigi nóg, að litið sè einungis til skaðans í ár, því hann verður líklega mikið lengur. 2. tölul. þykir mèr óhafandi, og það gengur yfir mig, að þingmaður Austur-Skaptfellinga vill halda honum fram. Hvað 4. tölulið snertir, þá liggur mèr við að halda, að það komi ei að miklu liði, sem þar er farið fram á, því mèr skildist, að konungsfulltrúi hefði átt tal við hinn frakkneska sjóforingja, og að hann hefði komizt að því, að engra bóta væri af honum að vænta. Eg er líka hræddur um, að hann hafi eigi það vald, að

hann geti bætt þetta tjón, eða gefið loforð fyrir stjórnar sinnar hönd um það, að þessi skaði skuli verða bættur síðar.

Jón Guðmundsson: Það er nú von, að fyrst þingið hefir búið stjórninni svo mjúka sæng í þessu máli, já miklu mýkri en 1861, það er þá von, segi eg, að þinginu finnist breytingaratkvæði mitt harðort. En eg held það mætti laga það, svo helztu þyrnarnir hryti burtu. Það má með atkvæðagreiðslunni sleppa þessum orðum »tafarlaust og eindregið»; og þá er líka annað úrræði, það að taka efni og stefnu þessara breytingaratkvæða minna inn í ástæðurnar í álitsskjalinu eða bænarskránni til konungs, án þess, að þau komi fram sem niðurlagsatriði. En eg skil ekki hvers vegna nefndin og þingið nú hefir farið að reiða svona mjúka sæng stjórninni, sem í þessu velferðarmáli voru hefir jafnan verið aðgjörðalítil og hálfvolg eins og í svo mörgum málum vor Íslendinga en þó hvað aðgjörðaminnst í vor er leið, út af bænarskrá þingsins 1861. Hefði skip Frakka hèr við land verið færri í ár en áður og yfirgangur þeirra minni, þá hefði eg vel látið mèr skiljast, þó að þingið sè nú mildara og vægara í kröfum sínum og tillögum en tvisvar áður, þá hefði eg skilið, að þingið hefði láfið í ljósi gleði sína yfir því, að yfirgangur útlendra færi minnkandi, og beiddi stjórnina að annast um, að svo yrði eptirleiðis. En þessu láni er sannarlega ekki að fagna. Hafa nokkru sinni komið til alþingis eindregnari, grundvallaðri eða röksamlegri kvartanir frá öllum pörtum landsins yfir sívaxandi ágangi og gripdeildum Frakka heldur en nú komu til þessa þings? Vill nú þingið eða þykist með nokkru móti mega vefengja þessar almennu og röksamlegu umkvartanir landsmanna, eða efast um að þær sè sannar og stinga þeim svo undir stól? En ef það er allt ómótmælanlega satt, eigum við þá að segja eða getur þingið verið þekkt að því að segja við stjórnina, að við getum beðið lengur, og þolum að málið dragist (*Benidikt Sveinsson:* Hvar er það í nefndarálitinu?) Framsögumaður sagði sjálfur, að málið væri ekki svo undirbúið, að stjórnin gæti nú þegar gengizt fyrir að hafa fram sèrstaka samninga, og framsögumaður hlýtur þó að hafa fullt umboð af hendi nefndarinnar til að skýra frá áliti hennar og meiningu, og þeirri stefnu sem hún hugsar sèr á málinu og árangri þess. En þessi útlistun framsögumanns sýnir og sannar bezt, að málið hlýtur að verða árangurslaust að svo komnu, eins og því er nú stefnt, og að nefndin ætlast ekki til annars. Eg vil nú í annan stað biðja menn að lesa uppástungur þingsins 1861; þá þótti ekk-

ert því til fyrirstöðu, að biðja eindregið um samninga, og að biðja um það þar að auki, að stjórnin sendi næg herskip til að verja oss fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna. Eg ætlast til þess, að þingið muni, þó hinn 5. konungkjörni muni það ekki, — því hann man ekki það, sem hann lagði til eða sagði hèr á þingi daginn fyrir, auk heldur það sem hann lagði til á þingi í hitt eð fyrra —, að þá tók hann óstinnt upp fyrir stjórninni, að hún ekki gæti lagt til 3 »Kúttera», eða smá hleypiskútur til að verja landið; það áleit hann þá næga vöru, og mèr er sama með hverjum skipum stjórnin ver landið og fiskimið vor, hvort það er með herskipum eða »Kútterum,» ef að eins nokkuð það fæst, sem vörn getur heitið og oss sè að borgnara. Það eru í nefndinni núna 3 hinir sömu, sem voru í henni 1861, og eg bið þá að gjöra reikningskap fyrir þinginu og þjóð vorri, hvers vegna þeir nú hafa hörfað svona hraparlega aptur á bak í tillögum sínum og uppástungum í þessu máli. Eg vil spyrja, hvort þeir geti borið það fyrir með rökum, að nú sè minna í húfi, heldur en var 1861? Þetta finnst mèr skylt að taka fram og minna þingið á, eða hvort nú sè tilefni til að hörfa aptur á bak. Eg fer ekki beinlínis fram á samninga í breytingaratkvæði mínu, en hafi 1861 verið fullt tilefni og nægar ástæður til að biðja um samninga, og það skilyrðalaust, er þá ekki enn fyllra tilefni og fyllri ástæða til þess nú 1863 að biðja um eindregnar tilraunir til samninga. Eg vil nú spyrja: þegar þetta, sem nefndin stingur upp á, kemur fyrir stjórnina, sem á í beyglum í þessu máli, eins og allir vita, og sem vissulega er jafnan heldur undandráttarsöm með málefni vor, hvort þetta þá ekki er sama sem að segja, okkur liggur ekkert á, við getum beðið; það er gott ef stjórnin vill gjöra svo vel að hafa okkur svona í huganum með þetta? Eg er sem sagt, ekki harður á því, að þetta mitt breytingaratkvæði komi fram sem niðurlagsatriði í bænarskrá til konungs, heldur að eins að það sjálft eða aðalkjarni þess sè tekinn upp í álitsskjalið til konungs (*Framsögumaður:* þetta er í nefndarálitinu). Ekki nærri fyllilega, en það mætti skerpa það. Það er annað mál ef mönnum þykir stjórnin laus allra mála að verja okkur, en vilja segja, að Frakkar megi gjöra við okkur hvað þeim gott þykir, ræna, stela og gjöra allt illt. Ef þetta er kurteisi, já hvað á þá að segja? Mèr þykir ekki tilefni til slíkrar kurteisi, en vil biðja um vörn eigna vorra og rèttinda, því til þess er fullt tilefni og fyllsta nauðsyn.

Það hefir mikið verið talað um 4. tölulið eða breytingaratkvæði

mitt í Vigurmálinu. Og væri eg nákomnari prestinum en eg er, þá væri eg orðinn vonardaufur. Eg vona að það rætist betur úr stiptamtmanninum, heldur en hvað hinn háttvirti konungsfulltrúi gefur í skyn um hann. Hvað snertir sannanir þær, sem konungsfulltrúi segir að þurfi að útvega, þá veit eg nú ekki hve mikla uppreistarvon presturinn fær eptir þeim. Það á kannske að senda sýslumann austur á kostnað jafnaðarsjóðsins; og hverjar sannanir getur hann svo fengið þegar þangað kemur? Það hefir verið sagt, að franska herskipið það minna, er fór hèðan fyrir fáum dögum, hafi átt að fara austur til að rannsaka málið; en eg get gefið dálitla upplýsingu út af því. Eg beiddi um daginn mann, sem talar frönsku, að spyrja fyrir mig yfirmanninn, hvort hann gæti tekið brèf o. s. frv. til austurlands. En hann svaraði, eg kem líklega inn á enga höfn, og eg vil ekki leggja til, að send sè með mèr nein brèf, því að likindum yrði eg að fleygja þeim í sjóinn, af því eg á ekki í vændum að koma neinstaðar við land. Er nú von um, að þessi yfirmaður rannsaki Vigurmálið? Það er ekki vert að byggja mikið á þeirri von. Hvað hitt snertir, að stiptamtmaður tali við frakkneska sjóforingjann um málið, þá er það ekki mín meining, að af honum sè »heimtaðar« neinar skaðabætur, heldur að eins, að stiptamtmaður spyrji hann eða leiti á hann um, að hve miklu leyti hann áliti ástæðu fyrir sig til að gjöra nokkuð við málið, það hafi reyndar ekki fengizt og geti vart fengizt fyllilega nægar upplýsingar, eða lagasannanir fyrir því, að Frakkar hafi ræntt, en líkurnar sèu sterkar, og varla öðrum til að dreifa. Eg skil ekki, að Chefinn tæki það neitt óstinnt upp fyrir stiptamtmanni; enda er sá stiptamtmaðnr sem nú er, alkunnur að því, að geta komið vel fyrir orðum sínum, hvort heldur munnlega eða skriflega. Þá hygg eg og að þá væri hægra fyrir stjórnina að fást við málið á eptir. En ef þingið álítur að uppástunga mín skaði málið, þá held eg henni ekki fast fram.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði varaforseti má ekki furða sig á því, þó nefndin hafi tekið öðruvísi í málið nú en 1861, því málið er síðan komið á annað stadium, eða á annað stig, að því leyti þingið nú hefir fengið vitneskju um það frá stjórninni, hvernig hún skoðar þetta mál, og hvað hún álítur sè farandi, og ekki farandi fram á fyrir Íslands hönd, gagnvart útlendum fiskimönnum. Stjórnin er nú búin að lýsa því beinlínis yfir, að fiskhelgin sè að eins 1 míla út frá landi í mesta lagi, frá yztu nesjum eða hólma, sem ekki falli sjór yfir, en að hafið þar fyrir utan sè öllum frjálst, og

það tjái ekki að draga fiskhelgislínuna utar. Stjórnin hefi líka lýst því yfir, að það væri efi á því, hvort útlendum yrði meinað að fara inn á Faxaflóa og Breiðafjörð; þetta vissi ekki þingið 1861, nú veit það það; það var því öll ástæða að taka þetta til greina, eins og nefndin hefir gjört, og að fara með allri varúð og stillingu í málið, og það ætla eg líka eigi vel við, í öðru eins máli og þessu.

Benidikt Sveinsson: Það hefir mikið verið talað um þá mjúku sæng, sem þingið hafi búið stjórninni, en eg held, að töluliður 2. ætli nú að verða flatsæng sú, er búin sè þinginu í nótt; já þá kemur sèr nú eigi svo illa að tölul. 2 er nokkuð stór, því bæði erum vèr margir og ekki allir svo litlir. Það voru nokkuð þung orð, sem varaforseti valdi nefndinni, þar sem hann sagði, að hún mundi hafa mikinn ábyrgðarhluta fyrir gjörðir sínar. Í þessum orðum liggur, að nefndin hafi spillt málinu; en ef þetta er nú öfugt, þá eru orðin reyndar þung, en ábyrgðin af þeim fellur á varaforseta en eigi á nefndina. Hafi nú varaforseti álitið, að nefndin hafi spillt málinu, þá hefir hann víst ætlað að bæta úr því með breytingaratkvæði sínu undir tölul. 2 á atkvæðaskránni. En hver er þá bótin? Hver er breytingin? Það er ekki hótið meira sagt með tölul. 2 en með uppástungu nefndarinnar, því í endanum á allri þessari halaróu af romsum og stóryrðisfjölmælgi kemur þetta blessað »*ef mögulegt er*«, sem er einmitt það orð, sem eyðir öllum mergnum hjá varaforseta og gjörir allt saman hreint þýðingarlaust. Varaforseti ætlast víst ekki til, að þingið biðji konung um það sem honum er ómögulegt, en hefði hann sagt, hvort sem það er mögulegt eður ómögulegt þá hefði eg fyrst skilið, að í stóryrðum hans lægi meira en í orðum nefndarinnar. Nú er konungsfulltrúi búinn að skýra fyrir þinginu, að stjórninni sè *ómögulegt* að gjöra það, sem varaforseti vill, og þess vegna er það að fallast á uppástungu varaforsetans sama sem að segja við stjórnina: Gjörðu það sem við viljum hvort þú getur það eða ekki. Ef þetta er ekki meining varaforseta, þá er uppástunga hans sama sem nefndarinnar, nema varaforseti vilji brúka sín ókurteisu orð, en nefndin sín; en slíkur orðamunur gjörir víst lítið til. Vèr vegum víst ekki Frakka með orðunum einum (*Varaforseti:* Jú! það vildi þingmaðurinn gjöra 1861). Nei það er ranghermi. Þá vildi eg að vísu ekki biðja um samninga, og eg vil það heldur ekki *enn,* sízt þegar stjórnin segi, að hún *geti* ekki gjört samninga við aðrar þjóðir um fiskiveiðarnar hèr við land. Sú stefna, sem nefndin hefir valið, gengur út á að skoða málið frá

sjónarmiði Íslendinga og að fara fram á það, að hinar útlendu þjóðir vilji sökum kringumstæðna vorra viðurkenna, að undantekning sè gjörð hvað oss snertir frá hinum almenna þjóðarrètti. Eg sè því ekki, að neitt sè takandi til greina úr breytingaratkvæði varaforseta, annað en þetta, að tillögum nefndarinnar verði »*strax*« fullnægt, en ef þetta ætti að taka til greina öðruvísi en í ástæðunum fyrir bænarskránni til konungs, þá er eg því með öllu mótfallinn. Eg get nú ekki sèð, hverjar ástæður varaforseti hafði til að velja nefndinni þau ámæli sem hann gjörði svo út í loptið. Hvað 5. tölul. snertir, þá hefði eg fallizt á hann 1861, en get það ekki nú, því stjórnin er búin að sýna, að henni er það ómögulegt, sem hèr ræðir um, því þá fellur sannarlega ástæðan fyrir tölul. 5. burtu. Eg hefi nú fyrir mitt leyti ekkert gaman af því, að sjá danska hermenn, eins og þeir hafa gjört í sumar, ganga hèrna um göturnar og gleipa sólskinið í tvo mánuði, í stað þess að verja landið fyrir ágangi og ofríki Frakka. Þetta er nú víst engan veginn af neinu viljaleysi fyrir danska sjóforingjanum, að hann ekki gjörir meira að verkum en þetta stórræði, heldur af því, að hann sèr, að hann megnar ekkert móti svo voldugri þjóð, sem Frakkar eru. Það er ekki til neins að biðja um vernd, sem ekki kemur að neinum notum, og verður því tölul. 5 þýðingarlaus. Þá skal eg leyfa mèr að minnast litið eitt á Vigur-ránsmálið. Mèr finnst viðauka-atkvæðið undir tölul. 1 vera gott í alla staði. En breytingaratkvæðið undir 2. tölulið get eg ekki fallizt á, af því eg held að það sè ekki sannað, að skaðinn ekki sè meiri en 200 rd., og svo held eg ekki, að þingmaður Austur-Skaptafellssýslu hafi fengið neina fullmagt til að ákveða upphæðina. 3. tölulið fellst eg á en ekki á 4. tölulið. Menn vita engin atvik og ekkert nema að komin er klögun, og brèflapparnir geta ekki sannað neitt; það er hættulegt að ásaka Frakka en afsaka aðra, sem líka geta verið sekir. Það *getur* jafnvel verið, að eitthvert kaupskip hafi framið ránið, þó það sè ólíklegra. Það er óvarlegt að fara aðgæzlulaust í málið og dæma eptir líkum einum; vèr höfum heldur ekki neinn Jury-dómstól í þessu máli. Ef stiptamtmaður á að fara og tala um þetta við frakkneska sjóforingjann, þá ætti hann líka að hlaupa í alla sjóforingja sem hèr koma. Ísjárvert virðist mèr og að fara til stiptamtmanns með málið; eg hygg það heyri beinlínis undir stjórnina; hèr ræðir um danskan þegn, sem hefir orðið fyrir tjóni og órètti, og vil eg einasta skýrskota til þess er eg og áður hefi sagt um þetta atriði málsins.

Eg skal svo ekki fara út í málið lengra, en vona að þingið hugsi sig um, hver veguriun muni rèttastur, og eg held að þingræðurnar um málið fyllilega geti leiðbeint því við atkvæðagreiðsluna.

Björn Pèturssson: Eg skal ekki tefja tímann og ekkert minnast á fiskiveiðamálið; það er nóg búið að ræða það, nema einungis geta þess, að eg er í alla staði samþykkur nefndinni, og get með mestu ánægju skrifað undir allt það lof, sem hún hefir fengið, og líka fellst eg á breytingaratkvæðið undir tölul. 3. En um ránið í Vigur vil eg fara fáeinum orðum. Það hefir bæði í gær og í dag verið kvartað mjög yfir því, að það vánti upplýsingar í þessu máli; en eg er hræddur um, að það sè ómögulegt að fá aðrar upplýsingar en þegar eru framkomnar frá prestinum að Stafafelli. Mèr er kunnugt, að ránið var framið rètt eins og hann hefir fráskýrt, því á ferð minni hingað talaði eg einmitt við þá sömu menn, sem fóru út í Vigur til að grennslast um það; það voru heiðvirðir bændur í Lóni, og þeir sögðu hið sama, sem presturinn hafði áður sagt mèr, og stendur í bænarskrá hans til aiþingis. Hvaða upplýsingar eru það þá sem vanta? Líklega um það, hvaða skip eða skipverjar hafi framið ránið, og hverrar þjóðar þeir hafi verið. En ef á að upplýsa hvert skipið var, sem framdi ránið, þá er það ekki auðið sýslumanni Skaptfellinga, þó hann færi austur, að komast eptir því, nè heldur getur herskipið sem austur fór komizt eptir því, og ekki öðru, en að rænt hafi verið. Ef nokkur getur komizt eptir því, þá eru það Frakkar sjálfir, þegar heim kemur; því þá má taka próf yfir öllum skipstjórum, sem hafa verið á fiskiveiðum hèr við land í sumar, og þannig komast eptir því, hver rænt hefir, því margir þeirra hljóta að vita það. Fyrir því, að ránið sè framið af Frökkum eru mestu líkur, því einmitt þá sömu dagana sem rænt var lá mikill fjöldi skipa þeirra rètt fyrir utan Vigur, og menn sáu, að bátur fór í land frá þeim. Frakkar eru auk þessa orðnir svo alkunnugir að ránum eystra, að það má með sanni segja, að þeir hafi verið manna vísastir til að fremja þetta rán eins og önnur. 2. tölulið get eg ekki fallizt á, því eg held eins og fleiri, að það verði til að spilla fyrir málinu að tiltaka nokkra upphæð, af því við getum ekki vitað, hvað skaðinn er eða verður mikill. Eg get vel ímyndað mèr hann verði meiri, en þessum skaðabótum nemur, sem hèr er farið fram á. Presturinn sagði við mig, að ómögulegt væri sèr að tiltaka skaðabæturnar að svo komnu, því hann gæti ekki vitað hversu miklar afleiðingar yrðu af ráninu, fyrr en, ef til vill, að nokkrum

árum liðnum, þegar varpið væri búið að ná sèr aptur. Þetta væri það einasta atriði sem sýslumaðurinn gæti upplýst. 1. og 3. tölulið fellst eg á, og er auðsèð, að það hefir verið meining nefndarinnar, það sem þar er tekið fram. 4. tölulið get eg með engu móti fallizt á. Eg kann ekki við þá aðferð, að þingið vísi málinu gegnum forseta til stiptamtsins, og stiptamtmaðurinn svo bæri það undir þenna frakkneska sjóforingja sem hèr er. Það er líka bersýnilegt, að hann ekki muni bæta skaðann meðan ekki er fyllilega sannað, að Frakkar hafi framið ránið. Hitt er annað mál, að það væri æskilegt, ef stiptamtmaðurinn af sjálfsdáðum gæti fengið sjóliðsforingjann til að ganga í málið, er til Frakklands kæmi, og styðja að því að svo miklu leyti hann gæti, að presturinn og brauðið fengi fullkomnar skaðabætur.

Benidikt Þórðarson: Það er hreinn og beinn misskilningur þeirra þingmanna, er mæla móti breytingaratkvæði mínu undir tölul. 3., að það spilli uppástungu nefndarinnar, því það bætir hana, og er öldungis í hennar anda; orðið fiskhelgi nær of skammt eptir ætlun nefndarinnar, en atkvæðið bætir úr því, eins og líka framsögumaðurinn og einn meðnefndarmaður hans báðir játuðu, og eg hefi ástæðu til að ætla, að hinir nefndarmennirnir sèu þeim samþykkir, því ekki hafa þeir mælt móti því; hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði það kæmi í bága við einnar mílu fjarlægðina. Þetta er satt; en það á og það þarf að gjöra það, eigi undantekningar að verða gjörðar frá hinum almenna þjóðarrètti, eins og nefndin bendir til; hann talaði um, að Faxaflói og jafnvel Breiðifjörður kynnu að fást friðaðir fyrir útlendum fiskiskipum, og þótti honum þá mikið unnið. Já, það væri mikið hjá engu, en fleiri þurfa þó að lifa en þeir sem búa við flóa þessa. Menn mega ekki gleyma Vestfirðingum, er flestir eiga að miklu leyti líf sitt undir sjáfaraflanum; þar þurfa öll fiskimið frá Bjargtöngum að Hornbjargi að friðast, spursmálslaust öll hin grynnri fiskimiðin, allir firðir og víkur og allt Ísafjarðardjúp. Bænarskráin frá Barðastrandarsýslu til þingsins núna bar þess ljósast vitni, hvílíkt tjón, að yfirgangur Frakka gjörir þar, og það á grynnstu miðum. Það er þó hörmulegt, að Frakkar ár af ári spilla fiskigöngum kringum Vestfirði og á það ofan þyrpast á fiskimið landsmanna og láta þá ekki einu sinni óhulta með veiðarfæri sín og jafnvel ekki með líf sitt, að þeir ríði þá ekki í kaf, á þessu þyrfti þó bót að ráðast og það umhverfis landið; þetta sjá allir. Breytingaratkvæðið undir tölulið 2. lítur og að þessu; Meining þess er rètt og góð, en

það þykir heldur frekyrt; þetta getur vel verið að sè, því það er enn, að vèr megum ekki mæla í mitt hóf við stjórnina, hún þolir oss það ekki; mèr skildist á höfundi atkvæðisins, að hann mundi sættast á, að í álitsskjalið til konungs yrði tekinn allur kjarninn úr greininni og ætla eg það vel fallið og vona það verði gjört. Um hitt annað á atkvæðaskrá þessari ætla eg ekki að ræða, en gef því öllu atkvæði mitt er mèr þykir þess vert.

Þá er nú hin önnur atkvæðaskráin um ránið í Vigur; það er þó vandræðamál og ekki ástæðulaust að sannanir skorta; þótt að því sýnist vísu að ganga að Frakkar sèu ránsmennirnir, þá eiga landsmenn undir högg að sækja að staðhæfa á það; en eg held Frakka stjórn sjálf geti bezt komizt eptir því, ef hún vildi rannsaka það mál. Mun það ekki svo, að skipstjórar haldi dagbók og riti á, hvar þeir daglega eru staddir? Væri það, geta þau skipin þó fundizt, sem voru kringum Vigur þá daga er ránið fór fram, og bátur sást fara í eyna; en hverjir þeir dagar voru geta landsmenn hèr vottað. Ekki sýnist mèr annar vegur fyrir mál þetta en að þingið vísi því gegnum forseta sinn til stiptsyfirvaldanna. Þeirra skylda er að mæla með því hið bezta við stjórnina, og eg efa ekki, að stjórnin finni sèr skylt að bæta prestinum fullum bótum af sínu, hvort hún fær nokkra bót frá Frökkum eða enga. Við þurfum ekki að efa góðvilja stjórnarinnar, en hitt er annað mál að hún á í vök að verjast þar sem Frakkar eiga hlut að máli, og það svo, að hún ekki getur varið oss ágangi þeirra þó hún vilji vel; annars væri hún fyrir löngu búin að rètta hluta vorn.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir verið sagt, að nefndin hafi orðið fyrir hörðum dómi, en eg verð þá að segja, að breytingaratkvæði hins hæstvirta varaforseta eigi hafi orðið fyrir neinum vægari dómi, og hefði nokkur mælt þeim bót, þá hefði eg ekki staðið upp; en fyrst enginn hefir gjört það liggur mèr við að taka hinn háttvirta forseta að mèr núna einu sinni. Það er eigi, að minni hyggju, svo lítið varið í þessi breytingaratkvæði; þau hafa það fyrst sèr til ágætis, að þau eru löng!? Því svo er, sem máltækið segir, »hverju beini hlýtur að fylgja nokkuð», og eg segi fyrir mitt leyti, hvað sem öðrum líður, eg finn þó talsvert *púður* í þeim; en hvort af því púðri verður *hvellur!!* veit eg ekki! Mèr finnst nefndin hafi fylgt hinni fornu reglu: »Hælumst minnst í máli«, og að vega eigi menn með orðum einum. Þetta mun hafa verið góð regla; en tímarnir breytast og mennirnir á þeim líka; mèr er nær að halda það eigi

öllu betur við, nú á þessum upplýstu tímum, »þegar sú meiri upplýsing uppljómar fólk,» að berja í borðið og láta í ljósi í »eindregnum» orðum það sem vèr viljum að »tafarlaust» komi fram í verkinu! Það er og engin furða, þótt menn í þessu fiskiveiðamáli verði enda hrifnir af skáldlegri andagipt, eður hvað er eðlilegra en að menn hafi að orðtæki þessi orð úr sjómannavísum vorum »gjálfrar í mari sogar sund». Þessi sjómannavísa er vel kveðin, sem allir vita, og breytingaratkvæðin gefa henni eigi stórt eptir, svo skáldleg eru þau; eg get því eigi fengið af mèr annað en að styrkja breytingaratkvæðin. Eg hlýt að fallast alveg á þessi orð »*eindregið og tafarlaust*» »eindregnar og viðstöðulausar tilraunir». Það er nú verst að það er eigi mergur í orðunum þeim arna!? Mèr finnast þetta vera sannarlega eindregin orð, og svo geta breytingaratkvæðin gefið stjórninni þann mikla sögufróðleik, að Íslendingar »eindregið og tafarlaust sæki daglega á hin ytri og innri fiskimið, og hafi *jafnan* sótt síðan land þetta byggðist til fiskiveiða á opnum bátum». Þó er það bara eitt orð, sem eg ekki get fellt mig við, það er orðið »*ef mögulegt væri*», og *ef mögulegt væri* vildi eg breyta þeim í *þó ómögulegt væri*:» Það tjáir eigi annað eptir öllu hinu en segja við stjórnina, þú skalt gjöra það, hvort sem þú getur eða ekki, því hvað sem tautar skaltu eindregið og tafarlaust gjöra vilja hins hæstvirta varaforseta.

Þar næst verð eg að víkja mèr að breytingaratkvæðinu tölul. 4. í málinu um ránið í Vigur. Mèr finnst nú sjálfsagt, »að stiptamtmaður leggi málið með *öllum* þeim *atvikum, skýrslum* og *upplýsingum*» það er að segja með *öllum* þeim *brèfsneplum*, að engum undanskildum, sem í eyjunni fundust, fram fyrir frakkneska foringjann; en eg vildi þó bæta því við, að málið væri lagt fyrir hann *á íslenzku*, því það væri þó *að misbjóða rètti íslenzkrar tungu*, að leggja það fram á frakknesku!!? Meir hefi eg nú ekki að athuga, en skal taka það fram, að eg mun eindregið og tafarlaust standa upp fyrir breytingaratkvæðum varaforsetans!!!

Framsögumaður: Það er nú orðið nokkuð örðugt fyrir mig að tala, þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir tekizt á hendur að verja breytingaratkvæði það, sem eg helzt á í baráttu við, á svo merkilegan hátt, en þó neyðist eg enn til að svara hinum háttvirta varaforseta einhverju. Áður en eg byrja á þessu verð eg þó að skila því frá hinum háttvirta meðnefndarmanni mínum, hinum 5. konungkjörna, að það hafi allt verið vitlaust, sem

varaforseti síðast hafi sagt um hann, því hann hafi að eins viljað hafa þrjár herskútur hèr við land meðan nokkur von hafi verið um, að Íslendingar sjálfir ættu mestmegnis að skipa þær, en móti þessu hafi enginn verið verri þá enn varaforseti sjálfur, og þess utan hafi hann á þinginu 1861 einmitt sýnt fram á, að það væri tóm heimska að heimta næg herskip til landvarnar hèr, allra helzt þegar stjórnin sæi, að Íslendingar vildu sjálfir ekkert til leggja. En hvað mèr sjálfum viðvíkur, þá verð eg að segja hinum háttvirta varaforseta það, að eg held hann hafi herfilega misskilið nefndarálitið, ef honum finnst það svo vægt við stjórnina, því eg held hitt sè miklu sannara, að þar sèu alls engar dulur dregnar á, hvað stjórnin eigi að gjöra og hvað hún hingað til hafi látið ógjört. Það hefir verið talað hèr um mjúka sæng, sem nefndin hafi reitt stjórninni, en eg held hitt sannara, að stjórnin sjálf muni bezt finna hversu mjúk þessi sæng er, og að vèr höfum alls eigi viljað búa henni neinn blómbeð, þó vèr höfum heldur eigi viljað leggja hana á eintóma odda til einskis gagns, eins og hinn háttvirti varaforseti. Uppástungur nefndarinnar eru eigi svo sem sagt var um hina egipzku goða mynd í Sais, að enginn hefði nokkurn tíma lypt blæju hennar, og eg efast eigi um, að stjórnin muni vel geta fundið, hvað bak við liggur, þó hinn háttvirti varaforseti vilji eigi eða geti eigi skilið það, en það er það, að samningurinn er allt af aðalaugnamiðið, hvort sem menn svo vilja byrja á að gjöra bann fullkomlega fyrr eða seinna. Hèr er því ekkert hopað á hæl frá því í hitt eð fyrra, þó aðferðin verði nú að vera nokkur önnur, þar sem stjórnin hefir einnig sent nýjar upplýsingar; þegar stjórnin lætur finna nokkurn bilbug á sèr, þá slökum vèr og til, og biðjum eigi strax um allt, en að eins það sem útsjón er til að geta fengið, og það held eg alveg rètta aðferð, þó hinn háttvirti varaforseti geti svo eigi skilið neitt í henni. Hinn háttvirti þingmaður Dalasýslu hefði því eigi heldur þurft að gjöra gis að uppástungum nefndarinnar og líkja þeim við deigt járn, sem stálið kæmi fyrst í bakkanum á; því fyrst og fremst er þessi samlíking órètt, því þingið er eigi ljár, sem á að skera, heldur að eins brýni, sem á að hvetja stjórnina; og þó nú svo væri, að menn færu eigi svo hart í fyrstu, þá hefir mèr æfinlega litizt svo á hann, að hann mundi skilja manna bezt hvað í því liggur að harðna heldur við hverja þraut, heldur en að byrja mikið og digna svo. Eg hefi áður tekið það fram, hvers vegna eg get vel verið með breytingaratkvæðinu undir tölulið 3, en áður en

eg hætti þessari framsögu verð eg þó enn að geta eins, sem eg álít að málinu öllu megi helzt verða til gagns, þó það sè svo eigi hèr á þingi. Það er ekkert efunarmál, að yfirgangur Frakka vex árlega á miðum vorum, og eg hefi aldrei haft og gjöri mèr eigi heldur enn miklar vonir um þá vörn á móti þessu, sem við sè að að búast frá stjórninni að svo stöddu, og eg tel það því nefndarálitinu heldur til gildis en hitt, að þar er reynt að leiða landsmönnum þetta ljóslega fyrir sjónir, því þá ætti að leiða af því, að þeir kynnu að fara að reyna eitthvert annað meðal, en að vera ár eptir ár að biðja alþingi að fá stjórnina til einskis að verja þar sem hún alls ekki getur varið að neinu gagni. Samningur er að mínu áliti hið einasta úrræði, hve nær sem hann fæst; en til þess eitthvað sè gjört í þá stefnu þarf meira en að alþingi við og við minni stjórnina á þetta. Þess þarf með, að hún fullkomlega finni til, að hèr þurfi verulega að gjöra eitthvað, en það verður þá fyrst, ef landsmenn snúa sèr hvað eptir annað beinlínis til konungs vors úr öllum hèruðum landsins og kvarta þráfaldlega yfir þeim órètti, sem þeim er gjör í þessu. Ef slíkar umkvartanir kæmu hver á eptir annari í nokkurn tíma og alstaðar að af landinu, þá fyrst hef eg von um að stjórnin færi að hugsa um að gjöra nokkuð verulegt; og þetta vil eg því ráða löndum mínum að taka til bragðs nú fyrst um sinn. En að öðru leyti álít eg að þingið gjöri nú fullkomlega skyldu sína, ef það fer í þá stefnu, sem nefndin i þetta sinn hefir ráðið til.

Ásgeir Einarsson: Eg stend ekki upp til þess að svara ræðu varaforseta, það er búið að svara henni og breytingaratkvæðum hans, og mèr finnst engin frægð að hoppa á dauðu ljóni. Eg vildi einungis þakka þingmanni Borgfirðinga fyrir það, hve alvarlega hann talaði í þessu lífsspursmáli þjóðarinnar, líkt og hann um daginn talaði, þegar um hið andlega líf þjóðarinnar var að tefla.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil einungis út af breytingaratkvæðinu undir 3. tölulið taka það fram, að eg kann ekki við, að það sè tekið inn í niðurlagsatriðið. Það er talað um, að takmarka fiskhelgina við línu í tiltekinni fjarlægð frá landi, þannig að það, sem er fyrir innan línu þessa, sè friðhelgt, en á því svæði, sem er fyrir utan línu þessa, verður hver að hafa leyfi til að fiska sem vill; mèr finnst það ekki viðkunnanlegt, að taka svona mið til úti í hafi margar mílur undan landi, sem aðrir megi eigi fiska á. Þar að auki, ef menn taka fiskhelgi um það takmark, sem Frakkar eða

aðrar þjóðir megi eigi yfirstíga, þá held eg að býsna-mörg fiskimið verði utan línu; eg þekki að minnsta kosti til þess á vesturlandi, að menn róa þar 12—18 mílur út í haf. Þetta breytingaratkvæði bætir því ekkert, en veldur ruglingi. Breytingaratkvæðin við nefndarálitið í ránsmálinu bæta heldur ekki neitt að mínu áliti, því það er auðvitað, að þegar presturinn fær skaðabæturnar, þá felast þar líka í bætur fyrir þann skaða, sem hann líður af ráninu framvegis.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari álýktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá fyrst gengið til atkvæða um aðalmálið, og fèllu þau þannig:

1. Nefndin, 1. niðurlagsatriði, samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingaratkvæði Jóns Guðmundssonar við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölulið 4), tekið aptur sem niðurlagsatriði.
3. Breytingar- og viðauka-atkvæði Benidikts Þórðarsonar við sama tölulið, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.
4. Nefndin, 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 21 atkvæðum.
5. Viðauka-atkvæði Jóns Guðmundsssonar við 4. tölulið, fellt með 10 atkvæðum gegn 7.
6. Nefndin, 3. niðurlagsatriði, samþykkt með 19 atkv. gegn 1.
7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 21 atkvæði gegn 1.

Síðan var gengið til atkvæða um ránsmálið á eyjunni Vigur, og fèllu þau þannig:

1. Breytingar- og viðauka-atkvæði Jóns Pèturssonar við uppástungu nefndarinnar (5. tölulið), samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
2. Breytingaratkvæði St. Eiríkssoar við sama tölulið, fyrri hlutinn tekinn aptur; seinni hlutinn samþykktur með 19 atkv.
3. Breytingar- og viðauka-atkvæði Br. Jónssonar við sama tölul., samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
4. tölul. tekinn aptur.
5. Nefndin, niðurlagsatriði, samþykkt með áorðnum breytingum, með 21 atkvæði.

Því næst var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um löggildingu kaupstaðar við Lambhússund.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 301.

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og skal eg svo ákveða fund til þess á mánudaginn á hádegi.

Fundi slitið.

Tuttugasti og níundi fundur — 10. ágúst.

Allir á fundi nema varaforseti, sem hafði tilkynnt forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, verð eg enn að leyfa mèr að skora á formanninn í fjárkláðanefndinni, að hann láti nefndarálitið í því máli koma til mín í dag, því það er nauðsynlegt svo framarlega sem það á að geta komizt að og þingið ekki á að komast í þau vandræði, sem það hvorki getur forsvarað fyrir stjórninni nè þjóðinni.

Benidikt Sveinsson: Til þess að taka ómakið af formanninum, skal eg geta þess, að eg einmitt í þessu augnabliki hefi meðtekið nefndarálitið, svo það mun geta orðið afgreitt í dag, og skal eg eptir fund tala við forseta um það.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu málið sem stendur undir nr. 2 á dagskránni um eptirlaun handa ekkjufrú E. Thorstensen. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga. Málið afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 309.

Framsögumaður (*Gísli Brynjúlfsson*): Eg vona þetta mál sè þess eðlis, að ei þurfi að verða langar umræður um það, og skal eg því ei heldur orðlengja um það eða bæta nokkru að svo stöddu við það, sem sagt hefir verið í nefndarálitinu, er eg nú las upp. Þó verð eg að eins að geta þess, að orðin »að minnsta kosti« standa á röngum stað í niðurlagsatriðinu, og vil eg því áskilja mèr að mega setja þau inn á rèttum stað fyrir aptan »200 rd. árlega«. En að öðru leyti þætti mèr vænt, ef eg mætti þakka þingmönnum fyrir, að þeir svo að segja vildi gjalda þegjandi samþykki við uppástungu nefndarinnar.

Ásgeir Einarsson: Eg sè að enginn ætlar að tala, svo að allir eru líklega samþykkir um málið. En eg verð að vera samkvæmur því, sem eg lèt í ljósi um daginn, að eg áleit að rèttasti vegur um málið væri að vísa því gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna með meðmælum þingsins, og að stiptsyfirvöldin sendu það síðan til stjórnarinnar. Hitt held eg væri ekki sem kurteisast af þinginu að senda um það bænarskrá beinlínis til stjórnarinnar, og

að þingið eins og með því lýsti vantrausti á stiptsyfirvöldunum og þeim meðmælum, sem þau þegar hafa gefið til stjórnarinnar um málið? Að öðru leyti skal eg ekki um málið tala, það eru aðrir því kunnugri en eg.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að vera þessu samþykkur sem hinn heiðraði þingmaður nú sagði. Mèr finnst það undarlegt af þinginu að taka svo einstaklegt mál fyrir og senda um það bænarskrá til stjórnarinnar, og það því fremur sem menn vita, að beiðandi hefir þegar sent bænarskrá gegnum stiptsyfirvöldin til stjórnarinnar, sem enn ekki getur verið komið svar upp á aptur. Ef þingmaður Strandasýslu ekki gjörir breytingaratkvæði um þetta, þá áskil eg mèr rètt til þess.

Framsögumaður: Eg verð að minna hina heiðruðu mótmælendur á, að það er misskilningur einn, að álíta það vantraust á stiptamtmanni, þó menn ráði þinginu nú til þess, að mæla nú beinlínis við stjórnina fram með þessu máli, því stiptamtmaður er einmitt búinn að senda það frá sèr áður með meðmælum sínum. Það væri því alveg gagnslaust að vísa beiðanda nú alveg hinn sama veg að eins, sem áður er búið að fara, og spursmálið er hèr því að eins, hvort þingið vilji mæla með bænarskránni á þann hátt, sem dugi eður ei, og það tók eg líka fram við inngangsumræðuna, að það var ei hægt að leita til alþingis um slík meðmæli fyrr en einmitt nú. Það er auðvitað, að mál þetta getur aldrei orðið alveg útkljáð fyrr en í haust, því það þarf að leggja það fyrir ríkisþingið, og þar er einmitt líklegt, að meðmæli alþingis hafi mesta þýðingu; en þessa bið eg þá menn því vel að gæta, sem segjast vilja styrkja málið, þó þeir kjósi aðra aðferð, og segi eg þetta einkum til hins háttvirta þingmanns fyrir Strandasýslu, því þingmann Reykvíkinga hef eg minni von um að fá til að viðurkenna það, þó mèr vist þætti gott, ef það einnig gæti orðið.

Páll Melsteð: Mèr virðist sjálfsagt að fara þann veg, sem framsögumaður heldur fram, því þó menn fari að vísa málinu til forseta og þaðan til stiptsyfirvaldanna, þá geta þau ekki gjört annað eða meira við málið, en þau hafa gjört, og ef þingið fer þenna stiptsyfirvalda veg, þá sýnist mèr það vera það sama sem þingið segi, að sèr standi hèr um bil á sama, hvort ekkja þessi lifi eða deyi. Mèr virðist þingið alstaðar geta verið vel þekkt að því, að senda um þetta bænarskrá til stjórnarinnar. En hitt er hèr um bil það sama, sem að eyða málinu.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Rangvellinga er sökum lasleika genginn af fundi.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist það ekki vera neinn formgalli, að senda um þetta bænarskrá til stjórnarinnar, því þó við ekki höfum vald til að veita þenna styrk, þá höfum við þó vald til að gjöra hvað við getum með meðmælum okkar til þess, að hann fáist. Ef þingið hefði vald til að veita hann, þá þekki eg það að því, að vera svo góðviljað, að það mundi finna sæmandi að veita hann; en úr því það nú ekki hefir þetta vald, þá vona eg, að það glöri það litla, sem í þess valdi stendur, en vísi því ekki frá, því það kalla eg það, sem þingmaður Reykvíkinga og Strandasýslu fara fram á. Þess konar mál koma líka opt fram á ríkisþingi Dana, og eg get minnzt á eitt dæmi. Þar kom bænarskrá um eptirlaun handa ekkju Örsteds, og það varð meiningamunur um hana á þinginu, ekki af því, að það vildi ekki veita styrkinn, heldur af því, að mönnum kom ekki saman um upphæðina; sumum þótti vera beðið um of lítið, sumum um of mikið. Og þess konar dæmum hafa menn nóg af, svo þingmaður Reykvíkinga hefir lýst miklum ókunnugleika á því, hvernig til gengur annarstaðar. Það liti því illa út, ef þingið að eins sendi málið til stiptsyfirvaldanna, þó eg beri fullkomið traust til þeirra, að þau gjöri sitt hið bezta, en það liti svo út, eins og þingið ekki vildi stuðla til, að þessi ekkja eptir einn af landsins merkustu mönnum fengi þenna styrk. Eg vona því, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga falli frá breytingaratkvæði sínu. Eg álít líka ekkert náttúrlegra, en að ef ekkert kæmi frá þinginu um þetta nú, þá mundi stjórnin leita um það álits næsta alþingis.

Konungsfulltrúi: Af því þetta mál er áður komið frá stiptamtmanni til stjórnarinnar, þá vil eg ekki halda því fram, að þingið nú sendi honum það að nýju, til þess að hann sendi það aptur til stjórnarinnar, þó þessi meðferð gæti átt við, með því líka mèr virðist, að sumir þingmenn hafi minna traust á þessari meðferð á málinu og álíti, að það muni hafa meiri árangur hjá stjórninni, ef málið kæmi frá þinginu sjálfu í reglulegri bænarskrá en ef það kæmi að nýju frá stiptamtmanni, og því vil eg heldur ekki mæla á móti því, að þessi aðferð sè við höfð, ef þingið álítur, að málinu sè með þessum hætti betur borgið, því eg vil, eins og þingið, málinu vel, þar sem hèr ræðir um bágstadda ekkju eptir einn af okkar ágætismönnum, sem vann bæði lengi og vel, eins og öllum þingmönnum er kunnugt.

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki sèð, að meðmæli þingsins styrki fremur málið, þótt þau komi fram beinlínis í bænarskrá til konungs en brèfi forsetans; eg get ekki betur sèð, en að það sè að sömu, eða að meiri notum, að þingið vísi því gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna, og gefi því um leið meðmæli sín. Þar sem það hefir verið sagt, að þingið ekki geti verið þekkt fyrir það, að hafa þenna veg, þá skil eg nú ekki, að þingið geti ekki allt af verið þekkt fyrir, að velja hinn rèttasta formveg í hverju máli sem er; og þegar um svo einstakleg mál er að ræða, sem þetta, þá get eg ekki betur sèð, en að þetta sè hinn rèttasti formvegur, og það því fremur, sem þegar eru komin meðmæli um það frá stiptsyfirvöldunum til stjórnarinnar. Og mèr virðist það skrítið, að fara að senda bænarskrá til konungs um málið, og svo er mjög líklegt, að sú bænarskrá komi ekki fyrir konung fyrr en málið þegar er útkljáð á rikisdeginum. Eg get því eigi sèð, að þetta bæti neitt fyrir máli ekkju þeirrar, er hèr ræðir um. Eg segi þetta alls eigi af því, að eg vilji eigi styrkja að því, að bæn hennar verði framgengt, því það sjá allir, að hún þarf þeirra með, og eg vil unna henni þess af heilum hug, að hún fengi það. Það sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður talaði um, að bænir um eptirlaun handa ekkjum kæmi opt fyrir ríkisdag Dana, þá veit eg það næsta vel; en það kemur alls eigi þessu við; það sýnir að eins, að þetta mál heyrir rèttilega undir ríkisdaginn, og að þingið því fremur á að halda sèr við þenna rètta formveg, til að koma því þangað.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga virðist að vera svo skilningsdaufur í dag, þá skal eg alls eigi reyna til að sannfæra hann um það, sem verður að liggja í augum uppi; mèr nægir það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem verður að geta haft ljósasta hugmynd um, hver aðferðin sè haganlegust fyrir þetta mál, er alveg samdóma áliti nefndarinnar, og það vona eg einnig þinginu muni nægja Ekkert er almennara í Danmörku, en að ríkisþingið samþykki sèrstakleg lög um eptirlaun handa ýmsum embættismönnum, sem maklegir hafa þótt til þess, eða ekkjum þeirra, og viti hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga ekki þetta, þá verður hann að vera mjög ókunnugur öllum þingsaðgjörðum í því ríki, sem við erum enn svo mjög bundnir við. En hafi hið danska þing rètt til þessa, þá væri það hart, ef alþingi mætti eigi einu sinni mæla fram með bænarskrám í líka stefnu; því getur enginn neitað, að meðmæli þess verða að

vera kröptugri í slíku. en öll önnur aðferð, einkum þegar viðkomandi yfirvald, sem hèr er stiptamtmaður, einnig álítur svo; og þetta vona eg einnig sè öllum þingmönnum ljóst, nema, ef til vill, þingmanni Reykvíkinga.

H. Kr. Friðriksson: Það er sjálfsagt, að þingið ræður sínum atkvæðum, en eg hefi allt fyrir það rètt til að halda fram minni sannfæringu. Hinn háttvirti framsögumaður þurfti alls eigi að fræða mig um það, að lagafrumvörp eru lögð fyrir ríkisdag Dana um eptirlaun handa einstökum mönnum. En hvað kemur það þessu máli við, þegar er að ræða um, hvaða veg skuli fara með málið? Það er allt annað, að þess konar mál heyri undir ríkisdaginn, og annað, hvaða veg á að fara með það til ríkisdagsins.

Jón Hjaltalín: Eg held, að það geti aldrei verið rangt fyrir ráðgjafarþing Íslendinga, að fara í sömu stefnu með þess konar mál, eins og löggjafarþing Dana gjörir; þing Íslendinga hefir þó æfinlega fullan bænarrètt. Eg get því ekki annað, en álitið það alveg ástæðulaust, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga fer fram á.

Jón Sigurðsson: Það er nú því miður, að eg held, að það sè fleiri en þingmaður Reykvíkinga svo skilningsdaufir, eins og framsögumaður hèlt, að þeir ekki sjái, hver vegur er greiðastur með þetta mál, sem allir annars vilja hlynna að. Eg segi fyrir mig, að eg get ekki fellt mig við það, að þingið sendi um þetta sèrstaka bænarskrá til konungs, og finnst hinn vegurinn miklu beinni, að vísa málinu gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna. Mèr sýnist það líka aðgætandi, að ef þingið skyldi fara að senda bænarskrá um eptirlaun handa þessari ekkju, þá held eg, að það opni býsna víðar dyr á sèr; því fleiri eiga bágt en Brandur, og fleiri ekkjur munu eiga við bág kjör að búa hèr á landi, en þessi, svo að ef þingið sendi bænarskrá um þetta mál nú, þá gæti það víst átt von á býsna mörgum hænarskrám í líka átt í næsta skipti og ef þingið ætti að senda bænarskrá um öll þess kyns málefni til stjórnarinnar, þá fengi það vist nóg að gjöra fyrst um sinn.

Jón Hjaltalín: Þetta er það, sem þingið aldrei getur komizt hjá, þegar það er búið að fá fjárforráð. Það eru heldur ekki svo margar embættismanna-ekkjur hèr, að það þá mundi ekki gjöra allt sem unnt væri til að bæta kjör annara ekkna, eins og þessarar; svo það dugar ekki að vera að slá varnaglann við því. Ef við hugsum okkur, að í Ameríku eru 19,000 »officera«-ekkjur, sem

í ár hafa sótt um eptirlaun, þá sjá menn þar dæmi upp á, hvað fristjórnirnar stundum hafa að bera. Eg þykist og viss um, að þingið taki slíkt tilbærilegt tillit til þess konar bæna, sem mannúðleiki býður, og eins veit eg, að hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga mundi gjöra það. Svo þess háttar mótbárum gjöri eg nu lítið úr.

Framsögumaður: Eg skal enn bæta því við, að það er svo sem auðvitað, að þó alþing mæli með þessari bænarskrá frá einni ekkju, þá er svo sem auðvitað, að fyrir það getur aldrei orðið spursmál um að leita til þess fyrir aðrar ekkjur en þær, sem fá eptirlaun sín úr ríkissjóði. Hèr er því ei að óttast neinar háskalegar afleiðingar, þó þingið verði nú við bón þessarar einu ekkju, því það stendur nú þess utan svo á hèr á landi, að hún mun einmitt sem stendur vera hin einasta hèr í landi i líkri stöðu, sem spursmál geti orðið um að mæla fram með, af því ekkju-eptirlaun hennar sèu of lítil. Hvað ómakinu viðvíkur, þá er það allt eins mikið fyrir þingið, og þó æfinlega haröla lítið, hvort sem það nú vísar málinu með meðmælum sínum til stiptamtmanns eða stjórnarinnar; en fyrir beiðanda er munurinn mikill, og því skyldi þingið þá ei heldur fara þann veg, sem honum getur komið að haldi, heldur en hinn, sem víst er að gagnslaus er með öllu?

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki sèð, að þingið geti mælt kröptuglegar fram með málinu, þó það sendi um það bænarskrá, heldur en að fara með það hinn veginn; því að í brèfinu, sem forseti skrifaði til stiptsyfirvaldanna, og sem sjálfsagt yrði borið undir þingið, yrði sjálfsagt þær sömu ástæður teknar fram, sem í bænarskrá til konungs, ef hún væri send. Það væri allt annað mál, ef þingið hefði fjárforráð, og hefði við engan að skipta nema konung ellegar að ganga til ríkisdagsins með það. En þetta verður þó hèr um bil sama sem bænarskrá til ríkisdagsins, því hann á þó að veita fèð til þessara eptirlauna.

Jón Hjaltalín: Má eg spyrja hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, hvers vegna var ekki þessi aðferð brúkuð, þegar málið um launaviðbótina okkar var hèr fyrir þinginu? Hún var ekki höfð þá, og þess vegna hefir þá verið valinn rangur vegur.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil svara þessari spurningu því, að það er munur, hvort bænin er frá einstökum manni, eða öllum embættismönnum á landinu, hvort það er bæn, sem stjórnin áður ekki hefir sagt »nei« við, eða það er bæn, sem hún optar en einu

sinni hefir sagt nei við, eins og var um launabótina, og í þriðja lagi, hvort það er bæn um það mál, sem stjórnin sjálf hefir lagt fyrir þingið áður, eða það er mál, sem stjórnin hefir eigi lagt fyrir þingið.

Jón Hjaltalín: En það gekk einmitt svo seint með þau lög, af því bænin kom ekki fyrst frá þinginu, svo að stjórnin vildi láta þingið segja sitt álit um málið, áður en hún gjörði út um það. Þingmaður Reykvíkinga er því kominn í beina mótsögn við sjálfan sig. Eg veit, hvernig ríkisdagurinn mundi svara, ef sá vegur væri farinn sem þingmaðurinn vill; hann mundi ekki vilja afgjöra neitt um málið, fyrr en hann hefði heyrt álit alþingis um það.

Ásgeir Einarsson: Eg sagði hinum háttvirta 5. konungkjörna hèr áður á þinginu, hvers vegna ástæða hefði verið til, að farið væri með launaviðbótarmálið beinlínis til stjórnarinnar; það var einmitt af því, að þinginu þótti þessum embættismönnum órèttur gjörður, þar sem þeir ekki höfðu jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku; en hèr er ekkert fram komið um það, að þessari ekkju hafi verið gjörður neinn órèttur; og held eg því enn, að það mundi spilla fyrir málinu, ef þingið sendi um það bænarskrá; hitt held eg, að styrkti það meira, að vísa því með meðmælingu þingsins til stiptsyfirvaldanna. Eg held að þingmenn þó verði að játa, að engin vond hugsun vakir fyrir mèr allt fyrir það um málið hvorki í formi nè efni.

Framsögumaður: Mèr hefir aldrei dottið í hug að halda annað, en að hinum háttvirta þingmanni fyrir Strandasýslu gengi gott til, hvað sem hann svo segir, þó eg geti nú ei fallizt á það. Hèr ræðir einmitt um ný lög, sem þarf að leggja fyrir ríkisþingið, og um allt slíkt á alþingi einmitt að snúa sèr beinlínis til konungs, en það væri hlæilegt, að biðja stiptamtmann að vera meðalgöngumann þar, og það er ei meiri ástæða til þess nú, heldur en þegar alþingi í hitt eð fyrra eða 1861 sneri sèr beinlínis til konungs um launaviðbót allra íslenzkra embættismanna yfirhöfuð, sem laun sín hafa úr ríkisjóði. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga segir reyndar, að það hafi þá einkum komið af því, að stjórnin hefði áður verið búin að neita allri launabót; en þó þessi ástæða sé nokkuð lèttvæg og röng, þá vill þó svo til, að hana mætti einmitt líka brúka við það mál, sem hèr ræðir um, því bænarskrá frú Elínar Thorstensen hefir líka einu sinni áður verið neitað af stjórninni, og því vill þingmaður Reykvíkinga þá ei einnig, að þingið

mæli nú beinlínis fram með henni við konung? En það er auðsèð, að það er ei til neins, að vera að karpa við hann um þetta eða reyna til að telja honum hughvarf, og eg sting því upp á að þessum umræðum verði hætt sem fyrst.

Sveinn Skúlason: Eg vildi biðja hinn háttvirta framsögumann að skýra fyrir mèr, hvað nefndin hefir ætlazt til með þessum orðum: »að minnsta kosti«, hvort hún hefir meint, að viðbótin ætti að stíga til 300, 400 eða 500 rd. eða meira? Eg held, að það spilli fyrir málinu að hafa þetta orðatiltæki; og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði um, að þessi orð falli burt; eg held þingið geti ei gjört meira, en að reyna til að útvega þessa 200 rd., sem beðið er um.

Framsögumaður: Eg veit ei, hvort hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga tók eptir því, að eg strax í upphafinu sagði, að orðin »að minnsta kosti« hefði verið sett inn á röngum stað, og áskildi mèr því rètt til að mega breyta þessu. Sjálf orðin eru að eins tekin upp úr bænarskránni, sem kom hèr inn á þing, og nefndin áleit ei rètt að breyta nokkru til um þá ósk í henni, að viðbótin mætti *að minnsta kosti* verða 200 rd. Þessi upplýsing vona eg að nægi hinum háttvirta þingmanni, sem eg annars verð að þakka fyrir að hann vill styðja málið.

Ásgeir Einarsson: Eg skildi þetta ekki svo, að þetta ættu að vera ný gjaldlög, en ef svo er, þá finnst mèr nokkuð stutt niðurlagsatriðið.

Jón Sigurðsson: Það finnst mèr líka, að niðurlagsatriðið sè nokkuð stutt, ef þetta á að vera frumvarp til laga. Mèr skilst nú, að einmitt þeir, sem eru á móti framsögumanni, styðji málið, en hann sjálfur spilli fyrir því, því ef þetta á að koma frá þinginu eins og frumvarp eða uppástunga, geta menn verið neyddir til að fara að yfirvega, hvort þessi viðbót, sem farið er fram á, sè hæfileg eður eigi. Eptir því sem eg hef tekið eptir, hefir þessi ekkja nú 280 rd. í eptirlaun, og nú er beðið um, að hnn fái 200 rd. viðbót, og þetta yrði þingið að yfirvega, hvort væri tilhlýðileg viðbót eður ekki, ef þetta á að ganga í gegnum þingið sem uppástunga til stjórnarinnar.

Framsögumaður: Eg get eigi annað ímyndað mèr, en að hinn háttvirti þingmaður Suðurþingeyinga og þeir, sem ráðgjöra breytingaratkvæði um að minnka þá upphæð, sem nefndin hefir stungið upp á, hafi eigi almennlega tekið eptir ástæðum nefndar-

innar. Landlæknislaunin eru nú svo mikil eptir launabótina, að gjöra má ráð fyrir, að ekkja hans fái eptirleiðis að minnsta kosti 500 rd. í eptirlaun, en þess vegna áleit nefndin það og sanngjarnt að hin núverandi landlæknis ekkja fengi svo mikla viðbót, að eptirlaun hennar kæmist þó nokkuð nærri þessari upphæð. 200 rd, er því hin minnsta viðbót, sem biðja mætti um fyrir hana, því þá hefði hún þó að eins 480 rd. að öllu samtöldu, og eg furða mig því á, að nokkrum skuli geta komið til hugar að vilja rýra þessa upphæð enn meira. Þetta vona eg og að öllum þingmönnum muni skiljast, og eg get því eigi heldur ímyndað mèr, að spá þingmannins úr Suðurþingeyjarsýslu muni rætast.

H. Kr. Friðriksson: Eg held, að það gæti verið ástæða til heldur að hækka en lækka upphæðina, ef þingið ætti að segja álit sitt um málið, og semja um það frumvarp. En eg held þá eins og tekið hefir verið fram, að það mundi koma fleiri bænarskrár um þetta efni, og þó eg viðurkenni það fúslega, að sú ekkja, sem hèr ræðir um, sè í alla staði makleg til að fá þessa viðbót, þá eru þó fleiri embættismanna ekkjur hèr í landi, sem kynnu að þurfa þess eins mikið við.

Framsögumaður: Upp á það, sem þingmaður Reykvíkinga nú síðast mælti, ætla eg mèr að eins að svara því, að eg get nú eigi lengur fengið af mèr að vera að þessu stagli við hann; eg finn svo hvort sem heldur er, að eg get með engu móti sannfært hann, og hann sjálfur kemur nu aldrei með annað en sama staglið upp aptur og aptur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur þá næst til undirbúningsumræðu málið um launabót handa skólakennara Jóni Þorkelssyni. Framsögumaður er hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaðnr.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 310.

Þetta nefndarálit er nú svo stutt og einfalt, að eg vona, að öllum þingmönnum skiljist það og þurfi ei að eyða til þess mörgum orðum; þetta mál er eins konar afleiðing af öðru máli, sem hèr hefir verið fyrir þinginu áður, nefnilega launamál hinna íslenzku embættismanna. Hèr er um þann mann að ræða, sem flestum þingmönnum er víst kunnur, og sem að mörgu leyti er afbragð

annara manna. Eg vona því, að þingið beini málinu í sömu stefnu sem nefndin hefir gjört; hèr er ekki að tala um neinn mannamun, en hèr er að tala um góðan og gagnlegan mann, sem getur orðið Íslandi til gagns og sóma, ef hann fær svo viðunanlega atvinnu, að hann getur haldizt hèr við. Eg vona nú, að umræðurnar gangi í þessa stefnu, og einkum vona eg, að hinn háttvirti konungsfulltrúi styðji málið í aðalstefnu þess. Það er eitt í nefndarálitinu, sem kynni að geta orðið misskilningi undirorpið, það er þar sem talað er um sanngirniskröfu þá, sem hlutaðeigandi hafi til þessa, er hann beiðist. Það var alls ekki meining nefndarinnar, að bera stjórninni á brýn, að hún hefði gjört þessum manni órètt, heldur hitt, að atvikin hafi gjört það að verkum og óhappalegar kringumstæður, að hlutaðeigandi hafi ekki fengið það sæti við skólann, sem menn hefðu óskað, og hann vissulega á skilið, og þetta held eg líka að sè viðurkennt, ekki einungis af mönnum, sem standa fyrir utan skólann, heldur einnig á meðal skólakennaranna sjálfra.

Konungsfulltrúi: Eg veit, að þingið vill máli þessu vel, og það vil eg líka; en eg get þó ekki haldið, að stjórnin finni næga ástæðu til að veita það umbeðna, sízt eins og það hèr liggur fyrir. Það verður að líta á það, að hlutaðeigandi er fyrst á þessu ári orðinn fastur kennari við skólann, og að hann hefir fengið þau sömu laun, sem kennarar fá við skólana í Danmörku, sem og á það, að hann, ef hann nú fengi 1000 rd. laun, fengi þá töluvert hærri laun en hinir adjunktarnir við skólann, sem þó hafa verið mörg ár við skólann á undan adjunkt J. Þorkelssyni, en þeir hafa þó engir, nema sá elzti adjunkt, náð svo háum launum sem hèr er stungið upp á handa þessum yngsta adjunkt. Það einasta, sem að mínu álíti gæti orðið farið fram á með nokkurri sanngirni, væri það, að hlutaðeigandi yrði skoðaður sem fastur eða virkilegur kennari frá þeim tíma, sem hann var settur kennari við skólann, því ef hann væri skoðaður þannig, fengi hann 200 rd. launaviðbót, því hann væri þá búinn að vera lengur en 6 ár í skólans þjónustu, sem adjunkt. Eg tek þetta að eins fram sem bendingu fyrir þingið. Svo skal eg einnig leyfa mèr þá athugasemd, að eg álít rèttari þá aðferð, að þingið vísi málinu gegnum forseta sinn til Ephorats skólans, með sínum góðu meðmælum, en hina, að þingið sendi beinlínis bænarskrá í málinu til konungs.

Framsögumaður: Eg get nú verið hinum hæstvirta konungsfulltrúa þakklátur fyrir ræðu hans, að því leyti, sem hann lýsti því

yfir, að hann vildi styrkja þetta mál. En eg get þó ekki fallizt á það, sem hann sagði, hvorki um þann veg, sem hann vildi að farinn væri með málið, nè heldur, að það sè samkvæmt þeim grundvelli, sem nefndin byggir á, að hlutaðeigandi verði skoðaður sem fastur kennari frá því fyrsta, að hann kom hèr til skólans sem kennari. Hvað hið fyrra áhrærir, um formið, þá verð eg að segja, að það er nýstárlegt, að fara að hafa þessa stefnu nú við þetta mál, sem ekki hefir verið höfð að undanförnu í alveg samkynja málum, því bæði hafa komið til þingsins áður mörg einstakleg mál, og hefir þó ekki verið farinn þessi vegur með þau; og svo liggur nú einmitt fyrir þessu þingi annað málið, sem er alveg að heita má samkynja þessu, og þar hefir þó konungsfulltrúi ekki viljað við hafa þenna framgangsmáta; og þó eg vel viti, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni mæla með málinu, þó því væri vísað gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna, þá sýnist mèr þó rètt, að fara eins *með* þetta mál og önnur samkynja, sem til þingsins hafa komið, nú og að undan förnu. Hvað upphæð launanna snertir, þá verð eg að taka það fram, að þar sem beiðandi hefir tiltekið *vissa* upphæð, og beðið þingið að mæla fram með að hún fengist, þá fannst nefndinni, að hún hefði ekkert leyfi til, að ákveða upphæðina öðru vísi en beiðandi fer fram á, og það sýnist mèr liggja beint við, að þó málið komi undir þingsins álit, þá hefir það alls eigi strangt tekið rètt til að setja þá umbeðnu upphæð niður, því það er þó altènd aðgætandi, að það er ekki þingið sem á að *veita* fèð, heldur á þingið að eins að veita meðmæli sín eður ekki meðmæli með bæn hlutaðeiganda eins og hún liggur fyrir. Ef að stjórnin þar á móti finnur ástæðu til að álíta, að launin sè ákveðin of há, þá er það sjálfsagt, að *hún* getur komið fram með breytingu á þessu, eptir velþóknun á sínum tíma. En spursmálið er *hèr* að eins um, hvort þingið vilji styðja ósk beiðanda eður ei. Ef þessi ósk fær þingsins meðmæli, þá er það búið að gjöra það sem í þess valdi stendur, en svo er það stjórnarinnar að ákveða, hvort tillögum þingsins verður framgengt eður ei. Eg vil geta þess, að það er ekki þýðingarlaust sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur til í þessu máli, því hans orð gilda mikið, en eg vona, að hann, slíkur maður sem hann er, án þess að eg taki tillit til embættisstöðu hans, beini málinu í þá stefnu, að hlutaðeigandi ei að eins fái einhverja áheyrn, heldur svo mikla áheyrn, sem ýtrast getur verið spursmál um, að hann geti fengið. Við-

víkjandi því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi lagði til um meðferðina á málinu, þá finnst mèr það nú ekki vera alveg fullnægjandi Mèr sýnist það hljóta að vera fyllsta samningskrafa, að þar sem laun allra annara embættismanna hafa verið bætt, en þessi eini embættismaður hefir farið varhluta af því, og hefir svo lítil laun, að hann hefir eigi nóg fyrir sig að leggja og sína, þá sè, segi eg, hin fyllsta sanngirnisástæða fyrir því, að honum, slíkur maður sem hann er, verði eins reiknaður sá tími, sem hann hefir verið settur kennari við skólann, eins og hann hefði haft reglulegt fast embætti við hann hvað launin snertir, af ástæðu *þeirri*, að hann ella ekki getur haldizt við hèr á landi sökum atvinnuleysis, því það er sannarlega ósanngjarnt, að þegar allir aðrir embættismenn hafa fengið launaviðbót, þá skuli hann einn verða svo út undan, að hann eigi getur lifað nokkurn veginn þolanlegu lífi. En það er líka aðgætandi, að þessi maður hefir meira en þjónustu sína við skólann við að styðjast til málbótar sèr, hann hefir siglt til háskólans í Kaupmannahöfn, og varið, enda þótt hann væri bláfátækur, ærnu fè til að afla sèr þar sinnar miklu og þjóðlegu menntunar; og hann er sá eini af öllum Íslendindingum í seinni tíð, sem hefir tekið próf í sinni visindagrein með bezta vitnisburði, og uppfyllt algjörlega það skilyrði, sem heityrðið í tilskipun frá 2. febr. 1849 er bundið við. Það er nú auðvitað, að menn geta ekki ætlazt til, að íslenzkur stúdent, sem ekki ætlar að leggja sig eptir lögum, að hann skilji fyrir fram þau lög, sem viðvíkja honum síðar meir. Hitt er eðlilegt, að sá maður, sem hèr ræðir um, hafi farið með þeirri sannfæringu til Kaupmannahafnar háskóla, að þau sömu lög mundu gilda um hann, sem eru gefin um sama efni fyrir Danmörku. Tilskipunin frá 2. febr. 1849 er nú fyrirheitislög, og gefur hverjum sem taka próf í málfræði, sèrstaklegan rètt til að komast til embætta við lærða skóla; þess vegna finnst mèr, að þessum manni sè vorkunn, þó hann hafi lesið málfræði, einmitt af því, að hann hafi hugsað, að hann með því að uppfylla alla skilmálana í tilskipuninni, mundi á sínum tíma fá þann rètt, sem tilskipunin lofar. Og ef hann hefði verið í Danmörku, þá hefði hann verið undir þeim rèttindum, sem ákveðin eru í tilskipuninni frá 1849. En á þá þessi maður, af því hann ekki hefir verið kyrr í Danmörku, heldur hefir komið hingað, til þess að verja kröptum sínum í þjónustu ættjarðar sinnar, á hann, segi eg, að gjalda þess? Og er það sannarlegt rèttlæti og sanngirni, sem mælir með slíku? Eg held það sè ugg-

laust, að löggjafinn með þessari tilskipun hafi eins haft fyrir augum blómgun skólans á Íslandi, og það því fremur, sem hèr er ekki nema 1 skóli; og var þá ekki full vorkunn, þó menn hèldu, að tilskipunin mundi verða látin gilda eins fyrir Ísland eins og Danmörku. En hvað sem nú þessu liður, þá kemur þar sú niðurstaðan fram, að annaðhvort er það, að þessi maður verður að fá einhverja bót á kjörum sínum, eða hann neyðist til að flæmast burt hèðan aptur. Það er nú tekið fram í bænarskrá beiðanda, að hann vanti hið verklega próf; þetta er nú að vísu góð og gild ástæða eptir orðum tilskipunarinnar, og eg verð að meta hana mikils eptir bókstafnum, en bókstafurinn deyðir en andinn lífgar, og frá því sjónarmiði er mèr spurn, hvort vöntun hins verklega prófs eptir tilskipuninni sè verulegur galli á öðrum en þeim, sem sækja um skóla-embætti áður en þeir byrja að kenna. Menn verða að gá að því, að þó löggjöfin heimti þetta verklega próf sem nauðsynlegt, eins og það í rauninni er, þá verður stundum minna úr þessum heimtingum, en ætlazt er til. Eg vil spyrja, hvort sá sem hefir verið kennari í 8 ár, og fengið ágætasta vitnisburð frá »rektor« skólans, geti ekki álitizt að hafa staðizt eins fullkomið verklegt próf, eins og sá, sem hefir kennt 1 eða 2 tíma á Metropolitanskólanum? Eg held nú að vísu það liggi í augum uppi, að hið verklega próf sè að eins heimtað af þeim, sem ekki eru búnir að sýna neina verklega hæfilegleika, svo að vissa sè fyrir, að lærisveinar geti haft fullt gagn af tilsögn þeirra, og hvernig skyldu menn ella geta ímyndað sèr, að kennarar, sem hvorki hafa theoretiskt próf nè heldur verklegt próf, skuli þó fyrir kennslu sína við skólann fá viðurkenningu hjá stjórninni sem góðir og dugandis kennarar? Eg get því frá laganna sjónarmiði ekki annað en álitið ástæðu stjórnarráðsins, hvað þetta atriði snertir, nokkuð hæpna. Eg vil þar fyrir engan veginn segja, að stjórnin hafi gjört þessum manni rangt til; en hitt verð eg að segja, að það er hart fyrir bláfátækan íslenzkan stúdent, að fara til háskólans til að iðka þar vísindi í þeirri von, að hann, ef hann uppfylli þá skilmála, sem heimtaðir eru í Danmörku, öðlist þau rèttindi, sem heitið er í lögunum, hverfa svo hingað upp aptur í þessu trausti, en hafa svo ei nóg til að borða og drekka, þó hann vinni nótt og nýtan dag. Þetta álít eg, að sè þungur kostur, og að þetta sè að reyna Íslendinga og ættjarðarást þeirra um of. Af þessu flýtur, að málinu er ekki fullnægt með því, þó hann væri skoðaður sem fastur kennari frá því að hann kom

til skólans. En eins og sèrstaklegar kringumstæður hafa gjört það að verkum, að hann hefir ekki náð því sæti, sem hann verðskuldar, eins sýnist mèr, að þessar sèrstaklegu ástæður eigi að mæla fram með því, að þessi maður, sem er afbragðs hæfilegleikum búinn, eigi að fá sèrstaklega viðurkenningu þess hjá þjóð sinni og stjórn. Eg vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi játi, að þetta, sem nú hefi eg sagt, sè á rökum byggt. Eg verð að álíta, að sú upphæð, sem farið er fram á, sè eptir kringumstæðunum ekki ósanngjörn, og mèr sýnist, að þingið ekki ætti að miða tillögur sínar við neglur á sèr, en einungis eigi að gjöra allt sem það getur, til þess að stuðla til þess, að þessi afbragðs vísindamaður vor fái alla þá viðurkenningu, sem hann á frekast skilið.

Konungsfulltrúi: Sú bending, sem eg leyfði mèr að gefa þinginu viðvíkjandi meðferð málsins, var engan veginn gjörð í þyí skyni, að spilla fyrir málinu, enda er þingið ekki bundið við mína skoðun í þessu tilliti. Eg vil enn fremur út af orðum hins heiðraða framsögumanns, sem eg skildi á þá leið, að rèttur hlutaðeiganda hefði, ef til vill, verið aflaga borinn af stjórninni, leyfa mèr að vara þingið við því að láta þetta koma fram í umræðunum, því það getur ekkert bætt, en að vísu spillt málstað hlutaðeiganda hjá stjórninni, auk þess að þessi skoðun á málinu, að mínu áliti ekki er á nægum rökum byggð frá því lagalega sjónarmiði, eins og hinn háttvirti framsögumaður þó virðist að álíta og vildi sanna í ræðu sinni.

Framsögumaður: Það er virkilega merkilegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli miskilja ef *eigi* beinlínis rangfæra þá meiningu sem ljóslega lá í orðum mínum, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt og viljað reyna til að sanna, að þessum mauni hefði verið órèttur gjörr af stjórninni, því það var svo langt frá því, að eg segði þetta eða meinti, að eg tók fram með berum orðum hið gagnstæða, eins og þingheimur allur getur borið vitni um. En hitt sagði eg, og það segi eg enn, að það væri *mitt* álit, að ástæða ráðherrastjórnarinnar út af tilsk. 2. febrúar 1849 væri nokkuð hæpin, og eg er sannfærður um, að *hún* er röng meira að segja undir þeim kringumstæðum sem hèr áttu sèr stað, og hvernig getur konungsfulltrúinn að öðru leyti ímyndað sèr, að nokkur annar en eg gjaldi *sannfæringar minnar?* Það er merkilegar gersakir til stjórnarinnar, að þó *mèr* finnist sú ástæða er hún bar fyrir sig ekki svo góð og gild sem skyldi, og þó eg leyfi mèr að láta mína

skoðun og sannfæring hreint og beint í ljósi hèr á þingi, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi mun eiga bágt með að venja mig af í þessu eður öðrum málum, þá muni stjórnin fyrir þá sök láta beiðanda ef til vill gjalda þess, eða hvað gat konungsfulltrúinn meint annað? Já, þá gildi hinn saklausi ómaklega hins seka, ef um sök er hèr að ræða sem víst eigi er. En eg vil segja hinum hæstvirta konungsfulltrúa það, að það var önnur ástæða, sem ráðherrastjórnin hefði getað bent hlutaðeiganda á, og sem vafalaust var á strangari lagalegum rökum byggð, og það var sú, að sá sem fèkk yfirkennara-embættið seinast fyrir aðjunkt J. Þorkelssyni var eldri kandídat en tilsk. 2. febrúar 1849; eg skammast mín eigi fyrir að halda því fram, að þetta er rèttari ástæða en vilja eigi láta 8 ára kennslu geta komið í staðinn fyrir 2 tíma próf. Eg verð nú líka þar að auki fyrir mitt leyti að álíta þessi verklegu próf, sem höfð eru í ýmsum vísindagreinum við háskólann í Kaupmannahöfn, hreint ónýt og rètt til málamyndar; eg hefi líka orðið svo frægur að leysa af hendi hið verklega próf í þeirri vísindagrein, sem eg hafði stundað, og get eg sjáifur bezt borið vitni um það, hvað mikið var í það varið; enda er það nú líka almennt viðurkennt, að það sè þýðingarlaust form, með því að búið er að taka það af að nokkru leyti hvað æfingarnar snertir nefnil. hið svo kallaða »praktisk Selskab«, og líkt og þetta ímynda eg mèr nú að eigi sèr stað í hinum öðrum vísindagreinum. En eg ímynda mèr nú, að sá maður, sem hefir leyst hið munnlega próf eins vel af hendi og þessi maður hefir gjört, og síðan kennt í 8 ár við lærðan sbóla, verði eigi í vandræðum með að spyrja pilta í Metropolitanskólanum í Kaupmannahöfn 2 klukkustundir. Þess vegna get eg eigi betur sèð, en að skólakennari Jón Þorkelsson hafi fyllilega leyst af hendi þá kröfu, sem tilsk. 2. febr. 1849 gjörir, að því er hið verklega próf snertir, og að það sè þess vegna samkvæmt *anda* þeirrar tilskipunar, að hann eigi að verða aðnjótandi þess rèttar, sem þar er heitinn málfræðingum. En aptur á móti verður eigi kvartað yfir því, þótt hann sæti á baki þeim mönnum, sem höfðu rètt til skólakennaraembætta eptir eldri lögum, en tilsk. 1849, og voru þá búnir að taka embættispróf; eins og líka tekið er einmitt fram í öðrum tilskipunum líks eðlis og þessi er t. a. m. tilskip. 26. jan. 1821, að því leyti sem þær breyti eldri lögum um aðgang og skilyrði fyrir vissum embættum, þá skuli þær ekki gilda um þá menn, sem búnir sè að ná hinum laga-ákveðnu embættis-skilyrðum eptir hinni

eldri löggjöf; enda er þetta samkvæmt þeirri aðalreglu, að þegar lög eru gefin, þá hafa þau eigi áhrif á það sem umliðið er, heldur að eins hinn ókomna tíma. Þetta vona eg, að hinn háttvirti konungsfulltrúi játi með mèr. Eptir þessu var nú eðlilegt, að sá sem nú er yfirkennari, legði stund á guðfræði, því að hann gat þá bæði orðið prestur og líka gat hann orðið skólakennari eptir hinni eldri löggjöf, og þess vegna var það rètt, að hann sæti fyrir aðjunkt Jóni Þorkelssyni. Þetta er nú sú ástæða, sem mèr finnst á rökum byggð, og af henni sèst að minnsta kosti ljóslega, hvað fráleitt það er af konungsfulltrúa að bera mèr á brýn, að eg álíti, að rèttur Jóns Þorkelssonar hafi verið aflaga borinn af stjórninni.

Að öðru leyti skal eg ekki fara lengra inn í málið, þar sem konungsfulltrúi hefir lofað að styðja það. En eg vona, að það verði eigi til þess að skerða þá virðingu, sem bera má fyrir hinum öðrum kennurum skólans, þótt þessi maður, sem mèr finnst hafa orðið nokkuð út undan í röðinni, fái sem mesta viðurkenningu. Með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, þá skal eg leyfa mèr að gjöra það viðauka-atkvæði, að yfirstjórnendum skólans verði sent eptirrit af bænarskrá Jóns Þorkelssonar gegnum forseta, svo að málið fari jafnhliða frá þinginu og hlutaðeigandi yfirvöldum til stjórnarinnar.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist, eptir því sem hinum heiðraða framsögumanni nú fórust orð, að eg hafi haft fulla ástæðu til að taka það fram, að umkvörtun yfir stjórninni lægi á bak við orð hans. Þar sem hann tók það fram skýrt, að skilningur ráðherrherrans á tilsk. 2. febr. 1849 væri að hans áliti alveg rangur, og þykir mèr það of djúpt tekið í árinni, að þessum ummælum lutu mín orð, og tek eg það því aptur fram, að eg óska þess, að þetta atriði komi alls ekki eða þá sem minnst fram í umræðum manna um málið hèr á þinginu, því að eg er hræddur um, að það miklu fremur spilli fyrir málinu, en bæti fyrir þess eptiræsku góðu úrslitum.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir nú gott, að eg fekk leyfi til að standa upp, því að mig var farið að sundla, og það liggur við, að eg fái velgju, þegar dyngt er á mig þessum ósköpum af laga fyrirlestrum, sem eg skil ekkert í; og þótt framsögumaður kunni að vera skýrorður og greinilegur, þá er eg þó svo mikill klaufi, að eg get ekki skilið það, en það fer nú ekki betur með það sem konungsfulltrúi sagði, því að eg skil hèr um bil eins lítið í honum;

bæði framsögumaður og hann eru að karpa um lög, sem eg þekki ekki. En það eru önnur lög, sem skaparinn hefir sett í brjóst allra manna, er bæði eg skil og eg vona, að allir þingmenn skilji, það eru þessi lög: »Verður er verkamaðurinn launanna». Mèr finnst þá hèr vera spursmálið um: »Er þessi maður verður»? Þá svara eg, án þess að fletta upp í nokkrum lagaskruddum eður rescriptum, og segi »jú», því að eg þekki manninn vel. Mèr þykir það nú verðugt fyrir þingið að styðja þenna mann, því að það er alkunnugt, að þessi maður er sèrstaklega duglegur og elskar vísindin og lifir fyrir þau. Það þarf ekki að leita að þessu í lagaflækjum eður eptir því hvort það sè rètt eður eigi »eptir því sem hèr liggur fyrir», að eg brúki þetta orðatiltæki sem svo mjög tíðkast hèr á þinginu. Mèr finnst það vera skylda hvers ærlegs þingmanns að styðja þetta mál. Það hefir allt af verið hinn mesti heiður lands vors, að það hefir haft sèrstaklega góða vísindamenn; og það má með sanni segja, að svo hefir verið. Það er því sannfæring mín, að Íslendingar ætti ekki að láta þetta hrós vort að engu verða, og ef þeir vilja gjöra það, þá verða þeir að styðja menntun og vísindi. Eg mæli þess vegna fastlega með því, að þingið ekki hugsi sig um að styðja bæn þessa manns, þegar það veit hvílíkur iðjumaður og afbragðsmaður hann er, og það er víst, að hann verður ættjörðu sinni til sóma, ef hún eigi bolar hann frá sèr. Það kann nú að klingja mikið í eyrum manna, að hann fái 1000 rd., en menn eiga aldrei að vera hræddir við fjárupphæð, þegar vísindin eru annarar handar. En menn ættu þar á móti að vera hræddir við að kasta mörgum tunnum gulls í sjóinn árlega fyrir bölvað brennuvínið, en það talar enginn um það. En eg vona nú, að þingið neiti því eigi, að það vilji styðja menntun og vísindi. Og því ætla eg nú ekki að fara í juridiskar flækjur, því eg sè, að lögvitringunum ber ekki saman, en eg ætla að vona, að þingmenn styðji þetta mál í þá stefnu, sem bezt gegnir.

H. Kr. Friðriksson: Það vill nú svo óhappalega til, að eg er eigi samdóma nefndinni. Eg er reyndar samdóma henni að því leyti, að eg vil styðja að því, að maður sá, er hèr ræðir um, fái bót á kjörum sínum, en eg vil gjöra það á þann hátt, sem eg held að mest verði not að. Eg skal nú ekki fara út í tilskipun 2. febrúar 1849 nè hrekja skilning þann, er framsögumaður hafði á henni, að Jón Þorkelsson hefði fullnægt hinu verklega prófi með því að kenna í skólanum í 8 ár, en hann verður þá líka að gefa

mèr rètt í því, að hinir kennararnir hafi og fullnægt prófsheimtingunni, sem verið hafa kennarar við skólann í 12—18 ár. Ef því Jón Þorkelsson á að fá 1000 rd. eptir að hann er búinn að vera 1 ár fastur kennari, þá verð eg að gjöra það breytingaratkvæði, að hinir 2 kennararnir, sem eigi hafa 1000 rd. laun, fái jafnmikið. Að því er hið verklega próf snertir, þá er það beinlínis tekið fram í hinni áður umgetnu tilskipun, að þeir einir fái þann rètt, sem þar um ræðir, er leysi af hendi hið verklega próf. Það kom líka út ráðherrabrèf, að mig minnir 1851, frá þeim ráðgjafa, sem samdi þessa tilskipun. konferenzráð N. Madvig, og þar er það tekið fram, að hafi málfræðiskandídatar eigi tekið hið verklega próf, þá geti þeir eigi komið til greina jafnfljótt og aðrir. Af þessu sèst, að löggjafinn hefir lagt allmikla áherzlu á þetta verklega próf. Þar sem sagt hefir verið, að þessi maður hafi einn orðið út undan með launaviðbótina, þá er það alls eigi rètt, þegar haft er tillit til þess, hve lengi hann er búinn að vera sem fastur kennari í embættinu; því það eru lög, að hver fastur kennari byrji með 500 rd.; þetta hefir hann og gjört, og hefir hann þess vegna eigi orðið út undan. Að hann sè hinn eini Íslendingur, sem tekið hafi málfræðispróf, er ekki rètt hermt, því hèr er annar Íslendingur, sem það próf hefir tekið. En mèr finnst aðalatriðinu til meðmælingar þessu máli sleppt í nefndarálitinu, sem hefði átt að leggja mesta áherzluna á, og sem eg hefi helzt von um, að koma mundi að notum fyrir beiðandann, og það er það, að hann hefir verið í þjónustu skólans í 8 ár með sárlitlum launum; og það var ástæðunum að kenna, þar sem ekkert losnaði af kennara embættunum, en enginn gat ætlazt til þess, og það hefir heldur enginn gjört, að nokkur hinna eldri kennara færi frá til þess að hann kæmist að; þess vegna var hann nú 1854—59 tímakennari hèr við skólann, og hafði þá rúm 300 rd. laun; 1859 fèkk hann *constitution* og hækkuðu þá laun hans svo, að þau urðu 400 rd.; þannig hefir hann þá verið tíma kennari í 5 ár og settur í 3 ár til þess haustið 1862. Mèr sýndist það sanngjarnt, að hann fengi launaviðbót, þar sem hann hefir í svo mörg ár þjónað við skólann með svo litlum launum; og vildi því að beðið væri um, að þetta yrði tekið til greina, og að hann fengi sömu laun eins og hann hefði verið fastur kennari í 8 ár, þannig að laun hans yrði þá frá 1. apríl 1864 700 rd. Af þessu held eg nú, að þingið gæti haft von um beztan árangurinn. Eg er nú á sama máli og hinn hæstvirti kon-

ungsfulltrúi, að mál þetta ætti að ganga í gegnum forseta til yfirstjórnanda skólans, því að eg get ekki skilið, að þingið geti gefið því meiri meðmæli, þótt það sendi það beinlínis til konungs, heldur en forseti skrifi stiptsyfirvöldunum meðmæli sín um það. Þess vegna vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu.

Sveinn Skúlason: Það voru nú óheppileg áhrif, sem þessi ræða hafða á mig, þótt hún á endanum að nokkru leyti virðist verða meðmælt nefndarálitinu. Mèr sýndist nu ætla að fara svo, að segja mætti hèr: »Það er hart, þegar hver hrafninn fer að kroppa augun úr öðrum«. Mèr getur ekki betur sýnzt, en að það væri hin mesta hneysa (»Skandale«) bæði fyrir þingið og landið allt, ef að þessum manni væri eigi borgið. Hann getur farið til annara landa og fengið þar miklu meiri peninga, það veit hver sem þekkir hann vel. En sú skömm ætti ekki að liggja á landi voru og þjóð, að sá eini »laudabilisti« í málfræði, sem Ísland á í öllum heiminum, verði að flæmast burtu hèðan frá skólanum, vegna þess að fósturjörð hans getur ekki gefið honum að eta, og það væri stór minnkun fyrir þingið að vilja eigi styðja að því að halda þessum manni hèr hjá oss. Eg sagði við undirbúningsumræðuna, að þegar menn sæi þetta fyrir, þá ætti þingið að biðja um, að löggilt væri hèr tilsk. 2. febr. 1849. Það getur nú reyndar, ef til vill, ekki komið þeim manni að haldi, sem hèr ræðir um, en það er þó nauðsynlegt fyrir eptirkomandi tíma, svo að þeir af Íslendingum, er leggja fyrir sig málfræði, þurfi ekki að verða útlagar æfilangt. Mèr finnst því, að nauðsynlegt sè að biðja um launabót fyrir þenna mann sèrstaklega, án þess hann sè settur í samband við aðra; því að mèr finnst hann vera þess verður, að gjörð sè undantekning með hann, án þess þó að eg vilji fara í nokkurn maunjöfnnð. Sumum hinna kennaranna standa aðrir vegir opnir; en hann getur ekki farið nema þenna eina veg; annaðhvort hlýtur hann að fá betri laun, eða hann er neyddur til að fara í önnur lönd; því það er sannarlega hart fyrir hann að vera settur þar neðstur, sem hann á að vera efstur, og það svo hart, að þinginu er ómögulegt annað, en að taka það til greina. Það er nú eins í þessu máli og hinu, að mèr þykja þessi orð »að minnsta kosti« mjög óhappaleg, og vildi því helzt, að þau fèlli í burtu.

Framsögumaður: Eg tek það enn fram, og lýsi því nú hreint og beint yfir, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi rangfærir orð mín og aflaga ber málið. Er það ekki annað, að ástæða stjórnarinnar

hafi verið *röng* og annað hitt að beiðanda hafi verið gjör órèttur? Getur maður eigi byggt rèttan dóm á rangri ástæðu, þegar þó rètt ástæða er til? Það er merkilegt, að konungsfulltrúinn skuli endilega vilja berja það blákalt fram, að eg segi og meini allt annað en eg gjöri, og meining mín að öðru leyti komi nokkuð málstað beiðanda við; eg hefi leyfi til að skilja lögin eins og hver annar, og skilningur minn og stjórnarinnar á þeim stendur og fellur *hvers um sig* með þeim skynsemisrökum, sem fyrir honum eru færðar; mèr er eigi lagið að láta *skipa* mèr að *skilja* af yfirmönnum mínum, og eg veit að stjórnin gjörir eigi slíkar kröfur til mín nè annara lögfræðinga. Eg ætlaði ekki að tala meira í þetta skipti, en hinn heiðraði sessunautur minn, þingmaður Reykvíkinga, neyddi mig til þess. Eg ætla nú eigi að fara í orða hnippingar við hinn 5. konungkjörna þingmann. En eg ætla að taka það fram, að eg held, að þingmaður Reykvíkinga hafi misskilið mig, því eg vona, að allir þingmenn hafi heyrt, að eg sagði, að hið verklega próf í 2 tíma gæti eigi tekizt fram yfir 8 ára kennslu, en sagði aldrei að kennsla þótt hún væri í 80 ár yrði tekin fyrir theoretiskt eður hið vísindalega próf. Ef á að gjöra þetta að samanburðarmáli, þá verður sá að gá að, sem það gjörir, að hann eigi tapi ástæðu sinni, og kippi undan sèr sjálfur óvart fótunum. Ef það er heimtað af þessum manni, að hann eptir óumflýjanlegri lagaskyldu taki hið verklega próf, þá verður það líka að vera óumflýanlegt lagaskilyrði, að aðrir taki hið theoretiska próf, og þar á meðal þingmaður Reykvíkinga, ef hann á að hafa fullan eður jafnvel líkan rètt við skólann, og skólakennari Jón Þorkelsson á með rèttu heimtíugu á eptir sjálfri setningu þingmannsins. Eg vildi benda þingmanni Reykvíkinga með þessu á, hvað eiginlega lá í orðum hans og vara hann við að koma málinu út af rèttri stefnu, því að málið gæti beðið mikinn skaða af því, einkum hvað hann sjálfan snertir. Eg tók það fram, að eg vonaði, að hinir aðrir kennarar eigi fyndi sig meidda, þó að hèr væri gjörð sèrstakleg undantekning í svo sèrstaklegu tilfelli. Eg verð nú að fallast á það, sem hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að þessi orð »að minnsta kosti« væri ekki hyggilega valin, en það er nú orðin venja, að menn hafa þau orð sem þenja má eins og hrátt skinn, og á þessum vana hefir nefndin glæpzt.

Brynjólfur Jónsson; Eg vildi nú með fáum orðum styðja að því, að þetta mál fengi góðan framgang. Nefndin hefir nú haldið

fast við þá upphæð, sem beiðandinn hefir til tekið nefnilega 1000 rd. Eg get nú ekki verið því alveg samdóma, að þingið rígbindi sig við vissa upphæð, því að eg er hræddur um, að það spilli fremur fyrir málinu en bæti það, og tíminn mun síðar leiða í ljós, hvort þetta er eigi rètt tilgáta. En eg held nú, að annar vegur muni verða eins affarasæll, og sá, sem nefndin hefir stungið upp á. Hinn merki lærdómsmaður, skólakennari Jón Þorkelsson hefir nú þjónað við skólann í 8 ár, en fyrst fengið fast kennara-embætti fyrir 1 ári síðan. Það er víst mikið og margt, sem mælir með því, að hann hefði fengið jafnmikil laun og fastur kennari frá því hann kom fyrst að skólanum, þó það hafi heitið svo, sem hann lengst af hafi að eins verið settur kennari. Og þótt hinn beini lagabókstafur mæli á móti því, að hann ætti að hafa fengið full fastakennara laun þá get eg ei betur sèð en að öll sanngirni mæli fastlega með því, að svo hefði verið, þar sem þvilíkur maður á í hlut, er þegar stundir framlíða mun verða landi voru til slíks sóma og uppbyggingar, sem jafnágætur lærdómsmaður og kennari gefur oss hinar beztu vonir um. Hefði hann nú frá því hann fyrst kom til skólans fengið full aðjunktslaun, eða 500 rd. og svo laun hans vaxið með árafjöldanum samkvæmt þeim nú gildandi launalögum, þá hefði hann eptir 3 ár fengið 600 rd. og að 3 árum þar frá 700 rd. Ef nú fengist viðurkenning stjórnarinnar fyrir því, að honum mætti veitast full »aðjunkts«-laun frá því hann fyrst var settur kennari, þá mundi hann að ári, eða eptir 9 ára þjónustu vanta 600 rd. upp á að hann hefði fengið full aðjunkts-laun. Eg vil þess vegna gjöra það breytingaratkvæði, að hann fengi laun, sem hver annar aðjunkt, þannig, að embættisaldur hans megi í tilliti til launanna reiknast frá því, að hann kom fyrst að skólanum, og enn fremur, að honum yrði veittir þeir 600 rd., sem vantar á það, að hann hafi haft full aðjunkts-laun. Með þessu fengi hann jafnvel meira í svipinn en 1000 rd. en það jafnaði sig þá upp síðar meir.

Ásgeir Einarsson: Menn hafa nú sýnt mikinn áhuga á þessu máli, en eg veit ekki, hvar þau orð hins háttvirta framsögumanns eiga sèr stað, að þingið skuli eigi miða við neglur sínar fjáruppháðina, því að þingið hefir nú lítið að segja, þar sem það hefir ekki fjárforráð sín, en eg vil nú engu spá, hvað þingið muni gjöra, ef það hefði þau; en mèr er þó nær að halda, að annaðhvort veitti það þessum manni launabót eða engum, því að eg hefi heyrt það bæði af orðum þeirra þingmanna, sem talað hafa i þessu máli og

líka af skólapiltum og öðrum fleiri, hvílíkur ágætis- og dugnaðarmaður þessi maður væri. Annað mál er það, hverja aðferð menn eiga að hafa; það er mikill munur á því, hvort menn hafa beina rèttarkröfu við að styðjast, eða bónarveg verður að fara. Þegar nú verður að fara bónarveg, en eigi er við beina rèttarkröfu að styðjast, þá verða menn að fara liðlega; þess vegna þykja mèr undirtektir konungsfulltrúa þýðingarmiklar í þessu máli. Hvernig sem málið færi, hvort það heldur færi beinlínis frá þinginu, eður það gengur til stiptsyfirvaldanna, þá verður það að koma undir meðmæli konungsfulltrúa. En þar sem hann nú á að mæla með því, þá þætti mèr gott að heyra, hvernig honum þætti bezt að mæla með því. Það var eitt atriði í ræðu framsögumanns, sem konungsfulltrúi svaraði, það er, að kirkju- og kennslumála stjórnin hefði misskilið tilsk. 2. febr. 1849, þá er eg nú mjög á sama máli og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að því ætti að hreifa sem minnst í umræðunum, þegar bænarveg verður að fara. Hvað flýtur af því, hafi kirkju- og kennslumálastjórnin misskilið þetta, og konungur hefir farið eptir því í veitingu sinni, hvar lendir þá andi bænarskráarinnar? En eg vil nú ekki æskja þess, að hinar og þessar tilskipanir sè heimfærðar til Íslands meðan þær eru ekki löggiltar, enda þótt einstakur maður bíði halla af því, eg vil heldur að þær sè löggiltar með berum orðum. Þar sem sagt hefir verið, að þessi maður væri settur neðstur, þar sem hann ætti að vera settur efstur, þá er það kringumstæðnnum að kenna, og held eg, að það væri eigi ráðlegt, að það kæmi fram í bænarskránni til konungs, því þar ætti að fara sem varlegast. Hvað upphæðina snertir, þá held eg að gott væri að fara að ráðum konungsfulltrúa. Það er nú búið að tala um þessi orð »að minnsta kosti«, að þau eigi ekki vel við, og eg fyrir mitt leyti vildi fella þau úr, en það er nú kannske orðin þingverska hèr; en þó held eg að fara ætti sem auðmjúklegast. Eg kann nú ekki við orðaskipunina í þessu niðurlagsatriði; fyrst kemur »Jón« svo kemur kennari við lærða skólann i Reykjavík og svo Þorkelssyni; eg er hræddur um, að þetta sè ekki íslenzkulegt.

Framsögumaður: Eg skildi nú eigi, hvað þingmaður Strandasýslu meinti, að þingið mundi ekki miða við neglur sínar, ef það hefði fjárforráð, og heyrðist mèr hann vera málinu að því leyti meðmæltur. Hann tók nú fram, að fara ætti sem liðlegast í máiið, en viðurkenndi þó, að hèr væri rèttlætiskröfu við að styðjast; þetta

held eg og, að eigi komi í bága við það, þar sem nýlega hefir verið viðurkennt, að íslenzkir embættismenn ætti að fá launaviðbót. Eg skal taka það fram, að eg hefi gjört það viðauka-atkvæði, að þingið gegnum forseta sinn sendi yfirstjórnendum skólans afskript af bænarskránni. Hvað íslenzkuna snertir á niðurlagsatríði nefndarálitsins, þá má þingmaður Strandasýslu eigi halda, að Jón Þorkelsson hafi samið það, en eg neita því, að það sè ekki fullgóð íslenzka, þó að kannske nokkuð mörg orð sè á milli nafnsins og föðurnafnsins.

Forseti: Þar sem ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Þá kemur þessu næst til umræðu það sem stendur undir 4. tölul. á dagskránni, málið um sáttatilraun í bjúamálum.

Var málið síðan afhent framsögumanni hinum 4. konungjörna þingmanni.

Framsögumaður (Jón Pèturssón): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið, og ágreiningsatkvæði þingmanns Gullbringusýslu.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 312.

Öll nefndin var þannig á eitt sátt að því leyti að ráða þinginu frá, að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, eða að ráða frá, að það kæmi út sem lög, eptir þeirri stefnu, sem í því er, en meiri hluti nefndarinnar bjó til nýtt frumvarp til nýrra laga um þetta efni. Ef nú nokkuð er að þessu formi, þá má bæta úr því, með því að tengja hinar einstöku greinir þessa nýja frumvarps við einstaka greinir í frumvarpi stjórnarinnar. Eg þarf ekki að fjölyrða um málið, eg vona, að ástæðurnar í nefndarálitinu sè svo glöggar og ljósar. Það er skýrt tekið fram, að eins og nú stendur, er svo kostnaðarsamt fyrir hlutaðeigendur, hvort heldur hjú eða húsbónda, þegar málin eiga að ganga til sýslumanns, að ná rètti sínum, að það ekki er gjörandi. Þetta fann líka Reykjavíkurnefndin, og fann að það var nauðsynlegt, að málin yrðu afgjörð á annan hátt, einkum af því hún áleit, að þess konar mál mundu koma fyrir tíðar en áður, eptir að ný og nákvæm hjúalög væru komin á fyrir landið, og áleit að ekki væri til neins að hafa þau lög, sem heimiluðu þann rètt á pappírnum, sem vegna kostnaðar við að ná honum yrði sama sem ekkert. Þessa skoðun aðhylltist líka þingið 1861 og bað um frumvarp, er lagt yrði fyrir þetta þing 1863, sem væri byggt á sömu grundvallarskoðunum, sem frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar.

þetta hefir nú og stjórnin gjört. Reykjavíkurnefndin hafði stungið upp á, að hjúamál yrðu afgjörð á 2 vegu, ef eigi gæti komizt sátt á í þeim, annaðhvort með gjörð eða þá að menn í hèraði dæmdu um málavöxtu, og skyldi þriggja manna nefnd í hverjum hreppi hafa þenna starfa, og sem því átti að vera nokkurs konar jurýdómstóll. Þetta síðara hefir stjórnin ekki fallizt á, heldur á, að gjörð í vissum tilfellum gjörði út um þessi mál, og því stungið upp á, að 3 manna nefnd skyldi sett í hverjum hrepp, rètt eins og Reykjavíkurnefndin hafði gjört, og skyldi sú nefnd fyrst reyna sættir, en ef sættir ekki gæti komizt á, þá skyldi sú nefnd gjöra út um málið, ef báðir málspartar samþykktu, annars skyldu málin ganga sinn vanalega veg til dómstólanna. Þegar sá starfi sem Reykjavíkurnefndin ætlaði þessum hreppanefndum, sem sè, að dæma um málavöxtu, er numinn í burtu, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu, áleit nú þingnefndin núna hvorki ástæðu nè neina nauðsyn til að stofna nýjar sættanefndir í hreppunum vegna hjúamála einna við hliðina á þeim, sem nú eru. Meiri hlutinn áleit, að í hjúamálum ætti ætíð fyrst að leita sætta á vanalegan hátt, og ef málspartar ekki gætu sætzt, þá að gjörð skyldi sett til að útkljá málið. Eptir nú gildandi lögum þurfa fæst þess konar mál að koma fyrir sáttanefndina, en ganga beinlínis til sýslumanns, en af þessu getur flotið mikið illt. Ef nú t. d. hjú gjörir óskunda húsbónda sínum eða húsbóndi hjúi, þá má sá málsparturinn, sem hefir orðið fyrir óskundanum, ganga fram hjá sáttanefndinni og strax láta sækja sýslumann, þó hann sè burtu 3, 4 þingmannaleiðir; sè hann viss með að vinna, eður hafi nægar sannanir, lendir kostnaðurinn náttúrlega á hinum ákærða, og getur hæglega orðið 20 til 30 rd. út af kannske ríkisdalsvirði. Svona geta menn hefnt sín fjarskalega fyrir litlar sem engar mótgjörðir, en þetta er ósanngjarnt í alla staði. Allt eins er það á hinn bóginn, að enginn getur unnið það til að ná rètti sínum í þessum málum að fara með þau til sýslumanns, nema hann sè viss um, að mótparturinn verði dæmdur í málskostnað allan. Að vísu mælir margt með því, að öll smámál væri útkljáð af gjörðamönnum, ef ekki kemst sætt á, því kostnaðurinn við að ná rètti sínum verður svo mikill, að rètturinn hverfur og verður ekki nema nafnið, og það gæti virzt rètt, að mál sem ekki eru nema 20 rd. verði lögð í gjörð, en það er annað enn sem mælir fram með því sèrstaklega, að hjúamál verði lögð undir gjörð þar til kvaddra manna, og það er hið siðferðislega samband sem

í svo mörgum greinum á sèr stað milli húsbænda og hjúa. Það er ónáttúrlegt að leggja slík mál fyrir dómstólana, og óeðlilegt að dæma í þeim eptir strangasta lagarètti. Öll sanngirni á hèr við, en til hennar geta dómstólarnir ekki haft tillit, auk þess sem til greina þarf opt að taka persónulega eiginlegleika húsbænda og hjúa, ef málið á að fá rèttlátt útfall, og það geta dómstólarnir ekki og mega ekki, það geta ekki aðrir en kunnugir menn, eins og gjörðarmennirnir sjálfsagt yrðu, og sem eptir löggjöfinni hefðu vald til þess, að taka tillit til allrar sanngirni. Hvað minni hlutanum viðvikur, þá vill hann nú ekki, að aðrir en löglesnir embættismenn taki menn í eið, en það er misskilningur og ekki á rökum byggt. Hver sá sem löggjafinn veitir vald til að taka menn í eið hann má gjöra það. Margur settur sýslumaður, sem ekki eptir lögunum hefir þá hæfilegleika, að mega verða virkilegur sýslumaður, tekur menn í eið, og það þó hann sè að eins settur af amtmanni; því mætti þá ekki hver sá taka menn í eið, sem það er falið á hendur af löggjafanum, og álízt hæfur til þess af honum? Eptir tilsk. 1. sept. 1786 mega og hreppstjórar taka menn í eið í vissum málum, og því ver og miður, gjöra þeir það of sjaldan. Það mætti víst eins láta þá gjöra þetta í mörgum öðrum tilfellum, en þar er ákveðið.

Konungsfulltrúi: Eg verð að lýsa því yfir, að eg get ekki annað en furðað mig á þeirri meðferð, sem nefndin hefir haft á þessu máli, þar sem hún hefir algjörlega kastað stjórnarfrumvarpinu, og búið til nýtt í staðinn, byggt á allt annari grundvallarreglu, í staðinn fyrir, eins og þá næst lá við, að stinga upp á breytingum við stjórnarfrumvarpið og leggja það til grundvallar. Þessi aðferðin er að mínu áliti sú eina rètta, og henni hefir líka allt af verið fylgt hèr á þingi. Annað mál væri það, ef nefndin hefði algjörlega ráðið frá að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, það getur þingið, og hefir gjört áður. Eg verð því að álíta, að þingið hvorki eigi nè megi ræða málið eptir því frumvarpi sem nefndin hefir hèr búið til, og mèr er til efa, að eg geti tekið við bænarskrá frá þinginu, sem þar á væri byggð. Þingið verður því að ræða málið eptir stjórnarfrumvarpinu, eins og það liggur fyrir, ef það treystir sèr til þess, og þá er þetta óvanaleg aðferð; en ef þingið ekki getur þetta, þá fæ eg ekki betur sèð, en málinu verði að vísa til nefndarinnar aptur, og biðja hana um að gjöra málið úr garði á venjulegan hátt. Það getur ekki orðið rætt eptir uppástungum nefndarinnar, heldur einungis á grundvelli stjórnarfrumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að geta þess út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, að meiri hluta nefndarinnar datt ekki til hugar að ráða þinginu frá að ræða stjórnarfrumvarpið, hann hefir sjálfur rætt það, en getur ekki fellt sig við það, og verður að segja hreina meiningu sína; það er þingsins eigin sök, hvort það er samdóma stjórnarfrumvarpinu, meiri hlutanum eða hvaða stefnu það tekur; en það er auðvitað mál, að hver þingmaður ræðir stjórnarfrumvarpið og gjörir athugasemdir við það og eins hlýtur, ef vill að mega ræða frumvarp eður breytingar meiri hlutans. Eins og eg gat um, má hnýta frumvarpi meiri hlutans við frumvarp stjórnarinnar, ef það þykir nokkuð formlegra, og á móti því getur ekki verið nokkur skapaður hlutur; en það getur verið óglöggt, hvernig það á saman, og skal eg fús hjálpa forseta í því að koma því fyrir; og þótt frumvarp stjórnarinnar, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi gat um, sè lengra en frumvarp meiri hlutans, þá fæ eg ekki sèð, hvernig það gjörir nokkuð til, því 1. gr. hjá meiri hlutanum getur komið í staðinn fyrir 2. eða 6. grein í stjórnarfrumvarpinu. þessi máti getur mèr ekki sýnzt neinn nýr máti. Þá er gjörð að eins breyting á frumvarpi stjórnarinnar og þingið afræður að aðhyllast það breytingarlaust heldur en með breytingum. Mèr þótti það harður dómur, sem konungsfulltrúi lagði á nefndina, þar sem hann sagði, að bezt væri að vísa málinu til hennar aptur; því það væri með öllu ólöglegur framgangsmáti, eptir því sem hèr stendur á, og hvar engra nýrra upplýsinga þarf með. Nefndin getur að vísu, ef málinu væri vísað til hennar aptur, hnýtt hinum einstöku greinum frumvarpsins við greinir stjórnarfrumvarpsins, en til þess þarf engan veginn að vísa málinu aptur til nefndarinnar, annars get eg ekki sèð betur, en að umræðunum um málið eður stjórnarfrumvarpið megi framhalda fyllilega.

Konungsfulltrúi: Eg verð að taka það upp aptur, að mèr virðist þessi aðferð bæði óvanaleg og móti rèttum þingreglum, og eg sè ekki heldur, að uppástungur nefndarinnar geti orðið tengdar við stjórnarfrumvarpið, þar sem það er byggt á allt öðrum grundvelli.

Arnljótr Ólafsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það nú upp aptur, að þessi meðferð á málinu væri bæði óvenjuleg og móti rèttum þingsköpum, en eg heyrði hann ekki sanna það. Hann játaði tvennt: Fyrst það, að það væri rètt og hefði áður verið gjört að ráða frá stjórnarfrumvörpum, og það annað, að þingið hefði

stungið upp á nýjum frumvörpum, enda hefir það og gjört verið á alþingi 1845, 1849, og 1861 samdi þingið tvö frumvörp. Það hefir jafnan verið viðurkennt, að ráðgjafarþingin í Danmörku hafi haft þenna rètt, og því alþing sjálfsagt eins; eg get meðal annars skýrskotað til Örsteðs lögfræðingsins mikla, að hann, sem þó eigi þótti neinn sèrlegur frelsisvinur, hefir sýnt og sannað, að ráðgjafarþingin hefði fullan rètt til að stinga upp á lagafrumvörpum eður hefði, sem menn kalla »Initiativ«. Hinn háttvirti konungsfulltrúi segir nú, að vèr megum breyta stjórnarfrumvörpum, án þess að ákveða, hve mikil þessi breyting megi vera; en þá er skrítið að vèr eigi skulum mega koma með breytingaratkvæði við allt frumvarpið. Eg fæ eigi betur sèð, en að nefndin hafi farið löglega að eptir 69. grein alþingistilskip.; þar er tekið fram, að nefndir megi stinga upp á frumvörpum. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði þessu næst, að vèr mættum ráða frá stjórnarfrumvörpum, þá hlýtur hann að vera nefndinni samdóma í því, með því, að hún hefir eiumitt gjört það, en svo hefir hún og notað uppástungurètt þann, er alþingistilsk. heimilar nefndum og hverjum þingmanni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi játaði og, að nefndin hefði þenna rètt, svo hèr er þá engin mótsögn í raun rèttri milli konungsfulltrúa og nefndarinnar. En þá verð eg að játa, að eg skil eigi, hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi binda hendur þingsins við einhverjar smábreytingar á stjórnarfrumvörpunum. Eg get því eigi sèð, að hèr sè nokkur nýstárleg aðferð höfð, þó þetta atvik hafi sjaldan komið fyrir. Nefndin hefir alls ekki, eins og þó hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, ráðið þinginu frá að ræða frumvarpið því fer svo fjærri, að einmitt stjórnarfrumvarpið hlýtur að liggja til grundvallar, og verða borið upp til atkvæða eins fyrir því, þótt nefndin hafi ráðið frá að það yrði gjört að lögum; en uppástungur nefndarinnar eður frumvarp hennar verður rætt sem breytingar við stjórnarfrumvarpið.

Konungsfulltrúi: Eg held þingmaður Borgfirðinga hafi misskilið mig. Það er satt, að þingið bjó til frumvarp í Schaffners málinu, en þar lá ekki neitt konunglegt frumvarp til grundvallar, sem þingið hefði kastað, eins og hèr hefir verið gjört, og hèr er því ólíku saman að jafna. Nefndin hefir að vísu ekki ráðið frá að ræða stjórnarfrumvarpið; en það er auðsèð, að hún ætlast þó til, að sitt frumvarp verði lagt til grundvallar fyrir umræðunum um málið, en ekki frumvarp stjórnarinnar, og einmitt þessa aðferð álít eg gagnstæða því sem vera ber.

Benidikt Sveinsson: Eg skal nú ekki tala margt að sinni. Eg verð að álíta aðferð nefndarinnar alveg löglega, og ef þingið álítur nefndina hafa farið ólöglega að, þá kemur það í mótsögn við sjálft sig, þar sem það annars vill hafa rètt til að stinga upp á lagafrumvörpum, sem það og hefir; eður á þá þingið að segja já og amen við öllum frumvörpum stjórnarinnar, hvernig sem þau eru löguð? En til þess að fyrirbyggja misklið, þá ætla eg að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að í staðinn fyrir stjórnarfrumvarpsins greinir komi tilsvarandi greinir í nefndarfrumvarpinu; og þá held eg formspursmálið sè leyst

Konungsfulltrúi: Eg verð þó að segja, að þessi aðferð er aldeilis ný, og gagnstæð því sem gjört var t. a. m. 1849, og eptir minni skoðun og skilningi á alþingistilskipuninni hefir þessi meðferð á stjórnarfrumvarpinu ekki heimild í henni.

Jón Hjaltalín: Mig skal nú ekki furða, þó stiórninni verði bilt við, þegar svo er farið með frumvörp þau, er hún leggur fyrir þingið, að þeim er fleygt í hana aptur. Eg held, að í lögum megi gjöra mikið með orðabreytingum, og það er óhafandi að fleygja svona alveg frumvarpi stjórnarinnar. Eg er nú enginn lögfræðingur, en eg veit að þinginu ber að gæta að velsæmi sínu. Eg segi þetta ekki í því skyni að álasa eða bríxla hinum heiðraða vin mínum þeim 4. konungkjörna, eg ber mikla virðingu fyrir honum, sem mjög lögfróðum manni, en of mikið má að öllu gjöra. Eg er ekki, eins og eg sagði, lögfræðingur, og eg fer að verða svona milli steins og sleggju, þegar eg sè að lögfræðingar svona rísa hver upp á móti öðrum, eins og 2 lögfróðir menn nú gjöra. Eg vildi ekki að slíkur ágreiningur ætti sèr stað milli læknanna, enda er það ekki. Eg veit nú ekki, hvort eg skil nokkuð í þessu; en það skilst mèr, að stjórnin hafi viljað láta eptir þinginu, og hafi tekið til greina nefndarálitið þeirrar nefndar, sem sett var í Reykjavík, og eptir ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu finnst mèr hún hafa gjört rètt. Og mèr finnst þessi »*gylliniplástur*» nefndarinnar ekkert bæta. Eg brúka orðið »gylliniplástur», af því það var brúkað í líku sambandi um daginn, af þingmanni Borgfirðinga, og er þá ekki leiðum að líkjast. Eg get ekki fundið, að frumvarp stjórnarinnar sè svo ónýtt, að það þurfi að kasta því. Mèr skilst, sem nefndin vilji hafa kviðdóma, fyrir þeim bið eg guð almáttugan að fría mig og landa mína, það yrði víst sá versti grautur, og eg verð að segja það, að þá hefi eg betri tiltrú til lagamannanna í landsyfirrèttinum. Eg skil ekki hvers vegna

menn vilja búa til sèrstaka dómstóla fyrir vinnuhjú, hvers vegna á að klípa þau út úr? Ætli verði ekki bráðum beðið um einhverja kviði til að stinga lausamönnunum í. Þessi margbreytni er sannarlega skrítin. Sumir eru látnir verða aldeilis »exleges», t. d. þeir í Reykjavík og á Akureyri. Okkur ólöglærðu mennina fer nú víst að svima innan um þessa *kássu*. Eg vil fylgja stjórninni í öllu sem rètt er. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin ekki vildi hafa þessa kviði, og eg vil ekki hafa þá heldur, því þeir yrðu hèr á landi óhafandi. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga fór nú eins og vant er með hægðinni, en hann potaði þó nokkuð áfram. Þótti honum menn hafa leyfi til að kasta stjórnarfrumvarpinu, og búa til spánýtt. Eg er nú engin garpur í lögum, en eg skil ekki í að ekki geti orðið gagn að breyta orðum. Eg hef þó dæmi fyrir mèr. Hinn heiðraði konungkjörni vara-þingmaður sagði að aðferðin væri lögmæt. Eg skal nú ekki bera það tiltaka, en eg vil spyrja: Er hún hyggileg? Er það hyggilegt að fara svona með stjórnina? Við þurfum að biðja stjórnina um margt og biðja hana að gjöra vilja okkar, og eigum því ekki að þarflausu að gjöra neitt á móti vilja hennar, og sízt ættum við að gjöra okkur far um að opponera henni rètt að gamni okkar. Eg vil að vísu ekki segja »já« og »amen» til alls, sem stjórnin gjörir, en það má fyrr gagn gjöra en að segja annaðhvort já og amen til stjórnarfrumvarpsins, eður kasta því alveg; þar er mikið á milli. Eg get ekki gjört að því, að mèr virðist eitthvað ískyggilegt við þessa kviði. Og af því munur er að mannsliði, þá ætla eg að halda mèr að stjórnarfrumvarpinu; eg vil ekki að það sè farið illa með stjórnina.

Forseti: Eg vona að þingið líti á það, hvað lítið er eptir af þingtímanum, og eyði honum ekki með því að ræða um formspursmál. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi var nú reyndar móti þeirri meðferð, sem nefndin hefir haft á málinu, en framsögumaður hefir sjálfur stungið upp á úrræði, nefnilega, að tengja uppástungur nefndarinnar sem breytingaratkvæði við tilsvarandi greinir í hinu konunglega frumvarpi, en það er sjálfsagt lítið samband milli nefndaruppástungnanna og stjórnarfrumvarpsins, svo ef þessi aðferð þætti óröug og óviðfelldin, þá mætti *líka* ræða stjórnarfrumvarpið sèr á undan og nefndarfrumvarpið sèr á eptir, og skildist mèr á ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, að hann áliti ekkert vera á móti þessari aðferð, og að það mætti vel takast, (þar sem frumvarpið er svo einfalt), þó nefndin hafi ekki farið út

í hinar einstöku greinir þess. Hinn konungkjörni varaþingmaður áskildi sèr rètt til breytingaratkvæðis, og álít eg því ekki þörf að ræða meir um þetta formspursmál, en vona að menn fari að ræða efnið sjálft.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að leiðrètta það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði um meðferðina á frumvarpi stjórnarinnar til kosningarlaganna, er rætt var á þinginu 1849. Þá stóð svo á, að þingið var búið að ræða sitt frumvarp þegar frumvarp stjórnarinnar kom. Nú var sett nefnd í málið, og rèð hún frá því; síðan var frumvarpið rætt og kallað *varafrumvarp* við þingsfrumvarpið sem *aðalfrumvarp.* Einn þingmanna tók margar af greinum þingsfrumvarpsins og gjörði þær að breytingaratkvæðum við stjórnarfrumvarpið; svo stakk hann og upp á, að fella skyldi margar greinir úr stjórnarfrumvarpinu, og þar á meðal allar þær greinir, er lúta að tvöföldum kosningum, sem þó voru fóturinn undir stjórnarfrumvarpinu. Þetta var reyndar þá kallað að »gjörsteypa» frumvarpinu, en konungsfulltrúi fann þó eigi að því, og endirinn varð sá, að einar tvær greinir af frumvarpi stjórnarinnar og, mig minnir, eitt breytingaratkvæði voru samþykktar sem *varauppástungur* við þingsfrumvarpið. Af þessu finnst mèr auðsætt, að ver var farið með stjórnarfrumvarp þá en nú er gjört. Nú er frumvarp stjórnarinnar aðalfrumvarpið, en frumvarp okkar, sem erum í meiri hluta nefndarinnar er að eins breytingaratkvæði við stjórnarfrumvarpið. Eg álít sama, hvort stjórnarfrumvarpið og nefndarfrumvarpið eru bæði á sama blaðinu, eða eitt á hverju blaði, hið síðara er jafnvel hægra, því þá geta menn haft sitt í hverri hendi og borið þau því betur saman. Kunna sumir þingmenn að fallazt heldur á stjórnarfrumvarpið, en sumir þá aptur á nefndarfrumvarpið, enda var það af þessum ástæðum einkum að meiri hluti nefndarinnar gat eigi verið að gjöra frumvarpsgreinir sínar að breytingaratkvæðum við greinir stjórnarfrumvarpsins sèr í lagi..

Forseti: Eg vil halda því fram, að æskilegt væri, að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður komi fram með breytingaratkvæði sitt.

Benidikt Sveinsson: Eg vona að formspursmálið sè nú loksins á enda kljáð, Eg vil ekki að svo stöddu fara langt inn í málið, en verð þó að segja, að það er íhugunarvert fyrir þingið að ganga út frá því, að nefndarfrumvarpið sè hlægilegt. Hinn 5. konungkjörni þingmaður verður að vera sjálfum sèr samkvæmur, hann

biður stundum um lög, en kallar það þó allt í einu lagaflækju, þegar aðrir biðja um þau; nú leggur stjórnin lög fyrir þingið, þingið kýs nefnd, og hún segir álit sitt; þetta er eðlilegt og skylda þingsins að fara svona að, eins og líka nefndin í þessu tilliti fullkomlega hefir gjört skyldu sína. Eg vil nú spyrja hinn 5. konungkjörna, hvort eg þegar eg sè »Recept« eptir hann, sem eg ekki get lesið eða skilið, þá eigi að fordæma það hlægilegt og reka upp skellihlátur. Líkt og þetta ferst honum nú reyndar með frumvarp nefndarinnar. Eg vona að þingið viðurkenni, að nefndarálitið er byggt á vilja landsmanna og á þeim aðalgrundvelli sem þingið fór fram á 1861; eg veit það vel, að stjórnin er yfir landinu og þinginu, en það er skylda hennar að láta ekki annað verða að lögum, en það, sem er byggt á skynsamlegum vilja, óskum og þörfum landsmanna. Nú leggur stjórnin lagafrumvarp fyrir þingið, og það kýs nefnd; hún hugar síðan málið vel og vandlega; og skyldu menn þá út í loptið eiga að álasa nefndinni og þinginu fyrir þá sök, að það eigi getur fallizt á stjórnarfrumvarpið, án þess að gefa neina aðra ástæðu. Það er verulegt atriði, sem nefndin hefir tekið fram, þó ekki sè hèr að ræða nema um hjúalögin. Kostnaðurinn við málsóknir hèr á landi er svo mikill, að viða er leit á í öðrum löndum, að hann sè meiri að sínu leyti og í hlutfalli við stærð málanna; það er opt að rètturinn er minna virði en málskostnaðurinn. Vèr eigum hèr í eilifum eltingaleik við tómar og þýðingarlausar »formur« og króka, sem þó er ekkert nema dauður já verri en dauður bókstafur. Þingið hefir fullkominn rètt og skyldu til að lýsa því yfir við stjórnina, að þetta sè ófært ástand, að minnsta kosti hvað hjúamál snertir, sem bæði þurfa fljóta úrgreiðsla og jafnan nema mjög litlu þrætu-efni.

Forseti: Eg ímynda mér, að nú þegar sè nóg búið að ræða um formhlið þessa máls, og vona því að menn geti farið að ræða það að efninu til.

Jón Hjaltalín: Það er máltæki, að það verði hverjum að list, sem hann leikur, en þetta virðist eigi að sannast á þessu þingi, því við erum allt af að biðja um lög og aptur lög, svo það lítur svo út sem við sèum eigi færir að búa til lög, þó við sèum að myndast við það. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður má ekki taka mèr það illa upp, þó eg kunni illa við það, að vera ár eptir ár að biðja um ný lög og svo kasta þeim þegar þau koma frá stjórninni. Ef menn sæu Recept eptir mig, sem hvert væru ofan í annað, þá

held eg mönnum þætti það skrítið. Þingmaðurinn talaði um vilja landsmanna og þjóðarviljann, en eg er nú hræddur um, að hanu ekki allt af komi hèr í ljós á þessu þingi, heldur sè það einstakra manna vilji. Eg vil að eins benda mönnum á vegabótalögin og jarðamatið, samt þau lög, er um það voru gefin; mèr finnst annars málið eins og það nú liggur fyrir vera óútlistað, og að frekari upplýsinga þurfi við (*Forseti:* Meðferð málsins í »Realiteten» leiðir það í ljós). Menn halda, að kostnaðurinn muni verða minni við þessa tilhögun, en það efast eg stórlega um, og að málin verði óflóknari, fæ eg ómögulega skilið: en það sem eg allaraminnst kann við, er að vera að taka svona einstöku flokka af mönnum út úr fèlaginu, og búa til lög handa þeim; þetta getur varla annað en valdið glundroða.

Framsögumaður: Meiri hluti nefndarinnar hefir nú orðið fyrir mjög svo þungum dómi af hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni. Hann sagði, að þingið yrði að gæta síns velsæmis, og að það mundi hlaupa í gönur, ef það aðhylltist nefndarálitið, en hann segir þó um leið, að hann hafi ekkert vit á lögum, heldur haldi hann, að stjórnin vilji hafa það si svona, og því eigi þingið að aðhyllast það; hann gjörir sèr með þessu aðra hugmynd um stjórnina en eg; eg ímynda mèr, að stjórnin ekki vilji láta okkur fá annað en góð lög; eða heldur máske þingmaðurinn að stjórnin endilega vilji neyða upp á okkur slæmum lögum? Ástæður meiri hlutans bera það annars ljóslega með sèr, að nefndin hefir ekki kastað stjórnarfrumvarpinu án ástæðna; hún gat ómögulega fallizt á það, og þetta er það, sem hún skýrir þinginu frá; hún leyfði sèr því að koma með nýtt frumvarp, og þetta hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi játað, að þingið hefði rètt til; eg sè heldur ekki neitt á móti því, að hnýta nefndarfrumvarpinu sem breytingaratkvæðum við stjórnarfrumvarpið. Þegar hinn 5. konungkjörni þingmaður fór að tala um kviðdómana, þá er það auðsèð, að hann hefir ekkert vit á þeim, enda er það og vafasamt lagaspursmál, hvernig þeim hefir verið háttað, og treysti eg mèr ekki til að leysa úr því, og kann eg þó meira í lögum en hann. Eg lái honum því ekki, þó hann ekki geti haft neina meiningu um þá; en hitt lái eg honum, að hann skuli vera hræddur við það, sem hann ekki þekkir minnstu lifandi agnar ögn til.

Jón Hjaltalín: Eg þykist þekkja til kviðdóma í læknisfræðislegu tilliti og hvað af þeim hlýzt þar; en um hina okkar kviðdóma

veit eg einungis það, að meðan þeir stóðu, gekk það einstakasta lagaleysi yfir allt land.

Konungsfulltrúi: Eg ætla einungis að svara framsögumanni því, að þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að þingið gæti búið til alveg nýtt frumvarp í staðinn fyrir frumvarp stjórnarinnar, þá er þetta röng eptirtekt eða misskilningur hjá honum, því það sem eg sagði, var það, að þingið gæti að vísu ráðið frá að aðhyllast eitthvert frumvarp frá stjórninni, sem hún legði fyrir þingið en gæti þar á móti, ekki alveg kastað því, og sett alveg nýtt frumvarp í staðinn, eins og hèr væri gjört.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi gjarnan gjöra hugmynd mína nokkuð ljósari ef mèr gæti tekizt það. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi játaði, að þingið gæti hafnað stjórnarfrumvarpi, og í annan stað hefði þingið rètt til að búa framvarp tii í einu máli. Finnst mèr þá, að hverjum þeim, sem getur lagt svo mikið saman sem 1 + 1 eru 2, hljóti að vera skiljanlegt, að nefndin hafi eigi farið lengra en rètt er í þessu máli; þvi uppástungur hennar eru þær tvær: sú fyrst, að hún ræður frá frumvarpi stjórnarinnar; hin sú, að hún ræður þinginu til að samþykkja frumvarp það, er hún bjó til. Hin fyrri uppástungan er neileg »negativ», hin síðari jáleg eður »positiv«. Fyrst nú hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir játað, að nefndin hefði haft rètt til hvorstveggja þessa hvors um sig, þá er það hið eina, sem hèr getur verið umtalsmál, hvort þetta hvorttveggja eður að eins annaðtveggja megi eiga sèr stað í sama málinu; en eg get hvergi fundið í alþingistilskipuninni eður þingvenjunni nokkuð það, er takmarki svo frumvarpsrètt nefndar í einu máii, að hún eigi megi byggja upp aptur það, er hún hefir brotið niður.

Benidikt Sveinsson: Eg hefi hugsað mèr breytingaratkvæði mitt hèr um bil þannig, að í stað stjórnarfrumvarpsins 1—13, greinar komi svolátandi grein, sem sè nefndaruppástungurnar, og bið eg forseta að skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort breytingaratkvæðið sè ólöglega uppborið.

Ásgeir Einarsson: Eptir þessu breytingaratkvæði get eg eigi rætt frumvarp stjórnarinnar.

Benidikt Sveinsson: Forseti kemur því víst svo fyrir, að þingmaðurinn geti gjört það, ef hann annars vill og getur.

H. Kr. Friðriksson: Mèr getur ekki betur skilizt en að það megi tengja bæði frnmvörpin saman og ræða þau svo.

Benidikt Sveinsson: Eg gjörði þetta breytingaratkvæði til þess menn í allan dag ekki skyldu vera að ræða um þetta formspursmál. Það sem eg óska, er að menn gangi til atkvæða um breytingaratkvæði mitt, ef það fellur, þá mun eg áskilja mèr enn á ný breytingaratkvæði.

Pètur Pètursson: Eg gef þessu breytingaratkvæði mitt atkvæði, af því það er bæði formlegra og meir »loyalt«. Þetta var það einasta, sem eg hafði út á nefndarálitið að setja. Að öðru leyti vil eg einungis geta þess, að það hefir opt og tíðum borið að, að stjórnarfrumvörp hafi fallið hèr á þingum fyrir meiningum þingmanna. Eg er og viss um, að það hefir ekki verið meining hins hæstvirta konungsfulltrúa, að þingmenn ekki mættu segja meiningu sina í þeim efnum.

Konungsfulltrúi: Það er sjálfsagt, að þetta breytingararatkvæði tekur af öll tvímæli; menn þurfa ekki annað en að fletta blaðinu við, svo sèr maður hvað liggur undir niðri, en það er að kasta alveg stjórnarfrumvarpinu. Eg get því heldur ekki fallizt á þetta atkvæði, þó það ef til vill sè í kurteisara. Að öðru leyti verð eg að mótmæla því, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga lagði mèr í munn, að eg hefði sagt, að þingið hefði heimild til bæði að hafna einu stjórnarfrumvarpi og búa til nýtt í staðinn, því þetta hefi eg hvergi sagt, heldur einmitt það gagnstæða

Benidikt Sveinsson: Eg held hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi hraparlega misskilið mig, því það var engan veginn meining mín, að breytingaratkvæði mitt skyldi koma í stað stjórnarfrumvarpsins. Eg vil einungis, að því sè skotið til atkvæða þingsins.

Arnljótur Ólafsson: Eg get eigi sleppt því þegjandi fram hjá mèr, að breytingaratkvæðið skuli vera meira »loyalt« en frumvarp nefndarinnar, því eg hygg óhætt sè að fullyrða, að breytingaratkvæðið sè fullkomlega svo hart og gangi svo langt sem uppástungur nefndarinnar. Nefndin leit og lítur enn svo á málið, að stjórnarfrumvarpið liggi fyrir þinginu, og að það sè aðalfrumvarpið, sem um sè að ræða, en frumvarp nefndarinnar er sem hvert annað breytingaratkvæði.

Framsögumaður: Eg játa það, að eg ekki er eins kurteis og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, en eg sè ekki, að neinn kurteisismunur liggi í því, að hafa nefndarfrumvarpið sèrskilt eins og nefndin gjörði, og í því, að hnýta því aptan við stjórnarfrumvarpið eins og breytingaratkvæðið gjörir. Mèr er ómögulegt

að sjá að hið fyrra sè nokkuð meiðandi fyrir stjórnina eða einstakan mann, en það getur verið að það komi af því, að eg ekki sè eins kurteis og hinn hæstvirti konungsfulltrúi.

Gísli Brynjúlfsson: Eptir þeirri stefnu, sem mál þetta nú er er komið í, finnst mèr óumflýjanlegt að tvær undirbúningsumræður verði að vera um það, og skýt eg því þess vegna til hins háttvirta forseta, hvort ei mundi rèttast að fresta fundi að svo stöddu, svo hinn konungkjörni varaþingmaður, er ráðgjört hefir hið mikla aðalbreytingaratkvæði við allar uppástungur nefndarinnar, gæti haft tækifæri til að koma sèr saman við nefndina um fyrirkomulagið, svo þingmenn gæti haft allt fyrir sèr áður en undirbúningsumræðan byrjar að nýju. En fyrst eg á annað borð stóð upp, þá verð eg og að segja nokkur orð við hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, er áðan fór að tala hèr á þinginu um kviðdómana í fornöld; og kemur þetta einkum af því, að eg kann ei við, að svo alveg ástæðulaus orð, sem að eins ern byggð á fullkominni vankunnáttu í þeirri grein, skuli standa með öllu mótmælalaus í þingtiðindunum. Eg verð þá að segja hinum háttvirta þingmanni það, að dómaskipun öll hèr í landi í fornöld var svo ágæt og fullkomin, að vèr mættum þakka mikillega, ef hún nú væri lík því sem þá var, og er það sönnun fyrir þessu, að þeir dást mest að henni, sem bezt hafa vit á. Hinn háttvirti vinur minn hefir því villst mjög svo í því, sem hann sagði, og get eg þá ei ímyndað mèr annað, þar sem eg veit, að hann er annars svo ágætur maður í sinni mennt, en að þetta komi af því, að hann hafi hèr einhvern veginn ruglað fornum dómakviðum, sem hann mun vita lítið um, saman við ýmsa aðra kviði, sem eg veit að honum er miklu kunnugra um, og um allt það ólag, sem opt kann á þeim að vera. En það var hraparlegur misskilningur af honum, að ímynda sèr, að þetta sama ólag hafi nokkurn tíma verið á þeim nefndarkviðum, sem í fornöld voru hafðir við hina hátignarlegustu dóma; þeir kviðir þurftu aldrei læknis við.

Benidikt Sveinsson: Eg er fús til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga mæltist til af mèr.

Ásgeir Einarsson: Þetta er það sama og að vísa því aptur til nefndarinnar. Eg áliti það mikið gott, ef forseti vildi gjöra það; en þetta hefir ekki verið gjört áður. Eg man það, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður fór öðruvísi að 1849; hvort þetta er formlegt eða ei, veit eg ekki, en eg vil geyma mèr rètt eptir § 70 í alþingistilskipuninni.

Benidikt Sveinsson: Hèr getur alls ekki verið einu sinni spursmál um að vísa málinu aptur til nefndarinnar, því þetta getur einungis átt sèr stað, þegar málið má heita óskoðað frá nefndarinnar hálfu. Hvað breytingaratkvæði mitt snertir, þá álít eg það öldungis lögformlegt. Að spursmálið er hèr um það, á hvaða grundvallvallarreglum stjórnarfrumvarpið hvílir og nefndarfrumvarpið, en eigi þær einstöku greinir. Að öðru leyti skal eg koma mèr saman við nefndina.

Forseti: Eg álít, að breytingaratkvæðið bæti úr þeim formgalla sem hèr er á, og skal eg því láta ganga til atkvæða um hvort þessum umræðum ekki sè lokið; en um leið vil eg skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hann ætlar að setja sig á móti því, að bæði frumvörpin verði rædd samhliða.

Konungsfulltrúi: Þetta verður að vera á þingsins valdi, en að öðru leyti get eg ekki skilið hvernig bæði frumvörpin verði svo vel fari, rædd samhliða, eins og eg áður er búinn að taka fram.

Gísli Brynjúlfsson: Það sem eg stakk upp á áðan, var einmitt í sömu stefnuna, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði áður drepið á, að vísa nefnilega málinu aptur til nefndarinnar. En eptir minni uppástungu verður aðferðin að eins miklu vægari og með svo litlum tímaspillir, að þess gætir varla, þar sem uppástungumaðurinn að breytingaratkvæðinu verður mjög fljótt að geta komið sèr saman við nefndina. Mèr finnst því og ófært að halda þessari umræðu áfram, áður en hitt er búið, en atkvæða held eg þó ei þurfi að leita um þetta efni.

Forseti: Þingið þekkir breytingaratkvæðið, sem upp hefir verið borið og aðalstefnu þess, og þarf því ei að slá málinu á frest.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi vekja athygli hins háttvirta forseta á því, hvort hann eigi vildi spyrja konungsfulltrúa að því, hvort hann mundi vilji taka við bænarskrá í málinu eður eigi.

Forseti: Eg álít, að svarið hafi legið í því sem hann áðan talaði hèr að lútandi.

Benidikt Sveinsson: Eg vil enn þá halda því fram, að atkvæða sè leitað um breytingaratkvæði mitt.

Forseti: Lèt síðan ganga til atkvæða um hvort breytingaratkvæðið væri löglegt, og var það samþykkt með 13. atkvæðum gegn 1.

Jón Hjaltalín: Á að ræða breytingaratkvæðið sèrstakt eða við síðnstu umræðu?

Forseti: Stjórnarfrumvarpið liggur fyrir til umræðu. En eg vil skjóta því til þingmanna, hvort ekki skuli hætta umræðum þangað til hinn konungkjörni varaþingmaður hefir komið sèr saman við nefndina. Var það síðan samþykkt með 16 atkv. gegn 2.

Jón Sigurðsson: Má þá ekki gjöra breytingaratkvæði við hvorttveggja frumvarpið?

Benidikt Sveinsson: Þingið hefir nú með atkvæðagreiðslu skorið úr, að það vill aðhyllast breytingaratkvæði mitt.

Forseti: Þessari umræðu er þá lokið fyrst um sinn, en af því framorðið er orðið, þá læt eg hið síðasta mál sem er á dagskránni bíða kvöldfundar, sem eg ákveð til þess kl. 7 í kvöld.

Fundi slitið.

Þrítugasti fundur — 10. ágúst.

(Kvöldfundur).

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður gengið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að hinn 3. konungkjörni, þingmaður Skagfirðinga og varaforseti hafa tilkynnt mèr, að þeir gæti ei komið á fund. Verður þá haldið áfram undirbúningsumræðunni í sættatilraunamálinu. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður. Það var stungið upp á, að ræða hið konunglega frumvarp í pörtum, og held eg þá að hentugast væri að ræða fyrst 1—7. grein, því þessar greinar eru aðalumtalsefnið, og ágreiningurinn milli nefndarfrumvarpsins og konungsfrumvarpsins er einkum innifalinn í þeim, að þar sem nefnil. hið konungl. frumvarp stingur upp á nýjum sáttanefndum við hliðina á hinum gömlu, þá fer nefndarfrumvarpið því fram, að þessar nýju nefndir skuli ei setjast, heldur að hlutaðeigendur skuli kjósa sinn hvor með hinum efra sáttamanni, svo málið komist í gjörð; og vill meiri hluti nefndarinnar, að málspartarnir skuli vera skyldir til að leggja málið í gjörð; en eptir hinu konunglega frumvarpi er þetta málspörtunum í sjálfsvald sett. Þessi ólíka aðalundirstaða kemur nú fram í 1.— 7. gr. hins konunglega frumvarps, og í 1.—2. gr. í nefndarfrumvarpinu. Síðari hlutanum má aptur skipta í fleiri smáhluta, ef mönnum svo lízt.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Pèturssón): Eins og hinn háttvirti forseti sagði, þá er nú í 1.—7. gr. hins konunglega frumvarps

talað um að stofnsetja nýjar sáttanefndir, en það sýnist nú allri nefndinni í einu hljóði, að ekki bæri að stofna þær, af því að þessum nýju nefndum væri ekki ætlaður neinn annar starfi en venjulegar sáttanefndir hafa, og að hjúamálin hefðu ekkert það við sig, sem þyrfti nýrra sáttanefnda við. Þar að auki mundi það verða örðugt, að fá 3 nýja sáttamenn í hverjum hreppi við hliðina á þeim sem nú eru. Enn fremur sýndist meiri hlutanum betra, að farið væri með hjúamál ætið fyrir hinar reglulegu sáttanefndir, heldur en að hlutaðeigendur fari strax til sýslumanns, eins og leyfilegt er nú eptir löggjöfinni; þetta áleit hann langtum kostnaðarminna og betra í öllu tilliti, og því vildi hann, að málspartar væri skyldir í þessum málum að fara fyrst fyrir hinar reglulegu sáttanefndir. Það er óbærilegur kostnaður, sem húsbændur og hjú geta gjört hvort öðru með því að heimta undir eins sýslumann, því ef það er regluleg mótgjörð, meiðsli annaðhvort í orði eða verki, þá er ekki spursmál um, að sá sem meitt hefir, verður dæmdur til að borga kostnaðinn, sem getur komið til að nema mörgum dölum út af litlu efni.

Jón Hjaltalín: Er nú þörf fyrir þingið, að halda sèr svo lengi uppi við þessi hjúamál? Mèr dettur í hug eitt dæmi, sem víst fleiri þekkja; maður spurði annan hjá Grikkjum í fornöld, hvers vegna hann hefði ekki ákveðið refsingu fyrir föðurmorð, en hinn svaraði, að hann ekki hefði viljað minna menn á þann glæp; eins held eg nú, að þetta sè mjög sjaldgæft hèr; það á sèr ekki stað, að húsbændur eða hjú klagi hvort annað, svo eg held, að menn geti sparað sèr öll þessi lög, því eg er hræddur um, að einmitt þau muni gefa tilefni til miskliða. Það er sjálfsagt, að frumvarpið er nú komið, því stjórnin hefir gefið eptir fyrir beiðni þingsins, en eg vil biðja þingmenn að gæta vel að því, hvort ekki sè bezt, að hafa þetta sem stytzt, og verja ekki löngum tíma til að ræða um mál, sem ekki er sèrlega þarflegt. Þessar skoðanir um dómstólavald og lagarekstur er eg nú ekki mikið fyrir.

Konungsfulltrúi: Eg verð að taka í sama strenginn og hinn heiðraði konungkjörni þingmaður, sem nú talaði, að það sè mjög sjaldgæft hèr á landi, að miskliðir komi upp milli húsbænda og hjúa, sem reki til dómstóla eða sættanefnda, og eg verð því að vera á því, að menn eins og skapi sèr þessar mörgu miskliðir. Menn gjöra ráð fyrir, að þessar miskliðir komi nú upp með nýju hjúalögunum; ef svo yrði, þá teldi eg það ekki neinn kost á þessum lögum. En eg held líka, þetta sè eintóm ímyndun, og að

minnsta kosti má ekki gjöra ráð fyrir þessari afleiðingu af þeim nýju hjúalögum. Stjórnin hefir látið það eptir þinginu, að leggja fram frumvarp það, sem hèr ræðir um; hún varð nefnilega að halda, eptir því sem þinginu hafa farizt orð, að nauðsyn væri til þessa lagafrumvarps, en upphaflega gat hún eins og kunnugt er ekki aðhyllzt uppástungu Reykjavíkurnefndarinnar um stofnun hjúalaganefnda, en eigi þær að stofna á annað borð, þá eigi þær að vera svo einfaldar og óbrotnar sem mest má verða, og það er líka andinn og einkennið á stjórnarfrumvarpinu. Um nefndarinnar frumvarp ætla eg ekki að tala að þessu sinni; en að það í þessu tilliti ekki geti borizt saman við stjórnarfrumvarpið, það þykizt eg geta fullyrt, og í þessu vona eg að þingið verði mèr samdóma.

H. Kr. Friðriksson: Eg skal nú ekki vera mjög margorður um málið, enda kann lögfræðingunum að þykja, að það sè ekki vert að eg sè að tala mikið um þetta mál; en eg vil spyrja: Er nokkur nauðsyn á þessum lögum? Eg segi nei; því eg veit ekki til, að áður hafi verið sá ágreiningur milli húsbænda og hjúa, að ástæða sè til nýrra laga. Þeim ágalla, sem er á viðskiptum milli húsbænda og hjúa, held eg að ný lög geti ekki bætt úr; úr því getur einungis andi þjóðarinnar bætt; það geta t. d. engin lög bætt úr því, að svo örðugt er að fá fólk í vist, vegna þess, hvað kaupið er hátt; menn geta ekki sagt við hjúið: Þú skalt fara í vist til þessa manns, með þessum kjörum, eða við húsbóndann: Þú skalt taka þetta hjú með þessum kjörum; eða við hjúið: Þú skalt vinna þetta og þetta fyrir húsbónda þinn, eða við húsbóndann: Þú skalt heimta þessa og þessa vinnu af hjúi þínu. Eg veit ekki til, að það ósamlyndi sè hèr til staðar, að ástæða sè til nýrra laga, og eg held, að sá ágreiningur, sem er, geti eins lagazt hèr eptir og verið hefir án þessara laga, þessi sáttanefndalög eru heldur ekki sprottin frá tilfinningu þjóðarinnar fyrir þörf á þeim; þau eru sprottin upp í huga hinnar heiðruðu Reykjavíkurnefndar. Það er opt talað um, þegar ræða er um nefndir í hreppum, þá sè örðugt að fá menn til þessa starfa, og ef ekki er æfinlega hægt, að fá menn í þær nefndir, sem þegar eru, þá verður ekki hægra að bæta öðrum fleiri við, það er að bæta örðugleika á örðugleika ofan, því ef örðugt er, að fá 2 eða 3 valinkunna menn, sem skilja ætlunarverk sitt, í sáttanefnd, þá verður ekki hægra, að fá aðra 3 í þessar nefndir; það er líka eitt atvik, sem sýnir, að þetta er ekki nauðsynlegt, það er það, að einn af þessum mönnum, sem hefir fundið upp á þessu, og sem var bæði í

Reykjavíkurnefndinni og hjúalaganefndinni, er nú ekki orðinn sjálfum sèr samkvæmur; í Reykjavíkurnefndinni stakk hann upp á þessum nýju nefndum, en þá uppástungu fellir hann nú. Þetta frumvarp frá nefndinni á að styðjast við annan grundvöll; þar er nú ekki talað lengur um þessar nýju sættanefndir, en þar koma nú í þess stað gjörðanefndir. Það sýnir líka örðugleikana á þessu, að í 1. gr. frumvarpsins er einmitt gengið út frá því, að í mörgum hreppum muni ei verða fundnir 3 menn hæfir til þessara nýju nefnda, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, auk sættanefndanna sem eru, og þá á að leggja þessi mál til næsta hrepps, og þá mundu nú verða töluverðir örðugleikar á sumstaðar. Eg verð því að gjöra það breytingaratkvæði, að 1. gr. úr stjórnarfrumvarpinu falli alveg burt, og þá held eg nú, að grundvöllurinn undir frumvarpinu sè fallinn, svo það falli af sjálfu sèr. Þá er nú frumvarp nefndarinnar, sem menn segja, að hafi komið með nýjan grundvöll, þar sem það vill eigi hafa þessar nýju nefndir; en eg sè ekkert form á því; því þegar menn koma með breytingaratkvæði, setja menn þau fyrst, en hèr eru þau sett á eptir; þetta er ekkert form. Þá er að skoða, hvort þetta lagaboð mundi verða til nokkurra bóta. Eg vil spyrja þingmenn, og fyrst og fremst þá, sem hafa yfir hjúum að ráða, hvort þeir treysti sèr til í öllum hreppum að fá menn, sem eru færir til að vera gjörðarmenn, er felli rètta og áreiðanlega dóma í þessum málum; eg held ekki, og eg tel það hæpið að skuldbinda menn til að leggja sig undir þeirra dóm, auk þess, sem eg veit ekki, hvort það getur samrýmzt við núgildandi lög; það er eg hræddur um, að ekki heldur sè. Eg get því ekki betur sèð, en að þingið gjörði rèttast í að fylgja uppástungu hins háttvirta þingmanns Gullbringusýslu um að fresta málinu, þangað til að þjóðin finnur til þarfa í þessu efni.

Magnús Andrèsson: Það var nú svo á alþingi 1861, að eg var ekki þessu máli meðmæltur og eg held, að svo fari enn. Eg byggi skoðun mína á því, að eg svo gamall sem eg er hefi aldrei vitað til, að þess konar mál hafi komið fyrir sáttanefnd. Eg hef vitað 2 mál milli húsbónda og hjúa, en það voru þjófnaðarmál, og þau mál heyra þó víst ei undir þessi lög. Einasti árangurinn, sem á að vera af þessu, er að gjöra mönnum hægra fyrir með þau mál, sem ekki verða forlíkuð, að þá mega partarnir leggja málið undir gjörðanefnd eptir stjórnarfrumvarpinu. En eg held nú, eins og 1861, að þegar nefndin væri til einskis búin að reyna til með

góðu að sætta partana, þá mundu þeir naumast vilja leggja málið undir dóm hennar á eptir. Nefndarfrumvarpið gjörir þetta nú að skyldu; það segir, að partarnir skuli leggja málið í gjörð. Þar held eg komi nú annar gallinn fyrir, nefnilega, að þó partarnir megi kjósa sèr gjörðamenn, þá held eg að mennirnir fáizt ekki. Eg dæmi þetta af sjálfum mèr; það mál, sem mèr ekki tækist að sætta þætti mèr vafasamt að dæma í, og eg held, að eg væri hræddur við, að eg máske ekki dæmdi lögum samkvæmt, og þá yrði eg ákærður og dæmdur í fèbætur, og vildi eg því helzt vera laus við það, og svo mundu fleiri vera. En eg sè ekki eptir frumvarpinu, að menn verði skyldaðir til þess að takast það á hendur. Mèr getur því á hvorugt frumvarpið litizt fyrir sig, og ekki er heldur hægra að samrýma þau, og halla eg mèr því hiklaust að minni hluta nefndarinnar.

Forseti: Eg hef fengið tilkynningu frá hinum 2. konungkjörna þingmanni, að hann sökum lasleika geti ei komið á fund.

Jón Hjaltalín: Þetta, sem þessir 2 þingmenn sögðu, er nú settust niður, það get eg skilið; það eru engar lagaflækjur, heldur hreinn og beinn sannleiki; svo eg held, að það sè bezt, að láta málið hvíla; því þingmenn vita þó af reynslunni, að þessara laga þarf ekki með. Eg held því, að eg skoði ekki huga minn um, að vera með minna hlutanum, og þó eg hefði 10 atkvæði, skyldu þau öll biðja stjórnina - að fresta málinu. Eg heyri nú líka sagt, að þetta sè ekki svona lagað og útbúið komið frá þinginu eða þjóðinni, heldur sè það hollaleggingar hinna löglærðu manna hèr í bænum. Eg vildi óska, að við værum búnir að jarðsýngja það sem fyrst.

Framsögumaður: Eptir því sem mèr heyrist á ræðum manna, þá ganga þær út á, að bezt sè að halda sèr við hinar venjulegu sáttanefndir, og það var nú það, sem meiri hlutinn hugsaði líka. Sú athugasemd nokkurra þingmanna, að hjúamál komi svo sjaldan fyrir, sýnist mèr snerta meir hjúalögin sjálf, en lög um rekstur slíkra mála. Annars veit víst enginn þingmanna um, ef þessi nýju hjúalög komast hèr á, hvort hjúamál verða svo sjaldgæf hèr eptir, sem þau hafa verið. Það sem hinn 5. konungkjörni þingmaður talaði, var allt um hjúalögin, en átti ekkert við þetta frumvarp. Þar sem þingmaður Reykvíkinga talaði um, að andi þjóðarinnar ætti að bæta sambúðina milli húsbænda ag hjúa, og að menn gæti ei með lögum skipað fólki í vist o. s. frv., þá er það nú víst, að

þetta er lögum óviðkomandi, og það er óþarft, að lengja þingræðurnar með því að tala um það. Hann hèlt, að nauðsynin á bjúanefndalögum væri sprottin upp í höfði Reykjavíkurnefndarinnar; það getur vel verið; en þingið fèllst þó á allt þetta 1861, svo hvaðan sem það er komið, þá hefir þó þingið einu sinni aðhyllzt það. Það þarf nú ekki að svara þingmanni Árnesinga, þar sem hann hèlt, að ef hjú stæli frá húsbónda sínum, þá væri það hjúamál, og ætti að koma fyrir sættanefnd; það getur enginn óvitlaus maður misskilið frumvarpið svo; það vita allir, að slík þjófnaðarmál hjúa eiga að ganga sinn reglulega veg, eins og önnur sakamál.

Arnljótur Ólafsson: Mig furðar nú ekki, þó hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sè á móti þessum lögum, því hann er á móti öllum lögum, og vill engin lög hafa, nema þau ein, sem hans góða hjarta blæs honum í brjóst. Hitt þykir mèr undarlegra, að bændur skuli vera á móti frumvarpi nefndarinnar, því það miðar þó til að koma inn hjá almenningi þekkingu á lögum og dómaskipun; og mèr finnst, að almenningi ætti að vera kært, að honum gæfist tækifæri til að geta kynnt sèr landslög, til þess að geta útkljáð allar smádeilur manna á milli. Þetta var líka svo á þeim öldum er landið var frjálst; þá voru dómar á hverjum stað er vildi, eður vettvangsdómar, sem svo voru kallaðir; hreppadómar í hverjum lögbrepp, auk hèraðsdómanna á vorþingum og fjórðungsdómanna á alþingi. Meðan þessir dómar hèldust uppi, hlutu menn að þekkja lögin, því hver búandi maður var bæði löggjafi og þó einkum dómandi, því bændur dæmdu þá nálega öll mál; og þegar menn nú komast aptur svo langt hèr, að þeir eigi að eins hafa hlutdeild í að búa til lögin hèr á þinginu, heldur einnig taka þátt í framkvæmd þeirra í sveitunum, þá er fyrst lagaþekkingin komin hèr á í hinum rètta »praktiska« skilningi. Eg held nú, að tilgangur þessa lagafrumvarps sè vísir til þessarar lagaþekkingar, og öll þess konar lög hlýt eg að álíta almenningi svo hentug, sem unnt er. En meðan almenningur er svo hugsunarlaus, að hann vill hrinda frá sèr allri lagaþekkingu og reka allt til sýslumanns, og láta hann skera úr hverju smámáli, þá útilokar almenningur sig frá þeirri þekkingu á landslögum, sem honum annars gæti orðið til óendanlegra nota. Lagamenntun og stjórnarfrelsi eiga að vera samfara og hljóta að haldast í hendur, svo að það verði þjóðin, sem bæði setur lögin og framkvæmir þau. Eg kalla það ekki stjórnfrelsi, þar sem einungis 3 menn hafa alla landstjórn á hendi; almenningur verður

að taka fullkominn þátt í landstjórninni, sveitastjórnin verður að vera frjáls. Eins er það, að þó hèr kæmist á hin beztu lög og hinn bezti iagaskóli; ef ahnenningur vill eigi stuðla sjálfur að framkvæmd laganna, þá verða þau aldrei annað og geta ei orðið annað en dauður bókstafur.

Jón Hjaltalín: Mèr þótti nú væut um ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga; hann fær opt góðar og hnittilegar »Ideer«, og eins var nú. En hann kom nú einmitt með hina verstu mótbáru á móti þessum lögum, því það er auðsèð eptir ræðu hans, að ef þetta er gjört að lögum, þá verða öll hjú að lagasnápum. Ef eg væri nú bóndi, þá vildi eg, að smalinn passaði kindurnar sínar, fjósakarlinn kýrnar, og garðmaðurinu heyið. En ef eg nú eptir útkomu þessara laga, sem nú er verið að tala um, færi að segja þeim að gjöra það eður það, þá mundu þeir svara, eg má ekki vera að því, eg verð að fara að lesa hjúalögin. Þá er nú fyrst komið lagið á. Það á hèr við, sem Danir segja: »Skomager bliv ved din Læst«; það er ekki komið hèr í gott horf, ef smalar fara að lesa »Tiro juris« eða annað þvíumlíkt. Á móti lagaskóla skal eg aldrei vera, en á móti slíku og öðru eins allt af.

Magnús Andrèsson: Hinn háttvirti framsögumaður afbakaði alveg og rangfærði orð mín. Því þó eg hafi ekki mikla lagaþekkingu, þá hef eg hana þó svo mikla, að eg veit að þjófamál heyra ekki undir sáttanefndir, og eg hefi aldrei vitað til, að þau hafi gengið til þeirra. Annað er það, að hefði eg viljað skipta mèr nokkuð af málinu, þá gæti eg ekki fellt mig við þetta orð, öll hjúamál, því jústitsmál geta líka verið hjúamál og hefði eg því tekið mèr breytingaratkvæði um það; en eg ætla mèr alls ekki að styðja málið. Það er of illa getið til hjúalaganna, sem nú eru í smíðum, að þau muni verða til þess að vekja óendanlegar miskliðir, og ef svo væri, þá væri betur, að þau kæmist aldrei á.

Benidikt Sveinsson: Það er nú illa farið, að eg get ekki verið jafnkátur og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, enda væri ekki margt að, ef menn þyrftu eigi annað en skoða þetta eður annað þingmál frá hlæilegu sjónarmiði. En eg held nú, að þegar vel er að gáð, þá sè mótbárur hins háttvirta þingmanns svo öfugar og afkáralegar, að þær ættu að geta hlegið hver framan í aðra. Eg vik nú máli mínu að því, að þegar stjórnin leggur frumvarp fyrir þingið um sættamál, og maður þykist vilja vera stjórnhollur, þá virðist mèr það undarlegt, að menn skuli vera að reyna til að

gjöra það svo hlæilegt, hvernig nefndin hefir tekið í þetta mál, þar sem hún þó hefir, eins og eg mun sýna seinna, þó einmitt fylgt anda stjórnarfrumvarpsins, og ekki vikið frá því nema til góðs. Það er nú auðsjáanlega aðalástæðan núna hjá hinum 5. konungkjörna, að hann vill fella bæði frumvarp stjórnarinnar og nefndarinnar, og er þess vegna engan veginn stjórnhollari en nefndin; mèr skildist þó svo á honum í dag, að hann vildi taka stjórnarfrumvarpið, en skjótt í lopti skiptist veður.

Þá kemur nú hitt spursmálið, hvort þessi lög sèu nauðsynleg; eg skal nú ekki segja margt um það atriði, því ræður manna á alþingi 1861 leysa bezt úr þessari spurningu í sambandi við stjórnarfrumvarpið; og hvað það snertir sèrstaklega, að deilur muni rísa út af hjúalögunum nýju, ef þau komast á, þá get eg nú að vísu ímyndað mèr þau lög, sem eigi geta deilur af sprottið, en samt eigi eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður segir, heldur eins og lögin sjálf segja, og hafa óumflýanlega í för með sèr; og þótt hann nú tæki þessi lög burt, þá koma önnur lög í staðinn, svo að hann verður undir valdi laganna, hvort svo sem hann ganar, ef hann eigi fer út úr mannlegu fèlagi; þessi skoðun hans á málinu held eg því að sè á mjög grunnum rökum byggð. Viðvíkjandi því, hvort þessi lög væri nauðsynleg eða eigi, þá hefir þingmaður Reykvíkinga tekið það fram, að þau væri óþörf; en það geta nú verið margar meiningar um það, hvað sè þarfi eður óþarfi, meðan menn leiða engin rök að skoðun sinni í þessu efni. Það var einu sinni hèrna um daginn stungið upp á því að innleiða hèr katólsku; það þótti þeim nú mesti þarfi hinu megin í salnum, en vèr andæptum þá hèrna megin á móti því, og fengum vèr þungar ákúrur fyrir, að vèr skyldum hafa lagt trú vorri liðsyrði. Nú eiga hjúamálanefndir líka að vera óþarfi; en er þetta nú líkt? Það er að vísu satt, að hèr liggja eigi bænir fyrir frá landsmanna hálfu, heldur en um katólskuna. En það liggur í hlutarins eðli, að bænir komi eigi úr þeirri átt um hjúamálanefndirnar, því það vald, sem hèr er farið fram á, að þær hafi, er einmitt nú í höndum sýslumanna. En það eru til viss lög, sem ganga á undan eður skapa þá fèlags-meðvitund og nauðsyn, sem þau byggjast á, og þess eðlis eru einmitt þessi lög. Eg vil nú eigi halda þessu fram til neinnar streitu. En mèr finnst hugsun nefndarinnar mikið eðlileg og rètt; og eg held að uppástungur hennar geti leitt og hljóti að leiða til mikils góðs, því að eg hefi það traust til bænda vorra, að þeir sè svo skynsamir menn

og góðir drengir, að þeir skilji skrifuð lög nokkurn veginn rètt og misskilji ekki vald það, sem þeim væri gefið. Það hefir verið sagt og það er satt, að bændur hafi verið sýslumenn árum saman, og leyst öll sýslumannastörf jafnvel af hendi; en þó eiga þeir nú eigi að geta miðlað einföldum málum milli hjúa og húsbænda eptir skýrum lagareglum. Er þetta eigi mótsögn? Eg vildi benda hinum 5. konungkjörna þingmanni á, að þetta er ekki svo óheyrt í lögum, sem hann heldur, því að hjá Rómverjum var til sú málamiðlun, sem kallað var »ex bono et aequo«, gjörðarmennirnir hètu »arbitri«, og skáru þeir úr málum eptir miðlun og sanngirni; og þótt sá dómstóll væri ekki mikilfengur í fyrstu, þá hafði hann þó síðar þau áhrif á rèttarsögu Rómverja, að fæstir mundu draga gis að. Þetta mál er nú reyndar ekkert kappsmál fyrir mèr, en eg vildi óska, að þingið ræddi það sem alvarlegt og þýðingarmikið löggjafarmálefni.

Jón Hjaltalín: Eg held nú, að hinn konungkjörni varaþingmaður hafi misskilið mig, því að eg mælti eigi beinlínis með katólsku heldur fullkomnu trúarbragðafrelsi. Hann er nú allt af að klifa á þessum lögum; en eg held nú, að við höfum nóg af þeim bara þeim væri fylgt. Hann sagði nú, að eg í öðru veifinu talaði svo sem eg vildi fella allt málið, og í öðru veifinu svo, sem eg vildi aðhyllast stjórnarfrumvarpið. En ef eg mætti ráða, þá skyldi eg biðja stjórnina að salta þetta mál dálítið enn, kannske það batnaði við það, svo einhver fjósamaðurinn gæti haft gagn af því.

Benidikt Sveinsson: Eg skal skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort það er eigi fyrir utan málið að vera að tala um, að allir skuli lesa lög. Það mega allir lesa lög, og hinn 5. konungkjörni þingmaður líka; og hann hefði víst eigi verið svo djarfmæltur um lögin, sem hann nú hefir verið, ef hann hefði ekkert lesið í lögum. Eg held nú, að eptir þeim lögum, sem nú gilda, sè engum bannað að lesa lög nè skilja, hvort sem hann er hár eða lágur. Það skyldi þá vera af því, að lögin væri eigi skiljanleg og er það slæmt, ef eigi getur nema einstaka maður skilið þau. Eg ímynda mèr nú, að það hafi vakað fyrir nefndinni, að deilurnar milli húsbænda og hjúa yrði afgjörðar eptir svo ljósum lögum sem unnt væri. Mèr er nær að segja, að menn gæti gjört allar sáttatilraunir, sem nú eru að lögum, hlæilegar, nema því að eins að gjört sè ráð fyrir, að sáttamaðurinn hafi nokkurt og það töluvert vit á lögum, því hvernig geta tillögur hans verið aðgengilegar fyrir hlutaðeigandi málsparta, nema

hann viti nokkurn veginn hvað rètt er og ekki rètt? Því það er þó auðsjáanlega hið fyrsta stig í sáttagjörðinni, að sýna málspörtunum hvorum fyrir sig, hver málstaður þeirra sè, og fá þá síðan með skynsamlegum ástæðum til að láta af þrætunni með góðu. Þetta sem nefndin fer fram á, er því ekki svo langt frá því, sem nú er, en það er satt að gjörðarvaldið stendur í sambandi við það, að hlutaðeigendur sè skyldur til að una við gjörðina; það er eiginlega hið nýja í málinu, og vona eg að hinn 5. konungkjörni þingmaður skilji nú þetta, og að hann nú bèr eptir beini tölum sínum í þá stefnu.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Arnesinga benti nú á þann sèrstaklega galla á nefndarfrumvarpinu, að *öll* hjuamál skyldi liggja undir þessa gjörð, og tók sèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að lagfæra misskilning, en eg held að þyrfti að bæta hèr við: þau mál, sem rísa út af tilskipun átján hundruð og 2 punktar (18..) og svo dagurinn, punktar (dags..). Eg held því, að þetta frumvarp hefði því eigi átt að koma fyrr en hjúalögin voru komin, því það eru hjúalögin sem hjúalaganefndirnar eiga að dæma eptir, en ef engin hjúalög eru, þá þarf ekki nefndirnar. Menn hugsuðu nú, að þessi lög mundu verða komin að »minnsta kosti« á þessu þingi, og frumvarp til sættalaganna kæmi að »mesta kosti« á þessu þingi; en eins og nú stendur finnst mèr þessi lög vera eins og negla í skipi, sem eigi er farið að smíða, ef farið er að ræða þau áður en hin lögin eru komin. En eg veit eigi, hvernig þetta fer, því að eg held, að það sè eitthvert hið viðfangsversta mál. Það kom nú líka fram í ræðu þingmanns Borgfirðinga, því hann er glöggskyggn maður og fornfróður, er haun talaði um hreppadómana gömlu; en eg er nú hræddur um, að vèr eigum ekki völ á jafngóðum mönnum í hverjum hreppi eins og þá, enda kunna hrepparnir að hafa verið nokkuð stærri þá. En það bætir úr, sem þingmaðurinn benti til um lagaskólann, að þetta verður samfara lagaskólanum, því þegar vèr fáum nokkra menn þaðan, þá verðum vèr miklu betur farnir, en nú, og verða þá bændur til margs færari. Eg er nú annars hræddur um, að fyrst stjórnin var nú svo eptirlát að senda þinginu frumvarp eptir uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar og miklar breytingar verða nú gjörðar á því, eður því jafnvel alveg hrundið, þá held eg, að hún horfi í kring um sig, áður en hún fer að gefa lög um þetta, og að hún muni geyma það til næsta þings; eg er því á því, að málinu sè frestað. Það er nú eigi rètt, sem fram-

sögumaðurinn sagði, að þingið 1861 hefði fallizt alveg á uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar. Það hefir verið sagt, að bændur gegndi sýslumannsstörfum. En það er munur á, þótt einn bóndi verði valinn úr 3 sýslum til að gegna einföldustu sýslumanns-störfum, en að fá 2—3 menn úr hverjum hreppi; eg held og að smaladrengir og fjósastúlkur hefði heldur eigi vit á að velja hina beztu menn til gjörðarmanna.

Jón Hjaltalín: þegar á nú að velja sveitanefndir, hreppanefndir, kviðanefndir, sýslunefndir og amtsnefndir, og auk þess hafa frjálsa fundi, þá veit eg nú ekki hvernig tími verður afgangs til að gjöra það sem þarf að gjöra.

H. Kr. Friðriksson: Framsögumaður sagði, að hjúamálin kæmi svo sjaldan fyrir; en hvaða ástæða er til að halda, að þau komi optar fyrir hèr eptir, nema því að eins að nýju hjúalögin gefi tilefni til þess. Eg veit nú eigi hvern rètt þingið hefir til þess að ætla, að þessi mál verði fleiri hèr eptir en hingað til, fyrr en það sèr hjúalögin og hver áhrif þau hafa; þingmaður Borgfirðinga sagði, að framkvæmd laganna yki lagaþekkingu, en það er þá því að eins, að menn vilji framkvæma lögin, en sè eigi neyddir til þess móti geði sínu. Það er munur á því, hvort lögin eru sprottin upp af hugsun þjóðarinnar eða þau eru fundin upp af 1 eða 2 mönnum, enda sagði hinn konungkjörni varaþingmaður, að varla væri hugsandi, að bændur beiddi um þessi lög. Hvað sýnir þetta nema það, að þjóðin finnur eigi nauðsyn til að breyta þeim lögum, sem eru; en þá held eg að betra væri að láta lögin ógjörð, en semja þau lög, sem almenningur eigi æskir eptir. Eg álít, að þingið eigi að vera mjög varkárt í þessum efnum, og að það sè ekki rètt að búa til þau lög, er enginn vill hafa; því við það held eg að rýrist helgi laganna. En þegar menn eigi finna nauðsyn á lögunum, þá finnast mèr þau vera dauður bókstafur án krapts og anda.

Brynjólfur Jónsson; Eg hefi nú ætíð hugsað, að sá væri tilgangur allra sættanefnda að stofna frið og samþykki manna á milli, og því held eg einnig, að þessi væri aðaltilgangur hjúasættanefnda þeirra, sem hèr um ræðir, en mer virðist sem þingmaður Borgfirðinga vilji láta þær hafa allt annan tilgang. Þar sem hann nýlega sagði, að tilgangur þeirra væri sá, *að koma inn í menn þekkingu á lögum og lagaframkvæmd.* Þetta er alveg nýr og mèr ókunnugur tilgangur sættanefnda. Lagaþekkingin á hèr að *komast inn í menn* með því að semja sættir í deilum milli húsbænda og

hjúa, þetta á að vera hin fyrsta byrjun til lagaþekkingar; og virðist mèr þetta engu líkara en því, þegar verið er að kenna börnum að skrifa; fyrst eru þau látin hafa spjald og griffil, og segist þá ekki svo mikið á, þó skriptin fari i ólestri; það má þurka út það sem ólagiega fer og gjöra nýja tilraun aptur og aptur, þar til skriptin fer að lagast. Þegar nú barnið er nokkurn veginn komið til að skrifa á spjald, þá er því fenginn pappír, penni og blek, og nú fer það að liðkast og lagast í skriptinni, þó stafirnir fyrst sèu nokkuð viðvaningslegir, en þetta lagast allt með æfingunni. Eins að sínu leyti virðist mèr, að þingmaður Borgfirðinga ætli að koma lagaþekkingu inn í almúga, fyrst með því að reyna sig á að sætta húsbændur og hjú, síðan að semja sættir milli hjóna, svo milli nágranna, og svo koll af kolli. En að þessi sè eða eigi að vera tilgangur sættanefnda get eg engan veginn skilið, og ætla eg að það sem hinn heiðraði þingmaður hefir sagt í þessu tilliti felli sig sjálft.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem þingmaður Strandasýslu sagði, að hann áliti að betra væri, að bætt væri inn í niðurlagsatriði nefndarinnar, »í þeim málum, sem rísa út af hjúalögunum o. s. frv.» þá held eg, að nokkuð geti mælt fram með þessu; eg þykist þess viss, að lögin í hjúamálunum muni gjöra það nauðsynlegt, að sum hjúamál verði að ganga til sýslumanns, og að eigi verði sætzt á þau, önnur ættu ekki að mega útkljást við gjörð, en sem á mætti sættast, og því ætti þetta lagaboð, að binda sig við hjúalögin. Vegna þessa ætlaði nefndin líka að biðloka við, þangað til hjúalagamálið væri buið og hún sæi afdrif þess; en vegna þess að svo lítið er eptir af þingtímanum, þá hugsaði hún, að hún mætti ekki bíða lengur eptir þessu, en komið er. Það mætti og ef til vill, geyma ályktarumræðu þessa máls, þangað til að hjúamálið væri útrætt, ef tíminn leyfði þetta, þá væri það betra. Það sem nefndin kallaði hjúamál er það, sem menn á dönsku kalla Tyendesager. Nefndin hèlt að orðið hjúamál væri eins kunnugt meðal Íslendinga eins og orðið Tyendesager meðal Dana, og gat hún því eigi ímyndað sèr, að nokkur mundi misskilja það; þar sem þingmaður Reykvikinga sagði, að það væri æskilegt, að lög eigi væri búin til, fyrr en almenn nauðsyn væri fyrir þau, og að þau eigi væri gjörð eptir uppástungum einstakra manna, þá er þetta að vísu satt, en hinn framgangsmátinn hefir þó verið viðhafður, bæði í Danmörku og hèr á landi lengi. Það hafa opt komið lög frá stjórninni án þess að

menn væri orðnir varir við brýna nauðsyn til þeirra. En eptir orðum þingsins 1861 er að sjá eins og almenn nauðsyn hafi verið á hjúalögum, og þá er eins almenn nauðsyn á að fá greið úrslit á þeim málum, sem út af þeim rísa. Og þegar skyldur húsbænda og hjúa eru orðnar svo fast ákveðnar, að menn undir eins geta svo að segja sèð, hvað löglegt sè eður ekki, þá er það eðlilegt, að húsbændur og hjú greini fremur á hèr eptir, þegar þau fá að vita svo nákvæmlega, hvað lögin heimta, heldur en verið hefir, á meðan þau höfðu engin slík grenileg og nákvæm lög að fara eptir, og fylgdu mest megnis náttúruljósi sínu.

H. Kr. Friðriksson: Að því er snertir orð framsögumanns, er hann sagði, að stjórnin gæfi lög, án þess þjóðin beiddi um þau, þá var þetta reyndar áður en alþingi var stofnað, því að þá gátu landsmenn eigi beðið um þau; en síðan alþingi hófst, held eg að flest lagaboð, sem út hafa komið hafi verið sprottin frá bæn landsmanna. Hèr er nú engin nauðsyn komin fram, hvorki frá stjórn nè þjóð, fyrir þessum lögum. Og þótt þingið bæði um það 1861, þá er það engin sönnun fyrir því, að það hafi verið nè sè nauðsynlegt; það getur verið, að þingmönnunum hafi yfirsèst, og að þeir hafi beðið um það, sem þeir eptir á vildu aldrei hafa beðið um, og verður ekki kastað þungum steini á þá fyrir það. Eg held nú, að þingmaður Strandasýslu hafi haft rètt að mæla, að það gæti ekki staðizt að setja þessi lög í samband við lög sem koma út ár 18.. dag... Þetta mál getur eins fengið framgang fyrir því, þótt hjúalögin komi ekki; þau eru eigi svo saman reyrð við hjúalögin, að þau geti eigi verið hvort út af fyrir sig. Ef menn færi að miða þetta mál við hjúalögin, þá yrði menn að segja: Svo framarlega sem þeim verður framgengt, þá viljum vèr fá þetta; en eg get ekki fellt mig við það. Eg verð harðlega að mótmæla því, að láta þetta mál bíða eptir ályktarumræðu hjúalaganna; enda er það eigi sagt, að stjórnin vilji aðhyllast breytingar þingsins og kemur þá alls ekkert út af því.

Forseti: Eg skal bæta því við það, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga nú sagði, að eg held að hvorki leyfi tíminn það, að þetta mál sè látið bíða, og svo sè eg heldur eigi brýna nauðsyn á því, því mèr sýnast málin eigi í svo óskiljanlegu sambandi hvort við annað. Ef sættanefndir eru nauðsynlegar í hjúamálum, þá eru þær eins nauðsynlegar, þó hjúalögin komist ekki á, því eins geta risið miskliðir milli húsbænda og hjúa fyrir það,

nema ef hjúalögin sjálf skyldi valda svo miklum deilum, og þá held eg, að það sè ekki kostur á þeim. Eg fylli nú flokk þeirra þingmanna, sem fara því fram, að þingið biðji um, að málinu verði frestað. Ef það á að koma út, þá vil eg að það sè sprottið af nauðsyn, en annars ekki. En það er nú búið að taka það fram, að það sè hvorki sprottið af vilja stjórnarinnar nè af bænum landsmanna.

Framsögumaður: Eg verð nú að fallast á það sem hinn hæstvirti forseti sagði, að þetta eigi ekki svo skylt við hjúalaga málið, að eigi megi ræða það þegar til enda. Það er mikið satt í því, að frumvarp nefndarinnar eður stjórnarfrumvarpið gæti komið út sem lög, þótt hjúalögin kæmi eigi. Það getur verið, að þessi lög sè eigi sprottin af nauðsyn þjóðarinnar, eg skal ekki dæma um það, en það er þá líka víst, og það miklu fremur, að hjúalögin eru það ekki.

Helgi Hálfdánarson: Það er nú varla þörf á því fyrir mig að fara að verja ágreiningsálit mitt, þar sem svo margir eru búnir að gjöra það fyrir mig. En eg vildi þó gjöra nokkra grein fyrir því, hvers vegna eg eigi var meðnefndarmönnum mínum samþykkur. Þegar eg las umræðurnar um þessar hjúalaganefndir í alþingistíðindunum frá 1861, þá gat eg ekki sèð, hvers vegna þær væri svo nauðsynlegar, sem mörgum þótti þá og eins er enn, að eg get ekki sèð það; því mèr finnst það satt, sem stjórnin hefir sagt, að þessi hjúamál komi mjög sjaldan fyrir. Þegar eg nú var kosinn í þessa nefnd, þá gat mèr ekki heldur snúizt hugur, með því eg gat ekki sèð þegar eg las hið konunglega frumvarp, að verkefni þeirra nefnda sem þar ræðir um, væri í raun og veru annað en ætlunarverk þeirra sættanefnda sem nú eru í hverri sveit, nema að því leyti að leggja málin í gjörð, ef málspartarnir verða ásáttir um það. En þar sem þetta á eigi að vera skylda, þá held eg, að rekið geti að hinu sama og með því fyrirkomulagi sem nú er, að menn geta farið með allt þras sitt svo langt sem þeir vilja. Mèr þótti nú 1. gr. í frumvarpi minna háttvirtu meðnefndarmanna fara í betri stefnu, því mèr finnst það ekki eiga við að setja aðrar sættanefndir við hliðina á þeim sáttanefndum sem nú eru. Eg hefði því eigi verið mótfallinn frumvarpi meiri hlutans, hefði mèr eigi þótt hinar seinni greinir í því alveg óhafandi. Einkum er eg mótfallinn 2. gr., þar sem talað er um ætlunarverk þessara gjörðarmanna eða sèr í lagi oddvitans. Efri sáttamaðurinn er nú venju-

lega prestnrinn; en það getur verið, að hann sè ekki viðlátinn; það getur líka verið prestlaust í sveitinni, og það held eg, að þingmenn hafi heyrt, að víða eigi sèr stað nú á tímum, þá verður hinn sáttamaðurinn að vera sá efri; en þá gæti það að borið, að hann væri ekki fær til þess, hvorki til að stýra fundinum nè til að bóka reglulega. Þá er það annað í þessari grein, að hlutaðeigendur eiga að koma með öll sakargögn sín og vitni; það yrði nú líklega allt heimilsfólkið á bænum, þar sem miskliðin hefði komið upp, og ef til vill, margir aðrir, sem eitthvað þekktu til og getur verið, að það yrði eigi alllítil trossa. Öll þessi vitni á hinn efri sáttamaður að yfirheyra; en það kann eg alls ekki við. Eg held það eigi með engu móti við, að það gjöri aðrir en löglærðir menn, og sízt á það við, að prestar gjöri þetta. En það sem eg kann verst við af öllu þessu er það, að þeir skuli eiga að taka vitnin í eið, og er eg því alveg mótfallinn. Það yrði til að rýra, já, kollvarpa helgi eiðsins, því hann yrði, ef þetta kæmist á, miklu almennari og hversdagslegri en áður. En að gjöra eiðinn svona algengan og hversdaglegan, það álít eg alveg rangt og gagnstætt allri rèttri skoðun á eiðnum; því þegar eiðurinn er annað en hátíðlegt loforð, þá er hann jafnan neyðarúrræði sem menn eiga sem allra sjaldnast að grípa til, En eg er viss um, að af þessu fyrirkomulagi flyti það, að hann mundi tíðkast optar en áður, því málspartarnir mundu ekki láta sèr nægja eintómt »já« og »nei« vitnanna og mundu því optast heimta eið. Móti 3 næstu greinunum hefi eg ekki mikið að segja og skal því ekki tala neitt um þær. Í 6. grein kemur það nú upp úr kafinu að stefna má gjörðinni í hèraðsdóm, ef tilbúnaður málsins hefir verið rangur. En hver á að dæma um það, hvort hann er rangur eða ei? Eiga fáfróð hjú að gjöra það? Eg held það gæti opt að borið, að þau annaðhvort ekki sæi, þótt tilbúnaður málsins væri rangur, eður hèldu að hann væri rangur, þótt hann ekki væri það, og færi því að óþörfu til hèraðsdómarans? En ef nú gjörðin væri af þessari ástæðu dæmd ómerk, hvað á þá að gjöra? Eg er ekki lagamaður, og veit það því ekki, en mèr þykir undarlegt, að þetta er ekki tekið fram, og held að full þörf hefði verið á því vegna ólögfróðra manna. 7. gr. get eg ekki heldur fellt mig við; því mèr finnst hún síður en ekki sanngjörn. Það getur verið þersýnilegt fyrir aðra, að dómurinn sè rangur, þó það sè ekki fyrir gjörðarmennina, því þeir gæti hafa misskilið lögin, og þá þykir mèr ekki sanngjarnt, að þeir eigi að gjalda skaða-

bætur og sekt að auki fyrir fáfræði sína. Það gæti líka stundum verið um ekki svo lítið að ræða, t. a. m. heilt vinnumannskaup, sem kannske nemi 40 rd. Ef einhver húsbóndi vildi svipta vinnumann sinn slíku kaupi, og gjörðarmennirnir af fávizku eður misskilningi dæmdu húsbóndanum ranglega í vil, þá gæti svo farið, að þeir yrðu að borga bæði þessar 40 rd. og 12 rd. sekt. Þegar eg nú lít á þetta frumvarp meiri hlutans yfirhöfuð, þá finnst mèr það ekki svo einfalt og óbrotið, sem það þyrfti að vera handa ólögfróðum mönnum. Það hefir verið borið fyrir, og meiri hlutinn segir það, að það megi gjöra ráð fyrir, að ef hjúalögin nýju komist á, þá muni hjúamál verða miklu fleiri, þar eð meðvitundin um skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa verði þá svo miklu skýrari. Þetta finnst mèr ekki vera á rökum byggt, heldur finnst mèr, að því skýrari sem meðvitundin um skyldunna verður, því síður sèn líkindi til, að menn brjóti opt á móti skyldunni. En verði það, sem meiri hlutinn ætlar, að þessi hjúamál verði mikið fleiri og algengari en áður, þegar hin nýju hjúalög komast á, þá álít eg, að þetta verði vottur þess, að það sèu eigi heppileg lög. Í ágreiningsatkvæði mínu komst eg svo að orði, að þingið ætti að ráða til, að málinu yrði frestað að svo komnu, en talaði eigi um, að það yrði fellt alveg, því mèr þótti það kurteislegra, þar sem stjórnarfrumvarp átti í hlut; en eg verð að vera á því enn sem fyrri, að hvorki stjórnarfrumvarpið nè frumvarp meiri hlutans ætti nú að fá samþykki þingsins.

Jón Pálmason: Eptir umræðum þeim sem fram eru komnar í málinu, er orðið töluvert spursmál um. hvort þessar nefndir sèu nauðsynlegar eða ekki. En þegar eg skoða það frá því sjónarmiði sem næst liggur, nefnilega frá þörfum landsmanna til að fá þessi lög, þá get eg ekki álitið sèrleg nauðsyn tilberi með að flýta þeim nú þegar, því þau dæmi eru næsta fá, að deilur milli húsbænda og hjúa þurfi að ganga til rèttar aðgjörða, en ef þau skyldi fyrir koma virðist mèr hlutaðeigendur geta fært sèr í nyt þær lögskipuðu sættanefndir sem nú eru, eins hèr eptir sem hingað til. Það er líka eitt atriði sem eg kann ekki við í niðurlagsatriðum nefndarinnar, að menn sèu skyldir til að leggja mál sín í gjörð hvernig sem á stendur, þegar gjört er ráð fyrir, að annar eða báðir hlutaðeigendur vilji ekki kjósa, þá hljóta þeir að vera nauðugir að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og það finnst mèr èigi illa við á þessum frelsis tímum. Þess vegna vil eg ráða til að málinu sè frestað, því eg get ekki

sèð að það sè svo áríðandi fyrir land og lýð að fá þess konar lög, því eg vil að menn sjái fyrst hvernig hjúalögin verða, kannske þau kenni mönnum að álíta þetta giörðarvald nauðsynlegt.

Arnljótur Ólafsson: Eg skil það, að þingmenn mnni vilja fresta þessu máli, af því hjúamálin sè svo fá, og menn þurfi því eigi á þessu verkfæri að halda; eg er því ekki harður á að framfylgja frumvarpinu í þetta sinn, heldur skal eg vera fús til að fresta málinu. En hitt skil eg ekki, að menn skuli vilja fella málið af því, að menn halda, að almenningur sè of illa að sèr til þessa starfa. Það finnst mèr vera að gjöra Íslendingum rangt til, að álíta að þeir sjái ekki hvað rètt er eða rangt í svo einföldum málum sem hjúamál þessi eru, því hèr þarfnast ekki meiri þekkingar en að menn hafi meðvitund um muninn á rèttu og röngu, því meira en þetta er eigi fólgið í þessu lagafrumvarpi. Eg hef því ekkert á móti því, að málinu sè frestað, en eg álít það mjög gott og rètt, að þingið lèti í ljósi þá meiningu sína, að það fremur aðhylltist nefndarfrumvarpið en stjórnarfrumvarpið, og að það væri rètt stefna að vilja koma hèr á gjörðarvaldi, með því að það væri undirbúningur undir það, að dómsvaldið í öllum hinum einfaldari málum komist í hendur almúgans. Einkum væri það æskilegt, að bændur lètu þessa meiningu sína í ljósi, því það er þessi stefna hjá nefndinni, sem mèr finnst mjög heppileg. Eg get ekki betur sèð en að það sè misskilningur hjá þingmanni Vestmanneyinga, að það sè aðaltilgangur frumvarpsins að kenna mönnum lög; hèr þarf ekki annars við en að meðvitund þeirra á muninum á rèttu og röngu hvessist, og að þeir fái hlutdeild í framkvæmd laganna, og þetta er tilgangur frumvarpsins. Þess verður víst ekki lengi að bíða, að kviðdómar komist á hèr á landi, og væri það því næsta merkilegt, ef Íslendingar, sem einmitt í fornöld sköruðu fram úr öðrum þjóðum í þessu efni, væru því nú mótfallnir. Eg verð að taka það aptur upp, að eg hlýt að álíta það með öllu rangt, að fresta málinu af þeirri ástæðu, að menn sèu því ekki vaxnir.

Framsögumaður: Það er einnig mín meining, að engin brýn nauðsyn sè á því, að ný hjúalög komi út, en ef þau koma út, þá eiga og að koma út ný lög um afgreiðslu þessara mála, því ef hjúalögin koma út, þá fjölga hjúamálin. Komi hjúalögin út og menn eigi í þeim málum að reka rètt sinn á sama hátt og verið hefir, munu menn bráðum reka sig á það, hvað kostnaðarsamt það verður að ná rètti sínum í þeim, og reynslan mun þá skjótt kenna

mönnum, að rèttur sá, sem hjúalögin gefi þeim, sè að eins á pappírnum og að nauðsyn sè fyrir hendi til breytingar í þessu tilliti. Eg skal því ekki vera fastur á því, að álit meiri hlutans fái lagagildi í þetta skipti; en eg ímynda mèr að frumvarp hans sè þó heppilegra en stjórnarfrumvarpið, og að þingið því ætti að aðhyllast það, nema það vilji fresta málinu. Eg vil einnig vekja athygli þingsins að því, að öll nefndin var á því, að stjórnarfrumvarpið ekki yrði gjört að lögum, en það var einungis meiri hlutinn sem kom fram með nýtt frumvarp. Minni hlutinn hèlt að þetta frumvarp meira hlutans yrði til að rýra helgi eiðsins, þetta fæ eg ekki sèð, því þó prestar taki menn í eið, þá sè eg ekki, að eiðurinn vanhelgist við það eða verði almennari en þó sýslumenn gjöri það. Eptir uppástungum meira hlutans þarf og eigi að taka menn í eið þó annar málsparta heimti nema gjörðarmennirnir álíti, að þörfin heimti það, og þetta verður einmitt til að gjöra eiðinn sjaldgæfari.

Magnús Andrèsson: Út af því sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að æskilegt væri, ef þingmenn lètu í ljósi, að hverju frumvarpinu þeim geðjaðist betur, þá vil eg geta þess, að eg fremur halla mèr að nefndarfrumvarpinu, því »af tvennu illu skal taka hið minna»; en allt um þetta vil eg þó fresta málinu.

Konungsfulltrúi: Eg get þó ekki tekið undir með þingmanni Árnesinga í því, að nefndarinnar nýja frumvarp sè eins gott og því síður betra en stjórnarinnar. Stjórnarinnar er ljóst, einfalt og óbrotið, en nefndarinnar er það gagnstæða, en sèr í lagi er það gjörðarvald, sem nefndin stingur upp á mjög ísjárvert og enda óhafandi og hefir minni hlutinn tekið þetta svo skýrt fram, að eg þarf ekki að orðlengja um það, en get skýrskotað til hans í þessu atriði. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að fara inn í nefndarfrumvarpið, það er svo margt í því, sem eg ætla ekki geti staðizt þegar betur er gáð að.

Forseti: Eg vil geta þess, að hinn konungkjörni varaþingmaður og þingmaður Dalasýslu sökum lasleika eru gengnir af fundi.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnarfrumvarpið væri miklu óflóknara og í alla staði ljósara en frumvarp nefndarinnar; það er satt, að frumvarp stjórnarinnar er ljóst orðað, en þessi ástæða gat ekki verið einhlít fyrir nefndina til að fallazt á stjórnarfrumvarpið eður að stofnaðar yrðu þessar

nýju sáttanefndir með ekki meira valdi en farið er þar fram á. Eg vil geta þess, að það var nokkuð annar starfi, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á en nefndin núna að hjúanefndirnar skyldu hafa. Reykjavíkurnefndin stakk sem sè upp á því, að hjúanefndirnar fengju nokkurs konar dómsvald, en þó svo, að ef til vill mátti segja, að það væri hvorki heilt nè hálft og þetta gat ekki stjórnin aðhyllzt og nefndin núna ekki heldur. En maður hefir enga ástæðu til að halda af frumvarpi stjórnarinnar, að stjórnin ekki mundi fallast á, að hjúamál mætti afgjörast af gjörðarmönnum, heldur þvert á moti hefir hún aðhyllzt uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar að því leyti gjörðarvaldið snertir.

Konungsfulltrúi: Eptir því sem framsögumanni fórust nú orð um frumvarp stjórnarinnar furðar mig á, að nefndin ekki skyldi fallast á frumvarpið; en aðalaugnamið nefndarinnar er að öðru leyti auðsèð; hún vill fá það að hennar áliti nauðsynlega gjörðarvald; en þetta veit nefndin, að stjórnin ekki getur aðhyllzt, og því get eg ekki skilið, að þingið eigi að biðja um það, sem að öllum líkindum ekki getur fengizt.

Framsögumaður: Orsökin, hvers vegna nefndin gat eigi fallizt á stjórnarfrumvarpið var einmitt sú og engin önnur, að henni fannst hinar nýju sáttanefndir með þeim starfa, sem þeim þar er ætlaður, með öllu óþarfar, en þegar þær falla úr stjórnarfrumvarpinu, er ekkert þar eptir, sem byggt verði á, þar eð stjórnarfrumvarpið hljóðar allt um þessar nýju nefndir og fyrirkomulag þeirra. En úr því eigi varð byggt á stjórnarfrumvarpiuu, og þingið hefir álitið, að menn í hjúamálum eigi gætu náð rètti sínum með því fyrirkomulagi sem nú er, áleit meiri hlutinn sèr skylt, að koma fram með nýtt frumvarp, er bætti úr þessu, eins og líka fyllilega er löglegt og í eðli sínu.

Ásgeir Einarsson: Viðvíkjandi því sem þingmaður Borgfirðinga minntist á kviðdómana, þá finnst mèr hèr vera nokkur munur; hann er svo kunnugur fornu lögbókunum og fornu sögunum, að hann veit, að annað er kviðdómur, eða gjörðarmenn, og að það ekki var gripið til gjörðamanna fyrr en öll ráð voru horfin. Dr. Maurer kallar það líka óyndisúrræði og sýnir fram á, að það hafi verið af lagaskorti meðan fimmtardómur ekki var upp tekinn, og þá var annað úrræðið hólmgangan. Að öðru leyti er eg samdóma þingmanni Borgfirðinga að eg óska að kviðdómar komist hèr á, þegar við er-

um búnir að fá stjórnarbót; en eg álít að við eigum að bíða þangað til við fáum löggjafarvald.

Forseti: Af því eg tók fram, að ef þingmenn vildu mætti ræða málið í tvennu lagi, nefnl. fyrst hina 1. til 7. gr., hins konunglega frumvarps þar aðalspursmálið er um hinar sèrstaklegu sáttanefndir og gjörðarvaldið, þá geta hinir heiðruðu þingmenn einnig rætt hinn síðari hlutann sèr í lagi ef þeir svo vilja, þótt aðalefni frumvarpsins yfir höfuð sè nú þegar rætt. En fyrst enginn tekur til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni prestmötumálið til undirbúningsumræðu.

Var málið síðan afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 321.

Að svo stöddu skal eg ekki segja fleira.

Stefán Jónsson: Eg get ekki fallizt á meiri hlutann einkum 2. atr. Eg álít þar við fram komi ógnarleg breyting á tíundarskyldunni, ef það yrði samþykkt; margar jarðir fèllu frá tíund við þetta; allar kirkjujarðir sem eg þekki, til, hafa verið tíundaðar til tveggja tíunda og þær yrðu fríar eptir þessu, og ef presta og kirkjujarðir yrðu fríar, þá eiga það og að verða allar jarðir sem til guðs þakka eru lagðar; þetta álít eg því ógjörning; eg álít betra að draga þetta þangað til ný skattalög verða gefin, því þá getur vel verið að öll tíund raskist eða verði af tekin með öllu, það er því enginn tími til þessa nú. Þetta er gömul venja, og er því ekki rètt svona allt í einu að breyta jafngamalli venju sem þetta er. Ef ástæða var til að láta samlagningarskattinn standa fyrir venjuna, þá er það um tíundina. Samlagningarskatturinn, hann þótti þó upphaflega rangur, en venjan hefir gjört hann eins og löglegan. Eg álít því þetta uppástungu-atriði ósanngjarnt, og get því ekki gefið atkvæði mitt fyrir uppástungum meiri hlutans.

Konungsfulltrúi: Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt fer um tíundargreiðsluna hèr á landi ýmislega í ýmsum sveitum eptir því sem þar er siður og venja til, og stjórnin hefir margopt lýst því yfir, að rètt væri að láta venjuna ráða í þessu efni. Eg verð því að fallast á álit minni hlutans í þessu máli, því eg verð að álíta að það sè ótiltækilegt, að slíta það atriði um tíundarskylduna á bændakirkju-eignum út úr málinu, enda hefði það hin verulegustu áhrif á tíundargreiðsluna yfirhöfuð um allt land.

Framsögumaður: Það gleður mig, að konungsfulltrúi ekki hefir á móti 1. og 3. grein í uppástungum meiri hlutans. En hann hefir eins og varaforseti á móti 2. grein. Eg get nú ekki sèð, hvernig það hefir áhrif á tíundarlöggjöfina, þó settur sè sèrstakur dýrleiki á þann hluta hinna umræddu jarða, sem eigi gefur af sèr aðra leigu en prestsmötuna. Tíundin var upphaflega $^1/_{10}$ partur ágóðans, en ágóðinn var talinn $^1/_{10}$ partur af höfuðstólnum. Hvernig getur það þá verið eptir tíundarlöggjöfinni, að eigandi gjaldi tíund af því fè, sem hann nýtur ekki arðsins af, heldur hið opinbera? Eg hefi ekki heyrt að borguð hafi verið tíund af prestsmötu, það væri líka móti öllum lögum að borga presti tíund af prestsmötunni. Eg get ekki heldur betur sèð en að stjórnin ætlist til að sá sem geldur prestsmötu, haldi eptir af henni því er nemur tíundinni. Það er alkunnugt, að við nýja jarðamatið var prestsmatan látin hækka jarðirnar í dýrleika, því prestsmatan var skoðuð sem afgjald er gengi af jörðinni, en jörðin því meira virði, því meira afgjald, sem af henni gengi, og á þetta fèllst alþingið fullkomlega 1857, en þessi hækkun í verði, sem jarðirnar við þetta fengu, er eigendum þeirra auðsjáanlega óviðkomandi.

Jón Sigurðsson: Jeg held bæði hinn háttvirti konungsfulltrúi, og eins þingmaður Eyfirðinga misskilji þetta mál; hèr er ekki að ræða um tiundarskylduna *yfirhöfuð* af bændakirkju-eignum, heldur hitt, að hverju leyti það hefir verið rètt eður órètt að taka kirkjueignirnar inn í hið nýja jarðamat. Framsögumaður hefir nú sýnt fram á það, sem öllum hlýtur að vera ljóst, hversu óeðlilegt og ósanngjarnt það er að taka prestsmötuna inn í, og láta hana hækka hundraðatölu á bændakirkjujörðum, eins og Reykjavíkurnefndin hefir gjört, því á þann hátt hlýtur kirkjubóndinn ekki einasta að greiða tíundirnar af þessum prestsmötu hundruðum, heldur einnig alla nýja tolla, sem á jarðir eru lagðir, t. a. m. alþingistoll og nú eptir uppástungum þingsins búnaðarskólagjaldið. Þetta ættu þingmenn vel að íhuga, hvílíkur ójöfnuður hefir gengið yfir kirkjubændurna við hið nýja jarðamat, þar sem þeir nú hljóta fyrst að standa í skilum við prestinn með prestsmötuna, og þar á ofan greiða ýmsa tolla og tíundir af henni eður hennar vegna. Eg tek það fram aptur, að það spursmál liggur ekki fyrir að þessu sinni, hvort bændakirkjum beri að greiða tíund af eignum sínum eður ekki, eða hvort venjan skuli gilda í þeim efnum eður ekki; það er

fyrst tími til að þræta um þetta, þegar búið er að skilja kirkjuhlutann út úr bænda-eigninni eins og nefndin hefir farið fram á.

Ásgeir Einarsson: Mèr datt i hug, þegar framsögumaður sagði, að Reykjavíkurnefndin hefði fært upp hundraðatal jarða vegna prestsmötunnar, málsháttur þessi: »Órèttindin eru vön að hefna sín sjálf«. Reglugjörðin um jarðamatið tók það beint fram að jarðir skyldi virða til peningaverðs, og eptir sanngjörnu söluverði, og hver sem kaupir jörð, sem pretsmata er á, metur renturnar móti afgjaldinu. Í Strandasýslu misskildi enginn þessa reglugjörð, en Reykjavikurnefndin hefir tekið þenna graut upp hjá sjálfri sèr, en eg veit ekki til, að hún hafi haft heimilild til þess. Hún fèkk skýrslur alstaðar frá, en hleypti þó í þessa grautargjörð.

Stefán Jónson: Mig undrar ekki þó eg misskilji meiri hlutann, mig furðar meir á því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skyldi misskilja hann, og þó enn þá meir, að meiri hlutinn ekki skuli hafa getað komið minni hlutanum í skilninginn. Sá maður sem er í minni hlutanum er þó ekki ógreindari en aðrir, eða skilningsdaufari, og í nefnd er hægra að koma mörgum í skilning um einstök atriði en á þingi við umræðu máls; eg held að málið sè eitthvað flókið, þegar ekki hefir tekizt að koma einum nefndarmanni í skilning um það.

Konungsfulltrúi Eg held eg hafi ekki misskilið nefndina eins og þingmaður Suður-Þingeyinga sagði. Hann sagði, að hvergi væri talað um tíundarfrelsi, en það er þó í 2. greininni hjá meiri hlutanum, þar sem þar segir, að eigi skuli goldin tíund af jörðum þeim er hún var goldin af áður. Eg verð því að vera á því, að bæði hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga og eg höfum ekki misskilið 2. tölulið.

Arnljótur Ólafsson: Eg veit nú ekki af hverju það kemur, því víst er eg eigi skilningsbetri en aðrir, að minnsta kosti er eg ekki skilningsbetri en hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að eg þó skil, að ekki er hèr gjörð nein breyting á tíundarskyldunni. Ef ítök kirkna er að lögum undan þegin tíund, sem eg ætla, að enginn muni neita, þá er líka sjálfsagt að fallast á 1. niðurlagsatriðið. Þá er nú 2. niðurlagsatriðið, að þau hundruð sem prestsmata er goldin af skuli vera tíundarfrjáls. Prestsmata var eigi til hèr á landi fyrr en eptir siðabótina; kom hún þá að nokkru leyti í stað prestskyldar í heimalandi, fæðis prests og þess annars, er prestur átti að hafa af bænhúsum, hálfkirkjum og öðrum þeim kirkjum, er prest-

ar höfðu þá eigi forræði fyrir; var þessi prestsmata goldin af innstæðukúgildum kirknanna, og var hálf leigan, sem kunnugt er; var því prestsmatan í sjálfu sèr prestskyld af lausafè bændakirkna, en lá alls eigi á jörðunum sjálfum. En nú er sú breyting á orðin eptir tilsk. 14. maí 1834, að innstæðukúgildi jarðanna eru eigi tíunduð sèr heldur látin felast í jarðartíundinni. Þetta er hin eina ástæða að minni hyggju, er gat komið Reykjavíkurnefndinni til að taka prestsmötuna inn í jarðarafgjöldin og setja jarðirnar upp um prestsmötuna. Eg skal eigi rekja þetta mál lengra, því mèr finnst auðsætt, að enga tíund skuli greiða af þeim hundruðum, sem jörð varð dýrari við jarðamatið sakir prestsmötunnar, því prestsmatan kom og kemur eigi jörðunni sjálfri við í rèttum skilningi, og því er í rauninni sjálfsagt að draga prestmötuhundruðin frá tíund, því bæði er prestmatan eptir uppruna sínum ekki fasteignargjald, og eptir eðli sínu hlýtur hún að vera undanþegin tíund, ef eg skil löggjöfina rètt, með því að hún er til guðs þakka lagin. Að gjalda tíund af prestsmötuhundruðum væri sama, sem að leggja skatt á þegnskyldu manna, og þarf eigi að eyða orðum að því, hvort það mundi rètt eður eigi. Að eg þá víki aptur að 1. gr. þá skal eg taka til eitt dæmi. Hvanneyrarkirkja í Borgarfjarðarsýslu á teig í jörð, sem eigi er kirkjujörð. Nú við jarðamatið var teigurinn virtur með þeirri jörð sem hann liggur í, og því með jörð þeirri, sem alls ekki á teiginn. Svona eru til fleiri dæmi. Er nú þetta rètt? Það væri eins og að meta hverja þá jörð, er Hólakirkja, Þingeyraklaustur o. s. frv. á reka fyrir landi þeirra þeim mun dýrara sem rekinn er meira virði. Þegar bændakirkja á nú ítök í annars landi, verður að meta þau sèr svo það sjáist hversu mikið heimaland kirkjunnar hefir hækkað í verði við ítökin. Eg tek til dæmis: Nú er einhver jörð metin 40 hndr. sem áður var 30 hndr. setjum nú svo, að jörðin hafi hækkað um 10 hndr. við jarðamatið fyrir það að ítökin voru tekin inn í matið á jörðinni, en að kirkjan hafi átt þriðjung úr heimalandi, og á þá kirkjan nú helming jarðarinnar eður 20 hndr. að rèttu lagi; en þó verður eptir nýja jarðamatinu ábúandi skyldaður til að gjalda tíund af tveim þriðjungum en ekki af ½ jörðunni, af því að kaupahlutinn var áður tveir þriðjungar, en þess er eigi getið í jarðamatinu hve mikið jörðin hækkaði sakir ítakanna. Mèr finnst því nefndarálitið á góðum rökum byggt.

Stefán Jónsson: Nefndarálitið er miklu strangara í orðatiltækjum en niðurlagsatriðin, og að öllum líkindum kemur fram í

álitsskjali til konungs hið helzta úr nefndarálitinu, og það er það sem gjörir grautinn á tíundinni, ef stjórnin tekur málið til greina.

Magnús Andrèsson: Þegar eg fór að skoða þessi niðurlagsatriði, datt mèr í hug að gjöra við þau litla breytingu. Það stendur í 1. niðurlagsatriðinu: »þegar nauðsyn ber til og eigendur eða tíundatakendur krefjast«. Eg ímynda mèr, að tíundatakendum muni ekki þykja nauðsynlegt að krefjast þessa, heldur ábúendum, því leiguliðar gjalda flestir tíundina úr sínum eigin vasa án endurgjalds frá eiganda, og vildi eg því setja: *þegar einhverjir hlutaðeigendur krefjast.* Svo vildi eg í 2. gr. þar sem stendur »verði sá hlutinn, er prestsmötunni nemur« bæta dálitlu inn í; af því sumstaðar er annað álag á jörðum en prestsmata, eg þekki t. d. jörð, sem er bænda-eign, en þó á að gjalda af henni til prests 4 vetrungsfóður. Það get eg ekki kallað prestsmötu heldur nautsmötu, og því vildi eg orða þetta svo: »sem prestsmötunni eða þvílíkri ískyldu &«. Um þetta tvennt vildi eg áskilja mèr breytingaratkvæði, hver eg á sínum tíma orða eptir því sem bezt á við.

Framsögumaður Eg skal út af ræðu þingmanns Árnesinga geta þess, að eg hef ekkert móti breytingaratkvæðum hans. Annars held eg að tíundatakendur fremur en eigendur mundu krefjast að kirkju-ítökin væri metin sèr. Það er eins og með hverja skuld sem maður heimtar, þá verður maður að vita upphæðina á henni, eigi hann að geta heimtað hana, og eg skil því ekki betur en tíundartakendum hljóti að vera um það hugað, að fá afgjört, af hve mörgum hundruðum þeir megi heimta tíundina. Viðvíkjandi því sem þingmaður Strandasýslu sagði, að Reykjavíkurnefndin hefði farið heimildarlaust í þetta mál, þá er það ekki svo, því hún hafði heimild frá þinginu, og þó eg ekki væri henni með öllu samdóma fann eg þó ekki ástæðu til að skrifa sèrstakt ágreiningsatkvæði. Þegar eg var sýslumaður í Mýrasýslu stýrði eg þar jarðamatinu, og bað eg virðingarmennina fyyrst að meta jarðirnar sem prestsmata eður önnur slík kvöd lá á, fyrst eptir því, sem þær mundu seljast með þeim kvöðum sem á þeim lægi, og færði það matsverð út innan línunnar, en síðan bað eg þá meta, hve hátt þær mundu seljast kvaðalausar, og þá virðingu skrifaði eg sem aðalvirðinguna; við þenna framgangsmáta sást hvorutveggja virðingin. Reykjavíkurnefndin vildi nú heldur meta jarðirnar eptir því sem jarðir þessar mundu seljast ef á þeim lægi engar kvaðir, og gjörð grein fyrir því í áliti sínu, og á það fèllst þingið 1857, það er og nauðsyn-

legt, að vita dýrleika á þessum jörðum kvaðarlausum, því ef kirkja væri þar lögð niður, eður kvöðinni lètti, ætti tíund að gjaldast af öllum dýrleika þeirra, sem öðrum jörðum.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil taka mèr það breytingaratkvæði, að 1. tölul. verði 2. tölul. og 2. tölul. 1.

Forseti: Af því enginn tekur framar til máls, álít eg þessari umræðu lokið. Eg bið þá þingmenn sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði að koma með þau til mín ekki síðar en kl. 8, f. m. á morgun. Næsta fund ákveð eg á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

Þrítugasti og fyrsti fundur — 11. ágúst.

Allir á fundi.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur málið um *viðbót á eptirlaunum frú Elínar Thorstensen* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Var málið afhent framsögumanni.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 325.

Framsögumaður (*Gísli Brynjúlfsson*:) Eg þarf nú hvorki að tala langt nè mikið, því þau breytingaratkvæði eru hèr ein fram komin, að eg vona þau muni ei snúa þinginu frá að fallast á uppástungu nefndarinnar. Hinum háttvirta þingmanni fyrir Strandasýslu verð eg að votta þakklæti mitt fyrir það, að hann hefir ekki farið lengra fram í þá stefnu, sem hann talaði þó helzt í seinast, og ekkert breytingaratkvæði gjört, svo það er nú að eins frá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga að mótaldan ris; og þó eg hefði víst líka helzt óskað, að hann hefði einnig látið mótmæli sín falla niður, þá verður nú að taka því sem komið er, og skal eg þó ei eyða mörgum orðum til þess að hafa á móti breytingaratkvæði hans undir 1. tölul., þar sem eg treysti mèr hvorki til að sannfæra hann svo, að hann taki það nú aptur, nè heldur vantreysti eg þingmönnum svo, að þeir sjái ei eins fyrir því muninn á því og uppástungu nefndarinnar. Og hvað breytingaratkvæðinu undir 2. tölul. viðvíkur, þá skal eg alveg láta það vera á valdi þingsins, hvað það vill afráða um það, og það því fremur sem eg sè, að það hefir ei

verið tekið til greina, sem eg gat seinast um í leiðrèttingarskyni, því orðin »að minnsta kosti« standa enn sem þá á óhentugasta og versta stað. Eg tek það því að eins fram, að ef þeim verður haldið, þá eiga þau að standa rètt á undan »200 rd.«, en ekki þar sem þau standa nú.

H. Kr. Friðriksson: Eg setti þetta breytingaratkvæði í því skyni að bæta fyrir málinu, en ekki til að spilla fyrir því, og eg er sannfærður um, að ef þingið vísar málinu þessa leið, þá verður það því til gagns, en að senda bænarskrá til konungs um það, tel eg málinu einungis til ógagns.

Framsögumaður: Eg sè eigi til neins að vera nú að taka það upp aptur, sem eg sagði svo margsinnis í gær, að það er auðsjáanlegt, að það eru miklu meiri meðmæli með bænarskránni að senda hana beinlínis til stjórnarinnar heldur en að eins að vísa henni til stiptsyfirvaldanna, og mèr nægir það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, sem helzt má vera kunnugt um, hvað bezt hentar í þessu máli, er á sömu meiningu sem eg. Hvað mótbárur hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga að öðru leyti við vikur, þá er eg hræddur um, að hann hafi um of blandað þessu máli saman við annað mál, er einnig hefir komið fyrir og mun enn koma hèr fyrir á þinginu, og sem að vísu er því nokkuð skylt, svo hann þykist líklega verða að vera á móti þessu, af því hann er svo harður á móti hinu. En þetta er þó ekki nema misskilningur, því þó málin sèu nokkuð líks eðlis, þá er sá munurinn, að hèr er eigi verið að tala um að taka nokkurn einstakan mann fram yfir annan, heldur er nú að eins um það að gjöra, hvort þingið eigi ei opinberlega að viðurkenna það, sem öllum almenningi annars kemur saman um, að Jón Thorstensen landlæknir hafi verið meiri verðlauna maklegur fyrir starfa sinn, en hann nokkurn tíma varð aðnjótandi í lífinu. Og þessi skoðun vona eg verði ofan á þinginu, hvað sem svo einstakir mæla á móti; en það sannast þá bezt, ef þingið mælir nú beinlínis við stjórnina fram með bænarskránni sem hèr um ræðir, eins og nefndin hefir stungið upp á.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki verið á þeirri meiningu, að leið sú, er nefndin ræður mönnum að fara í þessu máli, sè hin rèttasta; og er fremur á því, að það spilli fyrir málinu; því sè leiðin ekki hin rèttasta, sè farin krókótt leið yfir óvegi og ógöngur, en vísvitandi yfirgefinn rèttur, greiður og beinn alfaravegur, og þannig flutt mál, sem þó allir vilja styðja, þá er undir eins stór-

um spillt fyrir málinu, og flutningur þess, fylgi og stuðningur verri en ekki neitt. Það er beinlínis sagt í 77. gr. alþ. tilsk., að þingið eigi ekki að skipta sèr af bænarbrèfum eða umkvörtunum einstakra manna, nema því að eins að þingið geti sannfærzt, um að þeim sama manni »órèttur sè gjör«; þetta getur ekki átthèr heima; við getum ekki sagt, að ekkjufrú Jóns landlæknis Thorstensens hafi orðið fyrir »órètti«, eða að henni hafi verið gjör órèttur, þó að hann fengi ekki hærri embættislaun en þetta meðan hann lifði, þó hann aldrei nema verðskuldaði að fá margfalt meiri laun, því þetta var samkvæmt þá gildandi lögum um laun allra embættismanna hèr á landi. Það hefir heldur ekki komið fram fyrir þingið neinar líkur að því auk heldur sönnun, að hinni heiðursverðu ekkju hans hafi verið órèttur gjör með því, að henni hafi verið neitað aptur og aptur um þau eptirlaun eða eptirlauna viðbót sem henni gat framast borið eptir lögunum sem þar um gilda. En þó nú eptirlaun hennar sèu í raun og veru næsta rýr þá verður það ekki kallaður órèttur, ef eptirlaunin hafa verið veitt samkvæmt lögum; órètturinn liggur í því, að maður eigi fái að njóta þess, eða er synjað um það, sem maður hefir rètta og löglega heimtu á; það er stór munur á því, hvort krafan er byggð á sanngirni, byggð á staklegum persónulegum atvikum eða á skýlausum og almennum lagarètti. Sè hinn löglegi rèttur skertur, þá er órèttur gjörr, en fyrr ekki. Eg gef þess vegna atkvæði mitt fyrir breytingaratkvæði þingmannsins úr Reykjavík, til þess eg ekki verði meðal þeirra er spilla fyrir málinu með því að vilja beina því alveg ranga og heimildarlausa leið.

Stefán Jónsson: Eg get ekki betur sèð en að það villi sjónir fyrir mönnum þegar konungsfulltrúi er á annari meiningu eins og átti sèr stað í gær í þessu máli, en hinir merkustu þingmenn, og þegar einungis er að tala um form, og þegar sumir merkustu og æfðustu þingmenn sem vel þekkja til mála segja að stefna sú, sem tekin er, sè röng, en aðrir að hún sè rètt, það er líklegt að þessir menn geti orðið á eitt sáttir um formið; þetta getur ekki annað en leitt hina fáfróðari í villu. Og þó að málið því fái óheppilega stefnu, þá er það þeim að kenna sem bezt hafa vit á forminu, og það er því á þeirra ábyrgð þó að málið við þenna meiningamun líði skaða.

Helgi Hálfdánarson: Mig furðar á því, að sumir skuli vilja vísa þessu máli frá bænarveginum til konungs gegnum þingið, því

eg get ekki skilið annað en það eigi rètt á að ganga þenna veg, og að það hljóti að verða því til bóta. Þetta mál er öldungis samkynja launabótamáli embættismannanna, sem hèr gekk í hitt eð fyrra gegnum þingið til konungs, því hvort sem beðið er fyrir 10 eða fyrir einn þá er það hið sama. Hèr hefir og á þingi verið sèrstaklega beðið um launaviðbót fyrir einn einstakan embættismann. Eg skil ekki heldur, að það eigi við að vitna til § 77 í alþingistilsk., því hèr er ekki um neina umkvörtun að ræða samkynja því, sem þar er talað um; hin heiðursverða ekkja sem hèr á hlut að máli hefir ekki kvartað yfir neinum órètti, heldur fer hún bænarveg í gegnum þingið til hans hátignar konungsins; þessi lagastaður gjörir því hvorki til nè frá. Að öðru leyti held eg það styrki málið, að þingið sendi bænarskrá í því til konungs, því eg geng og út frá því vísu, að stiptsyfirvöldin muni líka mæla hið bezta með bæn ekkjunnar og verður það þá máli hennar tvöföld styrking. Þingið ætti eigi að kasta bænarrètti sínum frá sèr; það er og samboðið virðingu þingsins og þjóðarinnar að muna eptir sínum ágætismönnum hvort sem þeir eru lífs eða liðnir. Eg er þess vegna alveg samdóma nefndinni og mæli með því, að bænarskrá verði send í málinu til konungs.

Arnljótur Ólafsson: Þó eg neiti því ekki, að ræða varaforseta og þingmanns Reykvíkinga hafi mikið fyrir sèr, þegar maður fer »formelt« eptir 77. gr., þá finnst mèr þó full ástæða til þess, að fara hèr þann vanalega þingveg og neyta bænarrèttar síus. Eg skil og 77. gr. þannig, að hún snerti þær bænir og umkvartanir einkum, sem einstakir menn bera fram út af aðgjörðum embættismanna og svo um þau efni sem eru umboðslegs eðlis en eigi löggjafarmálefni. En nú verður því eigi neitað að þetta mál er löggjafarmál, með því hèr er að ræða fjárframlag, og þess vegna er mál þetta *almennt* alþingismál í sjálfu sèr, þótt það snerti að eins *eina* ekkju, og því er þinginu rètt að styðja það með sínum almenna bænarrètti og fara með það eptir vanalegum þingsköpum, en eigi binda sig við 77. grein. Þess ber og enn að gæta þessu til stuðnings, að þar sem talað er um »hlutaðeigandi yfirvald« í 77. gr., þá er það einkum að skilja um amtmennina, byskup, og stiptamtmann, en í þessu máli er stiptamtmaður eigi lengur hlutaðeigandi yfirvald heldur er það stjórnin, því menn vita, að stiptamtmaður, hefir tvívegis mælt fram með ekkjunni og sent bæn hennar frá sèr til stjórnarinnar. Með því nú að ekkjan hefir áður

tvívegis farið þenna yfirvaldsveg sem sumir vilja fara enn að nýju, og benni verið neitað, þá finnst mèr auðsætt, að menn eigi nú ekki hèr að vísa henni á þann veg, sem eigi hefir stoðað hana og að öllum líkindum mundi eigi stoða hana, ef farinn væri. Hinn eini vegur fyrir hana er því að þingið greiði bænum hennar veg til eyrna konungs, því aldrei skal mèr detta í hug að meta eigi tillögur *alls* þingsins meira en tillögur *eins* embættismanns, hversu góður og bænheitur sem hann kann að vera. Af því málið i sjálfu sèr er mikilvægt og gott, verða menn að vona, að það nú takist fyrir bænastað þingsins, og fyrst að allir þingmenn vilja styðja málefnið sjálft, þá eiga þeir eigi að hika við að gjöra það á þann hátt, er þeir mega ætla að sè kröptugastur og bezt tilfallinn. Vèr eigum og jafnan heldur að auka bænarrètt þingsins en að rýra hann.

H. G. Thordersen: Af því eg var einn í nefndinni ætla eg að segja nokkur orð; eg vil minna á-það, að þó málið sè orðið lengra en eg bjóst við, þá eru samt allir þingmenn samhuga á því að mæla með ekkjunni, einkum með tilliti til þess, hvílíkan merkismann hún átti. Það er því hèr einungis um formspursmál að gjöra. En nú hefir konungsfulltrúi, sem svo vill til að líka er stiptamtmaður, skýrt frá því, að hann áliti það bezta veginn, að senda mál þetta gegnum þingið til stjórnarinnar, og þetta er þeim mun eptirtektaverðara fyrir þingið, sem hann bæði sem konungsfulltrúi og stiptamtmaður er þessu málefni allra manna kunnugastur. Eg skil því ekki hvers vegna þingið ekki í einu hljóði skuli ganga inn á þetta, sem eg verð að álíta hinn affarabezta veg. 1. breytingaratkvæðinu er eg alveg mótfallinn; 2. breytingaratkvæðið er svo húsgangslegt, að eg verð að vera því mótfallinn, og skil eg ei í þvi hvað svo göfugum mönnum hefir komið til að setja það. Eg vona því að allir verði á því, að senda bænarskrá, og það því fremur, sem málið er svo lagað að það verður að leggjast fyrir ríkisþingið í Danmörku.

Magnús Andrèsson: Það er svo fjarstætt tilfinningu minni sem austrið er vestrinu að vilja spilla fyrir þessu máli; en eg álít að samkvæmt 77. gr. eigi í þessu máli að ganga yfirvalda veginn; þeir sem mæla á móti þessu, koma heldur ekki með neina lagaákvörðun sínu máli til sönnunar. Eg verð því að lýsa því yfir, að eg gef atkvæði mitt fyrir því, að málinu verði vísað gegnum stipt-

amtmann til stjórnarinnar, því eg álít, að sá vegur yrði líka allt eins happasæll.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það undarlegt, að menn skuli vera svo skelfilega fastir núna á alþingistilskipuninni. Hún er nú rèttra 20 ára, og er víst hægt að koma með yfir 20 dæmi upp á, að menn hèr hafa vikið frá henni: mèr finnst þess vegna núna þessi fastheldni undarleg. Það væri því slæmt, ef menn nú með þessu spilltu fyrir góðu máli; eg get heldur ekki skilið annað en að það sè óhætt að fara að ráðum nefndarinnar, og það því fremur sèm hinn hæstvirti konungsfulltrúi ræður til þess. Eg álít það því verðugra fyrir þingið, að fara að ráðum nefndarinnar og konungsfulltrúa. Það er og víst, að landlæknirinn sálugi var mesti merkismaður, og á það skilið, að menn fari vel með ekkju hans. Hann hefir ritað þær bækur sem voru og eru til mikils gagns fyrir landið og sem gjöra honum sóma lífs og liðnum, t. a. m. »um meðferð á börnumá, samt veðurbækur fyrir Ísland er ná yfir 25 ár, það er því sanngjarnt að við rèttum þá hjálparönd ekkju hans, sem oss er unnt, og vona eg því að 77. gr. ekki verði því til fyrirstöðu að við förum eptir tillögum nefndarinnar.

Forseti: Af því alþingistilskipunin í 49. grein gjörir forseta það að skyldu, að sjá um, að þeim málum, sem ekki komi þinginu við, verði vísað þangað, sem þau eigi rèttilega að koma, þá vil eg leyfa mèr að segja fáein orð um formblið máls þessa, og vil eg þá skýrskota til þess, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, því það bendir málinu í rètt horf; eg álít því ekkert á móti því, að bænarskrá verði send frá þinginu til konungs, og það með fram af því, að það má rèttlæta að rèttur hlutaðeigandi ekki sè til staðar, og svo á þingið að neyta bænarrèttar síns, og þegar tveir vegir eru fyrir hendi, ganga þann sem frjálslegri er, eins og það er vant að gjöra; og í þriðja lagi hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi látið það álít í ljósi, að þetta sè rèttasti vegurinn.

Ásgeir Einarsson: »Sitt lízt hverjum». Mèr þykir það merkilegt, hvaða ágreiningur getur orðið út úr þessu form-spursmáli. Það hefir verið sagt, að konungsfulltrúi hafi hreift því, að rèttast mundi vera í þessu máli að fylgja nefndinni; en eg tók ekki betur eptir, en að hann við inngangsumræðuna segði, að hið rèttasta væri að vísa málinu frá þinginu í gegnum stiptamtmann til stjórnarinnar. Þingið á að gæta sinnar reglu og hver þingmaður samvizku sinnar. Þingmaður Gullbringusýslu bar þetta saman við launabótamálið, en

þá var að ræða um kröfurètt, sem nú ei liggur fyrir. Eg vona að þingmenn láti skynsemina ráða orðum sínum, en láti ekki tilfinninguna blaupa með sig. Þingmaður Borgfirðinga komst inn í 77. gr. og sýndi, að þetta væri ekki gagnstætt henni; ef þingið er sannfært um að bænarskrá eigi að senda, þá er það enginn samvizkupóstur; en eg vil að þetta sè byggt á ástæðum; eg get ekki annað en álitið það styrking fyrir mál þetta, sem stiptamtmaður hefir sent stjórninni, að meðmæling þingsins fylgi því, einkum þegar það áður hefir gengið í milli stiptamtmannsins og stjórnarinnar. Að öðru leyti get eg ekki álitið það vel gjört af þeim lögfróðu mönnum í þingræðum, að villa bændur, hvort það er heldur konungsfulltrúi eða þingmenn, heldur er það skylda þeirra að leiðbeina þeim. Eg vona að ef konungsfulltrúi væri sjálfur hèr á þingi, að hann tæki til orða, og gæfi þá bendingu í hverja átt málið rèttast eigi að ganga, til þess menn geti verið vissir um, hvernig menn eigi að greiða atkvæði í málinu. Eg vil ekki spilla málinu, og segi eins og þræll Hallgerðar »þó eg sè slæmur« já þó eg sè slæmur, þá hefir það þó aldrei verið sagt um mig, að eg vildi níðast á ekkjum og munaðarleysingjum, þó það ef til vill gangi sem frèttafleygir hèr í bænum, og út um landið.

Framsögumaður: Eg vona nú, að þessi umræða fari bráðum að greiðast og taka enda, því hinn mikli sáttasemjari þingsins er nú einnig upp staðinn og hefir lagt sitt til. Því, sem hann sagði um tillögur hins hæstvirta konungsfulltrúa seinast, verð eg þó að mótmæla, þar sem hann situr nú ei sjálfur í sæti sínu, því það er víst, að hann fèllst þá alveg á uppástungu nefndarinnar, og áleit það alls ei að lýsa neinu vantrausti á stiptamtinu að senda bænarskrána beinlínis til stjórnarinnar, þegar þess er gætt, að meðmæli þingsins verða því þá að eins til frekari styrkingar, sem stiptamtmaður áður hefir gjört í þessu máli, eins og það líka er í augum uppi, að til þingsins varð ei leitað fyrr en nú, þó til stiptamtsins hafi áður verið farið. Heldur ekki hefir hinn hæstvirti konungfulltrúi nokkurn tíma álitið þá aðferð ólöglega að senda bænarskrána beinlínis til stjórnarinnar, en miklu fremur talið hana bæði löglega og haganlega í alla staði; og eg held líka það sè í raun og veru mikill óþarfi og muni einnig koma fyrir ekkert, að vera nú að reyna til að beita 77. gr. alþingistilskipunarinnar við þetta mál, eins og hinn háttvirti varaforseti hefir fundið upp, því þó nú þetta mál væri eitt af þeim, sem þar um ræðir, þá segir þar einmitt, að slíkum

málum skuli vísa annaðhvort til *vor* eða viðkomandi yfirvalda; en þetta *vor* er nú einmitt konungur vor sjálfur og stjórn hans, og hvað er þá um að tala? En það bætist nú þess utan við, að það er í sjálfu sèr alveg rangt að telja bænarskrá frú E. Thorstensen með umkvörtunum þeim sem rætt er um í tèðri grein alþ. tilsk., því þá hefði líka mátt telja bæn embættismanna hèr á landi um launabót með slíkum umkvörtunum, og það vitum vèr þó allir, að þingið hikaði eigi við að veita henni meðmæli sín, sem rètt var. Að mæla nú fram með þeirri bænarskrá, sem hèr um ræðir er því í raun og veru ekki annað en að halda áfram í sömu stefnuna, því þar sem hinn háttvirti þingmaður fyrir Strandasýslu sagði, að sá væri munurinn, að embættismennirnir hefðu haft fulla rèttarkröfu til stjórnarinnar um launabót, af því þeim hefði verið svo opt neitað, en hèr væri að eins að tala um sanngirniskröfu, þá skil eg eigi, hvernig hann fer að hugsa slíkt. Og þess utan gleymir hann því, að frú E Thorstensen hefir líka einmitt sótt áður til stjórnarinnar, án þess að fá bænheyrslu, og ætti hún þá líka, eptir hans setningu að vera búin að fá rèttarkröfu að eins þess vegna, því menn mega eigi beita sömu hugsuninni á ýmsan hátt, eptir því sem verkast vill, þá tapar hún að eins sönnunar afli sínu. Eg get því eigi skilið að þessar og þvílíkar mótbárur þurfi að hafa nein áhrif á þingið, og hvað hinu viðvíkur, sem tveir háttvirtir þingmenn uppástanda, að það sè beiðandanum eins gott, að alþing vísi málinu til stiptamtsins, þá get eg varla fengið af mèr að vera að tala meira á móti því en eg hefi áður gjört; því mèr finnst það svo í augum uppi, og það efast eg ei heldur um, að flestir þingmenn muni einnig sjá, án þess eg sè að benda þeim nokkuð frekar á það, að slík aðferð væri miklu fremur að eins að vísa viðkomendum það sem Danir kalla »Vinterveien«, eða hèr um bil það sama sem að vísa þeim beinlínis út á klakann. Og þegar eg nú samt heyri hinn háttvirta varaforseta og þingmann Reykvíkinga vera að mæla fram með þessari aðferð af ákafa, þá get eg eigi að því gjört, að mèr dettur ósjálfrátt í hug saga, sem mèr einu sinni var sögð, að tröllslegur karl sást einhvern morgun, áður en menn fóru að róa, koma fram úr sjávarhömrum og segja: »Vestangúlpur í dag, garró«! — en um daginn gjörði manuskaða veður, svo þeir fórust flestir sem róið höfðu. Þetta dettur mèr nú í hug, þegar eg heyri ástæður hinna háttvirtu þingmanna, er nú horfast hèr í augu og situr annar í austri en hinn í vestri; því þær

eru vissulega ekki betri en þetta »garró« og munu líka einkum að eins vera ætlaðar til að koma einhverjum gúlp til leiðar hèr í salnum. En eg vona það takist eigi, og að minnsta kosti er eg sannfærður um, að þingmenn munu eigi láta þenna gust verða bænarskrá frú E. Thorstensen eins banvænan og gúlpurinn frá karlinum varð róðrarskipunum.

Páll Melsteð: Eg skal í stuttu máli láta álit mitt i ljósi um það atriði málsins, sem nú er helzt umræðu-efni. Og þá vil eg geta þess, að hugur minn hefir ekki snúizt frá því sem eg hugsaði og talaði hèr í gær, viðvikjandi þessu máli. Mèr virðast nú margar ástæður liggja til þess, eins og þingmenn hafa þegar tekið fram, að það sè rèttara af oss þingmönnum, að snúa oss beinlínis til konungs fyrir milligöngu konungsfulltrúa, heldur en að beina málinu til stiptsyfirvaldanna fyrir milligöngu forseta vors. Bæði er það þetta, að konungsfulltrúi benti oss að fara þá leið, sem eg vil að farið sè. Og hans bendingu í þessu atriði met eg mikils; því að mèr kemur ekki í hug nè hjarta, að konungsfulltrúi hafi viljað leiða oss þingmenn út á hálan ís. Eg styrktist líka í sannfæringu minni eptir að eg hafði heyrt hinn mikilsverða þingmann Borgfirðinga tala það, sem hann talaði um 77. gr. alþingislaganna. En það sem er aðalástæðan fyrir mig er það, að hèr er um löggjafarmál að tala; hèr er um það að tala, að löggjafarvaldið í Danmörku gefi út lagaboð um eptirlaun handa ekkjufrú Elínu Thorstensen. En til þess, að nokkurt lagaboð, sem snertir þetta land eða þegna konungs í þessu landi, komi út á rèttan og löglegan hátt, álít eg þann eina formlega veg, að þingið snúi sèr beinlínis á lögboðinn hátt til stjórnarinnar sjálfrar og ekki stiptsyfirvaldanna. Hitt er og svo ástæða nokkur fyrir mínu máli, þó eg meti hana minna, að stjórnin hlýtur að líta á það, hvernig á stiptsyfirvöldum þessum stendur, og hún hlýtur þá að sjá, að annar af stiptsyfirvöldunum, byskupinn, er þingmaður og hefir verið í nefnd þeirri hèr á þingi sem um þetta mál hefir rætt, og ritað nafn sitt undir nefndarálitið, en hinn, stiptamtmaðurinn, er einn og sami maður sem konungsfulltrúinn á þessu þingi. Liggur það þá eigi i augum uppi, að það er eintómt leikspil og eintóm endaleysa, að vilja senda málið frá þinginu til stiptsyfirvaldanna? Þetta bið eg þingmenn vel að athuga.

Jón Pálmason: Eg er máske einn af þeim, sem ekki hefi fullkomlega ljósa skoðun um, hvern veginn sè betra að ganga í þessu máli í tilliti til hlutaðeigenda sjálfra, þó flestir ef ekki allir

þingmenn vilji styðja að því, að sá vegurinn væri genginn sem rèttastur er og málefninu fyrir beztu. Þó er nú samt þessi mikli meiningamunur og það á milli hinna helztu þingmanna hèr á þinginu; en eptir því sem mèr þó virtist málið upplýsast við ræðnr þingmanna einkum ræðu hins heiðraða þingmanns Borgfirðinga, mun eg helzt gefa atkvæði mitt með nefndinni.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil að eins með fáum orðum leyfa mèr að láta í ljósi skoðun mína á 77. grein alþingistilskipunarinnar, að því er snertir þetta mál; í 77. grein er svo til orða tekað: »að alþingi eigi ekki að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum eða umkvörtunum«. Þegar eg lít á þessa grein, get eg ekki betur sèð, en að í henni liggi, að þingið alls ekki hefði í upphafi átt að skipta sèr af þessu máli öðruvísi en svo að vísa því þegar til hlutaðeigandi yfirvalds; en nú hefir þingið þó ekki gjört þetta, heldur hefir það farið með þetta mál eins og hver önnur þingmál, kosið nefnd í það, nefndin samið álit sitt, og þingið rætt nefndarálitið, og nú er komið fram í seinustu umræður. Vilji nú þingið eptir allt þetta vísa málinu frá sèr til hlutaðeigandi háyfirvalds, þá lítur svo út sem það sè orðið sjálfu sèr ósamkvæmt. En eg álít að það ætti nú að halda þeirri stefnu sem það hefir byrjað og fram haldið, og því að senda bænarskrá hèr um beina leið til konungsins.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst nú ekki að eg vera í neinum vafa um, hvernig eg skuli greiða atkvæði mitt í þessu máli, og með því að eg um lengri tíma hefi verið hreppstjóri og sannfærzt um í þeirri stöðu, að ekkjur fremur öðrum þurfa liðveizlu við, og eg hefi líka gjört mèr það að reglu að hjálpa upp á ekkjur í hrepp mínum, þá ætla eg einnig að fylgja sömu reglu hèr á þinginu og hjálpa ekkjunni um atkvæði mitt; það hafa allir viðurkennt á þinginu að ekkja þessi væri verðug fyrir eptirlaun, þegar litið er til þeirra hæfilegleika sem maður hennar hafði í tilliti til launabótar, og því virðist mèr, að málið muni fá þingsins meðhald; það hafa nú verið miklar umræður um þá formlegu hlið þessa máls, og ræðurnar hafa farið í sömu stefnu, og þær fóru á seinasta þingi í málinu um laun þeirra manna sem störfuðu að hjúalagafrumvarpínu, og það mál fór þó beinlínis frá þinginu til konungs, og hafði góðan árangur, og því finnst mèr nú enginn vafi á, að mál þetta eigi að ganga beinlínis frá þinginu til konungs.

Framsögumaður: Þar sem eg sè að hinn hæstvirti konungs-

fulltrúi er nú sjálfur kominn til sætis, þá get eg ei svarað kveðju hins háttvirta þingmanns fyrir Strandasýslu betur en með því, að skora nú á konungsfulltrúa, að segja þinginu enn af nýju álit sitt um þetta mál, eður hvort hann áliti það rangt á nokkurn hátt að mæla beinlínis fram við stjórnina með bænarskránni.

Konungsfulltrúi: Eg hefi áður tekið fram, að menn gætu að mínu áliti við haft hvorutveggju aðferðina; en þingið áleit það kröptugra að það heinlínis sendi bænarskrá um málið, af þeim ástæðum, sem þá voru tilgreindar; það er því hreinn misskilningur á orðum mínum, að eg skyldi hafa sagt að það væri algjörlega ólöglegt, að þingið sendi konungi vorum bænarskrá í málinu.

Indriði Gíslason: Eg get borið vitni um það, að enginn hefir borið þetta upp á konungsfulltrúa.

Framsögumaður: Eg þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir svar hans, því nú eru öll tvímæli af tekin; vona eg því og að þingmenn muni ei lengi hika við að gefa atkvæði sín með nefndinni.

Forseti: Þar enginn tekur til máls álít eg þessari ályktarumræðu lokið. Eg álít eg hafi fullnægt skyldu minni sem forseti, þegar eg læt þingið með atkvæðum skera úr þessu formspursmáli. Var síðan gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, og fèllu atkvæði á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði H. Kr. Fríðrikssonar, fellt með 15 atkvæðum gegn 5.
2. Breytingaratkvæði Sv. Skúlasonar, fellt með 14. atkvæðum.
3. Nefndarinnar uppástunga, samþykkt með 19 atkvæðum.
4. Hvort rita skuli bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Þessu næst kemur launabótamál Jóns Þorkelssonar til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Var málið afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 325.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eg skal ekki í þetta sinn verða langorður; það var talað svo mikið um þetta mál síðast. Eg vil þó geta þess, að 5. atriði kemur málinu ekki við, og getur því ei komið til atkvæða. 2. atriði er vel hugsað, en eg þarf skýringar á því frá hinum háttvirta uppástungumanni áður en eg get

fallizt á það. Um 1. atriði ætla eg ei að tala, því það var talað svo mikið um það í gær.

Brynjólfur Jónsson: Af því hinn háttvirti framsögumaður óskaði skýringa frá mèr um breytingaratkvæði mitt undir 2. tölulið, vil eg leitast við að skýra þessa mína uppástungu nokkuð betur. Ástæðan fyrir því að eg fram kom með þetta breytingaratkvæði var sú, að eg ekki gat fellt mig við þá uppástungu nefndarinnar, að hnitmiða launa upphæð þess kennara sem hèr um ræðir við 1000 rd., með því líka þessi upphæð er svo mikil, að hún ekki stendur í rèttu hlutfalli við laun hinna annara föstu kennara, sem allir hafa þar að auki lengur verið í embætti; en hann hefir að eins að öllu samtöldu verið við skólann í 8 ár. En þegar haft er tillit til þess að hann einkum hin fyrstu ár hefir haft mjög lítil laun, þar sem hann þó er svo mætur vísindamaður og merkur kennari sem allir vita, þá álít eg að öll sanngirni mæli með því, að hann fengi þá viðurkenningu af stjórninni, að hann enda þótt hann hafi lengst af verið settur kennari, ætti skilið að hafa frá upphafi notið eins mikilla launa, eins og hann allt af hefði verið fastur kennari, því væri þessi sanngirnis krafa viðurkennd, þá ætti hann árið 1864 að vera kominn upp í 700 rd. laun, hefði hann hin fyrstu 3 árin fengið 500 rd. og hin næstu 3 ár 600 rd. og svo launin hækkuð um 100 rd. með hverju 3. ára bili, þá get eg ekki álitið, að hann hefði orðið *hart úti, eða út undan,* og eg ímynda mèr að hann hefði gjört sig vel ánægðan með þetta. Breytingaratkvæði þingmanns Reykjavíkur undir 1. tölulið, sem talar um 700 rd. laun sýnist máske að fara í sömu átt sem mitt, en eptir því kæmi Jón skólakennari Þorkelsson til að vanta að minnsta kosti 600 rd. upp á að hafa fengið full fastakennaralaun; og verð eg því að vera því mótfallinn.

Hvað nú viðvíkur þeirri uppástungu þingmanns Reykjavíkur, að máli þessu sè vísað til stiptsyfirvaldanna, þá verð eg að álíta, að þessu máli sé líkt varið og því sem nú voru síðast greidd atkvæði um, og hafi þingið með atkvæðafjölda af ráðið að senda bænarskrá um það til stjórnarinnar, svo geti það ekki annað en farið sömu leiðina í þessu máli.

Framsögumaður: Eg álít nr. 5 alveg rangt uppborið, og verð því að vera á því, að það ekki komi til atkvæða. Breytingaratkvæðið nr. 2 er vel hugsað og hefir við miklar ástæður að styðjast, og vil eg því ráða til, að það komist inn í bænarskrána til konungs, en þó að eins í ástæðunum en ekki sem niðurlagsatriði,

því hvað þau snertir álít eg að rèttara sè að fylgja nefndinni, af þeim ástæðum, sem eg hefi áður tekið fram.

H. Kr. Friðriksson: Þingið ræður hvaða veg það fer í þessu máli, en eg hef stungið upp á þessu breytingaratkvæði, sem eg á hèr á atkvæðaskránni, til þess að bæta sem mest fyrir málinu. Það er ekki til neins núna að færa fleiri rök að því, eg vildi að eins beina málinu í rètta átt. Hinn háttvirti forseti getur borið um það, að eg gat þess þegar á fundinum í gær og fèkk honum það þá þegar; það er eins ástæða fyrir þessa menn að fá launahækkun eins og sækjandann.

Framsögumaður: Eg held hinn heiðraði sessunautur minn, þingmaður Reykvíkinga hafi heldur en ekki misskilið bæði nefndarálitið sjálft og ástæður þær, sem það er byggt á. Eg vil því biðja hann að gæta að því, að í þessu máli sèu *sèrstakar ástæður* til að veita beiðandanum hina umbeðnu launaviðbót. Ef hèr væri um almenn lög eður gefnar reglur að ræða, væri þá ekki skrítið, að vera að biðja um að fram fylgja þessum lögum sem fram fylgt er. Nei! Hèr er spurningin um hvort ekki sè sèrleg og sèrstakleg ástæða til að mæla fram með þessum manni, og það stend eg enn sem fyrri fast á að eigi sèr stað. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vill styðja mál þetta, en mèr finnst embættisbróðir beiðanda, þingmaður Reykvíkinga vilja brjóta það niður. Kennari Jón Þorkelsson getur að vísu ekki krafizt launabótar eptir ströngum rètti, en hitt er annað mál, hvort stjórnin ekki af örlæti sínu vill bæta laun hans, og hvort hún ei finni að mannúðar og sanngirniskröfur mæli fram með því. Þessi kennari hefir líka það sèr til meðmælingar, sem enginn hinna kennaranna hefir, og þess vil eg biðja þingmann Reykvíkinga að gæta, einkum af því hann sjálfur er einn í þeirra tölu. Að því er snertir viðauka-uppástunguna undir 5. tölul., þá kemur hún ekki þessu við í minnsta máta. Það hefir engin bæn komið frá þessum mönnum, og eg stend fast á því, að hún sè ólöglega upp borin. Hvað það snertir að vísa málinu til stiptsyfirvaldanna gegnum forseta, þá getur sú uppástunga ekki komið til greina úr því málið í fyrstunni var tekið til meðferðar og nefnd kosin í því. Eg vona að það verði nú ekki miklar umræður framar um þetta mál, því það vill svo vel til, að þingið er ný búið að skera úr samkynja máli þessu einmitt á þann hátt sem eg fer fram á að sè hinn eini rètti, það er málið um viðbót við pension ekkjufrúarinnar Thorstensen.

Helgi Hálfdánarson: Þó það virðist svo í fljótu bragði sem beiðandi hafi orðið út undan þegar litið er til þeirra laga, sem gilda í Danmörku um kandídata í málfræði, þá held eg að menn ættu hèr ekki að líta á hina lagalegu blið, heldur þörf og verðugleika beiðanda, og hvað bezt sæmi fyrir þingið og landið. Enginn getur neitað því, að hann biður ekki um launabót ástæðulaust. Hann hefir þjónað hèr við skólann á 9. ár, án þess að hafa föst laun sem fastur kennari fyrri en nú í ár, en þó haft eins mikið að gjöra eins og hinir kennararnir, og þar að auki orðið að slíta sèr út á aukakennslu til þess að geta komizt af. Þeir sem til þekkja vita það, að það er ekki æskilegt fyrir vísindamanninn að þurfa að slíta sèr út á aukaverkum. Vísindamaðurinn þarf að hafa næði, til þess hann geti orðið landi og lýð að þeim notum sem hann hefir hæfilegleika til. Og ef vèr lítum til verðugleika þessa manns, þá er hann eins og alkunnugt er fátækur bóndason, sem með einstakri iðni sinni og gáfum hefir komizt svo áfram, að hann er nú einn hinn lærðasti maður þessa lands, og hinn einasti íslenskur málfræðingur með bezta vitnisburði sem nú lifir. Menn ættu einnig að gæta þess, að honum stendur ekki annar lífsvegur opinn en sá að vera skólakennari, hann getur ekki orðið prestur eða tekið að sèr neitt annað embætti hèr á landi; hann hlýtur þeas vegna annaðhvort að leita sèr atvinnu erlendis, eða að vera kennari hèr við skólann. Og ef vèr nú viljum gæta þess, hvað oss sæmir bezt, þá lítum á hvað aðrar þjóðir gjöra. Danir veita ríflegt laun jafnvel embættislausum vísindamönnum, og öðrum afbragðsmönnum t. a. m. skáldum; og hjá frændum vorum í Norvegi er miklu fè varið til þess að styrkja vísindamenn; og ættum vèr ekki að vilja vera ættlerar frænda vorra í þessu. Eg get nú ekki betur sèð, en að vèr samhuga ættum að leggjast á eitt með nefndinni. Um atkvæðaskrána skal eg ekki fara neinum orðum, en einungis geta þess, að mèr finnst 5. töluliður ekki geta komið til atkvæða í sambandi við þetta mál.

Forseti: Hvað tölulið 5. snertir, þá verð eg nú að fallast á það, að hann sè nokkuð laus við málið, en uppástungumaður setti hann í ræðum sínum í gær við málið, þar sem hann tók fram sambandið milli kennaranna innbyrðis, og eg get ekki álitið, að hann sè svo lauslega upp borinn, að hann geti ekki komizt til atkvæða. Það hafa opt verið bornar upp nýjar uppástungur til dæmis

í læknaskipunarmálinu; að öðru leyti skal eg láta þingið sjálft skera úr þessu formspursmáli.

H. G. Thordersen: Það er nú svo fyrir mèr, að eg þarf ekki og get ekki upplýst þetta mál betur en búið er, og einkum vildi eg gjöra ræðu þingmanns Gullbringusýslu að mínum orðum. Það er eitt atriði einasta, sem eg vildi drepa á, og það er það, þegar verið er að tala um að senda hitt og þetta í gegnum stiptamtið. En eg vil þá spyrja, er ekki veglegra fyrir þingið að eiga við konunginn sjálfan? Þar sem eg get vil eg standa beinlínis undir konunginum, en ekki þurfa að vera að fara þetta úr einu kotinu í annað. Fyrst þingið er til á annað borð, þá finnst mèr það eiga að gæta sóma síns, og senda málin beinlínis til konungs, þegar þess er kostur, en ekki senda þau á skotspónum. Er eg því samdóma og samkvæmur sjálfum mèr í þessu eins og eg var það í hinu fyrra málinu er rætt var, og er því algjörlega mótfallinn breytingaratkvæðinu undir tölul. 1. Eg er líka á móti 2. tölul., en skal svo ekki tala meira um það. Nú, nú! hèrna koma þá aptur undir 3. tölul. orðin að *minnsta kosti,* og er eg engan veginn mótfallinn því, að þau falla burt á þessum stað. Hèr stendur öðruvísi á en í hinu málinu, sem síðast var rætt. Það kann að vera satt, að stjórninni þyki þetta nóg upphæð, þegar hún ber það saman við laun hinna kennaranna, og það kynni að skemma fyrir vel forþèntum sækjanda að taka »munninn svona fullan« eins og danskurinn segir, og ætti betur við að það stæði »allt að« eða eitthvert þess háttar orð. Viðvíkjandi 5. tölulið, þá verð eg að vera sömu meiningar eins og aðrir, að hann ekki eigi hèr við. Móti 6. tölul. get eg ekki haft; eg held það yrði málinu kannske til styrkingar, að gjöra það sem þar er farið fram á.

Forseti: Út af því, sem hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði, skal eg geta þess, að »allt að« í staðinn fyrir að »minnsta kosti« getur ekki komizt að, en 5. tölul. mun eg bera upp sem formspursmál.

Framsögumaður: Eg vil út af 5. tölulið enn fremur geta þess, að undirstaðan fyrir honum er áþekk því, að ef t. d. beðið væri um að löggilda Hafnarfjörð eptir einhverri bænarskrá, að þá kæmi einhver með viðauka-atkvæði að Eyrarbakki yrði líka löggiltur. Það er munur hvort ný uppástunga kemur fram í *sama* máli, eða hún á alls ekkert skylt við málið, heldur er alveg málefni út af fyrir sig. Skoðun nefndarinnar fellur, ef töluliðnr 5. verður samþykktur,

því nefndin byggir á sèrstökum ástæðum sem 5. töluliður verður eigi byggður á með neinu móti. Hefði bæn frá þessum tveim herrum legið fyrir er eg sannfærður um, að nefndin hefði að vísu ekkert haft á móti því að þeir fengju launabót, en hún hefði víst ekki látið sèr koma til hugar að byggja á *þeim* meðmælandi ástæðum, sem þessa herra alveg vanta.

Forseti: Þó eg sè ekki fastur á 5. tölulið, þá get eg þó ekki annað sagt, en að mèr finnst meira samband á milli kennaranna við lærða skólann, en á milli verzlunarstaða landsins, því munurinn á kennurunum er lögákveðinn

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal í þessu máli forðast að fara í nokkurn mannjöfnuð, og því að eins taka það fram, sem mèr virðist nægja að halda sèr við, en það er það, að hèr hefir að eins legið fyrir bænarskrá frá Jóni Þorkelssyni um hækkun á launum hans, allt að 1000 dölum. Hvað rètti þeim viðvíkur, sem byggður er á embættisprófi, þá skal eg eigi heldur tala mikið um hann, en að eins geta þess, að hèr eru þess utan miklar og margar sanngirnis ástæður til þess að verða við ósk beiðanda, sjálfs hans vegna, og einkum sú, að hann hafði rètt til að búast við öðru en síðan hefir komið fram við hann, þegar hann með ærnum kostnaði og tímaspilli byrjaði að leggja fyrir sig þá mennt, sem hann síðan hefir orðið svo fullnuma í. Til þessa þykir mèr sanngjarnt og rètt að taka hið mesta tillit, og það vona eg líka stjórnin muni gjöra. Hvað breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið viðvíkur, sem mèr er eignað á atkvæðaskránni af einhverjum misgáningi, því hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga á það einn með fullum rètti, þá get eg að vísu sem nefndarmaður eigi fallizt á það nema í hæsta lagi sem til vara; en eg verð þó að segja um það: »*Omen accipio*«, og eg ímynda mèr jafnvel, að beiðandi sjálfur mundi vera glaður ef það fengist, sem þar er farið fram á, og fyrst mèr hefir nú einu sinni verið eignað þetta breytingaratkvæði ranglega, þá held eg þó eg verði að taka mèr svo mikið af því, að biðja nú hinn háttvirta forseta að leyfa ef mögulegt er, að það verði borið upp sem vara-atkvæði ef uppástunga nefndarinnar fellur, því það þætti mèr eigi meir en maklegt, að eg fengi þá uppbót fyrir rangan uppáburð, að svona lítið mætti víkja frá niðurröðuninni á atkvæðaskránni. En hvað breytingaratkvæðinu undir 5. tölul. viðvíkur, þá er eg og á því með hinum háttvirta framsögumanni, að það eigi ei að geta komið til atkvæðagreiðslu, því

þó það víst sè líks efnis sem aðaluppástungan, þá er þó auðsjáanlega svo mikið nýtt í því, að nauðsyn hefði verið að skoða það í nefnd eins og sjálft aðalmálið, áður en menn gætu farið að gefa atkvæði um það hèr á þingi. Eg held því og, að það væri rèttast af hinum háttvirta forseta að bera það fyrst undir atkvæði þingmanna, hvort þetta breytingaratkvæði eigi að komast að eða ei, og það því fremur sem það að eins virðist að vera upphugsað til að koma þeim í bobba, sem alls ei vilja vera á móti hinum mikils virtu mönnum í sjálfu sèr, sem þar eru nefndir, en geta þó alls ei fengið af sèr að vilja spilla fyrir öðrum með því að vera að trana nöfnum þeirra þar fram, sem auðsjáanlegt er, að þeir munu sjálfir ei geta haft nokkurt gagn af því.

Jón Hjaltalín: Eg sè nú þegar eg lít á þessa atkvæðaskrá, að þingmaður Reykvíkinga vinur minn vill *vísa.* Það er nú gott nok að *vísa* og *vísa,* en þá er bezt að vísa rètta leið, en eg er hræddur um sú leið, sem hann vísar á, sè ekki rètt. Eg held þingið eigi að nálgast stjórnina eins og það getur. Það getur orðið byrjun til annars meira, á þann máta komst upp parlamentið sem í fyrstunni var líkt okkar þingi. Hèr er spursmálið um annaðhvort að missa Jón Þorkelsson frá skólanum eða veita honum 200—300 rd. Eg er viss um, að hann mundi vel tekinn annarstaðar, og þar sem hann kæmi mundi sagt verða eins og Frakkakeisari sagði þegar Danir vísuðu Heiberg þangað; hann sagði nefnilega: Eg vildi að Danir gætu sent mèr marga þvílíka menn. Alþingi má vita það, að menntunin kostar peninga. Noregsmenn kosta miklu fè til vísinda, og því fè er sannarlega ekki kastað í sjóinn. Breytingaratkvæðin eru mèr óljós, einkum tölul. 5., af því honum hefir ekki verið hreift áður; ef eg hèldi hann kæmi að nokkrum notum, þá skyldi eg vera honum meðmæltur; en ef það er satt að hann mundi spilla fyrir Jóni Þorkelssyni, án þess að verða hinum að haldi, þá get eg ekki verið honum meðmæltur; og eg skora á framsögumann að skýra fyrir mèr hvort svo er eða ekki. Hvað snertir breytingaratkvæðið undir tölul. 2., þá finnst mèr það nokkuð á huldu, og mig furðar á því, að þingmaður Skagfirðinga skuli vilja hafa nokkuð með það að gjöra. Eg verð að fylgja nefndinni, hennar niðurlagsatriði er stuttort og gagnort.

Ásgeir Einarsson: Ef þingið hefði átt að láta þetta fè úr sínum vasa, þá held eg það væri búið að eyða því í umræðurnar. Eg vona að þingmenn viti hvað eptir er af þingtímanum. Eg vil geta

þess, að þar sem sagt er að það sè að senda mál á skotspónum að senda þau til stiptsyfirvaldanna, þá kann eg ekki við það orð, En ef það er rangt að senda málið til stiptsyfirvaldanna, af því það sè komið svo langt, eins og sá heiðraði konungkjörni varaþingmaður sagði, þá hefir líka verið rangt að senda Vigurmálið þangað um daginn, því það var komið eins langt. Svo skal eg ekki fara fleirum orðum um málið.

Framsögumaður: Það var allt annað mál með Vigurmálið. Nefndin sjálf stakk upp á því, að því væri vísað til stiptsyfirvaldanna. Eg vil benda þinginu á, hvort eg má í öllum málum taka mèr það breytingaratkvæði að vísa þeim til stiptsyfirvaldanna, eptir að nefndarálit, sem gengur í allt aðra stefnu, er komið inn á þingið. Eptir áskorun hins 5. konungkjörna þingmanns verð eg að segja það, að breytingaratkvæðið undir 5. tölul. beinlínis skemmir ekki einungis fyrir þessum eina manni, heldur einnig fyrir hinum heiðruðu mönnum, sem þar eru nefudir. Hèr er um bæn einstaks manns að ræða, og því verður að taka fram sèrstakar ástæður fyrir henni. Þessir herrar sem hafa viljað beita þeirri almennu lagareglu, held eg ætti að gæta að því, hvort þeim sæmi að vera »rangeygðir þó stjórnin sè góðgjörn«.

Stefán Jónsson: Eg skal nú ekkert minnast á aðferðina, því eg álít öldungis sjálfsagt, að hafa sömu aðferð með þetta mál, eins og höfð var við hið síðasta. En hvað snertir breytingaratkvæðið undir 2. tölul., sem þingmaður Skagfirðinga vill láta vera sem vara-atkvæði, þá veit eg nú ekki hvort það getur átt sèr stað; en svo er annað: Er vert að koma með það sem vara-atkvæði? Þegar komið hefir verið með vara-atkvæði, og það er minna en aðaluppástungan, þá hefir stjórnin verið vön að veita það minna fremur en hið meira, og getur verið að hún fallist á uppástungu nefndarinnar, ef ekki er vara-atkvæðið, en að einungis vara-atkvæðið spilli. Það væri æskilegt, að konungsfulltrúi vildi skýra þetta. Móti tölul. 5. verð eg að vera, af þeim ástæðum sem aðrir þingmenn hafa tekið fram.

Stefán Eiríksson: Eg get nú ekki verið á sama máli og þeir þingmenn, er síðast töluðu, að maður hafi bundið hendur sínar með atkvæði sínu í næsta máli, því eg segi fyrir mig þó eg gæfi atkvæði mitt með uppástungu nefndarinnar í ekkjufrúarmálinu, þá ætla eg nú að gefa atkvæði mitt með 1. tölul. í þessu máli; eg er nú svo brjóstgóður við ekkjur, að eg vil æfinlega gjöra allt sem

eg get til að hjálpa þeim, en þar á móti er eg miklu harðbrjóstaðri þar sem um karlmenn er að ræða, því þeir hafa þó optast nær betri tök til úrræða en ekkjur. Eg vona nú, að enginn lái mèr sem bónda þó mèr ofbjóði þessi trossa sem allt af ár frá ári þing frá þingi er verið að demba á ríkissjóðinn. Eg held það fari nú svo á endanum, að þessar launabætur taki gjörsamlega upp ríkissjóðinn eða að minnsta kosti það sem við kynnum að eiga tiltölu til í þeim sjóði; eg get því ekki verið með nefndinni hèr, þó eg væri það áðan, mèr finnst líka að þetta fyrsta breytingaratkvæði tiltaki hæfilega launaviðbót.

Framsögumaður: Mèr er spurn á því, hvort þessi ræða þingmannsins hefði ekki átt betur við í inngangsumræðu málsins. Hvað það snertir að gjöra það breytingnratkvæði að vísa máli til stiptsyfirvaldanna, þá álít eg það ekki hæfilegt, því annars væri mèr og hverjum þingmanni heimilt að gjöra þau breytingaratkvæði í hverju máli sem er, en þetta leiddi þó auðsjáanlega til þess, að þingið yrði leikfang sjálfs sín.

Björn Pètursson: Þó þingmaður Strandasýslu gæfi þingmönnum ákúrur fyrir, hvað þeir töluðu mikið, þá verð eg þó að tala nokkur orð, og skal eg þá fýrst svara honum því, að það situr ekki á honum að koma fram með slíkar ákúrur, því hann talar sjálfur fullt eins mikið og hver annar og eins opt og optar en margir aðrir, Eg er samdóma framsögumanni í því, að það er sèrstakleg ástæða til þess að veita Jóni Þorkelssyni sèrstaklega launabót; en sú sèrstaklega ástæða kemur að mínu áliti rètt og sanngjarnlega til greina í breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið. Mèr er til efs, hvort nefndin hefir ekki farið lengra en full ástæða er til, og eg held jafnvel að það kunni að spilla fyrir málinu. Eg veit ekki, hvort það er vilji J. Þorkelssonar, að hann annaðhvort fái svo mikla launabót að hann hafi 1000 rd. í laun, eða að öðrum kosti enga launaviðbót. Eg hefi ekki skilið bænarskrá hans svo, en það getur verið, að eg hafi misskilið hana, og vildi eg þá, ef svo er, biðja hinn háttvirta framsögumann að upplýsa mig um það; því undir þessu er komið, hvernig eg gef atkvæði mitt. Eg get ekki betur sèð, en að það sè nokkuð hæpið, að taka J. Þorkelsson svona fram yfir kennarana, þar sem hann þó er yngstur þeirra. Þetta er ekki svo að skilja að eg vilji á nokkurn hátt mæla móti Jóni, sem eg ber mesta virðingu fyrir, eða hafa á móti því, að hann fái þá launabót sem hèr ræðir um. Það er svo langt frá því,

að eg vildi að allir kennararnir gætu fengið launabót því þeir eru að tiltölu verst launaðir af öllum embættismönnum. Það hefir verið talað um 3. tölulið og sumir haft á móti honum, og það er nú rètt, ef það er samkvæmt skoðun nefndarinnnr að launin ekki megi verða minni en 1000 rd. eða þá standi við það sem þau eru nú, þetta vil eg biðja framsögumann að skýra fyrir mèr. Eg verð að styðja þingmann Skagfirðinga í því, að breytingaratkvæðið verði borið upp sem vara-atkvæði, ef hinn háttvirti forseti eða þingið hefði ekki á móti því.

Framsögumaður: Eg skal geta þess að í bænarskránni stendur 1000 rd. En eg held stjórnin geti leyst úr þeirri spurningu, hvort sækjandi ekki muni vilja neitt ef hann ekki fær allt eða þessa 1000 rd. Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg hefi enga fullmakt frá hiutaðeiganda til að gefa upplýsingar um vilja hans í þessu efni, en hitt veit eg, að hið *minna* liggur æflnlega í því meira, þegar um peninga er að ræða, og það er líka algengara en frá þurfi að segja, að stjórnin setur niður slíkar upphæðir, þegar henni sýnist svo, eða hvað gjörði hún ekki við launamálið frá síðasta alþingi; slíkar spurningar sem þessar eru því næsta ástæðu- og þýðingarlitlar.

Konungsfulltrúi: Út af ræðu hins heiðraða þingmanns, skal eg geta þess, að forseti ræður því, hvernig vara-atkvæðið verður borið upp, en annað mál er það, hvert þetta viðauka-atkvæði sè hagfellt fyrir úrslit málsins hjá stjórninni. Mèr fyrir mitt leyti virðist það auðsèð, að vara-atkvaðið miði til að koma jöfnun á í launum kennaranna innbyrðis, ef laun aðjunkts Jóns Þorkelssonar yrðu bætt eins og um er beðið, en kennararnir hafa nýlega fengið launaviðbót, og geta því ekki vænt viðbótar í þeim að svo komnu. Hvað hin önnur breytingaratkvæði snertir, þá er eg helzt með breytingaratkvæðinu undir tölul. 2. og kemur það til af því, að eg þykist sjá fram á, að uppástunga nefndarinnar geti ekki fengið áheyrslu stjórnarinnar. Eg get þó heldur ekki sèð það leiði til neins að senda eptirrit af bænarskránni til Ephorats skólans, og það því síður sem menn hafa sagt nýlega hèr á þinginu, að slík meðferð á málinu væri að láta þau fara á skotspónum, og það vill hvorki þingið nè heldur eg, að þetta mál fari.

Framsögumaður: Út af því sem konungsfulltrúi sagði um viðauka-atkvæðið undir tölulið 7. þá skal eg geta þess, að eg hèlt að málið kæmist fljótara í kring með því fyrirkomulagi, því annars

mundi stjórnin máske senda það yfir-umsjónarmönnum skólans til meðmæla áður en hún rèði því til lykta eður tæki ákvörðun í því. Eg get enn ekki sannfærzt um að tölul. 5. sè löglega uppborinn, og það er slæmt ef hann fær atkvæði þingsins með sèr, nema það vilji með því gefa til kynna, og það vilji ónýta þetta mál.

Jón Pálmason: Þó hinn heiðraði þingmaður frá Suðurmúlasýslu álíti að þingmaður Strandasýslu hafi gefið þingmönnum ákúrur fyrir langar ræður í þessu máli, þá get eg ekki betur sèð en það sè fullkomlega satt sem þingmaður Strandasýslu sagði, að hèr væri ekki þörf á löngum eða snjöllum umræðum og það því fremur sem allir vilja styrkja málið, því tíminn er þó mikils virði og mönnum má ekki liggja í lèttu rúmi, hvernig hann er brúkaður, og það því heldur sem hann er nú orðinn styttri fyrir þingið, en mörg mál eptir órædd, og eg fyrir mitt leyti verð að vera nefndinni samdóma. En hvað það snertir, hvernig fara skuli með málið, nefnl. hvern veginn skuli ganga, hvort heldur skuli vísa því í gegnum forseta til stiptsyfirvaldanna, eða það gangi beinlínis til konungs frá þinginu, þá held eg atkvæðagreiðslan við málið sem síðast var fyrir hafi kennt mönnum það, en það álít eg verði að vera á ábyrgð þeirra sem mest halda með því að málið gangi beinlínis til konungs, ef það er lakari vegur enn hinn, sem sumir hafa mælt með.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, þá er þessari umræðu lokið. Og skal eg þá biðja þingmenn ganga til atkvæða og skal eg þá bera upp til atkvæða hvort tölul. 5. megi koma til atkvæða.

Var 5. tölul. felldur frá atkvæðum með atkvæðafjölda.

Svo bar forseti undir þingið, hvort bera ætti upp 2. tölul. sem vara-atkvæði, en það var fellt með 8 atkvæðum gegn 7.

Síðan var gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, og fèllu atkvæði þannig:

1. Breytingaratkvæði H. Kr. Friðrikssonar, fellt með 16 atkvæðum gegn 2.
2. Breytingaratkvæði Brynjólfs Jónssonar, fellt með 11 atkvæðum gegn 5.
3. Breytingaratkvæði Sveins Skúlasonar við uppástungu nefndarinnar, samþykkt með 13 atkvæðum.
4. Nefndin, niðurlagsuppástúnga, samþykkt með 18 atkvæðum.
6. Viðauka-atkvæði B. Sveinssonar, samþykkt með 14 atkvæðum.

7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 18 atkvæðum.

Forseti: Eg skal geta þess, að varaforseti er genginn af fundi sökum anna við þingstörf og lasleika. Þá kemur eptir dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu sættatilraunamálið. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðsskrá, og vona, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 325.

Framsögumaður (Jón Pèturssón): Eg skal ekkert tala um þetta mál, fyrr en eg heyri tillögur þingmanna um það.

Jón Hjaltalín: Þegar eg lít á þessa atkvæðaskrá, þá sè eg nú, að hún er öll í tölum, og held eg það geti nú orðið til að villa fyrir mönnum; menn eru hèr að ryðja einhverja kviðu, eg veit ekki hverja; þeir eru svo margir. Eg vona nú að þetta mál sè nú búið að taka andvörpin, svo ekki sè eptir nema að syngja yfir því líksönginn. Það liggur í augum uppi, að þetta er alveg ótímabær burður, að fara að skapa 180 dómsnefndir, auk þessara 180 sættanefnda, sem við höfum; hvar höfum við alla þessa menn? Og til hvers er að hafa allan þenna nefndafjölda, þegar ein rífur niður það sem önnur byggir upp? Eg held því, að það sè bezt, að komast út úr nefndabasli sem fyrst, með því að fækka þeim sem mest. Hinum háttvirta þingmanni Skagfirðinga þótti allt hafa verið svo glæsilegt í fyrri daga, meðan kviðdómarnir voru; en eg held, að hann mundi sanna, að þessir kviðdómar verða ekki svo gylltir eða glæsilegir á vorum dögum, þegar 3×180 menn eiga að fara að fjalla um málin. Mèr heyrðist hann líka niðrí ekki vera þeim mikið meðmæltur, svo eg gjöri ráð um, að hann hvíli sig, þangað til kemur að minni hluta atkvæðinu undir 2. tölul., því það er í öllu tilliti skýrt og ljóst.

Jón Pálmason: Þó eg fyrir mitt leyti álíti, að nefndin hafi viljað reyna til að laga frumvarpið eptir þörfum landsmanna, þá veit eg nú ekki, hvort það hefir tekizt heppilega, og vil eg í því tilliti snúa mèr að 2. gr. nefndarfrumvarpsins; af því þar stendur: Skal oddviti spyrja vitnin og taka eið af þeim, ef þörf gjörist. Nú er víðast svo ástatt, þar sem eg þekki til, að presturinn er æðri sáttamaður eins og kunnugt er; en eg veit ekki, hvort það er samboðið prestlegri stöðu að yfirheyra vitni og taka þau í eið, það er að minni meining dómaraverk, sem eg vil ekki blanda inn í prestsembættið, enda held eg megi finna þá presta sem ekki eru veru-

lega inn í þess konar. Mèr sýnist það líkt, að ætla prestum að afheyra vitni og taka þau í eið, eins og ef bændum væri hleypt í stólinn í forföllum presta, eða þá prestlaust er til að prèdika, og það vildi þó ekki þingið um daginn aðhyllast, þegar rætt var prestseklumálið.

Benidikt Sveinsson: Af því að eg á þetta mikilfenga breytingaratkvæði hèrna á atkvæðaskránni, verð eg að leyfa mèr að tala fáein orð því viðvíkjandi. Það, sem einkum hefir verið haft á móti nefndinni, er það, að hún hafi vikið of mikið frá stjórnarfrumvarpinu; en þessi mótbára fellur við það, að þingið hefir rètt til að breyta konunglegum frumvörpum, og eg þekki engin takmörk fyrir því, hve langt þingið megi ganga í því að setja annað í staðinn fyrir tillögur stjórnarinnar, hvað lagafrumvörpin snertir. Eg held nú annars, að munurinn milli frumvarps stjórnarinnar og nefndarinnar sè talsvert minni, en menn balda. Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri nýmæli, ef nefndaruppástungurnar væri teknar, því þá kæmist á svo margar nefndir að óhæfu gegndi, þá vil eg þannig fyrst og fremst geta þess, að þessi mótbára á einmitt miklu fremur við stjórnarfrumvarpið en nefndarfrumvarpið, því þar er einmitt tiltekið, að splundurnýjar nefndir skuli skipa í hverjum hrepp. Svo eg ímynda mèr, að hinn háttvirti þingmaður hafi allt af lesið 1. gr. í stjórnarfrumvarpinu, í staðinn fyrir 1. gr. í nefndarfrumvarpinu, sem einmitt fer fram á, að þessum málum sè fyrst vísað til hinna *núverandi* sættanefnda, svo að breytingin að þessu leyti er einmitt minni í uppástungum nefndarinnar frá því fyrirkomulagi, sem nú er, heldur en í stjórnarfrumvarpinu og eg held meira að segja að það sè sá kostur við uppástungur nefndarinnar í þessu tilliti fram yfir stjórnarfrumvarpið, að þær eru langtum óbrotnari, og veita líka hlutaðeigendum meiri trygging, að því leyti sem þær ráðgjöra að, málin gangi fyrst fyrir hinar venjulegu sættanefndir, því sá sem er sáttasemjari yfir höfuð í öllum einkamálum hlýtur þó að geta borið töluvert skynbragð á málefni það sèm hann á að koma sættum á í, að minnsta kosti verður maður að gjöra ráð fyrir að svo sè, svo hinn 5. konungkjörni þingmaður ætti einnig að þessu leyti að vera nefndinni meðmæltur frá sínu sjónarmiði, ef það er ekki tómur reykur og glýja í augunum á honum. Viðvíkjandi því, að prestar eigi að fjalla um þessi hjúamál og jafnvel taka eið, ef þörf gjörist, þá get eg nú ekki fundið að löggjöfin komist í neina mótsögn

við sig fyrir það, með því hún að öðru leyti leggur prestinum svo mörg önnur verzleg störf á herðar, enda er það merkilegt, ef helgi eiðsins ekki skyldi vera eins vel borgið í höndum prestsins eins og hinna verzlegu manna, slíkar mótbárur eru hègómi einn. Á hinn hóginn ætti enginn betur en presturinn að þekkja heimilislífið meðal sóknarbarna sinna, og þegar nú hjúamálin einmitt snerta það, og eiga að afgjörast eptir málavöxtum og sanngirni, ex bono et æqvo, þá ætla eg engan mann betur kjörinn en prestinn til að fjalla um þau eptir uppástungum nefndarinnar, og það er alveg rangt að bera þetta saman við uppástunguna góðu um að gjöra leikmenn að prestum; þar var spursmálið um, hvort þeir, sem ekki geta orðið prestar eptir lögunum, ætti að gjörast að prestum, þegar prest vantaði í fátæk brauð; en hèr er spursmálið um, hvort þeír, sem eru prestar, ei geti tekizt þann starfa á hendur, sem er samkynja öðrum störfum sem þeir hafa. Eg sè því ei betur en að nefndin hafi gjört rètt í, að halda sèr sem mest við það fyrirkomulag sem er, og með því verður því síður hætt við, að fullhæfir menn ekki fáist til að skera úr málunum.

Viðvíkjandi *gjörðarnefndunum* er því ekki mikill munur á stjórnarfrumvarpinu og nefndarfrumvarpinu, og það sem það er, þá eru minni nýmæli hjá nefndinni en hjá stjórninni. En þá kemur nú *gjörðarvaldið* sjálft. Í þessu tilliti er heldur eigi neinn svo *verulegur* munur á stjórnar og nefndarinnar tillögum, að menn þurfi að hneyxlast á því, en hitt er víst, að nefndin einnig að þessu leyti er betri. Stjórnarfrumvarpið fer nú því fram, að hlutaðeigendur *megi leggja* málið í gjörð; stjórnin hefir því gjört ráð fyrir, að gjörðanefndin væri *fær* um, að gjöra um málið; því það geta menn þó ekki ætlað, að stjórnin hafi ætlazt til, að þeim mönnum væri selt mál í gjörð, sem ekki væru færir um að skera úr því. En með þessu gengur stjórnin, dýpra skoðað, einmitt út frá, að það sè nauðsynlegt, að almúgamenn gjöri um þess konar mál, sem hèr ræðir um, því ella væri þetta *leyfi* laganna ekkert annað en leikspil, sem ekkert ætti við. Nefndin fer nú nokkuð lengra. Því hún vill, að hlutaðeigendur sè *skyldugir* að leggja málin í gjörð, *ef* þeir ei *sættast* á þau; þessi er því að eins munurinn, að það sem stjórnin vill, að mönnum sè að eins *leyft*, það vill nefndin að sè beinlínis *skylda* hlutaðeiganda, og verulegur munur á þessu kemur að eins fram, þegar *hvorugur* málsparta vill ganga þenna veg, sem sjaldan mundi verða; og hver ástæða er til þess, að

annar málsparturinn, og það sá þrætugjarni neyði hinn í endalausa málssókn? Bæði frumvörpin gjöra því eins og eg sagði jafnt ráð fyrir, að gjörðarnefndirnar sèu færar til að skera úr málunum; eg tek þetta svo sterklega fram, svo menn hnjáti eigi í nefndina eins ófyrirsynju og gjört hefir verið, án þess neitt að hugsa um málið eður gjöra sèr grein fyrir því.

Niðurstaðan verður því sú, eins og eg nú hefi ljóslega sýnt, að nefndin fer, hvað gjörðarnefndirnar sjálfar snertir, einmitt *nær* því, sem nú á sèr stað hèr á landi um þessi mál; hún byggir enn fremur á sama grundvelli og stjórnin, þeim að láta málin og úrslit þeirra vera komin undir samvizkusemi gjörðarmanna, en munurinn er hèr að eins sá, að nefndin vill ekki láta þetta gjörðarvald vera þýðingarlaust og orðin ein, svo að hver þrætunefurinn geti svipt mótpartinn þeim rètti að fá málið útkljáð á þenna eðlilega og kostnaðarlitla hátt. Eg held það liggi líka í augum uppi, að báðum málspörtum hljóti að vera það hentugast, að þessi mál gangi ekki lengra, því þau eru þó sjaldan svo mikils virði, að vert sè, að vera að rekast með þau frá einum dómstólnum til annars; og þessi skylda, að leggja málin undir gjörð, hvetur einmitt hlutaðeigendur fremur til, að álíta það skyldu sína að sættast. Mèr sýnist því, þegar menn gæta vel að, að *mjög lítill munur* sè á aðalhugsun stjórnarinnar og nefndarinnar, og minni en menn hafa ætlað, og eg get ekki annað en furðað mig á því, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, skuli hafa farið þeim orðum um aðgjörðir nefndarinnar, sem hann hefir gjört, því það getur þó eigi dulizt *honum,* að nefndarfrumvarpið og stjórnarfrumvarpið eru af sömu rótum runnin, en nefndin hefir betur sèð þarfir vorar, og hitt rèttan veg til að fullnægja þeim.

Um hinar einstöku greinir skal eg ekki tala, því það er auðvitað, að þingið annaðhvort aðhyllist aðalhugsun stjórnarinnar, og tekur frumvarp hennar í heild sinni, eða þá eins nefndarfrumvarpið eins og það liggur fyrir. En yfir höfuð að tala get eg ekki neitað því, að mèr sýnist grundvöllur nefndarinnar á skynsamlegri rökum byggður, og að hennar frumvarp sè í öllu tilliti einfaldara og óbrotnara.

Forseti: Það er satt, að aðalhugsunin er hin sama hjá stjórninni og nefndinni, að það sè æskilegt, að þessi mál verði lögð í gjörð. En það er sá mikli munur, að eptir stjórnarfrumvarpinu er gjörðin eigi þvinguð, svo að ef hlutaðeigendur bera ekki traust til

gjörðarmannanna, þá þurfa þeir ekki að leggja málið í gjörð. Þar á móti er það skylda eptir nefndarfrumvarpinu; ef ekki gengur saman við sáttatilraunina.

Framsögumaður: Eg get nú ekki svarað hinum 5. konungkjörna þingmanni, því eg get ómögulega skilið, hvert hann stefnir, hvort hann heldur vill nú hrinda stjórnarfrumvarpinu, sem hann var að verja í líf og blóð í gær, því nú var hann að tala um, að það væri ógjörningur að setja þessar dómsnefndir við hliðina á sættanefndunum, eður þá hvorutveggju frumvörpunum. Mèr heyrðist hinn háttvirti konungsfulltrúi vera mest með því, að þessi mál ættu að heyra undir hinar reglulegu sættanefndir, en ekki aðrar nefndir; en við það hefir hann beinlínis gengið inn á fyrstu skoðun nefndarinnar, sem hún í heild sinni var samþykk, þó einn nefndarmanna að öðru leyti væri í minna hluta í nefndinni. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu hèlt, að það væri ekki samboðið prestlegri stöðu, að halda próf í þessum málum og taka eið af mönnum, þá vil eg vekja athuga hans að því, að fyrst er nú hvergi lögboðið, að prestar skuli vera í sáttanefndunum, og í annan stað, að hèr voru áður geistlegir dómar, en þá voru prestar ei eins viðkvæmir eins og nú, heldur þinguðu í málum, og tóku eiða af mönnum eins og eg veit ekki hvað; annaðhvort er því, að prestar eru orðnir samvizkusamari nú en áður, eða þeir þá kannske þekkja betur stöðu sína, en þeir áður gjörðu. Allir vita líka, að geistleg mál, sem viðvíkja einhverjum yfirsjónum presta, o. s. frv., heyra enn undir geistlegan rètt; og eg held, að það sè ekki rètt, þó það kannske hafi viðgengizt nú á seinustu árum, að sýslumaður einn taki próf í þess konar málum, heldur eiga það að gjöra prófastur og sýslumaður í sameiningu. Mèr finnst því ekkert á móti þessu, sem hèr er farið fram á; eg er nú reyndar ekki prestur, og veit ekki hvaða samvizku prestar hafa nú fengið; en hitt veit eg, hvaða samvizku prestar hafa áður haft í þessu tilliti.

Munurinn á milli stjórnarfrumvarpsins og nefndarfrumvarpsins, er í rauninni að eins þar í fólginn, að stjórnarfrumvarpið lætur málspörtunum með öllu frjálst, hvort þeir vilji fara með málið til gjörðarmanna eður ekki, ef sættir ekki komast á í því, en nefndarfrumvarpið fer þar á móti fram á, að hlutaðeigendur skuli skyldir, ef ekki gengur saman með þeim fyrir sáttanefndinni, að leggja málið í gjörð, ef þeir vilja halda því áfram, en meiningin þar með er einungis sú, að þeir megi ekki fara með málið nema til gjörð-

armanna, og því ekki til dómstólanna. Með öðrum orðum, í stað þess, að sáttanefndirnar nú eiga að vísa málunum til dómstólanna, ef sættir ekki komast á, vill nefndarálitið, að þær skuli vísa hjúamálum til gjörðar, ef menn ekki geta sætzt á þau; en það er ekki meiningin hjá nefndinni, að hlutaðeigendur skuli allt af skyldugir að leggja málið í gjörð, ef þeir sættast ekki, og að þeir megi ekki láta málið falla, rètt eins og þeir nú mega láta mál sín detta niður, þá sáttanefndirnar hafi vísað þeim til lands laga og rèttar, heldur hitt, eins og eg gat um, að ef þeir vilja fara með málið lengra, þá skuli þeir skyldir að snúa sèr einungis til gjörðarmanna. Það kann, ef til vill, sýnast hart, að binda málsaðila svona, ef þeir vildu heldur fara dómstólaveginn; en málspartar eru hèr í mörgu tilliti bundnir í rekstri mála sinna eptir hinum núgildandi lögum, svo þetta væri engin eindæmi; menn geta ekki hlaupið með málin beinlínis til landsyfirrèttarins; þeir verða að gjöra svo vel og fara fyrst til sýslumannanna, og eins fyrir því, þó málspartarnir báðir fegnir vildu mega ganga fram hjá þeim, og láta þá ekki dæma í málinu, þeir eru því takmarkaðir í rekstri mála sinna, og margt fleira má tína til úr löggjöfinni þessu til sönnunar; hèr á landi gildir ekki strangur »Forhandlingsmaxime« við undirrèttina sem í Danmörku, þó sumir sýslumenn kunni álíta öðruvísi. Eg þekki nú ekki mikið til löggjafar annara landa, en þó veit eg til, að sumstaðar er það svo, að þegar málspartar eru búnir að leggja málið til dómstólanna, þá geta þeir úr því litið sem ekkert ráðið við rekstur málsins. Eg held því, að ekkert sè á móti þessu frá hlutarins eðli, þó settar væri málspörtum þær skorður í hjúamálum, að gjörðarmenn skyldu útkljá þau, ef þeir eigi geta á þau sætzt. Eg vona nú að allir sjái, að grundvöllurinn fyrir nefndarfrumvarpinu er hinn sami, sem fyrir stjórnarfrumvarpinu, nefnilega gjörðarvaldið, þó nefndin hafi einungis farið nokkuð lengra þar í en stjórnin; annar er ekki munurinn. Menn geta varla kallast að hafa rètt í málum sínum, nema menn geti náð honum fyrir tilstuðlun hins opinbera, þannig að kostnaðurinn verði ei meiri, en það sem um er þrætt. Í öllum smámálum er því eins og mönnum beri enginn rèttur, þegar menn geta ekki gjört hann gildandi, nema með margfalt meiri kostnaði, en svarar því, sem hið umþráttaða er vert. Það er annars með öllu nauðsynlegt líka frá öðru sjónarmiði skoðað, að sem flest smámál hèr á landi og þá einkum hjúamál, gengi fyrst fyrir sáttanefnd; því það sjá þó allir, að það er hart og mið-

ur rèttlátt, að ef hjú t. a. m. hefir gjört litla mótgjörð móti húsbónda sínum, skuli hann mega strax fara til sýslumanns með málið, því það getur hann eptir núgildandi lögum, og ef mótgjörðin sannast, verðnr hjúið dæmt í málskostnað, sem verður kannske 20 sinnum þyngri álaga, en mótgjörðin er verð. Úr þessu verður eigi heldur fyllilega bætt með því, þó málspartarnir væri skyldaðir til að fara fyrst fyrir sættanefndina, ef þeim svo á eptir er vísað til dómstólanna, komist ekki sættir á. Hjúið getur t. a. m. verið heimskt, og ekki þekkt góð sáttatilboð af heimsku sinni, og eins getur húsbóndinn verið þrár og að engum boðum gengið, til að geta hefnt sín á hjúinn, með að slengja upp á það ærnum málskostnaði. En þetta yrði allt fyrirbyggt með nefndarfrumvarpinu.

Forseti: Eg vil geta þess viðvíkjandi því sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að öll nefndin hefði verið samdóma um 1. greinina, þá skilst mèr þetta ekki svo, heldur að minni hlutinn vilji fresta málinu yfir höfuð, og taka hvorki stjórnarfrumvarpið, nè frumvarp meiri hlutans.

H. Kr. Friðriksson: Það var nú í gær höggvið svo mikið í þetta mál, að eg hèlt, að það væri húið að gefa því banasárið, svo að ekki væri annað eptir, en að jarðsyngja það, þó það væri ef til vill varlegra, að fá læknis »attest», um það, að ekkert lífsmark sè með því framar áður en það er sungið til jarðar. Það var talað svo mikið um, að ekki væri nauðsyn á þessum nefndum, að mèr fannst, að það gæti verið orðið þingmönnum ljóst, að það er alls engin þörf á þeim. Menn kunna nú að segja: þó fellt sè stjórnarfrumvarpið þá má þó taka nefndarfrumvarpið, því þar er sleppt þessum nefndum. Þess var og óskað í gær, að menn lètu í ljósi, hvort það mundi eigi betra, svo að stjórnin gæti sèð það, ef hún legði frumvarp aptur fyrir þingið um þetta efni. Það getur nú vel verið að nefndarfrumvarpið sè betra, en eg vil þó benda á nokkra galla, sem mèr sýnast vera á því. Þá er nú fyrst, að mèr finnst þessir gjörðarmenn ekki vera neitt betri, en þeir sáttamenn, sem við höfum; og ef það er örðugt, eins og tekið hefir verið fram, að fá 3 menn í hverjum hrepp í nýjar sáttanefndir, þá verður ekki hægra að fá menn í gjörðir, sem þó hljóta að útheimta töluverða þekkingu á lögum. Það er líka mikill munur, hvort hlutaðeigandi *má* eða *á*, að leggja málið í gjörð; því ef hann *má* það, þá þarf hann ekki að leggja það í annars gjörð, en þess, sem hann álítur hæfilegan til þess, en getur sneitt hjá þeim, sem hann álítur óhæfilega

til þess. Sjálf nefndin hefir líka viðurkennt, að þessi ákvörðun sè nokkuð hæpin, því hún hefir gjört ráð fyrir, að gjörðin geti verið bersýnilega gagnstæð landslögum; en hver á að skera úr því? Einmitt málspartarnir sjálfir; og þess vegna liggur það beint fyrir, að ef annarhvor málspartur er ekki ánægður, þá verður farið með hvert mál til dóms og laga. En hverjir eru þessir gjörðarmenn? Presturinn og 2 aðrir, sem hlutaðeigendur kjósa sèr. En svo stendur: »Nú vill annar eigi kjósa eða hvorugur, og þá kýs hinn efri sáttamaður fyrir hann«. Eptir því verða hlutaðeigendur skyldugir til að leggja málið undir dóm prestsins og þeirra, sem hann velur; og ef presturinn er vilhallur, þá velur hann þá, sem hann heldur að hafi líka skoðun sèr; þetta verður þá hið sama sem eins manns gjörð. Eg held því að þetta frumvarp sè ei svo vel undir búið, sem það ætti að vera. Það stendur og t. d. í endanum á 1. gr. »Kæruskjalið fær hann síðan kæranda, er annast um lögbirtingu þess fyrir gjörðarmönnum«. Á þá sá, sem kærður er, ekkert að fá að vita um það? Auk þessa er búið að taka það fram, hve óeðlilegt það er í 2. gr., að oddvitinn skuli eiga að taka eiðinn af mönnum, og yfirheyra vitni, þetta er það sama sem að setja hann alveg í sýslumanns sætið, og fá honum í hendur öll störf sýslumanns, og þá held eg sè eins gott, að fá sýslumanninum sjálfum málið í hendur. Þetta frumvarp er því svo langt frá, að vera einfaldara en stjórnarfrumvarpið, að það er helmingi flóknara en það, og því get eg miklu síður fallizt á það, en stjórnarfrumvarpið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg hafði alls ekki ætlað mèr að standa upp til að tala nokkuð um mál þetta sjálft framar nú enn áður; en af því að hinn háttvirti 5. konungkjörni orti dálítið á mig, þá skal eg nú stuttlega segja álit mitt um málið sjálft um leið og eg svara honum. Meining mín er þá sú, að þetta mál þoli vel að því sè frestað fyrst um sinn, eins og hinu háttvirti þingmaður tók rèttilega fram í gær; og kemur þetta þó eigi af því, að eg sè hræddur við neinar 180 nefndir, eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni sagði, því þær höfum við áður, þar sem sáttanefndirnar eru. Það er satt, að nefndin hefir reynt að beina málinu í þá stefnu, sem halda verður í, ef menn vilja reyna að koma hèr á fornum kviðdómum eða nefndardómum aptur, og sýnir hún það með því að hún vill láta báða málsparta eiga jafnan þátt í kosningu gjörðarmanna; því það er einmitt einkenni hinna rèttu dómnefnda, að báðir málspartarnir megi eiga nokkurn þátt í samsetningu þeirra,

en alls ei hitt að eins, sem sumir virðast þó að ímynda sèr, að gjörðarmenn eru til settir, því það verður eins eptir stjórnarfrumvarpinu. En þó því uppástungur nefndarinnar sè fótmál áfram í rètta stefnu, þá er mál þetta í sjálfu sèr svo lítið, að það er spursmál, hvort til nokkurs er að byrja breytinguna á því, og eg get því ei heldur sèð neitt á móti að fresta því þess vegna. En hvað orðum þeim viðvíkur, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni einkanlega veik að mèr, þá er það ei rètt hermt, að eg hefði seinast reynt til að sýna fornëldina yfirhöfuð í neinum of gullnum ljóma; eg talaði þá að eins um dómaskipunina hèr í landi í fornöld og sagði það um hana sem satt er, og eg bætti því við, sem eg tek nú upp aptur, að eg held hinum háttvirta konungkjörna þingmanni sè kunnugra um aðra kviði enn um forna dómakviði, og skal mèr heldur ei koma til hugar að furða mig á því um hann.

Framsögumaður: Eg held að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga ímyndi sèr, að hann hafi gjört langtum meira í gær við málið, til að eyðileggja það, en hann gjörði, því þó nefndarálitið falli, er það alls eigi af því, að ræður hans hafi verið eins sannfærandi, eins og hann virðist ímynda sèr. Hann hugsaði, að öllu þinginu væri það ljóst, að engra hjúamálanefnda þyrfti við; eg held það nú ekki, því þingið hafði þó gagnstæða meiningu á seinasta þingi eður 1861; og það er merkilegt af einum þingmanni, sem þá var, og þá áleit hjúanefndir nauðsynlegar, og því ekki var móti þeirri stefnu, sem nefndin nú fer fram á, að ímynda sèr, að þingið hljóti nú að hafa alveg gagnstæða skoðun, þeirri sem bæði hann og aðrir þingmenn höfðu á alþingi 1861. Þar sem hann setti það út á nefndarálitið, að það væri eigi ljóst, þá getur verið, að hann geti ekki áttað sig á því, en hvort eins er með aðra þingmenn, því vil eg skjóta til þeirra. Eg man ekki hvað hann hafði á móti gjörðarmönnunum, hið helzta mun þó hafa átt að vera það, að þeir væri ei nauðsynlegir, af því þessi mál kæmu svo sjaldan fyrir, og af því það væri engin nauðsyn á, að menn næðu rètti sínum í þeim. En til hvers er þá að gefa mönnum rètt, ef engin nauðsyn er á að menn nái honum? Það er mèr óskiljanlegt. Eg hef heyrt ýmsa menn tala ósköp um það og jafnvel nokkra embættismenn, þó eg eigi vilji nefna þá, hvað illa gengi til með vinnuhjú hèr á landi, þau standi upp í hárinu á húsbændum sínum, en það sè ómögulegt fyrir húsbóndann að ráða við þau, af því hann vantaði allan pólitímyndugleika yfir þeim og að fara að ganga í lög og

rètt gegn þeim vildi enginn vinna til. Bændur, sem hafa verið vinnuhjú, og hafa lært, að standa upp í hárinu á húsbændum sínum, standi aptur upp í hárinu á sýslumönnunum, og þeir aptur upp í hárinu á amtmönnunum; það er víst örðugt, að koma þessari kenningu saman við það, að húsbændur aldrei hafi ástæðu til að ákæra hjú sín. Eg held það sè nú mikið hæft í þessu, að helzta rótin til stjórnleysis þess, sem hèr er á landi, sè sjálfræði það, sem hjúin venjast við; en þá er og ráðið, að bæta lögin svo, að húsbóndinn geti náð rètti sínum yfia hjúinu, og að kostnaðurinn fæli hann ekki frá því. Eg held, að bæði stjórnin óski og allir mættu óska þess, að hver nái rètti sínum á sem lèttastan máta, og þess vegna líka, að húsbóndinn á sem greiðastan hátt geti náð rètti sínum móti hjúunum; og með því að hjúin læri það að standa eigi upp í hárinu á húsbændum sínum, læra þau líka að sýna auðsveipni yfirboðurum sínum á eptir, þegar þau fara að eiga með sig sjálf. Eg veit því ei, hvernig þeir, sem látast hata óregluna, en vilja þó eigi breyta lögunum heldur láta allt standa við hið sama, geta álasað nefndinni, þó hún vilji ráða bót á þessu, með að lögunum sè breytt til hlítar. Þingmaður Reykvíkinga spurði, hvort ekki þyrfti að birta hinum kærða stefnuskjalið. Hinn kærði á einmitt að mæta á sáttafundinum með kærandanum, og því þarf ei að birta honum neitt stefnuskjal öðruvísi en nefndin ákveður, þetta segir sig sjálft en sè hann þar ekki mættur, þá er í nefndarálitinu einmitt líka sagt, hvernig þá skuli að fara. Menn eiga ekki að vera að koma með þá galla á nefndarálitinu, sem menn hefði getað sèð, að ekki eiga sèr stað, ef menn hefði nokkuð lesið það.

Stefán Jónsson: Eg skal ekki neita því, að bæði þessi frumvörp hafa mikið til síns ágætis; en eg held þó, að af því þau eru komin svona fram eins og beint hvort á móti öðru, þá geti þau ekki komizt að, nema annaðhvort þeirra sè tekið að öllu leyti, en að menn ekki hèðan af geti tekið einstakar greinir úr öðru upp í hitt, þó menn vildu hjálpa málinu við. En þó eg nú kann ske hafi verið með því á alþingi 1861, — sem eg nú ekkert man um —, að þessar nefndir kynni að verða að liði, þá held eg þó eptir því sem málinu nú er komið, að það sè ekki rètt, að það komist að, eins og það nú liggur fyrir, heldur að því væri frestað, eins og minni hlutinn fer fram á, svo mönnum gefist hentugleikar til að hugsa sig um, og ef þörfin sèst á þessu, þegar hjúalögin eru komin á, þá má eins biðja um þetta seinna. Þingmaður Reykvík-

inga það mig að skila til framsögumanns, að hann hefði ekki talað eitt orð með hjúalaganefndum á alþingi 1861 heldur á móti þeim, svo það hefði verið ofhermt í ræðu framsögumanns hvað sig snerti.

Helgi Hálfdánarson. Eg ætlaði að tala fáein orð viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um stöðu prestanna í þessum gjörðarmálum. Hinn heiðraði vinur minn, hinn konungkjörni varaþingþingmaður sagði, að þótt prestunum væri falinn á hendur sá starfi, sem farið er fram á í nefndarfrumvarpinu, þá væri hann samkynja ýmsum öðrum verzlegum störfum, er þeir hefði áður á hendi. En eg verð að játa, að þótt eg optast skilji hann vel, því að hann er skýrorður maður og vanur að færa ljós rök fyrir því, sem hann segir, þá skildi eg hann ekki í þetta skipti. Eg veit það að vísu, að prestar hafa á hendi mörg verzleg störf, en að nokkuð af því sè samkynja þessu, að taka þingvitni og taka eið af mönnum, það get eg eigi sèð nè samsinnt því. Margir hafa talað um, að það væri eigi rètt, að þessi smámál hrektist frá einum dómstóli til annars. Það er nú að vísu satt. En það snertir eigi einungis þessi hjúamál heldur einnig mörg önnur smámál manna á milli, og þess vegna sè eg ekki, að svo mikil nauðsyn sè á því, að hafa sèrstaklegt gjörðarvald fyrir þessi mál fremur en hin önnur. Eg get eigi sèð, hvaða ástæða er til að taka hjúamálin ein út úr. Ef menn vildi koma í veg fyrir, að slík smámál hrektust milli dómstólanna, þá sýnist mèr nær, að biðja um gjörðarvald fyrir þau öll. Þá talaði nú hinn háttvirti framsögumaður enn um eiðinn. Eg held, að honum hafi allt af skilizt sem eg sè nefndarfrumvarpinu mótfallinn einungis af þeirri ástæðu, að prestarnir eiga eptir því að taka eið af mönnum. En eg tók það fram í gærkveldi, að það væri margt annað í því, sem mèr ekki gæti líkað, þó eg felli mig betur við fyrstu grein nefndarfrumvarpsins, en 1. gr. stjórnarfrumvarpsins. Mèr finnst það hvorki óbrotið nè skiljanlegt fyrir ólögfróða menn þetta frumvarp meira hlutans, sem hèr er framkomið, að 1. gr. frátekinni. En svo eg snúi mèr aptur að eiðnum, þá tók framsögumaður það fram til stuðnings sínu máli, að prestar hafi áður haft dómsvald og tekið eið af mönnum, og þá eigi verið fundið að því. En þá vil eg spyrja, hvers vegna var þessu breytt, ef það átti svo vel við? Eg ímynda mèr, að því hafi verið breytt, einmitt af því það hefir þótt eiga illa við, að prestar hefði þenna starfa á hendi. Hann talaði einnig um, að hann þekkti eigi sam-

vizku prestanna; hana þekki eg ekki heldur hjá öðrum en sjálfum mèr, en eg held, að hún sè í þessu efni almennt söm hjá þeim og mèr, og að þeir mundi flestir takast þetta nauðugir á hendur. En það er eigi einungis samvizka prestanna, sem er lík minni í þessu efni, því framsögumaður hefir sjálfur sagt mèr frá sýslumanni, sem lifi enn, þótt hann sè nú ekki sýslumaður, sem hefði gjört sèr það að reglu, að taka sem sjaldnast eið af mönnum, og álít eg það mikið lofsvert; því það ætti að vera almenn regla að gjöra eiðinn sem sjaldgæfastan. Eg er einning samdóma þeim þingmönnum, sem álíta, að eitt af því, sem er að nefndarálitinu, sè það, að menn skuli skyldir til að leggja málið í gjörð; því það getur opt komið fyrir, að málspartarnir hafi eigi það traust á gjörðarmönnunum, að þeir álíti þá færa um, að kveða upp rètta gjörð í málinu, og er þá hart að skylda þá til að leggja það undir dóm þeirra. Eg verð að álíta, að í þess konar málum hljóti þeir að hafa meira traust á lögfróðum mönnum. Hvað nú prestana aptur snertir, þá vil eg vekja athygli manna á því, að staða þeirra og hinna verzlegu dómara í mannfèlaginu er næsta ólík. Eg ímynda mèr, að dómarinn eigi að standa eins og í fjarlægð frá fèlaginu og halda sig fast við hinn lagalega strangleik, en presturinn á þar á móti alveg að lifa með söfnuði sínum. Þess vegna verð eg að vera á því, að það rýri síður helgi eiðsins, þegar enginn annar en dómarinn hefir vald til að taka hann; þá hefir nú verið talað um kostnaðinn. Eg held það sè misskilningur, að hann yrði ætíð svo miklu minni, ef þetta fyrirkomulag kæmist á. Því það mundi opt koma fyrir, að menn hèldi, að gjörðin væri röng og færi þá til dómarans. Ef gjörðarmenn hafa gjört gjörðina ranga af fávizku sinni, þá varðar það sektum og eigi verður kostnaðurinn minni við það. Eg veit ekki heldur, hvort það er sem heppilegast, að kostnaður við málarekstur sè sem minnstur, því eg held, að af því kynni að leiða, að menn miklu optar lægi í málaþrasi, og er mèr því nær að halda að betra væri, að það kostaði nokkuð, svo mönnum þætti það síður tilvinnandi. Eg verð þess vegna að vera á því, að hollast sè að málinu sè frestað.

Jón Sigurðsson: Eg sting upp á því, að 2. tölul. sè borinn upp fyrst, svo menn geti sparað sèr ómak að greiða eigi eins opt atkvæði og ella.

Indriði Gíslason. Eg get nú eigi verið á þeirra máli, sem þykja sættanefndir í hjúamálum óþarfar. Eptir því sem nú liggur

fyrir, þá felli eg mig betur við frumvarp nefndarinnar, en stjórnarfrumvarpið. Mèr hefir nú eigi snúizt hugur síðan 1861, og áleit eg þá hjúamálanefndirnar nauðsynlegar og skoðun mín er enn hin sama á þeim, að þær sè ómissandi; þegar eg las þetta nefndarfrumvarp hjá framsögumanni hèrna á dögunum, þá datt mèr strax í hug: þetta eru nú nóg hjúalög. Ef nú að þessar gjörðarnefndir ekki komast á, þá eru hjúalögin að mínu áliti að miklu leyti óþörf. Þingmaður Gullbringusýslu sagði nú, að þetta frumvarp væri svo margbrotið og gæti valdið misskilningi nema fyrir lögfróða menn. En ef þetta er vandskilið, þá held eg, að hjúalögin valdi eigi minni mun í misskilningi, sem svo eru orðin margtuggin fram og aptur; fyrst voru þau hjá Reykjavíkurnefndinni; síðan voru þau til meðferðar á þinginu 1861, sem þá var stjórnarfrumvarp, og svo nú enn einu sinni; eg held að menn megi vera farnir að reka sig á það, að þessi lög, sem hafa verið margtuggin og tætt fram og aptur, hafa eigi orðið brúkanleg eða aðgengileg fyrir landsmenn, og vil eg taka til dæmis 2 mál, jarðamatsmálið og vegabótamálið. Öllum held eg, að sè það ljóst, hvernig þau mál fóru hèr á þingi ekki sízt vegabótamálið með breytingaratkvæðum og ýmsri togun. Eg held að megi nú segja um þessi hjúalög, að því fleiri sem boðorðin eru, því fleiri verða boðorðabrotin, og mèr fannst það koma fram hjá framsögumanni sjálfum, að þau mundu verða til að auka þras og deilur meðal húsbænda og hjúa. Ef hjúalögin eiga að vera til nokkurrar uppbyggingar, þá sjá allir, að gjörðarvaldið nær því augnamiði, sem hjúalögin hafa; því að hverjir eru kunnugri þessum málum, en einmitt þessir helztu bændur, sem eiga að vera gjörðarmenn, sem málspartarnir trúa bezt. Það er líka töluverður hægðarauki fyrir hlutaðeigendur að geta fengið skorið úr þessum málum sínum svo að segja heima hjá sèr, heldur en að fara með þau til dómstólanna. Mèr sýnist því, að þessar hjúamálanefndir sè til tryggingar öllu samkomulagi milli húsbænda og hjúa, og mèr finnst þetta vera svo náskylt því ætlunarverki, sem öll hússtjórn hefir; en hún hefir að minni ætlun þessi 3 ætlunarverk, samkomulag milli manns og konu, samkomulag milli foreldra og barna, samkomulag milli húsbænda og hjúa. Ef menn nú tæki hjúalögin en eigi þetta, þá taka menn það sem sundrar í stað þess sem heldur saman, því þessi lög þèna fremur fyrir daglaunara en hjú. Eg er nú, ef til vill á því, að þessum málum liggi ei svo mikið á; en ef menn taka hjúalögin, þá vildi eg, að þessu væri

eigi fleygt áður. Það kom nú frá Múlasýslu bænarskrá um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, önnur 1861 og mætti hún lagaboði frá stjórninni í sömu stefnu. Hvað gera nú þessi lög? Eða hve nær hefði þurft að beita þeim, ef ekki í vor. En veit nokkur þingmanna til, að þeim hafi nokkurstaðar verið beitt? Og svona er það, að allajafna er verið að hlaða þessa bunka af lögum, en allt gagnslaust og engu er framfylgt. Eg held að vèr megum fremur kvarta um, að oss vanti framkvæmdarvald en lög.

Magnús Andrèsson: Eg stend nú einungis upp til að lýsa yfir því, að þrátt fyrir umræður þær, sem hèr hafa fram farið, þá er meining mín hin sama og í gærkveldi og ásetningur minn hinn sami að gefa atkvæði á móti nefndarfrumvarpinu. En þó mèr hafi eigi snúizt hugur í þessu tilliti, þá hefir mèr, ef til vill, snúizt hugur í öðru tilliti. Eg gat þess í gærkveldi, að af þessum 2. frumvörpum þá vildi eg heldur nefndarfrumvarpið, en eg veit eigi af hverju það hefir verið, en það hefir líklega verið af því, að eg hafði eigi skoðað það nákvæmlega; en eptir því sem eg skoða það betur, þá verða fyrir mèr fleiri og fleiri annmarkar, eg vil ekki segja gallar, á því frumvarpi. Það er nú eitt þetta, sem eg hefi rekið mig á: *skal* málinu vísað í gjörð. Hver gjörir það. Það var annað, sem eg drap á, hvernig ætti að fara að, ef enginn fengist gjörðarmaðurinn? Það var nú þetta torrek, sem eg sagði, að menn mundi reka að, og verða mundi til fyrirstöðu framkvæmdar þessarar nefndar og hefir enginn svarað mèr upp á það. Eg finn nú smátt og smátt enn fleiri galla á þessu nefndarfrumvarpi, svo að eg veit ekki hvort þeirra að eg vil heldur, og segi því eins og kallinn; »Sitt var að konu minni hverri».

Framsögumaður: Eg vil nú svara hinum heiðraða þingmanni Árnesinga, er hann sagði, að sèr hefði snúizt hugur, af því hann hefði sèð fleiri agnúa á nefndarálitinu, er hann las það betur. Eg held nú, eptir því sem eg þekki skarpskyggni þessa þingmanns, að ef hann læsi nú nefndarfrumvarpið á ný aptur enn betur, þá mundi hann hverfa frá þeirri sannfæringu, er hann nú hefir, og komast til þeirrar sannfæringar, er hann hafði í gærkvöldi. Hann hneyxlaðist nú á þessum orðum: »*Skal* vísa til gjörðar«, því að hann vissi ekki hver átti að gjöra það. Nefndarfrumvarpið hefir nú einmitt lík orðatiltæki og fyrir er skipað um hinar gömlu sáttanefndir og sem þingmaðurinn þekkir. Hver vísar þar málinu til landslaga og rèttar, ef eigi nást sættir? Hinn efri sáttamaður. Það er þá hið

sama og hèr, að hinn efri sáttamaður vísar málinu til gjörðar. Eg ímynda mèr nú, að það leggi sig sjálft, hvernig fara eigi að, ef gjörðarmaður kemur eigi á fund, og það er berlega tekið fram í nefndarfrumvarpinu. Að takast á hendur gjörðarmanns starfa, þegar maður væri löglega kvaddur til þess, má gjöra að borgaralegri skyldu. Í nefndarálitinu er nú tiltekið, hvað við liggi, ef gjörðamenn að orsakalausu skorast undan, sem eigi hefði þó þurft, að nefna þar, því það hefði verið auðvitað, að þeim eigi mætti haldast slíkt uppi að ósekju. Eður hvernig færi nú, ef enginn vildi vera sáttamaður? Ef enginn vildi verða stefnuvottur, eður taka að sèr aðrar lögákveðnar borgaralegar skyldur? Því líkar spurningar má gjöra í hið óendanlega. Einn þingmanna áleit það nú engan kost við þetta nefndarfrumvarp, þótt kostnaðurinn að ná rètti sínum yrði gjörður lítill, slíkar skoðanir skyldu menn sízt halda, að bændur hefðu; það væri heldur vorkennanda embættismönnum, þó þeir hefðu þær, því tekjur þeirra sumra skyldu menn halda að minnkuðu við það, að málssóknirnar væri gjörðar sem kostnaðarminnstar, og þó eru það einmitt sumir embættismenn, er vilja þetta, sum sè að málin kosti sem minnst, og það er langtum betra að launa embættismönnum á annan hátt, en með að selja mönnum rètt þeirra fyrir ærna fè. Annars sè eg ekki, að tekjur sýslumanna minnkuðu við það svo nokkuð teljandi væri, þó hjúamál eigi væru látin heyra undir þá, fyrst þau því nær sem aldrei koma fyrir, eptir þessu skipulagi sem nú er á rekstri þeirra. Að málspartarnir kynni að vantreysta gjörðarmönnum, þá held eg, að sè ómögulegt að gjöra við því, því margir vantreysta sýslumönnunum, margir yfirdóminum og margir hæsta rètti, og sumir vantreysta öllum nema sjálfum sèr; þvílíkt vantraust kemur alstaðar fram meir eður minna. En eptir því sem hèr er fyrir skipað, þá ætti minnst vantraust að eiga sèr stað, því að allir treysta sem bezt góðum prestl; og það veit eg að þingmanni Gullbringusýslu er kunnugt; svo er nú hið annað sem úti byggir vantraustinu, og það er að partarnir mega sjálfir velja þá 2 menn fyrir gjörðarmenn er þeir treysta bezt. Menn mega og geta þess, að auk þess, sem presturinn er sáttasemjari, þótt það sè ekki beinlínis embættisskylda hans, er skylda hans að lempa allt í samlyndi milli húsbænda og hjúa, ef hann kemst að, að slíkt eigi sèr stað í sóknum hans, og þá sýnist mèr ekkert eðlilegra en að gefa honum þetta vald, sem hèr er farið fram á, og sem með öllu fer í sömu stefnu og áminnzt skylda hans sem honum er lögð á herð-

ar. Þeir prestar sem æskja eptir frið og samlyndi í sóknum sínum geta eigi ákosið sèr betra vald en að mega vera gjörðarmenn í þess konar miskliðum, svo þær þurfi eigi að ganga til sýslumanns. Að minnsta kosti vildi eg óska þess, ef eg væri prestur. Það er auðvitað, að það eru mörg önnur smá mál en þessi, en þeim er þá öðruvísi varið. Og þótt það væri æskilegt, að þessi mál yrðu líka lögð undir gjörðarmenn, þá liggur það hèr ekki fyrir og sannar eigi neitt á móti því, að hjúamál eigi megi leggjast undir gjörðarmenn, þó menn eigi geti lagt öll sín mál undir þá. Ef gjörðin er bersýnilega röng, þá álít eg, að það sè rètt, sem nefndin fer fram á, að hlutaðeigendur sè dregnir til ábyrgðar fyrir gjörð sína; sýslumaður er líka dreginn til ábyrgðar fyrir bersýnilega ranga dóma sína. En það útkrefst mikið til þess, að gjörð sè bersýnilega röng. Eptir þeim lögum, sem nú gilda, má og án efa draga þá til ábyrgðar sem gjöra svoleiðis gjörð sína; en gjörðin stendur þá óhögguð eptir sem áður; um þetta er og engin setning, sem í nefndarfrumvarpinu stendur. Það liggur líka í hlutarins eðli, að draga má þá til ábyrgðar, sem gjöra bersýnilega gagnstætt skyldu sinni og því sem lögin eður aðrir menn fela þeim á hendur og trúa þeim fyrir.

Konungsfulltrúi: Eg leyfði mèr i gær að lýsa því yfir, að þingið eptir því sem fyrir er mælt í alþingistilskipuninni hvorki ætti nè mætti ræða mál þetta á grundvelli nefndarálitsins, eins og það lægi fyrir, en ræðurnar hafa í dag allar snúizt um nefndarálitið, og einkum hefir framsögumaður orðið mjög langorður út af gjörðarvaldi nefndarinnar, sem eg að öðru leyti ætla ekki að fara inn í að svo komnu, en frumvarp stjórnarinnar hefir alls ekki verið nefnt á nafn, og það er eins og ekkert frumvarp frá henni hefði verið til. Þessi aðferð frá þingsins hálfu er óvenjuleg, og skortir einnig, eptir mínum skilningi, sína heimild í alþingistilskipuninni, svo ef þingið skyldi fara og senda stjórninni bænarskrá í málinu, byggða á þeim umræðum sem hèr hafa farið fram, er mèr efi á því, hvort eg muni geta veitt henni viðtöku og sent hana til stjórnarinnar.

Forseti: Þó að ræðurnar hafi mest snert uppástungur nefndarinnar, þá var þó fyrst byrjað á að ræða aðalundirstöðu-atriðin fyrir ágreiningnum milli frumvarpanna. En þar sem flestir þingmenn voru á þeirri skoðun, að eigi væri ákjósanlegt, að bæta við nýjum nefndum við sáttanefndirnar gömlu, þá var það eðlilegt, að ræðurnar snerust að hinu gagnstæða, nefnilega því, sem nefndin hafði

stungið upp á, það er að segja, að þar sem sætt ekki kæmist á, skyldi leggja málin í gjörð.

Konungsfulltrúi: Eins og eg áður hefi tekið fram, get eg ekki með neinu móti fellt mig við það, að þingið hefir einungis rætt málið á grundvelli nefndarfrumvarpsins, en öldungis gengið fram hjá stjórnarfrumvarpinu, og ekki svo mikið, að þingið hafi rætt frumvörpin samhliða hvort öðru, sem þó var það eina úrræðið eptir því, hvernig málinu var komið, og í það tekið af nefndinni. Það sem ræðurnar hafa snúizt um, er breytingaratkvæði hins konungkjörna varaþingmanns sem kastar öllu stjórnarfrumvarpinu yfir borð; af sjálfu stjórnarfrumvarpinu hefir ekki verið rædd ein einasta grein.

Forseti: Eg get eigi sagt, að hinn konungkjörni varaþingmaður hafi kastað stjórnarfrumvarpinu, því að hann gat það eigi, heldur var það á valdi þingsins.

Framsögumaður. Eg skal leyfa mèr að geta þess, að ákúrur hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem hann nú gefur þinginu, eru engan veginn verðskuldaðar. Fyrst þegar eg stóð upp í þessu máli þá reyndi eg til að taka fram þann mismun, sem væri á millum hins konungslega frumvarps, og frumvarps nefndarinnar, að því er snerti mismuninn á gjörðarvaldinu, því mèr finnst að þetta sè sá grundvöllur, sem ganga eigi út frá í þessu máli, og að því leyti ræddi eg hið konunglega frumvarp, og líka reyndi eg til að sýna, að sáttanefndir þær, er stjórnarfrumvarpið vill setja í hjúamálum, væri að áliti mínu með öllu óþarfar, úr því þær ekki fengi annað vald, en þeim þar var ætlað. Konungsfulltrúinn sagði og sjálfur í gær, að sèr sýndist eigi þurfa nema hinar venjulegu sáttanefndir til að fjatla um hjúamál, og virtist mèr hann því þá heldur hallast að skoðun nefndarinnar og gjörast eins og hún fráhverfur stjórnarfrumvarpinu. Eg hefi þannig fyllilega rætt aðalstefnuna í stjórnarfrumvarpinu, en hitt er satt, að eg hefi eigi talað um einstakar greinir þess, því mèr sýnist það ljóst, að þegar búið er að yfirgefa stefnuna í því, þá hljóti að falla burtu allt frekara umtal um það. Konungsfulltrúinn hefir eigi heldur neitt rætt hinar einstöku greinir þess, eður mælt því bót, heldur yfirgefið aðalstefnu þess, eins og eg nú gat um. Annaðhvort verður og að taka stjórnarfrumvarpið óbreytt eða yfirgefa það alveg, ef menn með konungsfulltrúa og nefndinni eigi geta fallizt á hinar nýu sáttanefndir þess.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð nú að segja, að ef þingið hefir tekið undarlega í þetta mál, þá hefir konungsfulltrúi tekið enn undarlegar í meðferð málsins. Eg hefi verið hèr á þingi með öðrum konungsfulltrúa, og eg má fullyrða, að hvorki hann nè nokkur annar konungsfulltrúi hèr á þingi hefir fyrr leyft sèr að taka upp aptur við ályktarumræðu það sem áður hefir verið talað um meðferð málsins og sem þingið hefir útkljáð með atkvæði sínu við undirbúningsumræðuna, og veita því svo þungar ákúrur fyrir það. Það er ofur hægt að segja, að þingmenn hafi ekki talað um stjórnarfrumvarpið fyrir þann mann, sem allt af er að »propa« hèr út af salnum og veit svo ekki hvað gjörist á meðan. Það var skýrt tekið fram um meðferð málsins í gær, því atkvæði voru greidd um það, og þingið ályktaði, að meðferðin væri rètt, og hefir því enginn hèr í salnum rètt til að vefengja þá meðferð framar. En verið getur, að þessi hin óvanalega aðferð konungsfulltrúa hafi þau áhrif á málið, að ástæða sè til að fresta því; og er það þá á ábyrgð hans, hvernig atkvæðagreislan fer.

Forseti: Eg skal bæta því við það, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að eg skoraði á konungsfulltrúa í gær, að láta þingið vita, hvori hann setti sig algjörlega á móti því, að stjórnarfrumvarpið og frumvarp nefndarinnar væri rædd samhliða. Og eg lýsti því yfir, að þingmenn væri eins fúsir á að ræða það hvort í sínu lagi, og þá fyrst stjórnarfrumvarpið, ef konungsfulltrúi setti sig móti hinni aðferðinni, en hann gjörði það ekki. Að öðru leyti skal eg geta þess, að mig furðar á, hvað umræðurnar eru langar, þar sem mèr virðist allir vera á einu máli.

Pètur Pètursson: Á þinginu 1861 var eg mótfallinn þessu máli; en þingið fèllst þá á að biðja um frumvarp til þessara laga. Og þótt stjórnin sæi ekki nauðsyn á þessum lögum, þá gjörði hún það þó að orðum þingsins, að senda frumvarpið. Eg sè nú, að minni hluti nefndarinnar hefir ráðið til að fresta málinu, en eg sè ekki á hverju það er byggt, nema ef það væri á því, að frumvarp stjórnarinnar og nefndarfrumvarpið sè óhafandi, eða þá að öðrum kosti, að það sè ótímabær burður. En það var skorið úr því á seinasta þingi, hvort þessi lög væri ótímabær eður eigi. Eg skil því ekki, að sú verði niðurstaðan nú, að málinu verði frestað; annaðhvort verða menn að taka stjórnarfrumvarpið eða frumvarp nefndarinnar; því að hvenær á stjórnin að taka bænir þingsins til greina, þegar það afbiður það á einu þingi, sem það biður um á

hinu. Það er eins og þingmenn verði svo hræddir, ef þeir sjá einhverjar fleiri lagagreinir. Það er sorglegur fyrirboði fyrir þingið, ef það á að fá löggjafarvald. Eg vona nú, að þingmenn taki eigi þetta sem ákúrur, heldur sem ályktun af hinu undanfarna. En þinginu er eins ljóst eins og mèr, hversu áríðandi er fyrir það að halda virðingu sinni í meðferð málanna. Eg þarf eigi að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði, það sèst við atkvæðagreiðsluna.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði nú ekki að tala neitt í þessu máli, en það hafa 2 þingmenn komið mèr á fætur, hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður. Þingmaður Dalamanna vildi nú brúka þetta nýja nefndarálit einsamalt, bæði fyrir sáttanefndir eða gjörðarnefndir í hjúamálum og hjúalög með. En eg held, að þá yrði að taka nokkuð úr seinustu greininni: Nú er gjörð landslögum gagnstæð o. s. frv. Hvaða landslögum getur hún verið gagnstæð, ef engin eru hjúalögin? Hún getur þó ekki verið gagnstæð þeim lögum, sem ekki eru til. Hinn háæruverðugi 3. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri sorglegur fyrirboði fyrir þingið, ef þessu máli væri fleygt. Eg færði nú ástæðu fyrir því í gærkveldi, hvers vegna eg vildi að málinu væri frestað. Þingið 1861 bað um þetta frumvarp með litlum atkvæðamun; þetta frumvarp átti nú að byggjast á þeim lögum, sem menn ímynduðu sèr að yrðu fullbúin á þessu þingi, nefnilega hjúalögin; en nú hefir tekizt svo óheppilega til, að þau eru orðin á eptir. Nú gæti skeð, að þessi lög ræki sig á hjúalögin, af því menn vita ekki, hvernig þau verða; og væri þá óhægra eptir á að laga þau, heldur en ef þau biðu eptir hjúalögunum. Eg veit nú ekki, hvernig þau lög eiga að vera, sem þessar nefndir fara eptir, því að þau eru eigi komin enn. Mèr þykja nú uppástungur nefndarfrumvarpsins reyndar í mörgu tilliti frjálslegri, en uppástungur stjórnarfrumvarpsins, en verið getur, að þingmaður Dalasýslu hafi nokkuð fyrir sèr í því, að það eigi ekki vel við hjúalagafrumvarpið. Þá stendur í 2. gr.: kærandi og hinn kærði o. s. frv. Það er nú mikið æskilegt, að fljót geti orðið úrslit málanna, ef það gæti gengið eins vel og sagt er um sýslumann einn, að hann hafi rannsakað mál, dæmt í því og framkvæmt dóminn allt á einum dagi. En það er nú ekki sagt, að allir sè svo handfimir. Setjum nú svo, að þetta kæmi saman við 28. gr. í hjúalagafrumvarpinu, ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eður lauslætis. Nú kæmi þetta

fyrir, að einhver vinnustúlka bæri sig upp undan því, að húsbóndi hefði viljað tæla hana til lauslætis. Maðurinn ber það þá fyrir, að hann hafi verið drukkinn, og muni það eigi vel; vinnukonan hafi ein vakað eptir sèr, því hann hafi komið seint heim annaðhvort frá næstu bæjum eður úr næstu húsum, og sè sèr eigi glöggt, hvernig leikar hafi farið með þeim, því að hann hafi verið nokkuð við skál. Nú vill hún koma með vitni, og það er nú ekki kannske svo hægt að fá þau, því að þau hafa eigi kallað votta að viðskiptum sínum. En þá er heimilisfólkið, og eitthvað af því heyrði nú eitthvað, svo stúlkan kemur með það á gjörðarfundinn sem vitni, og prestur verður þá að yfirheyra það; en þau hafa þá verið sofnuð, og muna eigi glöggt, hvaða bauk hafi verið í manninum, hvort heldur það er húsbóndi eður vinnumaður og vinnukonunni. Þá liggur ekki annað fyrir en að taka eið af málspörtunum, eins og í reglulegu barnsfaðernismáli. Svona geta þá komizt inn í þessa gjörð hin flóknustu lagaspursmál. Eg hefi nú hvergi heyrt, að menn yrði neyddir til gjörða í málum. Það var annað mál um kviðdómana; í þeim sátu menn, sem vit höfðu á lögum. Það kemur fram, sem þingmaður Borgfirðinga sagði í gær, því hann er skarpskyggn og hygginn, að betra væri að þetta mál biði þar til meiri lagamenntun væri komin inn í landið. Eg get nú eigi sèð, að nein skömm sè fyrir þingið, að biðja um, að þessu máli væri frestað, fyrst að ekki fèkkst að vísa því til nefndarinnar aptur.

Framsögumaður: Hvernig ímyndaði þingmaðurinn sèr að vísa málinu til nefndarinnar aptur? Hann getur fyrst ásakað nefndina, ef hún hefir engar ástæður gefið fyrir því, hvers vegna hún eigi hafi getað aðhyllzt frumvarp stjórnarinnar; en ef þingmaðurinn hefir nokkuð tekið eptir þegar nefndarálitið var lesið upp, þó hann hafi ekki lesið það á lestrarsalnum, þá hefði hann getað heyrt, að nefndin hefir gefið ljósar og greinilegar ástæður fyrir því, hví hún eigi gat aðhyllzt hið konunglega frumvarp. Átti þá nefndin að gefa annað álit, ef málinu hefði verið vísað til hennar aptur. Það getur verið, að þingmaðurinn hefði getað kveðið upp annan dóm á ný, og gjört upp aptur álit sitt, hefði hann verið í nefndinni, en hann verður að fyrirgefa, þó hún geti það ekki.

Stefán Eiríksson: Eg skal nú sannarlega ekki tefja þingið lengi með tölu minni í þetta sinn. Eg var meðmæltur því á síðasta þingi, að sáttanefndir þessar sem hèr ræðir um væru nauðsynlegar, ef við fengjum hjúalög, og hið sama álít eg enn, og þó

nú að hjúalög þessi sèu ókomin þá eru þau þó á prjónunum. Eg að vísu felli mig betur við stjórnarfrumvarpið en nefndarfrumvarpið, mèr finnst það svo flókið, en það getur nú verið að það sè misskilningur minn. Eg kann segi eg betur við stjórnarfrumvarpið, að því leyti að það er mjög auðskilið og lagað eptir frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, þar sem það bezta úr því frumvarpi er tekið upp í þetta frumvarp, og þegar eg ber nú saman kosningaraðferðina í báðum frumvörpunum þá getur þó enginn annað en álitið hana formlegri í stjórnarfrumvarpinu. Það er nú tiltekið í nefndarfrumvarpsins 1. grein, að málspartarnir skuli sjálfir kjósa þessa menn, nú fara þeir til einhverra, sem þeir hafa traust á, þá svara þeir: »Nei blessaður vertu eg mæti ekki í þessari gjörð fyrir þig, því ef þèr líkar ekki gjörðin, og þú áfríjar, þá verðum við fyrir 12 rd. útlátum ef gjörðin er ekki samkvæm landslögum». Nú er leitað á áðra, það fer á sömu leið, og loks fæst enginn. En eg get ekki sèð af þessari fyrstu grein, að hinn efri sáttamaður megi kjósa gjörðarmenn, nema því að eins, að málspartarnir gefi sinn rètt í því. Þetta var einungis sem eg vildi taka fram og með því sýna að eg get ekki aðhyllzt þetta nefndarfrumvarp.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði B. Sveinssonar við stjórnarfrumvarpið, felit með 11 atkv. gegn 8.
2. Stjórnarfrumvarpsins 1. gr., felld með 17 atkv. gegn 3.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru hinir stafliðirnir á atkvæðaskránni álitnir fallnir og sömuleiðis allt stjórnarfrumvarpið, og með því málið allt, — og var álitið óþarft að greiða atkvæði um minni hluta nefndarinnar, tölul. 2.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðlsu málið um prestsmötujarðir. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörui þingmaður. Eg vona að allir þingmenn hafi prentaða atkvæðaskrá fyrir sèr.

Var málið afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 327.

Framsögumaður (Jón Pèturssson): Eg þarf nú ekki að vera margorður; mèr heyrðust allir í gær svo meðmæltir þessum 3 uppástungum nefndarinnar, og eg vona því, að þær fái góða áheyrn.

Hèr eru nokkur fá breytingaratkvæði komin, og þarf eg nú ekki að tala mikið um þau, því mèr falla þau yfirhöfuð vel í geð. Fyrst er breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga, undir tölul. 1. Það er nú í rauninni ekki annað en sama og er í nefndarinnar niðurlagsatriði, nema hvað þetta breytingaratkvæði er óákveðnara; því hlutaðeigendur eru eptir minni meiningu ekki aðrir en eigendur og tíundartakendur. Breytingaratkvæðið undir tölul. 3. fellst eg á í alla staði; það gjörir ekki annað en skýrir nefndina. Eins er að segja um breytiugaratkvæðið undir tölul. 5. Það er í alla staði rètt eptir rèttum hugsunarreglum.

Magnús Andrèsson: Eg var nú svo óheppinn, að eg var ekki viðstaddur, þegar hinn háttvirti framsögumaður talaði um breytingaratkvæði mitt undir tölul. 1.; hitt breytingaratkvæðið mitt tók hann upp á sína verndararma. Það sem vakti fyrir mèr og stýrði hugsun minni var það, að eg veit að á sumum þess kyns jörðum búa leiguliðar, sem greiða tíundir og fá ekki endurgoldnar, og eigendurnir geta sagt: »Eg kæri mig ekki um að fá prestsmötu-hundruðin sèrskilin«. Einkum finnst mèr þetta koma ranglega fram þar sem jarðir þessar hafa hækkað við hið nýja jarðamat. Því áleit eg rèttast, að leiguliðar einnig megi teljast með hlutaðeigendum. Þetta vakti fyrir mèr og því tók eg mèr breytingaratkvæðið.

Framsögumaður: Eg skal svara hinum heiðraða þingmanni því, að mèr finnst það ekki vera samkvæmt anda laganna, að leiguliðar gæti krafizt þess að prestsmötuhundruðin verði úrskilin. Ef eigandinn hefir ekki á móti því, að greitt sè tíundargjald eður aðrar líkar álögur af kirkjujörð, þá getur ekki leiguliði haft þar neitt að segja, en ef hann ekki er ánægður verður hann að fara burtu og sjá sèr út um betri jörð. Mèr sýnist ekki rètt, að leiguliðinn geti tekið fram fyrir hendurnar á eigandanum í þessu efni.

Forseti: Fyrst enginn tekur framar til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði M. Andrèssonar við 2. tölul., fellt með 11 atkv. gegn 6.
2. Nefndin, 1. niðurlagsatriði, samþykkt með 14 atkv. gegn 3.
3. Breytingaratkvæði M. Andrèssonar við 4. tölul., samþykkt með 15 atkv.
4. Nefndin, 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 11 atkv. gegn 5.

5. Breytingaratkvæði A. Ólafssonar við niðurlagsatriði nefndarinnar, samþykkt með 14 atkv.
6. Nefndin, 3. niðurlagsatriði, samþykkt með 15 atkv.
7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 14 atkv. gegn 3.

Forseti: Dagskránni er þá lokið. Ákveð eg svo fund til á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og annar fundur — 12. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Árnesinga og þingmaður Reykvíkinga, sem höfðu tilkynnt forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til undirbúningsumræðu málið um *rètt íslenzkrar tungu.* Framsögumaður er hinn háttvirti varaforseti.

Málið afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 356.

Eg skal ekki fyrst um sinn tala neitt um málið, eg vona að þingmenn finni nefndarálitið svo ljóst og greinilegt, að það megi nú ræða til undirbúnings.

Konungsfulltrúi: Eg leyfði mèr við undirbúningsumræðu málsins að taka fram þau vandkvæði, sem væru á því, að rita öll brèf, sem færu milli íslenzku embættismannanna og stjórnarinnar á íslenzku, og skal eg ekki ítreka það hèr aptur. Eg leyfði mèr líka að láta í ljósi, að eg yrði að álíta það nokkuð orðum aukið, sem segir í uppástungunni, um að íslenzkunni sè gengið of nærri í innlendum brèfaskriptum af hálfu hlutaðeiganda embættismanna, og skal og heldur ekki ítreka það. Enn fremur tók eg það fram, að undir íslenzku stjórnardeildina lægi mörg önnur mál, sem ekki kæmi Íslandi við, og tók eg það fram út af því uppástungu-atriði, að »Contoirchefen« í deildinni ætti líka að vera íslenzkur maður eða skilja vel íslenzku. Eg tók það líka fram, að þar sem ekki yrði gjört ráð fyrir, að hlutaðeigandi ráðherra yfir höfuð skildi íslenzku, yrði forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar, annaðhvort að láta leggja brèfin út, »in extenso« handa honum, eða að skýra stjórn-

arherranum munnlega frá innihaldi þeirra, en að þetta væri bundið miklu ómaki, og mjög óþægilegt fyrir forstöðumanninn sjálfan, og gjörði eg grein fyrir því áliti mínu, og vona eg þingið taki athugasemdir mínar til greina, því heldur sem eg verð að ætla að þær sèu á rökum byggðar.

Sveinn Skúlason: Af því eg var einn í nefndinni, verð eg að tala nokkur orð um málið. Eg get nú ekki sèð, að þó konungsfulltrúi mæli á móti þessu máli, þá sè ástæða fyrir þinglð að ganga fram hjá uppástungum nefndarinnar fyrir það. Þetta er beinlínis afleiðing af því, að konungur er farinn að staðfesta íslenzka textann á lögunum með undirskript sinni, og því virðist sanngjarnt, að öll hin lægri brèflegu viðskipti á milli landsins og stjórnarinnar, verði einnig á íslenzku; og þar sem nú ráðgjafarnir staðfesta (contrasignere) einnig íslenzka textann, þá er þar með fengin viðurkenning fyrir því, að þeir sè færir um að skilja brèfin, þó þau sè á íslenzku. Við þetta sameinast sú bæn, að hinir æðstu embættismenn í hinni íslenzku stjórnardeild, sem eiga að hafa fullt traust á báða bóga, bæði ráðherrastjórnarinnar og íslenzku þjóðarinnar, og eru því eins og milligöngumenn milli beggja, skuli vera íslenzkir, eða ef það er ei, hafa nægilega þekkingu í íslenzku og með því eru öll skilyrði fengin fyrir því, að það sè gjörlegt sem farið er fram á í 1. atriðinu. Það virðist líka vera full nauðsyn á, að halda þessu fram, því með þeim rekspöl sem var kominn á, áður en konungsúrskurðurinn frá 1844 kom út. Þá mátti segja, að ei liti út fyrir annað, en hèr mundi verða hið sama ofan á sem í Noregi og Færeyjum, að allt opinbert mál, lagamál og kirkjumál yrði danska, og hefði ekki úrskurðurinn komið hefðu allir dómar hèr orðið á dönsku, og danskan hefði ef til vill jafnvel orðið kirkjumál, að minnsta kosti er það svo á Færeyjum. En af þessum ráðherrabrèfum frá 1854 hefir leitt að allt hefir sótt í lakara horf; því eptir þeim var það svo, að hver ólærður umboðsmaður, þó ekki hafi verið um meira að gjöra en einn kirkjulykil, hefir orðið að skrifa á dönsku um það til amtmannanna, því það yrði að fara til stjórnarinnar. Þetta og annað eins verður sannarlega til þess að fótum troða tungu vora. Þetta vara-atkvæði vildi eg nú helzt ekki hafa, mèr finnst það vera takmörkun á bæninni, og eg álít það líka óþarft, því þegar menn vita þetta, og ef stjórnin gengi inn á það, þá mundu verða margir Íslendingar til að gjöra sig hæfilega til þess að gegna þessum embættum, því þó það sè umfangsmikil og

vandasöm embætti gefa þau líka mikið álit; og varla getur Íslendingur í nokkurri stöðu gagnað fósturjörðu sinni jafnmikið sem í þessum embættum. En fyrst nú þetta vara-atkvæði stendur hèr, þá vil eg segja það, að þetta álít eg, að sè sú minnsta krafa, sem gjörð verður til Dana, ef þeir kæmust til æðstu embættanna í stjórnardeildinni, að þeir kunni íslenzku til hlítar. Sú mótbára konungsfulltrúa, að svo mörg dönsk mál heyri undir íslenzku stjórnardeildina, hrindir ekki máliuu, því það vita allir, að Íslendingum í Danmörku, í öllu falli þeim, sem komast að íslenzku stjórnardeildinni, er gjört að skyldu að kunna dönsku svo, að þeir bæði geti talað og skrifað um dönsk málefni, úr hverri átt sem þau koma. En hitt álít eg vera undir hælinn lagt, hvort danskur Comptoirchef í stjórnardeildinni mundi fara að læra íslenzku af sjálfum sèr. Eg var einu sinni nærri stjórnardeildinni íslenzku, og þá vissi eg til, að »Comptoirchefen«, sem var að eg held á sjötugsaldri, skildi ekkert orð í íslenzku.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr þá athugasemd út af ræðu hins háttvirta þingmanns, er nú talaði, þar sem hann sagði, að bændur yrðu að senda brèf á dönsku til stjórnarinnar, að eg get borið um það, að það hafa komið mörg brèf á íslenzku til stiptamtsins, sem hafa átt að sendast til stjórnarinnar, en þau hafa aldrei verið fyrir þá skuld gjörð apturreka, heldur verið af stiptamtinu snarað á dönsku; því þegar það er heimtað, að brèfin komi á dönsku til stjórnarinnar, hlýtur þó hlutaðeigandi embættismaður að hlýða því boði.

Sveinn Skúlason: Eg nefndi ekki bændur, eg sagði að ólærðir umboðsmenn væru neyddir til að skrifa brèf á dönsku, sem ætti að ganga til stjórnarinnar; eins og einn varð að gjöra fyrir norðan út af kirkjulykli.

Konungsfulltrúi: Til stiptamtsins hafa líka komið opt slík brèf á íslenzku. t. d. um lækkun á ýmsum gjöldum á umboðsjörðunum, og það hefir aldrei orðið nein rekistefna út úr því, heldur hefir þeim jafnan verið snúið á dönsku, og send svo til stjórnarinnar.

Framsögumaður: Mèr finnst nú að atriðis spursmálið hèr vera þetta: Hvort menn eigi að halda fast við þann grundvöll, sem konungurinn sjálfur hefir lagt, eða hverfa frá honum og hafa að engu, en samsinna því, að dönsku ráðherrarnir hafi rètt til slíkra fyrirtækja, til þess að draga niður þjóðerni vort og tuugu vora, eins og kom fram með ráðherrabrèfunum 1854; en eg skil nú ekki,

hvernig nokkur þykist geta verið skyldur, að hlýða þeim ráðherraskipunum, er fara svo beint í móti skýlausum yfirlýsingum konungsins sjálfs. Hèr er svo augljós yfirlýsing konungs til staðar, fyrst og fremst stofnun hinnar íslenzku stjórnardeildar, og svo sú skipun, að öll lagasetning hèr á landi skuli vera á íslenzku; svo eg sè ekki, hvernig það getur komið til mála, að danskir ráðherrar vilji eða geti gjört aðra grundvallarreglu gildandi í því, sem *þeir* eiga að afgreiða, og skrifstofurnar sem undir þeim standa, heldur en þá, sem löggjafinn sjálfur hefir fastsett sjálfum sèr til eptirbreytni í því, sem hann á að afgreiða, nefnilega öll lögin er hèr eiga að ná gildi. Spurningin er hèr að eins um það, hvort menn þegjandi eigi að lítilsvirða yfirlýstan vilja konungsins, með því að ala það upp og líða, að öll brèf og afgreiðslur milli stjórnarinnar og embættismanna hèr á landi sè á dönsku, og sömuleiðis brèfin sem ganga milli embættismanna í landinu sjálfu, og stjórnarúrskurðirnir sem eiga að ganga til almennings og almúgamanna hèr á landi. Það er auðvitað, hvernig fer með hina íslenzku lagasetning, og hver háski henni er smám saman búinn, ef alþingi lokar augum fyrir þessu. Eg skal nú ekki svara hinum háttvirta konungsfulltrúa upp á það, að það sè orðum aukið um dönskuna; en ekki eru það mörg ár síðan stiptamtið rak í mig brèf aptur, af því það var á íslenzku; og enn færri ár eru síðan, að lögstjórnin skipaði stiptamtinu að setja ofan í við mig fyrir það, að eg sem forseti hefði sent brèf út, án þess að láta danska útlegging fylgja með. Þetta sýnir, hvað stjórnin fer langt í þessu, og þingið ætti ekki lengur að láta henni haldast það uppi.

Konungsfulltrúi: Eg hefi hvorki viljað nè heldur gjört það, að setja mig á móti því, að máli þessu væri hreift hèr á þinginu; einungis hefi eg talið þingið frá því, að fara málinu á flot við stjórnina, af því hún gæti með engu móti veitt það umbeðna, því það mætti ekki ætlast til þess, að ráðherrarnir væru yfirhöfuð svo færir í íslenzku, að þeir gæti lesið og skilið íslenzku brèfin hèðan frá landi, en þeir þyrftu þess þó með, ef þessari uppástungu yrði framgengt, því þá yrðu þeir að fá danska þýðingu af brèfunum hjá forstjórunum í íslenzku stjórnardeildinni; en þá held eg að það opt gæti að borið, að þegar málið ekki fengi þær lyktir, sem hlutaðeigendum geðjaðist að, að oddvitanum í stjórnardeildinni íslenzku yrði kennt um, að hann hefði ekki skýrt málið eins og vera hefði átt fyrir hlutaðeigandi ráðgjafa, og vil eg skjóta því til

hins háttvirta uppástungumanns og þingsins yfirhöfuð, hvort þetta atriði auk annars ekki sè þess vert, að því sè gaumur gefinn.

Benidikt Sveinsson: Eg er nú kominn í vandræði með að samrýma ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa við ræðu varaforseta. Varaforseti tók það fram, sem eg álít alveg rètt, að spurningin væri um það hèr, hvort þingið vildi fylgja því fram, sem byggt er á þeim *lögum,* sem *konungur sjálfur* hefir gefið, ellegar þá á því, hvernig þessum lögum hefir verið *framfylgt* af hinni *dönsku ráðherra stjórn,* úr því þetta eigi fer saman. Þetta er víst svo veruleg spurning, að þingið getur ekki leitt hana hjá sèr. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú ekki svarað þessari spurningu, og vildi eg því mikillega óska, að hann gjörði það. Hann tók einungis fram þá örðugleika, sem væri á því fyrir ráðherrana, að uppfylla það sem farið er hèr fram á; en þetta er ekki nóg; hann verður að minnsta kosti fyrst að sanna, að þeir örðugleikar, sem vèr höfum haft af því, að þessu hefir ekki verið fylgt, sèu ekki eins miklir og þeir, sem stjórnin hefir af að fylgja sinni reglu. Það kemur hèr fram, sem optar, að kennir hver sinnar þurftar. Og þingið hefir fyllstu ástæðu og rètt til þess, að sýna fram á þau vandkvæði, sem leiða af þessu fyrir landið. Og þó eg játi, að það geti orðið örðugleikar á því fyrir ráðherrana, að uppfylla þetta, þá held eg þó, að menn geti komizt til þeirrar niðurstöðu, að það sè minni vandkvæði á því frá þeirra hálfu að gjöra það, en frá landsins hálfu á því, að þeir gjöri það ekki. Það hefir verið tekið fram, að ráðgjafarnir »contrasigneruðu» lögin. Konungsfulltrúi sagði nú, að það væri minna í það varið, en að gefa út umboðsleg brèf á íslenzku. Eg veit nú ekki, hvað hann hefir meint með því. Annaðhvort meinar hann, að það þurfi minni þekkingu til að skrifa eða skilja lagaboð, en umboðsleg brèf, og ef þetta er meiningin, þá verð eg að vera því alveg mótfallinn og neita því; því það hafa síðan tilskipunin var gefin, komið út mörg lög með sèrstaklegum íslenzkum blæ, bæði að máli og efni, sem víst mun ekki vera á þessum umboðslegu brèfum, sem alþingi Íslendinga eigi getur tekið neinn þátt í, og því munu sniðin eptir hinum dönsku skrifstofureglum, sem hlutaðeigandi ráðherrar einmitt þekkja svo vel. En ef hitt væri meining konungsfulltrúa, að það sè minna í það varið, að skilja lög en umboðsleg brèf, þá verð eg einnig að vera því alveg mótfallinn; því eg veit ekki til, að frá stjórninni komi nein umboðsleg brèf, sem hafi eins mikil áhrif fyrir landið, eins og lögin

hafa. Allt svo, geti ráðherrastjórnin skilið lögin, þá skilur hún líka hin umboðslegu brèf; og ef menn hafa heimting á, að hún skilji íslenzku á annað borð, þá ríður mest á, að hún skilji lögin, Af þessu sèst þá, að þingið biður ekki um annað en það, sem er nokkuð *minna* en það, sem nú er að lögum, en sem þó er eðlileg afleiðing þess, ef það ei á að missa mikið af þýðingu sinni. Eg tek það sterklega fram, að eg er ekki viss um, að eg geti farið því fram, og eg vil að minnsta kosti ekki fara því fram hèr á þingi, að ráðherrarnir skilji ei íslenzku; eg geng þvert á móti út frá því, að þeir gjöri það. Það væri undarlegt, ef stjórn, sem stjórnar Íslandi, eigi að eins sem umboðsleg stjórn, heldur og jafnvel í mörgu öðru tilliti, ekki skuli þurfa að skilja íslenzku, og því undarlegra er, að gjöra sèr *ímyndanir* um, að hún gjöri það ekki, já *geti* ekki einu sinni gjört það. Þetta eru mótmæli á móti en eigi meðmæli með ráðherrastjórninni, og þó koma þau frá konungsfulltrúa undir þessum blæ. Eg ímynda mèr að minnsta kosti, að þó ráðgjafarnir ekki sjálfir skildu íslenzku, þá mundu þeir hafa og geta haft menn, sem þeir gætu reitt sig á í þessu efni, svo að oss mætti vera það alveg hið sama. En sè nú svo, að þeir hvorki skilji íslenzku nè heldur hafi slíka menn sèr til aðstoðar og leiðbeiningar, er þeir geti óhult reitt sig á hvað málið snertir — sem eg vil gjarna láta konungsfulltrúa bera ábyrgðina af að dæma um — já, þá álít eg það sannarlega fyllstu nauðsyn og helgustu skyldu fyrir þingið að fara fram á, að þessu sè hrundið í lag. Eg álít yfirhöfuð, að vèr höfum fyllsta rètt til að fara fram á það, að öll mál frá æðsta stigi til lægsta, og fra lægsta stigi til hins æðsta, sem ganga milli stjórnarinnar og landsins, sè á voru máli; það byggist á þeim grundvelli, að íslenzkan ekki að eins er ómótmælanlegt *þjóðmál* vort, sem vèr allir nemum með móðurmjólkinni, og Íslendingar munu standa og falla með, heldur einnig á þeirri grundvallarreglu, að vor allramildasti konungur hefir einnig viðurkennt hana sem *lagamál* vort.

Jón Hjaltalín: Eg held, að hið fornkveðna eigi nú við þetta: »Mælt er, að mögl sè um trúna«; en eg get ekki sèð annað, en að nefndin hafi hítið fyrir sèr í þessu; að vísu væri það undarlegt, ef hin æðsta stjórn Íslendinga skilur ekkert í íslenzku, en eg skil nú eigi í að svo megi kalla. Það er nú reyndar í þessu, eins og öðru, gott að halda rètti sínum, en þó sýnist mèr, að þingið eigi ekki að fara mjög langt í þetta mál og ekki gjöra það að stríðs-

spursmáli. Í rauninni kemur þó víst mest undir, að unnið sè gagn með lögunum, og að hinum íslenzku lögum, sem við höfum, sè fylgt. Það kemur nú kannske til af því, að eg hef aldrei verið svo mikið fyrir, að gjöra málin að því fyrsta í heiminum; eg álít, að mannúðleikinn eigi að sveigja til í því tilliti. En hinu get eg aldrei verið samþykkur, að lögunum, sem við höfum, sè ekki fylgt. Eg skal að vísu tala sem minnst í þessu máli, en eg verð að segja, að eg álít, að ekki muni koma mikið gott út af því, að fara allt of langt út í þessa sálma.

Benidikt Sveinsson: Eg vil leyfa mèr að setja eitt dæmi fyrir hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann. Ef hann sem læknir, er sóttur til manns, sem »phantaserar» eður talar af óviti, og getur því ekki skilið hann, já hvað gjörir hann þá? Þá horfir hann á hann og þreifar á honum að mig grunar, og verður yfir höfuð að tala, að leita til sinnar eigin þekkingar. Sama mun verða ofan á, ef sjúklingurinn talar einhverju því máli, sem laudlæknirinn ekki skilur. Frá líku sjónarmiði verðum vèr nú að skoða þetta mál, og þetta dæmi á einmitt við Íslendinga og ráðherrastjórnina dönsku, ef hún eigi skilur mál vort. Hún skilur ekki ásigkomulag vort og þarfir vorar, nema því að eins að hún þekki það, og eigi hún að gjöra það verður hún að minnsta kosti að skilja mál vort. Ef hún væri nær oss, þá væri öðru máli að gegna; þá gæti hún sèð með eigin augum ásigkomulag vort, og um leið kynnt sèr tungu vora. Það eru annars undarlegir þessir erfiðleikar með íslenzkuna, þegar menn gæta að því, að Danir og Íslendingar eru þó bræður; og danska og íslenzka systur. Þá vita menn og, að það eru flestir laglegir íslenzkir bændamenn, sem skilja vel dönsku, en að ráðherrann í Danmörku, sem hin islenzku mál liggja undir, og sem á að sjá hið rètta og ranga í þeim, skuli eiga að kunna íslenzku, það eiga að vera einhver ósköp, sem eigi má bera í munn sèr á þingi Íslendinga. Enginn getur þó ímyndað sèr, að Danir hafi eigi gáfur til að læra íslenzku; og þó það máske sè örðugra fyrir Dani að læra íslenzku, en fyrir Íslendinga að læra dönsku, þá held eg þó, að þessir menn, sem hèr ræðir um, *hljóti* eptir þeim grundvallarveglum, sem nú eru gildandi að læra íslenzku, svo þeir geti kynnt sèr íslenzk mál. Þetta vona eg að allir játi að sè sanngjarnt, því annars verða menn þá að játa, að ráðherrastjórnin dæmi um mál vor sem blindur maður um lit.

Konungsfulltrúi: Má eg ekki leyfa mèr að spyrja hinn hátt-

virta konungkjörna þingmann, hvort hann álíti það ekki nauðsynlegt, og í öllu falli sem nauðsynlega afleiðingu af því, sem hèr er farið fram á, að ráðgjafarnir verði reyndir í íslenzku, ef þeir hafa með íslenzk mál að sýsla. Eg er hræddur um, að ekki líði á löngu, áður en líka slíkri kröfu verði hreift hèr á þingi. Hinn konunglegi varaþingmaður sagði í ræðu sinni, að þar sem ráðherrarnir undirskrifuðu lagaboðin ásamt konungi, yrðu þeir því fremur að álítast að vera færir um og skyldir til að undirskrifa umboðsleg brèf, þó íslenzk væri. En eg finn ekkert nauðsynlegt samband milli þessa tvenns; lagaboðin eru fá, en umboðslegu brèfin og úrskurðir m. m. þar á móti mörg og margbrotin, og þó þekking á íslenzka málinu útheimtist til þess að geta skrifað undir íslenzk lagaboð, ef það á að vera í orðsins venjulega skilningi, þá er þó hægra, að komast niður í þeim fáu lagamálum, en öllum hinum.

Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sagði í ræðu sinni, að spurningin í þessu máli væri um það, hvort þingið vildi fylgja fram lögunum sem byggt væri eða þá það, hvernig þessum lögum væri fram fylgt af dönsku ráðherranum; eg má játa, að eg skildi þetta ekki fullkomlega, en líklega er það meiningin, að fyrst konungur skrifar undir lögin sem eru á íslenzku, þá eigi ráðherrarnir að fylgja sömu reglu, en þetta virðist mèr ekki verða heimtað, og að vísu er það hvergi lögboðið, og bæn þingsins um, að konungur skrifaði undir lögin fyrir Ísland, fór ekki með einu orði fram á slíkt, en hèlt sèr einungis við undirskript konungs undir lögin.

Benidikt Sveinsson: Eg kann nú hinum hæstvirta konungsfulltrúa miklar þakkir fyrir það, að hann svaraði sjálfur þeirri spurningu, sem hann bar upp fyrir sig í ræðu sinni, og sem mèr annars máske hefði verið örðugt og ofvaxið að svara. Það var langt frá að mèr dytti það í hug, að þingið gæti heimtað það af ráðgjöfunum, að þeir tæki próf í íslenzku rètt áður en þeir tæki við ráðherra-embætti sínu, enda verður slík hugsun hvergi leidd út úr orðum mínum, hitt væri annað mál sem *konungsfulltrúinn* þó, en eigi *eg* hefir bent á, að þeir sem ætluðu sèr seinna að fjatla um íslenzk mál sem ráðherrar, gjörðu það meðan þeir væru yngri, eður sem kandídatar, en frá hinu vildi eg ráða þinginu, því það væri sannarlega ósæmilegt, nema því að eins að konungsfulltrúi að minnsta kosti beinlínis vildi mæla með því í ræðu sinni. Hitt var meining mín, að vèr gætum treyst stjórninni svo vel, að hún af sjálfri sèr áliti það skyldu sína, að uppfylla þau skilyrði, sem henni

er eins kunnugt um eins og oss, að Íslendingum og henni sjálfri eru með öllu ómissandi. Viðvíkjandi því, að ráðherrarnir »contrasigneri« lögin, þá þykir mèr undarlegt, ef ekki einmitt það er vegur til þess, að þeir læri íslenzku því fremur; því að lesa sem mest og flest á íslenzku máli er það, sem hlýtur að lètta þeim námið á því. Eg er nú enginn málfræðingur, en það verð eg að segja, að örðugast fèll mèr að læra málið, meðan eg las lítið í því, en þar á mót greiddist það fyrir mèr, eptir því sem eg las meira.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að taka það fram, að mèr finnst, þegar eg lít á niðurlagsatriði nefndarinnar, að það sè 2 aðalatriði sem hún fer fram á. Annað atriðið er um rètt íslenzkrar tungu, en annað um rèttarsambandið milli íslenzkra og danskra manna til embætta. Hið fyrra er nú aðalatriðið, og er byggt á þeim grundvelli, sem konungur sjálfur hefir lagt, og þingið hefir að minni hyggju fulla ástæðu til að fara fram á, að byggt verði ofan á þeim grundvelli og rètti tungu vorrar ekki haggað. En einmitt í þessu atriði er hitt fólgið, að 2 æðstu embættin í íslenzku stjórnardeildinni sè annaðhvort skipuð íslenzkum mönnum, eða ef þau ei verði skipuð íslenzkum mönnum, að þau þá verði skipuð hæfilegum dönskum mönnum þ. e. þeim, sem málinu sèu vel vaxnir.

Páll Melsteð: Mèr finnst ekki þurfa að halda svo langar umræður um þetta mál, því þetta, sem umtalsefni er, er greinilega tekið fram í nefndarálitinu. Annars vil eg taka það fram, að mèr virðist hinn háttvirti konungsfulltrúi hafa komið fram í þessu máli öllu fremur sem fulltrúi ráðgjafanna en fulltrúi konungsins; eg segi þetta öldungis ekki af neinni þykkju til hins mikilsvirta konungsfulltrúa; honum er vorkunn, því að hann verður að synda milli skers og báru. En hvað mál þetta snertir, þá virðist mèr aðalatriðið vera það, að konungur hefir sjálfur lagt þann grundvöll, sem við erum að byggja á og eigum að byggja á; hann gefur lögin fyrir Ísland út á íslenzku, og hann hefir fyrr og síðar gefið úrskurði út sem sýna, að hann viðurkennir rètt íslenzkrar tungu. Það sem konungur viðurkennir og segir að skuli vera, því er mönnum skylt að fylgja; en ráðgjafarnir og sumir aðrir embættismenn niður frá þeim hafa viljað raska þessum grundvelli, sem konungur hefir lagt, og þeir segi eg að hafi verið of nærgöngulir rètti tungu vorrar. Það er skylda vor, að halda uppi rètti tungu vorrar, og vernda hann, þegar hann er aflaga borinn. Þegar talað er um rèttindi íslenzkrar tungu og eg á að tala máli þeirra, þá finnst mèr að eg sè barn

sem taki málstað móður minnar, og það slíkrar móður sem hún er, því að vor tunga hefir það ágæti við sig, að fáar tungur munu komast til jafns við hana. Þessu mega menn ekki gleyma, þeim grundvelli, sem konungur vor hefir sett fastan, sem er eðlilegur og rèttur, frá honum hefir verið vikið; á því þurfum við að fá leiðrèttingu. Eg vona að þingið í einu hljóði fallist á uppástungur nefndarinnar.

Stefán Jónson: Eg vildi nú feginn styrkja þetta mál, því mèr þykir mikilsvert, að það fengi framgang sem nefndarálitið fer fram á, og það held eg öllum landsmönnum og embættismönnum mætti þykja. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að þegar brèf kæmi til stiptamtsins á íslenzku, sem ætti að fara til stjórnarinnar, þá hefði stiptamtið látið snúa þeim á dönsku, og af því það er nú heimtað, að þau sè á dönsku, þá er það eðlilegt, að það hafi verið gjört. En þetta sannar ekki, að ei sè nauðsyn á að biðja um, að þetta sè aftekið; það væri einmitt verkalèttir fyrir stiptsyfirvöldin, að þurfa ekki að snúa brèfunum svo þeim mætti vera það jafnkært og öðrum, að þetta fengist. Eg held líka ekki að það sè þau vandkvæði í vegi, að þetta gæti ei komizt á, og er búið að færa full rök fyrir því. Eg vildi skjóta inn í 1. niðurlagsatriðið eptir orðið »brèfum« »og reikningum«; mèr þykir það greinilegra, en það raskar ekkert samanhenginu eða meiningunni. Eg veit til dæmis, að klaustrakirkna reikningar eru heimtaðir á dönsku, eins reikningar umboðsmanna; og það er þó þýðingarlítið því þeir eru mest í tölum, það er einungis manna og bæjanöfn og einstaka nöfn á ýmsum vörum, sem koma svo opt fyrir stjórnina, að hún líklega skilur þau, svo sem smjör, tólg o. s. frv.

Páll Melsteð: Eg hef ekki mikið á móti þessu, en þó þykir mèr það fremur spilla textanum, og vildi eg þá heldur hafa: »og öðrum brèfaviðskiptum«.

Stefán Jónsson: Eg er því heldur ekkert mótfallinn.

Pètur Pètursson: Eg fer ekki lengra út í það, hvort Íslendingar hafi rètt á því, að ráðherrastjórnin skilji íslenzku en af því eg er nokkuð efablandinn í, að þetta sè svo, þá óttast eg fyrir, að þó stjórnin gæfi kost á, að rita brèf til hennar á íslenzku, að það kynni að verða rekstri málanna til fyrirstöðu; því þó eg viti, að í stjórnardeildinni íslenzku sèu allt af einhverjir ágætir Íslendingar, þá er það þó eðlilegra, að ráðherrann skilji sjálfur málið, en að eiga það allt undir þeim. Eg vona, að menn skilji,

að eg er ekki móti því, að þetta sè sanngjarnt, sem hèr er beðið um, eg tala að eins um, hvort það mundi verða affarabetra fyrir afgreiðslu málanna. Hinu er eg alveg samþykkur, að engar brèfaskriptir hèr í landinu sè á dönsku. Þar á móti þykir mèr hæpið að biðja um það, sem farið er fram á í 2. niðurlagsatriðinu, að 2 æðstu embættin í íslenzku stjórnardeildinni verði allt af veitt íslenzkum mönnum. Þetta væri ágætt, ef því yrði við komið, en eg veit ekki, hvort það yrði mögulegt. Því mèr þykir líklegt, að þegar lagamenntunin fer að fást hèr í landinu sjálfu, fækki þeir allt af, sem sigli til háskólans til að nema lög, svo að kann ske enginn fengist þar. Það skyldi þá vera, að taka menn til þess hèðan, en eg veit ekki hvort menn vildu gefa sig til þess, þeir sem hefðu hèr góð embætti, því embætti »Comptoirchefsins« er þó vandasamt, og þeir væru óvanir við þess konar störf í fyrstu, svo eg efast um, að þeir vildu vinna það til. Það væri þá eðlilegra, að biðja um 1 íslenzkan ráðgjafa, heldur en hitt, að 2, 3 eða 4 menn í stjórnardeildinni sè íslenzkir, því það er komið undir kringumstæðunum í hvert skipti. Eg kann því betur við vara-atkvæðið. Því mèr finnst það eðlilegt, að »Contoirchefen«, ef hann er danskur, kunni íslenzku, og hafi gjört grein fyrir því, að hann kunni hana, áður en hann tekur við embættinu.

Helgi Hálfdánarson: Eg verð að biðja menn að misvirða ekki, þó það verði ekki á marga fiska, sem eg segi um þetta mál. Hèr er tvennt viðvíkjandi rètti íslenzkrar tungu, sem farið er fram á, 1. að íslenzka sè við höfð á öllum embættisbrèfum, bæði hèr á landi og þeim sem ganga milli stjórnarinnar og landsmanna, og 2, að 2 æðstu embættismennirnir í íslenzku stjórnardeildinni sèu íslenzkir. Viðvíkjandi 1. atriðinu er eg í engum vafa, og er eg því alveg samþykkur, því mèr finnst mikil þörf á því fyrir oss að geta snúið oss til konungs vors og stjórnar á móðurmáli voru. Um annað atriðið er eg aptur á móti í vafa, fyrst af því, að mèr finnst þar beðið um það, sem vèr að nokkru leyti höfum. Það er að vísu satt, að ekki nema annar hinna tveggja æðstu embættismanna í stjórnardeildinni er nú Íslendingur, en eg veit ekki með vissu, hvort að upphaflega hefir verið skýrt ákveðið, að þeir skyldu báðir vera Íslendingar, og mèr finnst, að þegar æðsti embættismaðurinn er íslenzkur þá sè næg trygging fengin fyrir því, að málin komist rètt útlögð til stjórnarinnar, einkum þar sem vèr vitum, að margir hinna lægri embættismanna í stjórnardeildinni eru líka ís-

lenzkir. En einkum er eg í efa um, hvort það, sem beðið er um í 2. og 3. tölul. sè á rèttum tíma upp borið, því nú er verið að biðja um stjórnarbót, og að stöðu Íslands í ríkinu verði breytt. Eg hef allt af ímyndað mèr, að stjórnardeildin íslenzka ætti að vera nokkurs konar bráðabyrgðar stjórnarbót fyrir Ísland, til þess, að bæta það upp, að sú stjórnarbót, sem Danmörk hefir fengið, er enn ekki komin hèr á. Og áður, þegar rætt hefir verið um stjórnarbót fyrir þetta land, hef eg haldið, að meiningin væri með fram sú, að biðja um íslenzkan ráðgjafa. Ef þetta nýja fyrirkomulag kæmist nú bráðum á, sem menn vona, og einkum ef íslenzkur ráðgjafi fengist, þá sýnist mèr það ekki eiga sem bezt við, að biðja um þetta nú, einkum þar sem það er ef til vill, óvíst, að stjórnardeildin með því fyrirkomulagi, sem nú er, eigi sèr langan aldur. Eg vona að eg fái vægan dóm, þó eg hreifi þessu, og þætti mèr gott að heyra álit þingmanna, og einkum hins háttvirta konungsfulltrúa um það, hvort ráðlegt sè að biðja nú um það, sem stendur undir 2. og 3. tölulið.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú einn af þeim, sem vil feginn gefa atkvæði með uppástungunni, og vil gjarna, að hún gæti fengið framgang, því eg verð að segja, að rètti íslenzkrar tungu er eigi fullnægt fyrr en þetta fær framgang; en eg vil þó jafnframt benda til þess, að mèr fmnst að vèr verðum að eiga þetta í sjó, þar til hin viðkomandi stjórnarbót kemur, og að vèr getum eigi ætlazt tii að fá það nú, en eg er því þó eigi mótfallinn, að þessi ósk komi fram nú þegar, því eg skil það sem eitt atriði í stjórnarbótinni. Eg vil taka það fram, sem eg byggi efa minn á, en það er stjórnarskipun vor, eins og hún nú er, og það sama held eg hafi vakað fyrir hinum hæstvirta konungsfulltrúa, þó mèr fyndist hann eigi taka það fram. Vèr vitum, að konungur er einvaldur hèr á landi, ráðgjafar hans hafa einungis ábyrgð fyrir honum, en enga lögábyrgð fyrir oss; af því leiðir, að ráðgjafarnir, þegar þeir skrifast á við oss, fara með mál vort eins og þeir vilja, en stjórnardeildin íslenzka er að eins nokkurs konar skrifstofa undir ráðherrastjórninni, sem heldur hefir enga lögábyrgð fyrir oss í því, á hvaða máli hún skrifar oss, og fylgir því einungis straumnum, eður gjörir það sem ráðgjafastjórnin leggur fyrir hana. Ráðgjafinn er að eins skyldur að leggja lagafrumvörpin fyrir konung á íslenzku til samþykktar, og að skrifa undir þau sjálfur, og í annan stað að leggja þau líka á íslenzku fram fyrir þingið. En af þessu leiðir eigi, að ráðgjafinn þurfi að

skrifa oss til um hin umboðslegu mál á íslenzkri tungu; í þeirri grein er nóg fyrir hann, að hann gjöri það á því máli sem konungur vill, því bann ber lögábyrgð fyrir honum einum. En þar af leiðir, að stjórnin getur eigi verið skuldbundin til að kunna íslenzku, nema konungur skipi henni það. Eg held á meðan stjórnin stendur eins og nú er, þá verði það eigi gjört að skilyrði fyrir ráðgjafana, að læra íslenzku, nè heldur fyrir »Chefen» í íslenzku stjórnardeildinni, að skrifa öll brèf sín á íslenzku. Annað mál er, þegar stjórnarbótin er komin á, og við höfum fengið íslenzkan ráðgjafa með fullri lögábyrgð, því þá kemur fyrst fyllilega fram rèttur íslenzkrar tungu, þegar ráðgjafinn hefir ábyrgð fyrir þjóðinni.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af áskorun hins heiðraða þingmanns Gullbringusýslu lýsa því yfir, að þar sem eg ekki get sagt neitt um, hvernig hinni tilkomandi og eptirþráðu stjórnarbót muni verða varið, þá finn eg eigi ástæðu til að hreifa neinni mótbáru frá þessari hlið. Að öðru leyti álít eg, að hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hafi farið svo ljósum orðum um málið, að hann hafi skýrt það til hlítar.

Benidikt Sveinsson: Það fór nú ekki eins fyrir mèr og hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að mèr fyndist þingmaður Borgfirðinga upplýsa málið til hlítar, miklu fremur virtist mèr ræða hans einmitt sýna málið, frá því sjónarmiði, að það væri mesta þörf á, að gjöra sèr vel grein fyrir því. Það er satt sem hann sagði, að það er sá aðalmunur á ráðgjafastjórninni, hvað Danmörk og hvað Ísland snertir, að hvaða mál sem hún fjatlar um hèr, þá er konungur hèr einvaldur, og það er líka satt, að af þessari ástæðu er ábyrgð ráðherranna minni og allt önnur gagnvart oss en gagnvart Dönum. Þetta þurfti hann ekki að útlista. En út af þessu get eg nú ekki leitt það, að ráðgjafinn *enga* ábyrgð hafi hvorki gagnvart konungi nè Íslandi, hvað umboðsleg mál snertir, enda sýndi þingmaður Borgfirðinga það að eins, að ráðgjafarnir hefðu ábyrgð fyrir konungi um lögin, en ekki það að hið gagnstæða gilti um umboðsleg mál; en var það þó ekki einmitt þessi mótsetning sem hann átti að sjá. Það er satt, að það liggur ekki beinlínis í lögunum að sama regla skuli gilda fyrir umboðsleg mál, að þau skuli vera á íslenzku máli, eins og um lögin, en það stendur heldur ekki, að hún *ekki* skuli gilda um þau. Og eg held, að það liggi miklu fremur í hlutarins eðli, að sá meiri rèttur, sem vèr höfum fengið um lögin, gefi einnig hinni minni rètt um umboðsleg mál; eg skoða nú reyndar ekki

svo stöðu mína bèr á þingi, að eg þurfi eður eigi að gjöra grein fyrir skoðun minni til hins ýtrasta, en eg vil þó ei segja, að stjórnin enga ábyrgð hafi gagnvart oss í umboðslegum málum. Þvert á móti held eg, að hún viðurkenni það, sem siðferðislega skyldu sína, að skilja það mál, sem við tölum, svo hún geti komið fyrir konung sinn og vorn sem gagnkunnug og þekkingarrík stjórn fyrir Íslendinga. Það er satt, að grundvallarlög vor gefa enga lagaheimtingu á þessu, en hèr er heldur ekki spursmálið um, að gjöra neina lagaskyldu gildandi, heldur um hitt, hvort þingið jafnvel stigi hálft hænufet fram yfir þann rètt, sem það hefir sem þing, og hvert það sè ei fullkomlega sæmilegt fyrir það, þó það *biðji hans hátign konunginn* að sjá um, að rèttur íslenzkrar tungu sè viðurkenndur eins í umboðslegum málum eins og hvað lögin snertir. Þingið iýsir þó auðsjáanlega alls eigi með þessari þegnlegu bæn neinni óánægju yfir þeim ráðgjöfum sem nú eru. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það líka fram, að þetta gæti eigi komið í bága við stjórnarbótina, og eg legg áherzlu á þessi orð hans. Vèr vonum að vísu eptir stjórnarbót, en sú von er svo löguð, að það geta liðið mörg ár þangað til hún rætist og stjórnarbótin er komin í kring. Ef menn því ekki gefa nefndaruppástungunum óþarflega mikla þýðingu, þá geta þær sannarlega aldrei riðið í neinn minnsta bága við stjórnarbótina.

Arnljótur Ólafsson: Eg er samdóma hinum háttvirta konungkjörna varaþingmanni, að þessi uppástunga sè sæmileg fyrir þingið. Eg álít, að sá rèttur, sem hèr er beðið um, sè eitt atriði í stjórnarbótinni, og það játaði hann líka, en hitt sagði eg, að menn gæti ei gjört sèr von um, að þetta fengist áður en stjórnarbótin kemst á. Að öðru leyti var ræða hans eigi á móti því, sem eg sagði, nema að því leyti, sem hann dró eina ályktun í þá átt, að þegar konungur væri búinn að gefa oss þann rètt, að lögin skuli vera gefin á íslenzku, þá sè eðlilegt, að hann veiti hið sama, hvað hin umboðslegu mál snertir. Þetta er eðlilegt í *sjálfu sèr;* en menn verða þó að gá að því, að öðruvísi er háttað hinum umboðslegu málum en lögunum, og það meðal annars í því, að brèf um landstjórnarmál ganga milli embættismanna stjórnarinnar, en lögin eru gefin öllum landslýð. Öll brèfaviðskipti um landstjórnarmál hafa og verið á dönsku, en undantekning hefir átt sèr stað með lögin áður en þessi hin siðasta gjöf konungs vors fèkkst. Menn geta jafnvel sagt, að lögin hafi alla tíð verið mestmegnis á

íslenzku. Fyrst voru þau birt á íslenzku af alþingi, og frá aldamótunum 1820 íslenzkuð af landsyfirrèttinum. Síðan 1831 hafa lögin komið út hingað á íslenzku, en hitt er satt, að fyrst nýlega er undirskriptin fengin. Þar af leiðir, að það er ekkert loforð konungsins fyrir því, að hann gangi lengra, þó það að hinu leytinu sè von, að vèr óskum, að hann gjöri svo.

Benidikt Sveinsson: Eg vil vekja athuga að því, að þar sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að það væri *eðlilegt* í sjálfu sèr, að bin sama regla gildi um hin umboðslegu mál, sem um lögin, og að það væri *von*, að vèr bæðum um það. Þá vil eg spyrja, hvort það sè eigi augljóst, að menn geti búizt við, að því, sem er eðlilegt í sjálfu sèr, og *von* að þing Íslendinga biðji um, því muni hans hátign konungur vor veita fljótar og náðugar undirtektir.

Arnljótur Ólafsson: Eg sagði reyndar, að það væri eðlilegt, en eg vonaði, að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður skoðaði þetta mál í sambandi við ráðgjafastjórnina eins og eg áður tók fram.

Jón Sigurðsson: Þetta mál mun nú að vísu ekki vera bændameðfæri, og fremur hlýða, að hinir lærðu tali um það, en það er þó ei svo að skilja, að við bændur höfum ekki eins mikla virðingu á tungu okkar eins og hinir lærðu menn, og við höfum sannarlega ekki minni tilfinningu en aðrir fyrir því, að tunga vor sè í heiðri höfð. Bæði mèr og öðrum svíður það, þegar brèf um efni, sem áhræra hinn lægsta flokk manna hèr á landi, ganga svo að segja daglega á dönsku gegnum alla liði valdstjórnarinnar. En þetta hefir þó eins verið síðan konungsúrskurðirnir frá 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 komu út; það er kannske of mikið að segja, að það hafi verið daglega, en það hefir þó verið allt of opt, að amtmennirnir hafa sent sýslumönnunum úrskurði stjórnarinnar í fátækramálum á dönsku, þeir aptur hreppstjórunum líka á dönsku, og þá er undir hælinn lagt, hvort þeir, hreppstjórarnir, skilji rètt innihald úrskurðanna, eða geti útlistað þá rèttilega fyrir hreppsbúum og öðrum hlutaðeigendum. Mèr sýnist þetta í raun og veru vera að gjöra úrskurðina sem áður var til vitnað alveg þýðingarlausa. Og sè það nauðsynlegt, að sýslumennirnir sè svo vel að sèr í málinu, að þeir bæði geti skilið og talað það, þá held eg þetta gildi allt eins mikið eða meir um þá, sem enn ofar standa. Eg er því alveg með 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að öll brèfagjörð milli landsmanna og stjórnarinnar sè á íslenzku máli, en þar

af finnst mèr leiða, að eg hljóti að fallast á hin niðurlagsatriðin, því eg skil ekki, hvernig við getum vænzt að fá þetta fram, að öll brèf milli landsmanna og stjórnarinnar sè á íslenzku, nema að í stjórnardeildinni íslenzku sè íslenzkir menn. Hitt álít eg nokkuð vandameira, að fara út í það að sinni, hvað mikla ábyrgð ráðgjafarnir eiga að hafa, af því að þeir ekki kunna íslenzku. En ekki get eg álitið það neina ókurteisi af þinginu, að fara fram á það við konung vorn, að hann allramildilegast sjái því borgið, að tunga vor njóti alls fullrèttis í þessu efni.

Jón Iljaltalín: Það er nú hèr einn hnútur, sem eg verð að biðja þingið að leysa úr. Það er sagt í 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að öll embættisbrèf skuli vera á íslenzku, eigi að eins þau, sem ganga milli embættismanna á Íslandi sjálfu, heldur og öll brèf til stjórnarinnar. Hefir nú nefndin einnig meint, að allar skýrslur embættismanna til stjórnarinnar ætti að vera á íslenzku? Því ef það er meiningin, þá held eg að bæði eg og aðrir embættisbræður mínir komist í vandræði, er þeir eiga að skrifa allar skýrslur sínar á góðri íslenzku. Eg held, að vèr yrðum þá að hafa nýja orðabók og hana góða yfir öll hin sèrstaklegu orð læknisfræðinnar, sem eru tekin bæði úr latínu, grísku, frakknesku, og sameiginlega eru höfð í hverri skýrslu og hverri bók sem menn rita um læknisfræðisleg efni. Eg vil eigi taka að mèr að mynda ný orð yfir allt þetta. Eg veit eigi, hvernig á að nefna allt sem fyrir kemur í hinum svokölluðu visis repertis (læknisvottorðum) á íslenzkri tungu, og eg er eigi viss um að eg gæti gjört það svo skiljanlegt væri á vorri tungu. Eins er eg nú hræddur um, að oss læknum mundi örðugt veita, að gefa skýrslur vorar á íslenzkri tungu og eg hygg að öðrum embættismönnum mundi og líka opt verða það örðugt. Þess vil eg því óska og biðja, að enginn ætli að þetta sè af þeim rökum mælt, að eg virði lítils tungu feðra vorra, því að sú er ætlun mín, að hún sè ein hin fegursta tunga þegar um sögumál á að rita. En svo eru nú vísindin orðin skrefadrjúg, að þau eru komin all-langt á undan tungumálunum; fyrir því hafa ýmsar greinir vísindanna neyðzt til að smíða sèr einkennisorð og hlutaheiti, þau er áður eigi tíðkuðust, svo sem bezt mátti verða, hafa nú þessi orð unnið borgarrètt og helgi hjá hverri tungu, sem er, þegar um vísindi er að ræða. Ef menn nú væri skyldir til að rita þessi efni á íslenzka tungu þyrfti jafnmörg ný orð að smíða og nú eru í hinni íslenzku orðabók. En á þessu mundu vandkæði mikil.

Í erindisbrèfum lækna hèr á landi er þeim gjört að skyldu að senda stjórninni skýrslur sínar á danskri tungu. Læknar gefa opt »vísa reperta» (læknisvottorð), er stundum koma til hæstarèttar, og væri það þá eigi all-lítill bagi, ef enginn skyldi þau þar. Væri mèr nú kært að heyra, hver væri úrræði og tilætlun nefndarinnar í þessu efni.

Páll Melsteð: Eg vildi leyfa mèr þá athugasemd, að hèr er talað um, að einungis þau brèf, sem ganga eigi til stjórnarinnar skuli vera á íslenzku; en hinn 5. konungkjörni þingmaður þarf ekki að rita skýrslur sínar til heilbrigðisráðsins á íslenzku fremur en hann vill sjálfur.

Jón Pètursson: Mèr finnast nú allar ræður þingmanna lúta að því, að ef þau málefni, sem fara milli Íslands og stjórnarinnar, ætti að vera á íslenzku, þá útheimtist, að Íslendingar hefði íslenzkan ráðgjafa í Danmörku. En vér höfum ekki fengið hann enn. Það getur nú verið það sè siðferðisleg skylda ráðherranna, að skilja þau mál, sem til stjórnarinnar koma, og á íslenzku eru. Eg vil ekki mótmæla því; en vèr getum eigi enn sem komið er heimtað það af þeim sem lagaskyldu. Sökum þessa og þar eð mèr sýnist það eðlilegt, að hver maður vilji láta bæn sína koma óbreytta fyrir stjórnina, sem þess er megnugur, vildi eg gjöra það breytingaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar.

»að hèðan af sè íslenzk tunga við höfð á embættisbrefum á Íslandi; en er menn á Íslandi rita hans hátign konunginum eður stjórn hans í Danmörku, megi þeir gjöra það, hvort heldur þeir vilja á íslenzkri eður danskri tungu«.

Helgi Hálfdánarson: Mèr fannst hinn hæstvirti konungsfulltrúi skilja svo orð mín áðan, sem eg væri að leita upplýsinga hjá honum um fyrirkomulagið á hinni væntanlegu stjórnarbót. En það var ekki, heldur vildi eg að eins heyra álit hans og þingmanna um það, hvort þetta, sem stendur í 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar, væri á rèttum tíma upp borið, ef stjórnarbótin væri í nánd, og fyrirkomulag stjórnardeildarinnar fyrir þá sök kynni að breytast, eður hún jafnvel falla burt með öllu.

H. G. Thordersen: Mèr líkar nú vel breytingaratkvæði það, sem hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður bar upp, því það var að mèr komið að spyrja að því, hvort meiningin væri sú í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, að öllum mönnum væri bannað að koma með brèf á dönsku til stjórnarinnar; eg tek til dæmis, ef einhver

maðnr, sem væri vel að sèr í dönsku, og sendi stiptsyfirvöldunnm brèf á því máli, sem ætti að ganga til stjórnarinnar, ætti þá að senda honum það til baka, þó málið væri óaðfinnanlegt, og biðja hann að skrifa það á íslenzku? Eða eg vildi spyrja, hvort stiptsyfirvöldunum væri með þessu bannað að skrifa stjórninni nema á íslenzku. Það er auðvitað, að þetta væri miklu hægra fyrir stiptsyfirvöldin; eg get reyndar sagt fyrir mig, að eg er nú farinn að stirðna svo í dönskunni, að mèr væri hægra að skrifa á íslenzku. En mèr finnst þetta þó nokkuð íhugavert eptir því sem nú stendur á, því vèr getum eigi ætlazt til þess af Dönum, að þeir almennt skilji íslenzka tungu; eg get ímyndað mèr, að stjórnin tæki það, sem einhvern stirðleika af vorri hendi, ef vèr færum því fram, að *þeim* væri bannað að skrifa henni á dönsku, sem kysi það heldur, hún gæti tekið það svo sem við værum að stríða henni. En hitt finnst mèr móti mannlegum rèttindum að skuldbinda nokkurn mann til að skrifa á því máli, sem hann skilur ekki, eins og eg ætla hver og einn eigi rètt á því, að rita á því máli, sem hann er vel fær um og honum þykir bezt vjð eiga.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi nú minnast á fátt eitt, sem enn er eptir ósvarað þeim, sem mælt hafa á móti þessu. Mèr finnst nú að skylt sè, að bændur taki þátt í þessum umræðum, því að gangi þetta mál nokkrum nærri, þá er það þeim, sem ólærðir eru. Það er þýðingarmikið fyrir bændur, sem eigi skilja nema móðurmál sitt, en þyrftu að senda bónarbrèf til konungs, að engi efi sè á því, að mál þeirra fari með svo góðri og glöggri útleggingu til stjórnarinnar, að engi skekkja komi á orð og anda bæna þeirra í meðferðinni. En eg er nú hræddur um, að opt og tíðum sè eigi full trygging fyrir þessu, þegar málið fer fyrst á íslenzku frá bændunum til sýslumanns eða amtmanns, og þaðan á dönsku til stjórnarinnar, og því næst frá stjórninni aptur til yfirvaldanna á dönsku, og frá þeim til hlutaðeiganda á sama máli. Eg held að dæmin sè til þess, að opt geti svo farið á þessum rekstri, að hallst rèttur hlutaðeiganda. Af þessum rökum eru nú einmitt umkvartanir sprottnar, að menn hafa orðið varir við, að þetta hefir átt sèr stað. Það hefir nú verið komið við smá dæmi upp á þetta. Þingmaður Suður-Þingeyinga kom með nokkur dæmi bæði af sveitamála-úrskurði og fleiru; mèr eru nú eigi ókunnug fleiri þess konar dæmi, en eg þarf ekki að koma með þau hèr. Þingmaður Norðurþingeyinga hreifði því, að ef þessu hèldi áfram í sömu stefnu,

þá gæti svo farið, að danskan dæmist líka inn í kirkjuna, og eg veit nú ekki hvort það er svo mikið sagt, því að eg man eptir því, að prófastur las einu sinni upp veitingarbrèf á dönsku á prèdikunarstólnum (ætli að stiptsyfirvöldin hefði eigi getað skrifað það á íslenzku?) og fólkið fór flest út úr kirkjunni, því það skildi ekki, hvað verið var að fara með, og lá við að yrði hneyksli úr. Það var ekki mikið skipt sèr af því í Danmörku, þótt þýzkan krefði rèttar síns í hertogadæmunum, og var hún höfð að leikfangi einu og þótti fremd að henni jafnvel við hirðina. En það fór þó svo, að þýzkan dró af gamanið, svo að Kristján konungur áttundi neyddist til að gefa þann úrskurð, að þar sem prèdikað væri á dönsku, þar skyldi stjórnarmálið og vera hið sama og sama rètt hafði þýzkan að sínu leyti. Eg vil nú biðja menn að gá að, hvað af því kann að leiða, ef öfug stefna er tekin í þessu umrædda máli hjá okkur. Nú skyldu þessi útlendu fiskifèlög Frakka fara að smeygja smátt og smátt hèr inn höfðinu, þá held eg að ekki væri gott að allt væri komið á rugling með mál vort, og embættisfærslu, og stjórnarráðstafanir á því máli sem alþýða skyldi ekki, því ekki er að vita hvar staðar nemur, þegar fullt er orðið af dönskum embættismönnum, sem ekki kunna málið; eg held því, að það geti orðið næsta viðsjált að gefa dönskunni svona mikinn taum. Konungsfulltrúi sagði, að ómögulegt væri að það kæmist á, að brèf yrði send á íslenzku til stjórnarinnar. Það getur nú satt verið, eins og nú stendur, en eg held, að ekki sè svo gott að sjá það svona í augnablikinu. Það var sagt líka áður, að konungur mundi aldrei skrifa undir lögin, ef þau væru á íslenzku, en hvað er nú orðið? Það var líka sagt hèr einu sinni, að þingsalurinn mundi aldrei verða opinn, en það var ekki svo langt frá því, þangað til að hann var opnaður. Mèr þykir það merkilegt, þegar skynsamir menn eru að telja og telja vandkvæði fram í ókomna tímann, sem þeir engan veginn geta sèð fyrir, þar sem þeir þó sjá, að margt þessu líkt hefir fengið góðan framgang. Þegar að konungur vor gefur oss lögin á íslenzku þá virðist mèr og, að hin umboðslega stjórn ætti að rita á íslenzku, svo að lögunum sè framfylgt í sama anda og með sama móti og þau eru gefin; því hvaða gagn er að lögunum, þegar þeim er ekki framfylgt? Hvað mundu hegningarlögin duga móti glæpamönnum, ef þau væri aldrei framkvæmd? Þessu vil eg biðja menn að gá vel að. Og mig furðaði sannarlega á því, að þingmaður Borgfirðinga, sem þó er þjóðhollur maður og auk þess mál-

fræðingur, sýndist að vera kominn upp í konungsfulltrúastólinn til aðstoðar konungsfulltrúa að forsvara ráðgjafana. Það þykir nú jafnan líflegt orðið spilið, þegar 2 eru orðnir tígulkongarnir; en mèr fannst nú spilið ekki ætla að verða svo líflegt, þegar þjóðkjörinn maður var orðinn hèr önnur hönd ráðgjafanna, og vildi jafnvel bera brigður á rèttindi hinna íslenzku laga, að þeim yrði stjórnað og framfylgt á íslenzku. Eg skal nú svara hinum 5. konungkjörna fáu, því að hann var venju fremur stilltur núna. Þar sem hann talaði um læknaskýrslur, þá er hèr ekki verið að tala um skýrslur, sem hann sendir heilbrigðisráðinu; það er annað en til stjórnarinnar í gegnum amtmennina. Mig minnir nú eigi betur, en hann vildi láta sem minnst ganga frá læknum til amtmanna, og þætti honum þá kannske nógu gott, að það sem færi þeirra á milli væri á íslenzku. Hinu skiptir þingið sèr ekkert af; það mega menn skrifa á hverja tungu, er menn helzt vilja, eins og menn mega skrifa á milli sín hèr á landi privatbrèf, þó þau væri á kínversku, eða hvaða máli sem væri. Eg vona nú, að hann með atkvæði sínu spilli ekki fyrir þessu máli, sem þingið hefir sèð svo heillavænlegan ávöxt af, hvað konunginn snertir, sem hefir allt gjört til að sínn leyti, að rètti tungu vorrar sè ekki hallað, einungis að því verði framfylgt í hina sömu stefnu, sem hann hefir fyrirskipað, að því skyldi framfylgja. Eg er nú ekki svo heimtufrekur, að eg segi að þetta skuli verða í dag eða á morgun. Þar sem talað er um, hvort stiptsyfirvöldin megi ekki eður einstakir menn megi ekki skrifa Dönum til á danska tungu, þá held eg, að enginn vilji banna það, því það meiðir engan veginn þjóðernistilfinningu Íslendinga nè skaðar mál alþýðu. Annað mál er þegar bóndi skrifar yfirvöldunum og biður þau að koma bænarbrèfum sínum til stjórnarinnar, en þegar þau skrifa frá sjálfum sèr. Kristján konungur 8. lýsti því yfir, að hann vildi að öll stjórnarmál færi fram sem ljósast. En með hverju verður þetta hetur en að hver skilji annan. En ætli að það verði eigi einhver sundrung úr því, þegar engi skilur annan, ætli að verði ekki eitthvert Babels hrun úr því? Hvernig fara nú dönsku ráðgjafarnir með vald sitt yfir landinu, þegar úrskurðir þeirra koma hver ofan í annan? Af hverju ætli þetta sè nema af því, að menn skilja ei hver annan?

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu kvartaði yfir því, að eg hefði eigi svarað spurningu hans, hvort þetta mál væri eigi of snemma upp borið, af því stjórnarbótin væri í nánd,

en eg svaraði því, að af því eg eigi þekkti hvernig hún yrði, þá fyndi eg ekki ástæðu til neinnar mótbáru frá þessari hlið enda mundi lítill árangur hafa af því orðið.

Jón Pálmason: Eg stend nú einungis upp til að láta í ljósi, að eg er máli þessu meðmæltur nú eins og við inngangsumræðuna, því eg verð að álíta, að þingmönnum megi ekki liggja í lèttu rúmi hvert útfall það fær, heldur vonaði eg eptir að flestir styddu það, því þetta er málefni það, sem alla snertir, og varðar miklu. En þar sem þingmaður Gullbringusýslu fór nokkrum orðum um, að þetta mundi vera varúðarvert og að hann hèldi, að það væri ofsnemma upp borið, og betra væri að fresta þessu fyrst um sinn, þá get eg nú ekki verið því meðmæltur, því eg held að þingið og þjóðin hafi fullkomna ástæðu til að halda uppi rètti móðurmáls síns. Eg get heldur ekki annað ímyndað mèr en konungurinn taki bænum alþingis vel í þessu tilliti, eins og varð á endanum með undirskript hans á íslenzkunni á lagaboðunum; því verð eg einn í þeirra flokki, sem mæla mikið með að flýta málinu; einkum af því að mèr sýnist það næsta óviðurkvæmilegt, þegar brèf embættismanna koma til bænda á dönsku, sem þeir margir ekki skilja, en er þó upplýst af ræðum þingmanna, að hafi þó nokkrum sinnum átt sèr stað. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en að eins geta þess að eg mun gefa atkvæði mitt fyrir niðurlagsatriðum nefndarinnar.

Pètur Pètursson: Eg er þó hræddur um, að 2. og 3. tölul. kunni að reka sig á stjórnarbótina; því að með þessu er gjört ráð fyrir, að íslenzka stjórnardeildin standi með sama fyrirkomulagi og hún er nú í, en það getur vel borið að, að það verði allt annað. Eg veit þá, að nefndin segir, það er þá engu spillt þó vèr biðjum um þetta. En ef þingið í heild sinni biður um þetta, þá sýnist mèr það gjöra ráð fyrir, að stjórnardeildin haldist. En eg held, að það sè alveg eigi í tíma upp borið, því að enn er óvíst, hvernig stjórnarbótarlögin verða. Ef sú yrði niðurstaðan, að stjórnardeildin hèldist, þá er rètt að biðja um þetta, en fyrri ekki.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð nú að láta í ljósi meðmæli mín með 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að íslenzka sè viðhöfð á öllum embættisbrèfum bæði innan lands, og þeim sem fara milli íslenzkra embættismanna og hinnar íslenzku stjórnardeildar; og ef nú stjórnin veitir samþykki sitt til þess, þá leiðir þar af beinlínis það sem beðið er um í tölulið 2. Því ef öllum íslenzkum em-

bættismönnum hèr er gjört að skyldu að skrifa á íslenzku brèf þau, sem ganga eiga til íslenzku stjórnarinnar þá leiðir þar af, að íslenzka stjórnardeildin verður að hafa þá menn sem til hlítar skilji íslenzku, og geti svarað íslenzkum brèfum á sama máli. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði nú að vísu, að þessar íslenzku brèfaskriptir mundu standa fyrir afgreiðslu hinna íslenzku mála, og er eg honum samdóma í að svo kynni að verða fyrst í stað. En þegar þetta væri orðið að lögum og venju, þá mundi það verða tilknýjandi hvöt fyrir hina íslenzku stjórnardeild að útvega sèr sem fullkomnasta þekkingu í íslenzkri tungu, og þannig mundi með tímanum hverfa þeir erfiðleikar í afgreiðslu málanna, sem íslenzkan fyrst hafði í för með sèr. Þingmaður Gullbringusýslu tók það fram, að hafa yrði tillit til þess, að stjórnarbótin væri þegar í nánd og væri þessu því eigi farandi á flot að svo komnu; líka gæti svo farið, að hin núverandi íslenzka stjórnardeild yrði aftekin; en til þessa má svara því, að óvíst er hvenær þessi stjórnarbót kemur, og þó svo væri að hún kæmi bráðlega þá gæti þetta ekki spillt fyrir, heldur gæti það verið góður undirbúningur undir hana, að fyrirkomulagið á þessu væri komið í eitthvert betra eða þjóðlegra horf en nú er. Hinn 5. konungkjörni þingmaður minntist á, að honum þætti óeðlilegt og ófært að skrifa læknaskýrslur á íslenzku, af því það væri ómögulegt, að íslenzka öll þau nöfn sem þar koma fyrir, og það játa eg satt að vera, en hann getur eigi heldur þó hann vildi gjört það á dönsku, því að læknisfræðin hefir fjölda þeirra orða, sem hvorki eru dönsk nè íslenzk, og sem einungis eiga heima í læknisfræðinni, og sem því allir þeir er um slíkt skrifa verða að hafa sameiginlega.

Gísli Brynjúlfsson (fylgiskjal)[1].

Framsögumaður: Það kann nú margur að segja með hinum 3 konungkjörna þingmanni, að þegar ný stjórnarskipun kemst á, þá geti hún orðið með því fyrirkomulagi, að það verði ekki þörf á íslenzku stjórnardeildinni; en vèr göngum hèr út frá því, sem er, enn ekki hinu sem verða kann; íslenzka stjórnardeildin er til, og er að vísu næsta nauðsynleg eins og nú stendur; en ef einhver áliti henni ofaukið, eins og hinn háttvirti þingmaður gaf í skyn að

1) Í þingbókarhandritinu er hèr settur Gísli Brynjúlfsson sem talandi, en bæði hefir hann fortekið það við varaforseta, að hann hafi talað á þingi í þessu máli, enda finnst hvergi, að þingmenn hafi skýrskotað til þessarar ræðu hans; — þess vegna er honum hèr sleppt.

verða mundi, já, þá er bezt að gjöra breytingaratkvæði og afbiðja bana. En við verðum nú að byggja á því sem er, eins og vanalegt er, og vèr höfum íslenzka stjórnardeild, og þurfum hennar eins og nú stendur. Árið 1848 gaf konungar oss von um stjórnarbót, og einmitt sama árið stofnaði hann hina íslenzku stjórnardeild, og veitt æðstu embætti hennar 2 íslenzkum mönnum. Þingið verður að gæta að því, að hèr er fastur grundvöllur að byggja á, grundvöllur, sem sjálfur konungurinn hefir lagt. Eg held það sè nokkurn veginn auðsèð, hvernig þessi úrskurður frá 1854 um dönsku brèfin er til kominn; er ekki auðsætt, að hann er sprottinn af hugþótta og gjörræði hins danska ráðherra, sem hafði misst sjónar á og viljað smám saman draga úr og gjöra þýðingarlausa þá yfirlýsingu og fyrirskipun konungsins sjálfs, er hann skipaði embætti deildarinnar íslenzkum mönnum? En þetta hafði ráðherrastjórnin að engu og setti hvern danskan manninn á fætur öðrum í annað það embætti þegar losnaði. Ætli ekki úrskurðnr þessi af 1854 sè svona til kominn, að önnur afbrigðin frá skýlausum vilja konungs hafi sótt hin heim; fyrst var út af brugðið og skýlausum rètti vorum hallað með því, að veita *dönskum* manni það embættið í stjórnardeildinni, sem mest afgreiðslan hvílir á, en svo, af því sá maður skildi ekkert orð í íslenzku, þá hafi það verið tekið til ráðs, að skipa að rita allt hèðan á dönsku. Það er nú búið að svara ræðu þingmanns Borgfirðinga, hinn konungkjörni varaþingmaður gjörði það; þingmaður Borgfirðinga vildi sem sè vefengja það, af mikilli speki sinni og rótgrónu föðurlandsást, að lagaskylda hvíldi á ráðherrunum til að skilja íslenzkuna og svara brèfum á íslenzku, en það er nú búið að reka þetta ofan í þingmanninn, og eg skal að eins bæta því við, að það var aumt að heyra hvað þingmanni Borgfirðinga gat tekizt slysalega að aðstoða konungsfulltrúa. Hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni þótti það hart fyrir sig og aðra embættisbræður sína að mega ekki skrifa »visa reperta« nema á íslenzku. Eg hef nú sèð mörg »visa reperta« á íslenzku, og hafa þau verið tekin gild við dómstólana. Íslenzkan getur ekki verið til fyrstöðu hinum viðteknu vísindalegu orðatiltækjum í læknisfræðinni, því þau orðatiltæki helgar sèr ekki neitt málið fremur en annað; eg hef líka sèð þessleiðis vísindaleg einkunnarorð sett í milli sviga, hvort heldur í íslenzkum eða dönskum álitsskjölum frá læknum. Þingmennirnir úr Vestmanneyjum og Strandasýslu hafi nú annars tekið þetta fram, svo eg þarf ekki að fara lengra út í það. Hið annað og 3. niður-

lagsatriði nefndarinnar eru sjálfsögð nauðsynjaskilyrði fyrir því, að hið fyrsta niðurlagsatriði fái framgang og fulla þýðingu, nefnilega, að horfið sè aptur til þeirrar grundvallarreglu, sem konungur setti sjálfur þegar hann stofnaði íslenzku stjórnardeildina, og að þeirri grundvallarreglu sè fast haldið í allri stefnu og öllum efnum embættisafgreiðslunnar eigi síður en í því, er áhrærir lögin og alla lagasetning þessa lands; *þetta* er fastur grundvöllur, sem óhætt er að byggja á, og það eina úrræði sem er kostur á til þess að öll lagasetning vor haldi út á íslenzku, og til þess að öll afgreiðsla hinna umboðslegu mála fari fram og sè rituð á íslenzka tungu.

Pètur Pètursson: Eg vona, að enginn hafi misskilið mig svo, að eg vildi missa af íslenzku stjórnardeildinni, því mèr þykir vænt um hana; það lá ekki í orðum mínum og var ekki mín meining. En en eg hèlt að þingið kynni að taka fram fyrir hendurnar á stjórnarbótarmálinu.

Framsögumaður: Eg held stjórnardeildin verði ekki fastari fyrir með íslenzkum embættismönnum heldur en dönskum, ef hin nýja stjórnarbreyting hèr á landi leiddi það með sèr hvort eð væri, að stjórnardeildin yrði óþörf.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls þá er þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá samkvæmt dagsskránni einnig til undirbúningsumræðu hjúalagamálið; framsögumaður, er hinn háttvirti varaforseti.

Síðan var nefndarálitið afhent framsögumanni og las hann það upp svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 328.

Síðan las hinn konungkjörni varþingmaður upp ágreiningsatkvæði sitt í málinu svolátandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 336.

Forseti: Eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr hið konunglega frumvarp, og einnig prentuð niðurlagsatriði meiri og minni hlutans. Svo skal eg geta þess, að hinn 5. konungkjörni þingmaður gekk af þingi af því hans var vitjað til sjúklings, og hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga gekk einnig af fundi sökum þinganna.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Það er nú fyrst að þakka hinum háttvirta minna hluta nefndarinnar fyrir þá hjálp er hann veitti mèr í því, að lesa upp þetta langa ágreiningsatkvæði, og skal eg svo leyfa mèr að fara fáeinum orðum um þenna ágrein-

ing. Eg segi fáeinum orðum, því hèr liggja fyrir ef eg mætti svo að orði kveða, tvær biflíur, þar sem eru álitsskjöl meiri og minni hlutans, þó að hvort sè í móti öðru, en hvor sú biflían ætti að forsvara sig sjálf án þess það kostaði langar umræður. Eg játa það, að minni hlutinn hefir mikið að byggja á, þar sem eru ástæður og atkvæði alþingis 1861, en eg treysti svo vel skynsemi þingsins, að það hiki við að fella þetta frumvarp stjórnarinnar með verulega þeim lögunum og breytingum, sem hún hefir á því gjört, einmitt samkvæmt tillögum hins síðasta alþingis, og eg sè ekki betur en að stjórnin hafi fært gildar ástæður fyrir því, sem hún hefir látið óbreytt í þessu frumvarpi sínu eða í móti þeim uppástungum þingsins frá í hitt eð fyrra sem hún ekki hefir getað aðhyllzt nema að eins fyrir 1. og 2. grein, og því eru þessar 2 greinir hið *verulega* umtalsefni, og mèr þætti það illa til takast, ef þingið vildi ofurselja þau tvö atriði, fyrir það að berja nú fram, þau hin önnur mikla óverulegri atriði, sem stjórnin ekki hefir getað aðhyllzt, og mèr þætti illt, ef það liti svo út, sem þetta væri gjört að kappsmáli. Eg vil einkanlega vekja athygli þingsins á því, sem meiri og minni hlutann sèr í lagi greinir á um, semsè í 2. gr. einkum með tilliti til lausamanna. Það er þýðingarlaust, þó farið væri nú með þessari 2. gr. minni hlutans að hleypa inn rèttarvegi, sem enginn þekkir; það er enginn hèr á landi, sem skilur *vistarráð* um skemmri tíma en 12 mánuði, það sem skemmra er, heyrir undir vinnusamninga. Það eru t. d. ekki kölluð vistarráð, þótt maður sè ráðinn hjá sama manni til að róa hjá honum allar vertíðir, eður til sumarvinnu, það heitir ekki að ráða í vist, heldur í vinnu. Eg vil því ekki hleypa þessari ákvörðun inn, þvert á móti allri rèttarmeðvitund og rèttarvenju vorri, því hún er ekki að eins óþörf og þýðingarlaus, heldur er hún líka viðsjál og skaðleg í tilliti til hinna nýju laga um lausamenn. Ef til dæmis lögreglustjórnin færi að rannsaka, hvort ekki væri einhverjir lausamenn á ólöglegan hátt, og nú svo væri, þá gætu þeir eptir þessari uppástungu minni hlutans í 2. gr. farið til einhvers bónda og sagt, má eg ekki vera í vist hjá þèr mánaðartíma, og svo er lausamaðurinn sloppinn fyrir valdstjórninni.

Þar næst vil eg fara fáeinum orðum um það sem minni hlutinn fer fram á í 19. grein. Hann sagði að meiri hlutinn, sem hèldi fram 16 ára aldrinum eins og minni hlutinn í fyrstu grein, kæmi í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann leyfði húsaga yfir 18 vetra drengjum. En það er sitt hvað, þó baldinn, frískur strákur

megi eiga þau ráð á persónu sinni að vista sig, þegar hann er orðinn fullra 16 ára, eða hann ekki skuli jafnframt skyldur að standa undir húsaga, þangað til hann er orðinn 18 vetra; en um þetta atriði skal eg þó bera mig saman við meðnefndarmenn mína. Eg skal svo ekki orðlengja meira að sinni, það mundi tefja ofmjög fyrir, að fara að tala um ástæðurnar fyrir minni hlutanum stjórnarfrumvarpinu og meiri hlutanum. Þingmenn þekkja þær og geta yfirvegað þær sjálfir. Og eg held líka, að menn ekki bæti sig mikið á hvorugu, með löngum umræðum.

Konungsfulltrúi: Stjórnin hefir nú eins og frumvarp það, sem hèr liggur fyrir ber með sèr, að nýju sent þinginu frumvarp í hjúalögunum, til þess að fá um það, eins og það nú er gjört úr garði, álit þingsins. Nefndin í málinu hefir nú skipzt í 2 sveitir; meiri hlutinn hefir aðhyllzt frumvarpið með litlum breytingum, en minni hlutinn hefir þar á móti ekki getað aðhyllzt frumvarpið, nema með verulegum breytingum, eða með öðrum orðum, hann hefir haldið fram frumvarpinu, eins og það kom frá hinu fyrra þingi til stjórnarinnar. Eg verð nú að lýsa því áliti mínu yfir, að ef þingið ekki getur aðhyllzt frumvarp stjórnarinnar eins og það nú liggur fyrir í öllu verulegu, þá er eg hræddur um að stjórnin finni ástæðu til, að láta málið falla, eða þá til þess, að skjóta því á frest um óvissan tíma, og þá missir landið af þessum lögum að svo komnu, og væru það, þar sem þessara laga þykir brýn þörf, að visu síður en ekki æskileg úrslit; eg vil því biðja þingið vel að athuga, hvort þetta ekki sè mikill ábyrgðarhluti, og það því fremur, sem meiri hlutinn hefir lýst því yfir, að frumvarp stjórnarinnar, eins og það nú væri úr garði gjört, væri yfirhöfuð að tala vel hugsað í tilliti til sèrstakra þarfa og rèttarvenju þessa lands, og ásigkomulags þess, og vandað eins og bezt megi verða, að allri niðurskipun og frágangi.

Að því er snertir þær einstöku breytingar, sem meiri hlutinn hefir stuugið upp á, er hin helzta um 16 ára aldurinn, og verð eg þá að skýrskota til ástæðnanna fyrir stjórnarfrumvarpinu, því eg verð að álíta þær bæði fullnægjandi og sannfærandi, og eg hefi engu við þær að bæta, en skal einungis leyfa mèr að taka það fram, að þegar meiri hlutinn heldur fram 16 ára aldrinum, kemur hjá honum fram ósamkvæmni, að því leyti § 19 snertir, því að aldurstakmarkið í þeim § ætti þá líka sjálfsagt að einskorðast við 16 ára aldurinn. Hvað breytingaratkvæðið við 2. gr. um styttri vistarráð en til 12 mán-

aða snertir, skal eg játa það, að það kann að vera talsvert varið í þá ástæðu sem meiri hlutinn hefir tekið frá lausamannalögunum, og skal eg því ekki hreifa ágreiningi um það atriði. Breytingin við 9. gr. virðist mèr hvorki eðlileg nè hagfelld, og í öllu falli virðist mèr nefndin fara of strangt í það, þegar hún vill, að það geti brugðið upp vistarráðum, ef húsbóndinn flytur sig tvær þingmannaleiðir eða 3 vikur sjávar frá þeim sama stað, sem hann hafði, þegar hann vistaði hjúið til sín, og eg verð því að halda fram stjórnarfrumvarpsins ákvörðun í þessu tilliti, eða í öllu falli að sýslan sè látin ráða, enda þó þetta takmark margopt verði of þröngt.

Viðvíkjandi þeirri nýju grein, sem meiri hlutinn vill bæta inn í frumvarpið milli 9. og 10. gr., skal eg ekki vekja neinn ágreining, en einungis taka það fram, að þingið felldi þessa grein á þinginu seinast. Að öðru leyti held eg stjórnin ekki mundi hafa neitt á móti því að taka þessa grein inn í lögin, ef þingið fèllist á það. Tilfellið getur vel hugsazt, og því hefir greinin nokkra praktiska þýðingu. Orðabreytingin í 24. gr. er að mèr virðist óþörf, því 21. grein er skýrt orðuð. Hvað minni hlutans álit snertir, skal eg fúslega viðurkenna þá alúð og yfirvegun sem það lýsir. Það fer yfirhöfuð í þá sömu stefnu, sem varð ofan á hjá þinginu 1861, og er það að vísu frá minni hlutans sjónarmiði í eðli sínu, að hann haldi fram sinni fyrri skoðun á málinu, þegar hann álítur að hún sè á góðum rökum byggð; en bæði er það, að eg verð að efast um, að þingið geti á þeim tíma, sem eptir er ,svo vel sè, verið búið með að ræða málið í öllum þess atriðum á grundvelli minni hlutans, og líka verð eg að lýsa því yfir, að mèr þykir hætt við því, að stjórnin, eptir því sem málinu nú er komið, ekki geti aðhyllzt frumvarpið eins og það yrði með þessum breytingum, þar sem hún áður ekki hefir getað gefið þeim meðhald, heldur annaðhvort láta málið falla eða skjóta því á frest um óvissan tíma, og því verð eg frá mínu sjónarmiði að ráða þinginu til að aðhyllast meiri hlutann, því annaðhvort er um það, að ekki er nauðsyn á neinum hjúalögum eður og að lögin eru nauðsynleg, og þá á þingið að stuðla að því, að þau komi út sem allra fyrst, og það er búið að taka það fram, að stjórnarfrumvarpið er í alla staði vel úr garði gjört.

Benidikt Sveinsson: Það gleður mig, að þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælti í fyrstu með meiri hlutanum og móti minni hlutanum, þá varð þó sá endirinn og niðurstaðan, að hann varð

með minni hlutanum. Hann sá ekki neitt móti því að stjórnin mundi geta fallizt á meiri hlutans álit, en hann sá ekki heldur neitt á móti því, að þingið og þá stjórnin líklega líka gæti fallizt á minni hlutans álit, ef það bara hefði tíma til að íhuga málið, en svo kom hann með þá athugasemd, að ef þingið aðhylltist minni hlútann, mundi stjórnin ekki geta fallizt á hann, af því hann gjörði verulegar breytingar frá stjórnarfrumvarpinu, og að stjórnin yrði því annaðhvort að fresta málinu, eða leggja aptur fyrir nýtt frumvarp til hjúalaga, og þetta byggði hann á því, að stjórnin ekki mundi geta fallizt á þær verulegu breytingar, sem minni hlutinn hefði gjört. Það er nú misskilningur af konungsfulltrúanum, að stjórnin ekki geti fallizt á minni hlutans álit, af þessari ástæðu, því hann byggir á stjórnarfrumvarpinu, og hefir ekki gjört neina *grundvallarbreytingu* frá því; en þær breytingar sem stjórnin nú í sínu eigin frumvarpi hefir gjört við það frumvarp, sem hún lagði fyrir þingið 1861, eptir tillögum þess, það eru einmitt *grundvallarbreytingar* og því í fyllsta máta *verulegar breytingar* og nú er spurn, hvort stjórnin ekki muni eins laga sig eptir tillögum þingsins 1863 eins og 1861, eða hitt, hvort nokkur ástæða sè til að halda, að hún síður muni laga sig eptir þinginu 1863 en 1861, þegar þá ástæður þess eru góðar og gildar, eins og eg vona að ástæður minni hlutans sèu og það því fremur sem konungsfulltrúi ekki fann neitt til foráttu. Það væri skrítin skoðun hjá stjórninni, ef hún heldur vildi aðhyllast tillögur þingsins, ef það ekki gjörir neinar breytingar við frumvörp hennar, því þá liti svo út, sem hún helzt vildi, að þingið gengi blindandi áfram, og segði já og amen til alls, en breytti engu af skynsamlegum ástæðum; því það mega menn þó eigi halda að stjórnin ímyndi sèr, að enginn galli eður misfella geti verið á frumvörpum hennar, eða til hvers væri þá alþing? Spurningin verður því hèr sú, hvort ástæður og tillögur minni hlutans sèu skynsamlegri en ástæður og tillögur meiri hlutans eða ekki, og úr þessari spurningu á fyrst þingið og svo stjórnin að leysa. Það er völt von fyrir meiri hlutann og þingið, að stjórnin muni fallast á 1. niðurlagsatriði meiri hlutans, af því hann að öðru leyti hefir fallizt á frumvarp stjórnarinnar, og ekki getað sèð, að því þyrfti að breyta i fleirum greinum, og að minnsta kosti er það skrítin ástæða, að stjórnin ekki muni fallast á það í minni hlutanum, sem er samhljóða meiri hlutanum, af því hann að öðru leyti hefir gjört fleiri breytingar á frumvarpinu, sem

henni kynni að líka miður. Eg skoða ekki samband þingsins og stjórnarinnar svo, að það sè nein eiginleg náðargjöf, að hún fallist á tillögur þingsins, heldur álít eg það megi vera sönn gleði og ljúf skylda fyrir hana, að fallast á þær tillögur þess, sem hafa við skynsamlegri ástæður að styðjast, en hennar eigin tillögur. Eg vona, að þingjð ekki vilji ota þeirri skoðun fram, að stjórnin muni gjöra *rèttinn* að eins konar kaupum og sölum, því slík hugsun er ósæmileg þinginu og alveg óframbærileg fyrir stjórnina. Eg vil svo leyfa mèr að drepa með nokkrum orðum á það, sem framsögumaður sagði. Eg vil ekki tæta í sundur, eins og mèr virtist hann bera mèr á brýn, heldur sameina það sem saman á. Og eg vildi óska, að þingið legðist á eitt með nefndinni, að stuðla að því, að þessi sameining komist á í þessu máli, og það hlýtur að vera sameiginlegur vilji þingsins og stjórnarinnar. Framsögumaður tók það fram, að álit minni hlutans hefði orðið ofan á á þingi 1861, og að það hefði nú verið ástæða fyrir minni hlutann, að fram fylgja skoðun sinni. Þetta er með öllu satt, en einmitt fyrir þá sök var ástæða til þess, að þingið 1861 og minni hlutinn nú hafa á rèttu að standa, og þess vegna tek eg það eigi fram að ástæða sè til fyrir framsögumann að halda fram skoðun sinni 1861, því hún er ei rèttari nú en þá. Annað mál er það, að ef ekki hefði verið til neitt frumvarp frá síðasta þingi, þá hefði máske enginn og víst eigi sá sami ágreiningur orðið í nefndinni, en það hefði þó líklega þurft að breyta konungsfrumvarpinu samkvæmt tillögum nefndarinnar, sem hæglega hefðu getað verið líkari minni hlutanum en meiri hlutanum. Framsögumaður sagðist vona, að menn mundu neyta skynsemi sinnar, og það vona eg líka, og þess æski eg í kröptugasta máta; en eg held að menn hafi beitt henni líka 1861, enda þó það renni nú á mig tvær grímur um það, hvort eg á að skilja framsögumann þannig, að *hann* áliti að svo hafi verið, nema eg því meir misskilji hann. Já, það er rètt að þingið beiti skynsemi sinni, og verji tíma sínum til þess, en einmitt þess vegna er það ekki gefið fyrir fram, að þingið 1861 ekki hafi beitt skynsemi sinni, því það þarf skynsamlegrar sönnunar við, að það þing hafi eigi uppfyllt þá skyldu sína. Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að það væri enginn verulegur ágreiningur á milli nefndarinnar meiri og minni hluta nema um 2 atriðið; en eg held það sèu nú reyndar mörg önnur atriði, sem nefndina *verulega* greinir á um, en hvort sem nú ágreiningsatriðin eru mörg eða fá, veruleg eður óveruleg

eptir því, sem framsögumaður hugsar sèr, þá skal minni hlutinn vera fús á að slaka til hvað þau öll snertir fyrir sannfærandi ástæðum. Eg ætla að benda hinu heiðraða þingi á það, að 1861, þegar sá heiðraði herra, sem nú er framsögumaður í málinu var forseti, þá tók hann sæti á þingmannabekkjunum, og það til þess, að koma fram með verulegar breytingar, sem hann stakk upp á, á áliti nefndarinnar, og tillögur hans má lesa í alþingistíðindunum á bls. 1132—1134. Þar sèst ljóslega í hverju framsögumanni þá greindi á við nefndina og þingið; ágreiningur hans gekk allur út frá að verja stjórnarfrumvarpið sem byggt var á tillögum Reykjavíkurnefndarinnar, sem hann var sjálfur í hèrna um árið, en stjórnin hefir nú, og þess bið eg þingheim að gæta einmitt fallizt á tillögur alþingis en *ekki* forsetans sem þá var eða framsögumanns nú. Þetta get eg sannað og sýnt svart á hvítu og sönnun þessi blasir beint við, þegar borið er saman frumvarp stjórnarinnar nú og þá og alþingistíðindin 1861. Eg skal játa það, að eg er samþykkur meiri hlutanum, hvað 16 ára aldurinn snertir, en eg get ekki skilið það, sem konungsfulltrúinn sagði, að ástæður stjórnarinnar um það efni sèu ljósar; eg verð að segja að þær sèu óljósar og sèu engar; það eru engar, alls engar ástæður í stjórnarfrumvarpinu, sem hrakið geti það sem þingið 1861 lagði til í þessu máli; eg segi að í stjórnarfrumvarpinu sè engin vísindaleg ástæða móti því sem þingið fór fram á; enda ber stjórnin mestmegnis eður eingöngu fyrir sig skilning eður útlegging á löggjöf vorri, heldur líka, og hvað helzt, álit um hvað í rauninni (faktisk) viðgangist; en á alþingi 1861 var ekki einungis tekinn fram alveg rèttur skilningur á *lögum* vorum eldri sem yngri, heldur og, að það væri *ekki vani* eður *venja,* að hreppstjórar ráðstöfuðu 16 ára gömlum mönnum, og hið gagnstæða er auðsjáanlega að eins lauslega og án neinnar sönnunar sagt í stjórnarfrumvarpinu; enda mætti það vera kynlegt, ef stjórnin í Danmörku vissi betur en þingmenn, hvað venja er hèr á landi í þessu efni, sem allir geta og hljóta að vita um sem komnir eru til vits og ára. Og eg vildi spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort öðruvísi sè ástatt nú en þá hèr á landi í þessu efni. Hvað 2. gr. snertir, þá er það rètt, sem meiri hlutinn segir, að vistarráð eigi að vera til 12 mánaða, en það kom fram hjá minni hlutanum, sem kom fram á þinginu 1861, að sem mest auðið væri ætti að slaka til, og eg held, að framsögumaður hafi gefið undantekning minni hlutans of mikla og ranga þýðingu. Þegar 12

mánuðir eða árið er þó aðalreglan, enda er það auðsætt, að þessi ákvörðun — en gild skulu þau, þó skemur sè um samið, o. s. frv.— geti ekki leitt til þess, að menn visti sig almennt til skemmri tíma en árs. Meiri hlutinn tekur fram hinn lengsta vistartíma, en lætur óákveðið, hvort hann megi vera skemmri, og einmitt þetta held eg miklu fremur að leiði til hnekkis aðalreglunni, og geti og hljóti að benda mönnum á, að menn megi vista sig fyrir svo stuttan tíma sem menn vilja, enda liggur það óheinlínis en vafalaust í 2. gr. hjá minni hlutanum, og því er þessi viðbætir hjá minni hlutanum nauðsynlegur einmitt eptir skoðun meiri hlutans sjálfs. Og eg sè ekki heldur ástæðu til þess, að hjú hlaupi úr vist eptir uppástungu minni hlutans, heldur miklu síður, þar sem eptir meiri hlutanum hjúið getur hlaupið úr vistinni, þó það vilji 5 sinnum sama árið. Hvað lausamannalögin snertir, þá er mönnum, sem reknir eru úr vist, gjört að skyldu að reyna til að koma sèr í aðra vist, sem þá eptir minni hlutanum varir til næsta hjúaskildaga, en eptir meiri hlutans eiginlega vilja er ómöguleg, en eptir hans lagaákvörðun svo stutt sem hlutaðeigandi geðjast bezt, en ef hann fær enga vist, þá á lögreglustjórnin að taka til sinna ráða. Úr þessu atriði gjöri eg nú samt ekki neinn verulegan ágreining. Eg verð að segja það, að eg á enn margt eptir ótalað, en skal ekki tala meir að sinni, en leyfi mèr að eins að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa og varaforseta, sem báðir eru miklir lögfræðingar, að sýna með rökum, að minni hlutinn, þó hann sè aldrei nema byggður á uppástungum þingsins 1861 stríði svo á móti stjórnarfrumvarpinu, að þingið eða stjórnin þurfi að fráfælast hann, og í annan stað, að minni hlutinn sè ekki á betri rökum byggður en meiri hlutinn, heldur gagnstætt.

Jón Pètursson: Má ekki ræða málið í köflum?

Ásgeir Einarsson: Það hefir komið fyrir, að þegar mál hafa verið rædd í köflum, þá hafa menn ekki haldið sèr við þá kafla sem ræða hefir átt, heldur vaðið innan um allt málið frá 1. gr. til síðustu. Annars held eg málið geti verið svo ljóst fyrir þinginu, að það megi ræða það í einu lagi.

Benidikt Sveinsson: Eg vil geta þess, að minni hlutinn hefir víða gjört orðabreytingar við stjórnarfrumvarpið, sem verða nauðsynlegar vegna sambandsins; en meiri hlutinn að mestu látið allt standa, nema þar sem hann hefir búið til nýjar langar greinir, og er þetta tvennt ólíkt með tilliti til þess að ræða málið í köflum.

Jón Pèturssón: Þó að þingmanni Strandasýslu kynni að verða það að vaða innan um málið og hlaupa í gönur, þá getur forseti tekið í taumana og sèð um, að hann eður aðrir ekki fari út fyrir efnið.

Framsögumaður: Mèr sýnist að það megi biða til ályktarumræðnnnar að ræða málið í köflum.

Eg skal leyfa mèr fáar athugasemdir út af ræðu hins háttvirta minni hluta. Eg samsinni því að vísu með honum, að stjórnin einmitt hefir fallizt á þá grundvallarreglu, sem mestur var ágreiningurinn um 1861, *og* einkum kom fram í breytingaruppástungum þingsfrumvarpsins í 7. og 9. grein; þar með gjörði þingið engan greinarmun á ólöglegum vistarrofum *áður* en hjúið væri komið í vistina, og á því að hlaupa ólöglega úr vist, eða að húsbændur ræki hjúið ólöglega frá sèr, *eptir* að það er gengið í vistina. Stjórnin hefir nú aðhyllzt þessa skoðun þingsins 1861, í frumvarpinu sem nú var lagt fyrir, og hefir breytt öllum ákvörðunum fyrra stjórnarfrumvarpsins (1861) samkvæmt henni, en allt um það ekki getað aðhyllzt þá niðurskipun ákvarðananna nè orðaskipun sem þingið 1861 hèlt fram, nè heldur sjálfar ákvarðanirnar í þingsfrumvarpinu sumar hverjar, t. d. einkanlega þær í 7. og 9. grein, sem minni hlutinn er nú af nýju að beria fram blákalda með mikilli málalengingu og makalausri orðgnótt. Hèr er því í rauninni alls engi ágreiningur orðinn framar um neinar grunvallarákvarðanir í þessari löggjöf, — þegar sleppt er aldurstakmarkinu í 1. grein —, heldur svo að segja einungis um orðaskipun og orð, og nú vil eg spyrja, hvert nokkur ástæða sè til þess fyrir þingið að hleypa í þá keppni við stjórnina út af slíku sem minni hlutinn hèr stefnir að? Eg á hèr einkanlega við 7. og 9. grein minni hlutans, því hèr er ekki að eins að ræða um orðabreytingar heldur einnig um þær ákvarðanir, sem mèr sýnist að ekki geti boðið svörum, og það er víst, að í ástæðum stjórnarfrumvarpsins eru báðar þessar greinir hraktar með gildum og óyggjandi rökum, og finnst mèr því óþarfi að taka það hèr upp á þingbekkjunum. Og þó að hinn heiðraði minni hluti kunni að segja það satt, að stjórnin hafi nú í þessu nýja frumvarpi aðhyllzt sumt er eg var mest í móti hèr á þinginu 1861, og því er í rauninni svo varið með grundvallarregluna sjálfa, er eg nú tók fram, þá verður minni hlutinn líka að minnast þess, að eg var einnig þá einkar mótfallinn þessari sömu 7. og 9. gr. að ákvörðunum til og niðurskipun; en það fer svo fjærri, að stjórnin hafi aðhyllzt þær, að hún telur sumar þær ákvarðanir »fráleitar«,

eins og líka er. Það er annað mál um ýmsar aðrar orðabreytingar minni hlutans, t. d. 4. og 6. tölul., því þeim orðabreytingum er eg ekki beinlínis mótfallinn. Þar sem minni hlutinn er langorðastur um húsagann 6.—19. gr., þá hefir hann að vísu nokkuð til síns máls í því, að húsagarètturinn er í raun rèttri annað en refsingarrèttur í almennum skilningi. Þessi 19. gr. í stjórnarfrumvarpinu vill nú veita búsbóndanum húsagarèttinn innan þeirra takmarka sem þar er tiltekið, þ. e. að skilja yfir hverju því hjúi, sem ekki er eldra en svo, að það megi ekki sjálft ráða sig í vist án ráða foreldra eður forráðamanna, en minni hlutinn vill veita húsbóndanum refsingarrètt yfir hjúi um alla æfi þess; minni hlutinn vill að búsbóndi hafi lagaleyfi til að dangla og berja á hjúinu alla æfi þess, ef honum svo sýnist, þangað til það er sjötugt. Minni hlutinn sagði áðan, að það væri hart, ef húsbóndi mætti ekki verja sig fyrir óskunda, er hjúið kynni að leyfa sèr við hann eða misþirmingum þess, en það er sannarlega ástæðulaust að veita húsbónda svo yfirgripsmikinn refsingarrètt fyrir þær sakir, því það er auðvitað, að húsbóndi má beita varnarrèttinum þegar svo ber að, eigi síður móti hjúi sínu en öðrum, það liggur í hlutarins eðli, og í grundvallarreglum laganna, en eg finn ekki ástæðu til að húsbónda sè sèrstaklega heimilaður frekari refsingarrèttur í hjúalögunum. Ef hjúið er ódælt, þá held eg að lítið batnaði þó það væri lamið þangað til það væri sextugt, og eg held að það mundi rætast máltækið: »Þó náttúran sè lamin með lurk, leitar hún út um síðir«, og eg held að þessi refsingarrèttur minni hlutans mundi aldrei gjöra hjúin að þægari, því hann er jafn-gagnstæður landsvenju og rèttarvenju og hugsunarhætti almennings hèr á landi.

Benidikt Sveinsson: Eg vil benda á það, viðvíkjandi 6. gr., að stjórnin hefir einmitt sjálf aðhyllzt þá setningu, að gefa almenna reglu um samningsrof, og þessi setning er hjá stjórninni í 7. gr. Eg vildi nú óska, að framsögumaður sýndi mèr fram á, að stjórnin hafi breytt hèr til batnaðar frá frumvarpi þingsins 1861. Stjórnin segir, að þegar rofinn sè samningur, megi húsbóndi eða hjú rjúfa vistina, en þingið ætlast nú ekki til, að allt sè uppreiknað, allir kostir og gallar, heldur hitt, að hjúið ekki megi tæla húsbóndann á sèr með því að telja sèr einhverja sèrstaka kosti, eða bera á móti vissum göllum hjá sèr. Stjórnin gengur þannig út frá því, að hjúið hafi ekki tælt húsbónda, ef hann eigi hefir spurt það um *alla* þess bresti, eður að minnsta kosti þann ókost, sem um er að

ræða í hvert skipti. Við þetta fengju samningar milli hjúa og húsbænda annað og óendanlegra innihald en nokkur getur ímyndað sèr að rètt sè, og því spyr eg, hvort auðveldara sè, eða samkvæmara landsvenju, að húsbóndi spyrji hjú að öllum mögulegum kostum eða ókostum, eða hitt, að tál og svik yfirhöfuð sè tekið til greina,eins í þessum samningum eins og öðrum manna í millum. Hèr er vissulega ekki að eins um orðamun að ræða heldur verulega breytingu og það hugsunarbreyting, að hún getur engum dulizt. Ef fara ætti eptir frumvarpinu, þyrfti að stofna hèr á landi ótal skrifstofur til þess að búa til samninga milli húsbænda og hjúa, sem kannske hvorugt er lesandi og því síður skrifandi; og eg held það yrðu þá fleiri eptir en áður, sem mundu skjóta sèr inn undir lausamannafororðninguna og biðja hjúalögin vel að lifa. Svo vil eg minnast á 7. gr. 2. atriði. Eg skil ekki hvað sá orðamunur hjá stjórninni á að þýða, og hvers vegna á að berja þetta orð inn í lög hèr, sem hefir enga þýðingu, nema til þess, að gefa reglu um það, er aldrei kemur fyrir; því það er ekki nóg það hafi komið fyrir, þessi lög eru þó víst fyrir ókominn en eigi umliðinn tíma. Minni hlutinn hefir farið meðalveginn, þar sem hann stingur upp á, að standi »næmir sjúkdómar«. Þetta er nóg og það er hlæilegt, ef hèr væri farið að berja inn í lög þessu orði »viðbjóðslegir sjúkdómar«. Hvað snertir 3. atriðið, þá hefir það sárlitla þýðingu, segir stjórnin; en hèr er vel að merkja ekki meint áflog og ryskingar, heldur t. d. rógur; og ekki heldur það hjú sem ætlar sèr til húsbónda síns, heldur einmitt hitt sem ætlar sèr að svíkja hann. Og það var meining þingsins 1861. Ef að hjú er vistráðið og vill nefnilega svíkja húsbónda sinn, þá finnur það upp einhverjar ástæður, og það þær ástæður er verða meiðandi fyrir húsbóndann, úr því þær eigi að heimila því að rjúfa vistina, en er það þá ekki eðlilegt, að hafa þá setningu í lögunum, að hjúið ekki geti með lognum sakargiptum slitið sig úr vist? Það má heita undarlegt, að stjórnin ekki skuli hafa sèð þetta, en heimfært ákvörðunina upp á það tilfelli, sem hún átti ekkert við. Aptur kemur það síður fyrir, að hjú hlaupi úr vist, þegar það einu sinni er komið í hana, en hitt þráfaldlega og er því almennt saknæmi sem lögin ættu að koma í veginn fyrir. Á hinn bóginn vil eg henda á, hver afleiðing verði af því, ef húsbóndinn getur sagt við hjúið rètt upp úr þurru: Eg vil ekki hafa þig, og hjúið getur sagt við húsbóndann, eg vil ekki fara til þín, nefnilega eptir að vistin er ráðin?

Hún er auðsjáanlega sú, að hjúið verður ofurselt gjörræði húsbóndans og húsbóndinn hjúsins. Er þetta nú lagalegt? Já líklega úr því það er svo eptir hinu háttlofaða stjórnarfrumvarpi. Hvað skaðabæturnar snertir, þá segir stjórnin, að þær sèu í þessu tilliti *ósanngjarnar*. En eg held nú að engin sanngirni eigi við, heldur einmitt strangt rèttlæti, en sanngirnisheimtingin kemst miklu fremur fyrst að, eptir að hjúið er komið í vistina, því þá fyrst getur maður gjört ráð fyrir margbreyttum atvikum og kringumstæðum, en alls ekki *áður* en þessi atvik eru til staðar. Þetta er nú merkileg skoðun og víst er hún óhafandi í lögum, enda mun framsögumaður eigi geta sýnt, að hún sè í eðli sínu, og að minnsta kosti verður hann, ef hann á að geta sýnt það, að koma með öflugri ástæður móti minni hlutanum, en hann hingað til hefir gjört í þessum og öðrum greinum.

Hvað það snertir, að hjúið sè laust við vistina, ef grunur liggur á húsbónda fyrir einhvern glæp *áður* en það kemur til hans í vist, þá er það eðlilegt, að það hafi allt aðra þýðingu en þó húsbóndi hafi drýgt einhvern glæp, ef enginn grunur kemst á hann fyrr en hjúið er komið í vistina, og að það þá eigi geti hlaupið í burtu, þar sem það eigi ætti að vera neytt til að fara til þess húsbónda, sem grunur liggur á um einhvern svívirðilegan glæp, af því hjúið þá getur búizt við að það sökum hinnar opinberu rannsóknar missi að *ósekju* og *ópörfu* frelsi sitt á heimilinu, þar sem vitnisburður þess í hinu tilfellinu optast mundi nauðsynlegur, eins og sakleysi þess með tilliti til hylmingar o. s. frv. þá yrði vafasamara. Þetta atriði felur því í sèr meira en eintóma orðabreyting. Um það atriði, að hjú megi skorast undan að fara í vistina, ef húsbóndi flytur bú sitt frá þeim stað, sem hann gjörði ráð fyrir að vera á, þá hefir allri nefndinni komið saman um að takmark stjórnarfrumvarpsins væri óeðlilegt. Að hjúið skuli t. d. mega rjúfa vistarráðið, þó húsbóndi flytji stutta bæjarleið, er kynlegt, því eg veit ekki til að ónumið land liggi á milli amtanna, og ef svo væri vildi eg nema þar land sjálfur, en á hinn bóginn getur verið mjög langt milli bústaða húsbónda, ef hann flytur sig t. d. vestast úr suðuramtinu austur á enda þess, og sama er um hin ömtin einkum norðuramtið. Það er aptur eðlilegt, að húsbóndinn ekki megi rífa hjúið í burt úr allri viðkynningu við vini og vandamenn, og því er rèttast að láta vegalengdina skera úr en ekki sýslu- eða amtstakmark.

Hvað 19. grein snertir, þá er mèr ekki ljóst, hvað varaforseti meinar um hana; hann vill ganga inn á að húsbóndi hafi nauðverjurètt gegn hjúi sínu; eg þakka honum fyrir það, því hann hafa allir gegn öllum, og þá líka hjúið á móti húsbóndanum sjálfum. En hvers vegna er ekki ástæða til að veita honum meiri rètt en nauðverjurètt? það á þó ekki við að taka fram í hjúalögum hinn almenna nauðverjurètt, ef hann ekki á að hafa aðra þýðingu, en í öðrum lögum. það er ekki meining mínni hlutans heldur hraparlegt ranghermi og misskilningur á auðskildustu orðum og ástæðum að húsbóndinn megi eptir velþóknun berja hjúin, og ef hann áreitir hjúið saklaust, á hann sjálfsagt að sæta hegningu eptir lögunum. Ákvörðunin hjá minni hlutanum fer því eigi því á flot að gefa húsbóndanum rètt til að misþirma saklausum hjúum; eg vildi biðja þingið enn að gæta vel að því sem skrifað stendur og misskilja það ei eður afbaka, því það er þó eigi nóg, að líta á afleiðingarnar, rètt húsbóndans, heldur verður og að líta á skilyrðin fyrir þeim, óhlutvendni hjúsins.

Jón Pètursson: þó að stjórnarfrumvarpið óbreytt eður þá með breytingum meiri eður minni hluta nefndarinnar fengi lagagildi, þá ímynda eg mèr, að minna gott muni nást við það en margur heldur, en eg vil ekki tala meira um það. Að eins vil eg drepa á, að það eru tvö atriði í stjórnarfrumvarpinu, sem breyta svo að þarfleysu einni hinum gildandi lögum, að eg heldur vildi að engin ný lög kæmi út um þetta efni en þessi, nema bót fáist á þessu. það eru atriðin um 16 ára aldurinn og húsagann. það eru allir á það sáttir hèr á landi, það lifir í meðvitund allra, og er því óþarfi að vilja skýra það, að 16 ára verða menn myndugir yfir persónu sinni. þetta er og hefir einlægt verið svona hèr á landi. Í fornöld voru þeir kallaðir ómagar, er voru innan 16 ára, þá þekktu menn ei orðið ómyndugur. þannig er það og eptir Jónsbók, að þegar maður er 16 ára, þá hverfur hann af fènu, verður matvinnungur og fer sjálfur að ráða verustað sínum. Kristinnrèttur hinn forni skipar þeim, sem 16 ára eru, að telja fram fè sitt til tíundar, en hefir síðan sèrskildan kapítula um tíundargjörð af ómagaeyri. Með 16 ára aldrinum hætti maður því eptir þessum lögum að vera ómagi og fór að ráða sèr sjálfur. þessi lög við haldast enn þá, og þeim hefir aldrei verið breytt. Að vísu er að skilja af stjórnarfrumvarpinu, sem tilskipun 21. desember 1831 hafi breytt í þessu efni hinum hèr gildandi eldri lögum; en þetta er

með öllu skakkt. Tilskipun þessi lögleiðir hèr ýms dönsk lagaboð og þar á meðal lagaboð, sem gefur yfirvöldum vald til að gefa ýms leyfisbrèf, og 22 vetra gömlum mönnum til að vera fullmyndugir, og stúlkum 18 vetra gömlum til að vera myndugar undir umsjón góðs manns (Curator), en þetta miðar einmitt til fjárins, en snertir ekki hinn persónulega myndugleika; það er því engin ástæða til að álíta, að nefnd tilskipun, þegar hún strax á eptir gjörir hèr gildandi dönskulaga 3—17, hafi farið að slá út í allt aðra sálma, eður meint til annars, en á undan var komið, heldur einungis hafi átt við fjárforræðið, en ekki við »den personlige Myndighed«. Fátækrareglugjörðin 8. janúar 1834 gengur og beinlínis út frá þessu, þegar hún talar um framfærslurèttinn; því hún lætur mann fara að vinna sèr hann strax og maður er orðinn 16 ára, og byggir þannig á Jónsbók og hinum eldri lögum. Tilskipun 1847 um fjárforráð ómyndugra gjörir í þessu enga breytingu; bæði hljóðar hún um fjárforráð þeirra, og svo sèst það líka af hinni yngri löggjöf, sem breytir tímanum, er menn með dvöl sinni í sömu sveit geti áunnið sèr framfærslurètt, en segir að fátækrareglugjörðin að öðru leyti skuli vera óbreytt. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er það því engan veginn rètt, þegar stjórnin gengur út frá því sem vissu, að tilskipun 1831 hafi breytt hinum eldri lögum um það, hvenær menn mættu fara að ráða verustað sínum. Það er almennt viðurkennt, að frjáls en ekki þvinguð dvöl á einum stað sè skilyrði fyrir að vinna sèr þar framfærslurètt; börn geta því ekki áunnið sèr hann; sama er um fanga í »Straffeanstalterne« og soldáta. Þetta kemur til af því, að vera þessara manna á staðnum er ófrjáls. Ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins um 18 ára aldurinn eru því ekki að eins gagnstæðar hinum gildandi lögum hèr á landi og reka sig í bága við þau, heldur eru þær líka í berustu mótsögn við grundvallarregluna í þeim lögum sem gilda hèr á landi og í Danmörku um framfærslurèttinn, og auk þessa stefna þær í gagnstæða átt við hina yngri löggjöf þessa lands, sem hefir látið sèr annt um, að gjöra ýmsa þá mynduga, er áður voru að lögum ómyndugir. Viðvíkjandi 19. gr., þá sè eg eigi hvar lögin heimila þar húsbændum nauðsynlegan rètt til að sjá um, að allt fari skipulega fram á heimilum þeirra; og ef taka ætti þenna rètt húsbónda burt, er auðsèð að margt færi aflaga; það er auðvitað að hver húsbóndi hlýtur að hafa einslags »Politimyndighed« á sínu heimili, honum nægir ekki að leita rèttar síns við dómstólana, sízt eptir því, sem hèr hagar

til, og hvar honum er það því nær með öllu ómögulegt. Það eru einkum þessi tvö atriði í stjórnarfrumvarpinu, sem eg, og mèr er óhætt að segja, margir aðrir ekki óska að verði gjört að lögum.

Björn Pèturssón: Þó eg sè ólöglærður bóndi, get eg samt ekki annað en mótmælt því, sem hinn löglærði minni hluti sagði áðan, þó eg gjöri það með hálfum huga. Þó mönnum ekki geðjist að öllu því, sem stjórnin hefir gjört við þetta mál, vona eg þó, að hinn háttvirti konungsfulltrúi beri svo hönd fyrir höfuð stjórnarfrumvarpsins, að hinum góðu ákvörðunum þess verði ekki kastað nú á þingi, eða það rifið og tætt í sundur, sem er samkvæmt rèttarmeðvitund þjóðarinnar og landsvenju. Eg get ekki betur sèð, en að hinn háttvirti minni hluti komist í mótsögn við sjálfan sig; ræða hans gekk út á að sýna, að það væri verulegur mismunur á þessu stjórnarfrumvarpi og því sem alþingi bjó til 1861; en áður sagði hann, að stjórnin hefði nú gengið inn á allar verulegar breytingar þingsins 1861, og minni hlutinn að eins hefði gjört orðabreytingu. Mèr getur ekki skilizt svo, að stjórnin hafi aðhyllzt neinar verulegar breytingar þingsins 1861, þvert á móti eru það einmitt smábreytingar sem hún hefir gengið inn á. Hinar verulegustu breytingar þingsins 1861 voru um 16 ára aldurinn, ákvarðanirnar í 7. og 9. grein, og um húsagann; en þessu öllu hefir hún nú hrundið. Stjórnin hefir að sönnu tekið tillit til breytinga þingsins í 7. grein, sem nú aptur koma fram hjá minni hlutanum. En sá er verulegur munur á minni hlutanum tölulið 41. og stjórnarfrumvarpsins 7. grein tölulið 3, að stjórnin vill láta það, sem þar er farið fram á, einungis gefa húsbónda rètt til þess, að *neita hjúinu um móttöku,* ef það gjörir sig sekt í þess konar yfirsjónum, en minni hlutinn vill að auki láta hjúið *borga heilt árskaup.* Viðvíkjandi 4., 2. »C«, skal eg geta þess, að sú ákvörðun er öldungis ný, en hèr get eg ekki betur sèð, en að stjórnin hafi farið alveg rètt í ástæðum sínum við 7. og 11. grein, þar sem hún segir, að þetta tilfelli sè svo *sjaldgæft* og *ólíklegt,* að það sè ekki einungis *óþarft,* heldur jafnvel *fjarstætt,* að hafa um það ákvörðun í lagaboðinu. Þetta er alveg satt, og í öðru lagi er það ljóst, að þetta tilfelli, þó það ætti sèr stað, getur ekki valdið öðru en því, að húsbóndi skorist undan að veita hjúinu viðtöku, en ekki því, að hann geti heimtað árskaup, eins og fyrir vistarrof. Það getur verið, að hjúið vilji koma í vistina, þó því hafi eitthvað yfirsèst í öðru tilliti við hinn tilvonaudi húsbónda sinn, sem alls ekki

er sprottið af því, að það vilji rjúfa eða svíkja vistarsamninginn. Eg get heldur ekki fallizt á 6. tölulið í 9. grein, því það er það sama og beðið var um 1861, sem eg þá var mest mótfallinn. Viðvíkjandi 6. 1. þá vona eg að hver, sem ekki eru blindaður af ofurkappi, sjái, hversu fjarstætt það er að gefa hjúinu ekki einungis rètt til að ripta vistarráðunum heldur *einnig rètt* til þess, að heimta heilt árs kaup og matarverð (1 hundraðs vírði á landsvísu) ef hann gjörir hjúinu eitthvað til miska, svo *líkindi* sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi Og eg þori að skýrskota því til allra þeirra, er nokkuð þekkja til sveita, að þetta hefir engum hingað til í hug dottið. Eg skal taka til eitt dæmi sem mjög líkist þessu. Ef t. d. kaupamaður væri ráðinn í kaupavinnu, þá gæti hann ekki einungis samkvæmt þessu, skorazt undan vinnunni, heldur og heimtað allt kaupið, ef húsbóndinn tilvonandi hefði gjört honum nokkuð til miska, áður en hann kæmi í vistina. Eg vil geta þess, að eg er samþykkur 1. grein minni hlutans, það kom og öllum saman í nefndinni um þetta atriði, og er það því einungis ógásemi meiri hlutans, að þess hefir eigi verið gætt. Eg hefi ekkert á móti 15. og 16. tölulið hjá minni hlutanum, þeir eru fullt eins vel orðaðir, og hjá stjórninni og meiri hlutanum; en 14. tölulið get eg með engu móti fallizt á. Í sambandi skal eg geta þess, að það er nokkur ósamkvæmni hjá meiri hlutanum í 19. grein stjórnarfrumvarpsins, sem hann hafir samþykkt, að láta karlmenn vera 2 árum lengur undir húsaga en konur, eður þar til þeir eru 18 ára, þar eð meiri hlutinn þó vill gefa körlum og konum, 16 ára gömlum, rètt til að ráða sig hjú, og hefir þess vegna breytt stjórnarfrumvarpsins 1. grein. Jeg vil því áskilja mèr það breytingaratkvæði, að í stað »18 ára«, verði sett 16 ára.

Benidikt Sveinsson: Eg skal nú eigi furða mig á því, þó þingmaður Suðurmúlasýslu sè eigi minni hlutanum samdóma, því að allir muna víst eptir atkvæðaskránni á síðasta þingi, og varð hún svo stór mest fyrir breytingaratkvæði hans. Eg skyldi nú hafa dáðst að honum hefði hann ekkert breytingaratkvæði búið til núna; en hann hefir til allrar ólukku búið til 2, og einkum tók eg helzt eptir því við 19. gr. Ef að húsagi á inn í hjúalög, þá er það rètt, en hann á eptir að sanna það. Eg skal benda á tilskipun 3. júní 1746 um húsagann í því tilliti; þar eru menn skoðaðir sem börn þar til þeir eru 18 ára; en hèr er þó húsbændum gefið sama vald, og foreldrar hafa til að hegna börnum, yfir mönn-

um sem þingið vill hafa að sèu persónulega myndugir. Það er nú skrítið að skoða þann sem er 16 ára í öðru orðinu sem barn, en í hinu orðinu myndugan. Hitt er eptir að sanna, að húsagi heyri undir hjúalögin, og það er þó þingmaður Suðurmúlasýslu skyldur að sanna. Minni hlutinn hefir engan húsaga í sinni grein; en það er húsbóndarèttur, að þegar hjú áreitir húsbónda, þá hafi húsbóndi rètt til að refsa því, og við það falli burt sektir þær, er til eru teknar í 18 gr. Mèr sýnist það nú hlægilegt að veita húsbónda þann rètt, sem á engu er byggður yfir húsagarèttinn fullorðnum hjúum, en neita honum um þann rètt, sem á rèttlæti byggist, og hegning er lögð við ef rofið er, og þess vegna hefir stjórnin sjálf viðlagt sektir í þessu tilliti. Það er nú alveg eðlilegt, að húsbóndi hafi nauðverjurètt, ef hann vill neyta hans, og þessar sektir falli þá í burtu; en það er eigi gjört ráð fyrir, að húsbóndinn beiti þeim móti saklausum. Eg verð því að segja, að eg álít ástæður minni hlutans enn alveg óhraktar; en ef menn geta sannað það *með gildum ástæðum*, að þær víki hálft hæuufet frá því sem sanngjöru og rèttlát lög heimila, eða liggur í hlutarins eðli, þá skal eg manna fúsastur falla frá þeim. Eg hèlt nú, að ef hjúanefndir kæmist á, samhliða þessum lögum, þá væri vafasamt, hvort það væri rètt að sleppa þessum kröfum, því að eg álít það mjög hæpið, að leikmenn geti komizt inn í hina almennu löggjöf og grundvallarreglur hennar, einkum að því er snertir gróf brot við búsbónda. Mèr sýnist það og varlega gjörandi fyrir þingið að rifa að eins niður og segja: Eg vil ekki hafa þetta, en færa engar ástæður móti því og setja ekkert í staðinn. Það gleður mig nú, að þingmaður Suðurmúlasýslu getur fallizt á minni hlutann í mörgum greinum. Eptir því sem mèr skildizt, þá eru það 7., 9. og 19. gr. sem oss ber mest á milli. Eg sè nú, að stjórnin hefir eigi fallizt á þær, og með tilliti til þess, skal eg benda til þess sem hinn heiðraði framsögumaður, sem nú er, tók fram á síðasta þingi, að sèr þætti óeðlilegt, að láta ei 7. og 9. gr. vera samhljóða tilsvarandi greinum í stjórnarfrumvarpinu. Þá var það fyrsti grundvöllurinn, sem þingið byggði á, að taka ei sem vistarrof annað en það sem snerti vistarsamninginn sjálfan, eða rèttara sagt sambandið milli hjúsins og húsbónda, þar sem stjórnin fór út í allar áttir. Það sèst nú bezt á stjórnarfrumvurpinu sem nú liggur fyrir, að stjórnin hefir aðhyllzt þessa grundvallarreglu, og þess vegna fellt burtu margar ákvarðanir úr frumvarpinu 1861, og þar sem stjórnin

því segir í ástæðum frumvarpsins, að þingið hafi gjört breytingar á þessum greinum, þá er þetta misskilningur eða svo að skilja, að stjórnin hefir sjálf aðhyllzt þessa aðalgrundvallarreglu, sem eg gat um, og sem líka auðsjáanlega er hin eina rètta, þó frá henni gætu hugsazt einstöku undantekningar. Hin önnur aðalbreytingin var að gilda ættu sem líkastar reglur fyrir húsbændur og hjú, og á þetta hefir stjórnin einnig fallizt sem von var, og eg held líka að hægt sè að sannfæra menn um, að fyrir þessari breytingu á stjórnarfrumvarpinu 1861 sè góðar og gildar ástæður. En þingmaður Suður-Múlasýslu hefir rètt í því, að hinni almennu reglu þingsins 1861 17. gr. sè snúið við hjá stjórninni og það svo, að hún er allt annað en hjá þinginu. En honum lást eptir að sýna, að þessi regla þingsins væri breytt til hins betra af stjórninni, því það er allt annað að greininni er gefin önnur þýðing, því þessi þýðing getur verið eins og hún líka er, verri en þingsins. Hins vegar vona eg að eg hafi ei verið svo myrkur í máli áðan, að hann hafi ei getað skilið, að ákvörðun stjórnarinnar er óeðlileg og óhafandi, og sízt ætti hann að ímynda sèr, að hju megi eptir 7. gr. 1. hjá minni hlutanum að ósekju falsa vitnisburði. En hitt ætti hann að sjá, að húsbóndinn eptir stjórnarfrumvarpinu hefir þá ekki annan rètt á móti hjúinu en að segja: Eg vil ekki hafa þig. Þó nú þingmaðurinn álíti það rètt að tæla húsbóndann svona að ósekju með fölsuðum vitnisburði, þá ætti hann samt að sýna, að frumvarp stjórnarinnarar að þessu leyti sè byggt á rèttum lagagrundvelli, sem eg neita. Eg neita því hátíðlega, að það sè rètt eður heyrilegt, að hjúið fái enga hegningu fyrir lagabrot sitt, fölsun vitnisburðanna, sem beinlínis fellur undir 7. gr. 1. atr. nema að það missir vistina, því *það* er eigi annað, en að það fær það *með lögum*, sem það ætlaði sèr með *lagabrotinu;* nefnilega lögin heimila hjúinu bótalaust svik og pretti, svo að húsbóndinn saklaus missir allar þær bætur sem hann á að hafa fyrir þau hjá hjúinu. Þetta hlýtur að vera misskilningur einn hjá stjórninni, og þenna misskilning ætti þó þingmaðurinn einhvern tíma að geta sèð. Eg tek til dæmis, að eg narri mann með fölsuðum vitnisburði um kosti hans að kaupa að honum hest, þá er eg þó eigi eptir rèttarmeðvitund þingmannsins skyldugur til að bæta honum allt það tjón, sem hann bíður af því bæði beinlínis og óbeinlínis? Eða heldur hann, að húsbóndinn geti eigi liðið skaða við að narrast á slæmu og óráðvöndu bjúi? Eða er það harðara fyrir hjúið, hvað skaðabæturnar

snertir, að hèr er settur fastur mælikvarði fyrir vistarrofin? Á hinn bóginn er það víst, að þar sem eigi er að líkindum nein ástæða til, að hver gjöri á hluta annars, þá á að leggja því þyngri hegning við misbrotinu, ef það á sèr stað, og þetta á einmitt heima hjá hjúinu áður en það einu sinni er komið í vist til húsbóndans. Ef menn segja, að þetta, falsaðir vitnisburðir, sè eigi svik, þá veit eg eigi hvað menn vilja kalla svik. Eg vil nú segja, að þótt þingmaðurinn vilji hanga í þessu orði »mundi«, það er á dönsku »vilde have«, og er algengt orð í þessari almennu lagareglu; svo að meiningin er »mundi hafa o. s. frv., ef hann hefði þekkt þá, og þá verður þingmaðurinn líka að gá að því, að minni hlutinn tekur fram: eptir því sem skynsamir menn álíta, nefnilega um »ókostina«. Þess vegna eru hjúamálanefndirnar svo nauðsynlegar, að þær dæmi um hvaða ókostir það sèu, sem eðlilega og eptir hugsunarhætti manna eigi að hafa þessar afleiðingar. Það er nú merkilegt, eins og margt annað í stjórnarfrumvarpinu, að sèrhver mótgjörð skuli talin upp í 28. gr., í stað þess að vísa til hinnar almennu reglu í 7. gr. 1. atr., því það kemur þar einmitt sama reglan til greina, ef húsbóndi getur sannað, að hjúið hafi svikið sig, áður en það kom í vistina, en eigi fyrr en hjúið er komið í vistina; þetta í frumvarpinu er þó auðsèn og óþörf málalenging. Allar þessar mótbárur þingmannsins, sem eg hefi talið, hygg eg að sè mest sprottnar af því, að hann hefir hvorki í nefndinni nè síðan lesið vel frumvarpið og minni hlutann og borið síðan allt saman, en það er sjálfsagt, að örðugt er að gjöra það á stuttum tíma, en torveldast verður þó að tala um það með rökum sem menn eigi skilja; 9. gr. er nú orðuð alveg samkvæmt 7. gr., og verður eigi sagt með rökum, að þar sè ekki viðhafður jöfnuður á rètti húsbænda og hjúa. En geti þingmaðurinn sýnt mèr fram á ósamkvæmni að þessu leyti, þá skal eg fús á að laga það. Eg skal geta þess enn fremur viðvíkjandi þessari grein, að stjórnarfrumvarpið 1863 er breytt frá því sem það var 1861. Mèr þætti gaman að taka 7. og 9. gr. úr stjórnarfrumvarpinu 1861 og setja þær hèr og sjá svo hvernig færi. Menn ættu þó að sjá, að ekki tjáir að blanda þeim saman, eður nefna þær undir eins. Þingmaðurinn hafði nú á móti 6, 1, en eg er nú hræddur um, að hans regla yrði ekki sanngjörn, þegar hún kæmi gagnvart þeim reglum, sem gefnar eru í 7, 1. Ef húsbóndi vill verða af með hjúið, þá er hætt við að honum fari að sínu leyti eins og hjúinu, er eg áð-

ur sýndi fram á, að hann neyti þeirra meðala, sem eru lagabrot á móti hjúinu, ef eigi liggur önnur sekt á honum fyrir það en sú, að hjúið gengi úr vistinni, enda er þetta alveg og í alla staði ranglátt.

Jón Sigurðsson: Eg held nú að vísu, það sè óþarft, að fleiri tali, því mikið er búið um mál þetta að ræða, og skal eg bæta þar fáu við. Eg held að eg verði nú fyrst að halda mèr við stjórnarfrumvarpið. Eg er nú eins og fleiri alveg samdóma því, að 18 ára aldrinum sè breytt í 16 ára, En eg get þó ekki fellt mig við breytingaratkvæði meiri hlutans við stjórnarfrumvarpsins 1. grein, því að honum hefir yfirsèzt í því, sem minni hlutinn hefir gáð að, að undantekning væri gjörð frá aðalreglunni vegna þeirra barna sem eigi væri fermd 16 ára, og því þykir mèr minni hlutinn þar betri, með því að hann hefir áskilið hlutaðeigandi sóknarpresti, að vera í ráði með um vistarstaði slíkra barna. Viðvíkjandi 9. gr., þá befir nú bæði meiri hlutinn og minni hlutinn stungið upp á breytingu við þá ákvörðun í stjórnarfrumvarpinu, »nú flytur húsbóndi í annað amt». Nefndin hefir nú sett hèr sem takmark 2 þingmannaleiðir á landi eður 3 vikur sjáfar. Mèr þykir nú þetta nokkuð þröngt, og hart fyrir húsbónda, að hjúið skuli ei skylt að fylgja honum, þó hann flytji kannske nokkrar bæjarleiðir, og það innan hèraðs eða innan sýslu. Eg set t. d. að maður flytti hèðan upp á Akranes, og þætti mèr það hart, ef hjúið væri ei skyldugt að fylgja húsbónda sínum þangað; það er líka bót í máli, að það getur farið aptur til baka þegar árið er liðið; hjú eru vanalega ekki heldur svo gróðursett hjá ættingjum sínum, að þeim þurfi að vera það svo tilfinnanlegt, að skilja við þá svo sem eins árs tíma. Eg vil því annhvort halda mèr til stjórnarfrumvarpsins, eða þá taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, sem þingið 1861 fór fram á. Þingmaður Suðurmúlasýslu tók sèr breytingaratkvæði við 19. gr. og ætla eg líka að gjöra það, í þá stefnu, að hjú sè undir húsaga þar til þau eru 16 ára, hvort sem það er karl eður kona. Af þvi svo mikið hefir verið talað um vistar-ráðin, hvort þau eiga að vera ráðin til 12 mánaða eða skemur, og þótt minni hlutinn færði margar ástæður fyrir óbundnum vistarráðum, þá held eg að menn ætti að fara mjög varlega að raska gamalli iandsvenju í þessu efni. Það vita allir, að langvarandi venja hefir verið, að vistarráðin væri bundin við 1 ár, og ef nú þessi lög gæfi tilefni til, að sú skoðun kæmist inn hjá almenningi, að vistartíminn mætti vera óákveðinn, og ekki lengri en svo og svo,

t. a. m. 2—3 mánuðir, þá er eg hræddur um, að það leysti ofmjög um vistarskylduna. Það kynni reyndar að koma stundum í kaupstöðunum í bága við þarfir manna, en eg held, að það sè svo sjaldgæft, að nýjar ákvarðanir þurfi ei um það að taka inn í lögin. Eg skal nú ekki vera fjölorður um ágreining meiri og minna hlutans um 7. og 9. grein frumvarpsins, því svo mikið er búið um hann að tala, heldur að eins snúa mèr að 19. grein. Minni hlutinn hefir nú leitt ljós rök að því, að í 19. gr. væri eigi meintur *húsagi* og margir fleiri hafa skilið það svo. Eg get nú vel skilið þann mun sem er á húsaga og húsbóndarètti; en eg er hræddur um, að almenningur út um landið geti ekki gjört sèr ljósa grein fyrir muninum á þessum tvenns konar rètti og blandi honum saman. En hvað sem menn nú kalla þenna rètt, þá finnst mèr hann alvarlega ískyggilegur, því eg held að sambandið milli hjúa og húsbónda eigi að vera öðruvísi en svo, að grípa þurfi til hins svokallaða nauðverjurèttar; það getur verið áríðandi að grípa til hans við illmenni og bófa, er fjærri manni standa, en að leggja þess konar vopn í hendur á husbændum til að beita þeim eptir eiginn geðþótta við hjú sín held eg sè næsta varúðarvert, eins og það er í sjálfu sèr óeðlilegt. Eptir þeirri reynslu, sem eg hefi, þá hefir mèr fundizt það affarasælla að laða hjú að sèr með öðru móti en höggum og refsingum; því með að »refsa« getur þó ekki verið meint annað en það, að beita við hjúin hendi eða vendi. Því refsingar í orðum held eg verði til lítils gagns. Eg er líka hræddur um, ef heimskur og uppstökkur búsbóndi ætti hlut að máli, þá gæti hann misbrúkað þetta vald sitt yfir hjúum. Menn hafa reyndar sagt, að hjúið geti altènd náð rètti sínum við dómstólana gegn húsbónda sínum, ef hann misþirmdi því, en eg held það yrði stundum ómögulegt; eg tek til dæmis að ef húsbóndinn hefði ekki nema 1 hjú, og hann beitti við það þessum refsingarrètti, svo það biði meiðsli af; hvernig ætti þá hjúið að fara að sanna, að hann hefði gjört því rangt til? Þá væri ekki nema konan og börnin til að bera vitni á móti húsbóndanum, og eg veit ekki til, að konan verði skylduð til að bera vitni gegn manni sínum. Eg vil því fráráða minni hlutanum að halda þessu máli meira til streitu.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að bera upp breytingaratkvæði við 1. gr. á þessa leið: þó með ráði sóknarprestsins, ef ófermdur er. Eg vil heldur gjöra breytingaratkvæði við stjórnarfrumvarpið en við minni hlutann, því eg held að það sè nóg, að erta stjórnina með

16 ára aldrinum. Eg held nú, að eg skýri málið eigi mikið. En ef menn skilja ei sambandið milli 3. og 4. gr., þá getur verið, að eg gjöri það síðar, ef mèr sýnist nokkur hætta á ferðum. En eg get eigi búizt við, að eg geti gjört það ljósara, þegar minni hlutinn segir, að enginn skilji það nema hann.

Björn Pèturssón: Mèr þykir fyrir því að neyðast til að lengja þingræðurnar, en eg verð þó að svara hinum konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Hann vildi um fram allt bera hönd fyrir höfuð þessum orðum i greininni undir tölulið 4: »*mundi hafa*« og vildi rèttlæta það með því, að það yrði á dönsku: »vilde have; mèr sýnist það engu betra fyrir það, jafnvel þó stjórnin skilji betur dönsku en íslenzku, því það er eins óhafandi, hvort sem það er á íslenzku eða dönsku í þessu sambandi. Eg skal að eins skýrskota til ástæða stjórnarinnar við 7.—11. grein, þar sem hún hafnar þessari ákvörðun og segir, að hún í daglegu lífi hæglega gæti gefið tilefni til þráfaldlegra miskliða« af því hún sè svo »óákveðin« og að það sè ljóst, að húsbóndi að eins hafi rètt til að ripta vistarráðunum, fyrir vöntun *þeirrar* kunnáttu hjá hjúinu, sem hann áskildi, þá er hann rèði það til sín, og sem það með *berum orðum kvaðst hafa til að bera,* eður sökum *þeirra* ókosta sem það, þá er það vistaðist, með berum orðum hefir *neitað* að hafa. Af þessu má sjá, að stjórnin hefir ekki fallizt á þetta, eins og það liggur í augum uppi, að maður ekki getur ætlazt til, að hjúið telji upp alla sína ókosti smáa og stóra. Það er nú satt, sem hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að 7. og 9. grein heyra saman, ef báðar væri teknar, en eg held, að rèttast sè að hafna báðum, því mèr þykja þær báðar jafnt óhafandi. Mèr heyrðist þingmaðurinn áðan misskilja mig, er hann talaði um 7. grein. Það var meining min, að það væri eigi beinlínis vistarsvik, þó hjúið sviki húsbóndann í einhverju öðru en sjálfum vistarsamningnum, t. d. með því, að sýna honum ósannan vitnisburð, þegar það ræðst hjá honum, og því gæti það ekki kallast í eiginlegum skilningi vistarrof. Eg vil nú biðja þingmanninn að segja mèr, hvort það t. a. m. eru svik á vistarsamningum, sem stendur í stjórnarframvarpsins 7. grein 1. Það getur þó víst engum hugsazt, að það sè svik á vistarsamningum, og þá eigi heldur það, þó að hjúið hafi narrað húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburði, eða gabbað hann í einhverju öðru. Það eru svik, en ekki vistarsvik. Þá vildi nú minni hlutinn kenna bæði mèr og öðrum, að það sem nefnt er í 19. grein undir 14. tölulið

sè ekki húsagi. En hvað er það þá? Stjórnin hefir þó kallað þetta svo; hún hefir þá ekki vitað þetta betur, og eg held að enginn skilji það öðruvísi, nema minni hlutinn sjálfur sem nefnir þetta húsbóndarètt. En eptir þessum húsbóndarètti, sem hann svo kallar, má nú húsbóndinn misbjóða hjúinu og misþirma því, einungis hann gæti þess, að ekki sjái á því. Þegar húsbóndi beitir húsaga við hjú sitt 16 ára, og þaðan af yngra, þá held eg að megi álíta, að hann hirti það fremur í föðurstað, en sem húsbóndi, og skal eg í því tilliti skýrskota til þess, sem stjórnin hefir sagt í ástæðunum fyrir þessari grein, að það sè eðlilegt, að húsbónda sè veittur yfirgripsmeiri rèttur til að beita húsaga við hjú, sem er á þeim aldri, að uppeldi þess ekki sè lokið, með því hann þegar svo er, er í *stað foreldra*. Eg vildi koma mèr saman við þingmann Suður-Þingeyinga um breytingaratkvæði það, sem hann ráðgjörði viðvíkjandi sýslutakmarkinu og bæta dálitlu við. Enn fremur vildi eg gjöra breytingaratkvæði við 18. grein stjórnarfrumvarpsins þar sem stendur »búsbóndi«, þá vildi eg til skilningsauka setja »húsbændur« svo það væri engum efa undirorpið, að húsmóðirin hefði sama rètt og húsbóndinn.

Benidikt Sveinsson: Eg vil strax ráðgjöra það vara-atkvæði við hina svo kölluðu húsagagrein, að hún verði alveg felld úr lögunum. Eg vona, að eg sè búinn að taka fram svo margar og miklar ástæður, að þó menn játi ekki, *að* þeir *sannfærist*, þá hljóta þeir þó að játa, að þeir *geti* sannfærzt af þeim, og meira verður ei af mèr heimtað. Viðvíkjandi orðinu »mundi hafa«, þá þykir mèr undarlegt, að menn skuli misskilja það, svo að þeir staglast á því í öðru hvoru orði, en eg tek mèr nú breytingar- eða viðaukaatkvæði á þá leið, að inn í greinina bætist: »ef hann hefði vitað eður þekkt þá«. Eg vil nú eigi fara í hnútukast við þingmann Strandasýslu, en vil biðja hann að gjöra mèr grein fyrir því, með hvaða samkvæmni að hann hefir á móti 16 ára aldrinum í 1. grein, en fellst þó á, að foreldrarnir gefi þeim, sem eru innan 18 ára leyfi til áð vista sig, hve nær sem þeir vilja; þessi myndugleika aldur nær þá frá 1—18 ára aldursins. Því að eptir þessu hafa foreldrarnir leyfi til að gjöra börnin myndug, hvað ung sem þau eru, og geta gefið þeim þann myndugleika, sem þau eru *eigi* búin að fá *áður* en þau eru 16 ára, og *eru búin* að fá yfir 16 ára. Þetta bið eg hann nú að gjöra mèr skiljanlegt, svo það komi eigi í mótsögn hvað við annað. Það er sjálfsagt, að ef hann maður-

urinn sá, færir full rök fyrir því, þá skal eg fallast á það! Eins vona eg að hinir aðrir þingmenn láti sannfærast af ljósum rökum ef þau annars koma hjá honum venju fremur.

Ásgeir Einarsson: Eg get eigi látið sannfærast af því sem eg get ekki skilið, en þegar enginn skilur minni hlutann, þá er ekki von eg geti það heldur.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð nú að lýsa því yfir, að eg hefi ekki haft fullkominn tíma til að kynna mèr svo þetta mál, að eg gæti skilið það svo sem eg hefði viljað. En mèr finnst þó eitt liggja hèr í augum uppi og það er, að meiri hluti nefndarinnar er að ráða þinginu til að samþykkja það, sem þingið 1861 felldi, og þá verð eg að álíta, að meiri hlutinn sè skyldugur að koma fram með gildar ástæður og sannanir fyrir því, að þingið eigi nú að ganga ofan í sjálft sig. En eg verð að segja, að eg hefi eigi heyrt nè sèð nokkrar órækar ástæður fyrir því enn sem komið er. Eg hefi eigi heyrt aðrar ástæður en þær, að stjórnin hafi fallizt á öll meginatriðin í frumvarpi þingsins 1861, en þar sem hún hafi eigi fylgt þeim út í æsar eður út fært það, þá verði að halda henni það til góða, að 16 ára aldrinum einum undanteknum. Eg verð því að álíta, að þær hinar sömu ástæður sè enn til staðar, sem voru 1861, til að samþykkja það, sem nú stendur í minni hlutanum, því að eptir minni sannfæringu eru þær ástæður sem einu sinni hafa verið fullgildar, svo lengi fullgildar sem þær standa óhraktar. Þar af leiðir og, að minni hlutinn þarf eigi að koma fram fyrir þingið með neinar nýjar röksemdir og sannanir, til að fallast á það, sem það eitt sinn hefir samþykkt, meðan enginn sá hlutur er fram kominn, er gjöri sannfæringu þingsins veikari nú en áður.

Eg skal þá snúa mèr að málinu sjálfu og minnast á breytingar minni hlutans við 7. og 8. grein stjórnarfrumvarpsins undir töluliið 4. og 5. Eg sè nú eigi neitt í þeim annað, en sem leiðir af hlutarins eðli, að hjúið fær sama rètt til að fara *eigi* í vist, sem húsbóndinn hefir til að *taka* það *eigi* í vist. Stjórnin hefir nú tekið rètt húsbóndans upp í 7. grein, en hún hefir aptur á móti fellt niður í 9. gr. þann rètt, sem á að koma á móti rètti húsbóndans af hjúsins hálfu. Stjórnin hefir sagt um þessar lagagreinir að hún fèllist á tillögur alþingis 1861 með tilliti til rèttar húsbóndans, en eigi með tilliti til rèttar hjúsins. Eg skil nú eigi, hvernig þetta getur þótt kostur á stjórnarfrumvarpiuu; mèr fyrir mitt leyti þykir það hinn mesti ókostur á lögum, að þau halli sönnu

jafnrètti, og fyrir það hlýt eg að taka breytingar minni hlutans svo langt fram yfir, með því að þar er jafnrètti milli hjús og húsbónda. Ef menn bera saman 4. og 6. tölulið, þá finna menn, að það sem stendur undir 4 tölulið 2. a, er samsvarandi því sem stendur undir 6. tölulið 3, og eins er 4, 2. c, samsvarandi 6, 1. Hèr er því jafnrètti til staðar, með því að það er eins rèttvíst og nauðsynlegt fyrir hjúið, ef húsbóndi hefir meitt mannorð þess, eður gjört sig sekan að svívirðilegum glæp, að geta skorazt undan að fara í vist til hans, eins og það er fyrir húsbóndann, að geta riptað vistarráðum við hjú af sömu rökum. Mèr þætti það nú sannarlega merkilegt, ef menn vildi eigi veita hjúinu samsvarandi rètt á móti húsbóndanum, sem húsbóndinn hefir á móti hjúinu. Þegar þetta er borið saman við 9. grein í stjórnarfrumvarpinu, þá stendur þar svo: »að hjú má eigi brigða vistarráðunum nema húsbóndi flytji í annað umdæmi, eður þá af landi burt o. s. frv.; en það má eigi bregða vistarráðunum sakir neinna ókvæðisorða eða áverka. Hvað sem um annað er, þá finnst mèr sjálfsagt að fallast á 4. og 6. tölulið, enda hefir framsögumaður tekið það svo greinilega fram við 4. tölulið 1, að ef hjú *tælir húsbónda á sèr*, hvort sem það heldur er munnlega eða skriflega, þá eru þessi fáu orð þó yfirgripsmeiri en stjórnarfrumvarpsins 1, grein, 3. og 4. málsgrein, með því að og ómögulegt er, að telja upp öll þau tál eður svik, sem geta fyrir komið.

Björn Pètursson: Það verður held eg hægt að koma með ástæður er fullnægi þingmanni Borgfirðinga, sem hvorki þykist beyra nè sjá. Þar sem hann var að bera saman 4. og 6. tölulið, þá fann hann það helzt stjórnarfrumvarpinu til foráttu, að hjúunum ei væri gefin eins mikill rèttur gagnvart húsbændunum eins og húsbóndanum gagnvart hjúunum, og vildi því heldur hallast að 4. og 6. tölulið hjá minni hlutanum. Það er satt, að það eru fleiri atvik talin í stjórnarfrumvarpinu, sem geta valdið því, að húsbóndi geti skorazt undan, að taka á móti hjúinu, heldur en þau, sem gefa hjúinu rètt til að ripta vistarráðunum. En eg verð að segja þingmanni Borgfirðinga það, að eins stendur á fyrir minni hlutanum. Hvað 4. og 6. tölulið snertir, þá er töluverð ósamkvæmni hjá minni hlutanum og rangindi, því það er stór munur á því, að hafa drýgt svívirðilegan glæp og að vera grunaður fyrir það, (sbr. 4. tölulið 2 a og 6. tölulið 3, þetta er mjög verulegur mismunur; því þó grunur sè fallinn á húsbóndann, getur hann vel fyrir það

verið saklaus og þó lætur minni hlutinn þetta hafa sömu afleiðingar, hvað vistarriptingu snertir.

Helgi Hálfdánarson: Eg ætla ekki að fara djúpt inn í þetta mál, því bæði er jeg því ókunnugri en flestir aðrir þingmenn, þar eð eg var hèr ekki, þegar það var áður rætt hèr á þingi, og líka er það í sjálfu sèr of vandasamt fyrir mig. Það eru að eins fáein atriði, sem eg vildi minnast á. Það er þá fyrst 2. greinin, sem mikið hefir verið talað um, og líkar mèr hún betur hjá minni hlutanum. Menn hafa mælt á móti henni af þeirri ástæðu, að hjúin geta samkvæmt henni verið mánuð og mánuð í hverjum stað, en þetta þarf ekki og á ekki að skiljast svo. Þetta er auðsèð af orðunum: »þó svo, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir«, þau sýna að hèr er haft tillit til þess, að stundum getur komið fyrir, að hjú af einhverjum atvikum komi í nýja vist eptir hjúaskildaga, og er þá öldungis rètt, að ákveða, að það þurfi ekki að vera heilt ár í vistinni, heldur að eins til næsta hjúaskildaga. Í 3. grein stendur: »hjá 2 eður *fleirum*«, og síðar: »þriðjunga, *og svo framvegis*«, og get eg ekki fellt mig við það; því þar í getur legið, að hjúið gæti vistað sig jafnvel hjá 10 eða 20, og áskil eg mèr þar breytingaratkvæði í þá stefnu, að hjúinu sè heimilt að vista sig hjá 2 eða 3, en ekki fleirum. Í 6. gr. stjórnarfrumvarpsins finnst mèr orðið: »eptir greiða« óþarft, og að í staðinn fyrir: »á öðrum stað« ætti heldur að standa: »á góðum stað«. Í 8. grein líkar mèr það ekki, að hjúið sè skylt að fara í annan samastað fyrst um sinn, hvernig sem ástatt er, og vil eg að tiltekið sè, að staðurinn sè að minnsta kosti jafngóður og hjá húsbóndanum sjálfum. Í 9. gr. felli eg mig ekki við orðin: »í annað amt«; það er of óákveðið, og gæti stundum verið að eins ein bæjarleið, þar hefir bæði meiri og minni hlutinn vikið frá stjórnarfrumvarpinu, og í staðinn fyrir: »í annað amt« sett: »2 þingmannaleiðir á landi eður 3 vikur sjávar«, en það álít eg of mikið tiltekið; mèr finnst það ósanngjarnt, að húsbóndi missi af hjúi fyrir það, að hann flytur í næstu sveit. Þá er hèr líka talað um það tilfelli að húsbóndinn færi af landi burt, og á hann þá, auk þess að missa hjúið, að greiða því fullt kaup og matarverð, þetta finnst mèr mjög hart. Það gæti t. a. m. staðið svo á, að maður hèr í Reykjavík, sem hefði ráðið til sín mörg hjú, yrði sökum lasleika að fara af landi burt, þá er það hart ef hann þyrfti að gefa þeim öllum fullt kaup og matarverð að auki, jafnvel þó þau strax

gætu fengið eins góða vist og hjá honum, eg vil því bæta þar við: »nema hann útvegi því aðra jafngóða vist«. Í sömu grein er matarverðið fyrir karlmann og kvennmann jafnt, og finnst mèr það ekki rètt, því allir vita, að karlmanni og kvennmanni er ekki ætlað jafnmikið fæði, og tek eg mèr að líkindum breytingaratkvæði við það þannig, að matarverð fyrir kvennmann verði þriðjungi minna, en ef því verður þannig breytt, þá þarf líka að breyta 29. grein. Þar sem í hinni nýju grein, sem meiri hlutinn hefir búið til, er ákveðið að sá, sem aptrar hjúi frá að komast í þá vist, sem það hefir ráðið sig í, svo það missir af henni, skuli greiða hjúinu »helming þess kaups, er því var heitið«, þá er þetta ósamkvæmt öðru í frumvarpinu, og tek eg mèr því hèr, það breytingaratkvæði að í staðinn fyrir: »helming þess kaups«, komi: »allt það kaup«.

Sveinn Skúlason: Hèr liggja fyrir þinginu tvenn niðurlagsatriði fyrir utan stjórnarfrumvarpið, og er því von að mönnum verði skrafdrjúgt. Þegar eg lít á niðurlagsatriði meiri hlutans, þá furðar mig á því, jafnvel og hann er skipaður mönnum, hvað lítið hann hefir afrekað; hann hefir hnýtt sèr aptan í stjórnarfrumvarpið, en gengið fram hjá tillögum þingsins 1861, og hafa þó sjaldan mál farið betur vönduð frá þinginu, en þetta mál þá, og þetta hefir stjórnin líka viðurkennt. En þó hefir meiri hlutinn eigi fundið ástæðu til þess að fylgja málinu fram á þessum rekspöl, heldur hefir hann eins og hopað á hæl og ekki gjört annað en sagt já og amen til stjórnarfrumvarpsins. Þetta finnst mèr illa farið. Þegar eg því heyrði ástæður beggja nefndarhlutanna, fundust mèr ástæður minni hlutans ólíka betri. Aðalbreytingin, um 12 mánaða tímann, finnst mèr betri hjá minni hlutanum, því það er samkvæmt því sem farið var hèr fram á 1861, þetta er og á góðum rökum byggt. Þingmaður Suðurmúlasýslu hefir bæði sèð og heyrt, og hann hafði sèð betur en eg nokkur breytingaratkvæði 1861, en þau voru þó ekki þá sèð eða heyrð af þinginu. 14. töluliður hjá minni hlutanum sem svarar til 19. gr. í stjórnarfrumvarpinu finnst mèr engin grýla; eg get ekki betur sèð en að ástæður minni hlutans sèu full ljósar fyrir muninum á refsingu barna og húsaga á fullorðnum hjúum, eins og líka að takmörkin þar eru greinilega tekin fram, svo það er ekki að óttast fyrir vanbrúkun frá húsbóndans hálfu. Eg ætla ekki að tala meira að svo stöddu, en vona að menn aðhyllist minni hlutann.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að bæta því við það sem hinn

háttvirti þingmaðnr Norður-Þingeyinga sagði, þegar hann svaraði þingmanninum frá Suður-Múlasýslu, að eg held, að þingmaður Suður-Múlasýslumanna hafi ekki lesið 6., 3., eður 9. grein minni hlutans 3. málsgrein til enda; það er nú ekki grunurinn tómur um glæp, heldur sá grunur, sem leiðir af sèr rèttarrannsókn; munurinn milli þessa og 7. greinar 2, a, verður því að eins sá, að grunurinn getur reynzt ósannur við rannsókniua, en ef hann reynist sannur, þá er munurinn enginn: enda standa og þessi orð: »eður húsbóndi er orðinn *sannur að sök*« um stóran glæp«, en í 7. grein 2. a, stendur: »ef hjúið drýgir einhvern þann glæp«. Eg finn nú engan mun á því í lagaskilningi, að drýgja glæp og vera sannur að sök um glæp, því sönnunin verður hvort sem er að vera til staðar. Ef eg væri viss um, að vinna hylli þingmannsins frá Suður-Múlasýslu, skyldi eg taka mèr breytingaratkvæði á þá leið, að þessar lagagreinir verði fyllilega samsvarandi, og eg er góður með það hvort sem er.

Brynjólfur Jónsson: Þegar eg skoða þetta þrennt, sem hèr liggur fyrir mèr, nefnilega fyrst frumvarp stjórnarinnar, þar næst niðurlagsatriði hins meiri, og svo hins minni hluta nefndarinnar, og þegar eg ber þetta þrennt saman sín á milli, þá verð eg að lýsa því yfir, að sú sannfæring hefir orðið ofan á hjá mèr, að fallast yfir höfuð að tala heldur að hinum minni hluta, en frumvarpinu og meiri hlutanum, þar sem þetta hvort fyrir sig fer í ólíka stefnu; og vil eg þá tilfæra ýmislegt það er eg einkum og sèr í lagi felli mig vel við hjá minni hluta nefndarinnar.

Það er þá fyrst hvað 1. niðurlagsatriði minni hlutans snertir, að eg verð að vera því meðmæltur fyrir þá sök, að þar er það tiltekið, sem hvorki hið konunglega frumvarp nè meiri hlutinn minnast á, að sá sem ófermdur er, skuli ráða sig í vist með vilja og ráði sóknarprestsins. Eins felli eg mig miklu betur við það, að hinn minni hluti hefir sleppt, því sem stendur í 1. grein stjórnarfrumvarpsins og sem meiri hlutinn vill halda, nefnilega að þeir sem eru yngri eu 16 ára hafi myndugleika til að vista sig sjálfir. 2. grein hins minna hluta, verð eg líka fremur að aðhyllast en bæði frumvarpið og meiri hluta, einkum af því þar er tiltekið að vistarráð skuli vera gild, þó skemur sè um samið, einungis að þessi skemmri vistarráð þó haldist til næsta hjúaskildaga. Hvað 3. tölulið snertir, sem minni hlutinn vill setja í staðinn fyrir 5. grein stjórnarfrumvarpsins, þá verð eg að telja honum það til gildis að

hann sè miklu ljósari en 5. grein frumvarpsins. Eg hefi marglesið þessa grein og aldrei fyllilega skilið hana, en er eg sá grein þá sem minni hlutinn hefir sett í hennar stað, þá gat eg fyrst skilið hver meiningin ætti að vera. Hvað viðvíkur 7. grein hjá minna hluta, sem samsvarar 7. grein stjórnarfrumvarpsins, þá þykir mèr hún ljósari og viðfelldnari; sama er og að segja um 8. grein.

Þá kemur 9. greinin, og verð eg að segja um hana að eg get hvorki verið stjórnarfrumvarpinu nè meiri eða minni hluta nefndarinnar samdóma. Í stjórnarfrumvarpinu segir svo: »nú flytur húsbóndi eptir að vistarráðin eru gjörð, en *áður en* vistartíminn byrjar í annað amt«. Þetta er skrítilega og óskiljanlega til orða tekið, og eg get eigi annað sèð en að þetta sè röng hugsun, því víðast mun það svo vera, að vistartími eða vinnuhjúaskildagi sè 14. maí, en í fardögum eru menn vanir að flytja sig búferlum. Þó að því einhver húsbóndi flytti sig í annað amt, þá hlýtur hið nývistaða hjú að vera komið til hans áður; en ekki sýnist það geta verið næg ástæða fyrir hjúið að fara ekki í vistina, þó húsbóndinn *eptir að* það er komið til hans flytji sig í annað amt; en eg get nú ekki heldur fellt mig við þetta amtstakmark, og vil eg því halla mèr nær því sem nefndin hefir tiltekið, þó með þeirri breytingu sem þingmaður Gullbringusýslu hefir tiltekið. Þá þykir mèr enn athugavert, að það skuli kallast vistarrof, ef húsbóndi flytur af landi burt, og að hann þá skuli gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir hinn umsamda vistartíma. Það fara fæstir af landi burt án einhverra sèrlega tilknýjandi orsaka, og hafi húsbóndinn látið hið vistráðna hjú vita þetta sitt áform svo fljótt sem hann gat því viðkomið, þá get eg ekki betur sèð, en hann hafi gjört það sem í hans valdi stóð til þess að hjúið ekki yrði vistlaust fyrir það, eða að það geti verið sèr úti um einhverja aðra vist; ef hann svo fljótt sem unnt væri, lèti hjúið vita, að kringumstæður sínar hefði breyzt, svo að hann gæti ekki við því tekið, þá álít eg það mjög ósanngjarnt, að þetta skyldi heita vistarrof.

Þar sem minn hluti nefndarinnar vill bæta 2 greinum inn í á eptir 11. grein, þá get eg ekki annað en fallizt á það; og einkum þykir mèr það eiga vel við, að þar er við stjórnarfrumvarpið bætt orðunum: »eða brýn nauðsyn krefji«. Það getur opt að borið, að hjúið sè einhverra orsaka vegna neytt til að fela öðrum eitthvert verk á hendur án þess að láta húsbóndann vita af því,

og get eg eigi haldið nokkurn húsbónda svo ósanngjarnan, að hann fyrir þá sök hafi neitt hjúinu til áfellis.

Þar sem minni hluti nefndarinnar vill tengja 30. grein aptan við 14. grein í stjórnarfrumvarpiau, og gjöra úr því eina grein, þykir mèr einnig vel við eiga, því í báðum greinunum er talað um kaup. Eg hefi þannig látið í ljósi meiningu mína, að eg yfir höfuð að tala vil heldur styðja álit hins minni hluta, þó að því undanteknu, að eg hvað 19. grein snertir vil heldur fallast á frumvarp stjórnarinnar.

Björn Pètursson: Eg er ekki eins sjóngóður og þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, að eg sjái þau breytingaratkvæði sem ekki eru til. Hann var með minni hlutanum en færði enga aðra ástæðu fyrir því, en að hann væri samkvæmari tillögum alþingis 1861, en þessi ástæða gjörir hvorki til nè frá. Hafi þingið þá haft rètt fyrir sèr, (sem eg efast um) þá væri rèttara, að fara nú eptir því; en hafi þingið 1861 tekið skakkt í málið, þá væri rangt, að binda sig nokkuð við það. Þingmaður Borgfirðinga hèlt að eg hefði ekki lesið til enda tölulið 6, þegar eg bar hann saman við 4. tölulið 2. »a» en hann sýndi þó líka sjálfur muninn á því, að vera grunaður um glæp, og því að vera sannur að sök; þegar saklaus maður er grunaður um glæp, þá er það hart ofan á þann órètt að missa annan rètt, rèttinn til hjúa sinna. Það er auðvitað, að þó ekki sè nema grunur um glæp til staðar, þá leiðir af því rèttarrannsókn, og á meðan hún ekki er til lykta leidd, er allt óvist, hvort hann er sekur eða sýkn.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil reyna að gjöra þingmanni Suðurmýlasýslu efnið í 9. gr. 3. málsgrein ljóst með dæmi. Ef húsbóndi verður grunaður um þjófnað, eða annan verri glæp, sem eg eigi vil nefna, þá tel eg víst, að faðir þyrði eigi að senda 16 ára gamlan son sinn eður dóttur í vist til hans, heldur mundi hann ripta vistinni, ef hann mætti. Það er því ísjárvert, að hjú, hvað ungt sem það er eður munaðarlaust, skuli vera skyldugt að fara í þá vist, þar sem húsbóndinn er undir rèttarrannsókn fyrir hvaða glæp sem vera kann. Mèr finnst því full ástæða til að veita hjúinu þenna rètt, svo það geti þó kosið um hvort það vill fara í vistina eður eigi, en sè eigi skyldugt að lögum að hætta mannorði sínu og siðferði, á móti vilja sínum og vitund.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið. Eg vona að þeir þingmenn, sem áskilið hafa

sèr að gjöra breytingaratkvæði, komi með þau til mín fyrir kl. 8 í fyrra málið. Ákveð eg svo fund til þess á morgun á hádegi.

Fundi slitið.

Þrítugasti og þriðji fundur — 14. ágúst.

Allir á fundi.

Gjörðabók frá siðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, vil eg geta þess, að ef öll þau mál sem eptir eru, eiga að verða útrædd, þá getur það fyrst orðið á laugardaginn; en nú er eptir að semja nokkur álitsskjöl, og veitir eigi af einum degi til þess. Eg vil því skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa, hvort hann sè ekki tilleiðanlegur til að bæta þessum eina degi við, svo að þinginu yrði sagt upp á mánudag hinn 17. þ. mán.

Konungsfulltrúi: Eg sè að það mun ei verða komist hjá því að lengja tímann um það sem forseti stakk upp á, ef málin eiga að geta orðið útrædd; en eg verð þá að áskilja mèr að málin verði útrædd á laugardaginn, svo að þinginu verði sagt upp næstkomandi mánudag.

Forseti: Eg efast ekki um að þingmenn muni gjöra sitt ýtrasta í þessu efni.

Sveinn Skúlason: Eg held þó að þingið verði lengt til mánudags, muni þingmenn samt ómögulega geta verið búnir með álitsskjölin. Mèr finnst því að takmark það, sem forseti setti, vera of þröngt.

Forseti: Eg lofaði engu í þessu efni, en sagði að það mundi vera líkindi til þess, að álitsskjölin yrði búin á mánudaginn. Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til undirbúningsumræðu skólamálið. Var málið síðan afhent framsögumanni.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi leyfa mèr að tala nokkur orð viðvíkjandi framsögunni í þessu máli. Þingheimur veit, að 5 menn voru kosnir í þessa nefnd; í þessari nefnd eru fram komin tvö nefndarálit meiri og minni hluta, svo að þrír eru á móti tveimur. Hver nefnd hefir nú eins og allir vita sín rèttindi og skyldur, eins og líka hver einstakur nefndarmaður. Þar eg nú álít að galli sè hèr til staðar við valið á framsögumanni í nefndinni, þar sem við minni hlutinn ekki höfum tekið þátt í því, þá vil eg bera það spursmál fram fyrir þingið og forseta þess, hvort minni hlutinn eigi hafi

átt rètt á að taka þátt í framsögumanns kosningunni og hvort því eigi sè ógilt val framsögumanns. Það var sem sè minni hlutans vilji að kjósa hinn háæruverðuga 2. konungkjörna þingmann fyrir framsögumann, og þegar ei voru fleiri en 5 í nefndinni, gátu að eins 2 atkvæði verið á hvora hlið, nema með því móti, að þingmaður Reykvíkinga sjálfur hafi valið sig fyrir framsögumann! En þetta vitum við minni hlutinn ekki.

H. Kr. Friðriksson: Eg tók að mèr framsögu málsins eptir tilmælum hinna tveggja meðnefndarmanna minna, sem í meiri hlutanum eru.

Benidikt Sveinsson: Það er kunnngt, hvernig þessi nefnd byrjaði, að þrír af nefndarmönnum skoruðust undan að vera í henni, og þessir hinir sömu þrír menn eru nú meiri hlutinn, svo að allir sjá, að mál þetta frá upphafi er gjört að kappsmáli frá þeirra háifu en eigi okkar. En eg get nú ekki betur sèð, en að allir nefndarmenn, eins við eins og þeir, hafi eigi að síður fyrir þá sök jafnan rètt; og að vísu hefi eg bæði djörfung og drengskap til að skýra frá hvað meiningu eg hafði í nefndinni og hefi enn.

Forseti: Samkvæmt 65. gr. alþingistilskipunarinnar er það *allrar* nefndarinnar að velja formann og framsögumann; en eg ímynda mèr að þetta gæti lagast með því fyrst að byrja á fjárkláðamálinu, fyrst hinn 2. konungkjörni þingmaður enn þá er ókominn.

Pètur Pètursson: Við sem vorum í meira hluta nefndarinnar völdum þingmann Reykvíkinga til framsögumanns. Þegar nefndin kom saman á fund, var heldur ekki minnzt á val framsögumanns.

Benidikt Sveinsson: Eg vona að þingið viti, hver formaður var í nefndinni; og það var hans vafalausa skylda að kveðja oss til nefndarfunda, og á fundi skal framsögumann kjósa. Og það sem eg sem minni hluti held nú fast fram, er einungis að við höfum sama rètt og meiri hlutinn, og þess vegna jafnan rètt honum til að taka þátt í kosningu framsögumanns. Eg hefði eins og eg sagði ekki valið þingmann Reykjavíkur til framsögumanns, en svo allir sjái að eg vilji miðla málum, skal eg ekki hafa á móti því, að hann hafi framsöguna á hendi, ef hann játar það hèr, að hann hafi sjálfur valið sig til framsögumanns í nefndinni.

Pètur Pètursson: Eg get ekki sèð, að það sè feil við 1. fundinn, sem formaðurinn hèlt; minni hlutinn ætlaði að útvega sèr skjöl málinu til upplýsingar, og að því búnu ætlaði formaðurinn að halda

fund aptur; eg beið því með að skrifa nefndarálitið, af því eg bjóst við skjölum frá minni hlutanum; en þegar þetta dróst lengur en eg bjóst við, þá skrifaði eg nefndarálitið og síðan var nefndarfundur haldinn. Það er satt að ekki voru fleiri en 2 fundir haldnir. Að öðru leyti þykir mèr það undarlegt, að gjöra þetta mál að kappsmáli, eg ímynda mèr að það geti ekki leitt neitt gott af því að setja það á spjótsegg.

Benidikt Sveinsson: Eg áskildi mèr strax á 1. nefndarfundi við formann nefndarinnar, sem er undir eins stiptsyfirvald, að við fengjum þær upplýsingar, sem hann gat látið í tè, og hefi enn fremur leitað til rektors skólans, sem hefir skjöl málsins undir hendi og bað hann að gefa oss upplýsingar í málinu; sagði hann það væri velkomið, ef konungsfulltrúi vildi leggja orð til þess; en konungsfulltrúi taldist undan og sagði það væri ekki skylda sín; þá fór minni hlutinn þenna veg, og hèlt sèr til þess, sem allir vissu, enda held eg, að það sè hið eina, sem þingið þarf og hlýtur að byggja á.

Forseti: Eg álít umræðurnar um þetta mál, sem ekki heyrir til þingmála, vera orðnar of langar, og vona því þær sèu á enda.

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætlaði mèr að eins að segja hið sama, sem hinn háttvirti forseti hefir nú tekið fram, og þykir mèr það mjög óheppilegt, þegar svo mikill ágreiningur er í nefnd, að hann þarf að koma svona fram fyrir þingið, því menn ættu æfinlega mest að forðast það, sem Napóleon gamli einu sinni kallaði að þvo óhrein línföt sín í allra manna augum. Þingið er að mínu áliti alls ei skyldugt til að taka nokkurt tillit til þess, sem gjörzt hefir innan nefndarinnar, og oss má vera það nóg, að framsögumaður er kosinn á löglegan hátt, hvort sem hann svo hefir kosið sig sjálfan líka eða ei, því það er heldur ekki ólöglegt; en að heimta það af honum, að hann skýri sjálfur frá þessu á þinginu álít eg með öllu óþarft og heimildarlaust, því atkvæðafjöldi verður þó að ráða eins í þessari nefnd og hverri annari, og oss varðar ei fremur um í þessu tilfelli enn annars að vita einmitt með hverra atkvæði framsögumaður hefir verið kosinn, að eins ef atkvæðafjöldinn er lögmætur og rèttur. Þeir, sem meira vilja vita, verða að láta sèr nægja með ágezkanir sínar tómar, og vona eg svo að meira verði ei talað um þetta óþarfa-efni.

Sveinn Skúluson: Það er öldungis rètt sem þingmaður Skagfirðinga sagði. Eg er harðánægður, ef eg fæ þann fullnaðardóm,

að þingmaður Reykvíkinga játi hèr á þingi, að hann sjálfur hafi valið sig til framsögumanns í málinu.

Björn Pèturssson: Eg vil skjóta því til forseta, hvort það eigi við hèr á þingi, að vera að deila um það, hvort framsögumaður sè rètt kjörinn í einni nefnd eður eigi, eg álít það vera nefndarmál en eigi þingmál.

Benidikt Sveinsson: Eg vildi óska þess, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi láta álit sitt í ljósi um það, hvort forseti ei hafi tekið rètt í þetta mál. Eg er að öðru leyti ánægður, ef þingmaður Reykvíkinga játar það, að hann hafi sjálfur valið sig til framsögumanns, hvort svo sem hann gjörir það með berum orðum eður áframhaldi framsögunnar.

Gísli Brynjúlfsson: Eg tek það upp aptur, sem eg sagði áðan, að þingið varðar alls eigi um, hvernig framsögumaður hefir verið kosinn í nefndinni, ef það hefir að eins verið gjört á löglegan hátt. Hitt allt verða nefndarmenn að eiga við sig sín á milli, og það er rangt, að vera að eyða tíma þingsins með því, að vera að bera slíkt undir það til einskis gagns. Eg álít þann framsögumann; sem nú er, löglega kjörinn, og þingið hefir rètt til að heimta, að í þessu sè nú ei nokkur grautur gjörður.

H. Kr. Friðriksson: Það er nokkuð undarlegt fyrst núna að fara að tala um þetta hèr á þingi, og hafa eigi nefnt það einu orði áður.

Pètur Pèturssson: Eg held atkvæði formannsins skeri úr, þegar jöfn eru atkvæði.

Sveinn Skúlason: Þegar eg mætti fyrir minni hlutann á fundi, var ekkert talað um að velja framsögumann, enda hafði eg heldur ekki neitt umboð til í hans nafni, að velja framsögumann, enda þurfti þess ekki, því meiri hlutinn talaði ekkert orð í þá átt.

Pètur Pèturssson: Mèr er öldungis sama, þó minni hlutinn hafi framsögu málsins á hendi. Það sem mèr einungis þykir undarlegt, er að vera að gjöra þetta mál að svoddan kappsmáli.

Jón Hjaltalín: Eg vil biðja forseta um að gjöra enda á þessu; það er svo óvanalegt hèr á þingi, að það hefir aldrei fyrr komið fyrir.

Stefán Eiríksson: Það er þó sannarlega merkilegt, að menn skuli nú vera að rífast um þetta hèr inni á þingi, og það er því merkilegra sem eg held að slíkt hafi aldrei átt sèr stað á undanfarandi þingum, og eg verð að álíta, að þessir nefndarmenn hafi

gjört sèr lítinn sóma í því, að fara nú að lýsa opinberlega á þingi ósamkomulagi sínu í nefndinni; og þó nefndir hafi skipzt i flokka í málunum eins og nú þessi nefnd, þá hefir þó aldrei kveðið svo rammt að ósamlyndi í nefndum, að þær ekki hafi komið sèr saman um að kjósa framsögumann (*Benidikt Sveinsson*: Þingmaðurinn heyrir og skilur ekki hvað verið er að tala um), og þar eg álít, að þetta komi ekki þinginu við, óska eg að tekið sè til með dagskrána.

Forseti: Eg vona að þessi umræða sè á enda, og verðnr því byrjað að ræða málið til undirbúnings.

Framsögumaður (*H. Kr. Friðriksson:*) Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið og ágreiningsálitið.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 362—364.

Eg ætla mèr ekki að gjöra þetta mál að neinu kappsmáli; það er á þingsins valdi að fara með það eins og það vill. Þetta mál hefir verið rætt hèr á þingi 1861, verið gagnskoðað af ráðherra kennslumálanna, sett nefnd í því hèr í Reykjavík, og rætt þar, og sömuleiðis af kennurum skólans, og síðan af stiptsyfirvöldunum, og að síðustu nú sent rektor skólans til álits. Þetta verð eg að skilja svo, að í máli þessu muni vera komnar fram allar þær ástæður með og mót, sem unnt er að fá. Minni hlutinn hefir heldur ekki komið fram með eitt einasta nýtt atriði í málinu, því allar uppástungur hans eru fyrr eða síðar komnar fram í málinu. Eg sè því ekki, að þó þingið nú á ný sendi bænarskrá, þá geti það gefið nokkra nýja upplýsingu málinu til gagns, auk þess sem það er mjög óviðkunnanlegt, að senda svona hverja bænarskrána á fætur annari til stjórnarinnar í sama málinu, meðan hún er að hugsa um það. Afleiðingin af síðasta niðurlagsatriði nefndarinnar er beinlinis sú, að beðið sè um að fresta málinu, sem að líkindum annars yrði útkljáð í vetur; minni hlutinn biður því beinlínis um, að ekkert verði gjört við málið fyrr en 1865, og girðir þannig fyrir að nokkuð verði gjört fyrr en að þrem árum liðnum. Það eru og eins dæmi, að þess konar reglugjörð sè lögð fyrir þing, og eg þori óhætt að spyrja þingmenn að, hvort þeir muni allir treysta sèr að gefa atkvæði sitt um fyrirkomulag kennslunnar, og í hvaða hlutfalli kenna eigi kennslugreinirnar.

Jón Hjaltalín: Eg vil vekja athygli þingsins að fáum orðum í álti minni hlutans. Þó hinn háttvirti minni hluti ekki þykist eða rèttara sagt, þó hann játi, að hann ekki þekki ástæður

Reykjavíkurnefndarinnar, þá segist hann þó verða að álíta þær óheppilegar. Þetta er að dæma um það, sem menn ekki hafa sèð, og eg vona að þingið láti ekki sannfærast á slíkum hleypiglósum.

Benidikt Sveinsson: Eg ætla mèr ekki að svara mörgu í þetta skipti. Hinn háttvirti framsögumaður byrjaði á þeirri makalausu sönnun, að málið hefði verið fyrir hèr á þingi, og hefði verið rætt í Ministeriinu — skyldi hann hafa verið þar líka? — verið sett nefnd í það hèr í Reykjavík og væri nú sent til álits rektors. Þessar 4 ástæður eru glæsilegar álitum, enda dró hann líka út af þeim miklar og margar ályktanir, en hann verður að gjöra svo vel og gá að því, að hann ekki getur dregið *alls konar* ályktanir út af þeim; og hann verður þess vegna að gá að því, hvort ályktanir hans sèu rèttar eða rangar. Hann gleymir því, að sá, sem ræður mestu í þessu máli, er ráðgjafinn; og þegar málið er nú hjá rektor, þá getur álit hans ekki komizt fyrr til handa stjórnarinnar en í haust, og um sama leyti geta einmitt tillögur alþingis borizt stjórninni, svo að drátturinn á málinu, sem hann ber fyrir, er gripinn úr lausu lopti; það er nú enn fremur kunnugt, að rektor i fyrra sumar sökum lasleika varð að fara til útlanda, og gat því eigi tekið þátt í störfum Reykjavíkurnefndarinnar, en nú hefir stjórnin sent honum málið aptur til álits, og þetta sýnir einmitt, að stjórnin vill hafa fleiri upplýsingar heldur en enn þá eru framkomnar; þetta atriði, að málið er sent rektor, sem framsögumaður bar í vænginn *á móti* því, að þingið skipti sèr af því, er þess vegna einmitt ástæða *með* því, að þingið taki málið nú til yfirveguunar, og það er þetta, sem minni hlutinn hefir sèð; þetta þing getur því komið með nýjar ástæður, og að minnsta kosti getur framsögumaður ekki dæmt um þær fyrr en þær eru komnar í ljós. Eg vil spyrja framsögumann, hvort hann nokkurstaðar geti skýrt mèr frá ástæðum alþingis 1863, þær geta þó ekki komið í ljós fyrr en þær eru getnar. Þegar bænarskrá er send til þingsins, og nefnd er sett í málið, þá er það nú þar að auki heldur en ekki vafasamt, hvort stjórnin getur afskorið tillögur þingsins með því, að segja að hèr sè ekkert við að gjöra, það sè utrætt um málið, þegar þó úrslit málsins eigi eru um garð gengin. Eg vil enn fremur benda á, að þingið 1861 skoðaði málið samkvæmt vilja landsmanna, en nefnd sú, er var sett í málið hèr í Reykjavík hefir að mörgu leyti vikið frá tillögum þess. Eg segi þetta ekki til þess að álasa nefndinni, en vona einungis að starfi hennar komi

svo fram fyrir almennings sjónir, að það sjáist að hún hafi ekki gjört annað en það sem er samkvæmt skynsamlegum og á rökum byggðum vilja landsmanna. Alþingið getur og blýtur því nú að taka málið fyrir og gefa þær bendingar, sem ei eru enn þá fram komnar í málinu. Eg vona því, að framsögumaður komi með ýtarlegri sannanir en hann hefir gjört, til þess að sýna, að tillögur minni hlutans sèu rangar í þessu máli, sem hann verður að láta sèr hugfast að undir eru komin hin mest áríðandi og helgustu rèttindi landsmanna, og hinir blessunarríkustu ávextir fyrir ættjörð vora í bráð og lengd, í andlegan og líkamlegan máta.

Eg ætlaði enn fremur, áður en eg settist niður, að minnast lítið eitt meira á dráttinn á þessu máli en eg gjörði áðan. Setjum svo, að nokkur dráttur yrði á málinu fyrir aðgjörðir alþingis; en eg verð að segja það, að eg er ekki í þeirra manna tölu, sem segja, að latínuskólinn sè svo vondur, að það þurfi strax að breyta honum. Það er víst, að það eru gallar á fyrirkomulagi skólans, en þeir snerta ei kennarana sjálfa beinlínis, heldur standa einkum í sambandi við nauðsyn og ásigkomulag landsins. Það er nú bezt að hugsa sig vel um þetta mál, og hrapa eigi að breytingunni um of, svo hún verði næg og góð, og maður þurfi ekki á eptir að segja: »non putavi«, á þessu varaði eg mig ekki. Það er sannarlega slæmt fyrir þingið að verða að gjöra slíka játningu. Skólinn getur vel þolað eins árs bið, en hann er ei svo fullkominn, að ekkert þurfi, já að ekki þurfi margt við hann að breyta og lagfæra, því sízt er hann svo fullkominn, að hann þoli rangar og vanhugsaðar breytingar nú þegar. Framsögumaður hefir annars víst eigi brèf í vasanum fyrir því, að ráðherrann sem nú er, og er hinn mesti menntavinur, komi þessu máli í kring í haust. Framsögumaður sagði, að minni hlutans uppástungur væru gripnar út úr lausu lopti, en eg vil geta þess, að í öðrum löndum er komið fram stríð og keppni um það, hvor stefnan meiri eður minni hlutans sè rettari. Eg vona nú að þingið fari að ræða málið sjálft. Eg hef ekkert á móti því, að álit mitt falli, en eg vil að það falli fyrir rèttum ástæðum, en eigi fyrir ástæðuleysi framsögumanns. Hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði, að minni hlutinn þekkti ekki ástæður Reykjavíkurnefndarinnar; en minni hlutinn þekkir niðurlagsatriðin, og þarf því ei ástæðurnar, því af góðum ástæðum flýtur góð niðurstaða, og sè niðurstaðan slæm, hljóta ástæður *hennar* og að vera það líka, en um aðrar ástæður varðar menn eigi. Minni hlutinn byggir þannig

óhult á niðurlagsatriðum Reykjavíkurnefndarinnar, og þau standa prentuð í blöðunum, og þingið getur þá eins rætt þau og rannsakað, þó ástæðurnar sèu ekki fyrir hendi, eins og menn t. a. m. geta rætt um lög, þó menn hafi ekki ástæðurnar fyrir þeim, því þeirra þarf að eins við, þar sem lögin eru óljós, eður öðruvísi en þau eiga að vera, og eins er það nú um niðurlagsatriðin, er hèr ræðir um.

Framsögumaður: Eg er nú ekki eins mælskur eins og hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður, og ætla heldur ekki að balda eins málsnjalla ræðu og hann. Hann sagði, að eg vissi lítið um það, að málið hefði verið haft til meðferðar í ministeríinu; en eg vil spyrja, ætli ministerinn ekki hafi hugsað um málið áður en hann setti nefndina í Reykjavík, eða ætli hann hafi sett hana svona út í bláinn? Eg sagði heldur ekki, að allar ástæður hlytu að vera komnar fram, en eg sagði að naumast mundu koma fram nokkrar nýjar ástæður, sem eigi væru áður komnar, og eg hef því meiri vissu fyrir því áliti mínu sem minni hlutinn ekki hefir komið fram með eina einustu nýja ástæðu. Allar ástæður hans komu fram á alþingi 1861, og þegar nú ekkert kemur fram nýtt, þá er ekki til neins að vera að tyggja upp aptur og aptur það, sem áður er komið. Það er ekki þingið sem á að leiða þetta mál til lykta heldur ráðherrann, og eg held það skýri ekki fyrir honum málið, þó farið sè að taka upp fyrir honum sömu ástæðurnar aptur. Það eina sem nýtt er er 6. tölul. og viðbótin við 4. atriðið, sem er öðruvísi en uppástungur þingsins 1861; en sú uppástunga er komin frá Reykjavíkurnefndinni. Mèr finnst undarleg sú skoðun þingmannsins að hinn 3. konungkjörni þingmaður skuli hafa gengið manna bezt fram í málinu 1861 og haft þá bezt vit á því; en hafi nú farið á móti betra viti eða eigi haft vit á því. Minni hlutinn hafði víst ekki fyrir sèr Instrux Reykjavíkurnefndarinnar, og getur því ekki dæmt um, hvort nefndin hafi misst sjónar á ætlunarverki sínu. Að því er snertir »C« um dráttinn á málinu og það er þingmaðurinn sagði, að ekki lægi á breytingunni fyrstu árin, þá verð eg þó að segja það, að ef breytingin er nauðsynleg, þá er bezt hún komist á sem fyrst.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu var nú á því, þegar bænarskráin kom hèr fyrst inn á þing í þessu máli, að ekki væri brýn nauðsyn á að taka mál þetta fyrir, en úr því málið var tekið inn á þing virðist mèr það ekki samboðið þeim áhuga sem þingið hafði

á máli þessu 1861 að vísa því nú frá sèr á annan veg en í bænarskrá til konungs; minni hlutinn hefir nú komið fram með margar verulegar uppástungur í málinu, og því finnst mèr að þingið ætti að láta sèr annt um, að allar upplýsingar og óskir landsmanna, sem minni hlutinn hefir nú fundið ástæður til að koma fram með, komi fyrir stjórnina, úr því að málið áður er ekki komið svo langt á veg, að stjórnin sè búin að leggja á það hin síðustu úrslit, hvorki á gjörðir Reykjavíkurnefndarinnar nè á úrslit þingsins 1861. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að bændur ekki gæti gefið atkvæði sitt, um ýmsar kennslugreinir; í þessu finnst mèr nú liggja nokkuð harður dómur; eg fyrir mitt leyti álít, að bæði eg og aðrir bændur geti með fullri skynsemi gefið atkvæði sitt í máli þessu nú eins og 1861, og eg ætla þó stjórninni að hafa vit á að vinsa úr minna hlutans uppástungum það sem henni þykir tiltækilegast um kennslugreinirnar.

Sveinn Skúlason: So bregðast nú krosstrè sem önnur trè, og svo má nú segja um hinn 5. konungkjörna þingmann, því hann, sem er svo frjálslyndur eins og allir vita, er vist orðinn svo þreyttur á störfum sínum í Reykjavíkurnefndinni, að hann er nú ekki einungis bilaður heldur og brotnaður. Hann vill nú kasta þessu máli fyrir hund og hrafn, en eg saknaði þess hjá honum, að hann ekki minntist á niðurlagsatriði minni hlutans; en gekk þar á móti í ræðu sinni út frá því, að það væri ómögulegt að nokkur gæti fundið að aðgjörðum skólanefndarinnar, sem sett var í Reykjavík; en þetta er nú alveg órètt skoðun. Það er illt þegar aðrar eins ræður og hans ræða var koma fyrir á erlisdögum þingsins, ræður sem ekkert ganga inn á það efni, sem fyrir liggur.

Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að í niðurlagsatriðum minni hlutans væri ekkert nýtt. En það er þó, og furðar mig á því, að hann ekki skuli hafa fundið það, þar sem hann þó las upp ágreiningsálit minni hlutans, og vil eg þá reyna að sýna mismuninn og hið nýja hjá minni hlutannm.

Minni hluti nefndarinnar mismunar bæði frá áliti þingsins 1861 og eins frá Reykjavíkurnefndinni.

Það er þá fyrst viðvíkjandi 2. tölulið um aldurstakmarkið, þar er hjá minni hlutanum ný regla. Við sem erum í minni hlutanum fundum það, að skoðun þingsins 1861 um það efni ekki var nógu frjálslynd, en Reykjavíkurnefndin kom þar með eintómar undanþágur.

sem ekki eiga í lögum að finnast. Það er ekki hèr gjört, og því er minna hlutans niðurlagsatriði alveg nýtt, því þar er það tekið skýrt fram, að enginn yngri en 16 ára geti fengið inngöngu í skólann; hèr er því girt fyrir allan efa. Þar á móti vill minni hlutinn ekki, að neitt sè tiltekið um það, hvað pilturinn megi vera elztur, er hann komi í skóla, ef hann að eins hafi hæfilegleika til þess. 1. niðurlagsatriði minna hlutans er og nýtt. Það er bæði breyting frá uppástungum alþingis 1861 og eins frá uppástungu skólamálsnefndarinnar í Reykjavík. Í öllum þeim bænarskrám, sem komu til þingsins 1861, var beðið um, að inntökuprófið væri af tekið, þar eð það væri sú grýla, er fældi menn frá að láta sonu sína fara í skóla. Þingið 1863 vildi sleppa inntökuprófinu, en allt fyrir það hefir Reykjavíkurnefndin haldið inntökuprófinu, þvert á móti tillögum þingsins 1861, og því höfum við breytt greininni; við viljum nefnilega, að nýsveinar sèu reyndir, bæði svo vissa sè fyrir því, að þeir geti komizt inn í skólann og fylgt þar með kennslunni, og svo hitt, að heimakennslan ekki deyi alveg út af, og því höfum við viljað halda prófinu. Framsögumaður þóttist ekki heldur finna neitt nýtt í 4. tölulið, hvorki breytt frá þingsins tillögum 1861, nè heldur frá Reykjavíkurnefndinni. (*Pètur Pèturson*: Það er ruglingur). Nei, það er satt, því þar er klínt inn í niðurlagsatriði skólamálsnefndarinnar því eina reglugjörðaratriði, hvernig rektor eigi að skipta niður tímunum; en það fannst okkur vera það mál, sem skólakennararnir sjálfir eigi að ákveða; þetta er því ruglingur hjá Reykjavíkurnefndinni eða skólamálsnefndinni, er sett var í Reykjavík; en hún hefir fellt úr það atriði, er ekki mátti sleppa, sem er það, að einkunn í íslenzku skuli hafa tvöfalt gildi; og það er þó samhljóða uppástungum skólastjórans, að einkunnir, ekki einungis í grísku og latínu, skuli hafa tvöfalt gildi, heldur og í íslenzku. Hvað 6. tölulið snertir hjá minni hlutanum, þá er hann spánýr, því hann er bæði móti tillögum alþingis 1861, skólanefndarinnar í Reykjavík og áliti kennaranna við skólann. Minni hlutinn vill ekki, að stofnað sè nýtt embætti fyrir launaðan inspektor, og eg skal seinna leyfa mèr að færa meiri ástæður fyrir því atriði hjá minni hlutanum en eru í ágreiningsáliti hans, ef þörf gjörist. Hèr er því margt nýtt. Það er líka nokkuð nýtt í 5. atriðinu, það sem sè, hvernig bækurnar eigi að vera úr garði gjörðar. Minni hlutinn vildi, að það væri frjáls *Concurrence* (keppni), að eg brúki það orð, þó það ei sè íslenzkt, um að semja bækurnar, og svo eiga stipts-

yfirvöldin að kveðja til 3 óvilhalla kennslufróða menn til að meta handritin; en Reykjavíkurnefndin vildi, að hlutaðeigandi kennari skyldi skera úr, hvort handritið skyldi taka, og hverju það skyldi launa; og yrði hann eptir því opt dómari í sinni eigin sök, því líklegt er þó, að hann væri fær um að keppa um tilbúning skólabókar í sinni vísindagrein (*Pètur Pètursson:* Á þá kennarinn að hafa bækur að kenna eptir, sem hann ekki getur kennt eptir?). Hann kann þá ekki að kenna; og það er næsta undarleg skoðun hjá hinum 3. konungkjörna þingmanni, sem allt af er að taka fram í með þetta. Það er þó líklegt, að yfirstjórn skólans með 3 kosnum mönnum geti sèð um, að hver skólabók verði svo frambærileg, að hver kennari, nema hann sè því lakari, geti kennt eptir henni. Þannig fellur þá setning þingmannsins, sem tók fram í. Enn er nokkuð nýtt í 8. töluliö, og það er það, að forða skólasjóðnum frá óþarfa kostnaði, sem sè að veita piltum, er skara fram úr, sæmdargjafir að eins við burtfararpróf, eins og var á Bessastöðum. Við álítum það óþarfakostnað að veita sæmdargjafir aptur og aptur við hin opinberu próf, því gjafirnar missa þá þýðingu sína, og eins að veita umsjónarmönnum úr flokki skólasveina bækur í launaskyni fyrir umsjónina. 9. töluliður er að nokkru leyti nýr. Okkur þótti skilyrðin hjá Reykjavíkurnefndinni fyrir því, að piltar gætu fengið hinar hæstu ölmusur, svo mörg, að við hlutum að álíta, að ölmusurnar ekki gætu komið að notum, þeim sem ættu að fá þær, af því svo fáir eða jafnvel engir gætu fengið þær, þar eð þeir ekki mundu verða nema mjög fáir, sem fyllt gæti öll þau skilyrði, sem Reykjavíkurnefndin setur. Því vildum við hafa skilyrðin einfaldari; og það verða vist engin vandræði fyrir skólameistarann og yfirumsjónarmenn skólans, að veita ölmusurnar, þó skilyrðin sèu óákveðnari.

Um B þarf eg ekki að tala neitt, því við höfum fallizt þar á skoðun þingsins 1861. Það er ósamboðið skoðun landsmanna, að búa til stúdenta og hálfstúdenta, og hjá Reykjavíkurnefndinni eru mörg skilyrði sett, sem gjöra þannig einungis hálfstúdenta og gjöra því privatdimission ónýta, þegar engum er trúað fyrir henni öðrum en skólanum eða nefnd í Reykjavík; urðum við því að aðhyllast skoðun þingsins 1861. Við sjáum ekki betur en hèr sè af Reykjavíkurnefndinni gjörð hin stærstu afglöp, því með þessu lagi er prestaskólinn og allar aðrar innlendar menntastofnanir settar lægra en háskólinn erlendis, og það er sú minnkun, sem vèr Íslendingar, er vilj-

um halda fram innlendum menntastofnunum, getum eigi látið á oss liggja. Hèr á að vera ein dimission, hèr um bil hinn sami lærdómur og alveg hin sömu rèttindi. Um C skal eg ekki tala mikið; ef þingið samþykkir uppástungur minni hlutans, gildir mig einu þó C falli. C átti einmitt að vera til þess, að við Íslendingar fengjum tryggingu fyrir atkvæði voru í þessu máli, áður en því er ráðið til lykta.

Forseti: Það var ágætt, að þingmaðurinn tók fram þau atriði er ný væri í málinu, og vona eg, að þingmenn nú tali sèr í lagi um atriðin.

Benidikt Sveinsson: Meðnefndarmaður minn í minni hlutanum, hefir nú tekið fram þau atriði sem sýna, að framsögumaður hafði ekki rètt að mæla, er hann sagði, að ekkert væri nýtt hjá minni hlutanum; eg vil nú taka fram hina hliðina, að ekki er svo margt nýtt, að þær umræður þurfi að rísa út af minni hlutanum að þeir, sem eiga að vinna saman berjist með kappyrðum tómum, hèr eru ekki svo margir vinnukraptar á þingi, að slíkt geti leitt til hamingju.

Er nú ekki samur vilji landsmanna 1863 og var 1861, sá, að gjöra kennsluna í skóla vorum einfalda, þjóðlega og innlenda, svo ekki þurfi að koma einlægar umkvartanir um embættismanna skort og hin fegursta bygging lands vors, ekki þurfi að vera í auðn? Þetta var nú atkvæði þingsins 1861, og minni hlutinn fer nú í sömu stefnuna samkvæmt bænarskrá Húnvetninga; hefir nú minni hlutinn við ekkert að styðjast? Eg vil nú taka fram nokkur atriði, er sýna, að minni hlutinn án þess að yfirgefa þetta sjónarmið, þó vildi beygja sig eptir tillögum Reykjavíkurnefndarinnar. Reykjavíkurnefndin vill halda inntökuprófinu sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, þvert á móti beiðni landsmanna og tillögum þingsins 1861, já hún hefir og jafnvel viljað búa til gráður eða stig í því. En minni hlutinn hefir nú haft vit á, að sameina þessar ólíku stefnur, með því, að láta prófið falla burtu sem skilyrði fyrir inntökunni, en þó halda því að öðru leyti. Reykjavíkurnefndin hefir nú víst í sínum huldu ástæðum, haft það fyrir augum, að hún ekki hefir viljað, að foreldrar vanræktu að láta kenna sonum sínum heima; sömu ástæðu hefir nú og minni hlutinn, til að fallast á hana að þessu leyti og þangað til það verður sannað, að hún sè ekki skynsamleg, verð eg að segja hún sè það. En minni hlutinn vildi ekki, að menntunarþörfin Íslendinga verði drepin niður með því, að gjöra pilta aptur-

reka, og við treystum Íslendingum svo, að þeir ekki síður fúsir en tvöfalt neyddir, kenni sonum sínum, þegar þó lögin skipa þeim það. 1. töluliður er því samsteypa úr Reykjavíkurnefndinni og þinginu 1861. Við álitum, ófært að fátækir piltar, t. a. m. úr Múlasýslum, væri gjörðir apturreka vegna duttlunga skólakennaranna, enda hefir þetta atriði komið mönnum helzt til að kvarta um skólann og forðast hann líkt eins og heitan eld. Eg var einn í þingnefndinni 1861 og þá tók hinn háæruverðugi 3. konungkjörni, sem var formaður og framsögumaður nefndarinnar, þetta svo ljóslega fram að engu þurfti á að bæta. Í 2. niðurlagsatriði sínu hefir minni hlutinn enn fremur farið meðalveg á milli þingsins 1861 og Reykjavíkurnefndarinnar, og haldið þeirri skoðun að enginn gæti fengið inntöku í skólann yngri en 12 vetra, en þótti það ofhart, að enginn eldri en 16 ára gæti komizt í neðsta bekk. Reykjavíkurnefndin hefir nú viljað greiða úr því með leyfi frá stiptsyfirvöldunum. Það lítur svo út, sem Reykjavíkurnefndinni hafi þótt það varúðarvert, að binda föstum reglum það aldurstakmarkið, nær piltar mættu koma yngstir í skóla. Í þessu atriði hef eg eins mikið atkvæði og hinir aðrir heiðruðu meðnefndarmenn mínir um það, að það er rangt og óeðlilegt, að lögin gefi tilefni til eilífrar undantekningar og bónarbrèfa, það er mun rèttara að setja þá reglu sem í flestum tilfellum er hentugust og aldrei þarf að koma að baga, og er því ekki of hörð þegar menn þekkja hana. Því vildi minni hlutinn ekki ákveða, hvað menn mættu elztir koma í skóla, og eg vona að þingmenn, sem þekkja til í sveit, sjái, hvort haganlegt er að setja þar nokkurt víst takmark við. 6. atriðið er nýtt og mismunar bæði frá þingnefndinni 1861 og frá Reykjavíkurnefndinni. Hvað kennslubækurnar snertir, þá er það hèr um bil sama sem hjá Reykjavíkurnefndinni, og svo lítill mismunur er á því, að ekki ætti að verða miskilið um það atriði. Hvað 7. atriði snertir, þá hefir minni hlutinn lagað sig eptir Reykjavíkurnefndinni, og þótti það í alla staði eðlilegt og rèttlátt, að hið vægara, ölmusumissirinn, skyldi fyrr viðhaft, en hið strangara, burtreksturinn úr skóla. Um ölmusurnar hefir minni hlutinn og lagað sig eptir Reykjavíkurnefndinni, hvað það snerti að fjölga ölmusuuum, og skipta þeim í 3 flokka og að láta hina fátæku úr fjarlægum hèruðum sitja fyrir öðrum; og fannst okkur í minni hlutannm, að Reykjavíkurnefndin hefði rèttara að mæla að þessu leyti en þingið 1861. En þessi 6. lagaskilyrði sem Reykjavíkurnefndin fer fram á, gat minni hlutinn eigi fallizt á, því

þau mundu svo sjaldgæf öll til samans hjá piltum úr fjarlægustu hèruðunum, eptir fjölda þeirra að reikna, að 10 mundu eigi hafa þau ár hvert, því það mætti heita gott, að 1 af 10 hefði þau öll í senn, en að 100 pilta væru úr fjarlægustu hèruðum ár hvert, er þó ólíklegt. Þess vegna vildi minni hlutinn og ekki vera svo strangur í þeim skilyrðum. Svo er nú tímataflan; hún skilur mest minni hlutann og Reykjavíkurnefndina, og það var tekið fram 1861, að menn ættu að láta sèr nægja, að *einkum* væri lögð stund á latínu, grísku og íslenzku. Íslendingar hafa heldur aldrei verið illa teknir erlendis, þó þeir ekki hefði lesið í skólum þenna mikla fjölda af aukafögum, er eg svo nefni. Það er og enn, að menn í menntuðustu löndunum ekki heimta þenna vísindagreinafjölda í skólum, t. d. í Frakklandi. Í Danmörku og Þýzkalandi er hann heimtaður það er satt, og eins máske í Svíaríki, en þar er líka megnasta óánægja gegn þessari nýju stefnu í kennslunni, og þeir hljóta hvívetna að fækka, sem leggja stund á vísindi, þar sem hún er við höfð, því hún drepur andlegan þroska hins unga, í stað þess að lífga hann. Enda bætir þessi nýja stefna ekki úr neinni nauðsyn annars vegar, því hún hleður á menn mörgum vísindagreinum, sem hver maður verður að kasta frá sèr, undir eins og hann er sloppinn úr skóla. Skólanefndin hefir gengið út frá því, að í skólanum skyldi kennt allt hið sama og áður hefir kennt verið; er það að gjöra kennsluna einfalda og þjóðlega? Já! hafi hún verið einföld og þjóðleg áður, en það er aptur einmitt það sem hefir áskortað. Eg vil nú ekki kasta hnútum í Reykjavíkurnefndina, en eg skal sýna, að minni hlutinn hefir byggt skoðun sína á ástæðum. Það sèst á Reykjavíkurnefndarinnar niðurlagsatriðum, að hún hafi viljað draga saman kennsluna og gjöra hana innlenda, en það hefir minni hlutinn gjört, og það hefir blessazt vel hèr á landi til skamms tíma. Og hvað eiga þessi útlendu fræði? Hver sèr t. a. m. hèðan grös eður steina í Danmörku? Eg hef sèð unga menn í Danmörku leita grasa, og bera bókina með sèr og bera saman, en varla held eg að Danir fari 300 mílur til þess að leita að dönskum grösum. Af þessari ástæðu gjörði hinn 5. konungkjörni þingmaður breytingaratkvæði 1861. Enda mundi það eiga bezt við, að skólapiltar hjá oss lærði almennan vísindalegan inngang til grasafræði, og lærðu síðan að þekkja sèrstaklega íslenzkar jurtir og grös. Þetta er aðalatriðið, og eg vona að hinn 5. konungkjörni þingmaður kannist við sjálfan sig 1863; minni hlutinn hefir byggt á atkvæði hans 1861. Nú ræður þing-

maðurinn hvað hann gjörir. Svo koma nú þessar margbrotnu privatdimissionir. 1861 var stungið upp á, að einstakir menn mættu útskrifa stúdenta, sem hafi sama rètt og stúdentar Reykjavíkurskóla. Í sambandi við þetta er nú það sem eg nýlega tók fram, sú mótbárase m sè, að það sè ómögulegt fyrir einn mann að kenna allan þenna vísindagreinafjölda, og þessi ástæða er nú því ríkari, sem allt þetta er kennt í skólanum; Reykjavíkurnefndin hefir nú haldið kröfunum, en breytt skilyrðunum; það hefir vakað fyrir henni, að það ætti að vera sem minnstur munurinn, en þungt högg hefir þó komið niður á þeim sem saklaus var og sízt mátti við því, nefnilega prestaskólanum, og öðrum innlendum menntastofnunum, ef þær komast á fót. Hèr er gefið að *nafninu* einkarèttur privilegium þeim er ganga vilja á prestaskólann, en þeir sem fara til háskólans, af þeim er heímtað meira. En þegar betur er að gáð, inniheldur þessi einkarèttur niðurdrep prestaskólans og ámæli það gegn honum, að hann þurfi eigi almenna menntun til undirstöðu, sem annars sè nauðsynleg. Þetta er varúðarvert. Eg vil fús þola öfugyrði fyrir það; þó eg láti í ljósi virðingu mína fyrir prestaskólanum; en eg vil ekki láta það sjást eptir mig, að eg meti minna innlenda menntastofnun en útlenda. Jöfnuðurinn fæst nú með því að heimta af *öllum* það, sem er í raunínni *öllum* æðri vísindastofnunum nauðsynlegt og ekkert annað, svo mikla þekkingu og andlegan þroska sem útheimtist til þess að geta orðið reglulegur visindamaður og gagnlegur í mannlegu fèlagi. Vèr eigum nú þá ágætis-vísindamenn, sem eru færir um að kenna mönnum, svo þeir aptur verði landi voru og lýð að gagni og sóma, og eg gæti nefnt einn sem enn lifir, og margir ágætismenn hafa menntast hjá, og það er byskup Árni Helgason í Görðum. Þarf nú latínuskóli vor að heimta annað eða meira en lærisveinar þessa ágæta öldungs hafa sýnt að þeir hjá honum numdu, eða urðu þeir verr úti við háskólann en þessir sprenglærðu stúdentar nú á dögum, eður slakari embættismenn? Eg vil leyfa mèr að óska þess af þeim sem vilja rífa niður álit minni hlutans, að þeir gæti að því, að minni hlutinn hefir ekki gripið ástæður sínar úr lausu lopti. Þetta þing ætti þó ekki að vilja víkja frá þeim menntunarvegi, sem hefir verið happadrýgstur fyrir land og lýð um langan aldur að undanförnu. Eg er enginn kappsmaður, en í tilliti til þess, sem framsögumaður áðan sagði, vil eg geta þess, að eg hef vit á að gjöra mun á máli

og manni, og hver þingmaður hefir leyfi til að láta í ljósi meiningu sína um hvert mál sem er.

Jón Hjaltalín: Já, já, nú held eg að fari að rætast ritningarnar, og mèr dettur nú í hug sú gamla vísa: Þó þeir grauti með grallarann, og gjöri hann allan vitlausan«. Hèr held eg sè nú sannarlega einhver grautur á ferðum, og það vil eg reyna til að sanna með ljósum orðum, og með styttri ræðu, en hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður hèlt nú. Eg segi það, að hèr er verið að búa til einhvern graut handa þinginu, og grautargjörðarmönnunum liggur lífið á, að þingið smakki sem fyrst á honum. Því það er eins og það þurfi að eins að tala um hèr einstöku atriði, rètt eins og það væri við ályktarumræðu. Eg ætla nú að svara nokkrum atriðum í ræðu hins konungkjörna varaþingmanns. Hann sagði, að stjórnin vildi hafa meiri ástæður í málinu. Eg held hún fái þær nú í öllu falli, ef hún fær að sjá allar þessar ræður hins konungkjörna þingmanns. En eg vil spyrja hann? Hefir stjórnin beðið hann um þetta? Það getur verið, að hann hafi brèf um það frá ráðherranum og sýni hann það þá, öðruvísi getur það ekki verið. Hann sagði, að rektor hefði ekki verið í skólanefndinni; það er ekki satt, því hann var á öllum fyrst fundum hennar, og það var einmitt á þeim fundum, að nefndin lagði þann grundvöll, sem hún síðar byggði á. Og þó hann ekki væri í nefndinni seinna, þá var þó sá, sem settur var í rektors stað, yfirkennarinn víst fullkomlega »instrúeraður« í því, hver væri meining rektors. Hinn konungkjörni varaþingmaður segir, að þingið 1863 eigi að gefa álit sitt um, hver meining þess sè um málið, en eg vildi þó óska, að ræður manna væru á góðum rökum byggðar, og á betri rökum en ástæður minni hlutans hvíla á, því það er auðsèð, að hann hefir tekið þær úr sínu eigin höfði, án þess að hafa nokkra hliðsjón af því sem fram er komið, síðan á síðasta þingi. Minni hlutinn hefir nú játað, að hann hafi eigi lesið »instrux« skólanefndarinnar nè heldur ástæðurnar fyrir uppástungum hennar. En því hefir hann ekki gjört það? (*Sveinn Skúlason:* Hann þurfti þess ekki). Það getur verið að hann sè svo alvitur, að hann þurfi þess ei. En honum liggur lífið á, að koma okkur inn í þenna graut, sem hèr liggur fyrir, því það verð eg að kalla graut, þegar þessir heiðruðu menn taka einhverjar ástæður út í loptið, og skapa eptir þeim einhverjar uppástungur, án þess að leita þeirra upplýsinga, sem þeir eins og ærlegir menn voru skyldir

að fá (*Sveinn Skúlason:* Eg mótmæli alveg þessum orðum). Þegar menn kasta svo þungum steini á aðra, eins og minni hlutinn kastar á skólanefndina, þá eru menn skyldir að útvega allar þær upplýsingar og ástæður, er föng eru á. Þess vegna er það, að minni hlutanum er svo mikið um að gjöra, að koma mönnum inn í niðurlagsatriðin, til þess að breiða yfir yfirsjón sína, því hann veit að það vantar þær upplýsingar og ástæður, sem hann hefði getað fengið; minni hlutinn hefir hvorki talað við rektor nè skólakennarana, og ekki heldur virt skólanefndina þess, að leita neinna upplýsinga hjá henni. Nei, heldur hefir hann skapað þetta allt út úr sínu eigin höfði. Þetta á nú samt allt að geta fyrirgefizt, því minni hlutinn segir, að það miði allt til auka menntunarlistina; en eg held að það verði til þess, að þetta mál komi hèr fyrir, þing eptir þing, og að nefnd verði sett eptir nefnd. Eg kalla þetta nú óforsvaranlega gjört móti þinginu og þjóð vorri, og eg er viss um, að skólanefndin álítur það skyldu sína, að verja sig móti þessu, einkum þegar hún sèr, að minni hlutinn ætlar að fara að narra menn, sem máske ekki þekkja vel til, hvað gjörzt hefir síðan á alþingi 1861, til að fallast á þetta, sem sprottið er úr þeirra eigin höfði. Eg skal nú ekki tala um það, að þeir hafa metið að vettugi það, sem ráðgjafinn hefir sagt um þetta mál, því þeir hafa að líkindum ekki nennt, að kynna sèr það; en að þeir skuli bjóða þinginu þetta og annað eins, það skil eg ekki. Hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að það væri svo miklir gallar á skólareglugjörðinni; eg held það sè nú svo um margt, og eg veit ekki hvort hinn háttvirti þingmaður gjörir marga hluti svo, að gallar finnist ei á þeim. Hann sagði, að menn ættu ekki að gjöra neitt ófyrirsynju; það held eg sè nú að tala ófyrirsynju, þegar menn fara að dæma um verk manna, án þess að þekkja þær ástæður, sem þeir byggja á, og ætlast til að menn gangi inn á þess konar skoðanir. Væri þetta í byrjun þings, þá mætti víst koma þingmönnum svo inn í þetta mál, að þeir sæju það rètta; en nú er hægra að villa sjónir þingmanna, þegar málið er komið svona langt. Þingmaður Austur-Skaptfellinga vildi nú láta stjórnina fá allar þær upplýsingar, sem kostur væri á; það er nú sjálfsagt nauðsynlegt, og skólanefndin hefir nú viljað gjöra það sem hún hefir getað í því tilliti, og eins munu kennarar skólans ekki heldur láta sitt eptir liggja, og svo held eg nú, að stjórnin verði ekki bersnauð, eptir þessa litlu ræðustúfa, sem hèr hafa verið haldnir í dag. Þingmaður Norður-Þingeyinga fór nú svo dæma-

laust hægt og varlega í málið. Honum þótti skrítið, að eg svo frjálslyndur maður sem eg ætti að vera, skyldi vilja kasta niðurlagsatriðunum, honum lá líka á því, að koma mönnum inn í þessi niðurlagsatriði, sem eru svo ágætlega hugsuð og undirbúin, Hann sagði, að þau væri það verulega; ástæðurnar fyrir þeim allt svo ekki neitt; en eg held, að þegar menn lesa minni hlutans álit, þá muni menn sjá, að þar vantar býsna margar ástæður; honum þykir skólanefndin hafa farið illa með íslenzku kennsluna; hún stakk þó upp á að hafa íslenzkar kennslubækur, og minni hlutinn hefir tekið það upp eptir henni; en dómurinn um bækurnar á að vera svo eptir uppástungum hans, að það getur verið, að engin af þeim bókum, sem samdar eru, verði notuð, því eg ímynda mér þó, að kennarinn verði ekki þvingaður til að kenna eptir þeirri bók, sem hann sjálfur álítur óhentuga, eða óhafandi; að neyða hann til þess, dettur víst engum í hug. Hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að menn þyrftu og ættu ekki að gjöra þetta mál að neinu kappsmáli; en um það má eg nú segja, að það er hægra, að kenna heilræðin en halda þau. Það verður sannarlega til lítils gagns fyrir þingið, og enn minna fyrir fósturjörð vora, að vera að þessum eilífum graut; því það kalla eg graut, þegar — eptir því sem þessu máli er nú komið — er verið að taka sömu bænarskrárnar upp aptur og aptur, sem eru alveg samhljóða að efninu til, en að eins vikið við einstökum orðum; svo verða heimtaðar nefndir á nefndir ofan, og síðan er allt lagt fyrir þingið aptur. Má eg nú spyrja hinn konungkjörna varaþingmann: Hvaða enda hugsar hann sér á þessu? Ætli við verðum svo alvitrir á alþingi 1865, að betur takist með málið þá? Ef það verður ekki, þá verður það lagt fyrir aptur 1867, og svo koll af kolli, kannske 1897. Það má án efa vera mjög óhappalegt fyrir málið, þegar stjórnin sér þetta, og það er öll von á, þó það orð leiki á málum vorum, sem gjörir. Mér virðist því stórt íhugunarmál fyrir þingið að taka þetta til greina, því það hlýtur að drepa niður með því áliti sínu. Eg ætla mér ekki að ræða eitt einasta af þessum niðurlagsatriðum; það er svo frábært, að bjóða þinginu þess konar, að það bíður ekki svörum, að ræða um það. Minni hlutinn hefir flëygt þessu inn, án þess að skoða málið hið minnsta, og það hlýtur að vera sérandi fyrir þingið, þegar slik aðferð er viðhöfð (*Sveinn Skúlason:* Það er eptir að sanna allt þetta). Minni hlutinn hefir nú sjálfur játað það, því hann vill gefa þessi niðurlagsatriði út sem biflíu eða kóran, en játar þó, að hann vanti

allar upplýsingar, og það kemur af því, að hann annaðhvort ekki hefir nennt eða viljað leita þeirra. Það er sannarlega óforsvaranlegt að bjóða þinginu slíkt. Og eg vona, að einhverjir hèr verði til að láta stjórnina vita, hvernig farið hefir verið með þetta mál. Eg get eigi ímyndað mèr, að þingið með því að ganga inn á þenna graut, vilji eyðileggja svo álit sitt, að stjórn og land verði að segja: »Bara að alþingi væri komið út í hafsauga«. Eg vil því sem sagt ekki ræða um þessi atriði; það er sannarlega ekki þess vert, þegar menn eiga ekki orðum sínum betur stað en hèr, þar sem menn eru að halda rangar ræður, til að villa sjónir fyrir öðrum og breiða skýlu yfir það sem, ef menn gæta að því, er alveg óforsvaranlegt. Eg skal að eins til færa eitt dæmi upp á það, hvað minni hlutinn er sjálfum sèr samkvæmur; það er í endanum, þar eru allt af rúsínurnar, að »privat-dimisionirnar« sèu svo margbreyttar hjá skólanefndinni, en það sè nú ekki eins hjá minni hlutanum; það eru þó hjá honum 5 ýmislegir flokkar af þeim sem geta dimitterað, og kannske þeir á endanum verði 7 eða 10. Svo talaði hinn konungkjörni varaþingmaður um mótsagnir hjá skólanefndinni; eg held ef vel væri leitað, að það mætti finna þær eins margar i minna hlutanum; en það er nú ekki tími til þess nú; en ekki skal eg telja það eptir mèr, að sýna fram á það seinna. Eg skal svo ekki virða þetta minna hluta álit þess, að ræða meira um það; það er sannarlega ekki þess vert.

Forseti: Eg vona að eg þurfi ekki að minna þingmenn á það, hvað langt er liðið á þingtímann, og eg vona líka, að eg þurfi ekki að spyrja þá að, hvort þeir muni hafa tíma afgangs; eg segi þetta með tilliti til sumra ræða, sem haldnar hafa verið í þessu máli, og sem margar, og ekki sízt hin síðasta, hafa verið fyrir utan umtalsefnið. Þingið vísaði nefnil. ekki þessu máli frá heldur setti nefnd i því, og hennar álit er það, sem hèr liggur til umræðu, en ekki formið, sem skuli hafa með málið; með því að kjósa nefndina hafði þingið skorið úr, að málið heyrði undir það. Eg segi þetta sem almenna reglu, og vona, að þingmenn láti ræður sínar sem mest lúta að aðalefninu.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr er nú farið að leiðast þóf þetta, en þó verð eg enn nokkuð að þæfa í móinn móti minni hlutanum, sem að einn hefir valdið öllum þessum umræðum. Eg tek það þá strax fram út af því, sem hinn háttvirti forseti sagði, að eg ætla mèr ekki að tala um uppástungur minni hlutans, svo að eg gangi

inn á efni þeirra, því eg vil alls ei að þær komist nú að, og eg þykist einmitt gjöra þetta til þess að stytta umræðurnar, því eg held og, að það sè mikill misskilningur, að menn megi ei eins fella mál fyrir því á endanum, þó það einu sinni af einhverri hendingu, ef til vill, hafi verið tekið inn á þing, og nefndarkosningin í þessu máli sýnir líka berlega, að meginhluti þingmanna hefir við slíku búizt, þar sem þeir urðu einmitt flestir í nefndinni, sem frá upphafi voru á móti að sinna því nokkuð verulega í þetta skipti. Um þetta atriði skal eg því ei tala lengur, en strax snúa mèr að þeim tveimur aðalástæðum fyrir að taka málið nú enn til meðferðar, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður tók bezt fram og sýndist vilja gjöra heldur mikið úr, því ef þær ónýtast, þá er ei heldur lengur nein ástæða til að vera nú að fara lengra út í málið. Fyrsta ástæða hins háttvirta þingmanns var sú, að stjórnin hefði sýnt, með því að leita frekari upplýsinga í málinu, að hún áliti ei enn öll gögn nógsamlega fram komin í því. En má eg þá spyrja: er það til þingsins, sem stjórnin hefir snúið sèr um frekari upplýsingar? Nei, hún hefir snúið sèr til annarra viðkomenda, nefnilega rektors, þar sem álit hans vantaði enn, og sýnir hún einmitt með því, að henni þótti sig ekkert vanta frá þinginu, heldur að eins frá öðrum. Þessi ástæða snýst því einmitt upp í hið gagnstæða af því, sem hún átti að sanna, og um hina aðra, sem er náskyld henni, fer ei nokkuð betur. Hinn háttvirti þingmaður segir sem sè enn, að þó stjórnin sè búin að fá tillögur þingsins í hitt eð fyrra, þá vanti hana þó enn tillögur þingsins í ár, rètt eins og hvert þing ætti nú hèðan af framvegis að vera að leggja nýtt og nýtt til við stjórnina um þetta efni. En, að því slepptu, þó stjórnin fái nú ekkert frá alþingi um málið, hefir hún þá samt ekki Móses og spámennina? Hefir hún ekki tillögur alþingis í hitt eð fyrra, og getur þetta þing nú bætt nokkuð úr þeim eða við þær? Eg held ekki; og þó tveir spámenn sèu nú risnir upp á meðal vor í þessari grein, þá sýnist mèr ei tillögur þeirra þess leiðis, að þær muni bæta mikið um; því eptir því sem eg heyri er t. a. m. seinni parturinn af þeirri uppástungu, sem á atkvæðaskránni stendur undir tölul. 5, og sem eg tel einna merkastan af uppástungum minna hlutans, beinlínis tekinn eptir Reykjavíkurnefndinni, sem þó er verið að lasta svo mjög, og hún er því komin til ráðgjafans, sem á að útkljá málið hvort sem heldur er. Menn mega yfirhöfuð ei gleyma því, að ráðgjafi þessi fær öll málsgögnin, en er ei fremur bundinn

við eitt en annað, svo þó mönnum mislíki sumt af tillögum Reykjavíkurnefndarinnar, og víst með rètti, þá þurfa menn ei fyrir því að halda, að meira tillit verði tekið til þeirra á endanum enn þess, sem alþingi áður hefir lagt til. Að ímynda sèr slíkt væri að gjöra ofítið úr hugsun og viti þessa ráðgjafa, sem vèr höfum þó reynt að öllu öðru, enn að vèr þurfum að sýna honum slíkt vantraust. Tillögur minni hlutans eru yfir höfuð þess efnis, að eg held þær gjöri nú hvorki til nè frá, og þingið sýnir sannarlega nógan áhuga á málinu, með því að fallast að eins á uppástungu meiri hlutans; því þó áhugi á góðu máli sè æfinlega mikilsverður, þá verða menn þó að gæta þess, að hann verði ei svo mikill að hann eti sjálfan sig upp eins og 7 mögru kýrnar á Egyptalandi gjörðu við þær feitu. En það er eg hræddur um að yrði, ef þingið færi nú að senda hinar mögru tillögur minni hlutans í stað þess, sem það lagði til í hitt eð fyrra, og því ræð eg til, að menn láti nú þenna Lazarus hverfa sem fyrst, aptur í Abrahams skaut og haldi sèr að eins við meiri hlutann.

Björn Pètursson: Eg skal ekki vera langorður, enda er það ekki gustuk. Eg vil taka það fram, að mèr sýnist vera verulegur mismunur milli meiri hlutans og minni hlutans; því meiri hlutinn vili nú ekkert gjöra við málið, sem gagn er í, en minni hlutinn allt hvað hann getur, og það er margt hjá honum, sem eg get fallizt á, og eg hefði viljað óska, að skólamálsnefndin hefði komizt að sömu niðurstöðu, t. a. m. um ölmusuveitingarnar, og um það, að gjöra kennsluna einfaldari og þjóðlegri. En það er einn galli á minni hlutanum, sem er svo mikill í mínum augum, að eg get ekki fallizt á hann, eins og hann liggur fyrir; sá galli er fólginn í aftöku inntökuprófsins. Minni hlutinn *vill* ekki halda því, en *getur* þó ekki annað en haldið því, eptir 1. gr. þar stendur, að inntökuprófið skuli *falla burt,* en þó skuli það *viðhaft,* til þess að sjá, í hvaða bekk á að setja piltinn (*Sveinn Skúlason:* það er fellt burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann). Ef það er tekið burt, sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, þá liggur í augum uppi, að latínuskólinn verður ei annað en barnaskóli fyrir þá sem eru hèr í Reykjavík og hèr í kring, og það yrði til þess, að draga alveg kennsluna frá barnaskólanum, sem hèr er nýlega settur á stofn. Meiri hluti skólamálsnefndarinnar vill þar á móti draga úr inntökuprófinu, og lètta það með því, að fella burt sögu og landafræði, og þá verður ekkert verulegt eptir, nema þessar 2 bækur í *Cæsar,* og það má

sannarlega ekki minna vera. Ef að inntöknprófið er aftekið sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, þá leiðir líka af því, að heimakennslan fèlli alveg niður, og það hafa þó allir hèr á þingum orðið samtaka í að hæla henni og álíta hana góða, nauðsynlega og þjóðlega. Það er einkum þetta tvennt, sem eg hefi á móti að inntökuprófið falli alveg burt, að það dregur frá barnaskólanum hèr í Reykjavík, en gjörir lærða skólann að barnaskóla, og í öðru lagi dregur úr eða eyðileggur heimakennsluna.

Jón Pálmason: Af því eg er var flutningsmaður þessarar bænarskrár, sem allt þetta umtal hefir kviknað af, þó hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni sýnist ekki hafa kviknað af henni það ljós, er lýsi fyrir mönnum, þá efast eg mikið um, að tillögur hans bæti málið, eða lýsi betur af þeim. Þetta er þó það málefni, sem öllum má vera jafnumhugað um, og snertir ekki mitt kjördæmi einsamalt, heldur allt landið yfirhöfuð, get eg því ekki annað en þakkað minni hlutanum, að hann hefir viljað stuðla til þess, að stjórnin fái að nýju að sjá álit og atkvæði þingsins því eg fæ ekki sèð að það spilli málinu. Og þó mig vanti næga menntun til að geta dæmt um þetta atriði, þá hefir hinn háttvirti konungkjörni þingmaður farið svo ljósum orðum um málið, að flestir þingmenn munu hafa skilið það, svo það er óþarft fyrir mig að fara að taka það upp aptur sem hann hefir sagt, því eg get þar fáu bætt við, en það vakir samt hjá mèr sú tilfinning fyrir því, að þessu máli verði ráðið sem bezt til lykta, fyrir land og lýð, og skólinn yrði sem aðgengilegastur, því þá mundi piltum óðum fjölga sem sæktu skólann, og tala hinna lærðu manna fara vaxandi, sem nú þykja næsta fáir, og þess vil eg óska, að það fái sem bezt afdrif og vona flestir þingmenn styðji að því.

Pètur Pètursson: Eg viðurkenni það nú fúslega, að minni hlutanum hafi gengið gott til, og að hann hafi gjört sèr ómak fyrir að setja sig inn í málið, eptir því sem föng voru á. En það er eðlilegt, þó hann hafi ekki getað kynnt sèr málið til hlítar, því hann hafði hvorki þær upplýsingar, sem hann þurfti frá skólanefndinni, bæði meiri og minni hlutanum, frá stiptsyfirvöldunum og frá stjórnarherranum; og þess vegna vil eg ekki kasta þungum steini á minni hlutann þó honum hafi ekki tekizt að leysa þetta starf betur af hendi. Eg er nú á sama máli, sem við inngangsumræðuna, að eg álít, að málið sè nú komið á það stig, að þingið geti ekki bætt sig á því, eða komið fram með neitt verulega nýtt, þó

eg játi það, að þeir sem í minni hlutanum eru, heyri til hinna beztu þingmanna, þá verð eg að segja það, að eins og eg opt hef dáðst að mælsku og skarpleik hins háttvirta konungkjörna varaþingmanns, eins datt nú ofan yfir mig, þegar eg heyrði sumt í ræðu hans; en þetta held eg einmitt komi til af því, að hann hefir ekki haft tíma til að kynna sèr málið. Skólanefndin er nú ekki hèr á þingi, til að taka á móti þeim hnútum, sem mönnum hefir þóknazt að beina að henni, eða rèttara sagt meiri hluta hennar. En bæði sem þingmaður, og sem einn í skólanefndinni, vil eg lýsa því yfir, að eg held, að nefndin hafi eptir ýtrasta megni reynt til að fullnægja þeirri skipun, sem stjórnarherrann gaf henni. Þingið 1861 bað reyndar um, að nefndin yrði sett, til þess að semja nýja reglugjörð fyrir skólann; en þar sem stjórnin bauð nefndinni, að segja álit sitt um málið og gjöra uppástungur þar að lútandi, þá gjörði hún það. Eg skal ekki fara inn í hin einstöku atriði hjá minni hlutanum, af því að eg álít, að það gæti ekki orðið málinu til neinnar verulegrar upplýsingar, og ef eg gjörði það, þá vekti það mótsögn minni hlutans, og yrði svo til að lengja þingræðurnar, svo eg vil ekki vinna það fyrir, einkum af því eg veit ekki hvort orð mín yrðu nógu ljós eða sannfærandi. Eg vildi að eins að þetta mál gæti komizt í hið bezta horf, hvort sem skólanefndin á þökk eða vanþökk skilið, það er mèr fyrir minnstu. Eg ætla því að eins af löngun til þess, að málið geti fengið einhverja lögun, að geta um fáein atriði. Undir stafl. A, 1 hefir minni hlutinn viljað halda inntökuprófinu, en ekki sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, og þar er að vísu nýtt atriði í endanum á 1. gr. þar sem segir, að þeir eigi að reynast í latínu og öðrum vísindagreinum, sem *nú eru heimtaðar,* við inntökuprófið, en einungis til að sjá, í hvaða *bekk* þeir skuli setjast. Nú vita menn að farið er að kenna grísku þegar í 2 bekk, og þar sem reynt er við inntökuprófið, eptir uppástungu minni hlutans, að eins í því, sem nú er heimtað, en gríska er þar með, þá er ekki spursmál um, að setja piltinn annarstaðar, en í 1. bekk, eptir þessari grein. Eg vildi sýna fram á þetta atriði, svo menn sæi, á hvað góðum rökum það er byggt. Viðvíkjandi 2. grein, þá er það nú satt, að minni hlutinn hefir þar tekið 12 ára aldurinn upp eptir nefndinni á þinginu 1861. En eg vil vekja athuga þingsins að því, að í öllum skólareglugjörðum hèr, frá því fyrsta, er 14 ára aldurinn álitinn sem hinn yngsti inntöku-aldur; hitt er einungis leyfð undanþága, sem

stiptsyfirvöldin höfðu í 10 eða 12 ár gefið, til þess að veita inntöku 12 ára gömlum piltum. Þetta vissu menn eigi á alþingi 1861, en skólanefndin fann það þegar hún fór að rannsaka skólareglugjörðirnar, og þess vegna tók hún upp fermingaraldurinn. Í 4. tölulið þykist nú minni hlutinn hafa gjört töluverðar breytingar til hins betra, með því að stinga upp á að draga saman kennsluna, en hann hefir ekki sagt, hvernig kennslan verði dregin saman. Skólanefndin hefði líka reynt að draga kennsluna saman, hefði hún sèð að kringumstæðurnar gjörðu það mögulegt; svo mikið er víst, að nefndin hafði þetta sjónarmið fyrir augunum í öllum tillögum sínum. En það er ein yfirsjón bæði hjá þinginu 1861, og minni hlutanum nú, sem sè að skólaverutíminn þarf eins og nú er ástatt, ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann sem sezt í neðsta bekk, þó kennslan sè ekki dregin saman, svo það þarf ekki að biðja um slíkt, eða að beiðast þess, að kennslan þess vegna sè dregin saman. Þetta var yfirsjón hjá þinginu 1861, og því var von, að minni hlutinn flaskaði á því. Undir tölul. 6 um launaðan inspektor við skólann, er nú farið á móti öllu, sem áður er fram komið, bæði á þinginu 1861, og eins í skólanefndinni; eg skal nú ekki vera neitt móti þessu, því í sjálfu sèr gildir mig einu hvort það er eða ekki, en það er þó aðgætandi, að þessi uppástunga er komin frá rektor sjálfum, og frá honum er líklega óbeinlínis komin inn á þingið. Það er nú skrítið, að minni hlutinn í einu orðinu segir að það vanti tillögur rektors, en í hinu orðinu að hann hafi gefið stjórninni tillögur sínar (*Sveinn Skúlason:* Það vantar hinar nýrri tillögur hans). Kann ske þingið og rektor eigi þá að gefa allranýjustu tillögur sínar 1865?. Eg held nú, að það sè ekki eins mikið varið í þessar endurbætur í 9. gr. á uppástungum skólanefndarinnar, eins og minni hlutinn ímyndar sèr, því það er auðvitað, að þó skólanefndin brúki orðið »*fjarlægustu*« sýslur, þá er ekki sú meiningin, að það þurfi endilega að vera úr þeim, sem eru lengst burtu hèðan, svo sem Múlasýslurnar, heldur er meiningin, þeir sem eru lengst að komnir í samanburði við hina lærisveinana. Viðvíkjandi privat-dimissioninni, þá vita nú allir, hvernig sumar þessar uppástungur, sem hèr liggja fyrir eru undir komnar. Það sem skólanefndinni gekk til, að breyta frá því, sem þingið 1861 fór fram á, var einkum það, að eptir því gátu engir siglt til háskólans nema með því móti, að taka fyrst próf við lærða skólann, en þá eru hinir, sem ekki taka próf við skólann, settir á lægra stig,

og þá er sama yfirsjónin hjá þinginu, eins og hjá skólanefndinni. Spursmálið er: Hvar er sú mesta trygging fyrir því, að vísindalega menntaðir menn verði útskrifaðir á þenna hátt? Er það með því að leyfa öllum að skrifa menn út? Eða er það ekki öllu fremur með hinu, að fá sem mesta tryggingu fyrir því, að lærisveinarnir geti fengið næga menntun, sem gangi sem næst þeirri, er fæst í skóla, en þó þannig, að kostnaðurinn verði lèttari, heldur en í skóla. Þetta er það sem verður að aðgætast, þegar menn meta privat-dimission, og mèr finnst, að minni hlutinn hafi ekki enn sýnt galla á skólanefndinni í þessu tilliti.

Benidikt Sveinsson: Mèr finnst að þessi skuggi ætli að elta þingmenn helzt til of langt, að vera að tala einlægt um það, hver hafi vit á þessu máli og hver ekki; það kemur hèr allt af fram, að þingmenn geta ekki dæmt um þetta mál, af því þá skorti næga þekkingu og upplýsingar, en mundi eigi mega segja svo um fleiri mál; þetta eru fráleitar mótbárur, því mál þetta er þingmál í fyllsta skilningi. Eg fyrir mitt leyti hef allar þær upplýsingar, sem eg þarf til þess að geta dæmt um málið frá mínu sjónarmiði, hvað sem skólanefndinni líður, því eg byggi á þörf og óskum landsmanna og auðsjáanlegum göllum á fyrirkomulagi og reglugjörð skólans, fsem standa honum fyrir þrifum; skólanefndin aptur á móti, otar ram skjölum, sem koma úr allt annari átt; en það sem er smíðað og hugsað í einstakra manna húsum hèr í Reykjavík, þó þeir aldrei sèu nema miklir vísindamenn, getur ekki vegið upp á móti þeim röddum, sem koma frá þjóðarinnar hendi. Eg vil spyrja, hvaða upplýsingar af því tægi voru fyrir hendi á alþingi 1861, og því treystist þá hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, að leggja til svo margar uppástungur, eins og hann þá gjörði. Eg álít nú að minni hluta álitið í skólanefndinni, sè ekki fyrir almennings augum; en það mun rètthermt, að hann hefir staðið uppi í hárinu á meiri hlutanum? Minni hlutinn vildi *ekkert* gjöra, en meiri hlutinn aptur kannske bæði of mikið og of lítið. Og ef menn mega tala um dautt þing og meta gjörðir þess, þá mega menn líka tala um dauða nefnd. Hèr eru nú á þingi flestir sömu menn og 1861, sem með fullkominni djörfung munu standa við það, sem þeir lögðu til um þetta mál. Og eg vil minna hinn háæruverðuga 3. konungkjörna þingmann á, að hann var hèr líka á þingi 1861, og var þá hinn sami ágæti þingmaður, sem hann allt af er. En eg vil spyrja hann. Hvers vegna breytti hann áliti sínu, frá því að þinginu var

sagt upp 1861, og þangað til skólanefndin kom saman; hann hefir sjálfur sagt, að hann ekkert hafi haft fyrir sèr í því, nema skipun stjórnarinnar. Þetta er þó opinbert mál, sem einmitt heyrir undir þingið, og það hefir stjórnin sjálf játað; eg verð að vera á því, að stjórninni sè það eigi að kenna, þó þetta mál þurfi nú að ræðast hèr. Eg er hræddur um, að það sè skólanefndinni sjálfri að kenna, sem hafi tekið það upp hjá sjálfri sèr að víkja frá beiðni þingsins 1861, og kom fram með uppástungur úr sínu eigin höfði. Mèr þykir það því næst undarlegt af hinum 3. konungkjörna þingmanni, að vera allt aí að ota því fram, að minni hlutann vanti upplýsingar; minni hlutinn byggir á þeim uppástungum, sem hann álítur nægilegar. En ekki þar fyrir, eg vil biðja hina háttvirtu menn í meiri hlutanum, að koma með þessar makalausu upplýsingar, sem þeim þykir minni hlutann vanta, þetta eru þeir skyldir að gjöra máli sínu til sönnunar og þinginu til leiðbeiningar, ella lýsa þessi margítrekuðu orð, engu öðru en einstrengingslegri stefnu, sem ekki á hèr við. 1861 var hèr sagt, að þingmenn hefðu ei vit á að dæma um þetta mál, því það heyrði að eins skólamönnum og stjórninni til, en eg skal nú ekki fara út í það; því þessi mótbára er tekin bæði af þinginu 1861, og svo stjórnarinnar undirtektum undir málið, en hitt verð eg að segja, að það er út í hött, að vera hèr einlægt að ræða um formhlið málsins, þar sem þó, eins og hinn háttvirti forseti hefir tekið fram, að eins liggur fyrir aðalstefna málsins.

Eg vil því næst tala um þau atriði, sem hinn 3. konungkjörni tók fram í ræðu sinni. Hvað þá viðvíkur 1. atriðinu um inntökuprófið, þá finnst mèr nú vera einfalt að skilja, hvað minni hlutinn meinar, því meiningin er; það getur enginn piltur orðið apturreka vegna þekkingarleysis, en inntökuprófinu er haldið einungis til að sjá í hvaða bekk pilturinn á að setjast, en minni hlutanum datt alls eigi í hug, að nokkur piltur yrði gjörður apturreka. Þetta var nú líka svona á Bessastöðum; þar voru piltar látnir gjöra latínskan stýl á haustin, þegar þeir komu, en það var enginn piltur gjörður apturreka fyrir stýlinn, en þeim var einungis raðað eptir honum. Eg set þannig, að piltur vildi komast í skóla í haust, svo væri hann reyndur í þeim greinum, sem vanalega er reynt í við inntökuprófið, og ef hann kynni grísku líka, eða eitthvað fleira, sem ekki er kennt í 1. bekk, þá væri hann reyndur í því líka, og þá settur í annan eða 3. bekk, eptir því, hvað langt hann væri kominn. Eg held

nú, að þetta sé því grófur misskilningur hjá hinum 3. konungkjörna þingmanni, og eg skora á hann að koma með þær upplýsingar, sem sýni að þetta atriði sè óskiljanlegt. Viðvíkjandi 12 ára aldrinum, þá er það nú rètt, að fermingaraldurinn er tiltekinn í eldri reglugjörðum, en minni hlutinn gekk út frá því, að fyrir Reykjavík væri 12 ára aldurinn hentugri, og skólakennararnir hafa heldur ekkert haft á móti því hingað til, að ófermdir piltar kæmu í skólann og það synir þeirra sjálfra. Eg játa það að fermingaraldurinn er eðlilegt takmark fyrir sveitamenn, og það munu enda fáir piltar koma þaðan yngri en svo; en eg er ekki sannfærður um, að hann sè eðlilegt takmark hèr í Reykjavík, því eg held að hèr geti verið margur piltur svo 12 ára gamall, að það sè æskilegt, að hann komist í skóla. Hvað snertir mótbárur hins 3. konungkjörna þingmanns um 4. grein, að við hefðum ei sagt, hvernig ætti að draga kennsluna saman, þá ætluðum við nú ekki að draga hana saman, en við vildum að eins benda til, að það væri nauðsynlegt, að hún væri dregin saman í hinni nýju reglugjörð, og lengra getur þingið eigi gengið, en benda á almenn grundvallaratriði hennar. Hið sama gjörði skólanefndin, svo spursmálið er einungis um hvorar tillögurnar eru betri, skólanefndarinnar eða minni hlutans. Hvað 6 ára tímann snertir, þá er það nú satt, að það hefir verið svo nú að undanförnu, að menn hafa ei þurft að vera nema 6 ár í skólanum, en það hefir verið með þeim ofurlestri og aðhaldi, sem hefir kippt úr lærisveinunum öllum andlegum þroska. Einn gamall og reyndur skólakennari, var og forstöðumaður Bessastaðaskóla að mig minnir, sagði á þá leið, að það dygði ekki að ausa vitinu í unga menn eins og vatni í hrip, þetta held eg eigi nú við hèr, og eg held, að lærði skólinn eða þeir, sem að honum standa, hafi enga minnkun af, að rótfesta sèr þann sannleika. Hvað nú »inspektorinn« snertir þá er það og satt, að það er ný uppástunga hjá minni hlutanum að hann eigi verði settur. Og eg vona, að allir, sem þekkja hvernig til hagar hèr við skólann, verði að játa, að það sè varúðarsamt að setja hann, af þeim ástæðum, sem minni hlutinn hefir tekið fram, og eg held enn fremur, að þær ástæður sè ekki á svo röngum rökum byggðar, að menn þurfi að flýja þær eins og vofu. Mèr er nær að segja, að »inspectorinn« mundi verða til að spilla því rètta og eðlilega sambandi, sem á að vera milli kennara og lærisveina; það er sjálfsagt, að það kemur mikið upp á, bæði hvernig »inspectorinn« er gerður, og eins hvernig rektor er gerður, en ef

menn hugsuðu sèr einhverja galla í þessu tilliti á aðra hvora hliðina, þá gæti þetta fyrirkomulag án efa orðið mikið og hættulegt miskliðarefni við skólann. Og menn verða að gæta vel að því, að það er ef til vill ekki eins hægt, að koma »inspectornum« í burtu aptur, eins og að koma honum á; og svo mikið mega menn muna til þess, hvernig gengið hefir til hèr í skólanum, að það er óþarfi að setja meira þrætu-efni inn í hann, en nauðsyn krefur. Hvað »privat-dimissionina« snertir, þá skildi eg nú ekki það sem hinn 3. konungkjörni þingmaður sagði um hana, en eg vil þó svara þeim spurningum, sem hann beindi til mín. Hann spurði hvort það væri ekki betra, að fá alla mögulega trygging í þessu tilliti, en að leyfa svona hverjum og einum að útskrifa menn; en skólanefndin hefir einmitt slegið striki yfir alla trygging, með því, að vilja gjöra það gildandi, að menn skuli geta komizt á prestaskólann, þó þeir ekki hafi lært sumar almennar vísindagreinir, sem kenndar eru við lærða skólann; mèr sýnist, að prestaskólinn geti ekki verið þekktur fyrir að taka aðra en þá, sem hafa fengið menntun á borð við þá, sem fæst við latínuskólann; annars verður hið sama ofan á, sem hèr kom til umræða um daginn, að setja ólærða menn í prèdikunarstólinn, því hálflærða menn má eins telja ólærða eins og lærða. Eg stend fast við það, að alþingi 1861 og minni hlutinn hafi að eins stungið upp á eins konar privat-dimission, en ekki 10, eins og hinn 5. konungkjörni þingmaður sagði; því þó flokkarnir sè fleiri, sem mega dimittera, þá er þó dimissiónin að eins ein, því kröfurnar og skilyrðin hjá þeim, sem eiga að útskrifast eru einlægt þær sömu. En þetta er einmitt ekki svo eptir uppástungum skólanefndarinnar, og því hefir hún, en ei minni hlutinn, margs konar dimissiónir. Eg hef nú verið hálfan dag að ígrunda, hver af þessum krókavegum skólanefndarinnar væri aðgengilegastur, en eg hef ekki fundið það; því þó eg hafi sèð, að þetta ynni eg við þenna og þenna, þá hefir þó allt af orðið ofan á, að eg hef enga trygging fyrir, að fá hina sömu almennu menntun og við lærða skólann. Hitt er annað, að ef kennslan væri dregin saman við lærða skólann, þá væri líka sjálfsagt, að þeir sem dimitteruðu í sveitum, drægju hana saman líka að því skapi. Þáð er heldur ekki að búast við, að nokkur lifandi maður sè að binda minni sitt við þessi óeðlilegu fræði, sem eru alveg óþekkt hèr á landi; og að vera að berja þessari ógnarlegu en þýðingarlausu kunnáttu inn í menn, sem ei verður að neinum notum fyrir manninn eður lífið, það er

ekki samsvarandi fátækt og ásigkomulagi lands vors, en eyðir fè og tíma, og drepur niður áhuga manna til að læra og nema fyrir föðurlandið, og menn geta víst ekki ætlazt til, að löngun til þess konar fræða eigi sèr stað, nema hjá einstaka manni. Eg sè því ei annað, en að sannanir hins 3. konungkjörna þingmanns fyrir því, að minni hlutann vantaði upplýsingar hvað þetta snertir, sèu mjög veikar; og eg hef aldrei heyrt honum, slíkum þingmanni sem hann er, verða jafn ráðafátt með að sýna galla á málinu, eins og nú á þessum aumingja minni hluta. Einkum vildi eg spyrja hann viðvíkjandi privat-dimissióninni, hvort prestaskólinn hafi ekki jafnmikinn rètt á því og háskólinn, að þeir sem á hann sækja hafi almenna vísindalega menntun, sem í sjálfu sèr er nauðsynleg fyrir vísindamanninn og embættismanninn; því ef það er ekki, þá er það viðurkenning þess, að annaðhvort sè prestaskólinn fullkomnari en háskólinn, eða þá að hann þurfi þess ekki með, sem þó er nauðsynlegt. Það er líka aðgætandi, að vèr erum hèr ekki að gefa reglur fyrir háskólann, heldur erum vèr að tala um reglur fyrir oss sjálfa, sem sèu landi voru hentugar og fullnægjandi. Þetta vil eg biðja hinn háæruverðuga 3. konungkjörna að taka til greina, og vona, að hann ályktí ekki svo, að það sè *sjálfsagt*, að ástæður minni hlutans sè rangar.

Sveinn Skúlason: Mèr fannst hinn háttvirti meðnefndarmaður minn taka nokkuð hart á hinum háæruverðuga 3. konungkjörna þingmanni, og hann hefði víst getað vikið orðum sínum að einhverjum öðrum fremur; því það er athugavert, að hinn 3. konungkjörni þingmaður gaf minni hlutanum, allan þann rètt, sem honum var hægt að gefa frá hans sjónarmiði, þó hann hèldi að ekki gæti leitt neitt af því, að vera nú að fara þessu fram, sem minni hlutinn gjörir; og þó hann hèldi með skólanefndinni, þá var það eðlilegt, því »sætt er allt jafnan á sjálfsbúi.» Minni hlutinn ætlaði nú að sneiða hjá, að gefa skólanefndinni neinar hnútur, og við höfum fallizt á uppástungur hennar alstaðar, nema þar sem hún hefir vikið frá tillögum þingsins 1861, að okkur virtist til hins lakara. En þessi smá vandræði, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður talaði um, t. d. með grískuna í 2. bekk, held eg sè hægt að leysa úr; það er auðvitað, að þegar prófið stendur, þá á það eptir uppástungu okkar, að vera eptir því sem nú er vandi að heimta; ef því einhver piltur segir: Eg vil komast upp í 3. bekk, þá er sjálfsagt, að hann verður reyndur í þeim vísindagreinum, sem útheimtast til að komast í þann bekk.

Það er líka auðvitað, að kennararnir taka eptir vitnisburði kennara hans, um hvað pilturinn hafi lesið, þegar haun kemur til prófs. Hvað aldurinn snertir, þá sýnist mèr engin ástæða til að fara eptir þessari reglu, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður þekkti ekki á alþingi 1861, þó hún kunni að vera í skólareglugjörðunum, ef hún í sjálfu sèr er óbagkvæm; og eg sè ekki, að það sè nein ívilnun fyrir Reykjavík, eða þá sem hèr eru nálægt, þó þeir geti komið sonum sínum í skóla, þegar þeir eru færir til þess, án tillits til aldursins. Það þótti mèr harðast, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skyldi ekki sjá, hvað mikið far við höfum gjört okkur nm, að draga saman kennsluna, því minni hlutinn hefir einmitt tiltekið, hvað helzt skyldi falla burt; en þar af leiddi ei, að við álitum, að nokkuð gæti fallið burt af skólatímanum, því við gjörðum ráð fyrir, að það væri hert, sem því munaði, á kennslunni í íslenzku, latínu og grísku, að skólatíminn yrði 6 ár, eins eptir sem áður; það var því ekki rètt skoðun hjá honum, að okkur og þinginu 1861 hafi orðið á í þessu. Ekki heldur get eg sèð, að það sem hinn sami háttvirti þingmaður sagði um »privat-dimissiónina» sè á rèttum rökum byggt. Í uppástungum þingsins 1861 eru heimtuð hin sömu skilyrði fyrir henni, eins og fyrir burtfararprófi frá lærða skólanum; af því leiðir, að þær lærdómsgreinir, sem kynnu að verða felldar burt við latínuskólann, sem ónauðsynlegar, þá falla þær líka burt við »privat-dimissionina». Við gjörum því engan mun á þeim sem þannig eru útskrifaðir, hvað rèttindi þeirra snertir, og á þeim, sem útskrifast frá lærða skólanum. Hitt er nauðsynlegt, að ef þeir ætla að sigla til háskólans, þá verða þeir að taka próf við lærða skólann, því það èr skilyrði fyrir því að þeir geti komizt að háskólanum, en er ekki svo að skilja, að þeir fái meiri menntun við þetta eina próf; en þetta er nauðsynlegt úrræði vegna þeirra laga, sem eru gildandi í þessu efni. En í uppástungum skólanefndarinnar er fellt burt sumt sem kennt er í skólanum, og þó eiga þeir sem þannig eru útskrifaðir, að geta komizt að prestaskólanum. En við það er prestaskólinn settur niður úr því gildi, sem hann á að hafa, og það vill þó víst ekki hinn 3. konungkjörni þingmaður stuðla til að verði.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við staflið A, 1, að það verði gjört að skilyrði fyrir inntöku í skólann að pilturinn kunni að lesa og skrifa og einfaldan reikning, svo lærði skólinn verði eigi hafður fyrir undirbúnings- eður barnaskóla,

handa mönnum hèr í Reykjavík. En svo vil eg heimta meira, er eg skal síðar orða nákvæmar. Eg veit, að þessi skilyrði hafa verið höfð í reglugjörð Svía fyrir hinum lærðu skólum þeirra, og hefir það þótt vel við eiga. Svo vil eg líka gjöra það breytingaratkvæði, að seinni hluti þessarar greinar frá orðunum: í sömu vísindagreinum o. s. frv., falli burt, til þess að girða fyrir allan misskilning.

Framsögumaður: Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að eg býst ekki við að bæta það, og ef svona verður haldið áfram, held eg að dagurinn endist varla til þess. Enda þótt nú minni hlutinn hafi tekið nógu fullan munninn um það, að það sè ekki mikið rètt í því, sem meiri hlutinn fer fram á, þá held eg og tel víst, að hann með engar ástæður hafi komið fyrir því, og ef ætti að fara að ræða málið í öllum þess niðurlagsatriðum, þá held eg megi lengja þingtímann, ekki til mánudags, heldur til fimmtudags. En þetta er ekki aðalumræðu-efnið, heldur hitt, hvort málinu er gjört nokkurt gagn með því að taka nú upp aptur uppástungur þingsins 1861 með þeim breytingum sem minni hlutinn hefir gjört á þeim, eða hvort stjórnin ekki einmitt fái allar þær upplýsingar, sem hún þarf, við bænarskrána frá Húnavatnssýslu; með því álít eg að stjórnin fái það sem hún þarf með, hún getur fengið bænarskrána gegnum rektor, ásamt með hinum skjölunum, sem eru undir álitum hans. Þegar eg nú lít á þessi niðurlagsatriði, sem hèr eru 9, en 1861 voru 10, þá eru þau nú öll hèr um bil hin sömu. 1. atriði um inntökuprófið var rætt á alþingi 1861; 2. atr. um aldurinn var líka rætt; 3. atr. um skólatímann var líka rætt; 4. atr. um samdrátt kennslunnar var líka rætt; 5. atr. um kennslubækurnar var líka rætt, o. s. frv. Hèr er því ekkert nýtt atriði fram komið; en það er allt af hægt að víkja niðurlagsatriðunum við á ýmsa vegu; en stjórnin græðir lítið á því; mest er komið undir ástæðunum fyrir þeim. Eg verð því enn að vera á því, að bezt sè fyrir málið, að þessi bænarskrá Húnvetninga sè afhent rektor eða konungsfulltrúa, svo annarhvor þeirra geti komið henni á framfæri til stjórnarinnar. Annað mál er það, að ef þingið ætti að ráða máli þessu til lykta, þá er það ekki svo að skilja, að eg sè alstaðar samdóma skólanefndinni; en eg álít að eins, að allar þær ástæður og upplýsingar, sem stjornin getur fengið, þær sè hún búin að fá.

Pètur Pètursson: Eg skal geta þess, að það hefir engi meint, að það væri tilætlun minni hlutans að beinast að meiri hluta skóla-

nefndarinnar, en málið hefir fengið þann blæ, að svo lítur út sem minni hlutinn gjöri það; en eg veit að engi hefi fylgt tillögum þingsins fastar, en einmitt meiri hlutinn í skólanefndinni. En minni hlutinn ver þetta með svo miklu kappi, að svo lítur út sem eitthvað sè bogið í því. Viðvíkjandi 1. tölul., þá hèlt eg, að minni hlutinn hefði ekki gjört svo mikið »Væsen« úr inntökuprófinu, ef hann vissi að líka mætti prófa á haustin, og skólanefndin stakk upp á því, ef sá sem prófaður væri á haustin yrði rækur, þá skyldi hann þó mega vera til reynslu í skólanum veturinn yfir. Getur nú ekki faðir sent son sinn suður og beðið einhvern fyrir að láta hann ganga upp um haustið, og verði hann rækur, þá getur hann mælzt til að hann megi vera í skólanum veturinn yfir; með þessu sè eg eigi annað, en að öllum sanngjörnum kröfum sè fullnægt; það er tekið eitt til dæmis í minni hlutanum, að það sè svo kostnaðarsamt fyrir foreldra að verða að senda þá til baka; en ef minni hlutinn hefði þekkt þetta, þá hefði hann að líkindum aldrei komið með slíka uppástungu.

Benidikt Sveinsson: Eg verð að leiða athuga þingsins að því, að þetta er misskilningur hjá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Minni hlutinn gekk út frá því, að það væri t. a. m. maður austur í Múlasýslu, sem vildi koma syni sínum í skólann í Reykjavík, og að hann mundi ófúsari á það, ef hann ætti að gjöra það undir því skilyrði, að hann *annaðhvort* kæmist inn strax ellegar hann upp á von yrði að bíða heilan vetur til að vita, hvort hann kæmist í skóla, heldur en ef þessi óvissa væri numin í burtu. Það er auðvitað, að foreldrarnir senda ei fyrri son sinn en þeir álíta, að hann geti og eigi að komast í skóla; það er því mjög óþægilegt fyrir foreldrana, ef sveinninn verður gjörður apturreka mót von þeirra og vilja; jafnvel meðvitundin um það hjá piltinum, að hann muni ef til vill, verða gjörður apturreka, og verða sèr til minnkunar fyrir jafningjum sínum sú meðvitund hjá föðurnum, að hann verði sèr til minnkunar fyrir það, að hann hafi kennt syni sínum of lítið, einmitt þessi meðvitund segi eg gjörir inntökuprófið hvort sem litið er til piltsins eður föður hans hreint óhafandi, sem skilyrði fyrir inntöku í skólann. Ef drengurinn hefir góðar gáfur, því góða kennara við skólann skortir eigi, þá er undarlegt að vera að pína hann heilt ár til að komast í skólann alveg, og ef hann vantar gáfurnar til að læra, til hvers er þá að teygja hann á skólanum til *reynslu* 1 ár. Skólanefndin hefir ekki einu sinni sagt að

hann skyldi vera einn vetur og svo skyldi hann tekinn í skóla; kannske hann eigi að verða apturreka aptur. Þetta sýnir hið undarlega og ískyggilega í þessu fyrirkomulagi. Mèr þykir líklegt, að hver faðir segi: Komdu aptur drengur minn og leitaðu þèr atvinnu á einhvern annan ærlegan og sómasamlegan hátt en með því að verða tvisvar apturreka. Þetta er ekki tekið úr lausu lopti, og eg vil spyrja þá þingmenn, sem langt eru að, hvort þetta mundi eigi verða því til fyrirstöðu, að menn sendi sonu sína í skóla. En hvar er nú líka þessi undirbúningsbekkur, sem getur tekið á móti reynslupiltunum, en ekki tekið á móti þeim alveg, þangað til þeir sýna að þeir eigi geta eða vilja eigi nema skólafræði, því þá má reka þá burtu úr skóla? Er þetta ekki tálsnara ein, sem glepur þá 1 vetur til reynslu og rekur þá síðan burtu aptur?

Pètur Pètursson: Eg skal leiða athygli þingsins að því, að minni hlutinn hefir jafnvel eigi sett það skilyrði fyrir því að drengurinn komist inn í skólann, að hann kunni að lesa. Þetta fann þingmaður Borgfirðinga og fór því að reyna að lappa upp á hann. Þar að auki hefir þingmaður Suður-Múlasýslu sýnt, að ef inntökuprófið fèlli burtu, þá mundi það gefa tilefni til þess, að heimakennslan yrði engin og að tómthúsmenn notuðu lærða skólann fyrir barnaskóla, því þeim mundi þó þykja betra að fá fría kennslu handa sonum sínum í skólanum, því í barnaskólanum borga þeir þó 6 dali um árið, og yrði þá þetta þar að auki til að eyðileggja hann; það er nú margt fleira, sem eg nenni ekki til að tína.

Benidikt Sveinsson: Minni hlutinn hefir ekki gjört sig sekan í neinu ískyggilegu, því að hann hefir einmitt byggt á því, sem verið hefir, viðgengizt hefir og blessazt hefir og engu öðru. Minni hlutinn treysti því, að þegar foreldrar vissi, hvað heimtað væri, þá hefði þau þá sómatilfinningu, að þeir segi ekki við sonu sína: Þú átt ekkert að læra, það er engin minnkun, hvorki fyrir mig nè þig, en samt skaltu í skólann og verða reyndur þar strax sem þú kemur; minni hlutinn hèlt nú að þetta væri ekki veikari hvöt, en hin óeðlilega svipa, sem beita á eptir skólanefndinni. Eg verð að biðja hinn 3. konungkjörna þingmann að gá að, hvort nokkur mótsögn sè í því, að piltar sè reyndir með þeirri von, að þeir sè settir í hvaða bekk sem er eptir hæfilegleikum þeirra. Eg spyr: Skyldi nú minni hlutinn í 1. gr. verða misskilinn svo, að sá sem ei kann að lesa komist í annan bekk, og liggur ekki líka auðsjáanlega í greininni, að hann geti komizt í hina efri bekki ef hann reynist fær um

»já».

G. Brynjúlfsson.
H. Hálfdánarson.
Indr. Gíslason.
J. Guðmundsson.
J. Pálmason.
J. Sigurðsson.
M. Andrèsson.
P. Melsteð.
P. Sigurðsson.
St. Eiríksson.
St. Jónsson.
Sv. Skúlason.
Á. Einarsson.

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 18 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Með því svo er orðið áliðið dagsins, þá álít eg betra að fresta fundi nú, en aptur ákveð eg næsta fund kl. 5 í kvöld.

Fundi slitið.

Þrítugasti og sjötti fundur — 14. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur *hjúalagamálið* til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Eg vona að þingmenn hafi atkvæðaskrána prentaða fyrir sèr; sèu nokkrar prentvillur í henni, þá vona eg það geti lagfærzt í meðferðinni við atkvæðagreiðsluna.

Var málið afhent framsögumanni.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 401.

Framsögumaður (Jón Guðmundsson): Mèr dettur ekki í hug að tala um alla þá töluliði sem standa á þessari atkvæðaskrá eða hvern út af fyrir sig, það væri ekki til annars en að þreyta þingmenn og misbjóða þeim. Það var og svo rækilega talað um það helzta, ágreining minni hlutans við undirbúningsumræðuna, að það er óþarfi fyrir mig að vera langorður um það nú. Eg vil því einungis drepa að eins á fá atriði, og þá fyrst og fremst geta þess, að meiri hlutinn hefir fallizt á 1. grein minni hlutans eins og hún er orðuð, þetta voru og allir nefndarmenn samdóma um, en var einungis af vangá fyrir meiri hlutanum, að það var eigi tekið fram

Hann sagði, að stjórnina gilti einu, á hvaða máli henni væri skrifað, en hèlt að einungis væri óþarfi að skrifa henni á íslenzku. Úr því þetta mál er orðið svo mikið úr Borgfirðings-pósttöskunni, þá skal eg skýra betur það sem þingmaður Borgfirðinga sagði ósatt, að eg hefði sótt um að flytja mál á dönsku. En hitt var satt, að eg fór fram á að flytja málið á dönsku fyrir yfirrèttinum og var það með fram af annari ástæðu, heldur en til er tekið í lögunum, og það var á því, að hinn *enski* mótpartur hafði bæði flutt *sjálfur* málið á dönsku fyrir hèraðsrèttinum, tekið síðan sjálfur út landsyfirrèttarstefnu einmitt á dönsku, og þá hèlt eg að mèr væri eins heimilt að flytja málið á dönsku fyrir *danska* mótpartinn; skjöl málsins eru til enn og geta sannað þetta.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð að víkja til þess, sem áður er að nokkru leyti fram tekið viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkur áðan sagði, að stjórnin mundi ekki taka til þess, þó Íslendingar svo skrifuðu henni á ensku, þýzku eða frönsku en þá er það enn síður líklegt, að hún tæki til þess, þótt Íslendingar skrifuðu henni á íslenzku. En eg geng út frá því sem gefnu, að allir þeir sem vilja vera sannir Íslendingar vilji gjöra allt það sem í þeirra valdi stendur til að hlynna að því, að mál vort megi ná sem fyllstum rètti í öllum greinum.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið. Eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr prentaða atkvæðaskrá.

Var þá gengið til atkvæða og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði Jóns Pèturssonar við 2. tölul., fellt með 14 atkvæðum gegn 8.
2. Nefndin 1. niðurlagsatriði, samþykkt með 18 atkvæðum.
3. Viðauka-atkvæði Páls Melsteðs við 2. tölul., samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1.
4. Nefndin 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1.
5. Nefndin 3. niðurlagsatriði, samþykkt með 19 atkvæðum.

Um 6. tölulið var viðhaft nafnakall og sögðu:

»já«	»nei«
Br. Jónsson.	H. Kr. Friðriksson.
B. Þórðarson.	H. G. Thordersen.
A. Ólafsson.	J. Hjaltalín.
B. Sveinsson.	J. Pètursson.
B. Pètursson.	P. Pètursson.

þetta burt, ef hún kemst á, og sýnist mèr þeir töluliðir jafnvel miða að því, að seinka fyrir henni.

Páll Melsteð: Eg hafði hugsað, að þingmaður sá er nú mælti mundi styrkja þetta mál af alefli með því hann er kennari í íslenzku hèr við skólann, og á að vera landvarnarmaður íslenzkrar tungu, hve nær sem á þarf að halda; mig furðaði því allmjög á ræðu hans; en aptur á mót gat eg ekki neitt furðað mig á ræðu hins 5. konungkjörna þingmanns, því að hann er mèr allt af einhver óútgrundanleg vera, sem þingmaður, og af öðru efni gjörður, en við hinir aðrir. En eg hefi þó góða von um, að þetta mál fái góðan framgang, því að gott mál er hèr að verja þar sem er rèttur íslenzkrar tungu. Eg er viss um, að Danastjórn tekur vel í þetta mál, og betur en sumir gjöra nú hèr á þingi, því að margir Danir eru nú farnir að horfa til norðuráttar og telja það með skaða sínum, að þeir hafi horft ofmikið suður á bóginn. Danskan er dóttir norrænunnar og þeir sem vel vilja komast niður í danskri tungu verða að leggja stund á íslenzku. Eg vona einnig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi mæli drjúgum með þessu máli, því að hann hefir áður ritað mjög fagra grein í Reykjavíkurpóstinum um rèttindi tungu vorrar, og sú grein verður honum til sóma lífs og liðnum. Viðvíkjandi 3. tölulið, þá gætu menn, ef til vill, verið í vafa um, hvar ætti að skeyta þeim orðum inn í, sem eg vildi heldur hafa en viðauka orð þingmanns Eyfirðinga; það er nefnilega á 2 stöðum að orðið »embættisbrèfum» er viðhaft, en það á að koma á eptir því síðara. 1. tölulið get eg ekki fallizt á, því að mèr sýnist hann ekki vera annað en hálfvelgja ein.

Framsögumaður: Þingmaður Reykvíkinga var nú reyndar mikið góður póstur; en hann flutti þó nokkuð meira í pokahorninu, heldur enn þetta sem þingmaður Borgfirðinga sendi hann með; og það var mest í það varið, að hann, sem er kennari í íslenzku hèr við lærða skólann okkar, skyldi tala svo fagurlega máli íslenzkunnar. Það var bágt, að hann var hèr eigi við undirbúningsumræðuna, svo hann gæti tekið sèr breytingaratkvæði um það, hvort eigi mætti spyrja íslenzka pilta út úr skólalærdóminum á hádönsku í skólanum; en óhræddur getur hann brúkað hana í heimahúsum við börn sín og hjú; eg gat skilið það, að hann tæki sèr það kannske nærri, ef farið hefði verið fram á það, að kennararnir spyrði út úr á íslenzku, fyrst að hann, sjálfur kennarinn í íslenzku, spyr son sinn sem er í skólanum, út úr á dönsku og fær hina kennarana til þess líka.

ganga aptur, þá stend eg að eins upp til að bera hinum háttvirta framsögumanni kveðju hans, og segir hann, að framsögumaður hafi eigi rètt hermt, að þetta væri lögboðið, því það er eigi; því að í tilsk. 11. júní 1800 stendur, að mál fyrir landsyfirrèttinum skuli flutt á íslenzku máli, nema því að eins að báðir málspartar sè danskir, eður norskir, þá skuli leyft að flytja málið á dönsku; það er því einungis leyft, en ekki lögboðið. En þegar ræða er um þetta mál, sem þingmanni Borgfirðinga og framsögumanni bar á milli um, þá vil eg spyrja hvort það er eigi lögbrot, að flytja málið á dönsku, þegar annar málspartur er danskur, en hinn Englendingur, því þá sè eg hvergi að leyft sè að flytja það á dönsku, og hefði því líklega átt að sækja það leyfi út yfir pollinn; en hvorki getur landsyfirrètturinn veitt það og því síður málaflutningsmaðurinn tekið sèr það leyfi. En mèr sýnist nú spurningin um, hvort þetta leyfi sè eigi fallið í burtu, þegar íslenzkir málaflutningsmenn eru settir við yfirrèttinn, og þar að auk er þessi reglugjörð orðin nokkuð forn og hrörleg, því hún hefir nú þrjá um sextugt. Þingmaður Borgfirðinga beiddi mig og, að skila því, að hann tæki það eigi af sínu eigin, eða að það væri *Personligheder,* þótt hann segði sannleikann, eins og hann er. Eg var nú eigi hèr við undirbúningsumræðuna, og skal því ekki tala langt um málið sjálft. Út af tölul. 1., þá vil eg biðja menn að athuga, hvort það er rètt að skylda menn til að skrifa endilega á íslenzku? Það er mikill munur á því, hvort einstakur maður hefir rètt til að skrifa stjórninni á íslenzku, eða hann er skyldaður til þess. Eg get nú eigi sèð betur, en að 1. tölul. sè rètt orðaður, og að landsmenn hafi fengið allt, sem þeir þurfa og með sanngirni geta heimtað, þegar brèfin ganga til þeirra á íslenzku. Eg segi fyrir mig, að eg kynni ekki við, að við mig væri sagt, ef eg þyrfti að sækja um eitthvað: þú skalt gjöra það á íslenzku, hvort sem þú vilt eður eigi; annað mál er það, hvað mèr þætti betra. Af þessu leiðir, að mèr finnst það á litlu standa og eigi gjörandi að þrætu-epli, á hvaða máli stjórnin og stiptsyfirvöldin skrifast á í þeim málum, sem koma eigi fyrir almennings sjónir, og, ef til vill, alls eigi snerta almenning. Eg er líka viss um, að stjórnin tæki ekkert til þess, þótt einhver skrifaði henni á frakknesku eður ensku. Eg er nú hræddur um, að allmiklir örðugleikar verði á að fá það, sem farið er fram á í 4. og 5. tölul., og þegar menn eru að biðja um að flýta fyrir stjórnarbót, þá fellur

þeir láti það vald sem þeir hafa á íslenzkum málum, koma fram á íslenzku, eins og konungur vor gjörir sjálfur í lagasetningunni.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram um daginn, að ef öll brèf hèðan frá landi til stjórnarinnar, ættu að vera á íslenku máli, leiddi þar af, að forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar yrði annaðhvort að skýra hlutaðeigandi stjórnarherra frá innihaldi brèfanna, eða þá að láta leggja þau út á dönsku handa honum, því stjórnarherrann, sem eg gjörði ráð fyrir, að ekki mundi til hlítar skilja íslenzku, mundi yfirhöfuð vilja lesa brèfin sjálfur, en hvort um sig virðist ofheimta af forstöðumanni stjórnardeildarinnar, og einkum hið síðara, eins og það yrði líka mjög óþægilegt fyrir hann, ekki yfir fyrir stjórnarherranum sjálfum, heldur gagnvart þeim, sem hlut eiga að máli, þar sem þeir, ef málið síðan gengi þeim á móti, mundu að minnsta kosti í einstökum tilfellum kenna því um, að forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar ekki hefði borið málið rètt upp eða skýrt nógu greinilega frá öllum málavöxtum, og kasta þannig ástæðulaust þykkju á hann fyrir afskipti hans og meðferð á málinu, og eg verð að álíta, að þessi skoðun mín hafi mikið fyrir sèr. Framsögumaður sagði, að eg hefði sagt, að það væri sjálfsagt, að íslenzkir menn yrðu einkum teknir til þess, að standa fyrir íslenzku stjórnardeildinni; þetta er nokkuð orðfyllra en það var hjá mèr, því eg lýsti því einungis yfir, að þessi embætti jafnan mundu verða skipuð þeim mönnum, sem vel væru færir um að gegna þeim, og til þessa útheimtist auk annars, að þeir væru vel að sèr í íslenzku. Framsögumaður sagði líka út af því, sem eg sagði um útleggingunа á íslenzku brèfunum, að sýslumenn og amtmenn, þegar þeir legðu íslenzku brèfin út á dönsku, gæti þá eins affært þau í meðferðinni, en hèr við er að athuga að frumritið fylgir ásamt þýðingunni til stjórnarinnar, og forstöðumaður stjórnardeildarinnar, sem skilur bæði málin verður því að taka eptir því, ef danska þýðingin er ekki rètt, hèr er því öll nauðsynleg trygging til staðar. Eg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, en einungis leyfa mèr að leiða hins heiðraða þings athuga að því, að það mál, sem hèr ræðir um er þess eðlis, að það er áríðandi fyrir þingið að fara í það með sem mestri varkárni og sanngirnis hliðsjón; dæmin sýna það annars staðar að þetta er ekki sagt út í bláinn og þarf eg ekki að leiða nein ítarlegri rök að því á þessum stað.

H. Kr. Friðriksson: Vegna þess að þingmaður Borgfirðinga er fallinn í valinn, og mundi verða kveðinn niður, ef hann færi að

ardeildinni hefir þrisvar í röð verið veitt dönskum manni, að þessari reglu hefir eigi verið stranglega fylgt. Eg held að eg hafi eigi svarað því um daginn við undirbúningsumræðuna, sem konungsfulltrúi minntist á, að ef brèfin gengi til íslenzku stjórnardeildarinnar á íslenzku, þá lenti það á forstjóranum að leggja þau út fyrir ráðherranum, en þá gæti farið svo, að honum yrði gefin sök á því, að hann hefði eigi borið rètt á milli. En þegar brèfin mega ekki koma á íslenzku, þá verður þó einhverstaðar að leggja þau út; en eg vil spyrja, hvaða trygging er fyrir því, að sýslumaður eða amtmaður leggi brèfin betur út á íslenzku heldur en oddviti stjórnardeildarinnar; það verður þó að vera sá maður, sem konungur hefir fulla tiltrú til að undirbúa íslenzka lagatextann undir undirskript og staðfestingu konungs. Þetta er því ekki áheyrileg ástæða. Nokkrir af hinum konungkjörnu þingmönnum hafa nú stutt breytingaratkvæðið undir tölulið 1. og mælt mót þessu máli að öðru leyti, og talið tormerki á því, að þetta fengist. Mèr finnst það nú að nokkru leyti afsakanlegt fyrir þessum þingmönnum, því að þeir eru flestir hinir sömu, sem vorkenndu stjórninni að gefa út lögin á íslenzku og töldu ókurteisi við hana, að biðja um, að konungur undirskrifaði íslenzka textann; og eg fyrir mitt leyti bjóst aldrei við öðru, en að þeir mundu halda sömu stefnu nú.

Eg verð að víkja nokkrum orðum að því, sem þingmaður Norður-Þingeyinga og þingmaður Strandasýslu sögðu út af ræðu þingmanns Borgfirðinga, og vildu liggja mèr á hálsi fyrir, að eg hefði eigi skýrt frá því í nefndinni, að sókn og vörn í sumum dómsmálum mætti fara fram á dönsku; en hinn hæstvirti konungsfulltrúi upplýsti nú, hvernig á því stæði, og að þetta eru skýlaus lög hèr. En á hinu leytinu villtust þeir á því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að eg hefði »*sótt*« um það, að mega flytja málið á dönsku fyrir yfirdóminum; það gjörði eg ekki, og þurfti þess ekki, heldur, af því það var lögheimilað í alla staði, eptir því sem hèr stóð á, en um það sem lögheimilað er, þarf maður aldrei að sækja, en þetta eru eigi hin fyrstu ósannindi þessa sama þingmanns, sem hafa villt sjónir fyrir mönnum.

Það hefir verið sagt, að með 2. tölulið væri farið fram á, að ráðherrunum yrði lögð ný ábyrgð á herðar í íslenzkum málum sem þeir hefði eigi nú; en er það eigi hin sama ábyrgð, sem þeir hafa er þeir undirbúa lögin undir staðfestingu konungs, og undirskrifa þau síðan með honum? Það er eigi farið fram á annað, en að

fyrir mig, að þetta hefir þó ekki slegið mig svo fast, að eg geti ekki gefið atkvæði mitt fyrir nefndinni, því það er einmitt það, sem eg álít að þingmenn eigi að gjöra, þrátt fyrir ræðu þess 5. konungkjörna þingmanns. En eg get ekki haldið það, að hinir konungkjörnu þingmenn, sem talað hafa móti nefndinni, gjöri þetta af meðhaldi með stjórninni, heidur af sannfæringu sinni, því eg ímynda mèr þá frjálslyndari en svo, þar sem eg get heldur ekki sèð að nefndin hafi farið fram á það, sem stjórninní væri móti skapi.

Konungsfulltrúi: Viðvíkjandi því atriði sem þingmaður Strandasýslu tók fram, um dönsku veitingarbrèfin fyrir prestaskólanum skal eg leyfa mèr að taka fram, að veitingarbrèf prestanna hafa síðan 1850 verið á íslenzku, svo það tilfelli, sem hann talaði um hlýtur að vera frá þeim árunum, er hann fyrst byrjaði búskap.

Framsögumaður: Hinn 5. konungkjörni þingmaður hèlt nú að ræða sín hefði verið svo kröptng, að eg mundi »hreint ganga af göflunum« út af henni, en mèr lá næst að standa eigi upp út af henni; hann var að ógna mönnum með reiði stjórnarinnar; það getur nú verið, að hann þekki betur reiðisjúkdóma hennar en flestir hèr, en eg held, að það sè þá bærileg lækning fyrir hana, að hann tók svona upp þykkjuna fyrir hennar hönd. Hann sagði, að einu gilti á hverri tungu maður hugsaði; en hann færði einmitt sönnur á það með því, að halda ræðu út í hvippinn og hvappinn, sem engi meining var í. Hann sagði, að hinir dönsku stiptamtmenn hefði verið góðir, en eg held að hann muni lítið eptir hinum íslenzku stiptamtmönnum vorum, og hafi lítið af þeim að segja; en hitt er vist, að hann sýnir sig verri Íslending í þessu máli, heldur en margir hinir dönsku stiptamtmenn, þar sem það var einmitt danskur stiptamtmaður, sem tók upp á því að rita öll sín embættisbrèf á íslenzku. Mèr finnst konungsfulltrúi taka betur í málið nú, en um daginn, einkum undir 4. tölulið, þar sem hann sagði, að það væri sjálfsagt, að íslenzkir menn væru einkum teknir í íslenzku stjórnardeildina, það gleður mig nú sannarlega, að konungsfulltrúi álítur þetta »*sjálfsagt*« og eðlilegt; og þetta er aðalskilyrði fyrir því, að embættisbrèfin verði á íslenzku bæði hèrlendis og erlendis, og þar sem öll lagasetning er orðin á íslenzku, það er, segi eg, skilyrðið fyrir því, að þessu miði áfram en ekki aptur á bak. En þótt hann sè nú góðrar vonar um þetta, þá er þó auðsèð, að þar sem forstjóra-embætti afgreiðslu-skrifstofunnar í stjórn-

umboðslegu brèf vera á íslenzku. Það má nú mikið vera, ef konungurinn á eigi hægt með að hafa ráð á þeim mönnum, sem geti útlagt íslenzkuna. Þingmaður Borgfirðinga vildi nú heldur hafa góða dönsku, en slæma íslenzku; það getur nú verið að það sè svo fyrir lærða menn; en eg held að eigi sè víst, að allt af sè völ á góðum mönnum til að útleggja dönsku brèfin þegar þau koma hingað. Hvað breytingaratkvæðið undir tölul. 1. snertir, þá fellst eg að nokkru leyti vel á það, að þeir megi rita á dönsku sem vilja, en mèr þykir vanta inn í, þar sem eigi er talað um, að brèfin frá stjórninni skuli vera á íslenzku, þess vegna get eg eigi annað, en fallizt á nefndina, þó eg heyri á ræðum sumra, að það muni ekki vera til mikils, og það muni ei fást. En það var ekki heldur í fyrsta skipti að fengust lögin á íslenzku, en hvernig fór þó á endanum? og eins getur farið hèr.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú ekki talað í þessu máli fyrri, og ætla því einungis að láta í ljósi fáein orð um það, hvernig eg muni greiða atkvæði; hinir háttvirtu konungkjörnu þingmenn hafa nú margir lagt á móti þessu máli og eg lái þeim það ekki, því eg held þeir hafi gjört það helzt af því þeir eru konungkjörnir, en ekki af því að þeir vildu halla rètti íslenzkrar tungu, því við eigum sannarlega fullan rètt á því, að viðhöfð sè íslenzk tunga á öllum brèfaviðskiptum milli Íslendinga og stjórnarinnar, og eg verð því heldur að álíta, að konungur og stjórn hans taki vel undir þetta mál, sem hans hátign hefir viðurkennt það sem við höfum áður beðið um, um undirskript hans á hinum íslenzka texta laganna. Það kom fram hèr í umræðunum um daginn meðal annars, að prestur sem hefði verið veitt brauð, hefði fengið veitingarbrèfið á dönsku, og líka lesið það upp á dönsku í kirkjunni; þessi og fleiri dæmi sem hèr hafa verið skýrð sýna það, hversu þjóðlegt það fyrirkomulag er sem nú á sèr stað hèr á landi með íslenzka tungu. Eg get nú ekki sèð af þessu fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar, að embættismenn þeir sem vilja, megi ekki skrifa stjórninni á dönsku og því ætla eg að vera með nefndinni, en sè breytingaratkvæðið undir tölul. 1 tekið þá er það víst, að okkur er engin rèttarbót veitt með íslenzk brèfaviðskipti, frekar en áður.

Jón Pálmason: Þótt hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður spáði því, að stjórnin mundi verða reið, ef hún væri beðin svona aptur og aptur, og að hann vonaði eptir að þingið tæki það til greina, því honum hefir þótt þetta heldur sláandi, en eg vil segja

um hefir gengið gott til og viljað fullnægja öllum, bæði okkur bændunum, sem ekki skiljum dönskuna, og líka embættismönnunum sem kannske er tamari danskan og kunna hana betur. En eg get þó ekki verið svo góðgjarn, og vil því að öllum embættismönnum sè gjört að skyldu, að viðhafa íslenzku á öllum embættisbrèfum. Þeir, sem danskan er svo töm, að þeir vilja heldur skrifa hana en íslenzku, geta viðhaldið kunnáttu sinni í dönskunni með því að skrifa öll privat brèf sín á dönsku, og þá held eg, að þeim megi vera fullnægt.

Stefán Jónsson: Mèr fannst það ekki geta átt við, sem hinn 5. konungkjörni sagði, að þingmenn vildi kasta steini á menn, þó því sè farið fram, sem menn þykjast hafa fullan rètt til að biðja um; eða þó að sè farið í mannjöfnuð með íslenzka og danska embættismenn, þá sannar það ekkert. Eg vil játa það fúslega, að danskir embættismenn geta verið eins góðir embættismenn og stundum máske betri en sumir íslenzkir, en það sannar ekkert það mál, hvort betra sè, að embættismenn hèr á landi riti brèf sín á íslenzku. Hvað stiptamtmenn íslenzka snertir, þá höfum vèr svo lítið haft af því að segja; eg tel það eigi, þótt vèr nú um stund höfum haft íslenzkan mann settan í það embætti. Hvað 1. breytingaratkvæðið snertir, þá er það í mörgu falli gott, en þó held eg að eg halli mèr samt fremur að nefndinni. Mèr virtist hinn 3. konungkjörni álíta, að breytingaratkvæðið væri samkynja því sem nefndin fer fram á, að hèðan af ætti að vera íslenzka o. s. frv., mèr finnst vanta inn í: »ætíð«, til að útbyggja dönskunni; fyrst þetta er hjá nefndinni, þá finnst mèr breytingaratkvæðið óþarft, því það er þá alveg sömu þýðingar og nefndin. En sem fyrri þá verð eg samt að hallast að nefndinni. Ef þetta er ómögulegt, þá gjörir konungurinn það eigi, en ef það er mögulegt sem eg vona, þá treysti eg því fyllilega, að hann gjöri það sem allra fyrst.

Magnús Andrèsson: Eins og þingmönnum er kunnugt, þá var eg ekki hèr á þingi í fyrra dag, og er mèr því ókunnugt um ræður manna þá. En af ræðum þingmanna í dag, fæ eg nú fyrst þá hugmynd, að hinir konungkjörnu þingmenn taka sig einhvern veginn út úr, og vorkenna konunginum þetta, en eg er ekki viss um að hann vorkenni sèr það sjálfur, og það er hann búinn að sýna, er hann svo landsföðurlega hefir kannazt við rèttindi tungu vorrar, með því að staðfesta hinn íslenzka texta laganna með konunglegri undirskript sinni, það finnst mèr þó mikilvægara, en að láta hin

Eg held að í öllum verulegum framförum, sè ekki mikið komið undir því, hvaða mál er viðhaft, eða hvort menn hugsa á dönsku eða íslenzku. Það kemur hèr líkt fram, eins og þegar menn sögðu í Danmörku, að menn hugsuðu allt á þýzku. Það er líka hart fyrir konung, þegar menn segja það við hann, og heimta það af honum, sem menn hvergi bjóða sèr að segja við konung: Þú mátt ekki taka annan til ráðgjafa en þenna eða þenna; og eg get ekki sèð, hvaða gagn er að því, eg held, að þeir geti verið eins góðir þó þeir ekki skilji íslenzku. Við höfum haft bæði danska og íslenzka stiptamtmenn, og eg held margir af þeim dönsku hafi tekið hinum íslenzku töluvert fram. Eins hafa verið í stjórnardeildinni íslenzku bæði íslenzkir og danskir menn, og eg læt ósagt, hvort hinir íslenzku hafi verið betri. Við hèr erum menn eins og aðrir, og oss getur skjátlast, þó við tölum íslenzku. En að menn hèr á landi skrifi á íslenzku sín á milli, það álít eg sjálfsagt; en að vilja krefjast þess, að allir þeir, sem fjatla um íslenzk mál skuli skilja íslenzku, það leggst aldrei vel út, og það gagnar heldur ekki. Eg tala þetta ekki af því, að eg vilji niðra móðnrmáli mínu, en þetta verður að litlu gagni fyrir málið og að minna gagni fyrir landið. Eg segi því fyrir mig, að eg held að eg sitji fyrir öllu þessu; það skyldi þá helzt vera breytingaratkvæðið undir 1. tölul., og þó held eg að eg nenni heldur ekki að standa upp fyrir því. Það kom nú fram áðan, að hinn háttvirti framsögumaður, sem nú er æfur og uppvægur að berjast fyrir þessu, hefir sjálfur orðið feginn að nota dönskuna; það er heldur engin niðurlæging fyrir okkur; því að það eru ekki málin sem rífast, heldur mennirnir sem tala þau.

Björn Pètursson: Verður það, sem varir og ekki varir; eg hef allt af haldið, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður væri einn af þeim, sem aldrei kunna að hræðast; en nú kemur það upp úr kafinu, að hann er lafhræddur, og það svo undarlega, að hann er hræddari við ráðgjafana en sjálfan konunginn, hann er hræddur um, að þeir muni ýgla sig, ef farið er fram á, að þeir skilji íslenzku, eins og konungur vor hefir sjálfur viðurkennt, að hann skilji íslenzku; með því hann skrifar undir íslenzka texta laganna; hann sagði, að við mundum verða, að »háði og narri«, ef við færum þessu á flot, en eg vildi óska, að hann sjálfur yrði ekki að háði og narri fyrir þessa ræðu sína hæði utan lands og innan. Eg verð að vera þeim samdóma, sem eru á móti breytingaratkvæðinu undir 1. tölul. hins 4. konungkjörna þingmanns. Eg veit, að hon-

hèr, gjöri svo lítið úr stjórninni og ráðherrunum að þeir skilji ekki íslenzku, þá get eg ekki fengið af mèr að gjöra svo lítið úr þeim, að vænta þess að þeir skilji ekki íslenzku, enda er það þá annaðhvort úr því þeir vilja ráða hèr boði og banni.

Pètur Pètursson: Eg gef atkvæði mitt með 1. tölul., því mèr finnst það fullnægja öllum sanngjörnum kröfum, sem menn geta nú haft til stjórnarinnar. Það er eðlilegt, að öll brèf, sem fara á milli hèr á landi, sè á íslenzku, en að hitt megi vera á hvers eins valdi, hvort hann vill rita stjórninni á dönsku eða íslenzku. Það er misskilningur líklega, eða útúrsnúningur, að álíta, að ekki sè meint þar öll embættisbrèf hèr á landi, og ef það endilega þarf að standa hèr, á *öllum* embættisbrèfum, þá þyrfti líka að standa í nefndaruppástungunni: að íslenzk tunga sè *ætíð* við höfð. Mèr þykir það að öðrum tölulið, að þar er sagt; »hèðan af,» það er sama sem »strax,» og það á meðan þessir ráðgjafar eru, sem nú sitja að völdum, þó menn viðurkenni, að það sè ekki lagaskylda þeirra, og við erum svo opt að kvarta yfir því, að ráðgjafarnir hafi enga ábyrgð fyrir þjóðinni, og þó heimtum við hana af þeim nú. Fyrir 4. og 5. tölul. get eg ekki gefið atkvæði af þeim ástæðum, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna.

Jón Hjaltalín: Eg get nú ekki gefið atkvæði fyrir neinu af þessu, því það er allt óþarft, og eg skil ekki, hvernig nokkur heilvita maður getur stungið upp á slíku. Það liggur í augum uppi, að stjórnin ómögulega getur veitt þetta, og hún hlýtur að verða reið, þegar slíkt er borið upp fyrir hana. Hvað ætli Frakklands- og Englandsstjórn segði, ef einhver smálönd, sem heyrði undir þá, heimtuðu annað eins, og hèr er farið fram á, eg held þeir mundu þakka fyrir og skipa þeim að skrifa á sínu eigin máli. Í Austurríki er reyndar hinum æðstu embættismönnum gjört að skyldu, að kunna öll mál, sem töluð eru í ríkinu, en eg held, þeir mundu þakka hjartanlega fyrir annað eins og þetta. Eg veit reyndar ekki, hvað langt góðmennska stjórnarinnar getur gengið; en það held eg megi fullyrða, að þetta ekki verði veitt, en hitt held eg verði niðurstaðan, að þingið verði haft að háði og narri, ef það biður um þetta. Það er nú mikið gjört úr því, að konungur hefir látið það eptir, að skrifa undir íslenzka textann, og það er nú án efa mikils vert, en hvorki er víst, að það sè sjálfsagt, að eptirmaður hans gjöri allt, sem hann hefir gjört, og svo veit eg heldur ekki, hvort Íslendingum er að þessu svo ómetanlegt gagn, eins og menn láta.

álíta að stjórnin ekki fremur nú en fyrri, geti tekið slíka bænarskrá til greina.

Indriði Gíslason: Eg stend nú ekki upp í því skyni, að eg sè ekki sannfærður um að þess þarf ekki, því eg veit, að allir þingmenn sem hèr eru, muni unna svo mjög móðurmáli sínu og þörfum lands vors, að þeir gefi niðurlagsatriðum nefndarálitsins atkvæði sitt hispurslaust. En það er einungis þingmaður Borgfirðinga sem ærði mig á fætur, þar sem hann sagðist gjöra lítið úr því, þó að íslenzka ekki væri viðhöfð á umboðslegum embættisbrèfum. Eg get nú samt ekki gjört lítið úr því, og eg álít nú slíka aðferð, eins óskyggilega og jafnvel skaðlega fyrir embættismennina og stjórnina, eins og Íslendinga sjálfa, og ber oss vel að gá að því, að þetta er ekki einungis gjört fyrir Íslenzkuna, og skal eg þá leyfa mèr að koma með 2 dæmi upp á þetta. Árið 1860 skrifaði dómsmálastjórnin amtmanninum fyrir vestan; brèfið, sem var dagsett 26. maí og hafði fjárálögu innihald á almenning, var skrifað á dönsku, en amtmaðurinn greip strax gæsina þegar hún gafst, og sendi sýslumönnunum í öllu amtinu brèfið á dönsku; en þegar þangað kom, þá var nú annaðhvort að gjöra að fara að leggja út ellegar láta það fara á dönsku fyrir almennings sjónir, sem þó ekki var sem tiltækilegast, því alþýða þurfti að skilja það, að hún skyldi láta tollinn, þótt það hafi máske þótt miður nauðsynlegt, að menn skildu hvort krafan var lögmæt eða ekki. En hvernig fór þegar útleggingarnar komu frá sýslumönnunum? Það fór svo, að brèfunum bar ekki saman, ekki einu sinni að orðaskipun heldur og líka að meiningu. Þetta hafði þær afleiðingar, að menn fóru að stinga saman nefjum, og vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið, og mörgum kom til hugar, að þetta væri upp spunnið hjá sýslumönnunum eða amtmanninum, sem þó var í raun rèttri frá dönskum ráðherrum; hverja ógunst þetta háttalag hefir í för með sèr, og hvern virðingar-skort það eykur yfirvöldunum, og hversu skaðlegt það er, það held eg allir geti sèð. Annað dæmið sem eg vildi leyfa mèr að til færa, var það, að amtmaðurinn á embættisferð sinni, eins og lög gjöra ráð fyrir, hafði, þegar hann hafði yfirlitið sveitabókina hjá einum af hreppstjórunum, ritað upp á hana á dönsku, en það var þess innihalds, að hreppstjórinn ætti að færa landaura reikninginn í peninga, og bæta því við tveim dálkum, en með því hreppstjórinn ekki skildi dönsku, og fann sig ekki heldur skyldan til þess, svo varð þessu boði yfirvaldsins aldrei framgengt. Þótt nú hinir danskhollu menn

dæmi um varaforseta, og sem hinn háttvirti varaforseti ranglega kallaði góða rèttarbót. Mèr finnst það vera svo mikil óhæfa, að flytja mál á dönsku fyrir íslenzkum dómstóli, að það sè alveg óhafandi. Menn geta þó ekki ætlazt til, að landsyfirrètturinn kunni allra þjóða tungur; en það yrði hann þó að gjöra eptir þessu, því aðrar útlendar þjóðir ætti þó víst eins að hafa rètt til að standa fyrir máli sínu hèr við yfirrèttinn á sínu eigin máli, eins og Danir og Noregsmenn. Mèr var þetta alveg ókunnugt í nefndinni, annars hefði eg farið fram á, að þetta væri af numið; og það var óheppilegt, að þingmaður Borgfirðinga skyldi ekki taka sèr breytingaratkvæði um það; hann hefir víst ekki vitað af þessu dæmi við undirbúningsumræðuna. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók það fram, að það væri engin lagaskylda fyrir ráðgjafana að kunna íslenzku. Eg held, að það gjöri nú ekki mikið til, því þessi bæn gæti einmitt orðið hvöt fyrir konung vorn, til að taka þann til ráðgjafa í íslenzkum málum, sem skyldi málið. Eg get heldur ekki ímyndað mèr, að ráðgjafarnir mundu hafa mikið á móti, að skrifa undir brèfin, þó þau væri á íslenzku, því stjórnardeildin íslenzka býr þó einmitt brèfin til. Það vita menn líka, að jafnrètti í tungunum gildir alveg fyrir hertogadæmin. Um 3. tölul. skal eg ekki tala, mèr finnst ekkert á móti honum, en hann er til frekari útskýringar á meiningu nefndaruppástungunnar.

Konungsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr eina athugasemd út af því sem hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, þar sem hann fann það ótilhlýðilegt, að mál væri flutt hèr við yfirrèttinn á öðru máli en íslenzku. Eg verð þvert á móti að álíta þessa lagaákvörðun mjög frjálslega og eðlilega, eins og hèr hagar til, en það þarf sjaldan á þessari ákvörðun að halda, og þetta er að eins ákveðið, þegar danskir eða norskir menn sækja mál hèr við landsyfirrèttinn, og þá er það sanngjarnt, þegar þeir verja mál sín sjálfir, að þeir megi gjöra það á þeirra móðurmáli, auk þess að það er, ef málið þarf að fara lengra, bundið talsverðum kostnaði, að þurfa að láta snúa öllum rèttargjörðunum á dönsku. Þessi ákvörðun virðist mèr því eins og eg hefi sagt sanngjörn og náttúrleg, og mèr finnst því engin ástæða til þess, að taka neitt viðvíkjandi henni inn í bænarskrá þingsins, ef þingið að öðru leyti vill halda máli þessu svo langt, að senda konungi í því bænarskrá, sem eg ekki get annað en algjörlega ráðið þinginu frá að gjöra, því eg verð að

landi, og það er þó ekki óþarft; því það er þó víst hinum háttvirta framsögumanni kunnugt, að hèr um árið hèldu menn að eitt dómsmál hèðan hefði verið misskilið við hæstarètt, einmitt vegna útleggingarinnar. Mèr þótti því mikið vænt um þessa upplýsing þingmanns Borgfirðinga. Hinn 4. konungkjörni þingmaður sagði, að sá sem ritaði einhverja bæn á íslenzku, vildi eðlilega láta hana koma fyrir ráðherrann á íslenzku, og ef hann ekki skildi hana, mundi hann hafa einhvern, sem gæti lagt það út. Eg veit nú ekki hvort það er betra, að fá mann til þess þar en hèr, svo þetta verður það sama. Ef menn fallast á þetta eða breytingaratkvæðið, er það hið sama sem að leggja slæður yfir hinn dýrmæta fèsjóð, sem við eigum þar sem íslenzkan er, en þær ættu ekki að byrgja hann fyrir augum okkar bændanna við atkvæðagreiðsluna. Eg hika því ekki við, að gefa atkvæði mitt með nefndaruppástungunum; annað er það, hve fljótt konungurinn veitir okkur þessa bæn; en það vitum við þó, að bæði hans hátign konungurinn og hans hásæli faðir hafa sýnt, að þeir hafa viljað vernda rètt okkar marglofuðu íslenzku tungu.

Sveinn Skúlason: Eg verð að standa upp til að mæla á móti breytingaratkvæðinu undir 1. tölul., því það er til að ónýta málið alveg; það er auðvitað, að ef fara ætti eptir því, þá mundi blóðið renna til dönsku skyldunnar, svo stjórnin mundi skrifa allt á dönsku eptir sem áður. Eg vil líka skýra frá því, með tilliti til þess, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það var ekki meining nefndarinnar, að það að eins mætti hafa íslenzku á öllum embættisbrèfum heldur að það væri gjört að skyldu, að hafa þau á íslenzku. Þetta breytingaratkvæði dregur því svo úr því, sem mest er áríðandi í málinu, að það er til þess að eyða málinu alveg. Ræður manna hafa nú verið ýmislegar í þessu máli; mèr fannst ekki þingmaður Borgfirðinga hafa rètt að mæla, þar sem hann talaði um, að það væri lítil uppbygging að íslenzkunni á þessum stjórnarbrèfum. En hverju er það að kenna? Einmitt því, að allt er skrifað fyrst á dönsku, eða að minnsta kosti hugsað á dönsku. Þetta er sú »injuria temporum«, sem við viljum lètta af, og það veit eg, að ef þess konar brèf ætti að koma fyrir stjórnina á íslenzku, þá væri engum hægra, að koma þeim í íslenzkt snið, en hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga; en hann hleypur hèr einmitt yfir hið rètta í málinu, sem eru framfarirnar. En hitt fannst mèr alveg rètt, eins og þingmanni Strandasýslu, þar sem hann tók fram þetta

um var prèdikað á dönsku, en nokkrum á þýzku. En ekki er betri seinni hlutinn af breytingaratkvæðinu; þar sem stendur: »En er menn á Íslandi rita« o. s. frv. Ef meintir væru einstakir menn, þá gæti eg skilið það; en ef meintir eru embættismenn, þá stendur allt við sama og áður. Þó breytingaratkvæðið eigi að vera stælt eptir uppástungu nefndarinnar, þá er það nú ekki, því þó hún sè eins í byrjuninni, þá tekur hún öll tvímæli af í seinni partinum. Hinn háæruverðugi 2. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri óviðurkvæmilegt að vilja svona taka sig út úr því ríki, sem við hefðum svo lengi verið bundnir við; eg get nú ekki álitið, að þetta sè að taka sig út úr, því eg tók það fram um daginn, að það sem steypti Babelsbyggingunni, var einmitt það, að menn skyldu ekki hver annan, og að það tvístraði en batt þá ekki saman. Þingmaður Borgfirðinga gekk nú sama veg og um daginn, en fór nú nokkru liðlegar í málið. Hann sagðist hafa skrifað brèf fyrir ólærðan mann til stjórnarinnar á íslenzku, og efast eg ekki um, að það hefir verið fagurt mál á því. Honum þótti betri góð danska, en ill íslenzka; en það er þó altènd það, að menn skilja hver annan, ef það er íslenzka, þó hún sè ekki alveg fáguð. Eg tók það fram um daginn, að sá sem ætti að taka við bænarbrèfum manna, honum væri áríðandi að skilja hvað beðið væri um. En eg held, að það geti opt að borið, að bænirnar geti aflagazt nokkuð í meðferðinni einmitt vegna útleggginganna, og það þekkjum við, að opt verða menn hèr á þingi að hlaupa í dönskuna, til þess að sjá hver meiningin er í íslenzka textanum, þó ekki væri nema hèrna um daginn í læknamálinu. Eg veit ekki hvort nokkur málfræðingur er svo vel að sèr, að hann geti sagt, hvort andinn í orðunum breytist ekki við útleggginguna. En aptur á móti verð eg að þakka hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga fyrir dæmið, sem hann tók fram um framsögumann, því eg vil ekki fara hèr í neitt manngreiningarálit; hinn háttvirti framsögumaður sagði, að það væri löglegt, og líka til mikils sparnaðarauka, að þurfa ekki að leggja út skjölin til hæstarèttar; en það er líka sparnaðarauki fyrir ráðherrann, að þurfa ekki að taka á móti íslenzkum brèfum, og láta svo leggja þau út. Menn verða að vera sjálfum sèr samkvæmir í þessu. Mig minnir nú ekki betur, en að í bænarskránni 1849 stæði, að íslenzka verði viðhöfð á öllum embættisbrèfum og »embættisgjörðum«; þessara orða sakna eg nú hèr í uppástungu nefndarinnar; því ef það hefði staðið, þá hefði þetta líka náð yfir dóma hèr á

ráðherrarnir skilja hana, og að það ekki verður afbakað í útleggingum, er þeir segja; en aptur á móti, að þeir, sem vilja heldur skrifa á íslenzku, megi eins koma með bænir sínar fyrir ráðherrana á íslenzku, því ef ráðherrann skilur ekki íslenzku, þá mega menn treysta því, að hann láti þann leggja út fyrir sig sem hann trúir bezt fyrir því, en slíka vissu hefir sá ekki um að stjórnin fái að heyra meiningu sína óbrjálaða, sem ekki kann dönsku, og verður því að fá einhvern að föngum til að skrifa fyrir sig stjórninni á dönsku, eður þá þýða brèf sín á það mál; og ekki þó sýslumaðurinn eður amtmaðurinn annist um útlegginguna, eður hver helzt annar sem það gjörir, og ekki hefir beinlínis umboð til þess af stjórninni. Meiri kröfur en þetta, sem liggur í breytingaratkvæði mínu, held eg að enginn einstakur maður geti haft í þessu efni.

Konungsfulltrúi: Eg hef skilið nefndaruppástunguna svo, að þeim skyldi ekki vera bannað að skrifa á dönsku, sem gætu það, og þeim væri ekki gjört að skyldu, að skrifa á íslenzku, en það ætti að eins að vera aðalreglan, að skrifa um málin á íslenzku. En sè það ekki meiningin, þá liggur næst að aðhyllast breytingaratkvæðið undir 1. tölul., að þeir megi skrifa á dönsku, sem vilja, en niðurlagsatriði nefndarinnar, eins og það nú á að skiljast, verð eg að álíta alveg óhafandi.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að eg hafi nú ekki skilið breytingaratkvæðið undir 1. tölul. eins vel og hinn háttvirti framsögumaður; mèr sýnist, að það geti ekki verið líkari systur, en eitt atriði í ræðu hins háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanns og þetta breytingaratkvæði. Í breytingaratkvæðinu stendur, að íslenzka skulu höfð á embættisbrèfum; en á hverjum embættisbrèfum? Öllum eða nokkrum? En hinn háæruverðugi þingmaður sagði, að það mundi vera höfð íslenzka á meiri hluta embættisbrèfa hèr á landi; en meiri hlutinn getur nú verið eins og 11 á móti 10, því þá er það þó meiri hlutinn, eða ef menn taka 3 flokkana 10, 20 eða 30, þá verður það eins og 30: 25. Væri nú þetta, þá væri það alveg rètt, að íslenzka væri höfð á mörgum embættisbrèfum, en ekki á öllum. Þetta er því alveg óákveðið, en það verður að vera svo í lagaboði, að við bændur skiljum það líka. Það getur nú verið, að það kannske sè orðið bágt fyrir þá, sem eru orðnir innlífaðir dönskunni, að skrifa brèf á hreinni íslenzku. En ef það yrði svo, að íslenzka væri höfð á sumum embættisbrèfum, en á sumum danska, þá væri orðið hèr líkt því, sem var í Slèsvík, þegar í nokkrum hlutan-

en að þeir láti leggja þau út, og senda svo dönsku þýðinguna ásamt með frumritinu til stjórnarinnar og að minnsta kosti get eg fullyrt að þetta á sèr stað í suðuramtinu, en þó af þeim, sem kunna dönsku, sè heimtað, að þeir, þegar málið á að ganga til stjórnarinnar, riti það á dönsku, þykir mèr eðlileg og sanngjörn krafa í alla staði. Viðvíkjandi öðru niðurlagsatriðinu, að báðir efstu embættismennirnir í íslenzku stjórnardeildinni, skuli vera Íslendingar, eða að minnsta kosti vel færir í íslenzku og að þeir skuli hafa gjört grein fyrir því í opinberu prófi, hlýt eg að lýsa því yfir. að eg get með engu móti aðhyllzt þetta uppástungu-atriði. Enda væri það að binda hendurnar á stjórninni, sem því síður er ástæða til, sem eg er sannfærður um, að stjórnin, meðan íslenzka stjórnardeildin er uppi, jafnan muni, án þess þingið þurfi um það að biðja, skipa í þessi embætti þá menn, sem vel færir sèu um að gegna þeim, og þar til útheimtist, enda þótt allt standi eins og nú er, óneitanlega þekking á íslenzku máli, því það kemur svo margt fyrir í þessari embættisstöðu, sem útheimtir þessa þekkingu á málinu; þannig þurfa hlutaðeigendur t. a. m. opt að kynna sèr til skýringar á málunum íslenzk rit, auk þess sem hann yfir höfuð þarf að vita gott skyn á landshögum og landsvenju, sem allt stendur í nánu sambandi við málið og þekkingu á því, sem hvorugt getur annars án verið.

Jón Pètursson: Þó það sè nú búið að mæla breytingaratkvæði mínu nokkra rèttlætingu, þá ætla eg þó að segja frá, hvað mèr gekk til að gjöra það, og vona eg þá, að konungsfulltrúi hafi minna móti því á eptir. Það er tvennt, sem hèr verður að athuga eptir mínu áliti; fyrst er það, að svo lengi sem Ísland hefir eigi ráðherra fyrir sig í Danmörku, þá getur engin lagaskylda legið á ráðherrunum þar að kunna íslenzku, þó það sè auðvitað, að það er siðferðisleg skylda þeirra, að reyna til af mætti, að setja sig sem bezt inn í málefni Íslands, eins og önnur málefni, sem undir þá eru lögð. Annað atriðið er það, að það er eðlilegt, að hver sem vill biðja konung eður ráðherrana um eitthvað, vilji, að meining sín komi óbrjáluð fyrir stjórnina. Þegar menn nú aðgæta þetta tvennt segi eg, að ráðherrarnir eru ekki að lögum skyldugir að kunna íslenzku, og hitt að það er eðlilegt, að hver vilji láta meiningu sína koma óbrjálaða fyrir stjórnina, þá sýnist mèr, að það ætti að vera svo, að þeim, sem kunna dönsku, standi það fyrst frjálst, að skrifa til stjórnarinnar á dönsku, því þeir geta þó allt af verið vissir um, að

norskir«, eins og laga-ákvörðunin gjörir að skilyrði, þá er bæði þeim ófært að standa sjálfir fyrir máli sínu á öðru máli en dönsku, og svo eru samningar þeir og önnur skjöl, sem málið ris af optast á dönsku þegar svona stendur á. Mèr sýnist því þetta vera góð rèttarbót, sem ekki sè vert að biðja um að taka úr lögum að svo komnu, — enda er það nú um seinan að fara því fram í þessu máli, — þó að kannske mætti segja margt með og mót því; en höfuðatriðið er þetta, að það er ekki ólöglegt, heldur einmitt lögheimilað, svo að þar sagði þingmaður Borgfirðinga ósatt, eins og optar, og það er of seint fyrir hann að fara að koma með breytingaratkvæði nú um það, þó það hefði verið tiltækilegt. Þar sem hann stóð upp til þess að taka breytingaratkvæðið undir 1. tölul. fram yfir nefndaruppástunguna, þá er nú auðsjáanlega einn galli á því atkvæði, en hann er sá, að eptir því yrði það samþykkt af þinginu, að öll embættisbrèf, sem koma frá Danmörku, megi vera á dönsku, eins og verið hefir. Þetta er aðalmunurinn á 1. og 2. tölul., en ekki viðbætirinn í endanum á 1. tölul., því hann álít eg óverulegan og einskisverðan.

Konungsfulltrúi: Eg þarf hèr ekki að fara mörgum orðum út af þessu máli, því eg er áður búinn að taka fram vandkvæðin sem á því eru, að fara því fram, að íslenzka sè við höfð á öllum þeim málum, sem fara milli íslenzku embættismannanna og stjórnarinnar og milli hennar aptur og þeirra. Eg hefi líka tekið það fram, að það sè ofhermt, að íslenzkunni sè misboðið af íslenzku embættismönnunum hèr á landi sem og lýst því yfir, að ef það skyldi móti von vera einhverjar misfellur í þessu atriði, mundi hlutaðeigandi embættismenn bæta fyllilega úr þeim, svo ekkert tilefni væri til umkvörtunar, og skal eg ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en því verð eg fastlega að halda fram, að þingið hvorki eigi nè megi heimta eða ætlast til þess af stjórninni, að öll mál sem fara milli hennar og landsins embættismanna, eptirleiðis skuli vera á íslenzku, því þessi krafa getur eptir öllum þar að lútandi kringumstæðum vissulega ekki orðið tekin til greina af stjórninni, og það er heldur ekki eptir mínu áliti, nein veruleg ástæða til þess fyrir stjórnina, þegar málið er skoðað eins og það liggur fyrir hlutdrægnislaust á báðar hliðar. Eg hefi tekið einnig það fram, að engi þau mál, sem bændur, eða þeir sem ekki geta skrifað dönsku, þurfa að láta senda stjórninni, sèu gjörð apturreka af hlutaðeigandi embættismönnum af þeirri ástæðu, að þau sèu rituð á íslenzku

skuli eigi að eins við höfð á brèfum, heldur einnig á skrifum í öllum opinberum athöfnum. Þess vegna ætti t. d. enginn að láta sèr detta í hug, að sækja hèr mál við yfirdóminn á annari tungu en íslenzku. Fyrir því furðar mig, að hinn háttvirti framsögumaður, sem að minnsta kosti í orði kveðnu er allt af svo ákafur með íslenzkunni, og öllu sem íslenzkt er, skuli tvisvar hafa sótt um, að mega sækja mál og flutt mál hèr fyrir yfirrèttinum á dönsku, en fyrir þessu eru engin lög, að fyrir íslenzkum dómstóli megi sækja mál á dönsku fyrir þegna á Íslandi, eður þá, sem hafa borgararètt sem aðrir þegnar hèr á landi (*Framsögumaður*: Kemur þetta nokkuð málinu við?) Já; eg vildi að það væri tekið til greina í álitsskjalinu, svo íslenzkan væri einnig látin ná út yfir þetta atriði. Með því og eg veit, að hinn háttvirti varaforseti vill framkvæma það í verkinu, sem hann talar með vörunum. Þetta var að eins góðfús bending, sem eg vildi gefa honum.

Framsögumaður: Það mega nú víst allir þingmenn kunna hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þakkir fyrir þessa varnarræðu hans fyrir því að »*danskan*« viðhaldist í öllum embættisgjörðum og embættisviðskiptum hèr á landi. Hvort það muni verða til að spilla málinu, að menn reyni til að skrifa hreina íslenzku, það skal eg ekkert segja um. Það eru fleiri rithöfundar til vitnis um það, hvað íslenzkri tungu hefir verið til spillingar, eða hvort það hefir verið henni til bóta, að bæði lögin og embættisbrèfin hafa verið á dönsku. Eg skal ekki deila við hann um þess háttar. En það var í þessari ræðu hans eins og optar, að það verður allt af að koma innan um eitthvað af því með fram, sem »*hann talar af sínu eigin*«; hann sagði, að það væri engin heimild í lögum fyrir því, að menn mætti flytja mál á dönsku hèr fyrir yfirrèttinum; en þetta er ekki satt; því fyrir þessu er einmitt heimild í lögum í vissum tilfellum. En ef þingmaður þessi vildi breyta þeim gildandi laga-ákvörðunum sem eru um þetta efni, þá hefði hann átt að taka sèr breytingaratkvæði um þetta við undirbúningsumræðuna, en ekki koma með það svona upp úr kafinu í ályktarumræðunni, því nú er það ekki annað en marklaust hjal. Eg veit reyndar til, að menn hafa neytt þessa lagarèttar bæði fyrir hèraðsrètti og yfirrètti, og getur það verið til mikils hægðar- og sparnaðarauka, því meðan svo er, að málin verða að ganga til hæstarèttar, þá verða öll þau skjöl, sem byggt er á, að koma fyrir hann á dönsku, og þar að auki er auðsætt, að þegar »báðir málsviðeigendur eru danskir eða

á mörgum embættisbrèfum sínum. Þar sem binn sami háæruverðugi þingmaður sagði, að stjórnin hefði vottað svo mikla virðingu fyrir tungu vorri, þá játa eg, að ef hann hefir meint vorn allramildasta konung, þá er þetta fyllilega satt, því hann hefir í fyllsta máta viðurkennt rèttindi vor í þessu efni; en við höfum enn sem komið er, engar þakkir að tjá ráðherrastjórninni fyrir, að hún hafi sýnt tungu vorri neina virðingu eða viðurkenningu.

Arnljótur Ólafsson: Eg get eigi neitað því, að mèr þykir breytingaratkvæðið undir 1. tölul. betra, en 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, því breytingaratkvæðið fer fram á það, sem mèr finnst menn geta beðið um með fullum ástæðum, að öll embættisbrèf, sem ganga manna í millum hèr á landi, sè á íslenzku, einkum brèf frá amtmönnum og sýslumönnum til manna fyrir neðan sig; en á hinn bóginn megi þó hver embættismaður skrifa hvort heldur bann vill á dönsku eða íslenzku, þegar hann skrifar til stjórnarinnar, því með þessu er það fengið, sem er gagnlegt, að íslenzk tunga sè viðhöfð í landinu, og að hún hafi jafnrètti við hina dönsku tungu milli stjórnar og landsmanna. Vèr vitum, að það eru til gömul lög fyrir því, að almúgamenn mega skrifa á íslenzku, þó þeir skrifi til stjórnarinnar; og lætur þá hlutaðeigandi embættismaður danska þýðingu fylgja með. Eg get bætt því við, að eg skrifaði einu sinni brèf til stjórnarinnar fyrir ólærðan mann, og skrifaði það á íslenzku, en skýrskotaði til þessa lagaboðs, og brèfið gekk sama veg, án þess að neitt væri að fundið. Það eru því að eins embættismennirnir sem skrifa á dönsku. En án þess að eg vilji gjöra lítið úr íslenzkunni hjá þeim; þá verð eg að segja það, að eg held að lítið sè unnið fyrir tungu vora með því, að fá íslenzkuna á þessum umboðslegu brèfum. Eg hefi sèð mörg af þess konar brèfum, og íslenzkan á þeim er sannarlega eigi góð; mèr hefir opt legið við að segja: Æ vertu eigi að því arna, þú getur það eigi. Þessi brèf liggja líka allt af á skrifstofunum, svo enginn getur lært íslenzku af þeim, enda eru þau ekki sèrlega lærdómsrik. Mèr þykir meira varið í, að brèfin sè skrifuð á góðri dönsku, en á illri íslenzku, því ekkert spillir málinu meir, en hrogna-íslenzka, og eg vildi heldur að sá maður, sem ekki kann vel íslenzku skrifi að minnsta kosti þau brèf, sem ekki snerta neitt almenning í nokkru, á góðri dönsku en illri íslenzku. En svo eg víki nú aptur að breytingaratkvæðinu, og einkum því atriði í því, að allt skuli hèr fara fram á íslenzku, þá liggur sjálfsagt í því, að íslenzka

því það er hægt, að koma fram með þetta um móðurmálið, af því það efni er svo lagað, að það æfinlega eru sannindi í sjálfu sèr, að hvert land á rètt á sínu móðurmáli. Eg segi það því í heyranda hljóði, að eg vil ei setja mig móti þessari uppástungu að þessu leyti; eg veit, að mèr yrði virt það til minnkunar af landsmönnum mínum, því þetta er fullkominn sannleikur; en sannleikurinn er eitt fyrir sig; hitt er annað, hvernig menn beita honum. Sá vandi sem hvílir ekki einungis á þessu heldur öllum öðrum þingum, er ekki sèr í lagi sá, að leita að sannleikanum í heimspekilegum skilningi, heldur hitt, að hugsa um, hvað bezt geti komið í hag á hverjum tíma. Eg er enn fremur hræddur um, að af þessu margítrekaða bænastagli geti leitt, að við á endanum komumst svo í bága við stjórnina, hún taki oss þetta upp eins og nokkurs konar drembilæti. Þetta er það helzta, sem eg eptir minni tilfinningu hef á móti þessu. Eg sè ekki, að það sè nein hindrun á því, að menn megi skrifa á íslenzku; en ef á að fara að hamla þeim frá að skrifa á dönsku, sem geta það, það sýnist mèr vera hið sama, sem að vilja taka sig út úr því ríki, sem við um svo margar aldir höfum verið bundnir við. Og að eg megi ekki skrifa brèf til stjórnarinnar á dönsku, ef eg get það, það þykir mèr sannarlega undarleg uppástunga.

Framsögumaður: Eg held það sè þó nokkur misskilngur og mismynni hjá hinum háæruverðuga þingmanni, er nú talaði, þar sem hann segir, að þetta sè margstögluð bæn; þessu, sem hèr er farið fram á, hefir ekki verið hreift hèr á þingi síðan 1849, þegar uppástunga var borin upp um það, að öll embættisbrèf hèr á landi og hingað til lands væri rituð á íslenzku. 1855 kom að vísu uppástunga um hið sama fram á þingi, en hún var felld einmitt af þeim sömu ástæðum, sem hinn háæruverðugi þingmaður nú tók fram. En ógæfan er sú, að þó honum þyki þetta stagl, að taka nú upp aptur 1863, það sem beðið var um 1849, þá er þetta »stagl«, sem honum þóknast að nefna svo, ekki tilefnislaust; og svo er það aðgætandi, að síðan komu út ráðherra-úrskurðirnir 1854, og einmitt síðan hafa dönsku brèfaskriptirnar farið heldur vaxandi en minnkandi. Svo þó nú hinn háæruverðugi þingmaður gefi þinginu von um, að tíðarandinn muni leiða með sèr viðunandi lagfæringu á þessu, þá held eg að þeim orðum hans sè sízt treystandi, meðan stjórnin í Danmörku og embættismennirnir hèr þykjast vera bundnir við úrskurðina frá 1854, eins og þeir líka sýna

megi gjöra það hvort heldur á íslenzku eða dönsku. Eg held nú að nefndinni hafi aldrei dottið í hug, að meina neinum, að skrifa á dönsku *með*, eða senda danska útleggingu af brèfum sínum með þeim til stjórnarinnar, t. d. eins og lögboðið er um bænarskrárnar frá alþingi, og ef þingið álítur að það eigi við, að það biðji um þetta, þá getur víst nefndin ekki meinað því það, en mèr virðist það vera alveg óþarft. Viðauka-atkvæðið undir 3. tölulið, álít eg vera til bóta, og vil því gjarnan fallast á hann. Fleira er nú ekki á atkvæðaskránni, nema uppástungur nefndarinnar, og þær fengu við undirbúningsumræðuna svo góð meðmæli hjá öllum þorra þingmanna, að eg hef góða von um, að þingið fallizt á þær.

H. G. Thordersen: Það dettur víst engum í hug, að halda, að eg sè svo lítill Íslendingur, að eg mæli á móti rètti míns móðurmáls. En eg get þó ekki annað en látið það í ljósi, að mèr finnst ekki þessi bænarskrá eiga rètt vel við. Eg veit ekki betur, en að allt, sem fram fer hèr á landi, megi vera á íslenzku og sè að mestu leyti á íslenzku, og það svo, að eg skil ekki, að menn megi ei vera ánægðir, einkum þar sem stjórnin hefir verið svo tilhliðrunarsöm, hvað lögin snertir. Eg sè eitthvað svo lagað í þessu, eins og hèr hefir verið framborið, að lögum þeim sem konungur hefir gefið í þessu efni, sè ekki framfylgt, þá get eg aldrei verið samþykkur því, að lögunum sè ei hlýtt, en mèr er það ekki ljóst að svo sè af umræðunum um málið. Eg setti fram fyrir þingið við undirbúningsumræðuna nokkrar spurningar, sem eg veit ekki til að nokkur hafi svarað, því eg treystist þá ekki sökum heilsu minnar að sitja hèr lengur, en eg átti þá eptir eina spurninguna út af 1. niðurlagsatriðinu; eg hafði ekki rekið spurningar mínar lengra, en til stiptsyfirvaldanna, en leiðist að halda lengra áfram. Eg hafði þá í huga að spyrja enn fremur, hvort sú væri meiningin að ef stiptsyfirvöldin skrifa til stjórnarinnar á dönsku, hvort stjórnin þá ætti að reka það í þau til baka, og segja; gjörðu svo vel heilla vin að gjöra betri skil, hafðu brèfið á íslenzku; þetta sýnist mèr vera að rýgbinda stjórnina, að hún megi ekki skrifa okkur nema á íslenzku, og við ekki henni. Og ef svo er, þá þykir mèr hart, að menn skuli vera að keppa um þetta, sem tíðarandinn leiðir smátt og smátt í ljós, og stjórnin hefir líka sýnt, að hún viðurkennir þenna rètt móðurmáls vors, svo mèr getur ekki sýnzt ráðlegt, eins og stjórninni hefir farizt vel við oss í því máli, að koma fram með þessa bænarskrá. Eg get að vísu ekki sett mig á móti þessu í sjálfu sèr,

Konungsfulltrúi: Eg sè ekkert á móti nefndarkosningu þeirri, sem hèr ræðir um.

Benidikt Sveinsson: Mèr þætti æskilegt að vita, hvort eg ekki skyldi konungsfulltrúa rètt.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður hefir skilið mig rètt (*Benidikt Sveinsson:* Þá er allt gott) því þingið hlýtur að vera sjálfrátt, hvort það vill kjósa nefnd eða ekki í málið (*Benidikt Sveinsson:* Það er nú reyndar nokkuð annað, en spillir ekki til).

Framsögumaður: Í nefndarálitinu er ekkert, sem bendir til þess, að þingið stuðli að niðurskurði; heldur að þessum mönnum sè gefið svar.

Varaforseti: Eg skal þá, fyrst hinn háttvirti konungsfulltrúi er því samþykkur, biðja þingmenn að ganga til atkvæða, um hvort á næsta fundi skuli kjósa 3. manna nefnd samkvæmt uppástungu nefndarinnar.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1. að nefnd þessa skyldi kjósa á næsta fundi.

Varaforseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið. Eptir fyrirmælum forsetans ákveð eg fund til á morgun kl. 12 á hádegi.

Fundi slitið.

Þrítugasti og fimmti fundur — 14. ágúst.

Allir á fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Fyrst var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um laun hreppstjóra.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 396.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið, um rètt íslenzkrar tungu. Framsögumaður er hinn háttvirti varaforseti. Eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr prentaða atkvæðaskrá.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 400.

Framsögumaður (*Jón Guðmundsson*): Eg skal nú ekki vera margorður um málið sjálft, sízt að svo stöddu, en eg skal snúa fáeinum athugasemdum að þeim breytingaratkvæðum, sem fram hafa komið. Þá er nú fyrst breytingaratkvæðið undir 1. tölulið. Þar er farið fram á, að þeir sem rita konunginum eða stjórninni,

á milli borið, og til þess að svo verði eru miklu meiri líkur, ef frumvarpið verður að lögum, og þeim verður framfylgt með nokkru afli.

Magnús Andrèsson: Nefndin fann sèr skylt að veita andsvar þeim mönnum, er skoruðu á þingið, en þeir ráða, hvað þeir gjöra. Eg vil þeim sè leitt fyrir sjónir, hvað nefndin álítur bezt, með því að senda þeim frumvarpið svo þeir sjái, hvað í vændum er.

Jón Sigurðsson: Hèr er ekki spursmál um það, hvort niðurskurður getur komizt á í haust eða ekki, en eg skil ekki, hvernig þingið getur leitt hjá sèr að svara þeim mönnum, sem sent hafa hingað bænarskrár um niðurskurð og bent þeim að minnsta kosti á, hver ráð sè tiltækilegust til að fá honum framgengt sem bráðast, með því að þeir ráði sjálfir gjörðum sínum í þessu efni.

Indriði Gíslason: Af því framsögumaður skoraði á þingmenn að láta í ljósi álit sitt um það, hvort fást mundi fè til kaups, ef skorið væri niður, hèr fyrir sunnan, þá var það að eg svaraði; en það er ekki mín meining að skylda menn til að skera niður. En í tilliti til þess sem þingmaður Snæfellinga sagði, þá er það satt, að núer Snæfellsnessýsla einna verst stödd af sýslum vestanlands, hvað fjáreign snertir. En þó þaðan ekki yrði miðlað fè, held eg það ekki yrði til fyrirstöðu að fè fengist, ef falað yrði, þó hún gengi undan, því eins og eg sagði, veit eg með vissu, að fè fæst í Borgarfjarðar- Mýra- og Dalasýslum.

Benidikt Sveinsson: Eg held það þurfi ekki fleiri upplýsingar um þetta efni en komnar eru, og það því síður sem eg *engan veginn gat skilið* ræðu konungsfulltrúa svo, að hann hefði *neitt á móti samkomulagi um niðurskurð* eður *að hann fengi framgang*, þar sem það nú er víst, að nóg fè öllum að meinalausu fæst aptur úr hinum heilbrigðu hèruðum, heldur skildi eg hann svo, að hann *efaðist* um *að niðurskurður kæmist hèr á*, eður með öðrum orðum, *að menn mundu hann fyrir sig kjósa.*

Varaforseti: Út af 2. niðurlagsatriðinu, sè eg ekkert móti því, að þegar sèu greidd atkvæði um hvort kjósa skuli eður ekki kjósa nefnd þá, sem uppástungan fer fram á, til þess að semja samkvæmt ástæðum nefndarálitsins, ávarp eður andsvar til þeirra sjúku og grunuðu sveita, sem hafa ritað þinginu bænarskrár um niðurskurð, svo að þessi nefndarkosning komist á dagskrá til næsta fundar. En eg vil þó leyfa mèr, að skora á hinn háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann sjái nokkuð á móti því.

fjarðarsýslu. En ef farið væri vestur í Dalasýslu, þá held eg að menn þyrfti eigi meira, en þeir gæti fengið í viðbót.

Páll Melsteð: Eg verð nú að segja hèr á þinginu eins og eg sagði í nefndinni, að eg hefi daufa von um nokkurn almennan niðurskurð í Kjósar og Gullbringusýslu. Eg álít mèr skylt að taka þetta fram, því að eg vildi að menn gjörðu sèr ekki of miklar vonir um þetta, heldur hitt að menn byggist við allri tregðu og samtakaleysi. Eg get nú eigi gefið von um fè úr Snæfellsnessýslu, því að hún er mjög fjárlítil, bæði í sjálfu sèr og sökum nýafstaðinna harðinda; það skyldi helzt vera Skógarströnd, það var fjárrík sveit þegar eg var þar vestra, en því er þingmaður Dalasýslu kunnugri en eg er nú. En bæta vil eg því við, að Snæfellingar munu eigi verða eptirbátar annara, ef til þess kæmi, og þeir sæi að mönnum væri alvara hèr syðra alveg að útrýma kláðanum. En eg tek það upp aptur, að eg er hræddur um að aldrei verði allt fè skorið í Gullbringusýslu og vil eg taka til dæmis Hafnahrepp, þar eru mestu dugnaðarmenn, hafa læknað sitt fè og hafa vaktað það með drengskap og dugnaði, svo að það hefir nú verið heilbrigt um mörg ár að því mèr er kunnugt. Þar búa þeir menn, er eg hygg að þverneita mundu niðurskurði. En ef eigi verður skorið niður í allri Kjósar og Gullbringusyslu, þá held eg, að komi ruglingur á þetta atriði, svo að lítið verði úr þessari ráðagjörð.

Konungsfulltrúi: Eg skal geta þess, að stiptamtmaður hefir fengið bænarskrár úr Borgarfjarðarsýslu og frá fleirum bændum úr Kjósarsýslu gegn niðurskurði í haust, og að öðru leyti kæmi það í stríð við stjórnarfrumvarpið, sem hèr ræðir um, og sem nefndin í aðalatriðum þess og stefnu hefir aðhyllzt og sem eg vona, að þingið einnig fallist á, ef nú yrði farið að ráða til niðurskurðar í Kjósar og Gullbringusýslu og suðurhluta Borgarfjarðarsýslu, enda þykist eg geta fullyrt, að slíkum niðurskurði yrði heldur ekki komið á, þó þess yrði leitað, og þingið kæmist til þeirrar niðurstöðu, sem eg þó vona ekki verði eins og málinu nú er komið.

Stefán Jónsson: Það fer nefndin ekki framá, en það var eptir fyrirmælum framsögumanns, að eg og aðrir svöruðu því, hvort ekki mundi fást fè til kaups, ef niður væri skorið. Vilji þessir menn enn þá eiga fè sitt, hvernig sem það er, mega þeir það; aðrir hafa aldrei öfundað þá af fjárkláðanum og það er ekki vert að misunna þeim hans, ef þeir álíta sèr það betra. En menn úr heilbrigðu hèruðunum vilja vera fríir fyrir kláðans útbreiðslu og það hefir allt af

Jón Pálmason: Viðvíkjandi því, sem nú var skorað á þingmenn úr heilbrigðu hèruðunum af hinum heiðraða framsögumanni að láta álit sitt í ljósi um það, hvort fè mundi fást til kaups, ef niðurskurður kæmist á í hinum sýktu hèruðum, þá get eg með því meiri vissu sagt, að Húnvetningar mundu gjöra sitt bezta til í þessu falli, þar sem eg hefi skriflegt loforð frá þeim fyrir því að þeir skyldi selja jafnvel um 2000 fjár með sanngjörnu verði, ef skorið væri, og eg er sannfærður um að mætti fá meira fè til kaups í Húnavatnssýslu, ef sunnlendingar lètu sèr annt um það, og gætu borgað það, því að mèr er kunnugt um það, þegar þessum söluloforðum var safnað, sem vissir menn gengust fyrir á manntalsþingum, þá mættu engan veginn allir bændur eða fjáreigendur, sem eg er þó sannfærður um að mundu selja töluvert fè. Eg held það sè athugavert fyrir sunnlendinga að hafna þessum fjárkaupum úr heilbrigðu sýslunum, því ekki er víst að jafngott tækifæri bjóðist seinna, því þessi fjárkaup eru ekki annað en fjárskipti, sem sunnlendingar yrðu ekki einungis skaðlausir af, heldur mundu þeir hafa hag af því, því verðið er ákveðið svo rímilegt, og fyrir neðan gangverð.

Jón Sigurðsson: Eg get því miður ekkert lagt til þessa máls því þó langt sè að fara til fjárkaupa hèðan norður í Eyjafjörð þá er þó enn lengra norður í Þingeyjarsýslu. En það veit eg að Þingeyingar mundu vilja stuðla til þess, að þessum óheilla gesti fjárkláðanum yrði útrýmt úr landinu sem allra fyrst, og ekki liggja á liði sínu með fjársölu eður annað sem gæti orðið því augnamiði til eflingar. Eg gjöri ráð fyrir, að það sè ekki til neins þó eg gefi loforð um sölu á heilbrigðu fè frá minni sýslu, því öllum mundi þykja ógjörningur að sækja það svo langt. En eg veit þó eitt dæmi til, að fè hefir verið rekið þaðan og hèr suður í Gullbringusýslu. Og hitt veit eg, að ef menn kæmi til fjárkaupa norður í Þingeyjarsýslu, þá mundi þar fást all-mikið fè.

Magnús Andrèsson: Það er örugg von mín, að Árnesingar muni fúsir á að selja fè, þegar þeir fá fulla vissu fyrir, að hèraðið sè alhreinsað, en fyrr ekki.

Indriði Gíslason: Mèr er því hægra að taka undir þetta mál, sem eg er sannfærður um, að menn mundu eigi þurfa vestur í Dalasýslu, því eptir því sem eg heyrði á mönnum á suðurleiðinni, þá mundi mega fá ógrynni fjár í Mýrasýslu og efri hluta Borgar-

Jón Pèturssón: Við enda 6. greinar stendur í hinum sýktu og grunuðu hèruðum; eg vildi vita hvort nefndin meinti með því, hrepp, sýslur eða hvað. Þar sem stendur: »eptir fjárframtali» o. s. frv., þar vildi eg, að einhver tími væri ákveðinn.

Benidikt Sveinsson: Eg held að nefndin meini hèr eigi með orðinu: »hèrað« hreppa í lagalegum skilningi heldur hinn eðlilega staðaraðskiinað eptir því sem samgöngum hagar samkvæmt landslaginu; það er sjálfsagt, að hver fjáreigandi í hinum sýktu hèruðum greiði kostnaðinn, en eigi fjáreigendur í neinum vissum hrepp, því það geta verið 2 hreppar og 1½ hreppur grunlaus og ½ grunaður. Eg ætla óþarft að til taka tímann um fjárframtalið, það verður sjálfsagt byggt á því fjárframtali sem annars er lagt til grundvallar á þeim tíma sem kostnaðurinn fellur á.

Framsögumaður: Það er satt sem hinn háttvirti 4. konungkjörni sagði, að tíminn er ekki til tekinn, nær fjárframtalið skal vera, en það mætti bæta inn í: »það ár». Þess skal eg og geta, að það liggur í hlutarins eðli, að þar sem nefndin hefir orðið »hèröð«, þá meinar hún með því það og það kláðasvæði, en engin lögsagnarumdæmi.

H. Kr. Friðriksson: Þar sem stendur í 1. grein »eður úr *næstu* sýslu«, þá vildi eg að stæði: eður úr *annari* sýslu, því það vakir fyrir mèr, að betra væri að kjósa manninn, ef til vill, heldur úr einhverri annarri sýslu, en hinni næstu.

Framsögumaður:: Eg held að það ætli þá eigi að verða meira umtal um þetta atriði; eg vil að eins áskilja mèr rètt til að gjöra fáeinar orðabreytingar við frumvarpið, auk þess sem eg hefi áður um getið. Eg skal þá snúa mèr að hinu atriði nefndarálitsins undir töluliið 2, að þingið kjósi 3. manna nefnd til að semja andsvar; og skal eg þá skjóta því til forseta, hvort eigi sè gjörlegt að kjósa þessa nefnd nú þegar, svo andsvarið yrði samið milli undirbúningsumræðu og ályktarumræðu. En eg verð þó jafnframt að skora á þá heiðruðu þingmenn sem eru úr heilbrigðu hèruðunum að lýsa því yfir, hvort fè mundi fást keypt, ef skorið væri hèr í sýktu hèruðunum.

Stefán Jónsson: Eg er nú svo langt að, nefnilega norðan úr Eyjafjarðarsýslu, að það er að líkindum eigi til neins, þó að eg gæfi einhver loforð, en vera þykist eg viss um, að kæmu menn í þessum erindum norður í Eyjafjörð, mundi töluvert fè fást og með sanngjörnu verði, ef hèr væri gjörhreinsað kláðasvæðið.

getur það ef til vill verið misskilningi undirorpið, og vil eg því áskilja mèr rètt til að orða það öðruvísi. Nefndin hugsaði sèr með því það fè, sem veikt væri innan 12 mánaða, þannig, að 12 mánuðir væri eigi liðnir siðan það var veikt eður hafði samgöngur við veikt fè. Í 1. gr. siðast er málvilla: »frá heimili *sínu*«, ætti að vera »verkfall og ferðalög frá heimili« eintómt eður »heimili þeirra«.

Brynjólfur Jónsson: Eg get þó ekki annað álitið, en ef 3. greinin á að standa óbreytt, að út úr henni megi draga þá meiningu, að það fè sè grunað, sem hefir einhvern tíma verið sjúkt? Eigi hún því ekki að misskiljast, þá ætti að tiltaka tímann nokkuð glöggar. Eg vil því gjöra það breytingaratkvæði, ef enginn annar gjörir það, að sett verði víst tímatakmark innan hvers fèð hefir verið sjúkt eða hefir haft samgöngu við sjúkt fè, t. d. fyrir 12 mánuðum síðan.

Stefán Jónsson: Meining nefndarinnar er sú, að hún gæti eigi álitið nokkuð fè frítt, fyrr en að 12 mánuðir væri liðnir frá því, að menn vissi til, að það hefði haft samgöngur við sjúkt fè eða verið sjúkt. Eg ímynda mèr nú, að nefndin aðhyllist breytingaratkvæði það, er þetta skýrir. Það var satt sem varaforseti sagði, að meiningarnar um tíma takmarkið voru mjög tvískiptar í nefndinni; eg vildi nú gjarnan hafa alla þá tilhliðrunarsemi sem mögulegt væri, en þó skaðlaust fyrir málið, svo mönnum hèr væri eigi gjört örðugra fyrir en nauðsyn til bæri; en eins og geta má nærri þekki eg eigi nógu vel, hvað lengi kláði getur dulizt í fè, áður hann brýzt út; þess vegna vildi eg ekki gjöra meiri tilhliðrun en svo, að eigi verði hið vonda verra og meira tjón verði svo af. Á endanum varð eg því að fallast á 12 mánaða takmarkið, því að mèr fannst það líka í enn meiri samhljóðun við hitt annað í frumvarpinu; og eg er hræddur um að eigi verði gott að gjöra mun á því sem grunsamt er og sjúkt, ef til dæmis heibrigð kind eða kindur hleypur í lítið sjúka eður mikið sjúka hjörð. Þetta held eg að verði allt að vera undir sama skilyrði og ekki hægt að gjöra greinarmun á.

H. Kr. Friðriksson: Út af því, sem þingmaður Vestmannaeyinga hreifði máls á 3. grein, þá skal eg leyfa mèr að bera upp það breytingaratkvæði, ef nefndin vildi fallast á það: »Þá skal fè fyrst teljast grunlaust er það hefir heilt verið og eigi haft samgöngur í svo og svo langan tíma«; að því er töluna snertir, þá vil eg stinga upp á 6 mánuðum.

Eg skal leyfa mèr að bæta því við ástæðurnar fyrir 2. gr. um hina sèrstöku ábyrgð, að sú ákvörðun er samkvæm 8. gr. í almennum reglum hinna konunglegu erindsreka. Þessu næst er sú breyting við 3. gr. sem nú er 4., að í stað »*eptirlits*« o. s. frv. hefir nefndin sett »sem hin upprunalega rannsókn hefir í för með sèr«. Þetta er alveg samkvæmt lögum og reglum um öll lögreglumál hèr á landi, að úr því maður er uppvís orðinn að einhverri óreglu eður sök, þá er hann skyldur að greiða kostnað allan af hálfu hins opinbera meðan eigur hans hrökkva til. Í 4. gr. hefir nefndin gjört þann viðauka að kyrrsetja megi eigur manna, til þess að aðhaldið verði sem mest, og enginn geti skotið sèr undan, með því að ætla má, að þeir menn, sem sýna óhlýðni gegn yfirboðurum sínum, muni eigi hika sèr mikið við að koma fè sínu undan enda með talsverðum brögðum.

Brynjólfur Jónsson: Eg vildi leyfa mèr að gjöra litla athugasemd við 1. gr. þar sem nefndin hefir bætt við stjórnarfrumvarpið, að hreppstjórar fái umbun fyrir starfa sinn, en þess er eigi þar getið, hvaðan borgun þessi skuli tekin, hvort heldur af hreppsbúum eða af því opinbera. Í 6. gr. er þar á móti sagt: »öllum þeim kostnaði, er leiðir af þessari grein skal jafna niður á fjáreigendur«, o. s. frv. Við 3. gr., sem nefndin líka hefir til búið, til að draga burt allan vafa um það, hvert fè að sè grunað, vil eg leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að mèr virðist hún vera ógreinilega orðuð, svo að hún geti orðið misskilningi undirorpin; þar er sagt, að það fè sè grunað, sem *hefir verið sjúkt;* er það meining nefndarinnar, að allt það fè sè grunað, sem einhvern tíma hefir verið sjúkt, þó búið sè að lækna það fyrir löngu síðan. Þar segir líka, að það fè sè grunað, sem hafi haft samgöngur við sjúkt fè hina síðustu 12 mánuði; þetta þykir mèr og ógreinilega orðað, og ætla eg að meiningin eigi að vera sú, að ef heilbrigt fè *ekki* hefir haft samgöngu við sjúkt fè í hina síðustu 12 mánuði, *þá* skuli það ekki álítast grunsamt.

Framsögumaður: Eg skal svara þingmanninum fyrst því um kostnaðinn, sem leiðir af 1. gr., að hann fer eptir því, sem ákveðið er í 3. nú 4. gr.; sè kostnaður greiddur úr jafnaðarsjóði, þá er það úr jafnaðarsjóði hvers amts út af fyrir sig; en aðalreglan er, að kostnaðurinn leggist á eiganda úr því kláði er kominn til hans, svo það kemr eigi til mála, að kostnaðurinn verði nokkurn tíma greiddur úr sveitarsjóðunum. En um 12 mánaða takmarkið, þá

þegar nefndarálitið er svona fágað og broddarnir burtteknir, að saman muni ganga með alþingi og stjórninni. En það er nú samt sem áður ýmislegt, sem mèr þykir ískyggilegt í þessu frumvarpi, og nefndin hefir komizt í töluverða mótsögn við sjálfa sig. Eg skal samt ekki hreifa því fyrr en ef það yrði eitthvað við ályktarumræðuna til að spilla ekki fyrir málinu, og þessu sjaldgæfa vinsamlega samkomulagi, er nú virðist að vera millum þingsins og stjórnarinnar. Það er, eins og allir vita ei svo opt, að þetta góða samkomulag á sèr stað, að það sè vert fyrir konungkjörinn þingmann að spilla því. Eg verð samt að taka það fram, að hvorki sjálft frumvarpið nè heldur nefndarálitið er eptir mínu geði eða svoleiðis lagað sem óskandi væri og grundvallarlagasetningar menntaðra þjóða vanalega útheimta.

Forseti: Þar sem eg sökum anna eigi get verið lengur á fundi, skal eg biðja hinn háttvirta varaforseta að ganga til forsetasætisins. Gekk þá varaforseti til forsetasætis.

Framsögumaður: Það er svo mikið logn á þinginu eptir þessa góðu sáttaræðu hins 5. konungkjörna þingmanns, að enginn vill standa upp framar. Eg skal þá víkja fáum orðum að breytingaratkvæði varaforseta við 3. gr. Það er nú alveg satt, að margir voru á því í nefndinni, að ísjárvert væri að hafa þetta langa tímatakmark af sömu ástæðum og varaforseti tók fram. En þegar nefndin fór að skoða alla reynslu, sem menn hafa fyrir sèr í kláðamálinu, hversu lengi hann getur dulizt og hversu hann kemur upp ár eptir ár; menn vita að það hefir t. a. m. sjúkt lamb komið saman við heilbrigt fè um haust, og kláði eigi komið upp í því, fyrr en vorið eptir. Auk þessa er kláðinn allt af að koma upp aptur og aptur, ýmist á þessum bæ eður á hinum, þótt þar hafi verið kláðalaust áður. Þess vegna gátum vèr eigi sèð annað fært, en að taka til þetta langa tímatakmark. Við þetta verður og meiri samkvæmni í lögunum, þegar borin er saman 6. og 3. gr., og að öðrum kosti yrði harka sú sem nú er í 3. gr. enn meiri í 6. gr., þar sem sagt er að þeir sem grunað fè eiga skuli borga vörðinn. Þar sem sýki hefir verið á útmánuðum og eigi alveg farin um sumarmál, þar er skipuð heimavöktun til miðs júní og vörður til rètta. Þetta eru að vísu eigi 12 mánuðir; en verið getur, að sýki komi að haustinu eður snemma vetrar upp á einstöku bæ, þá verða bæirnir í kring grunsamir, þótt á fjölda bæja sè enginn kláði, og eiga menn þá þar sem grunur er að borga varðkostnað eptir 6. gr.

verði þessar tillögur vorar að stuðla til þess að minnka það ginnungagap, sem verið hefir a milli stjórnarinnar og alþingis í þessu máli.

Eg áskildi mèr dálitla athugasemd við 3. gr. nefndarfrumvarpsins, og man eg eigi betur, en að eg hreifði því á seinasta nefndarfundi, og nokkrir af meðnefndarmönnum mínum voru því samdóma, að þetta 12 mánaða takmark væri nokkuð freklega tiltekið; eg verð enn að vera á sama máli, og verð að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu. Til að skýra þetta gjörr, skal eg leyfa mèr að taka fram lítið dæmi, sem eg tók fram fyrir meðnefndarmönnum mínum, en það laut að því, eins og mèr er tamt, er eg legg til eitthvert nýmæli, hvernig þetta 12 mánaða takmark mundi reynast, er til framkvæmdanna kæmi, þegar þetta væri orðið að lögum, sem vonandi er að verði í haust eður á komanda vetri. Nú kæmi kláði upp á útmánuðum, verður þá að hafa örugga heimavöktun og almennan sveitavörð að sumrinu. Reyndist nú svo í haust, að fèð úr Kjósinni og Mosfellssveit hefði haft samgöngur við Þingvallasveit og Grafning og fleiri sveitir í Árnessýslu, þá ætti líka eptir 6. gr. að setja varðlínu kringum þessa hreppa; en mèr sýnist þó næsta óbilgjarnt, að setja vörð í kringum þessar sveitir, og baka þeim þar af leiðandi feyki-kostnað, ef þar reynist kláðalaust frá því nú í haust og allan næstkomandi vetur fram á vor, og eg held að það væri ekki eptir stefnu nefndarfrumvarpsins. Þess vegna þykir mèr þetta 12 mánaða takmark fyrir fè, sem að eins kann að hafa haft samgöngur við sjúkt fè, of frekt, og innihalda alveg óþarflega langan tíma, og vil eg því stinga upp á öðru þrengra takmarki, nefnilega 6—8 mánaða, því það álít eg fullnægilegt þegar ekki er um annan kláðagrun að ræða heldur en fyrir samgöngur við grunað fè en þó kláðalaust; eg vildi nú helzt hafa 4 mánaða takmark þegar svona stæði á, en eg veit ekki betur, en að sumir af meðnefndarmönnum mínum væri mèr helzt samdóma í 8 mánaða takmarkinu, og þess vegna vil eg halda því. Breytingaratkvæðið skal eg orða nákvæmar síðar.

Jón Hjaltalín: Eg skal nú ekki tefja þingið lengi, því mèr sýnist nú samlyndið og kærleikur kyssa hvort annað, þar sem er nefndin og stjórnin; en þó eru nokkrir broddar í kossinum hjá nefndinni móti stjórninni, en framsögumaður hefir þá komið með ráðið við því, svo að ekki er annað en að raka sig. Eg skal ekki neita því, að hèr er mikið gott samkomulag, og eg efast eigi um,

ast til að fegra útlit þess hlutar, sem menn vilja að sè fagur. Það er því engan veginn meining nefndarinnar, að þeir hafi gefið ósannar skýrslur einungis til þess að þóknast háyfirvöldunum, heldur hafi þeir ósjálfrátt leiðzt til að gjöra lækningunum í hag, af því þeir vildu, að ástandið væri sem bezt. Annars væri ómögulegt að vita hvernig á þessum röngu skýrslum stendur; það er *sannreynt,* að skýrslurnar hafa verið rangar fram á þenna dag, og nefndin gat eigi fundið aðrar ástæður líklegri til þessa viðburðar og engar mildari en þær sem hún hefir tekið fram. Það er að vísu satt, að nefndin er nokkuð harðorð, en það er hvorttveggja, að þessi orð koma eigi fyrir stjórnina í þeim búningi, sem þau hafa nú, og í annan stað hefir stjórnin farið svo með alþingi í þessu máli, að hún hefir aldrei leyft sèr í nokkru máli að fara eins með það. Þetta mál er alveg þjóðmál, þar sem um bjargræði og atvinnu landsmanna er að ræða, það er og alveg sèrstakt landsmál og ríður ekkert í bága við stjórnina í hennar æðri Pólitik. Stjórnin hefði því sjálfasgt átt að fara eptir tillögum þingsins í þessu máli. En þar á móti slettir stjórnin því aptur og aptur framan í þingið, að það sè skýrslur stiptamtsins og embættismannanna, sem hún byggi á og fari eptir, og álítur hún þingið þannig sem undirtyllu stiptamts kontórsins; en þess, sem þingið leggur til, er einskis gætt nè heldur þjóðviljans. Ef menn vilja segja sannleikann, þá tjáir eigi annað, en að segja hann afdráttarlaust með berum orðum. Þetta segi eg til að skýra hugsun nefndarinnar.

Jón Guðmundsson: Eg verð nú að taka undir þakklæti það, er framsögumaður tjáði hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir það, að hann samsinnti því afdráttarlaust, að breytingar nefndarinnar miðuðu málinu til góðs, því þar sem stjórnin hefir jafnan verið svo öndverð alþingi og vilja og tillögum þjóðarinnar í þessu máli, þá er næsta mikið komið undir því, að konungsfulltrúi vilji sannfæra og geti um síðir sannfært stjórnina um það, að þessar tillögur þingsins sem hèr liggja fyrir sè svo lagaðar, að þær bæði geti beint málinu sjálfu í betra horf, og komið stjórn þingi, og þjóð til þess að verða samhuga og samtaka til þess að ráða málinu til lykta. Það er líklegt, þegar konungsfulltrúi sendir nú sannfærandi meðmæli sín með breytingaruppástungum þingsins við stjórnarfrumvarpið og telur þær til eins verulegra bóta í álitsskjali sínu til stjórnarinnar, eins og hann hefir nú gjört hèr á þingi í dag, þá

og kröptugra, og get eg ekki annað en aðhyllzt þá stefnu, og það vona eg líka, að þingið gjöri. Eg skal einungis, hvað það uppástunguatriði nefndarinnar snertir, að allt fè skuli álítast grunað, sem ekki hafi verið heilbrigt, og laust við samgöngur við sjúkt eða grunað fè þá seinustu 12 mánuði, leyfa mèr að láta í ljósi, að eg hygg, að hèr sè farið of langt, og að 6 mánuðir muni í þessu tilliti vera nægilega tryggjandi takmark, eptir þeirri reynslu, sem menn nú hafa fengið, svo að t. a. m. það fè, sem frá hausti til vors hefir verið heilbrigt, sè að álíta fulltryggt. Nefndin hefir með þessari ákvörðun ætlað að taka af öll tvímæli, en þess verður vel að gæta, að þessi ákvörðun hennar, í sambandi við fjárverði þá sem hún hefir stungið upp á, getur haft hin verulegústu áhrif og leitt af sèr mjög mikinn, og ef til vill, óþarfa kostnað og umsvif. Svo virðist og, þegar heimavöktun er fyrirskipuð og við höfð, ekki næg ástæða til þeirrar ráðstöfunar, sem nefndin hefir stungið upp á, viðvíkjandi safni fjárins frá afrètti í júnímánuði, og að almennur vörður skuli settur hvað lítill kláðavottur sem finnst, þegar fènu er safnað, en eg skal ekki eyða fleirum orðum um þetta nefndarálit, sízt að svo komnu, en einungis leyfa mèr að biðja hið heiðraða þing að leggjast á eitt í því, að koma þessu máli í svo hagfellda stefnu, sem kostur er á án allrar keppni í meiningunni, því hvernig sem á þetta mál nú er litið, þá má fullyrða það, að það hefir aldrei, síðan það byrjaði, verið komið eins langt áleiðis, eins og það nú er komið.

Framsögumaður: Eg verð nú að þakka hinum hæstvirta konungsfulltrúa fyrir það, hvað vel hann hefir tekið undir þetta mál, og einkum undir breytingar nefndarinnar, og eins fyrir hitt, hve lipurlega hann tók í nefndarálitið, þar sem hann þó fann ýmislegt óþægilegt í því. Eg skal nú einungis skýra meiningu nefndarinnar í þeim orðum, sem konungsfulltrúi tók fram, að þeir menn sem frumskýrslurnar semja, hefði haft ástæður til að segja ástandið betra en það var, af því þeir vissu að þeir mundi gjöra háyfirvaldinu með því *þægt verk*. Eg held þá, að hèr eigi við málsháttur inn: »Það mæla börn sem vilja», eður latínski málsháttur inn: »facile credunt quod volunt». Þessir menn vissu nú, að háyfirvaldið vildi halda fram lækningum, og óskaði að árangurinn yrði sem mestur af þeim, og sjálfir voru margir þessara manna lækningamenn; þess vegna hafa þeir gjört meira úr þessum árangri en hann var í raun og veru, og er það skiljanlegt, því að menn leið-

framkvæmdir stipsamtsins, sem og um þá menn, sem unnið hafa að lækningunum, eða haft eptirlit með heilbrigðisástandi fjárins. Eg skal í þessu tilliti einkum leyfa mèr að taka fram það, sem segir í nefndarálitinu, að skýrslur þær, er stiptamtið hafi sent stjórninni um málið, hafi verið alveg rangar, og sitt verið sagt í hverju orðinu, og yfir höfuð allt verið fegrað sem mest fyrir stjórninni. Reyndar er nú aptur sagt í nefndarálitinu, að stiptamtinu verði ekki kennt beinlínis um, hvernig skýrslur þessar hafi verið úr garði gjörðar, því amtið hafi orðið að fara eptir skýrslum tilsjónarmannanna, og orðið að sjá með annara augum, en hèr með er þó dróttað beinlínis að þeim mönnum, sem skýrslurnar hafa gefið, að þeir hafi farið með ósannindi, og verða allir að sjá, hversu meiðandi slíkur áburður er fyrir hlutaðeigendur, en nefndin dregur þá aptur úr því, hvað þessa menn snertir, og snýr sèr að stiptamtinu, þegar hún þar á eptir segir, að skoðunarmönnunum ekki hafi verið láandi, þó þeir í skýrslum sínum um heilbrigðisástand fjárins, hafi dregið úr því, hvernig ástandið var í raun rèttri, því þeir hafi haft fulla ástæðu til að halda, að þeir með því gjörðu háyfirvaldinu þægt verk. Í þessum orðum liggur beinlínis, að stiptamtinu hafi ekki verið annt um sannleikann, heldur um hitt, að málið kæmi fram í sem fegurstum búningi, og að sem minnst væri gjört úr kláðamálinu. Þessi ummæli eru bæði óviðurkvæmileg og hljóta í hvers manns augum, að vera meiðandi fyrir hvern, sem í hlut á, því þau miða beinlínis til að gjöra hlutaðeiganda embættismann tortryggilegan, bæði gagnvart þjóðinni og stjórninni, og því þurfa að vera gildar og góðar ástæður fyrir nefndina, að fara slíkum orðum, en engar slíkar ástæður hefir hún komið fram með, og eg neita því, að hún hafi haft þær; en eg vil ekki fara fleirum orðum um þetta atriði á þessum stað, því eg vil með engu móti gefa tilefni til þess, að menn komist hèr í kappræður út af þessu umvarðandi máli, því það er og hefir jafnan verið mín einlæg ósk, að meiningar manna um það geti sameinazt, og allir eins og lagzt á eitt í því, að koma máli þessu í sem hagfelldasta stefnu, því það er samheldisleysið og sundrungin, sameinuð hirðuleysi einstakra manna, sem hefir spillt fyrir öllum framkvæmdum í því hingað til.

Hvað því næst breytingar þær og viðauka, sem nefndin hefir gjört í stjórnarfrumvarpinu, snertir, finn eg frá mínu sjónarmiði ekki ástæðu til að hafa á móti þeim, því þær miða til þess, að gjöra aðhaldið og eptirlitið, þar sem veiki á fè er fyrir, tryggara

fjársjóð. sem enginn hefir mátt sjá, og þá varð hann að dæma eptir niðurlagsatriðunum. Honum hefir enn fremur verið brígzlað um það, að hann hafi verið svo hirðulaus, að leita ekki upplýsinga, en þetta er *ósatt.* Eg skil annars ekki, hvernig hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður getur nú talað svo mikið í þessu máli, þar sem hann hefir ekki heyrt helminginn af umræðunum í dag. Hann kom nú seinast með hótanir, eins og áður hefir stundum heyrzt úr útnorðurhorni alþingissalsins, en hvað sem aðrir gjöra, þá læt eg þær ekki hræða mig.

Forseti: Eg vil biðja þingmenn skera úr því með atkvæðum sínum, hvort umræðunum skuli lokið.

Var síðan gengið til atkvæða og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1, að hætta skyldi umræðunum.

Forseti: Til þess að ræða málefni það sem eptir er, ákveð eg fund í kvöld kl. 7. Fundi slitið.

Þrítugasti og fjórði fundur — 13. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi nema hinn 3. konungkjörni þingmaður.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt. Því næst var lesið upp álitsskjal til konungs í húnaðarskólamálinu.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 374.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu nefndarálit um fjárkláðann. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga.

Var málið síðan afhent framsögumanni.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndarálitið er svo látandi:

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 382.

Framsögumaður: Eg er nú orðinn þreyttur að lesa, og vona eg, að aðrir þingmenn hvíli mig, áður en eg þarf að taka til andsvara.

Konungsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um nefndarálit það, sem nú var lesið upp, enda þó margt sè í því, sem gefur fullt tilefni til ýtarlegri umræðu frá minni hálfu, en þó get eg ekki leitt hjá mèr, að fara nokkrum orðum um þann blæ, sem er á nefndarálitinu, og um þau ummæli, sem nefndin hefir við haft um ráðstafanir stjórnarinnar í fjárkláðamálinu og um aðgjörðir og

eða til inntökuprófsinis og hefir minni hluti ímyndað sèr, eins og í bænarskránni stendur, að piltar þyrftu að fara til inntökuprófsins, að sumrinu og svo heim til sín, ef ekki stæðust inntökuprófið, og svo aptur til Reykjavíkur að haustinu, ef hlutaðeigendur vildi láta piltinn fara samt, en þetta er misskilningur. En eg vil spyrja hvort ekki kemur í sama stað niður, hvort inntökuprófið er numið burt eða haldið í inntökuprófi því, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á, þar sem hún þó stingur upp á, að pilturinn skuli mega vera 1 ár í skóla til reynslu, ef hann ekki stenzt í prófinu? því mest kæmi upp á, að pilturinn reyndist vel eptir vetrarvertíðina í skólanum. Eg tala þetta í einlægni og vil ekki spilla fyrir málinu, en eg verð að álíta, að inntökupróf það, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á þurfi ekki að vera svo mikið þrætu-epli hèr á þinginu þegar ekki þarf þessara umtöluðu vorferða. Það var 2. atriði í bænarskránni sem var svo þýðingarmikið, nfl. að ölmusur verði veittar piltum þeim, sem ekki eiga heima í Reykjavík, fyrir piltum þeim, sem þar eiga heima. Vegna þess að minni hlutinn hefir sleppt þessu atriði, vil eg áskilja mèr rètt til viðauka-atkvæðis í þá stefnu. Nú er hitt hvað gjöra eigi af málinu, sem einnig er umtalsefni. Hvort heldur eigi að senda bænarskrána til rektors eða þess, sem nú hefir málið til meðferðar eða rita konungi bænarskrá. Málið er nú á þeim stað, þar sem maður ekki getur vitað hvaða úrslit, það muni fá; en mèr fyrir mitt leyti virðist þingið helzt geta forsvarað þessa aðferð, með aðferð þeirri sem höfð var við launamál J. Þorkelssonar, en eg er enn í efa um, hvort eg get gefið atkvæði mitt því, að konungi verði send bænarskrá, nema eg sannfærist um að það bæti. Eg hefði vel skilið að það kynni að hafa bætt, ef farið hefði verið stillilega út í málið, en því hefir verið fylgt með svo miklu kappi, að eg held að engu máli hafi verið fylgt með meira kappi á þinginu, og það veit eg ekki, hvort hefir svo happadrjúgar afleiðingar fyrir málið.

Forseti: 7 þingmenn hafa beðið um, að umræðunum skyldi hætta.

Benidikt Þórðarson: Eg vil leyfa mèr að áskilja mèr viðauka-atkvæði við 9. tölul.

Helgi Hálfdánarson: Eg gleymdi áðan að taka það fram, að mèr þykir það skrítið, að minni hlutanum skuli hafa verið brugðið um, að hann ekki þekkti ástæðurnar hjá Reykjavíkurnefndinni. Jeg held að honum hafi ekki verið hægt að þekkja þenna hulda

Það gleður mig nú ef þingmaðurinn hefir sannfærzt af minni hlutanum; en eg get það eigi og mèr þykir líklegt, að fáir geti það. Hann segir, að sagt sè, að málið sè á svo háu stigi, að ekki megi ræða það. En eg er hræddur um, að það mælist eigi vel fyrir, að þingið fari að grauta í því máli, sem nefnd æðstu embættismanna landsins hefir haft til meðferðar í það minnsta eigi á því stigi sem mál þetta nú er á. Má eg spyrja: Hefir minni hlutinn komizt að því hjá stiptsyfirvöldunum, rektor eða skólakennurunum, á hvaða stigi málið væri nú? Alþingi er búið að segja álit sitt um það áður. Nefndin hefir sèrstakar ástæður til að halda, að stjórnin fari eigi feti lengra, en stóð í erindisbrèfi nefndarinnar. Þetta veit nú hvorki minni hlutinn nè þingmaður Gullbringusýslu. Það eru eintómar tilfinningar, sem minni hlutinn hefir að bjóða þinginu, og eg skyldi þakka honum fyrir þær, ef þær væri á rökum byggðar og gæfi upplýsingar; en þessi aðferð minni hlutans getur ei verið góð, því það er víst, að þegar þingið velur nefnd, þá ætlast það til, að hún gangi svo vel frá málinu, að menn sè nokkru nær en áður. En þegar menn forsóma að koma með upplýsingar um það, sem áður hefir gjörzt í málinu, þá getur svo farið, að það verði málinu fremur til skaða en gagns. Þetta getur minni hlutinn aldrei forsvarað. Það er nú líka eigi svo loku fyrir skotið, að þetta þurfi að ganga mótmælalaust, því þessi aðferð er móti öllum reglum. Nefndin í fyrra gjörði sèr allt ómak, sem hún gat, en minni hlutinn hleypur út í loptið og gengur fram hjá öllum þeim, sem kunnugastir eru. Þótt þingmaður Gullbringusýslu sè mikill mælskumaður, þá veit eg ekki hvernig honum tekst að gylla þetta. Það skyldi nú gleðja mig, að málið fengi sem bezt úrslit, en eg sè ekki hvernig það getur orðið með því móti sem hèr er að farið.

Ásgeir Einarsson: Það hafa nú verið haldnar margar ræður, en bezt geðjaðist mèr ræða þingmanns Borgfirðinga, þó hún væri stutt, þar var ekkert kapp og hann skýrði málið, því viðaukaatkvæði hans við tölul. 2 sýndi að þeir sem færu í skóla þyrftu að vera lesandi; en um mál þetta má segja, opt verður mikið bál úr litlum neista, og svo má segja hèr. Málið er risið út úr bænarskrá frá Húnavatnsýslu; en það er eg sannfærður um, að þeir, sem sömdu bænarskrána hafa ekki viljað að svona mikið kapp væri út af henni. Bænarskráin hefir gefið tilefni til 2. tölulið, í minni hluta álitinu, en það hefir farið svo fyrir minni hluta nefndarinnar, að hann hefir lagt ofmikla áherzlu á vegalengdina til skólans,

eg held að þeir, sem í þeirri nefnd voru, þurfi alls ekki að taka þetta svo. Þá er það eitt, sem sagt hefir verið á móti minni hlutanum, að ekkert væri *nýtt* hjá honum, heldur allt hið sama sem það, er þingið fór fram á í hitt eð fyrra, og þyrfti því eigi að taka það upp aptur. Sè þetta satt, þá skil eg eigi, hvers vegna þingið má ekki ánýja bæn sína í þessu máli, eins og opt hefir verið gjört í öðrum málum; því það vita þó allir, að þetta mál er ekki enn komið í kring. Það er sagt, að málið sè komið á það stig, að það megi nú ekki ræðast hèr á þingi; en eg get ekki sèð, að svo sè. Mèr finnst það stig, sem málið er komið á, eugan veginn svo fjarska hátt, þar sem það er enn hjá rektor, og fer síðan með áliti hans til stjórnarinnar, svo bænarskrá þingsins getur farið með sömu ferðinni. Aðrir játa, að nýjar uppástungur sèu hjá minni hlutanum og áfella hann fyrir það, og er hann meðal annars ásakaður fyrir, að hann hafi afbeðið umsjónarmanninn; en mèr finnst það eigi rètt eða sanngjörn ásökun, eins og eigi megi afbiðja það, sem beðið var um 1861, eða menn megi ekki hafa neina aðra skoðun nú en þá. Ræður þær, sem hèr hafa verið fluttar í dag af sumum eru eigi sannfærandi fyrir mig, heldur leiðist eg af þeim þvert á móti til að halda, að minni hlutinn hafi nokkuð fyrir sèr. Að uppástungur hans sè fráleitar get eg eigi sèð, og held eg að það sè miklu fremur fráleitt, að segja slíkt. Menn hafa nú mest talað um tölulið 1 hjá minni hlutanum, og fett fingur út í það, sem þar stendur; en eg sè ekki, að hann sè eigi á rökum byggður. Það er auðsèð, að minni hlutiun ætlast til, að þeir, sem komi í skólann, hafi lært jafnmikið og vant er að heimta af nýsveinum. En til þess, að engi misskilji þetta, þá væri nauðsynlegt að gjöra breytingaratkvæði við þenna tölulið, og mèr heyrðist einn þingmanna ráðgjöra það áðan, en ef hann gjörir það ekki, þá ætla eg að gjöra það.

Jón Hjaltalín: Eg verð að svara nokkru ræðu þingmannsins úr Gullbringusýslu. Hann sagði, að það væri eins og að ekki mætti eða ætti að ræða þetta mál, en það hefir enginn sagt að það mætti ekki. En þar fyrir er málið svo illa undirbúið, að þingið ætti varlega að taka slíkt nefndarálit til langra umræðna; það er búið að sýna það, að þessu nefndaráliti hefir verið fleygt inn á þingið án þess að nokkurra upplýsinga væri leitað; en kannske þingmanninn gildi einu, hvernig nefndirnar fara með málin. Eg ímynda mèr, að þingið finni ei ástæðu til að brúka marga tíma til að ræða það.

samþykkt. Að öðru leyti get eg alveg fallizt á það, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður hefir sagt um kennsluna, og hversu mörgum greinum er nú ofhlaðið á unglinga; en eg held að eins, að úr þessu verði lítið ráðið með því að vera nú að stagla það upp aptur að orsakalausu, sem einu sinni hefir verið nógsamlega sagt, og enn er engin ástæða til að efast um, að stjórnin muni taka allt það tillit til sem mögulegt er. Og þess vegna get eg heldur eigi verið hinum háttvirta þingmanni samdóma í því, að þingið á nokkurn hátt hopi á hæl, þó það vildi nú eigi fara eins langt og minni hlutinn; en honum er það mikið fremur einum að kenna, ef hann kemur því nú til leiðar með kappi sínu, að svo kann að líta út sem menn fallist í raun og veru eigi á efnið í uppástungum hans, þó menn vilji nú fram fylgja þeim beinlínis við stjórnina í þetta sinn. Eg tek þetta því og fram, til að gjöra við slíkum misskilningi, bæði af hendi stjórnarinnar og landsmanna; en eg held um leið fast við það, sem eg hefi áður sagt, að eg álít í þetta sinn með öllu óþarft að fara lengra en meiri hlutinn hefir stungið upp á. Takist öðruvísi til, þá má minni hlutinn kenna sèr einum um.

Páll Melsteð: Eg vildi gjöra hèr hið sama breytingaratkvæði og eg gjörði 1861, um að skóla-árið eða kennslutíminn í skólanum verði eigi styttur, því að eg álít, að það sè nægur frítími bæði fyrir kennarana og fyrir pilta, að hafa 3. mánuði eins og nú er; en hitt vil eg, að breytt sè frítímanum þannig, að skóla-árið byrji 15. september og endi 15. júní; eg styrkist í þessu, enn fremur af því, að eg sè af stjórnarráðstíðindunum að stjórnin hefir sagt að þessi tilhögun mundi vera hin rèttasta. Að öðru leyti er eg minni hlutanum í mörgu samþykkur; eg álít að menn eigi að gefa stjórninni allar þær bendingar sem menn geta í þessu mikils varðandi máli, og þeim muni stjórnin ekki hafna; en staflið C. get eg engan veginn fallizt á.

Helgi Hálfdánarson: Mèr finnst minni hlutinn í þessu máli hafi orðið ofhart úti hjá mörgum, og skil eg eigi, hvað hann hefir tilunnið. Það er skrítið að heyra suma þingmenn tala svo, sem málið eigi ekki að ræðast hèr, þó þingið sè áður búið að samþykkja að taka það nú til íhugunar. Eg get með engu móti betur sèð, en að það eigi og megi ræðast einnig nú á þessu þingi. Eg get ekki heldur skilið þá skoðun sumra manna hèr í salnum að ágreiningsálit minni hlutans sè ásökun á móti Reykjavíkurnefndinni;

það. Er þetta eigi öll sú ytri bending, sem menn geta gefið í almennu lagaboði, að piltar sè reyndir og þeim veitt sæti í skólanum eptir þekkingu þeirra. Menn geta eigi rekið pilta í skóla, og eiga heldur eigi að reka þá burt frá skólanum; þeir sem leita að skólanum eigi að ganga að og frá frjálsir, nema þeir seinna sýni sig óverðuga. Eg skil það nú eigi, að barnaskólinn hafi skaða af því, eður hvernig latínuskólinn verður barnaskóli fyrir þessa rèttlátu tilslökun, því hvar stendur það, að kenna eigi hið sama í neðsta bekk og í barnaskólanum? það datt minni hlutanum eigi í hug. Eg vil nú að öðru leyti eigi ívilna tómthúsmönnum fremur en öðrum, en eg vil heldur eigi íþyngja þeim fremur en öðrum, en hinn rèttláti munur milli þeirra og hinna fjarlægari kemur einmitt eðlilega fram við ölmusuveitingarnar.

Framsögumaður: Af því hinn konungkjörni varaþingmaður sagði, að eg hefði sagt, að þingmenn hefði eigi vit á skólamálinu, þá skal eg geta þess, að eg sagði það eigi, heldur sagði eg, að það væri eigi allir, sem væri hèr, sem hefði vit á að búa til skólareglugjörð, t. a. m. að ákveða hve mikið skyldi læra í latínu og grísku o. s. frv.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held þeir gjöri minni hlutanum að eins þægt verk, sem hvað eptir annað eru að tala með eða móti hinum sèrstaklegu uppástungum hans, því aðalspursmálið er hèr, eins og eg hefi áður sagt að eins það, hvort nú sè rètt að taka málið upp að nýju eða eigi. Og segi eg þetta ekki af því, að eg sè á móti uppástungunum í sjálfu sèr, einkum þar sem þær fara að eins í sömu stefnu sem í hitt eð fyrra, en mèr finnst það að eins óþarft og óhæfilegt að vera nú að ítreka allt þetta aptur og áður enn stjórnin er búin að gefa þinginu nokkurt tilefni til að halda, að hún muni eigi fara eptir hinum fyrri tillögum þess. Það er að svo stöddu ómögulegt að skilja allar tilraunir að vekja þetta mál nú upp aptur, öðruvísi en svo, að þingið vildi með því láta í ljósi óánægju sína yfir, hvernig stjórninni hefði tekizt að kjósa í Reykjavíkurnefndina, og reyna því að fá hana til að setja nú aptur nýja nefnd; en það álít eg með öllu óþarft, hversu illa sem mönnum svo líkar við aðgjörðir hennar, því ráðgjafinn er, eins og eg tók áðan fram, eigi fremur bundinn við tillögur hennar heldur en við óskir sjálfs alþingis í hitt eð fyrra, og umræða sú, sem nú hefir orðið á þinginu er nóg til að minna hann á þetta, ef þess annars þarf með, og ef uppástunga minni hlutans verður að eins

við undirbúningsumræðuna. Eg ætla því ekki að bæta neinu frekar við það, sem mælt var til stuðnings 1. gr. nefndarinnar við fyrri umræðuna, en vil þó taka það fram, að eg held að flestir hafi saknað þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi skýrði ekki nægilega frá ástæðum stjórnarinnar fyrir þessari grein. Stjórnin hefir lagt áherzlu á 18 ára aldurinn, og það af því, »að konungsfulltrúinn sem var á alþingi 1861, hafi verið mótfallinn 16 ára aldrinum«; en að líkindum hefir stjórninni því fremur þótt það óþarft, að taka röksemdir þær, er konungsfulltrúi byggði þetta á, upp í ástæður stjórnarfrumvarpsins, þegar hún vissi, að sami konungsfulltrúinn yrði nú hèr á þingi og mundi þá sízt láta vanta að skýra þinginu frá þeim ástæðum sínum; og það vona eg því, að hinn háttvirti konungsfulltrúi láti ekki vanta. Að öðru leyti ætla eg að fara fljótt yfir aðra greinina, og það því fremur, sem minni hlutinn ekki var harður á því við undirbúningsumræðuna að halda fram þeim breytingum sínum. En þegar 1. gr. sleppir, eða 16 ára aldurstakmarkinu, þá er það 7. og 9. gr. í breytingaruppástungum þingsins 1861, sem stjórnin hefir mest haft á móti, og eru þær nú hèr aptur komnar á þessa atkvæðaskrá 15. og 25. tölul. eptir tilhlutun minni hlutans; og hefir minni hlutinn reyndar komið með margar og margorðar ástæðar fyrir því, að halda enn fast við þessar sömu uppástungur þingsins 1861, en mèr finnst hann ekki hrekja ástæður stjórnarinnar á móti þessum uppástungum í einu nè neinu. Eg get ekki betur sèð, en að stjórnin hafi rètt að mæla, þegar hún segir, að þessar ákvarðanir frá alþingi 1861 sèu hvorki eðlilegar, rètt hugsaðar nè heldur praktiskar, og það fer sannarlega ekki fjærri sem sagt er um þær í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að þær sèu »fráleitar« eða óhafandi. Og þar sem stjórnin hefir nú í þessum sömu greinum frumvarpsins vikið frá sjálfri grundvallarreglunni, er hún fylgdi fram í fyrra frumvarpi sínu 1861, og aðhyllzt heldur í þessu nýja frumvarpi þær breytingar, að grundvallarákvörðununum til, sem þingið stakk þá upp á, þá get eg því ekki annað en fallizt á það val ákvarðana og niðurskipunar, sem frumvarpið nú hefir í 7. og 9. greinum þess, sem einmitt er byggt á grundvallarreglu alþingis 1861, og finnst mèr því, að þingið eigi ekki að gjöra kappsmál við stjórnina úr þessum orðabreytingum minni hlutans; því það væri óhæfa fyrir þingið, ef það ónýtti annað eins mál og þetta, sem búið er að kosta annað eins fè og tíma. Þá er og ágreiningur sá, sem minni hlutinn hefir gjört einna mest úr, en

það er 52. tölul. eður þessi breyting hans á 19. gr. frumvarpsins; eg ætla nú ekki að taka það upp, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna; enda hafa margir þingmenn fært rök fyrir því, að hún væri ekki takandi langt fram yfir stjórnarfrumvarpið; það eru líka í raun og veru þau vansmíði á þessari gr. minni hlutans, að hún naumlega er hafandi í lagaboði. Um hin breytingaratkvæðin ætla eg ekki að fara fleirum orðum. Nefndin hefir samþykkt sum, en sum lætur hún liggja milli hluta.

Konungsfulltrúi: þegar eg lít á þessa löngu atkvæðaskrá, sem hèr liggur fyrir mèr, virðist mèr það auðsætt, að ef þingið fellst á þau mörgu breytingaratkvæði, sem á henni standa, hljóti það að leiða til verulegra breytinga á stjórnarfrumvarpinu bæði að innihaldinu til og í þess niðurskipun, en eg lýsi því yfir við undirbúningsumræðuna, að óttast mætti fyrir því, ef þingið nú eigi gæti aðhyllzt stjórnarfrumvarpið nokkurn veginn eins og það nú lægi fyrir, væri hætt við, að þar af mundi leiða, annaðhvort að stjórnin algjörlega legði málið fyrir, eður og það yrði aptur lagt fyrir þingið til nýrrar yfirvegunar og álits, en að það frestaði málinu um lengri eður skemmri tíma, með því líka það gæti þá farið svo, að þingið þegar málið aptur kæmi fyrir fyndi ástæðu til að gjöra verulegar breytingar í frumvarpinu.

Eg mælti þess vegna fram með því, að þingið aðhylltist frumvarpið, og það því fremur, sem það, eins og líka meiri hluti nefndarinnar hefir viðurkennt, að það, yfir höfuð að tala væri vel hugsað og vel lagað með tilliti til sèrstakra þarfa og ásigkomulags þessa lands, og vandað sem bezt að allri niðurskipun og frágangi, og eg yrði að álíta, að þingið gæti eigi annað en verið þessu samdóma. Það var af þessari ástæðu, að eg aðhylltist meiri hluta nefndarinnar, því hann hafði að eins stungið upp á fáeinum breytingum í frumvarpinu, en þar á móti hefir minni hlutinn stungið upp á mörgum og verulegum breytingum í því, og í öllu verulegu haldið fram frumvarpi alþingis frá 1861, en sem stjórnin í ýmsum greinum ekki geti fallizt á, og því hefir fellt úr eða breytt í því frumvarpi sem hún nú lagði fyrir, en ástæður hennar fyrir því hefir hún tilgreint, og liggja þær hèr fyrir þinginu. Þetta bið eg nú þingið vel að athuga áður en til atkvæða er gengið. Hinn heiðraði framsögumaður tók það fram í ræðu sinni hvað 18 ára aldurinn snerti, að það liti svo út, að stjórnin hefði mjög svo farið eptir tillögum konungsfulltrúa í því að halda þessu aldurstakmarki, og

þar sem honum þótti ástæður stjórnarinnar ekki sannfærandi skoraði hann á mig að gjöra grein fyrir ástæðum þeim, sem hefði ráðið þessari skoðun konungsfulltrúa. Eg skal þá leyfa mèr að taka fram, að ástæður konungsfulltrúa voru í öllu verulegu þær sömu, sem taldar eru í stjórnarfrumvarpsins ástæðum nema hvað þær eru hèr skýrar orðaðar og auknar. Konungsfulltrúinn hafði einkum lagt áherzlu á það atriði, að unglingar á 16 ára aldri ekki hefðu fengið þá lifsreynslu og sálarþroska, sem væri nauðsynlegur til þess að gjöra eins áríðandi samninga, eins og það væri að ráða sig, venjulegast úr foreldra húsum og í fyrsta skipti í vist til vandalausra; eins og þessi ákvörðun um 16 ára aldurinn að öðru leyti mundi hafa veruleg og ekki æskileg áhrif á sambandið milli foreldra og barna; og eg skal bæta því við, að eg ætla það sè líka gagnstætt hugsunarhætti manna hèr á landi og því sem almennt viðgengst, að börn geti vistazt upp á sitt eigið eindæmi úr foreldra húsum, undir eins og þau eru orðin 16 ára, og því sè eg heldur ekki neina ástæðu til að innleiða þessa breytingu, sem að mínu áliti ekki heldur fengi verulega praktiska þýðingu, en gefur þó börnum lagaheimild til þess að yfirgefa ef til vill uppgefna og þurfandi foreldra þegar þeim liggur mest á. Ástæðan sem tekin er fyrir 16 ára aldrinum frá fátækrareglugjörðinni § 6 skil eg ekki að geti haft hèr nokkra þýðingu gagnvart tilskip. 21. desember 1831 sem löggildir hèr Chr. 5. laga 3—17. og norsku laga 3—19. um það, hverjir sèu ómyndugir, hálfmyndugir og myndugir eins og það virðist auðsætt, að reglan í 6. gr. fátækrareglugjörðarinnar, að ekta börn einungis þangað til þau eru orðin 16 ára skuli fylgja föðursins en óekta móðurinnar framfærsluhrepp, er einungis gefin í þeim tilgangi, að lètta á sveitinni með því að einskorða, að meðgjöf með þeim ekki fáist lengur, en til þess þau eru orðin 16 ára því þau geti þá sjálf unnið fyrir brauði sínu, en alls ekki í því skyni, að breyta löggjöfinni um ómyndugs og myndugsaldurinn. Viðvíkjandi breytingum minni hlutans við 7. gr. frumvarpsins hlýtur þingið að eg ætla að viðurkenna, að ákvörðunin undir nr. 1. sè eins og í stjórnarfrumvarpsins ástæðum, ljóslega er tekið fram, sè allt of óákveðin, og mundi in praxi gefa tilefni til margs konar misskilnings og miskliðar, og get eg því ekki ætlað, að þingið aðhyllist hana. Sama er að segja um 2. lið, að eg get ekki álitið, að hann eigi að taka fram yfir stjórnarfrumvarpsins ákvörðun. Minni hlutinn vill orða hann eins og hann var orðaður í frumvarpi þingsins frá 1861, en hèr við er athugavert, að þessi grein

er bæði yfirgripsmeiri og eðlilegri í stjórnarfrumvarpinu; eins og hún fyrr er orðuð í þingsins frumvarpi er einkum haft tillit til þess veikleika, sem gjörir hjúið ófært til vinnu um lengri eða skemmri tíma, en í stjórnarfrumvarpinu er tekið fram að hjúið hafi viðbjóðslegan sjúkdóm, og þar með tel eg t. a. m. inngróinn kláða, illa lyktandi sár, flogaveiki og fl. (*Benidikt Sveinsson*: Það stendur í áliti minni hlutans líka næmur), já, það er satt, og þetta orð stendur líka í stjórnarfrumvarpinu, en hin illa lyktandi sár og flogaveiki og fl., er ekki næmur veikleiki, en heyra undir orðið »viðbjóðslegan sjúkdóm» í greininni, og sjá allir, hvað óeðlilegt það er og ónærgætnislegt, að húsbóndinn, sem hefir ráðið hjúið, skuli vera skyldur til að taka við því, með þessum vanheilindum, svo er og sjúkleiki sá, sem einkum virðist að vera haft tillit til í stjórnarfrumvarpinu, ekki óþekktur hèr á landi, því hann hefir komið hèr fyrir optar en einu sinni. Viðvíkjandi litr. »c« undir nr. 15, verð eg að álíta, að það sè svo augljóst, að það tilfelli, að hjúið gjöri sig bert að illri breytni við sinn tilvonandi húsbónda eða náunga hans, sè svo sjálfsagt, að hvorki þurfi nè eigi að gjöra ráð fyrir því tilfelli, en hitt getur þar á móti opt að borið, að hjúið sýni slíkt öðrum óviðkomandi, en það á nú engin áhrif að hafa á vistarráðin, sem mèr með engu móti getur skilizt að sè eðlileg ákvörðun eða samkvæm hugsunarhætti manna í þeim efnum. Áhrærandi breytingaratkvæði minni hlutans undir tölulið 25. við 9. grein frumvarpsins, að hjúið skuli vera skyldugt að fara í vist til síns tilvonandi húsbónda, þó hann eptir að hann rèði hjúið til sín, fari í annað amt, ef hann að eins eigi fari úr landi, skal eg leyfa mèr að taka fram, að mèr getur ekki skilizt að þessi ákvörðun sè eðlileg, og eins og hún ekki heldur er samkvæm því, sem almennt viðgengst, og því var það, að konungsfulltrúi rèði til að takmarka skyldu hjúsins í þessu efni við amtið, og það hefir stjórnin einnig aðhyllzt, en upprunalega var þetta bundið við sýsluna, þannig að hjúið var skyldugt til að fara í vistina, þó húsbóndinn eptir það hann rèði hjúið til sín, skipti um bústað, ef hann að eins ekki flutti sig úr sýslunni. Nú er þetta af meiri hlutanum aptur bundið við 2 þingmannaleiðir eða 3 vikur sjóar, en þetta takmark er að mínu áliti miklu þrengra en góðu hófi gegnir, og eins því sem almennt viðgengst manna á milli, og get eg því með engu móti fallizt á þessa ákvörðun, en verð eptir kringumstæðunum helzt nú að mæla með því, að láta sýsluna ráða, þar sem eg skal viðurkenna, að amtstak-

markið kunni eins og hèr hagar til, að vera nokkuð í rýmra lagi, þó mèr reyndar virðist að það sè mikið sem með því mælir, að láta amtstakmarkið ráða, því sýslu takmarkið er aptur í mörgum tilfellum allt of þröngt. Þá kemur 52. tölul. um húsagann. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður fann að því í ræðu sinni í gær, að þessi ákvörðun ætti ekki heima í lögunum um vinnuhjú, heldur í Familieretten og skal eg nú ekki þrátta við hann um það, en einnig benda honum á það, að þessi ákvörðun er þó í dönsku hjúalögunum, án þess eg viti til að því hafi verið hrundið, enda virðist hún að eiga heima í slíkum lögum, og vera þar á rèttum stað. Hann gjörði líka greinarmun á milli húsaga og húsbóndarèttar, og vildi að húsbóndarètturinn næði yfir hjúið, hvað gamalt sem það væri, en eg tek orðið húsagi í stjórnarfrumvarpinu í þeim skilningi, að það innibindi bæði þann eiginlega húsaga og þann svo kallaða Revselsesret eða sem líka kallast í lögunum Huusret, því húsagi endar með 14 ára aldrinum eða með Confirmation, en löggjafinn vill ekki að Huusret eða refsingarrèttur húsbóndans nái lengra en til 16 eða 18 ára. Þetta er líka samkvæmt hugsunarhætti almennings hèr á landi, því það er talin mesta ósvinna að berja á fullorðnum hjúum sínum, og það er það líka í raun og veru. Það hefir líka verið talað um nauðverju frá húsbóndans hálfu, en það á ekki skylt við þetta mál, enda er það sjálfsagt, að húsbóndinn hlýtur eins og hver annar, að hafa rètt til að verja hendur sínar, þegar hjúið yfirfellur hann með höggum eða slögum. Um hin önnur breytingaratkvæði á atkvæðaskránni skal eg að svo stöddu ekki fara neinum orðum; eg skal einungis ítreka það, sem eg er búinn að taka fram, að mèr þætti það mjög miður farið, ef þingið ekki skyldi í öllu verulegu aðhyllast stjórnarfrumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, og málinu þannig verða frestað á þann hátt, sem eg tók fram, því þingið hlýtur að viðurkenna, að stjórnarfrumvarpið er í alla staði vel úr garði gjört, og getur orðið hagfellt lagaboð fyrir þetta land.

Framsögumaður: Mèr gleymdist áðan að geta þess, að 53. töluliður var samþykktur af okkur hinum, sem vorum í meiri hluta nefndarinnar. Eg ætla einungis að svara einu hinum háttvirta konungsfulltrúa, þar sem hann mælti fram með 18 ára aldrinum; hann hèlt nefnilega að börn fyrir innan 18 ára væri ekki fær um að ráða sèr sjálf. Eg ætla mèr nú allt fyrir það, að halda fast við skoðun nefndarinnar, og vil þá mega spyrja hinn háttvirta kon-

ungsfulltrúa, hvort eigi að ráða þau foreldralaus börn í vist, sem aldrei hafa þegið af sveit? Hann kann að svara mèr því, sem mèr skildist liggja næst í orðum hans, og sem líka er gefið í skyn í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að hreppstjórarnir eigi að gjöra það; en nú er 11. grein í húsagatilskipuninni tekin úr lögum, og er því undarlegt og eg vil segja fráleitt, ef þetta nýja lagaboð færi nú að gefa í skyn, að hreppstjórar eða sveitastjórnirnar ætti framvegis að ráða ósveitlæga unglinga í vist, þar sem þær eru sviptar því valdi með beinum lögum er þær áður höfðu yfir þeim unglingum sem hafa verið sveitarómagar. Það getur hins vegar opt að borið, að foreldralaus unglingur hafi verið óheppinn með að fá vist, og leiti því ráða prests eður hreppstjóra til að ráða sig, en þetta, sem er svo almennt, er allt annað heldur enn hitt, að unglingar megi alls ekki ráða sig í góða vist án samþykkis hreppstjóra. Aptur er hitt víst mjög óvanalegt, að unglingar þótt eldri sè en 18 vetra, auk heldur yngri, ráði sig í vist án vilja foreldra sinna eða fari bak við þau með það. Eg hefi haldið margan ungling bæði yngri en 18 vetra og eldri, og vistuðust þeir allt af eptir ráði foreldra, en aldrei eptir ráði hreppstjóra; því álít eg það fráleitt, að hreppstjórum sè nú gefin þess leiðis heimild og það miklu rýmri en þeir áður höfðu, á meðan 11. grein í húsagatilskipuninni var í gildi.

Konungsfulltrúi: Hinn háttvirti framsögumaður spurði um það, hver ætti að ráða vistarráðum foreldralausra barna, en hann svaraði þeirri spurning sjálfur, að hreppstjórinn ætti að gjöra það, en honum gleymdist sóknarpresturinn og fósturforeldar barnsins; að þessi skylda hreppstjórans sè fallin, eins og hann sagði, í burtu með 11. gr. í tilskipun frá 3. janúar 1746 get eg ekki skilið, því greinin er ekki numin úr lögum, nema að því leyti hvað bannið snertir fyrir þá sem alizt hafa upp á sveit að vista sig í annan hrepp, meðan forsvaranleg verk fæst í honum; hitt sem í greininni stendur hlýtur enn þá að vera í fullu gildi, því það leiðir beinlínis af hlutarins eigin eðli.

Páll Melsteð: Eg var hèr ekki á þingi við undirbúningsumræðu þessa máls; eg veit því ekki hvað um það hefir verið rætt; en nú vildi eg lýsa yfir því, er eg hefi hugsað um þetta hjúalagamál; það getur verið að eg verði einn míns liðs. Það er þá sannfæring mín, að engin brýn nauðsyn beri til þess, að hjúalög þessi komi nú þegar út; eg held þetta frumvarp sè ekki sprottið af sannri þörf þjóðariunar, eg hefi ekki heyrt einn einasta mann út um landið óska þess; mèr þykir fara allvel sem fer; mèr þykir enginn

skaði skeður fyrir land og lýð þó þessi lög bíði enn um stundarsakir. Það er heldur engin nýlunda þó sum lagboð, sem mikils er umvarðandi að vel sè úr garði gjörð og sem eiga að grípa djúpt inn í daglegt samlíf hvers eins heimilis í landinu, sè lengi í smíðum og rannsökuð aptur og aptur. Það skal vel vanda sem lengi skal standa, og svo er um þessi lög. En sè þetta satt, sem eg segi, að þjóð vor hafi enga sèrlega þörf þessara laga, eða finni enga sèrlega nauðsyn til þess að þau komi bráðum út, þá verða þau utanvelta við þjóðina, þau liggja eins og bók á hyllu sem aldrei er lokið upp, þau komast þá alls ekki inn í líf og meðvitund þjóðarinnar, og þá gjöra þau ekki það gagn sem til er ætlað. Taki samt enginn orð mín svo, að eg viðurkenni ekki að margt sè gott í frumvarpsgreinum þessum; en hitt segi eg, að eg er enn óráðinn í því, hvort eg greiði atkvæði mitt með eður móti því, að frumvarp þetta verði nú gjört að lögum eða ekki.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af orðum þingmannsins, sem nú mælti, einungis leyfa mèr þá athugasemd, að mèr virðist það ekki koma heim við það, sem þingið hefir áður sagt, ef það nú kæmist með honum að þeirri niðurstöðu, að lagafrumvarp það, sem hèr liggur fyrir, sè óþarft og þoli því vel biðina, en þessi skoðun hefir heldur ekki komið fram hjá þinginu, og því vona eg að hinn háttvirti þingmaður verði einn síns liðs í þessari skoðun sinni á frumvarpinu.

Stefán Jónsson: Eg ætla mèr hvergi nærri að tala um öll breytingaratkvæðin í þessari atkvæðaskrá, en ætla að minnast lítið eitt á aldurstakmarkið. Eg held það komi ekki svo mikið við börnum, sem alast upp hjá foreldrum sínum, sem þeim, sem eru annannarstaðar, til að mynda sveitarómögum, því það er eðlilegt, að þeir þá vilji ráða vist sinni, en frá foreldum sínum brjótast börnin sjaldan ef nokkur rækt er í þeim; eg held því að það væri enginn skaði þó 16 ár væri aldurstakmarkið; það er líka undarlegt, að stúlka skuli geta gipt sig 16 ára, en hafi ekki ráð á að vista sig á þeim aldri; giptingin fer fram með ráði foreldra ef þeir eru til, en annars er hún einungis bundin við 16 ára aldurinn, og svo mun líka sem optast vera um vistarráð barna frá foreldrum þegar náttúrlegt ástarsamband er þar á milli, en sè það ekki til staðar þá er ef til vill skilnaður hollari en samveran.

Benidikt Sveinsson: Það mundi víst þykja ósamkvæmni og leti af minni hlutanum, ef hann ekki talaði eitt orð, og bæri hönd

fyrir höfuð sèr í síðasta sinni, því hingað til hefir hann gjört fulla grein fyrir áliti sínu.

Eg vil þá biðja þingið vel að minnast alls þess, er eg tók fram við undirbúningsumræðu þessa máls, gegn þeim athugasemdum og mótbárum, sem komu fram frá konungsfulltrúanum og framsögumanni mót minni hlutanum, og bið eg þingið að gæta að því, að röksemdir mínar standa enn óhraktar að öllu leyti, jafnvel þó eg aptur og aptur hafi skorað á þessa háttvirtu herra, að hnekkja þeim. Eg get nú og ekki, áður en eg fer nákvæmar að minnast á atkvæðaskrána, leitt það hjá mèr, að biðja þingmenn, að fletta upp þingtíðindunum frá 1861, ekki til þess, að lesa upp úr þeim langa kafla, heldur að eins til þess, að athuga rækilega og bera saman 2 ræður á bls. 1337 og 1369; þá var eins og kunnugt er kosin 7 manna nefnd, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi gjörði henni þá virðingu, að segja, að hún hefði gjört lögin *óbrotin*, og fært þau í *íslenzkan búning*, og lýsti þessu yfir sem aðalkosti og aðaleinkenni á nefndarálitinu. En jafnframt þessu tók hann fram einkum 3 atriði, er hann ekki gæti fallizt á. Og var það fyrst 16 ára aldurinn, sem nú hefir aptur orðið að eigi litlu þrætuepli fyrir lagamennina; hvað eðlilegast er í þessu efni, það þekkja þeir bezt sem hafa alið aldur sinn á Íslandi, einkum upp til sveita, því þeir eru kunnugastir hugsunarhætti og fastri venju manna í landinu, sem er aðalgrundvöllur þessa máls; hèr er nefnilega ekki að eins umtalsefnið um það, hvort 16 ára aldurstakmarkið sè eðlilegast í sjálfu sèr, heldur líka um hitt, hvort það sè ekki juridice, eða í lagalegum skilningi rètt og sjálfsagt að hafa það í þessum lögum; hvað sem skilningi hinna dönsku laga líður, sem breytt hafa átt, þó það reyndar alls eigi sè, hinum eldri lögum vorum. Eg skal svo ekki fara um þetta atriði fleirum orðum, því eg vona, að meiri hlutinn og allt þingið muni halda verndarhendi sinni yfir þessari grein. Þá var annað atriðið, og það var um húsagann. Á þingi 1861 tók konungsfulltrúi fram það sama um hann, sem hann tók fram nú, og eg feli mig í sjálfu sèr vel við, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi er á sama máli eins og hann þá var, en mig furðar aptur á því, að hann skyldi bæta því við, að *húsagi* og *húsrèttur* væri hið *sama*. Eg vona að minni hlutinn hafi sýnt og sannað, að húsagi og húsrèttur *ekki* er hið sama, heldur þvert á móti allt *annað;* húsrèttur miðar sig við húsbónda og hjú yfir höfuð, en þau eru einmitt undan húsaga. Eg get nú ekki gjört að því, þó

menn blandi einlægt saman þessum ósamkynja og ósambljóða hugmyndum, og geti svo aldrei sannfærzt sjálfir eða sannfært mig. Eg vona og, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi komi með aðrar betri ástæður en hann hefir gjört fyrir því, að 18 ára aldurstakmarkið sè að öðru leyti hvað húsagann snertir, þar sem ákvörðun um hann annars á við, eðlilegt, en 16 ára aldurstakmarkið þar á móti *óeðlilegt*. En að öðru leyti sleppi eg þessu hèr, því eg vil með engu móti setja í þessi lög, það sem alls ekki á við í þeim. Húsagaákvörðunin á auðsjánlega inn í hinn svo kallaða Familieret, því þar sem foreldrar ekki eru til, þar kemur lögráðamaður eða þá húsbóndinn í *foreldranna* stað, og sökum þessa og einskis annars hefir hann húsagarèttinn. Eg vona nú, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi fallist á þá skoðun mína, að ekki eigi nè megi rugla saman svona ólíkum lagahugmyndum og lagagrundvelli, og að það væri sama sem óhæfilegur ruglingur á hinni eðlilegu og vísindalegu (systematisku) niðurröðun og skipun á lögum og setningum í heild sinni. Eg vil að öðru leyti og á hinn bóginn engan veginn halda húsrèttinum, eða rèttara ákvörðuninni um hann, til streytu, þó eg vilji fá sannfærandi ástæður á móti minni hlutanum, en hinu held eg fast fram, að á stjórnarfrumvarpið get eg ómögulega fallizt, því eptir því hættir húsbóndinn að vera húsbóndi yfir hjúinu, þegar það er orðið eldra en 16 eður 18 ára, og er það gífurlegri misskilningur en hann taki nokkru tali.

3. atriðið, sem konungsfulltrúinn 1861 hafði á móti, var um rètt hjúa til kaups í þrotabúi húsbóndans, en á þetta minnist hann ekki núna, svo eg álít að hann sè fallinn frá mótbárunum móti áliti minni hlutans hvað þetta snertir. Þetta hafði nú konungsfulltrúi 1861 á móti þingsfrumvarpinu, en nú kemur hann með margt annað, t. a. m. 26. grein, þá var henni alls ekki mótmælt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa. Og tel eg það næsta merkilegt, að nú skuli koma upp eins og nýtt þrætu-epli, þetta vill segja, að það sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hældi og hrósaði á þingi 1861, það er nú í dag orðið í hans augum, svo mjög óþægilegt, og þó voru þessar og aðrar þvílíkar ákvarðanir þingsins *1861* miklu *fjær* hinu konunglega frumvarpi, sem »þá« lá fyrir, en því sem nú liggur fyrir, eg segi það sè og merkilegt, já eptirtektavert og óskiljandi, að það sem þá var ekki haft neitt á móti af konungsfulltrúa, þó það væri *fjær* frumvarpi stjórnarinnar, skuli nú valda svo harðri mótbáru frá hans hálfu, þegar það þó liggur

miklu nær frumvarpi hennar, sem liggur fyrir þessu þingi. Eg skal nú ekki taka það upp aptur, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, en bið menn að athuga ástæður stjórnarinnar yfirhöfuð við þær greinir, sem stjórnarfrumvarpið og minni hlutann greinir á. Eg er búinn að lesa þær, og get ekki sannfærzt af þeim, þó að eg kunni þær hèr um bil utan að; ef það er nú aðalástæðan hjá þinginu að menn eigi að slaka til við stjórnina, þá finnst mèr það merkilegt að þingið 1863, ekki skuli vilja halda því sama fram sem það gjörði 1861, af því að stjórnin í svo mörgum öðrum greinum aðhilltist skoðun þingsins þá. Það er eins og hèr sè verið að tala um *samkomulag* og *sættir*, en ekki það sem í sjálfu sèr er rètt.

Að svo mæltu skal eg leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir við hin einstöku atriði til þess þó að sýna að minni hlutinn telur eigi eptir sèr að tala fyrir máli sínu. Fyrst kemur þá fyrsta grein, og það gleður mig að meiri hlutinn hefir fallizt á minni hlutann, og það með fullum ástæðum. En vilji nú konungsfulltrúi halda fast fram 18 ára aldrinum, veit eg að meiri hlutinn ver 16 ára aldurinn, og vona eg og veit að hann getur það, þó eg veiti honum eigi frekara lið en eg hefi gjört. Um þessa grein tek eg samt en fram að í peningasökum getur myndugur maður brúkað ómyndugan fyrir fullmektugan, það er að segja, ef fèð ekki við kemur hinum ómynduga sjálfum. Hann getur t. a. m. sagt við hann: taktu þessa peninga og gjörðu við þá hvað þú vilt, ef hann ekki með því skerðir fè hins ómynduga eður rèttindi; lögráðamaðurinn getur nefnil. afsalað sèr rètti yfir sínu fè, en hann getur ekki gjört hinn ómynduga fjárs »síns« ráðandi. Það er sitt hvað að afsala sèr sínum eigin rèttindum, eða veita öðrum þann rètt sem þeir að lögum ekki mega eður geta haft. Frá þessu sjónarmiði blasir beint við bin dýpsta mótsögn í 1. gr., og bið eg hinn hæstvirta konungsfulltrúa að sanna mèr, að svo sè ekki. Þá er 2. gr. tölul. 4—7. Meiri hlutinn hefir nú sýnt að grein þessi er óhafandi í íslenzkum hjúalögum; hún er tekin upp úr dönskum hjúalögum sem ekki geta átt hèr við. Ágreiningurinn milli meiri og minni hlutans er sá, að minni hlutinn vill halda þeirri sömu uppástungu er þingið gjörði 1861 óbreyttri. En meiri hlutinn getur ekki aðhyllzt síðara part þessarar greinar hjá minna hlutanum, af því honum þykir ekki rètt að raska hugmyndinni um 12 mánaða vistarráð. En nú er t. d. hjú rekið úr vist á góu, og því þótti minni hlutanum eðlilegt að binda það hjú við 12 mánaða vist næst á eptir, svo það ekki þá úr

því gæti átt sama hjúaskildaga og önnur hjú; önnur ástæða vakti og fyrir minni hlutanum og hún er sú, að hann vildi girða fyrir það, að hjú sem einhverra orsaka vegna færi úr vist á öðrum tíma en hjúaskildaga, skyldi þurfa að vera vistarlaust þangað til næsta skildaga eptir, og sá viðauki, sem þetta fyrirbyggir kom 1861 frá þingmanninum í Eyjafjarðarsýslu, sem þá tók sèr viðauka-atkvæði í þá stefnu ef mig minnir rètt (*Stefán Jónsson:* Já!). Og eg held að ef þessum viðauka væri sleppt, þá lendi menn á því sama skeri, sem meiri hlutinn vill forðast eður með öðrum orðum komist í mótsögn við lausamannalögin. Hvað viðvíkur orðinu »ársvist«, þá kann eg ekki við það, því það er sama eins og »vist«, og ef að tekið er fram »ársvist«, þá ætti maður að skilja »vist« um annað en ársvist. Þar sem að stendur í annari greininni hjá meiri hlutanum: »þótt til fleiri ára hafi verið ráðin«, þá kann eg nú ekki við það, því mèr þykir undarlegt og mjög óheppilegt að taka það fram, að vistarráð til margra ára ekki skuli gilda nema í 12 mánuði, í stað þess að segja, að þetta sè hin lengstu gild vistarráð í senn. Breytingaratriðið undir tölul. 5. er nú mjög vel hugsað, og munar að eins í því frá minni hlutanum, að áherzlan í þessu breytingaratkvæði liggur á »*ráðin*“ í staðinn fyrir að áherzlan hjá minni hlutanum liggur á „*gilda*«, og þar sem þetta verður í reyndinni hið sama; get eg því ekkert haft á móti þessu breytingaratkvæði.

Þá kemur 3. grein tölul. 8. og 9., þar hefir bæði meiri og minni hlutinn fallizt á stjórnarfrumvarpið. Spursmálið er þá einungis um, hvort setja eigi tölul. 8. í staðinn fyrir stjórnarfrumvarpið. Eg kann nú ekki við það og sè ekki, að það í nokkru sè betra en stjórnarfrumvarpið; hugsunin í þessu breytingaratkvæði er líka einhvern veginn svo flókin ef ekki röng. Þar stendur: heimilt skal hjúinu, eins og verið hefir að vista sig hjá 2 eða jafnvel 3 til helminga eða þriðjunga. Þá er útilokað með þessum orðum eða *jafnvel 3,* að hjúið geti vistað sig hjá 4. En þetta er rangt. Hjúið getur gjarnan vistað sig hjá 12 húsbændum sama árið, og mèr finnst þar fyrir utan óeðlilegt að kljúfa þessa hugsun í sundur, eins og breytingaratkvæðið gjörir. Eg held að þingmaðurinn hafi ekki orðað breytingaratkvæðið eins og hann hugsaði; eg verð því að halda því fram, að þessi grein í stjórnarfrumvarpinu verði samþykkt alveg óbreytt. Við 4. grein stjórnarfrumvarpsins undir tölulið 10. er ekkert breytingarvert, og eg skal því ekkert um hana tala, því eg vona að hún verði einnig samþykkt, eins og hún er.

Svo er 5. grein stjórnarfrumvarpsins undir tölul. 11. og 12. á atkvæðaskránni. Eg sè nú ekki hetur en að greinin sè hjá minni hlutanum betur orðuð. Í þessari grein stjórnarfrumvarpsins stendur: »nú er hjú ráðið í vist árlangt«. Þetta kann eg ekki við, því ef að vist er sama sem ársvist, og hún er það sem lögin yfir höfuð og almennt gjöra ráð fyrir eins og líka vera á, þá er árslöng vist sama sem »vist«, svo það liggur í þessu óheppileg bending á það, að semja megi um vist sem ekki er ársvist. Þetta er því ekki annað en óþörf og þýðingarlaus upptekning (tautologie); það á hvergi við nema í annari grein að hlynna að annari vist en ársvist, en hér er lögð á þýðingarmikil skylda fyrir hjúið sem miðar sig við ársvistina eingöngu. Það er eðlilegt að hjúið forðist þessa skyldu, svo það ekki bindi sig um leið við ársvistina. Þessi grein kemur því í bága bæði við sjálfa sig og 2. grein. Eg sè að öðru leyti ekki annan mun á grein stjórnarfrumvarpsins og grein minni hlutans en þann, að hún er 5 línur hjá minni hlutanum en 8 hjá stjórninni. Og eg sè engan kost við þessa lengd, annan en þann að hún kynni að auka prentunarkostnaðinn. Svo er þá 6. gr. undir tölul. 13. og 14., og er sú grein svo góð í stjórnarfrumvarpinu, að hún þarf ekki breytingar. Breytingaratkvæðið undir tölul. 13. bætir sannarlega ekki heldur úr. Það er tekið fram í stjórnarfrumvarpinu að staðurinn eigi að vera *góður,* því það er gengið út frá því, að húsbóndi vitji hjúsins ef hann *getur;* en ef hann getur það ekki og *verður* að koma því fyrir á öðrum stað, þá er þó munur á því, hvort hjúið líður án þess húsbóndi geti að gjört, eða það er með hans vilja. Hvað það snertir að fella orðið »því« burtu á eptir »greiða«, þá finnst mèr það ei mega, því það er miðað við hjúið og skýrir greinina, og verður því að standa. Þá kemur 7. gr. tölulið 15—18. Það hefir svo margt verið talað um hana, að eg vil ekki nè get tekið það allt upp, enda er það óþarfi. Eg vil einungis minnast á 1 atriði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, út af þessari grein. Hann sagði, að greinin væri óákveðin hjá minni hlutanum. Þetta er satt, en það þarf þó að sanna, að hún sè *of* óákveðin. Eg tók það fram, að eg vonaði, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi sanna að þessi *óákveðni eiginlegleiki* minni hlutans væri verri eða eins vondur og hinn *ákveðni eiginlegleiki* stjórnarfrumvarpsgreinarinnar; þar er greinin nefnilega svo *á*kveðin, að enginn húsbóndi geti eptir henni ráðið til sín hjú, í þeirri von að hafa not af því, ef því svo þóknast nema með því

að romsa upp *öll* heimilisstörf sín árlaugt sjálfsagt fyrir vottum, sem muna hvort orð eður á skjal, þó hvorki húsbóndi nè hjú kunni að skrifa, því ella getur hjúið auðsjáanlega sagt við húsbóndann ef hann segir því eitthvað verk: Eg gjöri það ekki, góðurinn minn, því spurðir þú mig ekki um það hvort eg gæti það, þegar eg rèðist til þín. Hvaða munur er líka á því að svíkja með skrifuðum seðli eða orðum; það er víst engin ástæða að gjöra mun á þeim svikum í hjúalagamálinu! Eg tek það enn fram: er það *mögulegt* hèr á landi með munnlegum eður skriflegum samningum að ryfja upp alla þá kosti eða ókosti sem hjúin kunna að hafa. Stjórnin vill enn fremur hafa að í 7. gr. 2. standi endilega orðið »viðbjóðslegur«. Greinin verður nú við þetta viðbjóðsleg í augum almennings hèr á landi, og við það er lítið unnið, enda má af skoðun stjórnarinnar glöggt sjá að hverju hún miðar. En heyrir nú ekki það sem stjórnin meinar með þessu »viðbjóðslegur« beinlínis undir orðið »næmur«. Minni hlutinn hefir víst breytt eptir stjórnarfrumvarpinu í þessu efni eins og með þurfti, þó hann hafi sleppt þessu orði. Þá er tölul. c í sömu grein hjá minni hlutanum. Það er misskilningur af stjórninni, ef hún heldur að hjú sem er ráðið í vist, en eigi komið í hana, ekki muni verða hætt við að sýna sig í illri breytni við húsbóndann eða heimilisfólk hans, því það er einmitt hjú sem ekki ætlar að fara í vistina heldur svíkja húsbóndann, sem hættast verður við að bera t. a. m. upp á húsbóndann einhverjar þær lognar sakir, er geta verið orsök í vistarrofum. Þess vegna eru ástæður stjórnarinnar byggðar á helberum misskilningi. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þessa grein, eg hefi gjört það áður. Þá kemur 8. grein undir tölul. 19.—21. Eg verð að segja að viðaukinn undir tölulið 21 má ekki standa í lögunum. Hèr er spurning um vistarrof. Og ef að þessum viðauka væri bætt við, þá gæti húsbóndinn einlægt sett annan húsbónda í sinn stað; en eins og hjúið ekki má setja annað hjú í sinn stað, eins má húsbóndi ekki setja annan í sinn stað, því þá hverfur jafnrèttið milli húsbónda og hjúa. Nú er þá að eins spursmál um, hvort greinin er betri í stjórnarfrumvarpinu en tilsvarandi grein hjá minni hlutanum. Eg verð að segja að minni hlutans grein sè betri, einmitt af því að hann hefir þetta almenna orð vistarrof. Það er eins og stjórnin hafi verið að forðast þetta orð og brúkar orðin brot á hjúasamningum. Það er nauðsynlegt að brúka almenna reglu til að sýna, hvað af vistarrofum leiðir, og þú er nauðsynlegt að brúka orðið

vistarrof alstaðar í lögunum, því það gæti leitt misskilningur af því, ef að ýms orð væru brúkuð um hið sama. Nú kemur ný grein. Mig furðaði á því að meiri hlutinn skyldi treysta svo vankunnáttu minni hlutans að álíta að hann ekki mundi sjá, að það að taka grein sem felld var út 1861 upp aptur, og setja hana inn í frumvarpið núna, mundi verða til þess að setja stjórnina í eins konar vandræði, því hún er frá stjórninni sjálfri kominn. Eg held nú samt sem áður að stjórnin ekki muni láta setja þessa grein í lögin. Um 9. grein þykist eg eigi þurfa að tala fleira en eg hefi gjört, hún er sjálfsögð afleiðing af 7. grein og stendur og fellur með henni. Þá kemur 10. grein undir tölulið 34.—37. Viðaukann undir tölulið 35. fellst minni hlutinn algjörlega á, því hann er byggður á venju og miðar sig við matarverðið, en svo er annar viðaukinn undir tölulið 37. b, þetta er nú öldungis hið sama, en eg sè ekki annað en að 35. töluliðurinn sè betur orðaður. Þá er tölul. 37. a honum verð eg að vera með öllu mótfallinn, því hann má ekki takast til greina. Það má ekki missa sjónar á því að halda fram jafnrètti milli húsbænda og hjúa og húsbóndinn má ekki sleppa við það þó hann útvegi hjúinu aðra vist jafngóða. Hvort 10. grein sè betri hjá minni hlutanum en í stjórnarfrumvarpinu er nú ekkert efunarmál. Þá kemur 11. grein tölulið 38.—39. og álít eg það auðsætt, að grein minni hlutans sè betri en stjórnarfrumvarpsins þó ekki sè nema vegna orðsins: »vistarrof« sem er nauðsynlegt, það er eins og eg áður tók fram eins og stjórnin sè að forðast orðið vistarrof en það er ekki til neins að vera að brúka mörg orð yfir sama efni og það ramm dönsk orðatiltæki. Þá kemur tölul. 40. eg sè ekki, að hann sè óþarfur. Það er búið að taka það fram, að það komi sjaldan fyrir að húsbóndi gjöri skilmála við hjúið um það að sækja það í vistina, en það er vaninn sem gjörir það og á því að vera um það sèrstök grein ef öðru vísi er. Eins er 13. greinin undir tölul. 40 nauðsynleg, því eg held að margt hjú álíti að það megi setja annað hjú í staðinn fyrir sig hèr á landi, eða til að vinna verk sín. Jafnrèttið milli húsbænda og hjúa verður hèr einnig að koma fram með berum orðum. Seinni partinn af greininni mætti kannske fella burt, en fyrri ákvörðunin er alveg nauðsynleg. Þá kemur 12. grein frumvarpsins undir tölul. 41 og 42. Minni hlutinn er nú öldungis samþykkur þeirri grein nema hann vill að orðin: »með neinum samningi« falli burtu, því það er auðvitað að maður getur ekki afsalað sèr neinu hjúi öðrum manni nema með

samningi, og þá er orðið »samningur« undir eins þýðingarlaust, þá er 13. grein undir tölulið 43. og 44. þar er nú lítill munur á, en hann er þó sá að minni hlutinn fer fram á hið sama sem farið var fram á 1861, af þeirri ástæðu að nauðsynlegt er að gjöra mun á reglum, sem að gilda eptir að hjúið er komið í vistina og þeim sem gilda áður. Það er nauðsynleg bending fyrir þá sem lögin lesa, sem tekin er fram í þessari grein minni hlutans. Þá kemur 14. grein undir tölulið 45 og 46; minni hlutinn er að öllu leyti samþykkur stjórnarfrumvarpinu og eg vona, að konungsfulltrúi mæli með viðauka minni hlutans af því hann hefir öldungis ekki látið í ljósi að hann væri óásáttur með hann. Þá er 15. grein stjórnarfrumvarpsins óbreytt undir tölulið 47 þá er tölul. 48 16. grein. Ef að þingið fellst á uppástungu minni hlutans þá verður þessi grein að falla í burt. 17. greinin er óbreytt. Við 18. grein tölul. 50 og 51 er breytingaratkvæði; á það fellst eg, en eg óska þess, að uppástungumaður gæti að því að ef þessi orðabreyting er nauðsynleg á þessum stað þá er hún líka nauðsynleg á öðrum stöðum. Um 19. grein er nóg búið að tala, hún verður að standa og falla sínum herra. Eg vona að meiri hlutinn sè þakklátur fyrir 53. tölulið og minni hlutinn er það líka. Við 20. grein, 21. og 22. grein er engin breyting gjör; þá kemur 23. grein undir tölulið 58 og 59. Eg sè ekki betur en að minni hlutinn sè betri og skýrari, því þar er betur tekið fram það sem á að vera tekið fram í stjórnarfrumvarpinu. Í þessu liggur ekki einungis, að samningurinn skuli vera ógildur hvort sem hann var gjörður áður en hjúið veiktist eða ekki, heldur og að húsbóndi samningslaust skuli gjalda þess, ef að hjúið þarf að fara á brott og það mun hættast við að húsbóndinn ekki hlynni eins vel að hjúi sínu eins og skyldi, svona rètt þegjandi og án þess að spyrja hjúið að. Þá kemur 24. grein undir tölulið 60. og 61. Sú breyting sem meiri hlutinn hefir gjört frá stjórnarfrumvarpinu er óveruleg og stendur mèr á sama um hana. Þá kemur 25. grein undir tölul. 62. og 63. Mèr sýnist minni hlutinn rèttari, því mèr virðist í stjórnarfrumvarpinu óþörf málalenging, því það liggur í hlutarins eðli að húsbóndinn verður að greiða þann kostnaðinn fyrir fram sem hann á að fá aptur endurgoldinn. Eg held einnig að það sè enginn efi á því meðal manna hver eigi að sjá um að hjúin komist í jörðina. Um 26. 27. 28. 29. 31. 32. og 33. grein stjórnarfrumvarpsins þykist eg eigi þurfa að fjölyrða, þær verða óbreyttar að öðru leyti en því sem flýtur af því undangang-

andi t. a. m. að 30. greinin fellur burt o. s. frv. Mèr hefir gleymzt að minnast á eitt breytingaratkvæði, breytingaratkvæði þingmanns Þingeyinga undir tölulið 23.; það er í öllu vel til fallið, þegar húsbóndi flytur burtu án þess að hann viti það þegar hann rèð hjúið til sín því það eru sèrstakar kringumstæður sem hann ekki getur látið hjúið vita og finnst mèr því eðlilegt, að hann geti losað sig með því að útvega hjúinu jafngóðan samastað. Á 22. tölulið fellst eg líka, en eg kann ekki við sýslu eða amtstakmarkið. Sá sem býr á Sólheimum í Skaptafellssýslu t. a. m., yrði hart úti ef hann yrði að tapa hjúum sínum fyrir það, þó hann flytti sig til næsta bæjar fyrir vestan, en hann er þó í annari sýslu, og þar er lítið á milli nema áin, og hún svo lítil stundum, að hvert barn getur vaðið yfir hana. Aptur á hinn bóginn væri það hart, ef að hjúið yrði að fara með húsbóndanum vestast úr suðuramtinu til austurenda þess, og sama væri líka um Skaptafellssýslu. Breytingaratkvæðið er líka komið frá þeim þingmanni sem bæði er reyndur og greindur og kunnugur um hag, landsins.

Eg vona nú hvað sem öðru líður, að minni hlutinn hafi gjört grein fyrir áliti sínu, og að þingið sjái að hann hefir ekki ástæðulaust gjört breytingar við stjórnarfrumvarpið; ágreiningur hans frá stjórnarfrumvarpinu er á hinn bóginn ekki berandi saman við þann mun, sem var í hitt eð fyrra á tillögum þingsins í þessu máli, og stjórnarfrumvarpinu sem þá lá fyrir. Þetta verður einkum borið saman um 16 ára aldurinn og húsagann. Að þeim atriðum undanteknum, eru engar verulegar breytingar, sem spursmál geti verið um, að stjórninni sèu ógeðfelldar, enda væri það mótsögn, því minni hlutinn gengur í þá átt, að lögin sèu sjálf sem haganlegust, og sjálfum sèr samkvæmust í öllum greinum. Eg vona því, að minni hlutinn ekki gjaldi þess, að hann hafi vikið frá stjórnarfrumvarpinu nè heldur þess, að hann hefir haldið fram atkvæði þingsins 1861, og allrasízt þess, að hann hefir gjört ljósa grein fyrir skoðun sinni og byggt hana á rökum, sem eru og verða óhrakin. En þingið má heldur ekki misvirða það, þó minni hlutinn hafi vikið frá þingsins tillögum, þar sem honum þótti stjórnarfrumvarpið betra. Eg skal nú ekki tala fleira um þetta mál, en að eins bæta því við, að ef minni hlutiun ekki skyldi ná hylli þingsins, þá verð eg að halda því fram, að málinu verði frestað að sinni. Það er satt, að það hefir kostað mikið, en því meir sem það hefir kostað, því betra á það að vera; það er mitt augnamið, að það ekki komi út nema svo

úr garði gjört, að ekkert eður sem fæst verði að því fundið. Eg dreg strik yfir allar kringumstæður þess konar, en lít á gallana, af því þeir eru gallar, og það er ekki betra að fá ný lög með göllum heldur en að halda eldri lögum, þó gallar kunni að vera á þeim. Það er víst, að það er nauðsyn á þessum lögum, en ekki sú, að það sè nauðsyn á þeim með göllum; þetta þing hefir aldrei, og á aldrei að hætta að biðja, þó það fái nei, enda má heimfæra hjer þessa setningu: »Kný á og mun fyrir yður upp lokið verða«; það er sá eini vegur sem við höfum. Eg tek það sèrstaklega fram, að stjórnin getur ekki haft í þessu efni tillit til Danmerkur, því þetta mál grípur ekkert inn í hið stjórnarlega samband vort við hana; hvernig vor hjúalög eru, er því óviðkomandi, og eg treysti því fastlega, að vèr, hvernig sem fer, megum ráða því nokkurn veginn sjálfir, hvernig vor lagaskipun er í þessu efni. Eg tala nú víst eigi optar í þessu máli, og fæst ekki framar við það, en eg bið þingið að virða það vel við mig, sem eg hef gjört, því eg hefi hugsað og talað um það, eins og eg hafði bezt vit á.

Jón Hjaltalín: Það er nú í annað sinn, sem þetta mál kemur hèr inn á þing, eptir að það er búið að vera í snúningum hjá stjórninni í 8 ár. Framsögumaður brá mèr nú um það áðan, að ástæður mínar væri eigi ljósar, en eg held, að hans sè ekki ljósari, og guð má vita hvar þetta lendir. Eg veit eigi í hvaða stefnu á að vísa þessu máli nema að eyðileggja það. Eg get eigi skilið, hvernig nokkur geti ætlazt til, að þingmenn átti sig á þessum 75 greinum, sem hèr eru og 31 grein sem eru eins og nokkurs konar undirskipting, á svona stuttum tíma; mèr sýnist það vera svipað þessum töluliðum, sem hèr voru 1861. En verst er þó að þetta kemur undir lok þingsins, og enginn tími er eptir. Eg veit nú reyndar ekki, hvað fljótir aðrir þingmenn eru í hugsunum sínum, en hitt veit eg, að eg er ekki svo fljótur, að eg geti áttað mig á þeim á svona stuttum tíma. Þess vegna er eg óráðinn í því, hvort eg á að fylgja meiri eða minni hlutanum. Það er satt, að það eru ýmsar greinir, sem þeir eru samdóma um, og eg get vel fylgt þeim, t. a. m. um aldurinn, því að mèr þykir það óeðlilegt að neyða mann, sem er orðinn 16 ára, til endilega að vera þar sem illa er með hann farið. Það er líka eigi ætíð komið svo mikið undir 1 eða 2 árum hvað framfarirnar snertir, og þar að auki er þetta siður hèr á landi. Það er málsháttur hjá Englendingum, sem segir, »landsvenja er lög» og eg held að nokkurð sè í því. En

eg skal nú ekki fara mörgum orðum um, hvort þetta sè ráðlegt, vel úr garði gjört eða ekki, en eg vildi helzt fyrir minn hlut sitja kyrr, þegar til atkvæðanna kemur. Eg held líka, að bezt væri, að málið væri eigi leitt til lykta nú, því víst er að einhverir agnúar eru á því. Mèr þykir og að öðru leyti djúpt tekið í árinni, þar sem minni hlutinn sagði, að menn ætti ekki að hafa lög nema þau væri fullkomin; því það geta menn aldrei fengið, en þó eru líkur til, að eitthvað greiðist úr, þegar menn hafa málið aptur og aptur til meðferðar, og þess vegna vildi eg helzt, að málinu væri frestað í þetta sinn, ef menn með engu móti geta komið sèr saman svo í nokkru lagi sè.

Helgi Hálfdánarson: Það stendur svo víða nafn mitt á þessari atkvæðaskrá, að það er líklega rèttara, að eg gjöri nokkra grein fyrir breytingaratkvæðum mínum áður en til atkvæða er gengið. Eg ætla eigi að fara inn í málið sjálft nè ágreining meiri og minni hlutans, því mèr finnst hann eigi svo verulegur, nema á einstaka stað. Það er hið helzta, sem eg get sagt um þessi lög, að mèr finnast sumar ákvarðanir þeirra æði harðar, og sú tilfinning rèði hjá mèr, er eg bjó til þessi breytingaratkvæði; en þessi skoðun mín kann nú að koma af því, að eg hefi ekki heyrt þessi lög rædd áður hèr á þingi, og hefi því, ef til vill, skoðað þau öðruvísi en aðrir, sem eru þeim gamalkunnugir. Hið fyrsta breytingaratkvæði mitt er þá undir 8. tölul. á atkvæðaskránni. Mèr fannst hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður ekki skilja rètt þetta breytingaratkvæði mitt, ellegar hafi það ekki verið, þá hefi eg ekki skilið orð hans rètt. Í stjórnarfrumvarpinu stendur, að hjú megi vistast hjá 2 eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.« Meiningin er þá, eptir því sem eg skil þessi orð, að hjú megi líka vista sig hjá 4, 5, 6, eða, ef til vill, mikið fleirum. En ef eg hefi skilið þetta rètt, þá þykir mèr það mjög óviðfelldið, og eg get ekki annað en álitið það fráleitt, að hjúi sè leyft að vera næstum sína vikuna hjá hverjum húsbónda. Ef hjú rèði sig þannig fyrir fram, þá er það reyndar ekki lausamennska, en það gengur því næst. Það, sem eg ætlaði mèr var að girða fyrir það, að hjúið gæti ráðið sig hjá fleirum en 2 eða í mesta lagi 3. Eg hef reyndar aldrei vitað, að hjú hafi verið hjá fleirum en 2 í einu, en af því nokkrir þingmenn hafa sagt mèr, að það hafi að borið, að hjú hafi verið í vist hjá 3 í einu, þá vildi eg ekki að það væri bannað; en eg held að eigi geti átt við, að hjú visti sig hjá fleirum. Þetta hefir meiri hlutinn fallizt

á, og eg vona að fleiri þingmenn fallist á það. Þá er 13. tölul.; þar stendur í frumvarpinu: »Ef húsbóndi vitjar eigi bjúsins, skal hann annast um« o. s. frv.; mèr finnst nú þetta »annast um« óþörf orð, og álít nóg að segja »skal hann koma því fyrst um sinn fyrir«. En þegar hjúið er skylt að fara þangað, sem húsbóndi tiltekur, þá finnst mèr ekki nema sanngjarnt, að það sè góður staður, og því vil eg, að í staðinn fyrir »á öðrum stað« komi: »á góðum stað«. Orðið »því« álít eg óþarft; það er eigi sagt, að hjúið leggi út kostnaðinn; það getur verið, að aðrir gjöri það, en ef það leggur hann sjálft út, þá er auðvitað, að húsbóndinn á að greiða því hann aptur. Þá er 21. tölul.; þar er hið sama að segja, sem við 14. tölul. Ef svo er hart að gengið, að hjúinu á að vera skylt að fara í þann stað, sem húsbóndi hefir vísað því i fyrst um sinn, þá finnst mèr ekki meira en sanngjarnt, að staðurinn sè jafngóður og hjá húsbóndanum sjálfum. Þá er 22. tölul. Í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins (tölul. 29.) er gjört ráð fyrir því, ef húsbóndi flytur í annað amt; en þetta: »í annað amt«, getur bæði verið fjarska langt og líka ærið stutt eptir því sem á stendur; það getur t. a. m. verið að eins yfir Hvítá eða Hrútafjarðará. Þess vegna hafa meiri og minni hlutinn sett 2 þingmannaleiðir og 3 vikur sjáfar; en mèr þykir þetta óflítið, því það er opt ekki lengra en í næstu sveitir, og þar að auki er þess að gæta, að vistarráðin eru aldrei nema til eins árs, en »eitt ár er engin proventa,» segja menn. Þá finnst mèr það ósanngjarnt að álíta það vistarrof við hjúin, ef húsbóndi flytur af landi burt, og vil eg, að honum sè gefinn kostur á, að útvega þeim annan samastað jafngóðan, og að hann þurfi einungis að borga þeim sem fyrir vistarrof, ef hann gjörir það ekki. Í 33. tölulið stendur. Ef húsbóndi heldur hjúi hjá sèr svo það missir þá vist sem það var ráðið í, þá á sá húsbóndi að greiða því helming kaups. En mèr virðist þetta svo mikið brot, að eg álít, að hann eigi að gjalda hjúinu allt það kaup, sem því hafði verið heitið, og það hefir meiri hlutinn fallizt á. Þá er 35. tölul. Það er bæði í frumvarpinu og hjá meiri og minni hlutanum, talað um matarverð, en enginn munur er þar á gjörður, hvort það er fyrir karl eða konu. En alstaðar er þó venja að ætla karlmanni hèr um bil þriðjungi meiri mat en konu, og svo er tiltekið í Búalögum. Þetta hefir bæði meiri og minni hlutinn samþykkt. Þá er 36. tölul. Hèr er í frumvarpinu talað um að ripta vistarráðum án lögmætra orsaka. Mèr sýnist nú, að svo mikill munur geti verið á þessu, »að ripta

vistarráðum» að það eigi ekki saman nema nafnið; því það er mikill munur, hvort húsbóndi vill bæta brot sitt með því að útvega hjúinu aðra vist jafngóða, eður ekki; ef hann útvegar því jafngóða vist, þá sýnist mèr, að hann eigi að borga minna. Þá er stafl. b í þessum sama tölul. Hann inniheldur hið sama sem 35. tölul.; en þetta varð að koma hèr aptur, til þess að geta komizt að, hvort sem meiri eða minni hlutinn yrði samþykktur. Að endingu bið eg þá þingmenn að virða á hægra veg þessar breytingartilraunir mínar

Framsögumaður: Eg býst við, að það mælist eigi vel fyrir, að eg tali ekki fáein orð áður en til atkvæða er gengið. Mèr dettur nú eigi í hug að mæla minni hlutann máli, nè að rekja ræður hans, því það mætti æra óstöðugan. Mèr er heldur ekki neitt kappsmál, að eiga seinasta orðið í þessu máli, fyrst að minni hlutinn má ekki tala framar. Og það er víst, að þó margt væri skörulegt og gott hjá honum, þá var þó margt lítilfjörlegt og marklítið, t. a. m. þar sem hann sagði, að 5. gr. minni hlutans væri betri en 5. grein frumvarpsins, að því leyti, að sín grein »væri *styttri*» og sparaði prentunarkostnað; þá vildi eg að hann einnig bæri 7. og 9. gr. sína saman við sömu greinarnar í frumvarpinu, og held eg að það jafnaðist þá upp; því þær greinir minni hlutans — fyrir utan alla aðra gyllini kosti þeirra — eru margfalt lengri heldur en sömu greinar í frumvarpinu. Svo var og um margt annað sem hann sagði, að mèr fannst það ekki mikilfenglegt nè sannfærandi. Yfirhöfuð finnst mèr, að óviðurkvæmilegt sè, eins og málinu nú er komið, að vera að deila um orðin tóm eins og hèr er, nema hvað ákvörðunina í 1. gr. áhrærir. Annað er hèr eigi veruleg breyting, í allri þessari atkvæðaskrá, heldur að eins orðabreyting, eins og minni hlutinn hefir líka orðið að játa, því að öllum aðalgrundvallarreglunum til, sem helzt máttu verða að umtalsefni í þessu máli, hefir stjórnin yfirhöfuð gengið inn á tillögur þingsins 1861, nema um 18 ára aldurinn. Og eg held, að það sè nýmæli á nokkru þingi, sem komið er nokkuð áleiðis, að vera ár eptir ár að þrátta um orðabreytingar einar; það gjörir sannarlega ekkert þing, sem þekkir verkahring sinn og ætlunarverk, menn keppa við stjórnina um fastar grundvallarreglur, eða hvort þessi eða hin undirstöðu-ákvörðunin sè hafandi; en hitt held eg að sè eins dæmi, að menn hvort þingið af öðru eyði tíma alls þingsins til þess að halda langar kappræður um eintóm orð og orðabreytingar. Og ef menn í þessum skilningi ætlast til að fá

það fram, að »enginn galli« verði á *orðum og orðaskipun,* eins og minni hlutinn hefir tekið fram aptur og aptur, þá held eg, að menn mætti vera að búa til lög til eilífðar. Viðvíkjandi þessum miklu og löngu forsvarsræðum, sem minni hlutinn hefir flutt fyrir breytingaratkvæðum sínum, þá eru þær óneitanlega næsta áheyrilegar yfirhöfuð að tala, og ekki vil eg segja, að þær kunni ekki að vera sannfærandi í margra augum, en að öðru leyti held eg að þetta orðastríð hans ætti að vera jafnkappslaust á báðar hliðar. En hvað það snertir sem hann hefir verið að ota í öðru orðinu, að rèttast sè »að fresta málinu«, þá held eg að svo margar bænir sè komnar til þingsins síðan 1855 um hjúalög, að eigi sè ástæða til að taka mál þetta enn aptur til meðferðar á 3. eða 4. þingi; og því lengra, sem vèr erum komnir áleiðis að atvinnuvegum og öðru í búnaðinum, því meiri nauðsyn er sannarlega á því að ákveða með lögum það rèttarsamband, sem á að vera milli húsbænda og hjúa; því þó að margar fastar venjur sè komnar á um þetta, þá eru þó aptur margar á reiki og sín í hverju hèraði, og er því mörg og margvísleg óvissa í þeim efnum, með því líka að hin eldri lög eru mjög óglögg um þetta efni. Þess vegna þykir mèr það mjög ísjárvert að fresta þessu máli þangað til á 3.eður 4. þingi, eða hver veit hvað, og það einungis fyrir orðadeilur. Mèr sýnist því að rèttast sè, að gefa hèr keisaranum hvað keisarans er, og þá sjálfsagt líka það minni hlutanum, sem minni hlutans er; en þar sem stjórnin í einstökum greinum hefir fært svo verulegar ástæður á móti einstöku breytingum þingsins 1861, en minni hlutinn er nú allt um það svo fastur á að mega halda hverju orði og atkvæði í þeim breytingum, eins eptir sem áður, þá virðist mèr að það sè næsta aðgæzluvert fyrir þingið, að kasta enn á ný 7. og 9. frumvarpsgreininni, þó að stjórnin hafi verulega breytt þeim frá því, sem þær voru í frumvarpinu 1861, en taka heldur sömu greinarnar hjá minni hlutanum óbreyttar. En á hinn bóginn má þingið vara sig á því, þegar til atkvæða kemur, að taka eigi sitt úr hvoru, því það gæti t. d. orðið næsta varúðarvert, að fella fyrri hluta einhverrar frumvarpsgreinarinnar, en samþykkja aptur síðari hluta sömu greinar hjá minni hlutanum, sem miklu minna er í varið. Þar sem minni hlutinn nú í seinustu ræðu sinni hèlt fram sterkar breytingunni í 2. gr. en áður, þá skal eg geta þess, að þótt eg játi fúslega, að svo framarlega sem öll þessi grein hans fengist samþykkt af stjórninni, þá væri eg eigi svo hræddur um, að það kæmi í bága við lausamannalög-

in, en hitt óttast eg, að ákvarðanir um skemmri vistarráð kunni að verða samþykktar, eins og þessi grein í stjórnarfrumvarpinu raunar bendir til. En eins og til hagar hèr á landi, þá eru öll þessi »skemmri vistarráð«, sem frumvarpið talar um, ekki til sem *vistarráð*, heldur er það allt fremur heimfært undir vinnusamninga eptir almennum skilningi hèr á landi, en alls ekki undir vistarráð; en ef beinlínis laga-ákvörðun um skemmri vistarráð heldur en til 12 mánaða yrði tekin upp, þá sè eg eigi betur, en að lausamannalögunum sè þar með sú hætta búin, að miklu anðgefnara verði að fara í kringum þau, og að þau verði svo þýðingarlaus og gagnslaus með öllu. Eg vil því stinga upp á, að skipta 4. tölulið á atkvæðaskránni í tvennt, þegar til atkvæða er upp borinn, því eg játa nú reyndar, að seinni parturinn er ekki alveg nauðsynlegur, en fyrri parturinn getur staðið allt eins fyrir því. Eg hefi eigi hreift þessum athugasemdum af því, að eg hafi fengizt meira við þetta mál frá upphafi heldur en aðrir þingmenn, nè heldur að eg vilji halda svo mjög fram stjórnarfrumvarpinu, heldur af því, að mèr finnst óverðugt fyrir þingið að vera að þessu orðakriti og eintómum smádeilum ár eptir ár, út af því sem svo lítið er í varið. En ef nú stjórnin situr við sinn keip og segir minni hlutann óhafandi, þá þykir mèr of mikið til unnið af öllu þessu karpi, sem minni hlutinn einn hefir valdið, skyldi sú verða afleiðingin, að málinu yrði frestað eða lagt á hylluna, eða þá lagt enn fyrir 3 eða 4 þing, og til þess kosta miklum tíma og fè enn af nýju, auk þess sem komið er.

Forseti: Þar enginn tekur til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og mun eg þá láta þingmenn ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða og fèllu þau á þessa leið:

1. Minni hluti nefndarinnar (B. Sveinsson), breytingaratkvæði við 3. tölulið samþykkt í einu hljóði.
2. og 3. töluliður þar við fallnir.
4. Meiri hlutinn breytingaratkvæði við 7. tölulið, fyrri parturinn frá: »engi« til »sum«, samþykkt með 15 atkvæðum, síðari parturinn felldur með 15 atkvæðum.
5. Breytingaratkvæði A. Ólafssonar við 6. tölulið samþykkt með 12 atkvæðum mót 6.
6. og 7. töluliðir þar við fallnir.

8. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 9. tölulið fellt með 11 atkvæðum gegn 9.
9. Stjórnarfrumvarpsins 3. grein samþykkt með 18 atkvæðum.
10. Stjórnarfrumvarpsins 4. grein samþykkt í einu hljóði.
11. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 12. tölulið, samþykkt með 12 atkvæðum gegn 2.
12. töluliður þar við fallinn.
13. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 14. tölulið, fellt með 14 atkvæðum gegn 1.
14. Stjórnarfrumvarpsins 6. grein, samþykkt í einu hljóði.
15. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 18. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 7.
16. Viðauka-atkvæði B. Sveinssonar við tölulið 15. 1, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.
17. Viðauka-atkvæði A. Ólafssonar við tölulið 15. 2. *a*, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 1.
18. Stjórnarfrumvarpsins 7. grein felld með 15. atkvæðum.
19. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 26. tölulið, samþykkt með 9 atkvæðum gegn 8.
20. Stjórnarfrumvarpsins 8. grein fallin.
21. Viðauka-atkvæðl H. Hálfdánarsonar við 20. tölulið fallið.
22. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við tölulið 25. (2.) og 27. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 2.
23. Breytingaratkvæði Sv. Skúlasonar við tölulið 25. 2., fellt jöfnum atkvæðum.
24. Breytingaratkvæði Br. Jónssonar við sama tölulið, fellt með 10 atkvæðum gegn 6.
25. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 29. tölulið,

Var nafnakall við haft, og fèllu atkvæði á þessa leið:

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Br. Jónsson.	Á. Einarsson.
B. Þórðarson.	B. Pètursson.
A. Ólafsson.	G. Brynjúlfsson.
B. Sveinsson.	H. Kr. Friðriksson.
J. Hjaltalín.	H. Hálfdánarson.
J. Pálmason.	H. G. Thordersen.
J. Pètursson.	J. Guðmundsson.
J. Sigurðsson.	P. Pètursson.

»Já« sögðu:
M. Andrèsson.
P. Melsteð.
St. Jónsson.
Sv. Skúlason.

»Nei« sögðu:
St. Eiríksson.

Voru þannig töluliðurnn samþykktur með 12 atkvæðum gegn 9. Tveir þingmanna voru fjærverandi: Indriði Gíslason og Páll Sigurðsson.

26. Viðauka-atkvæði H. Hálfdánarsonar við tölulið 25. 2., samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
27. til 31. töluliðir, fallnir við tölul. 25.
32. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 33. tölulið, samþykkt með 14 atkvæðum.
33. Meiri hlutinn, samþykktur með áorðnum breytingum með 13 atkvæðum gegn 5.
34. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 36. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 7.
35. Viðauka-atkvæði H. Hálfdánarsonar við 34. tölulið, samþykkt með 14 atkvæðum.
36. og 37. töluliðir, fallnir þar við.
38. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 39. tölulið, samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3.
39. Stjórnarfrumvarpsins 11. grein, fallin við tölul. 38.
40. Minni hlutinn, samþykktur með 11 atkvæðum gegn 6.
41. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 42. tölulið, samþykkt með 13 atkvæðum.
42. Stjórnarfrumvarpsins 12. grein, samþykkt með 16 atkvæðum, með áorðnum breytingum.
43. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 44. tölulið, samþykkt með 10 atkvæðum gegn 7.
44. Stjórnarfrumvarpsins 13. grein, fallin við 43. tölul.
45. Stjórnarfrumvarpsins 14. grein, samþykkt með 20 atkvæðum.
46. Minni hlutinn, viðauka-atkvæði við 45. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3.
47. Stjórnarfrumvarpsins 15. grein, samþykkt með 20 atkvæðum.
48. Stjórnarfrumvarpsins 16. grein, fallin samkvæmt 40. tölulið.
49. Stjórnarfrumvarpsins 17. grein, samþykkt með 19 atkvæðum.
50. Breytingaratkvæði B. Pèturssonar við 51. tölulið, samþykkt með 18 atkvæðum.

51. Stjórnarfrumvarpsins 18. grein, samþykkt með 20 atkvæðum.
52. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 54. grein, fallið með 12 atkvæðum gegn 7.
53. Breytingaratkvæði B. Pèturssonar við 54. tölulið, samþykkt með 9. atkvæðum.
54. Stjórnarfrumvarpsins 19. grein, felld með 10 atkvæðum gegn 5.
55. til 57. töluliður, samþykktir með 20 atkvæðum.
58. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 61. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 2.
59. töluliður, fallinn við 58.
60. Meiri hlutinn, breytingaratkvæði við 59. tölulið, samþykkt með 10 atkvæðum gegn 5.
61. Stjórnarfrumvarpsins 24. grein, samþykkt með 20 atkvæðum.
62. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 63. tölulið, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 4.
63. töluliður, fallinn við 62. tölul.
64. Minni hlutinn, breytingaratkvæði við 65. tölulið »*a*«, samþykkt með 9 atkvæðum gegn 6; »*b*«, samþykkt með 9 atkvæðum gegn 5.
65. Stjórnarfrumvarpsins 26. grein 1.—7.atriði, samþykkt með 19 atkvæðum 8.—11. atriði, fallið eptir tölul. 64.
66. og 67. töluliður, samþykktur með 20 atkvæðum.
68. Breytingaratkvæði H. Hálfdánarsonar við 69. tölulið, samþykkt með 20 atkvæðum.
69. Stjórnarfrumvarpsins 29. grein með áorðnum breytingum, samþykkt með 20 atkvæðum.
70. Stjórnarfrumvarpsins 30. grein, fallin við 46. tölul.
71. til 73. töluliðir, samþykktir með 20 atkvæðum.
74. Tekinn aptur af minni hlutanum.

Við 75. tölul. var nafnakall við haft, og fèllu atkvæði á þessa leið:

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Br. Jónsson.	Á. Einarsson.
B. Þórðarson.	H. Kr. Friðriksson.
A. Ólafsson.	H. G. Thordersen.
B. Sveinsson.	J. Guðmundsson.
B. Pèturssson.	P. Pèturssson.
G. Brynjúlfsson.	
H. Hálfdánarson.	
J. Hjaltalín.	

»Já« sögðu:
J. Pálmason.
J. Pètursson.
J. Sigurðsson.
M. Andrèsson.
St. Jónsson.
St. Eiríksson.
Sv. Skúlason.

Var þannig töluliðurinn samþykktur með 15 atkvæðum gegn 5. P. Melsteð gaf ekki atkvæði. Indriði Gíslason og P. Sigurðsson voru fjærverandi.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá næst að velja nefnd samkvæmt 2. niðurlagsatriði í fjárkláðamálinu, og skal eg biðja þingmenn að kjósa 3 menn.

Var síðan gengið til kosningar og í nefndina þessir kosnir:

A. Ólafsson með 14 atkvæðum.
B. Sveinsson — 14 ——
J. Pètursson — 6 ——

Forseti: þar dagskráin er úti, skal eg ákveða fund til á morgun á bádegi.

Fundi slitið.

Þrítugasti og sjöundi fundur — 15. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 4. konungkjörni þingmaður.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en til dagskráarinnar er gengið, skal eg biðja hinn 5. konungkjörna þingmann, að lesa upp álitsskjal í læknaskipunarmálinu.

Jón Hjaltalín: Eg skal leyfa mèr, að lesa upp álitsskjalið.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 418.

Konungsfulltrúi: Í tilefni, sem þar til er gefið frá Revisionsdepartementinu í Kaupmannahöfn út af borgun til alþingis forsetans fyrir störf hans í þingsins þjónustu eptir þinglausnir, hefir stjórnin í brèfi frá 10. marz næstliðins boðið konungsfulltrúa á alþingi í þetta skipti, að bera undir hið heiðraða þing, hvaða borgun forseta mundi bera fyrir þessi störf, og skipaði um leið að leggja fyrir þingið skýrslu um reikningsmáta þann, sem forseti hefði við haft fyrir þessi störf sín á tveimur seinustu þingum. Eg skal leyfa mèr að taka fram, að það virðist eiga bezt við, að tiltaka einhverja

vissa upphæð handa forsetanum fyrir þessi störf hans, og hefir þessi aðferð það við að styðjast, að bæði fellur þá burtu allt umtal út af reikningum forseta, og að það er honum miklu þægilegra, að borgunin sè fast ákveðin í eitt skipti fyrir öll, enda munu störfin optast nær verða jafnmikil fyrir hvert þing. Borgunin, sem forsetinn hefir reiknað sèr fyrir seinustu 2 þingin eru eptir skýrslu landfógetans fyrir þingið 1859 203 rd., og þar að auk fyrir samanlestur þingbókarinnar 12 rd. eður til samans 215 rd. En fyrir þingið 1861 188 rd. 54 sk. Eg leyfi mèr nú að biðja hinn háttvirta forseta að leita þingsins álits um þetta atriði, og að mæla við þingið fram með því, að það ákveði forsetanum tiltekið »Honorar« fyrir störf hans í þingsins þjónustu eptir þinglausnir með hliðsjón af þeirri upphæð, sem eg skýrði frá, að forsetinn hefði reiknað sèr fyrir 2 seinustu þingin, og þarf eg ekki að taka það fram, að það er þinginu samboðið, að þetta »honorar« verði svo ríflega ákveðið, að forseti þess sè vel sæmdur af því, ef þingið að öðru leyti vill fallast á að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er í þessu efni, og þar til vona eg þingið finni fulla ástæðu.

Sveinn Skúlason: Eg vildi gjarnan beiðast fleiri upplýsinga frá hinum háttvirta konungsfulltrúa, um hvað venja hefði verið að borga á fyrri árum, svo þingið hefði nokkuð að halda sèr til.

Konungsfulltrúi: Þessar upplýsingar get eg nú ekki gefið þegar í stað; en eg man það, að eptir 2. alþing 1847 voru þessi útgjöld 15 rd. eða hèr um bil svo. Það var konferenzráð sál. Sveinbjörnsson, sem þá var forseti; síðan hefir borgunin farið vaxandi jafnframt því og störfin hafa orðið meiri, og tekið upp lengri tíma fyrir forseta þingsins.

Forseti: Eg skal fela þinginu málið, en eg vil geta þess, að naumur er tíminn, og ýmisleg vankvæði á að ákveða nokkuð um það nú þegar. Eg held rèttast væri að kjósa nefnd í málið, sem skuli kveða upp álit sitt á næsta fundi, eða fela það mönnum, sem búa hèr í Reykjavík, og að þingið undirkastaði sig þeirra dóm.

Konungsfulltrúi: Eg álít uppástungu forseta hagfellda, og vel til fallið, að þingmönnum sem eru hèr í bænum, sè falið þingsins vegna þetta mál á hendur, og að þeir síðan sendi konungsfulltrúa sitt álit í málinu.

Forseti: Eg skal benda þinginu til, að það væri víst hentugt, ef varaforseti værl kosinn meðal þessara manna; hann þekkir manna bezt til þessa máls.

H. G. Thordersen: Getum við ekki strax gjört út um málið; eg fyrir mitt leyti vil þegar stinga upp á vissri summu, til þess að vera ekki að þessari málalenging.

Forseti: Það yrði þó víst umsvifaminna, ef menn kysu nefnd í málið.

Jón Hjaltalín: Eg skil ekki í því, að þingið geti svona tekið fyrir þetta mál, því mèr er óljóst hvort það er innanþingsmál.

Forseti: Eg vildi biðja þingmenn, að stinga upp á, hvað marga skyldi í nefndina kjósa.

Sveinn Skúlason: Eg vildi helzt enga nefnd kjósa, því þetta er allt of smásmuglegt mál, til að þingið í nokkurn handa máta ætti að skipta sèr af því.

Pètur Pèturssson: Eg álít það betra, að menn ákveði vissa summu í þessu tilliti; þetta er og miklu þægilegra fyrir forsetann sjálfan en að ávísa sèr svona sjálfum peninga. Þetta er því rètt að farið af stjórninni, því það er bæði trygging fyrir forseta og stjórnina sjálfa.

Forseti: Þingið hefir ekki ástæðu til að vísa málinu frá sèr; um leið og get þessa, álít eg það miklu þægilegra fyrir forseta, að hann hafi eitthvað víst að halda sèr til í þessu efni.

Konungsfulltrúi: Eg er líka á sama máli og hinn 3. konungkjörni þingmaður, að þetta sè eins og eg líka hefi tekið fram, miklu þægilegra fyrir forseta; en eg mótmæli því, að þetta mál sè, eins og einn þingmaður sagði svo smásmuglegt, að þingið eigi ekki að taka það til nokkurra greina.

Ásgeir Einarsson: Áður en nefnd er kosin, vil eg fræðast um það, hvort þetta er sprottið af nokkurri umkvörtun, eða stjórnin hafi tekið það upp hjá sjálfri sèr; ef þetta er tilfellið, þá vil eg líka að reikningar alþingismanna um ferðakostnað alþingismanna sèu skoðaðir eða ákveðnir.

Konungsfulltrúi: Eg tók áðan fram, að þessu máli hefði verið hreift af Revisions Departementinu 1859 og síðan af stjórninni sent hingað. Þetta er tilefnið, hvers vegna málið nú er borið undir þingið.

Ásgeir Einarsson: Eru þessir peningar borgaðir af jarðabókarsjóðnum án nokkurs endurgjalds?

Konungsfulltrúi: Þessi kostnaður er eins og annar alþingiskostnaður borgaður fyrir fram úr jarðakókarsjóðnum, en síðan jafnað niður á landið með öðrum alþingiskostnaði.

Sveinn Skúlason: Af því leiðir, að revisióninni kemur þetta ekki neitt við; hún hefir ekki um önnur mál að fjatla en þau, sem ganga milli lands og stjórnar. Eg álít öldungis rètt, að við skiptum okkur ekkert af þessu.

Konungsfulltrúi: Eg verð að mótmæla þessari skoðun, þar þetta málefni liggur eptir eðli þess beinlínis undir Revisions Departementið, eins og aðrir reikningar alþingis, sem borgaðir eru úr jarðabókarsjóðnum, en síðar jafnað niður á landið.

Ásgeir Einarsson: Það er eins mikil ástæða til að endurskoða ferðakostnað alþingismanna, eins og reikninga forseta fyrir þingstörf hans eptir þinglok.

Konungsfulltrúi: Þessu verð eg að mótmæla, því þó það kunni satt að vera, að ástæða sè til þess að rannsaka ferðakostnaðarreikninga alþingismanna, þá liggur það ekki hèr fyrir, og kemur því máli, sem hèr ræðir um, ekkert við.

Gísli Brynjúlfsson: Hafi hin danska »Revision» nokkurn rètt til þess að blanda sèr í þetta mál, sem eg þó efast um, þá finnst mèr líka rètt að skoða einnig aðra reikninga þingsins, og til þess þyrfti víst að setja nefnd, eins og hinn háttvirti þingmaður fyrir Strandasýslu stakk upp á. Eg ímynda mèr og, að enginn þingmanna þurfi á nokkurn hátt að vera hræddur við þó t. a. m. ferðakostnaðarreikningar hans yrðu endurskoðaðir á slíkan hátt, því eg er sannfærður um, að enginn hefir heimtað meira en hann átti eða hefir orðið að gefa út. En það álít eg og rètt, að manni sè hver skildingur endurgoldinn, sem til ferðakostnaðarins hefir orðið að ganga, og það án nokkurra ummæla eða vífilengna.

Jón Sigurðsson: Hèr er ekki spursmál um, hvað áður hefir verið útlagt, heldur um það, hvað nú þurfi mikið; þetta gæti því nefndin ekki komizt yfir, þar sem ekki er nema einn dagur eptir af þinginu. Eg veit þess vegna ekki, hvaða gagn þessi nefnd gæti gjört. Eg held og, að flestir þingmanna muni hafa á sinni könnu, þar sem þeir eiga eptir enn þá mörg ósamin álitsskjöl.

Jón Hjaltalín: Þó eg áðan mælti fram með því, að nefnd væri kosin, þá vil eg nú falla frá því, og óska að málið sè þegar útkljáð. Eg er á sama máli og hinn 2. og 3. konungkjörnu þingmenn, að rèttast sè að ákveða vissa summu; þetta er og þægilegast fyrir forseta sjálfan.

Konungsfulltrúi: Eg gat um það áðan, að þessi kostnaður hefði 1859 verið 212 rd., en 1861 188 rd. 54 sk., og eptir þessu

gæti nú þingið farið. Eg mæli því fram með því, að forseta sè ákveðið tiltekið *honorar*, sem sè jafnsæmandi fyrir þingið og forseta.

Ásgeir Einarsson: Eg fyrir mitt leyti get ekki gefið atkvæði í þessu máli, þegar þessi skýrsla nú svona seint kemur frá stjórninni. Menn hafa því engan tíma haft til að glöggva sig á alþingisreikningunum, og hafa þess vegna ekkert að halda sèr til. Ætti eg því að gefa atkvæði mitt nú, þá yrði eg að byggja á þessum seinustu tveggja alþingisreikningum, en þá er mismunurinn á milli 200 rd. og 180 rd. sem um er að ræða, og kalla eg þetta smámuni eina.

Jón Hjaltalín: Við þurfum ekki að gefa atkvæði svona út í bláinn. Hèr er ekki nema um eina 30 rd. að gjöra, og munar landið það ekki mikið.

Pétur Pétursson: Þessum reikningum forseta er öðruvísi háttað en þingferðakostnaðar reikningunum. Þeir eru revideraðir af forseta, en forsetareikningana reviderar enginn; það má því vera óþægilegt fyrir forseta svona að taka reikningana undir sjálfum sèr; eg fellst því á, að sómasamlegt honorar sè ákveðið *een Gang for Alle.*

Sveinn Skúlason: Eg er enn á því, að við eigum að fella málið, því eg hefi ekki fræðzt neitt enn þá af ræðum konungsfulltrúa, ef við ættum að geta gjört nokkuð í þessu máll, þá þyrftum við að hafa reikninga fyrir öll árin og taka meðaltal af öllum; en eins og nú stendur á getum við ekkert gjört við málið.

Konungsfulltrúi: Mèr virðist þær upplýsingar, sem eg hefi gefið þinginu megi nægja, og að þingið með hliðsjón af þeim geti ákveðið borgun til forsetans, og að öðru leyti ræðir hèr að eins um borgun til forsetans fyrir 2 seinustu alþingisárin, og hana þekkir þingið af þeim upplýsingum, sem eg hefi gefið því um það atriði. Eg hefi aldrei neitað því, að gefa upplýsingar um eldri reikningana; en eg sagði einungis, að eg hefði þær ekki nú sem stæði fyrir hendi, en að eg skyldi gjarnan gefa þær seinna.

Gísli Brynjúlfsson: Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga mælti á móti nefnd, af því hann áleit tímann nú ofuauman, og það kann vel að vera satt. En ef spursmálið væri að eins um að ákveða nú strax einhverja fasta upphæð eptir kostnaðinum fyrir þau tvö ár, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi nefndi, þá er það ei örðugt nú þegar, því meðaltalan eptir þeim er 190 rd. Þetta væri því hægt að ákveða, en mèr þykir ótilhlýðilegt að gjöra nokk-

nð í málinu áður en menn hafa heyrt tillögur hins háttvirta varaforseta, sem má vera kunnugastur um það, og það nú líka kemur hélzt við, og vildi eg því óska hann lèti nú í ljósi meiningu sína um það, fyrst hann er viðstaddur.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst það hálfundarlegt að vera að skora á varaforseta að segja hvað mikið til þessa þurfi, því þar í liggur óbeinlínis, að hann hafi tekið meira en hann átti. Ef eg væri í forseta stað, og væri eg spurður, hve mikils fjár þyrfti til að afgreiða málin eptir þing, þá segði eg: þetta þurfti eg síðast, en hvað mikið eg þarf núna eptir þing, það veit eg ekki. En málið sjálft þykir mèr mikið varúðarvert, því hvað liggur nú á botninum, að vilja svona ákveða forseta víst *honorar een Gang for alle,* eður ákveðna þóknun um sinn, annað en að menn eins og gruni hinn síðasta forseta um, að hann hafi tekið það, sem hann ekki átti. En er það ekki hart fyrir þingið, að heyra, að það þurfi að setja mann til höfuðs þeim manni, er það hefir kosið fyrir forseta sinn og nú fyrir varaforseta. Við höfum eigi að undanförnu haft þá forseta, sem við þurfum að rengja í þessum efnum, og því er það harla leiðinlegt og næsta aðgæzluvert nú, er grunur er vakinn hið fyrsta sinn. Meðan eg hefi verið alþingismaður, hefi eg gjört reikninga mína eigi svo lága, en svo sem eg álít, að eg hafi haft rètt til, því mèr finnst að alþingi eigi að hafa við alla rètta sparsemi, en þó eigi venja sig nè aðra á smámunasemi. Eg álít menn eigi ekkert að skipta sèr af þessu máli, 79. grein í alþingistilskipuninni talar ekkert um, hver eigi að úrskurða reikninga alþingismanna, og er af því auðsèð, að menn eiga að eiga það undir drengskap hvers þingmanns, að hann setji eigi reikninga sína of háa og eins á það að vera með forseta. Það væri merkileg mótsögn að velja manninn til forseta sins og þó eigi trúa honum fyrir öðrum eins smámunum og því að ávísa sèr nokkra dali eptir þing. Mèr finnst það undarlega smásmuglegt af stjórninni að fara að hreifa þessu máli og kasta því inn svona ókörruðu á þing, og eg fæ eigi sèð hverja hvöt hún hefir til þess, þar sem landið greiðir fè þetta. Eg sting þess vegna upp á, að þingið skipti sèr eigi af málinu, heldur taki til dagskráarinnar. Það hlýtur að vera þingmönnum jafnan óþægilegt, þegar forseti er að hagga við reikningum þeirra, og eins verður það að vera óþægilegt fyrir forseta, ef þingið setti mann til höfuðs honum. Tilfinning mín segir mèr, ef annaðhvort skal vera, þá vil eg miklu heldur að forseti tæki nokkrum dölum

meir en vera þyrfti heldur en að þingmenn sýndi smámunasemi út af fáeinum skildingum, og hvernig sem á þetta mál er litið, þá varðar það drengskap allra þingmanna, af því að það snertir þá menn, er þeir hafa tekið til forseta og varaforseta.

Konungsfulltrúi: Eg hef ekkert á móti því, að þingið lýsi því yfir, að það vilji ekki aðhyllast neina breytingu á því, sem við gengizt hefir hingað til í þessu efni. Landið ber þenna kostnað hvort hann er mikill eða lítill, eins og annan þann kostnað, sem af alþingi leiðir og stjórnin lætur sèr víst lynda ákvörðun þingsins í þessu efni.

Björn Pètursson: Eg er þeim samdóma, sem segja, að það sè óþægilegt fyrir forseta, að ávísa sèr sjálfum peninga; því það er ætíð óþægilegt, að taka svona rèttinn undir sjálfum sèr. Hèr eru 2 vegir að fara, annar sá, að ákveða víst honorar fyrir forsetastörf eptir þing, hinn vegurinn er að kjósa nefnd til þess að hafa eptirlit með forseta. Eg vil hvorugan þenna veg fara, því þingið getur ekki ákveðið neina vissa upphæð, af því það getur ekki fyrir fram vitað, hve mikil hún þarf að vera; og af því leiddi að hún kynni annaðhvort að verða of mikið eða of lítil. Heldur ekki vil eg, að nefnd sè sett til höfuðs forseta, því eg vil ekki gjöra honum þær gersakir, sem í því liggja. Eg vil því helzt, að málið sè alveg fellt að þessu sinni.

Pètur Pètursson: Eg ítreka það aptur, að eg get ekki sèð neitt persónulegt í því, þó þingið gefi atkvæði fyrir því, að viss summa sè ákveðin. Hitt játa eg, að það er erfitt, að ákveða vissa upphæð; þetta kemur undir því, hvað mörg málin eru, og umfangsmikil, sem forseti á að afgreiða eptir þinglok. Menn geta ekkert miðað við árið 1845, því síðan hafa málin svo stórum fjölgað, og skriptir forseta margfaldazt. það er því rangt, að ákveða upphæðina fyrir alþingi, en við enda hvers þings gæti alþingismenn talað við forseta um, hvað mikið mundi þurfa. Eg fyrir mitt leyti gæfi því heldur atkvæði mitt fyrir að ákveða summuna fyrir þetta þing, því eg veit ekki, hvað það kann að kosta 1865. Það er rèttara vegur, að hvert þing taki til upphæðina í hvert skipti, og þetta er því fremur satt sem allir opinberir reikningar eiga að vera eptirliti háðir, og þessu þingi sæmir það sizt, að setja sig á móti þessu þar sem það áður hefir heimtað strangt eptirlit á opinberum reikningum: Eigi því að ákveða nokkra upphæð í þetta skipti, þá hèldi eg mèr til tveggja seinast undangangandi þinga, því það munu vera

nú hèr um bil jafnmörg mál og að undanförnu, máske hinn háttvirti forseti gæti gefið upplýsingar í þessu tilliti.

Forseti: Eg get ekki gefið þessar upplýsingar í fáum orðum en vona þó, að flest álitsskjölin sèu hreinskrifuð. Að öðru leyti vona eg, að þessari umræðu sè lokið.

Jón Guðmundsson: Eg vildi helzt ekki tala í þessu máli, og ætlaði mèr að gjöra það ekki, en af því skorað hefir verið á mig af svo mörgum þingmönnum, verð eg að segja nokkur orð. Þetta mál byrjaði svo, að »Revisorinn« hreifði því 1859 í athugasemdum sínum, við jarðabókarsjóðsreikninginn til 31. marz 1858, út af 2 reikningsávísunum, er eg hafði gjört sem varaforseti á alþingi 1857 fyrir forseta störfin eptir að því alþingi var slitið; leitaði landfógeti minnar úrlausnar um þetta mál, og svaraði eg þá, og skýrskotaði jafnframt til kancellibrèfs frá 9. nóvember 1847, er heimilar forsetanum, að ávísa sèr 3 rd. um daginn fyrir þau forsetastörf er hann leysi af hendi *eptir* þinglausnir. Að öðru leyti varð eg í þessu svari mínu að játa, eins og líka rannsóknar-skrifstofan hafði athugað, að það hefði verið miður rètt, bæði í þeim reikningum mínum 1857, og eins hjá undangangandi forsetum, að ekki hefði verið tilgreint *hvaða* störf það hefði verið, sem forsetinn reiknaði sèr, og ávísaði dagpeninga fyrir, og hefi eg síðan jafnan gætt þess. En að öðru leiti sýndi eg fram á, að reikningarnir fyrir þessleiðis forseta störf, hefði í raun rèttri verið helmingi hærri bæði 1853 og 1855. Síðan hefir mál þetta legið í dái, eg hefi reiknað mèr fulla dagpeninga fyrir þau forsetastörfin eptir þinglok, sem hafa verið samfelld í næstu 3—4 vikurnar á eptir, við afgreiðslu málanna til stjórnarinnar o, fl., en fyrir þau minni og strjálari störf þar á eptir, hefi eg þannig hagað reikningunum, að eg hefi jafnóðum uppteiknað þau, sýnt síðan varaforseta og beðið hann að staðfesta reikninginn. Eg verð að vera á því, að það væri miklu þægilegra fyrir forseta, að viss upphæð væri tiltekin, þá yrði og maður eptirleiðis frí við allt umtal. Þessa vildi eg að mínu leyti óska þó að upphæðin væri ákveðin enda töluvert minni en stungið hefir verið upp á.

Konungsfulltrúi: Eg vildi leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki mundi rèttast að hætta þessum umræðum, sem orðnar eru ærið langar, og það því fremur, sem þingið eptir því sem því hafa farizt orð, virðist ekki muni aðhyllast, að því fyrirkomulagi sem nú er, verði breytt.

Arnljótur Ólafsson: Ef uppástunga mín verður eigi samþykkt þá vildi eg að forseta yrði lagt á herðar, að taka tvo menn með sèr, til að staðfesta reikningana, það yrði þó skárra fyrirkomulag.

Jón Guðmundsson: Þetta er því betra sem enginn varaforseti er nú til að teikna upp á reikningana eða staðfesta þá.

Jón Hjaltalín: Eg vil stinga upp á, að menn ákveði 200 rd. þetta útgjald munar þó landið ekki mikið.

Forseti: Eg skal þessu næst láta þingmenn með atkvæðum skera úr, hvort nokkuð skuli skipta sèr af málinu, eða láta vera við það sem verið hefir.

Var það síðan samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4, að ekki skyldi skipta sèr af málinu.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til álýktarumræðu og atkvæðagreiðslu skólamálið. Eg hef látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 422.

Síðan var málið afhent framsögumanni, þingmanni Reykvíkinga.

Forseti: Eg vil stinga upp á því, að fyrst sè ræddur 1. töluliður. Ef hann yrði samþykktur þá spöruðust miklar umræður við það, að ræða hann sèr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg hef nú ekki neinu verulegu við það að bæta, er eg sagði við undirbúningsumræðuna. Eg vil vinna málinu allt það gagn sem eg get, en það er mín sannfæring, að það græði ekkert við það, þótt það verði rætt enn að nýju. Mèr finnst og bænarskráin úr Húnavatnssýslu fá fulla »Berettigelse«, þegar hún kemst til stjórnarinnar ásamt öðrum skjölum, er málið snerta, og verð eg því, að halda mèr til meiri hlutans, að forseta sè fengin bænarskráin í hendur, svo hún geti komizt til stjórnarinnar með öðrum skjölum, og hún geti haft tillit til hennar, ef henni þykir ástæða til þess vera. En að fara nú að ræða málið, er hið sama, sem að segja við stjórnina: »þú mátt ekki gjöra annað, en við viljum núna. Eg er ekki sá »*rigoristi*« eða svo einstrengingslegur, sem mèr var borið á brýn, að eg væri við undirbúningsumræðuna, eg vil lofa stjórninni að ráða því, hvað hún álítur haganlegast og tiltækilegast, þegar hún er búin að skoða allar uppástungur sem fram hafa komið. Mèr finnst í minni hlutanum vera miklu meiri *Rigorisme*; því hann álítur allt óhafandi nema sína skoðun. Þó að eg í sumum atriðum ekki sè sam-

dóma Reykjavíkurnefndinni, þá vil eg þó láta hana allt eins og þingið ná rètti sínum. Hèr er hjá minni hlutanum engin ný stefna. Ef þingið fellir tölulið 1. þá áskil eg mèr og meðnefndarmönnum mínum rètt til að nota það, sem 61. grein í alþingistilskipuninni heimilar.

Konungsfulltrúi: Með fullri viðurkenningu af minni hlutans góða tilgangi hvað ágreiningsálit hans snertir, verð eg enn að lýsa því yfir, að eg geti ekki fallizt á, eða álitið, að það eigi við eða geti gagnað málinu, að þingið fari nú að senda konungi vorum í því bænarskrá, en að það sè rèttasta meðferð á uppástungunni, sem komin er til þingsins, sú sem meiri hlutinn hefir stungið upp á, og í öllu falli getur uppástungan með þeirri meðferð komið til allra þeirra greina, sem hún á skilið, því rektor skólans hefir fengið allt skólamálið frá stjórninni til yfirvegunar og álits; hann getur því um leið og hann ritar álitsskjal sitt um málið í heild sinni, tekið allt það tillit til bænarskráarinnar, sem hún gefur tilefni til, og það má trúa honum til þess, að hann muni gjöra það, og svo kemur málið í heild sinni aptur til stjórnarinnar. Að öðru leyti inniheldur bænarskráin frá Húnavatnssýslu ekki neinar nýjar uppástungur eða yfir höfuð önnur atriði en þau, sem komu fram og voru rædd á seinasta þingi, og það bið eg þingið vel að athuga.

Sveinn Skúlason: Umræðu-efnið er þá að eins 1. tölul. Það er þó merkilegt, þegar sá maður, sem á að halda uppi lögunum og alþingistilskipuninni,skuli mæla með þeim ójöfnuði að það sem heyrir undir þingið, því skuli vísað frá þingi; og ekki er nú einu sinni svo mikið um dýrðir, að því sè vísað til hlutaðeigandi yfirvalds, heldur til þess manns, sem þingmál alls eigi heyra undir eða koma við. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi brýtur því um þvert alþingistilskipunina, og þegar hún er brotin, þá er sá rèttur brotinn á mönnum, sem sízt ætti að brjóta; og því máli sem þingið hefir áður látið sèr mjög annt um, ættu menn ekki að kasta út í hvippinn og hvappinn. Það er illa farið ef uppástungur minna hlutans falla, og það er skrítið, að konungsfulltrúi og framsögumaður skuli vera að staglast á því að hèr sè ekkert nýtt, og því eigi ekki við að ræða málið. En hèr er þó vissulega breyting og það má segja, sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki. Og þó hèr væri ekki annað en það sem áður hefir komið fram, þá er það þó ekki til að spilla málinu heldur til að styrkja það, að ítreka bæn sina.

Hinn 3. konungkjörni þingmaður veit bezt hvort það spillir eða bætir, að ítreka bænir sínar.

Forseti: Eg álít mèr skylt að geta þess, að mèr finnst þingmaðurinn hafa valið of hörð og miður tilhlýðileg orð á móti konungsfulltrúa. Hann hefir aldrei sagt, að málið ekki heyrði undir þingið; og það er ei tilhlýðilegt að bera á konungsfulltrúa, að hann með ójöfnuði brjóti lög á þinginu.

Framsögumaður: Það er allt annað mál, hvort málið heyri undir þingið eða með öðrum orðum, hvort þingið hafi rètt til að hreifa málinu og ræða það, eða að málið vinni við það, að þingið taki það til umræðu. Eg hef aldrei sagt, að það heyrði ekki undir þingið; en þó þingið megi ræða málið, þá er það sitt hvað eða að biðja um að því sè beint í þá eða þá stefnu. Eg sè ekki, að nein lög sèu brotin á þinginu í þessu efni.

Páll Melsteð: Eg stend upp af því eg álít vel eiga við að gæfur maður gefi sig fram og taki til orða, þegar svo mikill ákafi er kominn í menn, að forseta þótti full ástæða til að standa upp og taka fram í. Eg óska að menn ræði málið með stillingu. Eg skal nú ekki fara út í efni þessa máls, en hitt vildi eg að eins benda þinginu á, hversu ófimlega 1. atr. er orðað. Það er eins konar »málmyndalýsing» sem eg ætla að minnast á. Mèr finnst þá, að 1. atr. sè svo óheppilega orðað að það sè óhafandi. Það er beðið um »að senda málið *gegnum forseta* rektor skólans«. Eg bið menn athuga þetta vandlega. Eg held hinn háttvirti forseti kenndi heldur en ekki til, ef mál þetta færi í *gegnum* hann, og svo er rektor skólans, settur í forsetasætið, og eg get þó ekki kannast við að hann eigi setu hèr á þingi. Víst mátti þetta betur fara.

Björn Pètursson: Eg skildi ekki ræðu þingmanns Norður-Þingeyinga svo, að hann hefði borið konungsfulltrúa á brýn, að hann bryti lög á þinginu. En hann kvartaði yfir því, að konungsfulltrúi skyldi mæla með því, að málið færi þangað, sem það ekki á að fara. Eg verð að vera samdóma þingmanninum i því, að það sè ólöglegt að vísa máli til rektors, sem heyrir undir stjórnina.

Konungsfulltrúi: Þetta er þó sama aðferð og áður hefir verið höfð hèr á þingi, þegar líkt hefir staðið á eins og hèr stendur, og þingið ekki hefir viljað senda bænarskrá í einhverju máli, eða er ekki *Vigurmálinu* núna vísað til stiptsyfirvaldanna aðgjörða. En hvað það snertir, er þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu bar mèr á brýn, að eg gjörði brot á þinginu með því að mæla fram með meiri

hlutanum, ef svo er þá liggur ábyrgðin fyrir það á mèr, en ekki á honum.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að vera á sama máli og þeir, sem segja, að ekki sè rètt að senda skólameistaranum mál frá þinginu nema ef vera skildi bænarskrá frá einhverjum kennaranna; en þetta mál er löggjafarmál, og svo almenns efnis að það getur eigi heimfærzt undir 77. gr. í alþingistilsk. Eg er sannfærður um, að meiri hlutinn hefir í bezta skyni viljað vísa málinu til rektors, sem hefir skólamálið til meðferðar, en hvað um það, vèr eigum að senda málin til stjórnarinnar með umráði konungsfulltrúa þegar um almenn mál er að gjöra, einkum löggjafarmál. (*Pètur Pètursson:* þingið sendir þó áskoranir til landsmanna gegnum forseta) Já satt er það en alls ekki löggjafarmálefni. Þetta mál á að fara til konungs, svo hann geti tekið tillögur þingsins til greina, þegar samin verður reglugjörð fyrir skólann. En hitt, að rektor fengi afskript af bænarskránni, álít eg gæti orðið til mikilla nota. En þar sem í uppástungu meira hlutans segir, að bænarskráin skuli sendast rektor, *ef* hann hafi skólamálið til íhugunar, en *annars* konungsfulltrúa, þá hlýt eg að játa að eg kann eigi við að þingið gjöri konungsfulltrúa svona að varaskeifu skólameistarans, að honum ólöstuðum, því það er eins og þingið neyðist til að afhenda konungsfulltrúa bænarskrána, þegar það getur eigi komið henni í annan betri samastað.

Magnús Andrèsson: Eg skal einasta tala fá orð, og að eins gjöra 1. tölulið að umtalsefni. Eg álít að aðgjörðir meiri hlutans, sè ekki annað en að skipta sèr ekkert af málinu, því hann vill fleygja því annaðhvort í rektor eða konungsfulltrúa. Eg hef ekki heyrt neitt á móti því frá formsins hlið, að málið fari þann veg, sem minni hlutinn hefir stungið upp á, og eg verð því að vera samdóma minni hlutanum.

Benidikt Sveinsson: Þetta spursmál um *formið,* sem hlaut að fylgja *meiri* hlutanum, eins og skugginn líkamanum, er nú orðið hèr að býsna miklu umtalsefni, enda hafa komið fram misjafnar meiningar um það. Þingmaður Borgfirðinga og þingmaður Norður-Þingeyinga, hafa nú látið í ljósi það álit, og sýnt það með rökum sem eru alveg ljós, að meiri hlutans uppástunga sè *ólöglega upp borin,* og sèst það bezt þegar maður ber saman 2. greinir í alþingistilskipuninni, nefnilega 77. og 49. gr. Í 77. gr. er gjörður munur á þeim málum, sem heyri undir þing og hinum sem ekki

heyri undir það, og í 49. gr. er aptur sagt, að forseti eigi að sjá um, að þau mál, sem *ekki* heyra undir þingið, sè vísað frá því, og *því ekki látin koma til nefndar*. Eg vil leyfa mèr enn fremur að benda á ræðu eptir Bardenfleth konungsfulltrúa, sem lesa má í alþingistíð. fyrir það ár. Í 49. *og* 77. *gr.* alþingistilskip. er þannig vafalaust ráðgjört, að málið sè rætt í aðalefninu, úr því það er komið til nefndar, og þetta flýtur og af sjálfu sèr, því eins og yfirvöldin ekki geta gripið inn í verkahring alþingis, eins getur alþing ekki gripið inn í verkasvið yfirvaldanna. Það hefir enn fremur brytt á því að undanförnu, að þingið hefir viljað draga sem mest eður flest mál undir sig, og þetta er og eðlilegt, því þingið er sama sem þjóðin í heild sinni sem persóna, er jafnan vill hlynna að atkvæði sínu sem mest og rífka það, og stjórnin hefir einmitt fallizt á þessa stefnu þingsins, og get eg til sönnunar ef eg vildi, nefnt mál frá síðasta þingi, sem sannar þetta berlega. Eg held því og veit því, að meðferð minni hlutans á málinu sè samkvæm alþingistilsk. og venju þingsins, og eðli þess í alla staði. 1861 kom fram hin sama grílan sem nú er á atkvæðaskránni, nefnilega þau fráleitu og ástæðulausu mótmæli, að málið ekki heyrði undir þingið, og að það ekki mundi græða á því, þó alþing tæki það til meðferðar. Eg hafði ekki verið á þingi áður, en mèr þótti undarlegt, að skólamálið skyldi ekki eins og hvert annað löggjafarmál heyra undir þingið. *Þingið* viðurkenndi nú þetta líka þá og *stjórnin* eins, með því að setja nefnd í Reykjavík til að íhuga málið alveg eptir uppástungum þingsins. Sú nefnd skiptist í tvennt, minni hlutinn vildi ekkert gjöra, en meiri hlutinn hefir auðsjáanlega máske viljað koma málinu í bezta horf, án þess að hún þó kæmi með neinar verulegar uppástungur, og allrasízt það, sem þingið ætlaðist til, eins og eg hefi áður sýnt, en það var eigi stjórninni að kenna. Stjórninni hefir því og fundizt tilefni til að senda málið enn á ný til rektors, og nú spyr eg hvort að þetta atriði geti verið ástæða til að fleygja málinu frá sèr móti lögákveðnum verkahring þingsins, móti venju þess og viðtekt á seinasta þingi, móti rètti landsmanna og móti nauðsyn alls landsins? Það atriði, að stjórnin leitar upplýsinga hjá rektor sannar einmitt þar á ofan, að þingið 1863 eigi að senda bænarskrá til konungs í þessu máli. Rektor kemur þinginu ekkert meir við, en einhver prestur út um land. Og það er eins rangt að þingið leggi atkvæði sitt undir hans atkvæði, eins og hitt að rektor gefi sig á þess vald og fleygði málinu

frá sèr. En fyrir utan það að það er formlega rangt og fráleitt að fara með málið eins og meiri hlutinn vill, til þess að eyða því, þá er nú niðurlagsatriði meiri hlutans svo óheppilega orðað, að furðu gegnir. Það á að senda málið til rektors, ef hann hefir það til yfirvegunar, en mèr finnst vafasamt hvort rektor þurfi að játa fyrir þinginu, hvort hann hafi málið til yfirvegunar, því það varðar það alls ekkert um; og því síður held eg hann þurfi að veita því móttöku frá þinginu, því hann varðar ekkert um það; en að öðrum kosti á konungsfulltrúi að fá það til frekari ráðstöfunar, en hver er þessi frekari ráðstöfun meiri hlutans? Veit hann það sjálfur? Nei, þetta er og verður ólögleg og óforsvaranleg meðferð á bænarskránni frá Húnvetningum, og hafi hún átt skilið að komast að 1861, þá á hún það líka 1863; því beiðendurnir hafa jafnan rètt nú og þá til að heimta, að málið sè löglega meðhöndlað. Eg vona að eg hafi nú bæði sýnt og sannað formgallana á niðurlagsatriði meiri hlutans, og skal svo ekki fara um það fleiri orðum, það er í ábyrgð þingsins hvort það fer rètt eða rangt með það.

Jón Guðmundsson: Eg heyri sagt, að eg hafi misst af miklu, að vera ekki við undirbúningsumræðu þessa máls, en af því hèr er ekki að svo komnu til umræðu nema 1. tölulið, eptir því sem þingið og hinn háttvirti forseti ákváðu fyrir skemmstu, þá skal eg ekki tala um annað en þenna fyrsta tölulið að sinni, þó eg ekki geti stuðzt við undirbúningsumræðuna, enda verð eg að vera óbifanlega fastur á því, að úrslit alls málsins í heild sinni sè einkanlega þar undir komin hvort þessi töluliður eða uppástunga meiri hluta nefndarinnar verður samþykktur eða ekki; verði hún samþykkt (þ. e. 1. tölul.), þá álít eg allar uppástungur minni hlutans þar með fallnar. Hinn konungkjörni varaþingmaður tók nú fram merginn málsins í þessari sinni löngu og mergjuðu ræðu, en eg get ekki orðið honum þar samdóma. Eg get ekki sèð neitt óþinglegt eða ólöglegt í uppástungu meiri hlutans; eg hæli ekki því, hvernig uppástungan er orðuð, það má laga með því að bera uppástunguna upp í tvennu lagi, en eg tala um innihald hennar og stefnu, en hún sýnist mèr bæði lögleg og rètt. Þingmaður Norðurþingeyinga og hinn konungkjörni varaþingmaður sögðu, að þetta væri augljóst löggjafarmál, og að brotinn væri rèttur bæði á beiðendum og þinginu, ef uppástunga meiri hluta nefndarinnar væri samþykkt. En eptir því sem málinu er nú komið, þá sè eg ekki og veit ekki, hvað er valdstjórnarmál, ef þetta er það ekki; 1861 var það lög-

gjafarmál, það er satt, þá hafði þingið það til meðferðar að rèttum þingsköpum og rèttum lögum, gjörði um það uppástungur og ritaði konungi bænarskrá; en er komið afsvar frá stjórninni, svo að þingið þurfi nú að endurnýja bæn sína? Eða hefir hún lagt málið fyrir þingið af nýju og krafizt nýrra upplýsinga eður breytingar hjá oss? Nei! en þetta eru samt skilyrðin fyrir því, að mál, sem þingið er búið að rita um uppástungur og ríta bænarskrá, geti orðið löggjafarmál eður þingmál aptur af nýju. Þingið má ekki gjöra sig sekt í því, sem einmitt hinn konungkjörni varaþingmaður sjálfur tók fram og varaði við; hann sagði, og það er satt, að stjórnarvaldið og löggjafarvaldið hefði hvort fyrir sig sinn afmarkaða verkahring, og því má stjórnarvaldið varast það að grípa inn í verkahring löggjafarvaldsins, og löggjafarvaldið um að grípa inn í verkasvið valdstjórnarinnar; en þetta mál heyrir einmitt undir valdstjórnina eins og þvi er nú komið og á því stigi sem það er nú; alþingi sjálft hefir fengið það valdstjórninni í hendur og gjört það að valdstjórnarmáli, og er því þinginu heimildarlaust, að fást við málið að svo komnu, og getur það verið hættuspil. Það var eins og þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu fyndi, að hann ekki átti gott mál að verja. Hann skýrskotaði til þess að fyrr hefðu menn ítrekað bænir sínar um önnur mál, hann nefndi kollektusjóðsmálið, og málið um undirskript konungs undir lagaboðin, en þá vil eg spyrja, var ekki ítrekunarmeðferð þingsins á þessum málum og ítrekunarbænarskrár byggðar á beinni synjun frá stjórninni? Svo ef að stjórnin neitar, að veita þinginu bænir sínar í þessu skólamáli, þá getur það fyrst orðið löggjafarmál aptur. En það fer svo fjarri, að stjórnin hafi neitað bænum og uppástungum alþingis í þessu máli, að hún hefir þvert í móti tekið vel undir það í alla staði, sett sèrstaka nefnd til þess að bera upp álit um uppástungur þingsins, og flýtt málinu á annan veg að sínu leyti, eptir því sem hún hefir getað, þó að því sè ekki lengra komið heldur en nú er. Þess vegna getum vèr ekki svona út í bláinn brifið mál þetta úr hendi stjórnarinnar, þar sem hún hefir tekið það til svo eindreginnar meðferðar og úrslita. Eg skal ekki að sinni tala neitt um niðurlagsatriði minni hlutans, en fari svo ólíklega að tölul. 1. verði felldur og þau komi svo til umtals, skal eg leyfa mèr að sýna og sanna, að minni hlutinn strandar á því skerinu, sem hann vill forðast, og varar menn við að stranda á.

Framsögumaður: Hinn konungkjörni varaþingmaður gat nú

ekki með ræðu sinni sannfært mig. Hann talaði mikið um, að þetta væri löggjafarmál, en eg vil biðja hann að segja mèr að eins eitt dæmi þess, að skólareglugjörð hafi verið lögð fyrir löggjafarþing. Því kvartar ekki þingið yfir því, að reglugjörðin fyrir barnaskólann hjerna í Reykjavík, sem kom í fyrra, hafi ekki verið lögð undir það? Eg sè ekki heldur, að alþingistilskipunin í neinu bindi hendur á nefndinni í því, hvernig þær vilji beina málunum. Eg sè hvergi á 49. nè 77. grein, að þingið megi ekki beina málinu í hverja stefnu sem það vill. Ræða þingmannsins var því á alveg rammskökkum grundvelli. Hann sagði að minni hlutinn í Reykjavíkurnefndinni hefði ekkert gjört, en eg verð að bera á móti því, og skal eg skýrskota til hinna háu stiptsyfirvalda um það, og meðnefndarmanna hans.

Pètur Pètursson: Eg skal kannast við, að 1. töluliður er ekki kannske sem bezt orðaður; en hitt að málið væri hjá rektor, áleit meiri hluti nefndarinnar óyggjandi, og meining nefndarinnar var að koma málinu á rètta leið til stjórnarinnar, og nefndin áleit, að það hefði meiri þýðingu, að uppástungan kæmi frá þinginu, en frá einstökum manni. Nefnd hefir verið sett, og okkur hefir fundizt uppástungan þess verð, að hún kæmist fyrir stjórnina, en í nefndinni hefir orðið ágreiningur um, hvernig málinu mundi bezt verða komið á framfæri. Eg vil biðja forseta þegar til atkvæða verður gengið, að skipta 1. tölulið, svo að fyrst verði borin upp þessi hluti hennar, »*að þingið sendi fyrrnefnda bænarskrá* (*ɔ: frá Húnavatnssýslu*), *gegnum forseta sinn, konungsfulltrúa til frekari ráðstöfunar*«, en hinn partinn: »*rektor skólans ef hann hefir málið til íhugunar*«, *en að öðrum kosti,* verði borin upp sèr. Eg er samdóma framsögumanni í því, að þetta mál ekki sè löggjafarmál; eg er nú reyndar ekki lagamaður, en eg veit ekki til, að skólareglugjörðir sèu lagðar fyrir löggjafarþing. En stjórnin hefir hèr sýnt mikla mannúð í því, að taka til greina álit alþingis. En það heyrir undir stjórnina að semja reglugjörð fyrir skóla, en ekki undir alþing, Ekki var reglugjörð prestaskólans lögð fyrir þingið. Eg vil ekki gjöra þetta að kappsmáli, en það sannast á sínum tíma, hver rèttara hefir, meiri eða minni hluti nefndarinnar.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir nú vænt, að eg held mál þetta sè loks farið að komast í þá stefnu, sem eg hefi allt af verið að tala fyrir, og skal eg nú því enn að eins áður enn til atkvæða er gengið, drepa nokkuð á, hvernig á því stendur, að það kom nokkurn tíma aptur inn á þingið hèr í sumar. Menn muna að tilefnið

til þessa var bænarskrá úr Húnavatnssýslu, en á henni stóð auðsjáanlega svoleiðis, að menn höfðu um skör fram orðið hræddir um, að stjórnin mundi strax hlaupa í að samþykkja uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar, en þetta er ekki nema eintómt flaustur og misskilningur, og af þessum tveimur ástæðum hefir málið nú þó að nýju komist hèr inn á þingið, en úr því menn eru búnir að sjá hvernig á stendur, tel eg ófært að framfylgja því lengur. Spursmálið gæti þá að eins verið, að taka málið alveg fyrir að nýju, og breyta tillögum þingsins í hitt eð fyrra, og það vill nú reyndar binn háttvirti þingmaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu halda að gjört hafi verið; en það tel eg enn miklu ófærra, því hvað ætti stjórnin að halda um þing, sem sitt árið legði hvert til um sama málið? Hvort sem tillögur þingsins því nú eru alveg nýjar eða að eins upptekning af því, sem það áður hefir gjört, eru þær jafnóhafandi í þetta sinn, því ef þær skaða ei beinlínis, þá eru þær að minnsta kosti alveg óþarfar. Hèr er því ekkert annað fyrir, en að fallast á uppástungu meiri hlutans, því með því móti kemst að ósk beiðenda í Húnavatnssýslu og eins álit þingsins líka, að nýju til stjórnarinnar, án þess að menn gjöri þó þá óhæfu, að taka allt málið upp aptur frá rótum, áður en stjórnin er búin að úrskurða nokkuð um það. Eg held því og að flutningsmaður bænarskrárinnar, hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga mætti vel gjöra sig ánægðan með þetta, því það er víst satt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að það er miklu meira varið í, að þingið sendi viðkomendum bænarskrána, heldur en ef hún að eins kæmi úr Húnavatnssýslu, því í því liggur þó einnig, að þingið fallist á aðalefni hennar, og vilji gjöra stjórnina vara við það á hæfilegan hátt. Þessa aðferð álít eg með öllu hina tiltækilegustu og beztu, og skal eg því ei heldur vera neitt hræddur við, hvernig uppástunga meiri hlutans, að öðru leyti er orðuð, þó eg viðurkenni fúslega, að hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga hefir rètt í því, að orðið »*í gegnum*« er hvorki gott nè rètt mál í því sambandi, en það er þó ei fyrsta sinn, sem það hefir verið haft svona, og það er nú þegar búið að fara svo margt »í gegnum« hinn háttvirta forseta á þenna hátt, án þess að það hafi sært hann, að eg held hann muni nú einnig þola þetta. Að endingu get eg þess enn, ef svo ólíklega kann til að takast, sem eg þó ei vona, að minni hlutinn beri sigur úr býtum við atkvæðagreiðsluna, þá álít eg síðustu uppástungu hans, um að leggja skólareglugjörðina fyrir alþing alveg

ranga, því slíkt er ei löggjafarmál, og eg skal að eins minna á, að hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður, sem nú stingur upp á þessu, var þó á annari og að mínu áliti réttari skoðun, þegar verið var að tala um reglugjörð fyrir lagaskólann hér um daginn. En eg vona það komi ei til þessa, heldur fallist meginhluti þingmanna strax á uppástungu meiri hlutans.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að tala nokkur orð, einkum út af því, sem sumir þingmenn hafa talað í þessu máli. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri ekki neitt nýtt í minni hlutans áliti, og að það yrði ekkert grætt á því, þetta eru nú þung og þýðingarmikil orð fyrir minna hlutann, því að því getur hann gengið vísu, að hversu marga af þingmönnum, sem hann reynir að teygja með sér, þá stoðar það þó lítið, ef konungsfulltrúi mælir á móti áliti hans. Hann fèkk nú líka þakklætið fyrir orð sín, einkum hjá hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga, sem var svo æfur, að hann talaði þeim orðum, sem naumast voru sæmandi. Hann sagði, að það væri óeðlilegt, að vísa málinu til rektors; en þó það væri nú ekki gjört, ætli stjórnin hafi þá svo mikla tiltrú til þessara tveggja manna, að hún gangi alveg fram hjá rektor. Eg skil ekki heldur, hvaða »Fornærmelse« getur verið í því, þó bænarskráin sè send til rektors; það var í gær talað um að skrifa þetta ávarp í kláðamálinu til bændanna, og ekki var það álitið nein »Fornærmelse«; og eg skil ekki annað, en að okkar gamli góði rektor geti staðið uppi eins fyrir því, þó honum sè sent þetta. Það hefir verið talað um, að þetta væri brot á rètti, en eg veit nú ekki á hvaða paragraf; menn hafa verið að fletta upp í alþingistilskipuninni til að sýna það, því það er vandi hèr á þingi, að henni er allt af riðið, þegar menn vilja fá aðra á sitt mál, og binda menn eins og við borð. Þingmaður Borgfirðinga fór nú, eins og honum er lagið, mjög hægt, svo það var ekki auðráðið, hvað hann eiginlega vildi, þó leit helzt út, sem hann væri vinveittur minni hlutanum. Hann vildi láta þetta mál koma fyrir konung; en eg vil spyrja þingmenn, vita þeir nokkurt dæmi til, að nokkurt mál hafi verið sent fyrir konung, meðan stjórnin hefir verið að hugsa málið; það er eins og menn vilji vera að troða þessu inn í hana hvað ofan í annað, það stendur þó í hinni konunglegu auglýsingu: »Því mun verða flýtt svo sem unnt er«. Þetta hèlt eg, að nefndin mundi fara fram á, að málinu væri flýtt sem mest, en ekki að trufla fyrir stjórninni með þessum nýju uppástungum. Hinn konungkjörni varaþingmaður

fór svo mikið inn í tilskipunina, að eg gat varla fylgt honum; það getur vel verið, að það sè á rökum byggt, sem hann sagði í því tilliti, en eg efast þó um hvort það er ráðlegt, að fylgja því. Hann sagði að stjórnin hafi sent málið til rektors, af því að henni hafi þótt eitthvað áliti skólanefndarinnar; þetta held eg sè ekki grundað, því það mundi eins fara þó minni hlutans-álit væri nú sent, að stjórnin mundi ekki ganga inn á það, nema með því að senda það fyrst til álita rektors; þetta er einmitt hennar vanalegi vegur. Eg skal nú í stuttum orðum gefa ástæður fyrir því hvers vegna eg er alveg á móti minni hlutanum. Það er nú fyrst það, að þetta er alveg óvanalegt, að villa svona sjónir fyrir stjórninni og trufla hana, meðan hún einmitt er að fjatla um málið. Annað er það, að þetta hlýtur að seinka fyrir málinu, ef stjórnin ætti að íhuga allar þær uppástungur, sem minni hlutinn hefir gjört, þá kæmi þetta mál fyrir aptur á þinginu 1865, og ætli að sú nefnd, sem þá yrði sett, fengi betri útreið en Reykjavíkurnefndin; það er því auðsèð, að hvað vel sem þingið vill fara með minni hlutann, þá hlýtur það að tefja fyrir málinu, sem hann fer fram á, og það er ómögulegt að sjá fyrir, hvað lengi. Af þessu flýtur þá það þriðja, að þetta hlýtur að skaða skólann; það verður óþægilegt fyrir menn út um landið, sem ætla að senda sonu sína í skóla, að vita ekkert um, hvað lengi það á að bíða, eptir að breyting komist á um skólamálið, og eg held að fjöldanum af þeim þyki ekki ræðurnar um þetta mál á þessu þingi svo uppbyggilegar, að það sè tilvinnandi að bíða lengi fyrir þær. Það er líka sannarlega sorglegt, að á sama þinginu sem menn eru að kvarta yfir presta-eklunni, skuli menn vera að hyllast til, að frestað verði skólamálinu, og það er þó auðvitað, að því meir, sem menn fælast skólann, því færri sækja prestaskólann. Fjórða ástæðan mín er sú, að eg er hræddur um, að landsmenn verði óþolinmóðir og leiðir á þessu, og að þeim þyki þingið stundum fara skrítilega með málin, þegar það er að grauta svona í þeim og það hefir opt komið fyrir, að málin hafa verið felld einmitt fyrir þenna graut. Eg vona því, að þeir þingmenn, sem eru óvilhallir hugsi sig um, áður en þeir fara að samþykkja þetta, þó að tveir menn í Húnavatnssýslu stingi upp á því, og tveir menn hèr á þinginu fari þessu fram og eg held að þingið fengi litla þökk fyrir, þó það samþykkti það. Fimmta ástæða mín er sú, að þar sem sagt hefir verið, að þetta mál heyri undir verkahring alþingis þá get eg alls eigi sèð, að svo sè, og hinn háttvirti forseti tók það svo skýrt

fram, að það verður ekki hrakið, og þó nú svo kynni að sýnast, að það gæti heyrt undir verkahring alþingis, þá getur það þó aldrei heyrt undir verkahring alþingis, að tefja fyrir málunum. Það er því þetta óvanalega kostnaðurinn, tímatöfin, flækjan, og hinn óvissi tími, sem minni hlutinn setur, án þess þó að geta sannað, að annað betra fáist, það er allt þetta sem gjörir það, að eg álít minni hlutans uppástungur alveg óhafandi. Það kemur ekki af neinum kala við minni hlutann, að eg segi þetta, því eg segi það án allrar reiði; en eg veit að þegar hann hugsar rólega um málið, þá hlýtur hann að sannfærast um, að þetta er eitthvað óvanalegt sem hann fer fram á.

Framsögumaður: Eg vil að eins skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort ekki sè bezt, að bráðum verði farið að ganga til atkvæða um málið.

H. G. Thordersen: Eg stend nú ekki upp, til að fara mörgum orðum um málið, en af því eg er einn nefndarmaður í því, býst eg við að það þyki ragmennska, ef eg tala ekki dálítið um það; en það skal verða stutt og greinilegt. Eg skal þá lýsa því yfir, að eg get engu fylgt nema því, sem eg var á í nefndinni með hinum tveimur meðnefndarmönnum mínum, og þeirri litlu orðabreytingu, sem hinn háttvirti þriðji konungkjörni þingmaður stakk upp á. Eg sjálfur hefi nú átt töluvert við þetta mál, því frá skólanefndinni gekk málið til stiptamtmannsins og mín, og við sendum það til stjórnarinnar með meðmælum okkar og áliti, og nú þegar málið kemur frá rektor aptur, hefir stjórnin skipað svo fyrir að við skyldum að nýju segja um það álit okkar. Og hvar stæði eg þá sem ærlegur maður, ef eg nú þegar án þess að vita hið minnsta hvað rektor muni til leggja samþykkti þessi breytingaratkvæði. Af þessum ástæðum get eg með engu móti samþykkt neitt af þessum atriðum, nema það sem við þrír urðum ásáttir um í nefndinni. Eg vil líka styrkja það, sem eg heyri að hinn háttvirti konungsfulltrúi hafi sagt, að ekkert nýtt sè í þessari uppástungu, og þó minni mitt kannske sè farið að dofna, þá man eg þó ekki betur, en að öll þau atriði sem hèr er stungið upp á, sè komin fram frá skólanefndinni gegnum stiptsyfirvöldin til stjórnarinnar. Þetta er því ekkert nýtt, heldur gamalt. Þar að auki liggur málið hèr fyrir hjá rektor, og eg sè þá eigi, til hvers menn eru að þessum breytingum. Hvað hitt snertir um lagaskoðunina á þessu máli, þá verð eg nú að biðja menn, afsaka mig frá, að útlista skoðun mína

um það, því eg er enginn lagamaður og hef aldrei viljað vera það, en eg skil þó eigi betur eptir minni beztu vitund, en að þetta mál sè administrativt, en um það get eg ekki verið að þræta. Eg hef þannig gjört einfaldlega grein fyrir því hvernig eg muni greiða atkvæði mitt, og verður það svo, að eg fellst ekki á neitt nema þetta eina, sem við fórum fram á í nefndinni.

Brynjólfur Jónsson: Eg held nú, að báðir þessir mótstriðandi partar sèu í rauninni á einu máli, þegar á allt er litið, því vissulega eru þeir báðir einhuga í því að vilja skólamálinu allt það bezta sem orðið getur, en þessi misskilningur eða stríð, held eg einmitt sè sprottin af því, hvernig þeir líta misjöfnum augum til stjórnarinnar; minni hlutans álit er að ætlan minni sprottið af vantrausti til stjórnarinnar, en meiri hlutans álit einmitt af hinu rètta trausti til stjórnarinnar, því trausti sem allir góðir þegnar bera til góðrar stjórnar. Vèr vitum nú ekki enn þá, hverju konungur muni svara upp á það, sem þegar er búið að biðja um. Þeir sem hafa traust til stjórnarinnar, álíta að konungurinn muni gjöra reglugjörð skólans svo vel úr garði að hún verði til hags og heilla fyrir land og lýð; en hinir álíta það efasamt, hvort konungur muni búa hana svo vel úr garði, sem óskandi væri. Vèr vitum nú ekki neitt um þetta enn þá, en skyldi svo fara, að reglugjörðin yrði ekki svo haganleg sem óskandi væri, sem vèr þó höfum mikla ástæðu til að vona, þá er fyrst tími til að biðja um lagfæringu á henni.

Jón Pálmason: Það hefir nú verið talað mikið með og móti þessu máli, og þó töluverður meiningarmunur hafi komið fram, þá skal eg ekki setja mig upp sem dómara milli beggja flokkanna, því eg held að málið upplýsist ekki betur fyrir þinginu en orðið er; en eg vil einungis svara hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, þar sem hann sagði, að þingið ætti ekki að taka til greina bæn tveggja manna frá Húnavatnssýslu, þá bið eg hann að lesa betur undirskriptina undir bænarskránni; þar standa undir hèraðslæknir, Jóseph Skaptason forseti og Páll Vídalín, sem skrifuðu undir hana í nafni fundarins, og þingmanninum er víst ókunnugt hvað margir á fundinum voru; orðin: á sýslufundi að Sveinstöðum, og fógeti og skrifari, gefa þó annað til kynna, en að það sè að eins tveggja manna beiðni fyrir þessari bænarskrá, ef menn ekki vilja af ásetningi rangfæra og misskilja orð og undirskriptir annara; þetta er svo bert að eg ímyndaði mèr að enginn þingmanna mundi koma með þessa ástæðu, ef ástæðu skal kalla; en hvað hinu viðvíkur, sem

þingmaður Skagfirðinga sagði, að eg og Húnvetningar mundum gjöra okkur ánægðu með, að málinu sè vísað til rektors, þá vil eg samt leyfa mèr að lýsa því yfir í nafni Húnvetninga, að þeir mundu eigi gjöra sig rólega með þessa aðferð, og eg fyrir mitt leyti álít hana alveg gagnstæða alþingistilskipuninni; þegar málið hefir allt að þessu haft löglega meðferð á þinginu, og er almennt velferðarmál landsins þyki mèr það nokkuð hart að það fái það útfall, sem sjáanlegt er að muni verða, því eg get ekki sèð að það spilli, þó samin væri bænarskrá til konungs eins og gjört var 1861.

Ásgeir Einarsson: Eg vil geta þess út af orðum hins háttvirta þingmanns Húnvetninga, að eg var líka á þessum fundi, þegar bænarskráin var samin, og þar sem hann hèlt, að beiðendur mundu ekki gjöra sig ánægða með, að henni væri vísað til rektors, þá mundu þeir líka gjöra sig óánægða yfir þeirri meðferð, sem hefir verið höfð á málinu hèr á þingi. Hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sýnir það æfinlega í orði, að hanu vill halda uppi heiðri þingsins, og vill, að þingið dragi undir sig sem mest vald, að orðið geti; þetta held eg nú, að sè rètt, og að þinginu sè ekki láandi, þó að það vilji gjöra það; en eg held líka, að þingið eigi að hafa frelsi til þess, að láta málin ganga frá sèr í sem flestum formum, þegar það skaðar þau ekki, og hinn konungkjörni varaþingmaður hefir einmitt sýnt nú á þinginu, að hann álítur líka svo. Hèr kom bænarskrá til þingsins, sem ekki voru regluleg niðurlagsatriði í, en innihaldið var gott, og þess vegna vildi hann ekki láta vísa því frá. Önnur bænarskrá kom líka, þar sem niðurlagsatriðin voru heldur ekki regluleg og innihaldið þótti honum var lítið í varið, og það lèt hann því verða að dauðasök; og nú í þriðja sinni gjörði hann viðauka-atkvæði við mál, sem sumum þótti, að ekki ætti að ganga í bænarskrá til konungs, það var um launabót handa skólakennara Jóni Þorkellssyni; hann hèlt því fram, að send væri um það bænarskrá til konungs, en svo gjörði hann viðauka-atkvæði um, að senda af bænarskránni eptirrit til yfirstjórnar skólans, til meðmælis. Er þetta nú ekki nýtt form. Eg veit nú ekki til, að það hafi nokkurn tíma verið brúkað á þingi fyrr; en hvort hann sem lagamaður getur einhvern veginn teygt það út úr alþingistilskipuninni, það skal eg ekki segja neitt um. Eg held því, að ef hann vill vera sjálfum sèr samkvæmur um, að draga sem mest vald undir þingið, þá verði hann að fallazt á álit meiri hlutans. Eg vildi að eins taka þetta fram, til þess að þingið athugaði hvort þetta mundi vera alveg

gagnstætt þeirri reglu, sem stundum hefir verið viðböfð á þessu þingi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um fyrsta töluliðinn.

Var þá gengið til atkvæða og fèllu þau þannig, að töluliðurinn að úrfelldum orðunum: »gegnum forseta — að öðrum kosti» var samþykktur með 11 atkv. gegn 9.

Voru þar við allir hinir töluliðirnir fallnir.

Forseti: Þar sem orðið er töluvert áliðið, álít eg rèttast, að fresta þeim málum, sem eptir eru á dagsskránni til kvöldfundar sem eg ákveð til klukkan 7 í kvöld.

Fundi slitið.

Þrítugasti og áttundi fundur — 15. ágúst.

(Kvöldfundur).

Allir á fundi, nema hinn konungkjörni varaþingmaður, sem hafði tilkynnt forföll sín; sömuleiðis hafði þingmaður Norðurþingeyinga tilkynnt, að hann gæti ekki komið á fund fyrst um sinn.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Fyrst var lesið upp álitsskjal til konungs í sættatilraunamálinu.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 425.

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu fjárkláðamálið. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga. Eg vona, að allir þingmenn hafi prentaða atkvæðaskrá fyrir sèr.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 428.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um málið. Hèr liggur fyrir konunglegt frumvarp, sem nefndin hefir gjört nokkrar breytingar við, og hinn háttvirti konungsfulltrúi fèllst svo á þær við undirbúningsumræðuna, að eg þarf eigi að mæla fram með þeim. Eg skal því að eins tala um breytingaratkvæðin, sem fram hafa komið. Það er þá fyrsti töluliður stafliðir a, b og c, það eru að eins orðabreytingar, sem eg vona eptir umræðum þeim, sem fallið hafa um málið, að þingmenn fallist á, því þær eru einungis til að gjöra málið rèttara. Þá er þessu næst 6. töluliður, breytingaratkvæði varaforseta við 9. tölulið. Breytingin er fólgin í því, að hann hefir sett 6 mánuði í

staðinn fyrir 12, þegar gjöra er um grunað fè af samgöngum við kláðsjúkt fè, en haldið 12 mánaða takmarkinu um grunað fè, sem hefir verið kláðsjúkt áður. Eg tók fram við undirbúningsumræðuna ástæðurnar fyrir því, að nefndin hafði sömu tímalengdina fyrir hvorutveggju, hvort heldur fè verður helbrigt af kláða eða hefir verið laust við samgöngur við kláðsjúkt fè. En ástæðan fyrir þessu er sú, að þá verða lögin sjálfum sèr samkvæm, þegar menn líta til 6. greinarinnar; önnur er sú, að reynslan hefir sýnt, að það er eins hætt eður öllu hættara við, að fè verði sjúkt af samgöngum við kláðsjúkt fè, en að það verði sjúkt aptur, ef það hefir fengið kláða áður og verið læknað. Eg vona, að allir þeir sem þekkja til, hvernig kláðanum hèr hefir verið varið, játi, að það sè rèttara að setja sömu reglu um hvorttveggja. Þá er næst breytingaratkvæði undir 1. tölulið þingmanns Reykvíkinga og mitt; hann á það með mèr, nema að því leyti, að hann hefir tekið 6 mánaða takmarkið í staðinn fyrir 12 mánaða, sem eg hefi sett milli sviga. Þetta breytingaratkvæði er gjört af því, að þingmaður Vestmannaeyja áleit, að grein nefndarinnar undir 9. tölulið mundi verða misskilin. Eg vil að eins benda á eitt atriði, er gjörir 7. tölulið óviðfelldnari, en það er, að í nefndarfrumvarpinu er allt af talað um »grunað fè» en aldrei »grunlaust«. Hitt er játandi setning, en þetta síðara er neitandi ákvörðun, og þess vegna er betra, að halda orðinu »*grunað*«, og því stakk eg upp á breytingaratkvæðinu undir 8. tölulið, því greinin getur þá ekki orðið misskilin, ef menn vilja ahyllast 8. tölulið; vilji menn heldur 7. tölulið með því að halda 12 mánaða takmarkinu, þá hefi eg ekkert á móti því. 10. töluliður er nú veruleg breyting frá 11. tölulið, þar sem stungið er upp á, að orðin »er eptirlitið« o. s. frv. verði felld úr, og orðin »sem hin upphaflega rannsókn» o. s. frv. verði sett í staðinn. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að nefndin hefði breytt því svo, til þess að ákvörðun þessi yrði samkvæm öllum þvílíkum laga-ákvörðunum þá er einhver verður sekur og hið opinbera skerst í leikinn. Undir 14. tölulið eru orðabreytingar, sem eg held, að sèu góðar. Undir staflið a, er farið fram á, að »stökum bæjum« sè sett fyrir »einstöku bæ eður bæjum«. 6. grein hljóðar um verði, og þá verða menn að gæta að því, að láta ekki nauðsynina fyrir þeim verða of litla; en ef menn tiltaka grunsemi á einstöku bæ, þá getur það skilizt um einn eða tvo bæi, og þá verður greinin of hörð, en ef menn setja að eins: »á stöku bæjum«, þá er meiningin, að

grunsemin sè þó á nokkrum bæjum. Undir stafl. b, er stungið upp á, að orðin: »hverju á sínum bæ« falli úr, svo eigendunum sè eigi fyrirmunað, að hafa vöktun á fènu fleiri saman, því það getur mönnum orðið lèttara að gæta fjárins saman á einhverjum afviknum stað. Svo er stungið upp á, að við enda 6. greinar sè bætt orðunum: »í síðustu fardögum« til þess að draga af allan efa, eptir hverju framtali menn skuli leggja gjaldið á, það er að segja eptir hinu siðasta framtali.

Jón Hjaltalín: Eg stend nú bara upp, til þess að þingið ekki sofni af værð. En af því það kvað vera óhollt að dotta of mikið, skal eg nú reyna til að spilla henni dálítið en þó eigi um of. Það verð eg að segja, að þetta frumvarp, sem hèr liggur fyrir, er sannarlega sèrstaklegt, og eg veit ekki, hvort menn geta vænt annars, en að breytingaratkvæðin sèu það líka, því það er svo jafnan, að sú bygging, sem er sèrstakleg, er það ekki að eins í grundvellinum heldur er þakið, gluggarnir, hurðirnar og annað á því eins sèrstaklegt. Það sem eg nú segi, get eg því eins sagt um frumvarpið eins og um breytingaratkvæðin, og eg verð sem sagt að játa, að þetta er eitthvað hið sèrstaklegasta lagafrumvarp og hefi eg hvergi sèð annað eins í slíkum málum. Það lítur út eptir þessu, eins og allir sýslumenn hèr, hreppstjórar og bændur, sèu dýralæknar, því þeim er ætlað einmitt það sama, sem dýralæknum er ætlað annarstaðar, og menn ætla nú með þessu að fyrirbyggja, að nokkurn tíma komist hingað dýralæknar, því þar sem ekki er þörf á þeim, þar er ekki ástæða fyrir þá að koma. Eg hef enn þá aldrei sèð slík lög; lögin í Danmörku um kláðann og aðrar næmar fjárveikjur 29. des. 1859 hafa alstaðar dýralæknir þar sem hèr er settur amtmaður, en amtmaðurinn getur í Danmörk ekki eptir þeim í kláðamálinu gjört neitt án þess að spyrja dýralæknirinn til ráða, en hèr þarf hann ekki að spyrja nema sjálfan sig. Það var skaði, að hèr var ekkert breytingaratkvæði um það, að læknar og dýralæknar megi fara að »inqvirera« í málum, en líklega koma menn með uppástungu um það á næsta þingi. En það er máltæki, sem segir: *Volenti non fit injuria,* og það er bezt að menn fái það, sem menn óska, og það væri synd fyrir mig að mæla á móti því, en eg vil þó ekki láta sjást, að eg sè þessu samdóma.

Eg vil nú ekki tala um orðatiltækin, sem hèr eru höfð; það er ómögulegt að sjá, hvað meint er með sumum af þeim t. d. þar sem talað er um »næmar veikjur«, þar er ekkert nefnt hverjar þær

sèu, og það kemur þá allt undir amtmönnunum og smölunum að dæma um það, enda hafa þeir og báðir jafn mikið vit á þeim málum. Eg hefi því aldrei sèð svo meiningarlaust lagaboð sem þetta, ef það yrði að lögum gjört, og nefndin hefir heldur ekki bætt úr því. Það er sjálfsagt, að ástandið hèr getur ekki orðið verra, en það er, eins og gengið hefir til á seinni árunum, þar sem menn hafa verið að setja verði ár eptir ár, og það ekki komið fyrir neitt, því það árið, sem engir verðið voru, þegar erindsrekarnir komu hèr upp, þá var ekki meiri kláði en annars. Eg tek þetta fram, til þess að sjáist í þingræðunum, að eg fellst ekki á slíkt, því eg hefi aldrei á æfi minni í læknamálefnum sèð nokkuð, sem líkist þessu; það fer að verða ískyggilegt með sóttvörnina, þegar takmarkið fyrir henni er orðið 12 mánuðir (*Stefán Jónsson*: Það er byggt á reynslunni). Eg vil sannarlega biðja hinn heiðraða þingmann Eyfirðinga, að snúa þessari uppáfindingu á annarlegt tungumál, því þetta er alveg nýtt, og hver veit, hvaða ný vísindi menn geta hèr fundið upp. Það er synd, að slíkur vísdómur skuli setjast undir mæli-ask; eg ber mikla virðingu fyrir dýralæknislegum vísindagreinum og vil, að þær aukist sem mest. Í þessari grein, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga hefir stungið upp á undir 7. tölul. stendur hjá mèr: »þá fyrst skal fè telja »*guðlaust*« eg veit ekki, hvort, það er prentvilla en það er þá ekki lakara en annað. Eg skal svo ekki tefja meira fyrir þinginu, eða halda fyrir því vöku, því er víst orðið mál á hvíldinni. Að eins vil eg geta þess, að eg ætla ekki að standa upp fyrir neinu af þessu.

Framsögumaður: Eg má nú kunna hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni þakkir fyrir, að hann hafði eigi annað að setja út á nefndarfrumvarpið en að það var dýralæknalaust; en sú mótbára snertir einmitt stjórnina, því að hún nefnir ekki dýralækna á nafn, hvorki í frumvarpinu sjálfu nè í ástæðunum fyrir því. Eg veit nú reyndar eigi með vissu, af hverju þetta kemur og skal því ekkert um það segja, en það lítur óneitanlega svo út, sem hún annaðhvort aldrei hafi haft neitt verulegt traust á dýralæknunum, eða þá, að hún hafi misst allt traust á aðgjörðum þeirra hèr á landi Eg skal og geta þess, að bæði erindsrekar kláðans og stjórnin sjálf á eptir höfðu mest og bezt bændur fyrir dýralækna, og viðurkenndu, að bændur þekktu kláðann vel og að þeir læknuðu bezt, svo að vèr höfum fengið í staðinn fyrir lærða dýralækna frá Kaupmannahöfn, innlenda dýralækna, líkt og vèr erum nú rètt að segja búnir

að fá innlenda mannlækna, og mèr sýnist því, að hinn háttvirti 5. konungkjörna þingmaður ætti eins mikið að láta sèr finnast til innlendra dýralækna, sem innlendra mannlækna og virða þa jafnmikið, eg er nú líka viss um, að honum þykir það framför að fá innlenda dýralækna upp í landinu (*Jón Hjaltalín*: það vantar kennsluna), Að vísu; en það kvað nú vera einn á leiðinni, er líklega kemur í sumar, og mun geta kennt þeim það sem á vantar; það er sagt að hann kunni þó að tylla undir klár, hvað sem annað er. Það er því hið eina, sem þessa innlendu dýralækna vantar, að þeir hafa eigi embættislegt nafn. Annað það sem hinn sami heiðraði þingmaður gat um, var 12 mánaða takmarkið. Það er nú víst og satt reyndar, að í lækningalögunum dönsku, 29. desewber 1857 eru eigi 12 mánuðir tilteknir, en eg vona, að þingmaðurinn viðurkenni, að eg hafi rètt fyrir mèr í því, að bèr standi allt öðruvísi á. Hèr er eigi eins fjölskipað af embættismönnum til eptirlits og umsjónar eins og þar; hèr eru heldur eigi girðingar umhverfis lönd manna eður fè tjóðrað nè í aðhaldi eins og þar, og er því svo miklu hættara við samgöngum hèr, þar sem eru heiðarlönd og afrèttarlönd, er öllu geldfè ægir og hlýtur að ægja saman. En hvað liggur í samgöngunum? það er hættan fyrir útbreiðslu kláðans. Einmitt af þessari ástæðu, stakk nefndin upp á því, að sama væri látið gilda fyrir grunað fè af samgöngum, og að hafa tímann svona langan. Getur og verið að telja megi það sem ástæðu, að vorir dýralæknar sèu eigi eins góðir og dýralæknar frá Kaupmannahöfn, en eg gjöri minna úr því.

Jón Sigurðsson: Eg þarf eigi að svara hinum 5. konungkjörna þingmanni, því að framsögumaður hefir gjört það. Mèr datt nú í hug, þegar hann hèlt þessa hlægilegu ræðu, að hann ætlaði eigi að gjöra það endasleppt að leika sèr og gjöra gis að málum á þessu þingi. En þetta mál er þó sannarlega ekki þess eðlis, að menn gjöri gis að því. Hann sagði nú, að bændur, smalar og amtmenn (eg tók svo eptir að hann setti amtmennina á eptir smölunum!?) væri gjörðir að dýralæknum í frumvarpi nefndarinnar. En eg veit ekki, hvar á að taka innlenda dýralækna, þegar þeir eru ekki til. Mönnum má líka vera minnissamt hver árangur hefir orðið af því að leita þeirra. Einkum held eg, að hinn 5. konungkjörni þingmaður mætti muna það, því að hann var fyrstur manna spurður til ráða, þegar kláðinn kom upp í Miðdal; för hans þangað er svo fræg orðin bæði í ræðum og ritum. Eg held að það sem áunnizt

hefir í þessu máli, það er að segja, að þröngva kláðasviðið og hindra frekari útbreiðslu hans, það sè bændum að þakka, en eigi dýralæknunum. Eg held, að það sè heldur eigi vert að gjöra gis að lækningatilraunum bænda hèr í Suðurumdæminu sízt fyrir þá, sem vilja hafa innlenda læknakennslu, og á meðan ekki er kostur á að fá lærða dýralækna. Eg felli mig nú vel við nefndarfrumvarpið og er því samdóma í öllum aðalatriðum. Eg er nú reyndar í efa um hvern af þessum töluliðum, 6. 7. og 8. eg á að aðhyllast, en eptir því sem málið hefir skýrzt fyrir mèr, þá ætla eg að halla mèr að 7. tölulið, eða þá hinum 8.

Páll Melsteð: þar sem eg var einn af nefndarmönnunum, þá gleður það mig mjög, að mál þetta hefir nú gengið svo friðsamlega fram á þinginu, því að eg bjóst helzt við, eptir því sem áður hefir gengið, að allmikill stormur mundi af verða. þess vegna vona eg, að þingið gefi frumvarpinu atkvæði sitt með þeim breytingum, sem nefndin hefir á því gjört, og að það fái þannig góð afdrif, að minnsta kosti á pappírnum; hitt er annað mál, hvernig framkvæmdirnar verða eptir á; þó eg reyndar efist ekki um, að yfirvöldin muni leggja allt sitt fram, þá er eg bræddur um, að kringumstæður þessa lands, og allt stjórnarfyrirkomulag, spilli fyrir því, að framkvæmdirnar verði góðar. Hvað atkvæðaskrána snertir, þá er eg samdóma orðabreytingum framsögumanns við 1. tölulið. Viðvíkjandi 6. tölulið, hefi eg verið í vafa um, hverju eg ætti heldur að fylgja, 6 mánaða eður 12 mánaða takmarkinu, en eg er þó kominn að þeirri niðurstöðu, að mèr þykir betra að hafa 12 mánaða takmarkið. En ef eg skeika í þessu, þá vildi eg heldur að það yrði á þann bóginn í þessu máli sem harðari er, því að eigi mun af veita, að allt sè treyst sem bezt má verða, til þess að slóðaskapnum verði útrýmt úr landinu. Viðvíkjandi 6., 7. og 8. tölulið, þá verð eg að segja, að eg aðhyllist helzt hinn 8., því að þótt hann sè mjög líkur hinum 7, þá er það þó eitt orð í hinum 8., sem ekki er í hinum 7. það er: »eður grunað«, og af þeirri ástæðu, tek eg hann fram yfir hinn 7., og skal eg gjöra þetta ljósara með dæmi. Eg tek þá til dæmis 3 bæi, Rauðará, Laugarnes og Klepp, og set að fè sè til á þeim öllum; nú er fè sjúkt á Klepp en heilbrigt á hinum tveim bæjunum; nú gengur Laugarnesfèð saman við Klepps fè, þá verður Laugarnesfè grunað. Síðan hefir Rauðarár fè samgöngur við Laugarnes fèð; en þó skal það ekki álítast grunað eptir 7. tölulið. En aptur á móti verður það að álít-

ast grunað eptir 8. tölulið, og það þykir mèr miklu tryggara. Eg vil nú biðja þingmenn að athuga þetta vel, því verið getur, að eg hafi eigi getað tekið þetta eins greinilega fram, eins og eg hugsaði mèr það. Hinar aðrar smábreytingar við nefndarfrumvarpið, þykja mèr fremur bæta, enda mun eg aðhyllast þær, og skal eg þá ekki fara fleiri orðum um það.

Jón Guðmundsson: Af því að eg á hèr dálítið breytingaratkvæði, þar sem er 6. töluliður á atkvæðaskránni, þá ætla eg að fara fáeinum orðum um það. Eg gat um það við undirbúningsumræðuna, að eg skyldi hugsa mig um, að hve miklu leyti eg áliti nauðsynlegt að halda fram þessum mun á sjúku og grunuðu fè, sem bent er til í breytingaratkvæðinu. En er eg athuga nákvæmar 15. tölulið, þá sannfærist eg enn betur um það, að þessi greinarmunur sè nauðsynlegur, ef lögin eiga eigi að verða ástæðulaus á sumum stöðum og gjöra mönnum jafnvel rangt til sumstaðar, en árangur laganna er ómögulegur, þegar ákvarðanir þeirra eru ýmist of harðar eða ástæðulausar. Eg skal leyfa mèr að taka upp aptur dæmi það, er eg tók fram við undirbúningsumræðuna. Skyldi það nú, t. a. m., sannast, að samgöngur hefði verið úr Árnessýslu við sjúkt fè úr Kjósarsýslu, þá yrði þetta Árnessýslu fè grunað fè eptir 9. tölulið; þar yrði látin fara fram hin almenna skoðun, og samt finnst þar enginn kláði; nú gengur svona fram á vor, en samt á þetta fè að álítast grunað vorið eptir, því að þá eru þó ekki fullir 12 mánuðir síðan að samgöngurnar urðu. En þar sem fèð er álitið grunað, þá verðnr að setja þar almenna verði, þótt fèð hafi reynzt kláðalaust allan veturinn. Þetta segi eg, að sè ástæðulaus harka, og fyrir það verði önnur eins laga-ákvörðun marklaus. Eg álít það vafalaust, að þegar ekki hefir borið á fè heilan vetur, og einskis kláða verður vart í því, þegar það er skoðað, þá verð eg, segi eg, að álíta það vafalaust, að fèð sè grunlaust eða heilbrigt. Þetta sýna og dæmin ljóslega, bæði í Ölfusi, Grafningi og víðar, að eigi hefir neitt borið þar á kláða síðan læknaðist. Þar sem reynslan er nú svona fyrir þessu, þá vil eg eigi gjöra leik til að koma með ákvörðun reynzlunni gagnstæða. Eg vildi nú biðja þingið að athuga, hvort lagaákvörðuninni er ekki fremur spillt en bætt með þessu. Það getur nú reyndar borið við, að kláði útbreiðist fyrir samgöngur í sumarhögum, en það er þó mikið sjaldgæfara. Og svo reyndist í fyrra, að þótt fáeinar kindur slyppi þá milli Árnessýslu og Gullbringusýslu, þá hefir þó aldrei borið þar á neinum

kláða næstliðinn vetur eða vor. Skyldi nú þingið eigi fallast á breytingaratkvæði mitt, þá tel eg sjálfsagt, að það fallist á tölulið 8. því að hann er takandi langt fram yfir tölulið 7. og 9.

Framsögumaður: Lengi var talað um það í nefndinni, hvort sama tíma takmark ætti að vera fyrir það fè, sem grunað væri, af því það hefði haft kláða, eður af því það hefði haft samgöngur við sjúkt og grunað fè. Þá kom og fram þetta dæmi, sem hinn háttvirti varaforseti nú benti til, og þótti nefndinni það ískyggilegt. En þá tók nefndin aptur annað dæmi. Nú skyldi kláða verða útrýmt nú í haust úr allri Kjósarsýslu suður að Elliða-ám eða suður í Hafnarfjörð, en eigi á Vatnsleysuströndinni, þá mundu þeir segja suður í Garðinum og Höfnunum, er jafnan hafa reynzt hirðulausir með kláðann, að þeir kærði sig ekkert um hann. Þeir eru stórríkir menn, og hafa sauðfè sèr eigi nema til skemmtunar og munnbótar. Þeir mundu segja í haust: hèr er alls enginn kláði, og svo þegar voraði, segði þeir, það hefir enginn kláði verið hèr í allan vetur, og nú eru 6 mánuðir liðnir síðan í haust, vèr viljum engan vörð hafa; vèr álítum að vèr megum hleypa fè voru hvert sem vèr viljum; og svo færi nú fè þeirra saman við heilbrigða fè í Mosfellssveit, og austur yfir fjall. Nefndin var hrædd við þessa menn, sem búa hèr við sjóinn, lifa mest á sjáfarafla, en mjög lítið á sauðfè, og eru því hirðulausari með það en aðrir, en eptirlit valdstjórnarinnar með þessum mönnum er ekkert eður þá verra en ekkert, og það þótt allir hljóti að játa, að samgöngur fjárins sè hèr á landi hið lang hættulegasta og mesta eldsneyti kláðans. Af þessum ástæðum þótti henni vissara að setja hið sama takmark fyrir hvorttveggja, og það einkum þegar menn athuga dæmi það, sem varaforseti kom með, að samgöngur gæti átt sèr stað milli Kjósar- Gullbringu- og Árnessýslu, með því að samgöngur þessar verða eins hættulegar framvegis meðan kláðinn er til, eins og þær hafa verið þetta sumar er auðvitað, að Árnesingar ætti eigi að reka það fè austur aptur í haust, er kann að hafa sloppið hjá þeim í sumar saman við fè Kjósar- og Gullbringusýslu, og eg er viss um, að þeir annaðhvort skera það sjálfir, án þess það komi saman við þeirra fè, eða þá selja það hingað suður, því þá eru þeir og landið allt sloppið úr allri hættu. En hvernig sem menn velta þessu fyrir sèr, þá verða menn þó að játa eitt, og það er, að menn verða að vera hræddari við þann stofn sem eptir er á kláðasviðinu hèr, heldur en við það fè, sem er fyrir utan kláðasviðið, og eg er viss um

að hinni sömu hörku yrði eigi beitt við hina, sem eru fyrir utan kláðasviðið, sem við þá, sem eru innan þessara takmarka. Ef menn nú gjörðu helmingi styttri tíma fyrir grunað fè af kláða en fyrir grunað fè af samgöngum, þá held eg nú, að eigi yrði svo hægt að segja á þeim og þeim stað, af hverju kláðinn er kominn, þegar hann gjörir vart við sig á einhverjum bæ, hvort heldur hann hafi komið fyrir samgöngur, eða að hann hafi legið niðri og tekið sig svo upp aptur í fènu sjálfu, og finnst mèr því að sama regla eigi að gilda fyrir hvorttveggja, sem er í sjálfu sèr óaðgreinanlegt. Eg skal og að lyktum geta þess, að erindisrekarnir settu þetta 12 mánaða takmark, eins fyrir grunað fè af samgöngum, sem grunað fè af kláðasýkinni, í einu af brèfum sínum, þá þeir voru nýkomnir hingað.

Stefán Jónsson: Mèr þótti nú lakara, að hinn 5. konungkjörni þingmaður var genginn út úr salnum, því að eg ætlaði að votta gleði mína yfir því, að hann var glaðari í skapi nú í þessu máli, en þegar það var síðast rætt á þingi, og álykta eg þar af, að málið sè komið í þá stefnu, sem honum er geðfelldari, og það ætti, frá hans hlíð að skoða, að verða málinu til heilla; en mál þetta ætti þó að vera honum fullkomið alvörumál en ekki hlátursefni. Það var nú ýmislegt, sem hann fann að nefndarfrumvarpinu svo sem orðinu: »næmar fjárveikjur«, en þetta orð er einmitt frá honum; hann var einn i kláðanefndinni í hitt eð fyrra, og þá bætti hann því inn í, og ætla eg því, að hann muni skilja það vel og ekki hata sitt eigið afkvæmi. Það hefir nú eigi annað komið hèr til umtals, en tímatakmarkið; eg tók það fram síðast, hvað mèr sýndist mæla með því, að það væri 12 mánuðir, og eg tek það upp aptur, að eg held að lítill munur sè á því, hvort fè er grunað af veiki eður af samgöngum. Eg er ekki hræddari við hjörð, sem er nýlæknuð, en við fè, sem hefir haft samgöngur við hana, og eg er jafnvel ekki eins hræddur við þá læknuðu, því að henni er ef til vill ekki eins hætt við að fá kláðann aptur. Annaðhvort verður því að vera, að 6 mánuðir sè nógir í báðum tilfellunum eða 12 mánuðir í báðum, ef grunsemin er á rökum byggð, og þá sýnist ekki efunarmál að hafa 12 mánuði. Eg vona nú, að ekki verði orðastríð úr þessu, því að eg held, að þar sem menn geta verið óhræddir, þar muni menn ekki beita strangleika að ófyrirsynju, og mjög er þá umskipt orðið frá því sem verið hefir, ef svo fer. Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um dýralæknana, sem sá 5. kon-

ungkjörni þingmaður nefndi, því að eg held að mönnum sè svo kunnugt, hve mikill árangur varð af aðgjörðum þeirra til að útrýma kláðanum, og held eg, að bændum hafi heppnazt lækningarnar allt eins vel og þeim, og jafnvel miklu betur. Ef menn vildu bíða eptir því, að dýralæknar útrýmdu fjárkláðanum, þá held eg að við mættum eiga hann í nokkur ár enn.

Magnús Andrèsson: Eg hafði ásett mèr að standa ekki upp í þetta sinn, en ræða hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns hvatti mig til að tala fáein orð, jafnvel þó að mèr sè það ógeðfellt, að víkja orðum mínum til hans sökum þess, að hann veik úr salnum strax að endaðri ræðunni, og er ófáanlegur til að koma inn aptur. Eg gat ekki annað en hneykslast af þeirri miklu glaðværð, sem hann var svo fullur af, meðan hann flutti ræðuna, að eg varla skildi orðin fyrir hlátri, en það mætti þó vera öllu heldur sorgar- en gleði efni fyrir hann, ef samvizka hans væri vakandi, að hugsa til þess, hvernig hann hefir fram komið í þessu kláðamáli fyrr og síðar, og það ekki sízt í byrjuninni. Það mun varla nokkrum manni vera kunnugra en mèr; þegar hann vorið 1856 var búinn að skoða lömbin í Hraungerði, talaði eg við hann á Eyrarbakka daginn eptir; þá sagði hann, að þetta væri engin hættuleg sýki og ekki þyrftu menn að *óttast* hana. Við þessi orð, sem eg nú tala, mundi eg standa, þótt þingsvitni væri tekin í málinu. Þessa hans fyrstu villu í málinu, befi eg allt af getað fyrirgefið, enda þó af henni hafi leitt ósegjanlegt tjón, því hún kom af vanþekkingu; hann þekkti þá ekki kláðann, en hitt hefi eg átt bágara með að fyrirgefa, hvernig hann síðan hefir barið einstrengingslega blákalt fram meiningu sína, og það í mjög slæmum búningi, að því leyti sem snertir tímaritið »Hirðir«, sem ætti að vera á báli brunnið, og liðið úr hvers manns minni, svo að það eigi lengur væri bókmenntum vorum til vanvirðu. Eg tek það upp aptur, að hinum háttvirta þingmanni mætti vera það miklu fremur sorglegt en gleðilegt, að hugsa til kláðamálsins seint og snemma, og framgöngu sinnar í því, og jafnframt vita það, að kláðinn er enn nú lifandi í fullum mæli í landinu, og það einkum í þeim hèruðum, sem liggja hèr næst lækningavísinda uppsprettunni. Það væri því að *mínu áliti* viðurkvæmilegt, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vildi — ekki hlæandi heldur grátandi — auðmjúkur andvarpa, óska og biðja af hjarta með skáldinu, »Lát engan gjalda eptir mig illsku nè synda minna.

Jón Pálmason: Eg held að það sè nú óþarfi að standa upp til að mæla með nefndarfrumvarpinu, því að enginn hefir mælt á móti því, nema ef vera skyldi hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður, því að eg veit eigi hversu mikil alvara hefir verið í máli hans. Nefndin hugsaði að hún hefði gjört honum þægt verk, með því að þetta frumvarp er lækningafrumvarp, en hèr hefir nú farið sem mælt er, að fáir kunni öðrum mat að kjósa, og hefir honum orðið ógleði af fæðu þeirri, er nefndin hefir borið á borð fyrir hann, Nefndin veit nú ekki af hverju þetta kemur, en vera kann að hann sè loks orðinn ofmata á þessari fæðu, og er það engi furða, þar sem hann nú svo lengi og í fullum mæli hefir neytt hennar. Það var nú tvennt, sem hann fann að nefndarfrumvarpinu, fyrst það, að hann hefði aldrei sèð þvílíkt frumvarp koma til þingsins. Ætli það sè af öðru en því, að hann hefir eigi sèð fyrri kláðafrumvarp lagt fyrir þingið? Annað var það, að hann sagði, að verðirnir hefði verið þýðingarlausir. En reynslan hefir sýnt það nógsamlega, að þessir verðir hafa gjört mikið gagn til að verja hin heilbrigðu hèruð. Hvað breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta snertir, þá hefir framsögumaður og þingmaður Eyfirðinga svarað því, og skal eg ekki taka það upp með fleiri orðum aptur. Að endingu skal eg geta þess, að mèr þykir mikið undir því komið, hvern framgang málið hefir, að konungsfulltrúi mæli fastlega fram með málinu, og ef hann gjörir það, sem eg vona hann gjöri, þá vona eg að frumvarpið nái fljótt samþykki konungs.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða.

Var þá gengið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

1. Breytingaratkvæði framsögumanns við 2. tölulið *a*, og b, samþykkt í einu hljóði; *c*, samþykkt með 20 atkvæðum.
2. Nefndin breytingaratkvæði við 3 tölulið, samþykkt í einn hljóði.
3. Fallinn samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. tölulið.
4. Nefndin breytingaratkvæði við 5. tölulið, samþykkt í einu hljóði.
5. Fallinn samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 4. tölulið.
6. Breytingaratkvæði J. Guðmundssonar við 9. tölulið, fellt með 12 atkvæðum gegn 6.
8. Breytingaratkvæði framsögumanns við sama tölulið, samþykkt með 18 atkvæðum.

7. og 9. töluliðir fallnir samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 8. tölulið.
10. Nefndin breytingaratkvæði við 11. tölulið, samþykkt með 20 atkvæðum.
11. Stjórnarfrumvarpsins 3. grein, samþykkt með áorðnum breytingum með 20 atkvæðum.
12. Nefndin breytingaratkvæði við 13. tölulið, samþykkt með 20 atkvæðum.
13. Fallinn samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 12. tölulið.
14. Breytingaratkvæði framsögumanns við 15 tölulið,
    a, samþykkt með 20 atkvæðum.
    b, —— — 19 ——
    c, —— — 19 —— gegn 1.
15. Nefndin:
    6. grein með áorðnum breytingum samþykkt með 20 atkv.
    7. grein, samþykkt í einu hljóði.
16. Þessi tölul. var samþykktur í einu hljóði.

Forseti: Áður en eg slít fundi skal eg vekja athygli þingmanna að því, að æði margar ræður eru enn eptir óleiðrèttar, og þingbókaskrifararnir eru komnir að þeim. Ákveð eg svo hinn næsta og síðasta fund á mánudaginn kl. 10 f. m. Vona eg að þingmenn þeir sem hafa tekið að sèr að semja álitsskjöl komi þá með þau.

Fundi slitið.

Þrítugasti og níundi fundur — 17. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Norður-Þingeyinga.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eptir dagskránni er þá að lesa upp álitsskjöl og bænarskrár til konungs.

Voru þá þessi álitsskjöl og bænarskrár til konungs lesin upp og samþykkt:

1. Bænarskrá til konungs í málinu um stofnun lagaskóla.
   Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 452.
2. Bænarskrá til konungs í málinu um breyting á jarðamatinu á prestmötujörðum.
   Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 272.
3. Þingsálit í málinu um 4 dönsk lagaboð.

Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 432.

4. Bænarskrá til konungs í málinu um að reglulegar gufuskipsferðir komist á í kringum Ísland, þegar að vori komanda.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 441.

5. Bænarskrá til konungs í málinu um fiskiveiðar útlendra.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 463.

6. Bænarskrá til konungs í málinu um rètt íslenzkrar tungu.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 434.

7. Bænarskrá til konungs í málinu um gjafabrèf Kelsalls.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 458.

8. Bænarskrá til konungs í málinu um ekkju-eptirlaun frú Elínar Thorstensen.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 447.

9. Álitsskjal til konungs í málinu, konunglegt frumvarp um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 481.

10. Andsvar frá alþingi 1863 upp á bænarskrár frá Kjósar- og Gullbringusýslu um niðurskurð.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 489.

Gegn þessu skjali hreifði þingmaður Reykjavíkur mótmælum, og kom líka fram með mótmælaskjal frá hinum 5. konungkjörna þingmanni, sem þá var fjarlægur; en þessu skjali var mótmælt sem ólöglega innkomnu á þingið.

11. Ávarp til konungs út af bænarskrám, er komið hefðu til þingsins um stjórnarbót.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 517.

12. Álitsskjal til konungs í málinu um konunglegt frumvarp til vinnuhjúalaga.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 491.

Þessu næst vakti þingmaður Reykvíkinga máls á því, að skjalavörður Jón Sigurðsson, alþingismaður Ísfirðinga, sem er 3 meðlimur í bókasafnsnefnd alþingis, hefði sent Noregsmönnum bækur upp á 36 rd., og leitaði álits þingsins um, hvort það vildi samþykkja, að þessir 36 rd. yrði greiddir með öðrum alþingiskostnaði, en *ekki* teknir af þeim 100 rd., sem hvert þingár eru veittir til bókasafnsins, — og var þetta eptir nokkrar umræður samþykkt með 14 atkvæðum.

Síðan var upp lesið:

13. Álitsskjal til konungs í málinu, konunglegt frumvarp um fjárforráð ómyndugra.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 425.
14. Bænarskrá til konungs í málinu um launabót Jóns Þorkelssonar.
Samanber fyrri part alþingistíðindanna bls. 449.

Eptir upplestur þessara bænarskráa og álitsskjala sem þingið samþykkti, gekk konungsfulltrúi til sætis síns, og flutti svo hljóðandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Þingsetu yðar er nú lokið í þetta skipti, og þér hverfið nú hèðan hver um sig til heimkynna yðar og venjulegu sýslana; en um leið og þér nú í seinasta sinni í þetta skipti gangið úr þessum þingsal, er það í eðli sínu, að þér í huganum farið yfir dagsverk yðar, og hugsið út í það, hvernig þér munið hafa leyst það af hendi gagnvart stjórn og þjóð og yður sjálfum.

Það er nú ekki mitt að dæma um það, hvernig mál þau, sem þér hafið haft til meðferðar á þessu þingi, eru til lykta leidd; einungis skal eg lýsa yfir þeirri sannfæringu minni, að þau hafi af yðar hálfu fengið þau úrslit sem þér frá yðar sjónarmiði hafið álitið þau eðlilegustu og hagfelldustu, því einlægan og góðan vilja til þessa hefir alþingi jafnan lagt fram, en þar af leiðir ekki, að það hvervetna hafi tekizt að gjöra málin svo úr garði, að stjórnin eptir á geti aðhyllzt þau úrslit, sem þingið hefir komizt að, nè heldur að sum af þeim málum, sem nú fara frá þinginu til stjórnarinnar, sèu þess eðlis, að stjórnin geti tekið þau til greina, eins og þau liggja fyrir og í heild sinni, og kemur þetta, ef til vill, einkum af því, að þingið sem vill láta sem mest gott af sèr standa, mjög ógjarna vill gjöra neinar þær bænarskrár, sem því eru sendar til meðferðar, apturreka, en þessar bænarskrár eru á hinn bóginn stundum svo á sig komnar að efni og niðurskipun, að eigi er auðvelt fyrir þingið að bera þær upp við stjórnina í þeim búningi, eða því formi, sem þingið helzt vildi. Af þessu kemur og það, að jafnan hefir orðið nokkuð að lengja þann lögboðna þingtíma, af því málin, sem þingið var búið að taka að sèr til meðferðar, voru orðin svo mörg, að ekki varð með neinu móti komizt yfir þau, svo þeim yrði lokið á þeim lögboðna þingtíma, þar sem þingið líka jafnan hefir látið sèr vera annt um það, að sem fæst mál, eða þó öllu heldur engi af þeim málum, sem það í hvert skipti hefir tekið að sèr, yrði út undan eða eptir.

Þingið hefir þannig í þetta skipt haft svo mörg mál til meðferðar, auk þeirra, sem stjórnin lagði fyrir, að þeim varð ekki komið af nema með því, að lengja þingtímann til muna, þrátt fyrir það, þó þingið ynni með sínum venjulega áhuga og elju að afgreiðslu málanna, af hverjum sum bæði eru umfangsmikil og umvarðandi, en málin hafa líka að eg ætla öll komizt af, og þó meiningar manna undir umræðunum stundum væri allmjög deildar, hafa þær þó yfir höfuð getað sameinazt í eina heild að lyktum og það í góðri eindrægni.

Það er þessi eindrægnisandi, sem eg innilega óska að ávallt mætti búa og byggja hjá alþingi, því það er aðalskilyrðið fyrir þingsins góðu og gagnlegu framkvæmdum í þjónustu fósturjarðar vorrar.

Verið getur, að í einstöku málum, sem í þetta skipti hafa komið fyrir á þinginu, og í úrslitum þeim, sem á þeim eru orðin, kynni að virðast bregða fyrir þeim blæ, er vottaði um eins konar óánægju með það fyrirkomulag, sem nú er á ýmsu hèr í landi; en ef svo væri, vona eg bæði og óska, að það hafi enga dýpri rót, hvorki hjá þinginu nè þjóðinni yfir höfuð að tala, nè heldur, að það á nokkurn hátt fái veikt það trúnaðartraust, sem ávalt hefir ríkt hjá Íslendingum gagnvart konungi og stjórninni, og það því síður, sem vèr getum haft fyllstu sannfæringu um það, að stjórnin eins hèr eptir sem hingað til, muni líta á allar sannar þarfir vorar, og bæta úr þeim svo fljótt sem unnt er. Eg geng að því vísu, að eg í stöðu minni til yðar á þessu þingi ekki hafi getað fullnægt þeim kröfum, sem þèr með rèttu höfðuð getað ætlazt til, en jafnframt leyfi eg mèr þó að vonast þess, að þèr unnið mèr þess sannmælis, að eg hafi haft góðan og einlægan vilja, þó hann hafi verið veikur í framkvæmdinni.

Þingsins háttvirta forseta votta eg sèr í lagi mínar beztu þakkir fyrir alla þá velvild, sem hann bæði endrarnær og nú í samvinnu okkar á þessu þingi hefir sýnt mèr; hann á einnig með fyllsta rètti skilið, að þingið votti honum sína fullu viðurkenningu og þakkir fyrir þann mikla lipurleik, verklægni og staðfestu, sem hann hefir lagt fram í þeirri vandasömu köllun, sem þingið hafði falið honum á hendur, sem þess forseta. Svo votta eg einnig þingsins heiðraða varaforseta mitt þakklæti fyrir þann velvilja, sem hann í hvert skipti sem hann á þessu þingi hefir gegnt forsetastörfunum, hefir sýnt mèr; í einu orði: eg þakka þinginu í heild sinni, og hverjum þing-

manni sèr í lagi, fyrir velvild þeirra og umburðarlyndi við mig á þessu þingi, og skal eg jafnan minnast þess með þakklæti.

Að lyktum og um leið eg nú kveð yður, heiðruðu alþingismenn, frá þessum stað, óska eg af hjarta lukku og blessunar yfir vorum mildiríka konungi, og voru föðurlandi og yfir alþingi, sem oss hefir kallað hingað, og yfir öllum þeim, sem með hreinum og góðum vilja hafa unnið, og eptirleiðis vinna í þess þjónustu».

Þá stóð upp forsetinn og hèlt aðra ræðu svo hljóðandi.

Háttvirtu alþingismenn, elskuðu bræður!

Upphaf og endir bendir hvað til annars, og hefir hvort fyrir sig sína áhyggju og alvöru í för með sèr, og því meira ber á þessu, sem viljinn til hins góða og áhuginn á því er einlægari, og tilfinning vanmáttarins næmari; og því eðlilegra er það, sem það millibilið er þýðingarmeira og í sjálfu sèr alvarlegra, sem liggur á milli upphafsins og endirsins. Þó sú áhyggjan, sem bjó mèr í brjósti, þegar eg í byrjun þings þessa sem nú er að enda, gekk að störfum köllunar minnar, væri með fram nokkuð sèrstaklegs eðlis, þá veit eg, að oss öllum hefir þó legið á hjarta ein og sama áhyggjan — áhyggjan um heiður og heillir vorrar sameiginlegu ástkæru móður — áhyggjan út af vorri vandasömu og ábyrgðarmiklu köllun. Og það sama, sem þá lètti áhyggju mína og hughreysti mig, hefir án efa hughreyst yður alla. Þetta: »að af engum verður meira krafizt en það hann *reynist trúr*«. Að vèr nú allir á þessari vorri alvarlegu skilnaðarstundu getum rólegir litið til baka yfir þenna vorn samvinnutíma, glaðir af þeirri meðvitund, að vèr höfum haft hreinan vilja til, og stöðugan áhuga á, að *reynast trúir,* og lagt þar til fram alla vora veiku krapta, þetta er það, þessi gleðiríka meðvitund og andans sæla rósemi er það, sem eg af hjarta óska og fulltreysti, að nú búi oss öllum í brjósti; og hvað getum vèr átt þar betra og dýrmætara! Að þessi áhugi á trúmennskunnar helgu skyldu ekki hafi byrjað fyrst þá er í víngarðinn var komið, þar um eiga margir yðar heiðarlegan vitnisburð í þeim mörgu bænarskrám frá ýmsum hèruðum landsins og uppástungum frá einstökum yðar, sem þingið hefir haft til meðferðar. Þær eru alls 62 að tölu, en margar sama efnis, einkum þær, er lúta að hinum helztu áhuga- og velferðarmálum þjóðarinnar. Eins og þèr vitið, hefir vor allramildasti konungur látið leggja fyrir þing þetta 6 lagafrumvörp; frá hendi stjórnarinnar hefir

það líka haft til meðferðar 1 álitsmál og frá þjóðinni alls 42 málefni. Í þessum málefnum hefir þingið sett 30 nefndir; 2 hafa verið tekin aptur, 9 felld frá nefnd, 7 vísað til nefnda í öðrum málum og 1 falið forseta að senda það með meðmæling þingsins til konungsfulltrúa með þeirri ósk, að hann beri það fram fyrir hlutaðeigandi stjórnarherra. Af þeim 30 málefnum, sem nefndum hafa verið fengin til meðferðar, hefir 1 verið útkljáð við aðra umræðu, en 29 verið rædd á 3 aðalfundum að meðtöldum þeim 2, sem við aðra umræðu, voru falin einni og sömu nefnd til að rita um þau allraþegnsamlegast ávarp. Um 2 af þeim hefir þingið ályktað að senda ekki neina bænarskrá, og þannig hefir þingið að þessu sinni ritað vorum allramildasta konungi álits- og bænarskrár að eins um 24 málefni, auk hins nefnda þegnlega ávarps sem inniheldur lotningarfullt þakklæti til hans hátignar, samt tilfinningar og óskir þingsins, sèr í lagi viðvíkjandi stjórnarbótarmálinu.

Þannig hefir ekkert orðið út undan af þeim málefnum sem þingi þessu hafa verið fengin til meðferðar; og er það að þakka svo vel hinum háttvirta konungsfulltrúa, sem af nærgætni sinni veitti nauðsynlegan viðauka við hinn lögboðna þingtíma, sem og einnig alúð, verklægni og kappsmunum, hinna ágætu starfamanna, sem verkefni þingsins mest hafa hlaðizt á. Eg þarf ekki að geta þess, að verkamennirnir hafa verið 3 færri en von var á, eða fara orðum um hvílíkur söknur voru fámenna þingi var í þessu, og sèr í lagi í þeim afbragðsmanni, sem alþingi og Íslendingar ætíð munu minnast með einstakri virðingu og elsku.

Samvinnu vorri, elskuðu félagsbræður er nú lokið og með áhyggjublandinni von snýr nú hugur vor sèr til hins ókomna, til þeirra ávaxta og afleiðinga, sem þessi vinna vor muni hafa fyrir vora ástkæru fósturjörð; látum oss vera glaða í voninni og yfir þeirri meðvitund, að vèr höfum haft hreinan og einlægan vilja, og varpa svo áhyggju vorri upp á hina algóðu forsjón.

Það sem mèr þessu næst býr í brjósti á þessari alvörumiklu skilnaðarstundu, sem er því alvarlegri, sem þetta þing er það seinasta af þeim þremur, sem seinast var kosið til, og þess vegna meiri líkindi til að fleiri eður færri af oss muni bráðum kveðjast í seinasta sinni —; er innileg tilfinning þeirrar virðingar og elsku og þakklátsemi, sem flestir af yður fyrir löngu, og þèr allir á þessum vorum samveru- og samvinnutíma hafið áunnið yður í hjarta mínu, og sem aldrei mun þaðan verða upp rætt. Meðtakið þá,

elskuðu vinir! mitt hjartanlegasta þakklæti fyrir þá ómetanlegu velvild og vináttu, og það bróðurlega umburðarlyndi með ófullkomleika mínum, sem þèr allir án undantekningar hafið látið mèr í tè á þessum tíma samvinnu vorrar, bæði innanþings og utan; eg hefi innilega tilfinning þess, hvað þetta hefir gjört mèr starfa minn auðveldari og ánægjulegri, en hann ella hefði verið. Sèr í lagi votta eg þingsins heiðruðu skrifurum og ritnefndarmönnum mitt hjartanlegt þakklæti fyrir þá einstöku alúð og óþreytandi kappsmuni, sem þeir frá upphafi til enda hafa rækt með störf þessarar köllunar sinnar og haldið öllu þaraðlútandi í góðri reglu og rèttri röð, auk þeirrar mikilvægu hluttekningar sem þeir hafa átt í meðferð og afgreiðslu málanna.

Hjá hinum háttvirta varaforseta hefi eg á þingi þessu ekki einungis átt að mæta þeirri innilegu velvild og hreinskilnu vináttu, sem hann ætíð hefir auðsýnt mèr; heldur hefir nú einnig þetta sèrstaklega lýst sèr í hans mikilsverðu leiðbeiningum, hollu ráðum og viturlegu tillögum um málin og meðferð þeirra, sem hann ætíð svo góðfúslega hefir látið mèr í tè, og votta eg honnm þar fyrir mitt hjartanlegt þakklæti.

Að endingu er mèr það kær skylda að minnast hèr þeirrar hjartanlegu velvildar og vináttu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir á þessu þingi eins og ætíð endrarnær sæmt mig með, og þess umburðarlyndis með ófullkomleika mínum og mikilvægu aðstoðar og leiðbeiningar viðvíkjandi starfa mínum, sem mèr aldrei hefir brugðizt hjá þessum að mannúð og ljúfmennsku svo alkunna höfðingja. Um leið og eg votta honum hèr fyrir mitt virðingarfulla hjartans þakklæti, minnist eg þess einnig þakklátlega í þingsins nafni, hversu hann hefir látið sèr annt nm að koma ætíð fram til góðs í málefnum þingsins, upplýsa þau og beina þeim á rètta og heillavænlega stefnu, eins og stöðu hans var samboðið og góðum syni landsins verðugt.

Stundin er þegar komin, elskuðu vinir! að vèr skulum skilja; það verður svo að vera, en endurminningin fylgir oss hverjum til heimkynna sinna; og eining andans slítur hvorki rúm nè tími. Eins og vèr erum hèr nú allir í einum anda — eins og sama óskin og vonin lifir oss nú öllum í brjósti — sú ósk og von, að *góður* andi —, andi ráðs og skilnings, andi sannrar föðurlandsástar, ætíð megi vera lífsaflið í þessu þingi, að það megi sem fyrst öðlast meiri þýðingu, og að á það megi á ókomnnm tíma safnast

hinir beztu og vitrustu synir landsins, svo æ betur megi verða framgengt landsföðurlegum tilgangi og vilja vors allramildasta konungs, að efla heiður og hagsældir fósturjarðar vorrar; eins og þessi sama ósk og von lifir oss nú öllum í brjósti, þannig skulum vèr nú skiljast með þeim einlæga og fasta ásetningi að láta ekki andans bönd slitna, og áhugann ekki dofna á því sem til heiðurs og heilla horfir vorri sameiginlegu móður og hverju einstöku barni hennar, því ef hver gjörir sitt og allir kappkosta að *reynast trúir* verkamenn í hinum sameiginlega víngarðinum, þá verður ósk vor ekki óuppfyllt, og von vor ekki til skammar!

Hann, sem einn er góður og vitur, og máttugur, hann helgi allar tilfinningar hjartna vorra og styrki vor góðu áform — hann blessi og farsæli vorn allramildasta konung —, hann efli æ meir þetta þing að ráði og vizku, hann haldi sinni almáttugu verndarhendi yfir vorri ástkæru fósturjörð! Þessa vilja með oss biðja öll hin góðu landsins-börn; hann hinn góði faðirinn heyri í náð og mildi bænir barna sinna!

Að þessu loknu stóð *konungsfulltrúi* upp og lýsti yfir *í nafni konungs, að þessu hinu 9. alþingi Íslendinga væri slitið.*

Þá kallaði upp einn þingmanna:

»Lengi lifi konungur vor **Friðrik hinn sjöundi**«.

og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Síðan var gengið af þingi.

VIÐAUKI

er inniheldur brèf alþingisforsetans til allra amtmannanna á Íslandi; samkvæmt þingsályktun 15. júlí 1859, um undirbúning á kosningunum til alþingis.

Eins og kunnugt er, og sjá má af alþingistíðindunum 1859: 4.—10., 164., 243., og 275—289. bls. var þá hreift á þingi allmiklum vefengingum og röksamlegum umkvörtnnum yfir því, að í kosningunum til alþingis, sem þá voru ný afgengnar, hefði í sumum kjördæmunum ekki verið fylgt þeim lagareglum, sem hèr um gilda; en fyrir þá vangæzlu sumra kjörstjóranna töldu kjósendurnir sig vera aflaga borna, er þeim hefði verið fyrirmunað að neyta kosningarrèttar síns meinfangalaust, þar sem kjörþingin hefði sumstaðar verið ákveðin og haldin um þann tíma árs, um vorið eða á útmánuðum 1859, þegar fæstum kjósendanna var unnt að sækja þangað, sakir illviðra og ófærðar; aptur í öðru kjördæmi frestað dagsettu kjörþingi þá um vorið; um 4 vikur, en sá frestur þó ekki boðaður með neinum fyrirvara í sumum hreppum kjördæmisins. Þessar og fleiri misfellur á undirbúningnum á hinum síðustu kosningum, og aðferð þeirri sem þar við var höfð, urðu eigi að eins tilefni til þess, að blöðin hreifðu því (sbr. 10. ár Þjóðólfs 4. ágúst 1858, 120—121. bls.), án þess nein mótmæli eða rèttlæting kæmi fram af hendi þeirra embættismanna sem í hlut áttu, og að umkvartanir eður áskoranir úr 2 kjördæmum, voru formlega upp bornar, og komu til umræðu og meðferðar á þingi, heldur þótti einnig næsta vafasamt, hvort ekki væri kosningin á 2 alþingismönnum ólögleg og ógild, og þeir svo rækir af þingi, einmitt sakir þess, að undirbúningurinn á kosningunum og aðferðin við þær af hendi sumra kjörstjóranna þóttu hafa farið aflaga.

Nú þó að svo lyki umræðum þessum á þingi, að kosningar þeirra 2 þingmanna, er helzt þóttu vefengjandi, væri teknar glidar í þetta sinn, af þeim ástæðum er finnast fram teknar þar í umræðunum, og af því ísjárvert þótti að gjöra menn ræka af þingi,

einungis fyrir þessar misfellur, er nú höfðu orðið í fyrsta sinn, þá áleit þingið að fullt tilefni og nauðsyn bæri til:

»Að sèð væri ráð til þess, *að kosningarnar til alþingis færi* »*skipulegar og löglegar fram hèr eptir,* eða að kjörstjórarnir gætti »betur kosningarlaganna, *heldur en átti sèr stað 1858* í svo mörg»um kjördæmum«.

Og ályktaði síðan alþingi með miklum atkvæðafjölda, að fela forseta þingsins:

»*Að rita amtmönnunum um þetta málefni,* í umboði al»þingis«.

Til upplýsingar um það, hvernig standi á því, að dregizt hefir þangað til nú, að fullnægja tèðri ályktun alþingis, vil eg leyfa mèr að geta þess, að það hefir orðið eptir utanþings samkomulagi forsetans við hina helztu þingmenn. Því eigi þótti ríða á, að hreifa þessu máli við háyfirvöld landsins fyrr en einmitt liði sem næst að þeim tíma, er undirbúa skyldi næstu almennar kosningar til alþingis, en það var ekki fyrr en að sumri komanda; í annan stað áskilur eigi heldur þessi ályktun þingsins, að það skyldi samsumars gjört. Bar eg þetta atriði undir alþingisforsetann er var á síðasta þingi, og var hann þessari skoðun að öllu samdóma; og fól mèr að reka málið af hendi alþingis, á þessum vetri sem yfir stendur.

Af því, sem skýrt er frá hèr að framan, af áskorunum þeim er til þingsins komu, og af þeim ítarlegri upplýsingum, er komu fram í umræðunum á þinginu, mun yður, hávelborni herra, virðast auðsætt, að það var nauðsynja tilefni er knúði alþingi til þess að hreifa málinu á þenna veg; íannan stað mun því ekki verða neitað, að óyggjandi lagaheimild þingsins til þessa, sè fólgin í alþ.tilsk. 57. gr., sbr. við 47. gr. En 38. gr. í alþ.tilsk., og einkanlega 3 málsgrein hennar, mun mega álíta fulla rèttlætingu fyrir þeirri ályktun alþingis, að venda skyldi málefni þessu til amtmanna landsins, og virðist óþarft að taka það hèr fram, að með hinum nýju kosningarlögum 6. jan. 1857, er engi breyting gjör á þeim ákvörðunum, sem greinir þær í tilsk. 8. marz 1843, er nú var skýrskotað til, innihalda um hinn lögákveðna undirirbúning til alþingiskosninganna: *hve snemma* sumarsins að sóknarkjörskrárnar hljóti að vera samdar og fullgjörðar af presti og hreppstjórum, og komnar frá þeim til kjörstjórans, alþingistilsk. 18, gr. og 3. gr. í tilsk. 6. jan. 1857, sbr. við alþingistilsk. 20., 24., og 38. gr., *hverir* eigi að gangast fyrir, eða »sjá um«, að sóknarkjörskrárnar, sè samdar og

búnar í tæka tíð, alþingistilsk. 17. gr.. og hve nær aðalkjörþingin sjálf eða sjálfar kosningarnar til alþingis, það árið sem þær bera að, skuli vera afgengnar samkvæmt 24. gr.

En það er auðsætt af umræðunum og hinum framkomnu áskorunum og kærum um þetta mál á alþingi 1859, að í þeim kjördæmum, þar sem misfellurnar urðu mestar og afbrigðin frá þeim ákvörðunum, er um þetta efni gilda og nú var minnzt, voru einmitt þaðan sprottnar, að þeir kjörstjórarnir, sem hlut áttu að máli, höfðu eigi gætt þess »að sjá um það« *í rèttan tíma,* »að á»reiðanlegar uppskriptir yrði samdar yfir alla þá menn í gjörvöllu »kosningarumdæminu, er kosningarrètt hafa eður kjósast mega» (alþ. tilsk. 17. gr.). Því einmitt vegna þess,að ekki er annað sýnna, en að sóknar eður hreppa kjörskrárnar, hafi orðið svo síðbúnar, að kjörstjórninni hafi ekki verið auðið að semja eptir þeim aðalkjörskrá yfir gjörvalt kjördæmið svo tímanlega, að hún gæti verið komin til hverrar sóknarkirkju og þar kunngjört að hún væri fram lögð almenningi til sýnis fullum 6 vikum (alþ. tilsk. 20. gr.) fyrir lok septembermánaðar, en fyrir þau mánaðarlok eiga allar kosningar til alþingis að vera afgengnar að forfallalausu (alþ. tilsk. 24. grein), þá risu út af síðustu kosningunum 1858—59 umkvartanirnar út af því, sumpurt að kjörskrárnar hefði ekki legið til sýnis hinn lögskipaða tíma, en sumpart, að kjörþingin í ýmsum kjördæmum hefði eigi orðið ákveðin haustið 1858, heldur hefði orðið að fresta þeim fram á útmánuði eður fram undir fardaga 1859, og ákveða þau þannig, að mörgum manni var fyrirmunað að neyta kosningarrèttar síns sakir þeirra illviðra og ófærðar sem hèr á landi er svo þrávalt við að tefla um þann tíma ársins, og af því margir bændur eru þá fjærri heimili sínu í útverum.

En þó að því kunni að virðast of aukið hèr við, andspænis hinum æðstu embættismönnum landsins, er þetta brèf er ritað, að ákveða eður útlista gjörr, *hvenær* sóknarkjörskrárnar þyrfti að vera albúnar og komnar til kjörstjóra frá prestum og hreppstjórum, þar sem þetta er að vísu ekki beinlínis fram tekið hvorki í hinum eldri nè yngri kosningarlögum vorum, þá vil eg samt leyfa mèr að benda á, að bæði virðist til þessa atriðis bent í 38. gr. alþ. tilsk. þar sem segir: »að sóknarprestur og hreppstjóri eigi í hvers árs »*júnímánuði* að gefa kjörstjóra nauðsyniegar ávísanir» um þær breytingar sem verði á kosningarbærum og kjörgengum mönnum í hverjum hreppi það og það árið, en þar sem löggjafinn telur nauð-

syn á, að frá þessum breytingum sè skýrt í júnímánuði, þá má álíta, að hann því fremur ætlist til að sjálf sóknar- eður hreppskjörskráin sè alsamin og send kjörstjóra fyrir lok júnímánaðar það árið, sem kosningarnar sjálfar eiga að fara fram, og í annan stað er auðsætt, að sóknar- eður hreppakjörskrárnar mega eigi vera albúnar og seinna komnar til kjörstjóra en þetta: »um lok júnímánaðar«, ef að kjörstjórnin á að geta verið búin að semja og láta afskrifa aðalkjörskrá yfir alla kosningarbæra og kjörgenga menn í kjördæminu, senda þær frá sèr á hverja sóknarkirkju og auglýsa á kirkjufundum að þær sè fram lagðar til sýnis, svo tímanlega, að allt þetta sè af gengið að minnsta kosti fyrir miðjan ágústmánuð, svo að kosningarfundirnir (aðal-kjörþingin) »að svo miklu leyti möguslegt verður, megi haldast og kosningarnar alstaðar að vera fullgjörðar, *áður septembermánuður sè liðinn á því ári sem er næst á undan því*, á hverju alþingismenn eiga að koma saman«. Alþingis tilsk. 24. grein.

Að svo fyrir mæltu leyfi eg mèr í umboði alþingis og samkvæmt þeirri fundarályktun þess er eg í öndverðu skýrskotaði til, að fela málefni þetta embættisárvekni yðvarrri, hávelborni herra, góðri forsjá og kröptugri tilhlutun, að kosningarnar til alþingis, þær er nú fara í hönd og framvegis, verði í alla staði sem löglegast og skipulegast undirbúnar, og sem hagkvæmast fyrir alla kjósendurna í landinu.

Reykjavík 23. janúar 1864.

Jón Guðmundsson

Varaforseti á alþingi 1863.